Hæstaréttardómar 1937

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 82, 419, 451, 467, 483, 531, 539, 553, 579, 592, 595, 605, 627, 643, og 667 ásamt málaskrá III, V, og VIII.
Minniháttar gallar á bls. 431, 518, 525, 530, 541, 558, 561-562, 564, 566, 622, og 678.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

VIII. BINDI
1937

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXXXIX

Registur

við dómana 1937 ásamt skrá um lög o. fl., sem vitnað er til í þessu bindi dómanna.

I. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls

Aðalbjörn Pétursson 100
Aðalstöðin 511
Akureyrarkaupstaður 590
Alliance h/f 178
Andrés Magnússon 479
Arinbjörn Steindórsson 140
Arnalds, Guðrún 247
Auðunn Hermannsson 421, 443
Ágúst H. Pétursson 521
Álafoss, klæðaverksmiðja 350, 520
Árni Oddsson 678
Árni Þorsteinsson 149
Árskógshreppur 541
Ásgeir Ásgeirsson 421, 443
Ásgeir Í. Ásgeirsson 684
Ásgeir M. Ásgeirsson 521
Ásgeir Sigurðsson, dánarbú 169
Baltica, vátryggingarfélag 479
Benedikt Jónsson 421, 443
Berndsen, Sigurður 321, 433, 521, 684
Bjarni Bjarnason 39
Bjartmarz, Kristján 382, 547
Björn Gíslason 212, 433
Björn Sæmundsson 314
Eggert Kristjánsson & Co. 69

Bls.
Eldborg, l/v, eigendur 515
Erlingur Jónsson 212
Eyþór Hallsson 471
Fanndal, Sigurður J. S. 444, 445
Félagsprentsmiðjan s/f 183
Fiskiræktar- og veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu 402
Fjeldsted, Katrín 444
Freyja, sælgætis og efnagerð 288
Garðar Þorsteinsson 469
Gestur Hannesson 296
Gísli Jónsson 590
Gísli Vilhjálmsson 158
Grund, elliheimili 382
Guðjón Jónsson 86
Guðjón Sigurðsson 678
Guðlaug Pálsdóttir 72
Guðmundur Björnsson 308
Guðmundur Þ. Gíslason 673
Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti 100
Guðmundur Hannesson, prófessor 183
Guðmundur Jónsson 382, 547
Guðmundur Kristjánsson 454
Guðmundur H. Þórðarson 445
Gunnar Marteinsson 663
H. Benediktsson & Co. 382, 547
Hafliði Baldvinsson 454
Hafnarsjóður Siglufjarðar 471
Hagelin, C. F. 520
Halldór Guðmundsson 370, 651
Hallfríður Stefanía Axelsdóttir 416
Hallgrímur Benediktsson 659
Hamar h/f, vélsmiðja 288
Haraldur Böðvarsson & Co. 303
Helgi Benónýsson 211
Helgi Einarsson 421, 443
Helgi Guðmundsson 237
Helgi Magnússon & Co. 376
Hertzberger, N. V. André 148
Hildur Pálsdóttir 406
Hofman-Olsen, T. 370
Hrefna Sigurgeirsdóttir 1, 91, 444

Bls.
Hvolhreppur 348
Hængur h/f 178
Ingvar Guðmundsson 332
Ísafjarðarkaupstaður 39, 382
Ísbjörninn h/f 443
Jakob Vilhjálmsson 421, 443
Jarlinn e/s, eigendur 515
Jóhann Guðjónsson 554
Jón Bjarnason 44
Jón Einarsson, þrotabú 549
Jón Guðmundsson 433
Jón Jóhannsson 651
Jón Kjartansson 237
Jón G. Pálsson 554
Jón Pétursson 678
Jón Sigurjónsson 492
Kaffiverksmiðja Gunnlaugs Stefánssonar 444
Kaldrananeshreppur 86
Karl Magnússon 227
Karl Pétur Símonarson 667
Kaupfélag Alþýðu i Vestmannaeyjum 69, 211
Kaupfélag Hallgeirseyjar 348
Kol & Salt h/f 443
Kristinn H. Kristjánsson 169
Kristjana Jensina Kristjánsdóttir 37, 221
Kristján Bergsson 171
Kristján Siggeirsson 200
Kristján Vigfússon 149
Kristmann Jóhannsson 382, 547
Kristoffersen, Margrete 314
Magnús Bjarnason 511
Magnús Guðmundsson 162
Magnús Th. S. Blöndahl h/f 140
Magnús V. Jóhannesson 243
Metúsalem Jóhannsson 469
Metúsalem Stefánsson 212
Mjólkursamlag Kjalarnesþings 397
Nielsen, Chr. Fr. 659
Norðdahl, Guðrún Ásdís Skúladóttir 193
Nordisk Brandforsikring A/S 200
Ólafur Halldórsson 193

Bls.
Ólafur Jóhannesson 445
Ólafur Ólafsson, læknir 382, 547
Ólafur Ólafsson, bóndi 673
Olav, e/s, eigendur og útgerðarmenn 358
Pétur Guðmundsson 421, 443
Pétur Jakobsson 296
Pétursey, e/s, eigendur og útgerðarmenn 358
Raftækjaverzlun Siglufjarðar 162
Ragnars, Sverrir 227
Rauðarárbúið 397
Reykjavíkurkaupstaður 72, 78, 169, 171, 296, 440, 469, 492, 663
Ríkissjóður Íslands 51, 149, 212, 308, 321, 332, 549
Salomonsen, Poul 158
Scheving, Páll E., þrotabú 554
Schmidt, B. 421, 443
Sigfús Sveinsson, dánarbú 421, 443
Sigurbjörg Jóhannsdóttir 667
Sigurður Steinþórsson 382, 547
Sigurjón Einarsson 406
Sigurjón Eiríksson 678
Síldarstöðin í Hrísey 117, 432
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f 372, 471
Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands 117, 432
Skipaútgerð ríkisins 372, 449
Skúli K. Skúlason 37, 221
Snorri Friðleifsson 445
Soffía Jónsdóttir 521
Sparisjóður Svarfdæla 541
Sturla Jónsson 1, 91
Sælgætis- og efnagerðin Freyja h/f 288
Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda 296
Thorarensen, Hinrik 440
Thorarensen, Stefán 200
Thorarensen, Svanlaug 440
Thorlacius, Magnús 243
„Tilraun", fiskiræktarfélag 402
Titan h/f 78
Tómas Tómasson 376
Útibú Landsbanka Íslands, Eskifirði 44
Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum ... 549

Bls.
Valtýr Stefánsson 237
Verðandi s/f, veiðarfæraverzlun 421
Verzlunin Konráð Hjálmarsson 44
Verzlunin Waage 148
Vigfús Þ. Jónsson 247
Vinnufatagerð Íslands h/f 211
Wiese, Ragnhildur 350
Wigmore, b/v, vátryggjendur 449
Zophonías Baldvinsson 51
Þorleifur Kristófersson 149
Þorsteinn Víglundarson 211
Þór, varðskip, eigendur 358
Þórunn E. Andrésdóttir 303
Ölver Karlsson 416

B. Opinber mál.

Aðalbjörn Pétursson 566
Áki Jakobsson 566
Anna Guðmundsdóttir 566
Ari Guðmundsson 261
Árni Júlíus Jónsson 85, 433
Ásgeir Guðmundur Guðbjartsson 33
Ásgrímur Jónsson 559
Ástríður Jónsdóttir 566
Axel Ármann Þorsteinsson 563
Benediktsson, Stefán Már 25
Berg, Óskar 566
Blomsterberg, Emanuel Ingi Bjarni Sófus 531
Bowitz, Olaf Cecil 437
Dagrún Bjarnadóttir 566
Einar Pálmi Einarsson 646
Einar Indriðason 566
Einar Steindórsson 273
Erlendur Sigurðsson 643
Ferseth, Einar 566
Ferseth, Óli 566
Georg Lárus Gíslason 106
Gísli Sigurðsson 566
Guðlaugur Sigurðsson 566
Guðmundur Skúli Björnsson 132

Bls.
Guðmundur Daviðsson 566
Guðmundur Einarsson 566
Guðmundur Einar Einarsson 273
Guðmundur Fr. Guðmundsson 566
Guðmundur Jóhannesson 264
Guðrún Guðmundsdóttir 336
Guðrún Sigurhjartardóttir 566
Guðrún Sveinsdóttir 566
Guðvarður Þorkelsson 637
Gunnar Ingimundarson 282, 301
Gunnar Viggó Jóelsson 214
Gunnar Jóhannsson 566
Gunnlaugur Einarsson 566
Gunnlaugur Jónsson 655
Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson 229
Gunnlaugur Sigurbjörnsson 637
Hallgrímur Guðmundsson 82
Hannes Kjartansson 273
Haraldur Axel Jóhannesson 233
Haraldur Sölvason 566
Harða Guðmundsdóttir 566
Helga Guðmundsdóttir 566
Herskind, Axel Peter Christian 497
Indriði Guðjónsson 566
Ingibergur Þorkelsson 144
Ingibjörg Jósepsdóttir 484
Ingimar Bjarnason 273
Ingimundur Jónsson 637
Jóhannes Guðmundur Guðmundsson 11
Jóhannes Sigurðsson 566
Johnson, Friðþjófur Ó. 391
Jón Einarsson 85, 433
Jón Guðjónsson 566
Jón Guðlaugsson 537
Jón Hallgrímsson 497
Jón Gunnar Jónsson 537
Júlíus Einarsson 566
Karl Filippusson 522
Karl Guðmundsson 132
Kjartan Guðmundsson 597
Kolka, Páll Valdemar Guðmundsson 597

Bls.
Kristjana Elísabet Kristjánsdóttir 325
Kristján Egilsson 597
Kristján Jónsson 273
Kristmundur Einarsson 566
Kroyer, Ingi H. Þorvaldsson 3
Kærnested, Óli Ólason 6
Lárus Halldórsson 325
Leo Maronsson 484
María Guðmundsdóttir 566
Markús Sigurjónsson 11
Meggit, Frederik Arthur 213, 411
Mogg, William 525
Morgan, Thomas Wilfred 408
Nicholson, Benjamin Howard Oswald 459
Norris, Thomas William 534
Ólafur Magnús Einarsson 214
Ólafur Frímann Sigurðsson 497
Ólafur Þórðarson 364
Óskar Valdimar Eggertsson 336
Óskar Garibaldason 566
Óskar Gunnar Jóhannsson 30
Otto Hannesson 475
Páll Friðvin Jóhannsson 85, 433
Pétur Ólafsson 364
Randver Pétursson 17
Schiöth, Aage R. 150
Sessilíus Sæmundsson 336
Sigríður Sigurðardóttir 566
Sigurður Benjamínsson 273
Sigurður Hannesson 252
Sigurjón Jónsson, garðyrkjumaður, Rvík 285
Sigurjón Jónsson, hreppsnefndarmaður, Hnífsdal 273
Sigurlaug Sigurbjörnsdóttir 336
Stefán Þorsteinn Sigurjónsson 566
Steinþóra Einarsdóttir 566
Stephensen, Stefán Ó. 364
Stjórn Kaupfélags Þingeyinga 267
Sölvi Eliasson 85, 433
Sölvi Valdimarsson 484
Thorarensen, Stefán 497
Valfells, Jón 566

Bls.
Vigfús Reykdal Sigurjónsson 11
Zoëga, Geir H. 25
Þórarinn Helgi Jónsson 646
Þórður Ingþórsson 85, 433
Þóroddur Guðmundsson 566
Þorsteinn Jóhannesson 85, 229, 433
Þorsteinn Loftsson 566

II. Skrá

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem vitnað er til í VIII. bindi Hæstaréttardóma.

1687 15. apríl Norsku Lög Kristjáns V.:
1—4—32, 71, 559.

1796 3. júní Tilskipun um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu.
2. gr., 71, 559.

1797 20. jan. Tilskipun um sættastiftanir á landinu í Norvegi.
28. gr., 272.

1832 15. ágúst. Tilskipun viðvíkjandi réttargangsmátanum við undirréttina á Íslandi í öðrum málum en þeim, sem viðvíkja illvirkja- og opinberum politísökum.
8. gr., 71, 559.

1838 24. jan. Tilskipun viðvíkjandi misgerningamálum á Íslandi.
15. gr., 485, 489.

1847 18. febr. Tilskipun um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.
10. gr., 248.
16. gr., 666.

1855 9. maí. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi.
11. gr., 238, 241.

1859 27. maí. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með breytingum, lög 6. apríl 1855, er gera leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur m. m., 91, 93, 94.
1. gr., 96.

1869 25. júní. Almenn hegningarlög handa Íslandi.
12. kap., 262, 266, 278, 279, 532, 579.
13. kap., 150, 154, 155, 157, 158, 273, 275.
16. kap., 34, 234.
17. kap., 9, 145, 256, 503.
18. kap., 286, 579.

20. kap., 262.
23. kap., 19, 20, 22, 220, 231.
26. kap., 336, 337, 338, 340, 341, 347, 609.
27. kap., 279, 657.
28. kap., 19, 20, 22.
29. kap., 503.
22. gr., 231.
33. gr., 658.
38. gr., 217, 231, 572, 574.
39. gr., 260.
40. gr., 20, 24, 233, 236, 254, 260.
46. gr., 254, 259, 488, 531, 634.
47. gr., 263, 487.
48. gr., 233, 488, 490, 491, 622.
53. gr., 487, 490, 491, 531, 533.
54. gr., 488.
55. gr., 275.
59. gr., 254, 325.
62. gr., 216.
63. gr., 217, 254, 260, 265, 266, 275, 288, 488, 567, 568, 569, 570, 571, 572, 573, 574, 607, 636, 637, 656.
67. gr., 12.
68. gr., 103.
99. gr., 263, 264, 265, 266, 567, 568, 569, 570, 571, 572, 573, 574, 580, 581, 582, 583, 584, 585, 586, 587, 588, 589.
101. gr., 261, 264, 265, 266, 531, 533.
102. gr., 531, 533.
103. gr., 261.
104. gr., 575, 580, 581, 582, 583, 584, 585, 586, 587, 588, 589.
106. gr., 567.
109. gr., 531.
114. gr., 275, 278.
131. gr., 489.
174. gr., 36, 233, 236.
177. gr., 36, 233, 236.
194. gr., 254, 259.
200. gr., 8, 500, 501, 510.
202. gr., 575, 580, 581, 582, 583, 584, 585, 586, 587, 588, 589.

204. gr., 285, 288.
205. gr., 568, 569, 570, 571, 573.
217. gr., 103, 105.
218. gr., 103, 105.
219. gr., 105, 503.
230. gr., 218, 220, 230, 286, 561.
231. gr., 18, 24, 230.
232. gr., 218.
233. gr., 218, 220.
234. gr., 218, 220.
240. gr., 217.
242. gr., 220.
250. gr., 19.
255. gr., 561.
256. gr., 561.
261. gr., 487, 488.
262. gr., 601, 622, 623.
263. gr., 601, 602, 603, 604, 605, 624, 632, 634, 637.
271. gr., 656, 658.
272. gr., 231, 561, 656.
273. gr., 656, 658.
276. gr., 231, 561.
277. gr., 561.
283. gr., 487, 488, 490, 491.
285. gr., 24.
286. gr., 18.
292. gr., 499, 500, 510.

1878 nr. 3 12. apríl. Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.
82. gr., 551.
83. gr., 117, 122, 124, 551, 604, 613, 626, 627.
85. gr., 551.

1885 nr. 29 16. des. Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
2. gr., 470.
3. gr., 440, 469.
8. gr., 440.
9. gr., 440.
11. gr., 440.
15. gr., 248, 249, 370.

1887 nr. 19 4. nóv. Lög um aðför.
3. gr., 248, 250.
31. gr., 170.
1890 nr. 10 7. febr. Lög um vexti, 91, 93, 94, 96.
1905 nr. 44 10. nóv. Fátækralög, 76.
1. gr., 74.
4. gr., 77.
1907 nr. 24 16. nóv. Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.
2. gr., 101.
— nr. 39 16. nóv. Lög um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga, 20, 21, 24, 230, 233, 261, 264, 340, 341, 347, 497, 510, 574, 578, 581, 582, 583, 584, 585, 586, 587, 588, 589, 607, 608, 637, 656.
— nr. 84 22. nóv. Lög um vatnsveitu fyrir Reykjavík.
3. gr., 173.
1909 nr. 44 30. júlí. Lög um aðflutningsbann á áfengi.
2. gr., 254.
1911 nr. 38 11. júlí. Lög um lækningaleyfi, 259.
1. gr., 253.
4. gr., 253.
6. gr., 253.
— nr. 53 11. júlí. Lög um verzlunarbækur.
10. gr., 458.
1913 nr. 30 20. okt. Lög um umboð þjóðjarða.
2. gr., 245.
3. gr., 245.
1914 nr. 56 30. nóv. Siglingalög.
3. kap., 426.
53. gr., 425.
236. gr., 180, 425, 517.
1915 nr. 28 3. nóv. Lög um kosningar til Alþingis, 273, 275, 277.
83. gr., 275.
— nr. 65 20. apríl. Reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.
6. gr., 174.
1917 nr. 61 14. nóv. Lög um framkvæmd eignarnáms, 42.
2. gr., 41, 42.
6. gr., 39, 40, 41, 42.

1917 nr. 88 14. nóv. Lög um notkun bifreiða.
7. gr., 503.
1919 nr. 41 28. nóv. Lög um landamerki o. fl., 673.
III. kafli, 675, 676.
16. gr., 676.
17. gr., 676.
1920 nr. 5 18. maí. Lög um bann gegn botnvörpuveiðum, 28, 30, 31, 108, 367, 409, 413, 463, 528, 535, 644.
1. gr., 415, 468, 530, 536.
2. gr., 410.
3. gr., 410, 415, 468, 530, 536.
4. gr., 25, 26, 29, 30, 33, 106, 107, 116, 364, 369, 643, 645.
5. gr., 468.
— nr. 9 18. maí. Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.
23. gr., 333.
62. gr., 494.
64. gr., 333.
1921 nr. 36 27. júní. Lög um samvinnufélög.
38. gr., 348, 349, 350.
— nr. 39 27. júní. Lög um stofnun og slit hjúskapar.
55. gr., 74.
57. gr., 74.
60. gr., 74.
75. gr., 74.
77. gr., 74.
— nr. 46 27. júní. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, 76.
8. gr., 37.
15. gr., 196, 222, 318.
26. gr., 74.
— nr. 55 27. júní. Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, 495, 496.
28. gr., 493, 494, 495.
— nr. 77 27. júní. Lög um hlutafélög, 82, 609.
14. gr., 80.
30. gr., 606, 635.
53. gr., 607, 636.
54. gr., 607, 636.
57. gr., 607.
59. gr., 80.

1923 nr. 50 20. júní. Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.
4. gr., 275.
10. gr., 275.
1924 nr. 4 11 apríl. Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, 108, 468, 528, 530, 535, 536.
1. gr., 107, 116, 415.
— nr. 36 4. júní. Lög um bæjargjöld í Reykjavík, 172, 173.
1. gr., 172, 176.
2. gr., 172, 173.
4. gr., 173.
5. gr., 176.
6. gr., 173.
1926 nr. 44 23. marz. Reglugerð um rekstur h/f „Útvarp".
12. gr., 136.
— nr. 46 15. júní. Lög um útsvör.
6. gr., 82.
8. gr., 89, 442.
— nr. 56 15. júní. Lög um notkun bifreiða, 60.
1927 nr. 12 31. maí. Sveitarstjórnarlög.
3. gr., 543.
4. gr., 543.
— nr. 23 31. maí. Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926 um notkun bifreiða, 60.
— nr. 43 31. maí. Fátækralög.
1. gr., 74.
4. gr., 74.
19. gr., 74.
52. gr., 388, 390.
65. gr., 385.
1928 nr. 4 1. febr. Reglugerð um skoðun bifreiða, 60.
1. gr., 60.
— nr. 5 1. febr. Erindisbréf um skoðunarmenn bifreiða, 53, 60, 61, 67.
5. gr., 66.
9. gr., 53, 62.
— nr. 8 15. apríl. Lög um einkasölu á útfluttri síld, 125, 126.
1. gr., 125.
5. gr., 126.
— nr. 23 7. maí. Lög um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum, 243, 244, 245, 246.

1928 nr. 41 31. marz. Lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, 476.
48. gr., 478.
49. gr., 478, 479.
— nr. 51 7. maí. Lög um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, 19, 22, 23, 231, 647.
1. gr., 20.
6. gr., 19, 24, 217, 232, 523.
7. gr., 24, 230, 233.
8. gr., 220, 230, 233.
10. gr., 646, 648, 650.
17. gr., 218.
— nr. 69 7. maí. Lög um einkasölu á áfengi, 150, 155, 157.
1929 nr. 25 14. júní. Lög um gjaldþrotaskipti, 609.
1. gr., 606, 635.
7. gr., 549, 550, 551, 553.
8. gr., 550, 607, 636, 637.
28. gr., 605.
— nr. 40 14. júní. Lög um stjórn póstmála og símamála.
7. gr., 309.
— nr. 44 14. júní. Lög um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld, 126, 127.
— nr. 61 14. júní. Lög um einkasölu á útfluttri síld, 126.
1. gr., 128.
— nr. 70 19. júlí. Reglugerð um skoðun á síld og ýmsar framkvæmdir Síldareinkasölu Íslands.
12. gr., 123.
— nr. 82 24. sept. Lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, 579.
1. gr., 567, 568, 569, 570, 571, 572, 573, 574, 575, 585, 588.
95. gr., 585, 588.
1930 nr. 2 7. jan. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, 266, 435, 523.
7. gr., 648.
9. gr., 648.
15. gr., 231, 436.
32. gr., 265, 266.
46. gr., 524.
96. gr., 265, 266, 436, 524.
— 64 19. maí. Áfengislög, 150, 153, 155, 560.

2. gr., 254.
6. gr., 12.
21. gr., 152, 157, 158.
1931 nr. 69 8. sept. Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, 495.
— nr. 70 8. sept. Lög um notkun bifreiða, 4, 266, 303, 476, 523.
5. gr., 5, 264, 266, 282, 301, 303, 478.
6. gr., 478, 479, 524.
14. gr., 264, 266, 282, 301, 303, 524.
15. gr., 478.
17. gr., 672.
— nr. 84 9. des. Bráðabirgðalög um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands, 125.
— nr. 95 (31/12 '30). Reglugerð um sölu áfengis til lækninga, 150, 153, 155, 156, 157, 158.
2. gr., 151, 152, 153, 156.
1932 nr. 47 23. júní. Lög um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, 254, 256, 259, 336, 338, 340, 342.
15. gr., 254, 260, 337, 339, 347.
16. gr., 337, 339, 347.
18. gr., 254, 260, 340, 347.
22. gr., 253, 254, 259.
1933 nr. 57 19. júní. Lög um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana. 340, 576.
— nr. 73 19. júní. Lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl., 94, 95.
6. gr., 96.
— nr. 77 19. júní. Fjárlög fyrir árið 1934.
22. gr., 1. tl., 310.
— nr. 84 19. júní. Lög um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, 268, 269, 271, 272, 393.
1. gr., 391, 394, 395, 396.
2. gr., 391.
11. gr., 268, 269, 270, 271, 272.
16. gr., 269, 273.
— nr. 119 23. marz. Bréf Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu, um fátækra-

flutning sextugs styrkþega og um endurgreiðslu styrks veittan honum, 384.
1934 nr. 17 31. jan. Auglýsing um breyting á erindisbréfi um skoðunarmenn bifreiða frá 1. febrúar 1928, 67.
— nr. 18 25. jan. Lög um kosningar til Alþingis, 273, 275, 278.
2. gr., 277.
150. gr., 278, 279.
— nr. 49 10. sept. Bráðabirgðalög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Ákvæði um stundarsakir, 332, 333, 334, 335.
1935 nr. 33 9. jan. Áfengislög, 4, 14, 84, 136, 266, 303, 325, 327, 439, 476, 539, 561, 564, 640, 647.
3. gr., 437.
6. gr., 16, 642.
10. gr., 254.
14. gr., 641.
15. gr., 83, 133, 138, 139, 331, 538, 540, 562, 565, 651.
16. gr., 642.
18. gr., 648, 650.
21. gr., 5, 264, 266, 282, 283, 284, 301, 302, 303, 478.
27. gr., 439.
30. gr., 12, 16, 642.
33. gr., 83, 133, 138, 139, 331, 538, 540, 560, 562, 565, 651.
36. gr., 642.
38. gr., 648, 650.
39. gr., 5, 264, 266, 282, 284, 301, 303.
— nr. 38 16. apríl. Reglugerð um sölu áfengis til lækninga, 153.
— nr. 39 28. jan. Lög um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilagetinna barna, 74, 75.
— nr. 112 18. maí. Lög um hæstarétt.
26. gr., 440.
38. gr., 2, 70, 247, 371, 416, 422, 455, 547.
— nr. 135 31. des. Framfærslulög, 73, 383.
1. gr., 74.
4. gr., 74.
5. gr., 74.
26. gr., 74.
48. gr., 170.

61. gr., 76.
62. gr., 73, 74, 75, 77.

1936 nr. 35 1. febr. Lög um viðauka við lög nr. 78, 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð, 544.

— nr. 85 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði, 400.
XV. kafli, 659, 660.
5. gr., 228, 229.
9. gr., 400.
81. gr., 228.
113. gr., 93, 174, 653, 660.
137. gr., 186.
145. gr., 661, 663.
147. gr., 661, 663.
149. gr., 661.
151. gr., 661.
165. gr., 456.
166. gr., 318, 319, 417, 426, 427.
197. gr. 440.
199. gr., 227, 397.
213. gr., 196, 222, 318, 319.
214. gr., 38.
221. gr., 676.
222. gr., 228, 400.
224. gr., 228.

III. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábyrgð.
Aðför. Sjá fjárnám, lögtak.
Aðgerðaleysisverkanir. Sbr. viðskiptatilkynningar.
Aðild. Sbr. meðalganga.
Aðildareiður. Sjá barnsfaðernismál, eiður.
Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, blóðrannsókn, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.
Áfrýjun.
Áfrýjunarleyfi.
Ágreiningsatkvæði.
Ákvæðisvinna.
Aldur.
Álitsgerðir. Sjá blóðrannsókn, læknar, lækningar, mat og skoðun.
Almenn lögreglumál. Sjá opinber mál.
Alþingiskosningar.
Analogia. Sjá lög, lögskýring.
Ásetningur. Sjá saknæmi, sönnun.
Atvinnufrelsi.
Atvinnuréttindi.
Auglýsingar.
Áverki. Sjá líkamsáverkar.

Barnaverndarnefnd.
Barnsfaðernismál.
Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.
Bifreiðaeftirlitsmenn. Sbr. mat og skoðun.
Bifreiðar. Bifreiðalöggjöf.
Björgun.
Blóðrannsókn.
Blöð, Blaðamennska.
Botnvörpuveiðabrot. Sbr. ítrekun, játning, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, varnarþing, vitni.
Bráðabirgðalög.
Brenna. Sbr. vátrygging.
Brunatrygging. Sjá vátrygging.

Dagblöð.
Dómar. Sbr. Dómarar, endurupptaka, frávísun, heimvísun, opinber mál, réttarfar, úrskurðir, útivist aðilja.
Dómarar. Sbr. barnsfaðern-

ismál, embættis- og sýslunarmenn, opinber mál, réttarfar.
Dómstólar.

Efnarannsóknarstofa ríkisins. Sjá mat og skoðun.
Efndabætur. Sjá vinnusamningar.
Eftirgrennslan brota. Sbr. botnvörpuveiðabrot, mat og skoðun, opinber mál, sönnun, vitni.
Eiður.
Eignarnám. Sjá eignarréttur.
Eignarréttur.
Eignaupptaka. Sjá refsingar.
Einfalt fangelsi. Sjá refsingar.
Einkasölur. Sjá Síldareinkasala Íslands.
Eitur.
Embættis- og sýslunarmenn. Sbr. dómarar, málflutningmenn, mat og skoðun.
Embættistakmörk yfirvalda.
Embættisvottorð.
Endurgreiðsla.
Endurskoðun. Endurskoðendur.
Enduruppteka.

Fals. Sjá skjalafals.
Fangelsi. Sjá refsingar.
Fáráðlingsháttur. Sjá sakhæfi.
Fasteignagjald. Sjá endurgreiðsla.
Fasteignamál. Sjá eignarréttur, fasteignir, landamerki, umferðarkvaðir, veiðiréttindi, vettvangsmál.
Fasteignir.
Fátækrastyrkur. Sjá sveitarstjórn.
Félög, Félagsskapur. Sbr. hlutafélög, samvinnufélög.
Fiskveiðalög. Sjá botnvörpuveiðabrot.
Fjárnám.
Fjárræði. Sjá lögræði.
Fjársvik. Sjá gjaldþrotaskipti, sviksamlegt athæfi, vátryggingarsvik.
Fógetagerðir. Sjá fjárnám, lögtak.
Foreldrar og börn. Sjá barnsfaðernismál, meðlag, sveitarstjórn.
Forsendur. Sjá endurgreiðsla, kaup og sala, samningar, sönnun, vinnusamningar.
Fóstureyðing.
Framfæri. Sjá meðlag, sveitarstjórn.
Framfærslulög. Sjá sveitarstjórn.
Frávísun.
Frestir.
Fyrirvari. Sjá aðgerðaleysisverkanir, viðskiptatilkynningar.
Fyrning refsikröfu.

Gagnsakir. Sjá málasamsteypa.
Gáleysi.
Gerðardómur.
Gestaréttur.
Gjafsókn, gjafvörn.

Gjalddagi.
Gjaldþrotaskipti.
Greiðsla.
Gæzluvarðhald.

Haldsréttur.
Heilbrigðismál. Sjá læknar, lækningar, sóttvarnir.
Heimilisfang.
Heimvísun.
Hylming.
Hjónaband.
Hlutafélög.
Hlutaréttindi. Sjá eignarréttur, fasteignir, haldsréttur, sjóveð, veiðiréttindi.
Hlutdeild.
Húsaskattur. Sjá endurgreiðsla.
Húsleit. Sjá eftirgrennslan brota.

Iðgjöld.
Íkveikja. Sjá brenna.
Innheimtulaun.
Ítrekun.

Játning og skýrslur aðilja.

Kaup og sala.
Kosningar. Kosningarréttur. Sjá alþingiskosningar.
Kreppuskil.
Kvaðir. Sjá umferðarkvaðir.
Kynferðisbrot.
Kærur til æðra dóms.

Landamerkjamál.
Landhelgi. Sjá botnvörpuveiðabrot.
Lán.
Leit. Sjá eftirgrennslan brota.
Líkamsáverkar.
Líkur.
Lóðir. Sjá umferðarkvaðir.
Lyfsalar.
Loforð. Sjá samningar, vinnusamningar.
Læknar, lækningar.
Lög, lögskýring.
Lögheimili. Sjá heimilisfang.
Lögnám. Sjá eignarnám.
Lögregla. Sjá ennfremur valdstjórn og allsherjarregla.
Lögreglusamþykktir.
Lögræði.
Lögtak.

Málasamsteypa. Sbr. meðalganga.
Málflutningslaun.
Málflutningsmenn.
Málshöfðun.
Málskostnaður. Sbr. ómaksbætur.
Manndráp.
Málsbætur.
Mat og skoðun. Sbr. sönnun, vitni.
Meðalganga.
Misþyrming. Sjá ofbeldi, valdstjórn og allsherjarregla.
Meðlag. Sjá sveitarstjórn.
Meinyrði. Sjá ósæmilegur ritháttur, ærumeiðingar.
Merkjadómur. Sbr. landamerkjamál, vettvangsmál.
Mjólkurlöggjöf.

Nábýli. Sjá umferðarkvaðir.
Nauðung. Sjá valdstjórn og allsherjarregla.
Njósnir. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar, valdstjórn og allsherjarregla.
Okur.
Ólögmæt meðferð á annarra fé.
Ómaksbætur. Sbr. málskostnaður.
Ómerking.
Opinber mál. Sbr. eftirgrennslan brota, játning, líkur, málasamsteypa, málshöfðun, mat og skoðun, ómerking, refsingar, skaðabætur, sönnun vitni.
Opinberir starfsmenn. Sjá embættis- og sýslunarmenn.
Ósæmilegur ritháttur.

Prentfrelsi. Prentfrelsislög.

Refsingar.
Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir, viðskiptatilkynningar.
Réttarfar. Sbr. aðild, áfrýjun, barnsfaðernismál, dómar, dómarar, eiður, endurupptaka, frávísun, frestir, gagnsakir, heimvísun, játning, líkur, málasamsteypa, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, sáttir, skjöl, stefnur, sönnun, úrskurðir, varnarþing, vettvangsmál, vitni.
Réttarfarssektir.

Sakamál. Sjá dómar, eftirgrennslan brota, játning, líkur, málskostnaður, opinber mál, refsingar, sönnun, sakhæfi, saknæmi.
Sakhæfi.
Saknæmi.
Samningar. Sbr. kaup og sala, skaðabætur, skuldir, vinnusamningar.
Samvinnufélög.
Samþykki.
Sáttir.
Sektir. Sjá refsingar.
Sératkvæði. Sjá ágreiningsatkvæði.
Siðferðisbrot. Sjá kynferðisbrot.
Siglingar. Sjá björgun, botnvörpuveiðabrot, sjódómur, sjó- og verzlunardómur, sjóveð.
Síldareinkasala Íslands.
Símar.
Sjódómur, sjódómsmál.
Sjó- og verzlunardómur.
Sjóveð.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar.
Skip. Sjá björgun, botnvörpuveiðar, sjóveð.
Skipti. Skiptamál. Sjá gjaldþrotaskipti.

Skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Sjá eignarréttur.
Skjalafals.
Skjöl.
Skottulækningar. Sjá læknar, lækningar.
Skuldir, Skuldamál. Sjá ábyrgð, endurgreiðsla, kaup og sala, samningar, skaðabætur, sönnun, vinnusamningar.
Smáskammtalækningar. Sjá læknar, lækningar.
Sóttvarnir.
Stefnur. Sjá málshöfðun.
Stjórnarskráin.
Sveitarstjórn.
Svik, sviksamlegt athæfi. Sjá einnig gjaldþrotaskipti, vátryggingarsvik.
Sönnun. Sönnunarbyrði. Sbr. eftirgrennslan brota, játning, líkur, mat og skoðun, vitni.

Tilraun.
Togaranjósnir. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Umboð, Umboðsmennska.
Umferðarkvaðir.
Uppboð.
Upptaka eigna. Sjá refsingar.
Úrskurðir.
Útivist aðilja.
Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn og allsherjarregla.
Vanefndir. Sjá samningar, vinnusamningar.
Varnarþing.
Vatnsskattur. Sjá endurgreiðsla.
Vátrygging.
Vátryggingarsvik.
Veð. Sjá sjóveð.
Veðskuldabréf. Sjá fjárnám.
Veiðiréttindi.
Venja.
Verksamningar. Sbr. ákvæðisvinna.
Verzlunarhættir.
Verzlunarskuldir. Sjá skuldir, skuldamál.
Vettvangsmál.
Vextir.
Viðskiptatilkynningar. Sjá einnig aðgerðaleysisverkanir
Viðtökudráttur.
Vinnusamningar.
Vitni.
Víxlar.

Yfirvöld. Sjá dómar, dómstólar, embættistakmörk yfirvalda.

Þingsafglöpun. Sjá ómerking, opinber mál.
Þjófnaður.
Þjófneyzla. Sjá hylming.

Ærumeiðingar.

Ölvun.

B. Efnisskrá.

Ábyrgð.

a) Sjálfskuldarábyrgð.

Nokkrir menn gerðu í samlagi út skip til fiskjar utan heimilis þess. Veiðarfæri og aðrar skipsnauðsynjar voru teknar út í verzlunarfyrirtæki (V) á útgerðarstaðnum. Af hendi V var krafizt sjóveðs í skipinu fyrir úttektinni og auk þess sameiginlegrar (solidariskrar) ábyrgðar á hendur samlagsmönnunum. Dæmt, að ef fyrirsvarsmaður V synjaði þess með eiði, að framkvæmdarstjóri samlagsmanna hefði samið við hann um úttektina, þá skyldi V hafa sjóveð í skipinu og samlagsmenn vera sýknir af kröfum V, en féllist fyrirsvarsmaður V á eiðnum, þá skyldi eigandi skipsins vera laus mála, en hinir stefndu samlagsmenn greiða sameiginlega (in solidum) úttektina. Sú varnarástæða samlagsmanna, að þeir ættu einungis að svara til úttektarinnar pro rata eftir þriðja kapitula siglingalaganna, talin veigalaus 421

Vátryggingarfélag tekst á hendur gagnvart bjarganda erlends skips ábyrgð á hverri þeirri fjárhæð, sem ákveðin yrði með fullnaðardómi fyrir björgunina 449

Hreppurinn A tók lán hjá sparisjóði nokkrum (S). Áður lánið væri að fullu greitt, var A skipt í tvö hreppsfélög, A_1 og B, og ákvað atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samkvæmt 3. sbr. 4. gr. laga nr. 12 frá 1927, að A_1 skyldi svara til ⅓ hluta af skuldum þeim, sem á A höfðu hvílt, en B til ⅔ hluta. S talinn þrátt fyrir þetta geta gengið að A_1 fyrir allri skuldinni, með því að ákvörðun ráðuneytisins um skiptingu skulda A á hendur A_1 og B gilti einungis í lögskiptum hinna nýju hreppa sín á milli og grundvallarreglur íslenzkra laga leiddu til þess, að hin nýju hreppsfélög bæru, hvort fyrir sig, ábyrgð á skuldum hins forna hrepps sem eigin skuldum 541

b) Ábyrgð á athöfnum starfsmanna.

Ríkissjóður sýknaður af kröfu A um skaðabætur fyrir að ráðherra hafði tekið af honum póstafgreiðslustarfsemi, sem hann hafði haft með höndum um allmörg ár. Ráðherra talinn hafa haft heimild í 7. gr. laga nr. 40 frá 1929 til að segja A upp starfinu, enda yrðu aðgerðir Alþingis og ríkisstjórnar gagnvart A ekki skildar þannig, að ríkið hefði bundizt skyldu til að láta A hafa lengur á hendi póstafgreiðsluna en lög stóðu til á hverjum tíma 308

A höfðaði mál á hendur skilanefnd Síldareinkasölu Íslands (E) til greiðslu verkunarlauna fyrir síld. E höfðaði gagnsök til bóta fyrir að síldin hefði reynzt spillt, er selja átti hana í Hamborg. A var sýknaður af gagnkröfunni, með því að umboðsmaður E, sem tók við síldinni úr höndum A, hafði metið hana góða og óspillta 117

Konan A, sem B hafði ráðið til að stjórna hringsaum á hraðsaumastofu sinni, fór úr þeirri vist, áður samningstíminn væri útrunninn. Hún krafði B um fébætur og bar það fyrir m. a., að klæðskeri sá, er veitti forstöðu hraðsaumastofunni, hefði rekið hana. Ekki talið sannað, að klæðskerinn hefði framkvæmt slíkan brottrekstur né að hann hefði haft heimild til þess af hendi A 350

c) Ábyrgð á tækjum.

Gufusuðupottur í verksmiðju hlutafélagsins A sprakk. Þeyttist innihald pottsins út um starfhýsið og brenndi tvo starfsmenn verksmiðjunnar. A sótti hlutafélagið B, sem framkvæmt hafði viðgerð á pottinum, áður en slysið varð, til bóta, en B var sýknað sökum óverjandi atferlis fyrirsvarsmanns A um meðferð pottsins 288

Eigandi bifreiðar dæmdur samkvæmt bifreiðalögunum til að greiða skaðabætur telpu, sem varð fyrir bifreiðinni, og hlaut af heilsuspjöll. Bifreiðarstjórinn átti aðalsökina á slysinu 303

Aðför. Sjá fjárnám, lögtak.

Aðgerðaleysisverkanir. Sbr. viðskiptatilkynningar.
A, sem ráðinn var 1. febrúar 1928 skoðunarmaður bifreiða og prófdómari við próf bifreiðastjóra samkvæmt erindisbréfi nr. 5 1. febrúar 1928, voru þegar frá öndverðu ekki greidd starfalaun þau, er getur í erindisbréfi þessu, heldur til að byrja með 500 króna mánaðarlaun. Fyrir árið 1929 fékk hann nokkra uppbót samkvæmt beiðni sinni. Í bréfi 13. apríl 1932 tjáði ráðuneyti það, er í hlut átti, honum, að það teldi honum fullgreitt með 500 króna mánaðarlaunum, án þess að séð verði, að hann hafi hreyft mótmælum gegn því. Í ársbyrjun 1934 fékkst af honum jáyrði fyrir því, að mánaðarlaun hans væru færð niður í kr. 462.50 og í ársbyrjun 1935 voru launin lækkuð á ný, og endurgalt hann þá fjárhæð nokkra, er honum var talin ofgreidd. Eftir að hafa látið af starfa sínum á árinu 1935 krafðist A tæpra 39 þúsund króna, sem hann taldi sér vangoldnar á árunum 1928—1935. Talið, að A með greindri framkomu sinni hefði firrt sig rétti til slíkrar greiðslu 51
A réð B til starfa í búð sinni um þriggja mánaða skeið gegn föstu mánaðarkaupi. Nokkrum dögum eftir að B tók við starfanum, veiktist hann af kighósta og lá um hálfan mánuð. Eftir að hann hafði verið veikur í viku, sleit A ráðningarsamningnum. Þótt B tæki, eftir að hann kom á fætur, við kaupi fyrir þá daga, er hann hafði unnið A, þá þótti hann ekki, eins og á stóð, þar með hafa veitt A ástæðu til að ætla, að hann afsalaði sér þeim rétti til bóta vegna samningsslitanna, sem hann kynni að eiga á hendur A 445

Aðild. Sbr. meðalganga.
a) Einkamál.
A höfðaði mál á hendur B til viðurkenningar á eignarrétti sínum að húsi, sem B hafði umráð yfir. A tilkynnti bankaútibúi, sem B hafði veitt veðrétt í húsinu, málshöfðunina. Bankaútibúið lét mæta í málinu og tók til varnar gegn kröfum A, án

þess að aðild þess væri mótmælt. Taldi héraðsdómarinn þess vegna, að bankaútibúið hefði með samþykki hinna aðiljanna gerzt sakmiðill, og lagði hann dóm á kröfur þess. Héraðsdómarinn tók kröfur A í málinu til greina um eignarrétt að húsinu og felldi úr gildi veðrétt bankaútibúsins. B skaut málinu til hæstaréttar, sem sýknaði hann af kröfum A, en niðurstaða héraðsdómsins, að því er bankaútibúið varðaði, stóð samt óhögguð, með því að dóminum var ekki áfrýjað af þess hendi 44

A lét gera til tryggingar kröfu sinni á hendur B fjárnám í bifreið, sem B hafði verið lögð sem fátækrastyrkur. Sveitarstjórn sú, sem í hlut átti, áfrýjaði fjárnámsgerðinni til ónýtingar og stefndi bæði A og B 169

B framseldi A rétt sinn á hendur vátryggingarfélagi (V) til greiðslu vátryggingarfjár brunninna húsgagna og lyfjavara. V andæfði aðild A á þeim grundvelli, að sér væri samkvæmt vátryggingarskilmálunum óskylt að sæta málssókn af hendi annarra en B vegna vátryggingar þessarar. Þessi varnarástæða stóðst ekki, með því að V hafði viðurkennt aðild A með því að ganga til samninga við hann um brunabæturnar 200

A höfðaði mál gegn vátryggingarfélagi (V) til greiðslu vátryggingarfjár fyrir brunna muni. C, sem taldi sér nokkurn hluta vátryggingarfjárins, gekk inn í málið og krafðist dóms fyrir þessum hluta vátryggingarfjárins sér til handa 200

A átti veðskuldabréf, tryggt með 2. veðrétti í sumarbústað, sem byggður var á landi þjóðjarðar einnar. Hafði eigandi sumarbústaðarins tekið á leigu einnar dagsláttu land undir hann, og skyldi sá leigumáli standa, meðan landseti sá, sem lóðina leigði, sæti þjóðjörðina. Lagði sýslumaður samþykki sitt á ráðstöfun þessa. B gerði fjárnám í sumarbústaðnum og auglýsti hann til nauðungaruppboðs. A mætti á uppboðinu og mótmælti því, sökum þess að það hefði ekki verið auglýst samkvæmt ákvæðum laga nr. 23 frá 1928 243

Í máli á hendur eiganda bifreiðar til greiðslu fébóta vegna líkamsmeiðinga, sem hlutust af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans, var vátryggingarfélagi því, sem í hlut átti, stefnt til að gæta réttar síns 303
Eigendur skipsins A höfðuðu mál gegn eigendum skipsins B til launa fyrir björgun þess. Eigendur skipsins C, sem veitt hafði að björguninni, gengu inn í málið og kröfðust einnig bjarglauna sér til handa 358
Elliheimili í sveitinni R, þar sem tvö gamalmenni dvöldust, er sveitföst voru í sveitinni Í, talið geta beint dómsmáli á hendur Í til greiðslu fúlgu gamalmennanna, án tillits til þess, hvernig háttað væri lögskiptum R og Í útaf gamalmennunum 382
Hjón sótt sameiginlega í lögtaksmáli til greiðslu útsvars 440
Skip rakst á bryggju í kaupstaðnum S og olli spjöllum á henni. Hafnarnefnd í S höfðaði mál gegn eiganda skipsins og vátryggingarfélagi því, sem hafði skipið í vátryggingu, til fébóta fyrir spjöllin 471
Í frumvarpi til úthlutunargerðar í þrotabúi var kostnaður við endurskoðun á bókhaldi þrotamanns samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 frá 1929 talinn til skiptakostnaðar og þannig forgangskrafa. Bankaútibú, sem fengið hafði ýmsar af fasteignum þrotamanns útlagðar sem ófullnægður veðhafi, mótmælti því, að endurskoðunarkostnaðurinn yrði greiddur úr búinu og að sér yrði gert að greiða hluta þess kostnaðar af verðmæti hinna útlögðu eigna. Stjórnarráðið hinsvegar, sem gert var aðvart um mótmælin, gerðist aðili að málinu og krafðist þess, að endurskoðunarkostnaðurinn yrði greiddur úr búinu á þann hátt, sem gert var ráð fyrir í úthlutunargerðinni .. 549
Maður, sem lenti í bílslysi og hlaut af heilsuspjöll, tók út stefnu í skaðabótamáli á hendur bílstjóranum, en áður málið yrði þingfest lézt málshöfðandinn. Kona hans, sem sat í óskiptu búi ásamt tveimur börnum þeirra, hélt málinu áfram 667

Í máli á hendur bílstjóra til greiðslu fébóta vegna meiðsla, sem hlutust af ógætilegum akstri hans, var vátryggingarfélagi því, sem í hlut átti, stefnt til að gæta réttar síns, en engar kröfur voru gerðar á hendur því, og ekki bar það fram neinar kröfur af sinni hálfu, en lýsti hinsvegar yfir því, að það teldi sér ekki skylt að svara fébótum útaf slysinu 667
A, sem átti jörð við Borgarfjörð (Hvítá), höfðaði mál gegn B til þess að fá honum (B), sem átti landspildu fyrir austan jörð A, dæmt óheimilt að veiða í netlögum fram undan landspildunni og jörðinni, en til vara vestan línu, sem hugsuð væri dregin í framhaldi af landamerkjalínunni milli greindra fasteigna á landi 673
Ríkissjóður sóttur til ábyrgðar fyrir aðgerðir starfsmanna ríkisins 51, 308, 321, 332

b) Opinber mál.

A, sem dæmdur hafði verið af héraðsdómara til refsivistar, var látinn fara að taka út refsinginguna, án þess að dómsmálaráðuneytið hefði tekið afstöðu til, hvort dóminum skyldi áfrýjað, og hafði hann tekið út nokkurn hluta refsingarinnar, þegar ráðuneytið fékk vitneskju um þetta. Lét ráðuneytið hann þá hætta refsivistinni að sinni og áfrýjaði máli hans. Með því að ákvörðunin um framkvæmd refsidómsins hafði verið tekin af mönnum, sem ekki voru til þess bærir, þá þóttu mistök þessi ekki standa fyrir því, að málið væri dæmt að efni til í hæstarétti 484
Héraðsdómari höfðar mál gegn manneskjum nokkrum fyrir brot gegn 202. gr. hinna almennu hegningarlaga, enda þótt ríkisvaldið ætti ekki sókn á brotum, er hegningarlagaákvæði þetta tekur til 566

Aðildareiður. Sjá barnsfaðernismál, eiður.

Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, blóðrannsókn, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.

Bifreiðarstjóri dæmdur til sektargreiðslu og æfilangs missis ökuskírteinis fyrir að aka bifreið í ölvunarástandi 3

A bruggaði áfengi síðast á árinu 1934 og fyrst á árinu 1935. Sagt, að brot hans varðaði við 6. gr. áfengislaga nr. 64 frá 1930, en refsing hans var ákveðin með skírskotun til 30. gr. núgildandi áfengislaga nr. 33 frá 1935, sem leiða til mildari niðurstöðu 11

B bruggaði áfengi í ársbyrjun 1932, en málshöfðun út af brotinu var tilkynnt honum af héraðsdómaranum þann 26. sept. 1935. Sök hans talin fyrnd eftir analogiu 67. gr. hegningarlaganna. Bruggun, sem C var sóttur til saka fyrir, var drýgð fyrir sumarmál 1933. Málshöfðun var honum tilkynnt þann 19. nóv. 1935. Sökin fyrnd samkvæmt lögjöfnun frá 67. gr. hegningarlaganna 11

Með því að ekkert var upplýst um áfengismagn lagar, sem A hafði bruggað og neytt sjálfur, þá þótti bera að sýkna hann af kæru um áfengisbruggun. Það ekki talið geta raskað þessari niðurstöðu, þótt A, sem virtist vera fáráðlingur, hefði orðið ölvaður við neyzlu vökva þessa 17

Maður dæmdur til refsingar fyrir ítrekaða sölu áfengis 82

Með játningu A, sem var afgreiðslumaður á bifreiðastöð, var sannað, að hann hafði selt manni, sem hringdi á stöðina og falaði vínanda, eina flösku af áfengi. Var A dæmdur til refsingar eftir 15. sbr. 33. gr. laga nr. 33 frá 1935. Hinsvegar báru nokkur vitni, að þau hefðu, hvert í sínu lagi, falað og keypt áfengi hjá A, og eitt vitni kvaðst hafa farið nokkrum sinnum með áfengi fyrir hann til kaupenda þess. Auk þess var af hendi lögreglunnar hlustað á símtöl við hann, þar sem hann var talinn hafa lofað að senda áfengi til manna. Þessir vitnaframburðir taldir veita líkur fyrir frekari áfengissölu af hendi A en hann

hafði gengizt við, en þó ekki gegn eindreginni neitun hans nægilega sterk sönnun til refsidóms 132
Bifreiðarstjóri nokkur var saksóttur fyrir áfengissölu. Trúnaðarmenn lögreglunnar, sem hlustuðu á símtöl hans, þóttust hafa heyrt hann lofa að selja mönnum áfengi. Eitt vitni kvaðst hafa keypt af honum áfengi, en skýrsla þess var mjög gölluð. B var sýknaður 132
Lyfsali seldi hverjum sem hafa vildi á 125—500 gr. glösum anisbrjóstsaft, ca. 32% að áfengisstyrkleik, chinabrjóstsaft með ca. 30% af áfengi og kaneldropa með ca. 83% áfengis eftir rúmmáli. Talið, að áfengisblöndur þessar féllu undir ákvæði 2. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1931 og ákærða hefði verið heimilt að láta þær af hendi án áfengislyfseðils 150
Maður og kona talin samkvæmt vitnaskýrslum sönn um sölu áfengis og dæmd til refsingar eftir 15. gr. sbr. 33. gr. laga nr. 33 frá 1935. Á góða meðferð málsins þótti það bresta, að forstöðumaður áfengisverzlunar ríkisins, sem gefið hafði vitnaskýrslu í málinu, hafði ekki verið látinn staðfesta hana, enda þótt annað hinna ákærðu vildi ekki kannast við, að skýrslan væri fyllilega rétt 325
Í fórum þjónustustúlku á norsku farþegaskipi fannst vín, tóbak, silfur- og plettmunir, sem tollgæzlumönnum hafði ekki verið gerð grein fyrir. Gekkst stúlkan við að vera eigandi vínsins og tóbaksins, en sagðist hinsvegar úr ábyrgð á silfur- og plettmununum. Skipstjórinn ekki talinn refsiábyrgur fyrir innflutningi þessum, með því að ekkert benti til þess, að hann væri samsekur um hann eða hefði sýnt vanrækslu um eftirlit á skipinu, og með því ennfremur að 6. mgr. 3. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 varð ekki álitin taka til tilviks þessa, þar sem uppvíst var um mann þann, sem brotið drýgði 437
Maður dæmdur til refsingar fyrir ítrekaða sölu áfengis í atvinnuskyni 537
Maður dæmdur til refsingar fyrir að selja áfengissala áfengi 537

Maður dæmdur til refsingar fyrir ítrekaða sölu áfengis í atvinnuskyni. Við ákvörðun refsingarinnar var tekið tillit til þess, að hegningarákvæði núgildandi áfengislaga nr. 33 frá 1935 eru að miklum mun vægari en tilsvarandi hegningarákvæði laga nr. 64 frá 1930, er kærði var síðast áður dæmdur eftir 559
Maður dæmdur til refsingar fyrir sölu áfengis í atvinnuskyni. Fundið var að því, að héraðsdómarinn lét ekki getið um tilefnið til þess, að rannsókn gegn kærða var hafin og að engar tilraunir voru gerðar til þess að upplýsa um einstakar áfengissölur kærða, sem játaði á sig kæruna .. 563
Maður dæmdur til refsingar fyrir bruggun áfengis samkvæmt 6. gr. og 30. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 637
Maður dæmdur til refsingar fyrir að geyma ólöglega bruggað áfengi í húsum sínum, sbr. 16. og 36. gr. laga nr. 33 frá 1935 637
Við húsleit hjá A fannst áfengi, sem að dómi efnarannsóknarstofu ríkisins gat verið heimabruggað áfengi, en gat líka verið bruggað hvar sem vera skal. Með því að ekki var upplýst á annan hátt, að áfengi þetta væri ólöglegt, var A sýknaður 637
Maður dæmdur til refsingar fyrir ölvun á almannafæri eftir 18. sbr. 38. gr. laga nr. 33 frá 1935 646
Maður dæmdur til refsingar fyrir áfengissölu, sbr. 15. og 33. gr. 1. mgr. laga nr. 33 frá 1935 646

Áfrýjun.

a) Einkamál.

A og B áttust við mál um eignarrétt að húsi. Héraðsdómarinn taldi A eiganda þess. Ennfremur taldi hann, að bankaútibú, sem B hafði veitt veðrétt í húsinu, hefði gerzt sakmiðill í málinu, og felldi veðrétt þess úr gildi. B áfrýjaði málinu og tók hæstiréttur kröfur hans um eignarrétt að húsinu til greina. Bankaútibúið áfrýjaði ekki málinu, heldur lét mæta í hæstarétti, tók þar undir kröfur B og krafðist málskostnaðar. Að svo vöxnu máli varð héraðsdóminum ekki hagg-

að, að því er það varðaði, og því ekki dæmdur málskostnaður 44
Stefndi í héraði, sem var sýknaður þar af kröfu um fébætur, áfrýjar til að fá dæmt um málskostnaðarkröfu sína fyrir undirrétti 51
A, sem fengið hafði dóm á hendur B til greiðslu víxilskuldar og hafði látið gera fjárnám fyrir dómskuldinni, áfrýjaði dóminum vegna aðgerða gagnaðiljans til hæstaréttar til staðfestingar. Ennfremur sagði í hæstaréttarstefnunni, að fjárnáminu væri skotið til hæstaréttar, án þess að tilgreint væri, í hvaða skyni það væri gert. Með því að áfrýjandi í sókn sinni fyrir hæstarétti krafðist staðfestingar á fjárnáminu og stefnda mátti vera það ljóst, að því væri í þessu skyni áfrýjað, þá þótti mega taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu fjárnámsins undir dóm að efni til 69
Ný skjöl lögð fram í hæstarétti að fengnu novaleyfi 91
Ný gögn lögð fram í hæstarétti 100
A höfðaði mál gegn Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands (E) til greiðslu verkunarlauna fyrir síld. Héraðsdómarinn taldi, að af hendi E hefði verið játast undir greiðslu verkunarlauna fyrir síld, er A verkaði 1931. Horf hæstaréttar til þessa sakaratriðis varð ekki vitað, með því að málinu var einungis áfrýjað af hálfu A, en ekki gagnáfrýjað af E 117
Héraðsdómari hafði neitað um frest til vitnaleiðslu með úrskurði og felldi síðan dóm í málinu. Var málinu síðan áfrýjað af báðum aðiljum. Aðili sá, sem frestsins æskti, krafðist þess aðallega fyrir hæstarétti, að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi, héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Var krafa þessi sótt og varin sér fyrir hæstarétti, án þess að vikið væri að efni málsins frekar en sókn og vörn aðalkröfunnar veitti ástæðu til 158
Fyrir dómskuld sinni á hendur B og eftir ábendingu hans lét A gera fjárnám í bifreið, sem lögð hafði verið B til sem fátækrastyrkur. Sveitar-

stjórn sú, sem í hlut átti, áfrýjaði fjárnámsgerðinni til ónýtingar og stefndi bæði A og B 169
A höfðaði mál gegn vátryggingarfélagi (V) til greiðslu vátryggingarfjár fyrir brunna muni. B, sem taldi sér nokkurn hluta vátryggingarfjárins, gekk inn í málið og krafðist dóms fyrir þessum hluta vátryggingarfjárins sér til handa, en héraðsdómarinn hratt kröfum hans. Allir aðiljarnir áfrýjuðu málinu, A og V stefndu hvor öðrum, en B stefndi bæði A og V 200
Sagt, að það sé á valdi dómsmálaráðuneytisins en ekki dómstólanna að meta hverju sinni ástæður til framlengingar á málshöfðunarfresti barnsfaðernismáls samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921 221
A var synjað um framkvæmd fjárnáms í eignar- og íveruhúsi B samkvæmt veðskuldabréfi með aðfararheimild eftir 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, þar eð fógeti taldi, að fullgild fjárnámsbeiðni væri ekki fyrir hendi. A áfrýjaði úrskurði fógeta og krafðist, að lagt yrði fyrir hann að framkvæma fjárnámið. Að vísu var hinn áfrýjaði úrskurður byggður á lögvillu, en krafa A varð samt ekki tekin til greina eftir orðum sínum, með því að fyrir fógetaréttinum hafði einungis verið deilt um formhlið málsins, og úrskurður fógeta tók einungis til formhliðarinnar. Þar sem þannig stóð á, var úrskurðurinn ónýttur og lagt fyrir fógetann að taka fjárnámsmálið til efnislegrar meðferðar, enda krafa um þessa úrlausn málsins talin felast í áðurgreindri kröfu A sem hið minna í hinu meira 247
Nokkrir menn tóku skip á leigu í samlagi og gerðu það út til fiskjar utan heimilis þess. Veiðarfæri og skipsnauðsynjar til þess voru teknar út í verzlun (V) á útgerðarstaðnum. V höfðaði mál gegn eiganda skipsins til að hlíta sjóveði í því og gegn nokkrum samlagsmönnum til greiðslu úttektarinnar. Héraðsdómarinn sýknaði samlagsmenn, en dæmdi sjóveð í skipinu fyrir úttektinni. Eigandi skipsins áfrýjaði málinu og krafð-

ist sýknu. V áfrýjaði einnig, stefndi sömu aðiljum og í héraði og hafði uppi sömu kröfur og þar. Kröfum á hendur einum samlagsmanna var vísað frá hæstarétti, með því að honum hafði ekki verið birt hæstaréttarstefnan 421

Maður áfrýjar héraðsdómi, þar sem úrslit málsins voru látin velta á eiði hans, til hæstaréttar til að fá nýjan hæfilegan eiðsfrest ákveðinn, með því að eiðsfrestur héraðsdómsins, sem var mjög stuttur, hafði liðið, án þess að málfærslumaður hans gæti tekið út eiðsstefnu, en gagnaðili mótmælti eiðvinningu að eiðsfresti liðnum 454

Lögtaksgerð og uppboði á hinum lögteknu munum áfrýjað til ómerkingar. Lögtaks- og uppboðsbeiðanda og uppboðskaupanda stefnt 469

Eftir að A keypti byggingarlóð eina í bænum R, var ákveðið, að svæðið, þar sem lóðin lá, skyldi að nokkru notað til götu- og torggerðar. A krafðist, að sér yrði lóðin bætt því verði, er hann hafði fyrir hana gefið, en til vara, að dómkvaddir menn yrðu látnir meta bætur honum til handa. Héraðsdómarinn kvað svo á, að A skyldu goldnar bætur eftir mati dómkvaddra manna, þó ekki yfir þá fjárhæð, er A krafðist aðallega. Málinu var áfrýjað af hendi bæjarstjórnar þeirrar, er í hlut átti, en ekki af hálfu A. Var héraðsdómurinn staðfestur 492

Fimm menn, er dæmdir voru til greiðslu víxils, tóku út áfrýjunarstefnu, þar sem þeir kröfðust breytingar á dóminum. Dómhafi áfrýjaði þá til staðfestingar. Er þingfesta skyldi málið, aðalsök og gagnsök, var ekki mætt af hendi aðaláfrýjenda og var þá kveðinn upp útivistardómur um aðalsökina. Hélt síðan dómhafinn staðfestingarmálinu áfram fyrir hæstarétti 547

Áfrýjandi krafðist þess í hæstaréttarstefnu, að málskostnaður yrði látinn niður falla. Varð þess vegna ekki lagður dómur á þær viðtækari málskostnaðarkröfur, sem hann gerði við flutning málsins fyrir hæstarétti 554

Héraðsdómari hafði vísað máli frá dómi, með því

að hann taldi, að ranglega hefði verið undan fellt að leita sátta í því fyrir sáttanefnd. Frávísunardómurinn var kærður til hæstaréttar samkvæmt 108. og 199. gr. laga nr. 85 frá 1936 og ómerktur þar og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til 227

Héraðsdómari heimilar með úrskurði endurupptöku máls, sem tekið hafði verið til dóms. Málið kært til hæstaréttar 397

Kröfu um framlagningu og afhendingu skjala í dómsmáli synjað af héraðsdómara með úrskurði. Úrskurðurinn kærður til hæstaréttar 659

b) Opinber mál.

A, sem dæmdur var í héraði til refsivistar fyrir brennu, var látinn fara að taka út refsinguna, án þess málið hefði komið til aðgerða dómsmálaráðuneytisins. Þegar ráðuneytið varð þessa vist, sleppti það A úr refsivistinni og áfrýjaði málinu. Það misferli, sem þannig hafði orðið á meðferð málsins, þótti ekki girða fyrir efnisdóm í því í hæstarétti, sökum þess að menn þeir, sem tóku ákvörðun um framkvæmd refsingarinnar, voru ekki til þeirrar athafnar bærir að lögum 484

Áfrýjunarleyfi.

Máli áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi 44, 469, 471, 549, 590, 663

Úrskurði fógeta þess efnis, að útsvar skyldi tekið lögtaki, var áfrýjað eftir að 8 vikna frestur sá, sem 11. gr. laga nr. 9 frá 1885 setur, var liðinn, og án þess að áfrýjunarleyfis hefði verið aflað. Var málinu þess vegna vísað ex officio frá hæstarétti 440

Ágreiningsatkvæði

um kröfu til afturheimtu oftekinna vaxta, sem greiddir höfðu verið, meðan tsk. 27. maí 1859 og lög nr. 10 frá 1890 voru í gildi 91

Ákvæðisvinna.

A sótti B til greiðslu fyrir aðgerð á bát, að fjárhæð kr. 499.75. B kvað A hafa tekið verkið að sér í ákvæðisvinnu fyrir 435 til 450 krónur. A synjaði þess ekki að hafa látið orð falla um, að viðgerðin myndi kosta um kr. 450, en hafi svo verið, þá hafi einungis verið um áætlunarfjárhæð að ræða. Ákvæðisvinna ekki talin sönnuð, enda benti það atriði, að fjárhæðin var ekki fullákveðin, til þess, að hér hefði einungis verið um áætlunarfjárhæð að tefla 162

Aldur.

Telpa, 9 ára að aldri, sem haldin var kynsjúkdómi (lekanda) gefur skýrslu um mök, er hún hefur haft við karlmenn 33

Refsing unglinga, er drýgðu brot, áður en þeir urðu 18 ára, ákveðin með tilvísun til 38. gr. hegningarlaganna 214, 566

Fundið að því, að héraðsdómari tók til greina kröfu um iðgjöld á hendur tveimur ófjárráða mönnum, sem sekir höfðu gerzt um þjófnað, án þess að þeim væri skipaður sakráðamaður 214

Tvær telpur, önnur 5 ára og hin 8 ára, gefa skýrslu um saurlíft atferli, sem maður hafði drýgt gagnvart þeim. Frásagnir þeirra voru mjög óljósar. Ákærði var dæmdur eftir játningu sinni, sem kom ekki alveg heim við sögn telpnanna 233

Við mat á fébótum, sem eiganda bifreiðar var gert að greiða 8 ára telpu, sem fyrir bíl hans varð, var höfð hliðsjón af því, að telpan hafði sýnt nokkra óvarkárni, þótt bifreiðarstjórinn ætti aðalsökina 303

Tvö börn, annað 10 ára, en hitt 15 ára, gefa skýrslu í barnfaðernismáli um samvistir sínar og aðilja málsins, nokkru áður en konan taldi samfarir aðiljanna hafa átt sér stað 416

Álitsgerðir. Sjá blóðrannsókn, læknar, lækningar, mat og skoðun.

Almenn lögreglumál. Sjá opinber mál.

Alþingiskosningar.

Tveir menn, sem dæmdir höfðu verið til refsingar fyrir að breyta nöfnum á atkvæðaseðlum við kosningar til alþingis, taldir með þeim verknaði hafa firrt sig kosningarrétti við kosningar til alþingis, en varhugavert talið að fullyrða, að ákvörðun hreppsnefndarmanna þeirra, sem í hlut áttu, að taka hina sakfelldu á kjörskrá til alþingiskosninga, hefði verið framkvæmd gegn betri vitund eða vegna slíkrar vanrækslu, að varða ætti refsiábyrgð. Voru hreppsnefndarmennirnir þess vegna sýknaðir af ákæru fyrir brot gegn 13. kapitula hegningarlaganna og lögum nr. 18 frá 1934, sbr. lög nr. 28 frá 1915 .. 273

Analogía. Sjá lög, lögskýring.

Ásetningur. Sjá saknæmi, sönnun.

Atvinnufrelsi.

Ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934, að framleiðendur mjólkur mættu einungis selja hana ógerilsneydda beint til neytenda innan síns sveitarfélags, ekki talið brjóta gegn 64. gr. stjórnarskrárinnar, með því að almenni löggjafinn hafi metið þessar ráðstafanir til almenningsheilla og við því mati verði ekki haggað 332

Atvinnuréttindi. Sjá bifreiðar.

A, sem dæmdur var til refsingar eftir 262. og 263. gr. hegningarlaganna, og B og C, sem dæmdir voru til refsingar eftir 263. gr. sömu laga, voru allir auk þess sviptir með dóminum rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í 5 ár frá birtingu dómsins 597

Maður sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar 252

Auglýsingar. Sjá uppboð.

Maður dæmdur til refsingar eftir lögum nr. 84 frá 1933 fyrir að auglýsa í dagblaði gyllingar um vörur og vélar fyrirtækis. Hinsvegar var hann ekki skyldaður til að birta leiðréttingu sam-

kvæmt nefndum lögum um þau atriði auglýsingarinnar, sem hann var dæmdur fyrir, þegar af þeirri ástæðu, að ganga varð út frá því, að áhrifa auglýsingarinnar gæti a. m. k. ekki lengur gætt 391
Lögreglulið hafði tekið sér stöðu á bryggju í kaupstað til að tryggja vinnufrið við afgreiðslu skips. Lögreglustjóri setti þar upp spjald með auglýsingu um að aðgangur væri bannaður. Manni, sem svipti burtu auglýsingarspjaldinu, var refsað eftir 106. gr. hegningarlaganna 566

Áverki. Sjá líkamsáverkar.

Barnaverndarnefnd.
Telpa, 9 ára að aldri, reyndist að vera haldin kynsjúkdómi, lekanda. Mál hennar var rannsakað af barnaverndarnefnd samhliða því, að réttarrannsókn fór fram um það 33

Barnsfaðernismál.
Sagt, að dómsmálaráðuneytinu en ekki dómstólunum beri fullnaðarúrlausn þess, hvort framlengja skuli málshöfðunarfrest í barnsfaðernismálum, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921 37
Í barnsfaðernismáli hafði blóðrannsókn farið fram eftir OAB aðferðinni án þess að leiða til úrslita um faðerni barnsins. Með því að hinn ætlaði barnsfaðir óskaði blóðrannsóknar eftir MN aðferðinni, var með úrskurði hæstaréttar kveðið svo á, að barnsmóður skyldi gerður kostur á því að leggja sig og barnið undir blóðrannsókn á ný, áður en dómur gengi um málið í hæstarétti 37
K eignaði M laungetið barn. Blóðrannsókn var framkvæmd á aðiljum og barninu án þess að leiða til úrslita. Aðiljum kom saman um, að þau hefðu iðulega komið saman að líkamslosta fyrir getnaðartíma barnsins og einnig eftir þann tíma, en M synjaði þess að hafa kennt konunnar á getnaðartímanum. Í ljós var leitt, að M hafði veitt K nokkurn fjárstyrk, eftir að honum var kunn-

ugt orðið um þunga hennar, og að hann hafði sýnt henni umönnun í sængurlegu hennar. Nægilega sterkar líkur taldar fram komnar til að láta úrslit málsins velta á sönnunareiði K 193

K kenndi S laungetið barn, sem fætt var 1. ágúst 1924. Kvaðst hún hafa haft samræði við S síðari hluta októbermánaðar og tvisvar í nóvember 1923. S synjaði fyrir greindar samfarir, en kvaðst hafa haft holdleg mök við K 12. des. 1923 og næsta sunnudag þar á eftir. Að því athuguðu, að S lagði K til fé, eftir að hún var orðin barnshafandi og að staðaldri eftir fæðingu barnsins, þótti K hafa svo mikið til síns máls, að rétt væri að láta úrslit málsins velta á sönnunareiði hennar 221

K tilgreindi B föður að laungetnu barni, sem fætt var 25. sept. 1936. Kvaðst hún hafa haft samfarir við B nokkrum sinnum, fyrst nokkru fyrir jól 1935 og síðast fyrst í janúar 1936. B kvaðst einu sinni hafa hitt K úti á götu með öðru fólki, en ekki hafa haft önnur kynni af henni. Blóðrannsókn skar ekki úr um faðernið. Bílstjóri einn skýrði frá því sem vitni, að hann hefði haustið 1935 ekið aðiljum saman heim til B, og annar bílstjóri bar fyrir dómi, að hann hefði ekið þeim saman í bíó eða kaffihús. Húsmóðir K vitnaði, að hún hefði séð þau á stefnumóti. Í ljós var leitt, að K hafði um jólin 1935 keypt ermahnappa og látið grafa á þá upphafsstafi B. Ennfremur gat K lýst allrækilega herbergi B, en þar kvað hún samfarirnar hafa farið fram. Úrslit málsins voru látin fara eftir sönnunareiði K 314

Átalið, hversu rannsókn barnsfaðernismáls var illa af hendi leyst, áður dómur gekk í héraði. Barnsmóðirin var ekki spurð um, hvar né hve oft fundum hennar og manns þess, er hún eignaði barnið, hefði saman borið. Engar atrennur höfðu að því verið gerðar að leiða í ljós, hvort kynning aðilja yrði sönnuð eða gerð líkleg með vitnaskýrslum. Blóðrannsókn hafði ekki verið fram-

kvæmd, enda ekki sjáanlegt, að aðiljar hefðu verið um það spurðir, hvort þeir óskuðu blóðrannsóknar. Bætt var úr þessum göllum, áður málið væri flutt í hæstarétti 314

Rannsókn í barnsfaðernismáli var ófullnægjandi. Dómsuppsögn var þess vegna frestað í hæstarétti og héraðsdómara gert að skyldu að afla frekari skýrslna 406

K tilnefndi M föður að laungetnu barni, sem fætt var 14. júní 1934. Kvað hún aðiljana hafa haft samræði saman aðfaranótt þess 8. október 1933 á tilteknum stað, er þau voru á heimleið af skemmtun. M synjaði ekki fyrir það, að þau hefðu átt þá ferð saman, en bar hinsvegar af sér samræðið. Þó kannaðist hann við, að K hefði spurt hann eftir fæðingu barnsins, hvort hann vildi kannast við faðernið. Tvö systkin K, 10 og 15 ára að aldri, sem í samfylgd með aðiljum höfðu verið, kváðust hafa við þau skilið á leiðinni og verið komin heim á undan þeim. Blóðrannsókn skar ekki úr um faðernið. Héraðslæknir sá, er í hlut átti, taldi fyrir það girt, að barnið gæti verið komið undir á þeim tíma, er K tilgreindi, en landlæknir og annar læknir lýstu því, að fyrir möguleika getnaðar barnsins á greindum tíma yrði engan veginn tekið. Úrslit málsins voru látin fara eftir því, hvort K ynni eið að samförunum aðfaranótt þess 8. október, en við þann tíma einan var miðað, með því að K hafði ekki fært til samfarir við M á öðrum tíma, er máli skipti 416

Betrunarhúsvinna. Sjá refsingar.

Bifreiðaeftirlitsmenn. Sbr. mat og skoðun.

Krafa fyrverandi bifreiðaeftirlitsmanns um greiðslu kaupeftirstöðva úr ríkissjóði ekki talin verða samþýdd við háttsemi hans í sambandi við launagreiðslur, meðan hann hafði starfann á hendi. Hinsvegar var litið svo á, að honum hefði borið uppsagnarfrestur, þegar hann lét af

greindum starfa, með því að hann hafði haft hann um skeið á hendi, eftir að umsaminn starfstími hans var útrunninn. Var 6 mánaða uppsagnarfrestur talinn hæfilegur og honum dæmdar bætur í samræmi við það 51

Bifreiðar. Bifreiðalöggjöf.

Bifreiðarstjóri dæmdur í sekt og til að missa ökuleyfi sitt æfilangt fyrir að hafa ekið bifreið ölvaður 3

A tók að sér að hafa eftirlit með tengivagni, sem festur var aftan í bifreið og reykháf var komið fyrir á. Drengur, 4 ára, varð fyrir tengivagninum og lét líf sitt. Talið, að aðgæzluleysi A hefði verið um að kenna, og honum refsað eftir 200. gr. hegningarlaganna 6

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar m. a. eftir áfengis- og bifreiðalögunum fyrir akstur bifreiðar í ölvunarástandi og eftir 32. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur fyrir að aka röngu megin við vegamótastein í Reykjavík. Ennfremur var hann sviptur ökuleyfi æfilangt 264

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar eftir áfengis- og bifreiðalögunum og sviptur ökuleyfi um þriggja mánaða skeið fyrir akstur undir áhrifum áfengis 282

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar fyrir ítrekað brot á áfengis- og bifreiðalögunum og sviptur ökuleyfi æfilangt 301

Eigandi bifreiðar dæmdur til að greiða 8 ára gamalli telpu fébætur vegna örkumla, er hún hlaut af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans. Við ákvörðun bótahæðarinnar var litið til þess, að telpan hafði sýnt af sér nokkra óvarkárni 303

Bifreiðastöð ein í Reykjavík hafði á leigu eitt óafmarkað bifreiðarstæði á götu fyrir framan starfhýsi sitt. Samkvæmt skýrslu stöðvarstjórans skyldi hver bifreið fara af stað, þegar röðin var komin að henni, og átti sú bifreið, er hverju sinni skyldi fara næst, að standa á hinu leigða stæði, frá því að bifreiðin næst á undan henni legði upp, og þangað til henni sjálfri yrði ekið

af stað. Sex bifreiðarstjórar voru af lögreglunni kærðir til refsingar eftir lögreglusamþykkt Reykjavíkur fyrir að láta bifreiðar sínar samtímis standa þarna á götunni þann 4. apríl 1936. Ekki var leitt í ljós, hver hinna sex bifreiða stóð fremst í röðinni og þannig var réttkomin til stæðisins. Þar sem ætla varð samkvæmt því, er að framan segir, að einn hinna kærðu hefði ekki til saka unnið, án þess að vitað væri, hver þeirra það var, þá varð að sýkna þá alla af kærunni. Við rannsókn málsins könnuðust fimm þeirra við að hafa stundum áður látið bifreiðar sínar standa á götu þeirri, er hér um ræddi, en óupplýst var, hvort hver einstök bifreið hefði hverju sinni staðið á stæðinu eða utan þess. Varð téð viðurkenning þess vegna ekki talin nægilegur grundvöllur refsidóms 433

Bifreiðarstjóri ók undir áhrifum áfengis bifreið sinni út af veginum og á steinsteyptan stólpa og braut hann. Var bifreiðarstjórinn dæmdur í sekt og sviptur ökuleyfi sínu um þriggja mánaða skeið 475

Í bíl kviknaði með þeim hætti, að bílstjórinn brá lukt inn í hann, þar sem verið var að láta benzín í geymi hans, en op benzíngeymisins var inni í bílnum. Þessi verknaður bílstjórans var ekki talinn hafa orðið af stórkostlegu gáleysi, með því að ekki varð ætlað, að almenningur gerði sér grein fyrir eldfimihættu þeirri, er tjónið hlauzt af, og ekki var sannað, að bifreiðastjórum væri veitt fræðsla um þessa eldfimihættu, né að bílstjóri sá, er í hlut átti, hefði haft þekkingu á henni fyrr en slysið varð 479

Bifreiðarstjóri dæmdur samkvæmt 6. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur fyrir of hraðan akstur og samkvæmt 7. mgr. 6. gr. bifreiðalaganna fyrir að hafa ekki nothæfan hraðamæli á bifreið sinni 522

A, sem var á ferðalagi í vöruflutningabifreð sinni, varð ölvaður. Hann fékk þess vegna B til þess að aka bifreiðinni fyrir sig. Sat A við hlið B í ökumannssætinu í stýrishúsinu. B ók bifreið-

inni út af veginum, og hlaut A mikil meiðsl við það. A höfðaði mál á hendur B til fébóta, en A lézt, áður málið væri þingfest. Kona A, sem sat í óskiptu búi eftir hann, hélt málinu áfram. Það þótti leitt í ljós með játningu B, að hann hefði ekið of hratt og sýnt óaðgæzlu við aksturinn. Var hann því dæmdur til bótagreiðslu, en bæturnar metnar með hliðsjón af því, að A hafði gert honum að einhverju leyti óhægt fyrir um stjórn bifreiðarinnar 667

Björgun.

B/v „Kári", sem staddur var 27. ágúst 1934 um 15 sm. frá Mygganes í Færeyjum, missti öll blöð af skrúfu sinni. Samkvæmt hjálparkalli hans kom b/v „Baldur" á vettvang og dró hann til Reykjavíkur. Aðgerðir b/v „Baldurs" voru metnar björgun. Allgóð rök voru færð fyrir því, að b/v „Baldur" hefði vegna tafarinnar orðið fyrir 2500—3000 króna veiðitapi og auk þess misst af um 5000 krónum, vegna þess að hann náði ekki góðum markaði í Þýzkalandi. Með því að önnur gögn brast um verðmæti b/v „Kára", þótti verða að miða við kaskótryggingu og kaskóinteressutryggingu hans. Verðmæti þau, sem bjargað var, talin alls kr. 259817.00. Bjarglaun ákveðin kr. 34000.00 178

Útgerð varðskips dæmdar kr. 4200.00 í bjarglaun fyrir að bjarga af skeri við Skagafjörð línuveiðagufuskipi, sem þar hafði strandað, og draga það síðan til Akureyrar. Talin ósönnuð nokkur sú handvömm skipverja varðskipsins, er bakað gæti útgerð þess ábyrgð. Öðru skipi, er aðstoðaði við björgunina, dæmd 800 króna bjarglaun. Hið bjargaða skip metið í Reykjavík 32000 króna virði áður en það strandaði, en 18000 króna virði á strandstaðnum í því ástandi, sem það var, þegar því var bjargað 358

Útgerð varðskips dæmd 18000 króna bjarglaun fyrir að bjarga e/s „Súðin" af skeri, sem hún hafði strandað á út af Skagaströnd og ekki tekizt af eigin ramleik að losna af. Verðmæti hins bjargaða

var áætlað kr. 117000. Varðskipið var statt á Dýrafirði, þegar það var kallað til aðstoðar. Kom það á strandstaðinn kl. 7,45 að kvöldi, en gat þá ekki náð „Súðinni“ út, en gerði nýja tilraun morguninn eftir, og losnaði „Súðin“ þá af skerinu eftir 15 mínútna lotu. Sigldi „Súðin“ síðan undir umsjá varðskipsins til Ísafjarðar .. 372

Brezkur togari strandaði á Skagarifi við Húnaflóa. Varðskip dró togarann af rifinu og sigldi með honum til Akureyrar. Verðmæti togarans ásamt því, sem í honum var, metið á kr. 205750.00. Bjarglaun ákveðin kr. 45000.00 449

E/s „Jarlinn“ (J) strandaði rétt fyrir utan Bakkabryggju á Siglufirði. Stóð hann á grunni í fullar 15 klukkustundir, án þess að tilraunir hans sjálfs eða vélbáts, sem kom honum til aðstoðar, bæru árangur. Bar þá að l/v „Eldborgina“ (E), er dró hann af grunni á 3—5 mínútum og var töf E 2—3 stundarfjórðungar vegna björgunarinnar. Telja varð, að J hefði verið í nokkurri hættu, ef vindur gengi til óhagstæðrar áttar. Starfsemi E var metin björgun. Hin björguðu verðmæti voru: „Jarlinn“, virtur á kr. 30000.00, 10—15 smálestir af kolum og um 100 mál af síld. Auk þess voru nótabátar og veiðarfæri innanborðs, en skipverjar hefðu auðveldlega getað bjargað þessum hlutum, ef á hefði þurft að halda. Var þess vegna ekki tekið tillit til þeirra við ákvörðun bjarglaunanna. Bjarglaun ákveðin kr. 2000.00 515

M/b „Fylkir“ V. E. 14, sem fullfermdur var af olíu, kolum, benzíni og timbri, átti að fara frá hafnargarðinum í Keflavík, til að rýma þar til fyrir öðrum bát. En með því að vindur var hvass og stóð á bakborða, þá bar bátinn upp á hafnargarðinn, þannig að ⅓ hluti hans var utan garðsins. Annar bátur, sem þarna kom að, dró hann af garðinum. Þessi starfsemi var metin til björgunar. „Fylkir“ var metinn af dómkvöddum mönnum á kr. 36500.00 og farmur hans á kr. 6524.00. Bjarglaun voru ákveðin kr. 3200.00 554

Blóðrannsókn.

Framkvæmd rannsókn á áfengismagni í blóði bifreiðarstjóra, sem kærður var fyrir akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis 3, 264, 282

Fundið að því máli ákæruvaldsins á hendur bílstjóra fyrir áfengisneyzlu við akstur bifreiðar, að blóðrannsókn var ekki framkvæmd, enda þótt lögreglan hefði hlutast til um, að blóð var tekið úr kærða til rannsóknar 301

Í barnsfaðernismáli var barnsmóður gerður kostur á því að ósk gagnaðiljans, að leggja sig og barnið undir blóðrannsókn eftir MN aðferðinni, með því að blóðrannsókn eftir OAB aðferðinni hafði ekki skorið úr um faðernið 37

Blóðrannsókn framkvæmd í barnsfaðernismáli á aðiljum og barninu. Gat maðurinn samkvæmt henni verið faðir að barninu, en rannsóknin sannaði ekki, að hann væri það 193, 221, 314, 416

Fundið að því í dómi í barnsfaðernismáli, að blóðrannsókn var ekki framkvæmd fyrr en eftir að dómur var genginn í héraði, enda ekki sjáanlegt, að aðiljar hefðu verið um það spurðir, hvort þeir óskuðu blóðrannsóknar 314

Blöð, blaðamennska. Sjá dagblöð.

Botnvörpuveiðabrot. Sbr. ítrekun, játning, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, varnarþing, vitni.

Menn dæmdir til refsingar eftir 4. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi fyrir að veita togurum vitneskju með loftskeytum á dulmáli um ferðir og athafnir varðskipanna 25, 30, 106, 364, 643

Togaraskipstjóri dæmdur til refsingar fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi 408

Varðbátsmenn þóttust geta ráðið það með vissu af hreyfingu og öðru atferli togara, sem sigldi um landhelgisvæðið, og ummerkjum á honum, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi, en höggvið af sér botnvörpuna, þegar varðbáturinn kom

til sögunnar. Af hendi togaramanna var hinsvegar á því staðið, að botnvarpan hefði orðið föst í botni og slitnað frá togaranum þar, sem þeir hefðu verið að veiðum utan landhelgi. Þrír menn voru til þess dómkvaddir að athuga botnvörpustreng togarans. Töldu þeir hann bera þess frekar merki, að hann hefði slitnað en að hann hefði höggvinn verið. Ennfremur töldu þeir því fjarri fara, að hann hefði verið höggvinn sundur með öldustokk togarans að undirlagi, eins og haldið var fram af varðbátsmönnum. Að svo vöxnu máli þótti ekki örugg sönnun fram komin fyrir sekt kærða og var hann því sýknaður 411

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, með því að varhugavert þótti að telja brotið sannað. Fyrsta staðarákvörðun togarans var gerð einungis af 1. stýrimanni varðskipsins einum, enda varðskipið þá á ferð. Þótti hún því ekki öruggur grundvöllur áfallsdóms. Aðrar mælingar varðskipsins sýndu ekki togarann, svo öruggt teldist, innan landhelgi, og voru auk þess ekki fullkomlega samþýðanlegar sín á milli né við framburði skipverja varðskipsins. Kærði, sem neitaði sekt sinni, hefði átt að hafa verið inni í landhelginni, ef miðað hefði verið við frásögn hans um siglingarstefnu togarans, en það varð ekki gert, þar eð þessi skýrsla kærða var ósamrýmanleg hornmælingum varðskipsins 459

Leiðarreikningur varðskips þótti ekki full sönnun þess, að það hefði verið á tilgreindum tíma innan landhelgi. Af stöðu varðskipsins varð þessvegna ekki ályktað, að togari, er var eitthvað nær landi en varðskipið, hefði verið í landhelgi. Dufl, sem sett var út hjá togaranum 6 mínútum eftir stöðvun hans, mældist 0,2 sm. utan landhelgi, en gera varð ráð fyrir, að duflið hefði vegna lengdar duflstrengsins getað borizt undan vindi lálægt 0,1 sm. frá þeim stað, þar sem duflakkerið var látið niður. Með hliðsjón af vindáttinni þótti því verða að telja stað þann, þar sem togarinn var stöðvaður, 0,3 sm. utan landhelgi. Hinsvegar

þótti ekki ástæða til að ætla, að togarinn hefði borizt í áttina til lands þær 6 mínútur frá því að hann var stöðvaður og þangað til duflið var sett út, með því að á þeim tíma hafði hann enn ekki dregið vörpuna úr botni. Samkvæmt vitnaskýrslum hafði togarinn siglt út frá landi í 10 mínútur, áður en hann var stöðvaður til fulls, en með því að hann hafði botnvörpu úti og átti gegn allhvössu veðri að sækja og í stórsjó, þá þótti honum ekki verða ætlaður meiri hraði en 2 sm. miðað við klukkustund. Samkvæmt því hefði hann átt að vera 0,03 sm. innan landhelgi, er hann beygði út frá landi, en þar sem ekki var fullvíst, að hann hefði farið beinustu línu út frá landi, þá þótti ekki fullyrðanda, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi 525

Varðskip stöðvaði togara, sem var að draga inn botnvörpuna, og var lifandi fiskur í henni. Setti varðskipið þar út dufl. Mældist staður þess 0,7 sm. innan landhelgi. Gegn þessari sönnun fyrir sekt kærða kom ekki til greina áttavitamiðanir hans, sem voru sín á milli ósamrýmanlegar, né heldur frásögn kærða um lengd siglingarleiðarinnar til lands 534

Bráðabirgðalög.

Ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. ekki talin fara í bága við 23. eða 64. gr. stjórnarskrárinnar 332

Brenna. Sjá einnig vátryggingar.

Maður, sem er andlegur eftirbátur, komst inn í sumarhús, sem læst var og mannlaust fyrir. Virðist hann hafa kveikt þar á olíuvél, setzt þar á stól og fallið í svefn eða mók, enda kveðst hann hafa verið ölvaður. Er hann rankaði við sér, var eldur kominn upp í húsinu, og brann það, eftir að hann hafði komizt út. Hann talinn fyrir óvarkárni valdur að bruna hússins, og honum refsað eftir 286. gr. sbr. 40. gr. hegningarlaganna 17

Konan A tók haustið 1935 á leigu veitingahús, einlyft og úr timbri, er stóð 12 metra frá næstu húsum. Innbú sitt hafði hún vátryggt fyrir kr. 10000.00. Hún vann þá B og C með loforðum um hlutdeild í vátryggingarfénu til að kveikja í húsinu þann 23. nóvember 1935. Eldurinn var slökktur að því sinni, áður en veruleg spjöll hlytust af honum. Þann 7. desember s. á. lofuðu þeir B og C henni að kveikja aftur í húsinu, en létu samt af þeirri fyrirætlun sinni sökum illviðris. Aðfaranótt þess 15. s. m. kveiktu þeir í húsinu, og brann það þá. Í skýrslu sinni til vátryggingarfélags þess, er í hlut átti, taldi A fram marga muni sem brunna, er hún hafði skotið undan. Brot A, að því er varðaði íkveikjurnar 23. nóvember og 15. desember, heimfært undir 1. málsgrein 283. gr. sbr. 1. málslið 53 gr. hegningarlaganna og brot A, að því er tók til íkveikjuáformsins 7. des. s. á., heimfært undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 2. málslið 53. og 47. gr. sömu laga. Vátryggingarbrot hennar talið varða við 261. gr. sömu laga, að nokkru samanborið við 46. gr. þeirra. Brot B og C 23. nóvember voru heimfærð undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 1. málslið 48. gr. hegningarlaganna og íkveikjuáform þeirra 7. des. undir 283. gr. sbr. 2. mgr. 54 gr. sömu laga. Refsing allra hinna ákærðu metin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna. B og C var einungis tilkynnt málshöfðun eftir 283. gr. hegningarlaganna og þótti þess vegna ekki heimilt að dæma þá fyrir samsekt í broti eftir 261. gr. þeirra laga 484

Brunatrygging. Sjá vátrygging.

Dagblöð.

Í dagblaði einu var þannig skýrt frá undirbúningi að viðskiptasamningi, sem gerður var milli Íslands og Spánar 1934, að fyrst hefðu þrír nafngreindir samningsmenn hafið samningsumleitanir af hálfu Íslands, en nokkru síðar, og áður nokkrar ákvarðanir væru teknar, hefði A ásamt

öðrum nafngreindum manni bætzt í hópinn. A krafðist þess, að ritstjórum dagblaðsins yrði gert að birta í blaðinu leiðréttingu þess efnis, að grundvöllurinn að samningnum hefði þegar verið lagður af nefndarmönnunum þremur, áður en A kom til Spánar. Þessi krafa A ekki tekin til greina, með því að tilgreind ummæli dagblaðsins gátu vel staðizt, þótt fullyrðing sú, er A vildi fá birta og áður getur, væri rétt 237

Dómar. Sbr. Dómarar, endurupptaka, frávísun, heimvísun, opinber mál, réttarfar, úrskurðir, útivist aðilja.

Skilorðsbundnir refsidómar 17, 229, 336, 597

Talið rangt að steypa saman refsimáli á hendur A, sem dæmdur var fyrir bruggun áfengis, og refsimáli á hendur B og C, sem saksóttir voru einnig fyrir bruggun, þar sem brot þeirra voru óviðkomandi broti A 11

Útsvör, sem lögð höfðu verið á A árin 1935 og 1936, voru heimt inn með einni og sömu lögtaksgerðinni. Útsvarið 1936 virtist ekki hafa verið gjaldkræft, þegar lögtaksgerðin hófst, en með því að A hreyfði ekki mótmælum á þessum grundvelli, þótti mega láta ganga dóm um útsvar beggja áranna 86

Einn dómari hæstaréttar gerir sératkvæði um kröfu manns til endurheimtu oftekinna vaxta, sem greiddir höfðu verið, meðan tsk. 27. maí 1859 og lög nr. 10 frá 1890 voru í gildi 91

Fundið að því, að héraðsdómari hafði ekki í dómi í einkamáli dæmt um eina varnarástæðu hins stefnda berum orðum, eins og honum þó bar að gera 162

A og B og hjónin C og D voru í einu og sama máli sótt til refsingar fyrir brot gegn hegningarlögunum og lögum nr. 47 frá 1932. Með því að ekkert samband var milli verknaða A og B innbyrðis né gagnvart verknaði hjónanna C og D, þá var það aðfinnsluefni, að málum þessum öllum hafði verið steypt saman í eitt mál 336

Nokkrir menn tóku skip á leigu og gerðu það út til fiskjar utan heimilis þess. Veiðarfæri og skipsnauðsynjar voru teknar út í verzlunarfyrirtæki (V) á útgerðarstaðnum. Fyrirsvarsmaður V höfðaði mál gegn eiganda skipsins til að hlíta sjóveði í því fyrir úttektinni og gegn nokkrum samlagsmönnum til sameiginlegrar greiðslu úttektarinnar. Úrslit málsins urðu þau, að ef framkvæmdastjóri V synjaði þess með eiði, að framkvæmdastjóri samlagsmanna hefði samið við hann um úttektina, þá skyldi V hafa sjóveð í skipinu, en hinir stefndu samlagsmenn vera sýknir. Féllist framkvæmdastjóri V hinsvegar á eiðnum, þá skyldi eigandi skipsins vera laus mála, en hinir stefndu samlagsmenn greiða skuldina in solidum 421

Það m. a. athugað við refsidóm á hendur manni fyrir innflutning áfengis, að láðst hafði að ákveða vararefsingu fyrir þann hluta sektarinnar, sem miðaður er við 40 krónur á hvern lítra ólöglega innflutts áfengis 437

Dómi í einkamáli, þar sem sakarúrslit voru látin velta á aðildareiði, áfrýjað til hæstaréttar til að fá nýjan hæfilegan eiðsfrest ákveðinn, þar eð aðilja þeim, er í hlut átti, hafði ekki tekizt að nota eiðsfrest þann, sem honum var ákveðinn í héraðsdóminum, enda var sá eiðsfrestur mjög stuttur 454

Í máli ákæruvaldsins á hendur þremur stjórnendum hlutafélags fyrir misferli í sambandi við gjaldþrot þess voru hinir ákærðu ekkert spurðir um eitt sakaratriðið, og rannsóknin beindist ekkert að því. Urðu þeir þess vegna ekki dæmdir til refsingar fyrir það 597

Dómarar. Sbr. barnsfaðernismál, embættis- og sýslunarmenn, opinber mál, réttarfar.

Eftir að ónýtt hafði verið í hæstarétti uppboð á dómskuld á hendur B, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hafði tekið fjárnámi hjá A og látið selja á uppboði, höfðaði C, sem A hafði framselt

rétt sinn til dómskuldarinnar, fébótamál á hendur lögreglustjóra f. h. ríkissjóðs vegna hins ólögmæta uppboðs, og var það mál dæmt af hinum reglulega héraðsdómara, sem einnig á sínum tíma hafði sem uppboðsráðandi háð uppboðið. Dómurinn í skaðabótamálinu var ómerktur ex officio í hæstarétti. Að vísu var uppboðsbeiðandinn í því máli einn krafinn fébóta, en ef hann yrði sýknaður, þótti ekki örvænt, að C hefði uppi kröfur á hendur uppboðsráðanda, og ef uppboðsbeiðandi yrði dæmdur, kynni hann að geta beint endurgjaldskröfu á hendur uppboðsráðanda. Var þannig talið, að úrslit málsins vörðuðu hinn reglulega héraðsdómara svo verulega, að hann hefði átt að víkja sæti í því ex officio 321

Fundið að því, að héraðsdómari hafði ekki dæmt berum orðum um eina varnarástæðu, sem höfð var uppi í einkamáli 162

Dómstólar.

Sagt, að það heyri til valdsviðs dómsmálaráðuneytisins, en ekki dómstólanna, að meta hverju sinni ástæður til framlengingar málshöfðunarfrests í barnsfaðernismálum samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921 37

Dómstólar leggja undirmatsgerð til grundvallar fébótum fyrir lögnumda lóð, með því að yfirmatið þótti ekki fullnægja ákvæðum 6. gr. laga nr. 61 frá 1917 39

A taldi þau ákvæði bráðabirgðalaga nr. 49 frá 1934, að framleiðendur mjólkur mættu einungis selja hana ógerilsneydda beint til neytenda innan síns sveitarfélags, brjóta í bága við 64. gr. stjórnarskrárinnar. Höfðaði hann mál til greiðslu skaðabóta á hendur ríkissjóði vegna þess, að ákvæðum bráðabirgðalaganna hafði verið fylgt fram um mjólk, er hann framleiddi. Sagt, að almenni löggjafinn hafi metið greind ákvæði bráðabirgðalaganna til almenningsheilla og að við því mati yrði ekki haggað. Krafa A var þessvegna ekki tekin til greina 332

Elliheimili í sveitinni R sótti sveitarfélagið Í til greiðslu vistargjalds fyrir tvö gamalmenni, sem sveitföst voru í Í og höfðu verið á gamalmennahælinu á vegum Í. Í neitaði greiðslu, með því að R ætti að standa elliheimilinu skil á vistargjaldinu, en gæti síðan krafið ⅔ hluta þess úr hendi Í. Málinu væri þessvegna ranglega gegn Í beint. Dómstólarnir taldir geta dæmt um réttarsambandið milli elliheimilisins og Í, enda væri dómur í því máli ekki til fyrirstöðu, að sveitarfélög þau, er í hlut áttu, gætu leitað úrlausnar framkvæmdarvaldsins samkvæmt 65. gr. laga nr. 43 frá 1927 um lögskipti sín útaf gamalmennunum 382

Efnarannsóknarstofa ríkisins. Sjá mat og skoðun.

Efndabætur. Sjá vinnusamningar.

Eftirgrennslan brota. Sbr. botnvörpuveiðabrot, mat og skoðun, opinber mál, sönnun, vitni.

Dulmálsskeyti, sem voru í fórum Landssímans, rannsökuð vegna ætlaðra brota á botnvörpuveiðalöggjöfinni 25, 30, 106, 364, 643

Húsleit gerð eftir ólöglega tilbúnu áfengi .. 11, 637, 646

Leit gerð í togara eftir dulmálslyklum að loftskeytum til togara 30, 106

Maður úr barnaverndarnefnd tekur skýrslu af 9 ára telpu, sem haldin var kynsjúkdómi, um mök hennar við karlmenn 33

Trúnaðarmenn lögreglunnar hlusta, að fengnum dómsúrskurði, á símasamtöl við bifreiðastöð, með því að lögreglan hafði fengið rökstuddan grun um, að áfengi væri selt frá stöðinni 132

Lýst atferli og vegsummerkjum á togara, sem varðbátsmenn þeir, er í hlut áttu, töldu að hefði verið að veiðum í landhelgi, en höggvið af sér botnvörpuna, er varðbáturinn nálgaðist 411

Tollgæzlumenn leita í skipi, er frá útlöndum kemur, að ólöglegu áfengi og öðrum smyglvarningi .. 437

Lögreglan rannsakar vegsummerki á stað, þar sem bílslys varð 667

Eiður.

Fundið að því í máli ákæruvaldsins á hendur tveimur mönnum fyrir sölu áfengis, að vitni höfðu ekki verið látin staðfesta skýrslu sína með eiði 132

Í máli A og B krafðist B þess, að úrslit málsins væru látin velta á eiði þriðja manns um sakaratriðið. Fyrir þetta var loku skotið, þegar af þeirri ástæðu, að greindur maður hafði áður unnið eið að sakaratriðinu sem vitni í málinu 162

Úrslit barnsfaðernismáls látin velta á sönnunareiði barnsmóður 193, 221, 314, 416

Barnsmóður dæmdur sönnunareiður að því, að hún hefði á einni tiltekinni nóttu haft holdlegar samfarir við mann þann, sem hún eignaði barnið, en við þá nótt eina var miðað, sökum þess að konan hafði ekki haldið því fram, að hún hefði haft samfarir við manninn á öðrum tíma 416

Í máli ákæruvaldsins gegn tveimur manneskjum fyrir sölu áfengis var fundið að því, að héraðsdómarinn hefði ekki látið forstöðumann áfengisverzlunar ríksins staðfesta vitnaframburð sinn um áfengiskaup annars hinna kærðu, enda þótt framburðinum væri í sumum greinum mótmælt. Ennfremur var það athugað, að nokkur vitni í málinu höfðu ekki verið látin staðfesta skýrslur sínar fyrr en eftir að héraðsdómurinn var genginn í málinu 325

Samkvæmt héraðsdómi áttu úrslit einkamáls að velta á synjunareiði annars aðiljans (A), og var framkvæmdarfrestur dómsins ákveðinn 3 sólarhringar frá birtingu hans. A, sem ekki vann eiðinn innan nefnds frests, áfrýjaði dóminum og krafðist nýs hæfilegs eiðsfrests, þar eð eiðsfrestur héraðsdómsins hefið verið óhæfilega stuttur, og þess vegna liðið áður en ráðstafanir hefðu orðið gerðar til úttöku eiðsstefnu. Eiðsstefnan hefði að vísu verið tekin út, en eiðvinningin sætt andmælum gagnaðiljans. Í hæstarétti voru kröfur A teknar til greina og eiðsfresturinn ákveðinn 14 dagar frá birtingu hæstaréttardómsins 454

Eignarnám. Sjá eignarréttur.

Eignarréttur.

Þrír dómkvaddir yfirmatsmenn áttu að ákveða endurgjald fyrir lóð, sem tekin hafði verið eignarnámi vegna götugerðar í kaupstaðnum Í. Einn yfirmatsmannanna skarst úr leik, áður yfirmatið væri til lykta leitt. Mat hinna tveggja yfirmatsmannanna ekki talið fullnægja ákvæðum 6. gr. laga nr. 61 frá 1917 og undirmatið þessvegna lagt til grundvallar námsbótunum 39

A hafði fengið á leigu byggingarlóð í kaupstaðnum N, og skyldi honum vera heimilt að framselja réttindi sín eftir lóðarleigusamningnum. Hafði hann byggt hús á lóðinni og fengið efnið að töluverðu leyti hjá B. Útaf þessum viðskiptum höfðu aðiljar gert samning með sér, þar sem B lofaði að selja A húsið fyrir tiltekið kaupverð. A fór síðan um margra ára skeið með húsið sem sína eign, en greiddi B ekki nema að litlu leyti verð efnis þess, sem hann hafði lagt fram til byggingar þess. B fór loks í mál við A og krafðist, að eignarréttur sinn að húsinu yrði viðurkenndur. Ennfremur gerði hann þá kröfu á hendur bankaútibúi, sem gerðist sakmiðill í málinu, að veðréttur, er A hafði veitt því í húsinu, yrði úr gildi felldur. Héraðsdómarinn tók allar kröfur B til greina. A áfrýjaði málinu. Taldi hæstiréttur, að hann væri eigandi hússins, og var greindur samningur aðiljanna skýrður þannig, að tilætlun þeirra hefði verið, að B fengi hlutbundna tryggingu í húsinu fyrir fjármunum þeim, sem hann hafði lagt fram til gerðar þess. Úrslitum héraðsdómsins um veðrétt bankaútibúsins varð hinsvegar ekki haggað, með því að það hafði ekki áfrýjað málinu af sinni hálfu 44

A seldi B húsgögn nokkur með áskildum eignarétti, unz þau væru að fullu greidd, og skyldi B hafa þau í vátryggingu gegn eldsvoða. Eftir að húsgögnin voru brunnin, framseldi B C réttinn til brunabóta þeirra á hendur vátryggingarfélaginu.

Síðar framseldi B réttinn til brunabótanna í hendur A. C talinn ganga fyrir A til brunabótanna, þar eð ekki var talið, að A hefði vegna eignarréttarfyrirvarans og skyldu B til að halda húsgögnunum vátryggðum öðlast neinn forgangsrétt til brunabóta þeirra 200

Eftir að B hafði keypt lóð við götu eina í bænum R, var gerður nýr skipulagsuppdráttur af því svæði bæjarins, þar sem lóðin var. Skyldi samkvæmt uppdrættinum nokkur hluti af lóðinni koma undir fyrirhugaða götu og torg. Skipulagsuppdráttur þessi hafði að vísu ekki fengið staðfestingu ráðherra, en telja þótti mega víst, að skipulagning sú, er hann hafði að geyma, yrði úrslitaskipulagning. Ágreiningslaust var, að ekki væri viðlit að byggja á lóð A eins og komið var. Hinsvegar töldu sveitarstjórnarvöldin með skírskotum til 28. gr. laga nr. 55 frá 1921, að þeim væri óskylt að bæta A lóðina fé, fyrr en hún væri í verki og framkvæmd tekin undir götuna og torgið. Sagt, að eignarnám lóðarinnar væri gagnvart A raunverulega framkvæmt, þegar honum var varnað að byggja á henni, og að hann ætti þessvegna samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar heimtingu að fá þegar fullar bætur fyrir eignarskerðinguna, án tillits til þess, hvern skilning bæri að leggja í ákvæði 28. gr. laga nr. 55 frá 1921 492

Eignaupptaka. Sjá refsingar.

Einfalt fangelsi. Sjá refsingar.

Einkasölur. Sjá Síldareinkasala Íslands.

Eitur.

A og B framleiddu ilmvötn og hárvötn, sem í var 87% methylalkohol, sem er eitrað. Voru ilm- og hárvötn þessi í varúðarskyni höfð á dropaglösum. Varð að hvolfa glösunum og hrista þau til að ná úr þeim vökvanum. Blasti þá við botn glasanna, en á hann var letrað: „Lífshættulegt,

ef drukkið er". Voru ilm- og hárvötn þessi seld yfir tvö ár, án þess að vitað væri, að mein hefði af hlotizt, enda ekki hreyft athugasemdum við þessari sölu, fyrr en maður hafði lagt ilm- og hárvötnin sér til munns og hlotið af fjörtjón. Samkvæmt þessu þótti ekki sannað, að notkun þeirra væri skaðsöm, ef með þau væri farið á tilætlaðan hátt. Voru þessvegna A og B og ennfremur C og D, er haft höfðu ilm- og hárvötnin til sölu í búð sinni, sýknaðir af ákæru fyrir brot gegn 292. gr. hegningarlaganna 497

Embættismenn og sýslunar. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun.

A, sem hafði verið bifreiðaeftirlitsmaður ríkisins um nokkurra ára skeið, en var látinn af því starfi, höfðaði mál gegn ríkissjóði til greiðslu fjárhæðar, sem hann taldi að sér hefði verið vangoldin í kaup fyrir starfann. Þessi krafa hans ekki talin verða samþýdd háttsemi hans í sambandi við launagreiðslur, meðan hann hafði starfann á hendi. Hinsvegar var talið, að honum hefði borið uppsagnarfrestur, þegar hann lét af starfanum, með því að hann hafði haft hann á hendi um skeið, eftir að umsaminn starfstími hans var á enda. Var sex mánaða uppsagnarfrestur talinn hæfilegur og honum dæmdar bætur í samræmi við það 51

Lyfsali nokkur var sóttur til refsingar m. a. eftir 13. kap. hegningarlaganna fyrir ætlað misferli í starfi sínu. Talið, að athafnir þær, er honum voru að sök gefnar, væru ekki löglausar, og var þessvegna ekki úr því skorið, hvort telja bæri hann opinberan sýslunarmann 150

A, sem naut fátækrastyrks í Rvík, kom inn í skrifstofu eins fátækrafulltrúans ásamt formanni í Félagi styrkþega í Rvík. Vildu þeir fá að tala við fulltrúann um mál Félags styrkþega í Rvík. En fátækrafulltrúinn tjáði þeim, að hann mundi einungis tala við annan þeirra í einu og þá einungis um málefni sjálfra þeirra, en ekki um mál-

efni annarra styrkþega. Kveðst fulltrúinn í því efni hafa farið að fyrirmælum bæjarstjórnar. Brást A þannig við þessu, að hann varnaði fulltrúanum útgöngu úr skrifstofunni, og varð fulltrúinn að kalla á hjálp. Viðurkenndi A, að hafa ætlað að knýja fram viðtal við fulltrúann og koma fram málefni því, er hann og félagi hans höfðu á höndum. A var refsað samkvæmt 101. gr. hegningarlaganna, og þóttu ákvæði 103. gr. hegningarlaganna ekki geta komið til greina í málinu 261

Bifreiðarstjóri leitaðist við að ljósta lögregluþjón, sem ætlaði að taka hann fastan fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, hnefahögg í andlitið. Þetta talin ein þeirra athafna, sem greinir í 99. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga, og var bifreiðarstjóranum refsað eftir 101. gr. sömu laga 264

Hreppsnefndarmenn höfðu tekið á kjörskrá til alþingiskosninga tvo menn, sem dæmdir höfðu verið til refsingar fyrir að breyta nöfnum á atkvæðaseðlum við alþingiskosningar. Ákæruvaldið sótti hreppsnefndarmennina til refsingar fyrir þetta eftir 13. kap. hegningarlaganna og lögum um alþingiskosningar, en þeir voru sýknaðir, með því að varhugavert þótti að fullyrða, að ákvörðun þeirra um töku hinna dómfelldu manna á kjörskrá hefði verið framkvæmd gegn betri vitund eða vegna slíkrar vanrækslu, að varða ætti refsiábyrgð 273

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 40 frá 1929 sagði ráðherra sýslumanni einum (S) á árinu 1930 upp póstafgreiðslustarfsemi, sem hann hafði haft á höndum um allmörg ár. S höfðaði mál á hendur ríkissjóði til skaðabóta á árinu 1935 og bar fyrir sig, að lán, sem honum höfðu verið veitt til húsbyggingar 1921 að fyrirlagi alþingis, hefðu verið við það miðuð, að hann héldi áfram póstafgreiðslunni og öðlaðist þann veg aðstöðu til að standa straum af láninu. Hvorki alþingi né ríkisstjórn talin hafa bundið ríkinu skyldu til að hafa S í

þjónustu sinni sem póstafgreiðslumann lengur en lög stóðu til á hverjum tíma, og kröfur S því ekki til greina teknar. Ríkissjóður ennfremur sýknaður af kröfu S um kaup á embættisbústað hans. Skylda til kaupanna ekki talin hafa stofnazt, þótt ríkisstjórn hefði á fjárlögum verið veitt til þeirra heimild, sem ekki hafði verið notuð. Það þótti heldur ekki skapa ríkissjóði slíka skyldu, þótt S hefði verið leyft um tíma að halda eftir hjá sér nokkru af tekjum sýslunnar 1932—1933 308

Embættistakmörk yfirvalda.

Það talið bera undir dómsmálaráðuneytið að meta til fullnaðar ástæður til framlengingar málshöfðunarfresti í barnsfaðernismálum samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921 37

Þrír dómkvaddir yfirmatsmenn áttu að ákveða endurgjald fyrir lóð, sem tekin hafði verið eignarnámi vegna götugerðar. Einn yfirmatsmanna skarst undan störfum, áður matið væri til lykta leitt. Mat hinna tveggja ekki talið fullnægja ákvæðum 6. gr. laga nr. 61 frá 1917 og undirmatið þessvegna lagt til grundvallar bótunum 39

Elliheimili í sveitinni R sótti sveitarfélagið Í til greiðslu vistargjalds tveggja gamalmenna, sem voru á ellheimilinu á vegum Í. Dómur í máli elliheimilisins og Í talinn á engan hátt standa því í vegi, að framkvæmdarvaldið úrskurðaði samkvæmt 65. gr. laga nr. 43 frá 1927 um samband R og Í útaf gamalmennunum 382

A, sem dæmdur hafði verið í héraði til refsivistar fyrir brennu, var látinn fara að taka út hegninguna, áður dómsmálaráðuneytið fengi færi á á því að segja til um, hvort dómurinn skyldi framkvæmdur eða honum skyldi áfrýjað. Þegar ráðuneytið frétti málavexti, sleppti það A úr refsivistinni og áfrýjaði dóminum. Með því að ákvörðunin um framkvæmd refsingarinnar var tekin af manni, sem ekki var bær til þess að lögum, þótti heimilt að dæma málið í hæstarétti

að efni til, enda þótt A hefði sætt refsingunni að nokkru leyti, sbr. 15. gr. tsk. 24. jan. 1838 484

Embættisvottorð.

Héraðslæknir gefur vottorð um andlega heilsu manns, sem hafður var fyrir sökum 17, 233
Geðveikralæknir gefur álit um andlega heilsu manns, sem hafður var fyrir sökum 17
Héraðslæknir lætur uppi álit sitt um möguleika þess, að maður, sem haft hafði holdleg mök við 9 ára telpu, hefði smitað hana af kynsjúkdómi .. 33
Yfirlæknir við Landsspítalann gefur vottorð um afskipti hjóna, sem ákærð voru fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 47 frá 1932, af sjúklingi, sem haldinn var berklaveiki 336
Fyrrverandi sýslumaður gefur vottorð til afnota í máli um embættisathöfn sína 243
Landlæknir og héraðslæknir láta í té álit til afnota í barnsfaðernismáli um meðgöngutíma konu .. 416

Endurgreiðsla.

Krafa um endurgreiðslu oftekinna vaxta, sem greiddir höfðu verið, meðan tsk. 27. maí 1859 og lög nr. 10 frá 1890 gengu, hvorki talin verða byggð á greindum lagaboðum, né heldur fram komnar slíkar ástæður, sem veittu rétt til endurgreiðslunnar eftir öðrum réttarreglum 91
Þann 15. des. 1934 var A tilkynnt, að 2. jan. 1935 féllu í gjalddaga húsaskattur og vatnsskattur af tilgreindu húsi hans í Rvík og að gjöld þessi yrðu tekin lögtaki, ef þau gyldust þá ekki. A innti greiðsluna af hendi þann 1. febr. 1935, en þann 17. apríl s. á. brann húsið. Krafði A nú bæjarsjóð Rvíkur um endurgreiðslu $^{5}/_{12}$ hluta gjaldanna og miðaði þannig endurgreiðslukröfuna við 1. maí 1935. Að því athuguðu, *að* húsagjaldið féll í gjalddaga 2. janúar, *að* það var miðað við verðmæti hússins við það tímamark og var skattgjald, er greiðast átti eftir ákveðnum skattstiga, þá brast heimild til að þiggja A undan greiðslu þess. Samkvæmt lögum nr. 84

frá 1907 og reglugerð nr. 65 frá 1915 féll helmingur vatnsskattsins í gjalddaga 1. apríl og hinn helmingurinn 1. október. Með því að fyrri helmingurinn var fallinn í gjalddaga fyrir þann tíma, er húsið brann, þótti bresta heimild til að láta A fá hann endurgreiddan. En sá hluti vatnsskattsins, sem fallið hafði í gjalddaga 1. okt., ef húsið hefði þá staðið, þótti eiga að endurgreiðast A 171

Endurskoðun. Endurskoðendur.

Kröfur vegna kostnaðar við endurskoðun á bókhaldi þrotamanns vegna og í þarfir opinberrar rannsóknar á hendur honum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 frá 1929 taldar eiga að skipa sæti í skuldaröð þrotabúa meðal almennra forréttindalausra krafna samkvæmt 85. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878 549

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 9 frá 1926 um löggilta endurskoðendur lét héraðsdómari einn ólöggiltan endurskoðanda framkvæma rannsókn á bókhaldi hlutafélags, sem orðið var gjaldþrota. Í sakamáli gegn stjórnendum hlutafélagsins útaf misferli í sambandi við gjaldþrotið var ekki byggt á niðurstöðum endurskoðandans, sem mótmælt var af sökunautum 597

Endurupptaka.

Héraðsdómari þótti ranglega hafa neitað um frest í einkamáli til að fá staðfest vottorð, sem andmælum sættu, með því að ekki mátti fullyrða, að efni vottorðanna væri þýðingarlaust fyrir málið. Samkvæmt kröfu stefnda var þessvegna úrskurður héraðsdómarans um synjun frestsins svo og héraðsdómurinn ónýttur og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku frá því stigi, að frestinn hefði átt að veita 158

Héraðsdómari frávísaði máli vegna þess að það hefði ekki verið lagt til sátta fyrir sáttanefnd. Frávísunardómurinn var kærður til hæstaréttar, sem ómerkti hann og lagði fyrir héraðsdómarann að taka málið upp að nýju og leggja dóm á það 227

Í einkamáli einu, er A flutti, skilaði umboðsmaður gagnaðiljans (B) í dómþingi einu, sem A var sjálfur ekki staddur á, aftur skjölum málsins án þess að leggja fram sóknarskjal af sinni hendi og lagði málið í dóm. Þar sem svo stóð á, taldi maður sá, sem kom fram fyrir A á þinginu, ekki ástæðu til að mæta. Þegar A varð þessa vís, krafðist hann endurupptöku málsins og frests til vitnaleiðslu. Færði hann það til, að hann hefði daginn fyrir áminnzt dómþing fengið að sjá hjá B sóknarframhald, er B hefði látizt ætla að leggja fram, og hafi hann síðan í símtali við B tjáð, að hann óskaði frests í málinu. Var þessu ekki mótmælt af B. Sagt, að hæstaréttarmálfærslumenn í Rvík láti oft menn, ókunna málum, mæta fyrir sig í dómþingum, þegar fyrir fram sé vitað, að ekki verði annað gert en taka og veita fresti, og þar sem A hafi, eins og á stóð, mátt gera ráð fyrir því, að á þingi þessu yrði af sinni hendi ekki annarra aðgerða þörf en taka frest, þá þætti mega jafna fjarvist hans frá dómþinginu til forfalla og heimila af þeim sökum endurupptöku málsins 397

Fals. Sjá skjalafals.

Fangelsi. Sjá refsingar.

Fáráðlingsháttur. Sjá sakhæfi.

Fasteignagjald. Sjá endurgreiðsla.

Fasteignamál. Sjá eignarréttur, fasteignir, landamerki, umferðarkvaðir, veiðiréttindi, vettvangsmál.

Fasteignir.

Með samþykki sýslumanns þess, er í hlut átti, leigði ábúandi þjóðjarðar (A) manni nokkrum einnar dagsláttu land undir sumarbústað úr landi þjóðjarðarinnar, og skyldi sá leigumáli standa, meðan A sæti þjóðjörðina. B, sem fengið hafði fjárnám í sumarbústaðnum, auglýsti hann til uppboðs með mun styttri fresti en mælt er um fasteigna-

uppboð í lögum nr. 23 frá 1928. C, sem átti veðskuldabréf, tryggt í sumarbústaðnum, mætti á uppboðinu og mótmælti því, þar sem hér væri um fasteign að tefla. Fógeti hratt mótmælunum með úrskurði, er C áfrýjaði. Talið, að sýslumaður hefði samkvæmt lögum nr. 30 frá 1913 haft heimild til að staðfesta greindan leigumála og að sumarbústaðnum hefðu fylgt slík lóðarréttindi, að nauðungaruppboð á honum hefði átt að fara eftir lögum nr. 23 frá 1928. Var úrskurður fógeta þessvegna úr gildi felldur 243

Fátækrastyrkur. Sjá sveitarstjórn.

Félög, félagsskapur. Sbr. hlutafélög, samvinnufélög.

Menn, sem gerðu skip út til fiskjar í samlagi og sóttir voru til greiðslu veiðarfæra og annarra skipsnauðsynja, báru m. a. fyrir sig, að þeir ættu einungis að svara til kostnaðar við útgerðina pro rata eftir þriðja kapitula siglingalaganna. Þessari varnarástæðu var hrundið 421

Hlutafélag dæmt í málskostnað í héraði, með því að stjórn þess hafði sent umboðsmann á sáttafund án þess að sanna forföll. Málinu var ekki áfrýjað af hendi hlutafélagsins 288

Fiskveiðalög. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Fjárnám.

Fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar 1

A fékk dóm á hendur B til greiðslu víxilskuldar og lét gera fjárnám fyrir dómskuldinni. Með því að B gerði ráðstafanir til áfrýjunar, áfrýjaði A. Í hæstaréttarstefnunni krafðist hann staðfestingar á dóminum. Auk þess sagði í stefnunni, að fjárnáminu væri skotið til hæstaréttar, án þess að nánara væri tilgreint, í hvaða skyni það væri gert. Að því athuguðu, að A krafðist einnig staðfestingar á fjárnáminu í sókn sinni fyrir hæstarétti og B mátti vera það ljóst, að fjárnáminu

væri í þessu skyni einu áfrýjað, þá þótti mega dæma um það efnislega, hvort fjárnámið skyldi staðfest 69

Fyrir dómskuld sinni á hendur B og eftir ábendingu hans lét A gera fjánám í bifreið, sem keypt hafði verið af sveitarsjóði og afhent B sem fátækrastyrkur. Sveitarstjórnarvöldin áfrýjuðu fjárnámsgerðinni til ónýtingar. Talið, að óheimilt hefði verið samkvæmt niðurlagsákvæði 3. töluliðs 31. gr. aðfaralaganna nr. 19 frá 1887 að taka bílinn fjárnámi, og var fjárnámsgerðin felld úr gildi 169

A krafðist þann 13. ágúst 1936 fjárnáms í eignar- og íveruhúsi B samkvæmt veðskuldabréfi með aðfararheimild eftir 15. gr. laga nr. 29 frá 1885. Var B tilkynnt fjárnámið með lögmæltum fyrirvara. Eftir að aðiljar höfðu haft nokkra fresti, skyldi þing háð í málinu þann 13. okt. s. á., en A gleymdi þá fyrirtökustundinni. Var þá af hendi B bókað, að hann teldi gerðina niður fallna, en ekki bókaði fógeti horf sitt til þessa atriðis. Þann 15. s. m. ritaði A fógeta beiðni um að fjárnáminu yrði haldið áfram. Var B síðan tilkynnt með þriggja daga fyrirvara, að gerðinni yrði haldið áfram. Fyrir réttinum hafði B nú uppi þá vörn, að gerðin hefði fallið niður þann 13. október og væri þessvegna ekki um framhald hennar að tefla. Ný beiðni yrði að koma fram, ef málið ætti að koma til efnismeðferðar. Á þetta féllst fógetinn og neitaði um fjárnámið með úrskurði. A áfrýjaði úrskurðinum og krafðist þess, að lagt yrði fyrir fógetann að framkvæma fjárnámið. Talið var, að öll formleg skilyrði hefðu verið fyrir hendi til að taka fjárnámið til efnismeðferðar eftir fjárnámsbeiðninni frá 15. október, þar eð sú beiðni hefði verið skrifleg, sbr. 3. gr. laga nr. 19 frá 1887, hún hefði verið birt B með þeim fyrirvara, er 15. gr. laga nr. 29 frá 1885 áskilur, veðskuldabréfið hefði legið frammi í réttinum og sýnilegt, að A teldi það eitt máli skipta að fá fjárnámsgerð-

ina framkvæmda, enda gæti orðalag fjárnámsbeiðninnar gegn þessum atriðum engu máli skipt. Krafa A varð samt ekki tekin til greina eftir orðum sínum, með því að fyrir fógetaréttinum var einungis deilt um formhlið málsins, og hinn áfrýjaði úrskurður tók einungis til formhliðarinnar. Var þessvegna sú leið farin að fella úrskurðinn úr gildi og leggja fyrir fógetann að taka fjárnámsmálið til meðferðar að efni til, enda mátti telja þessa úrlausn málsins felast í áðurgreindri kröfu A sem hið minna í hinu meira 247

Fjárnám án undanfarins dóms gert samkvæmt 15. gr. laga nr. 29 frá 1885 og eftir heimild í skuldabréfi 370

Fjárnám ómerkt, með því að dómurinn, sem það byggðist á, var ómerktur í hæstarétti og málinu vísað frá héraðsdómi 651

Fjárræði. Sjá lögræði.

Fjársvik. Sjá gjaldþrotaskipti, sviksamlegt athæfi, vátryggingarsvik.

Fógetagerðir. Sjá fjárnám, lögtak.

Foreldrar og börn. Sjá barnsfaðernismál, meðlag, sveitarstjórn.

Forsendur. Sjá endurgreiðsla, kaup og sala, samningar, sönnun, vinnusamningar.

Fóstureyðing.

A, sem gaf sig við skottulækningum, játaði að hafa dregizt á það við barnsföður konunnar B að eyða fóstri hennar með ljósum. Gekk hún til hans um fimm vikna skeið. Lét hann rafmagnsljós skína á nakinn kvið hennar, stutta stund í fyrstu, en því lengur, því oftar sem hún kom. Ennfremur setti hann gler í leggöng hennar, og var glerið í sambandi við rafmagnsstraum. Hafði hann glerið inni 2—3 mínútur í fyrstu, en síðar mun lengur. B varð ekkert meint við

þessar aðgerðir, en héraðslæknir taldi samt, að af þeim hefði getað leitt fósturlát. Að svo vöxnu máli þótti verða að telja sannað, að A hefði gert tilraun til eyðingar á fóstri B, enda ekki hægt að taka þann framburð hans trúanlegan, að hann hefði gert þetta til að forða því að konan leitaði annarra lækna í þessum tilgangi. Hinsvegar þótti ekki sannað gegn eindreginni neitun A, að hann hefði, 7—8 mánuðum eftir að ofannefnd tilraun hafði reynzt árangurslaus, tekið að sér að eyða fóstri konunnar C, sem hafði leitað til hans í þessu skyni og gengið hafði undir ljósaaðgerðir hans, enda ekki fullyrðanda, að A hefði verið ljóst, að C væri barnshafandi 252

Framfæri. Sjá meðlag, sveitarstjórn.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 10. gr. laga nr. 51 frá 1928 með því að honum tókst ekki að gera grein fyrir því, af hverju hann hefði framfæri sitt 646

Framfærslulög. Sjá sveitarstjórn.

Frávísun.

a) Frá héraðsdómi.

Eignar- og íveruhús A var áfast við prentsmiðju B, og olli prentvél þar gný og hristingi í húsi A. A krafðist að fá úr þessu bætt eftir ákvörðun dómkvaddra manna og auk þess að honum yrði bætt fé óþægindi þau, er hann hafði þegar af þessu beðið. Til vara krafðist hann skaðabóta af B. Með því að allrar fræðslu var vant um það, hvaða aðgerðir væru framkvæmanlegar og nýtar til úrbóta annmörkunum, og með því ennfremur að varakrafan var miðuð við að sýknað yrði af aðalkröfunni, enda ekki vitað um verðrýrnun hússins af téðu óhagræði, þá þóttu kröfur A of ákveðnar og málsútlistun hans of ófullkomin til þess, að dómur yrði á málið lagður. Var héraðsdómurinn því ómerktur ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi 183

Iðgjaldakröfu í refsimáli á hendur tveimur mönnum fyrir þjófnað vísað frá undirrétti, með því að héraðsdómarinn hafði ekki látið þess getið í stefnu, að iðgjalda yrði krafizt, né heldur hafði hann borið þessa kröfu, svo séð yrði, undir hina ákærðu eða skýrt þeim frá, að hún væri fram komin 214

Elliheimili í sveitinni R, þar sem tvö gamalmenni dvöldust, er sveitföst voru í sveitinni Í, krafði Í um greiðslu vistargjalds fyrir þau bæði fyrir þann tíma, er þau höfðu dvalizt á elliheimilinu og ennfremur ákveðins mánaðargjalds, meðan þau dveldust þar framvegis. Kröfur um dóm fyrir fúlgu með gamalmennunum um ókomna tímann vísað frá héraðsdómi, þar eð hún varð að teljast of óákveðin til þess að dómur yrði á hana lagður 382

Máli útaf ágreiningi fiskiræktarfélags (V) við ána L og félagsskapar landeigenda (F) við ána U, sem rennur um sömu leirur og L til sjávar, um rétt F gagnvart V, vísað frá héraðsdómi, með því að kunnáttumenn í veiðimálum höfðu ekki látið í té álit um kröfur F, eins og þær voru skilgreindar í hæstarétti 402

Máli um bjarglaun vísað frá héraðsdómi, með því að stjórn vátryggingarfélags þess, er bæði skip það, er björgunina framkvæmdi, og skip það, er bjargað var, voru vátryggð hjá, átti úrskurð um bjarglaunin, er áfrýja mátti síðan til gerðardóms 651

Meðan á flutningi máls stóð, sem A og B áttust við út af verzlunarfélagsskap, krafðist A þess, að B afhenti sér ýmis skjöl, sem legið höfðu fyrir gerðardómi, er fjallað hafði um ágreining þeirra. Byggði A kröfu þessa m. a. á því, að hann væri eigandi eða sameigandi skjalanna. Héraðsdómarinn hratt kröfunni með úrskurði, er A kærði til hæstaréttar. Sagt í dómi hæstaréttar, að nefnt atriði varði hvorki sönnunaratriði eða önnur réttarfarsatriði dómsmáls aðiljanna og yrði þessvegna ekki dæmt í kærumálinu 659

b) frá hæstarétti.

Með því að úrskurði fógeta um framkvæmd lögtaks fyrir útsvari var áfrýjað, eftir að 8 vikna frestur sá, er getur í 11. gr. laga nr. 29 frá 1885, var liðinn og án þess að áfrýjunarleyfi væri áður fengið, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 440

Máli vísað ex officio frá hæstarétti, með því að stefnda, sem hvorki mætti né lét mæta, hafði ekki verið birt hæstaréttarstefnan 421

Áfrýjandi krafðist þess í hæstaréttarstefnu, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti yrði látinn niður falla. Varð þessvegna ekki lagður dómur á þær viðtækari málskostnaðarkröfur, sem hann gerði við flutning málsins fyrir hæstarétti 554

Frestir.

Eftir að A hafði fengið nokkra fresti í máli, sem B höfðaði á hendur honum til greiðslu efndabóta á samningi um sölu síldar, lagði A fram vottorð nokkurra erlendra manna um þýðingu veiðibrests um efndaskyldu seljanda á síldarsölusamningum. Krafðist A síðan frests til að fá vottorðin, sem umboðsmaður B andmælti, staðfest, en samkvæmt kröfu B neitaði héraðsdómarinn honum um frestinn með úrskurði og kvað síðan upp efnisdóm í málinu. Með því að ekki var sannað, að A hefði getað fengið vottorðin fyrr en raun varð á, og með því ennfremur að ekki varð fullyrt, að efni þeirra væri þýðingarlaust fyrir málið, þá felldi hæstiréttur að kröfu A úrskurðinn og héraðsdóminn úr gildi, vísaði málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og lagði fyrir dómarann að veita hæfilegan frest til vitnaleiðslunnar 158

Fyrirvari. Sjá aðgerðaleysisverkanir, viðskiptatilkynningar.

Fyrning refsikröfu.

A bruggaði ólöglegt áfengi í ársbyrjun 1932, en málshöfðun út af brotinu var tilkynnt honum af

héraðsdómara 26. sept. 1935. Sök hans talin fyrnd eftir analogíu 67. gr. hegningarlaganna .. 11
Bruggun, sem B var gefin að sök, var drýgð fyrir sumarmál 1933. Málshöfðun var honum tilkynnt þann 19. nóvember 1935. Sökin fyrnd samkvæmt analogíu 67. gr. hegningarlaganna 11
A ritaði meiðandi grein í blað eitt um B. B staðhæfði, að honum hefði ekki orðið kunnugt um grein þessa fyrr en 25. jan. 1934. Með því að ekki var sannað, að B hefði vitað fyrr um greinina en hann sjálfur fullyrti, var sýknukrafa A sökum fyrningar ekki tekin til greina 100

Gagnsakir. Sjá málasamsteypa.

Gáleysi.

Drengur, 4 ára að aldri, varð fyrir vagni, sem tengdur var aftan í bifreið og reykháfur var fluttur á. Beið drengurinn bana. Maður, sem tekizt hafði á hendur að hafa gætur á vagninum, dæmdur fyrir manndráp af gáleysi 6
Maður dæmdur til refsingar eftir 286. gr. hegningar laganna fyrir íkveikju í húsi af gáleysi 17
Maður sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi 144
Eigandi bifreiðar dæmdur til greiðslu fébóta fyrir örkuml, er hlutust af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans 303
Opið á benzíngeymi bíls var inni í honum. Kviknaði í bílnum með þeim hætti, að bílstjórinn brá lukt inn í hann, meðan verið var að láta benzín á hann. Þessi athöfn ekki talin hafa orðið af stórkostlegu gáleysi, með því að ekki varð ætlað, að almenningur gerði sér grein fyrir eldfimihættu þeirri, er tjónið varð af, og með því að ekki voru fram komnar sannanir fyrir því, að bifreiðastjórum væri veitt fræðsla um þessa eldfimihættu, né að bílstjóri sá, er í hlut átti, hefði haft þekkingu á henni fyrr en slysið varð .. 479
Bifreiðarstjóri dæmdur til greiðslu fébóta vegna líkamsmeiðsla, er hlutust af ógætilegum akstri hans 667

Gerðardómur.

Máli um bjarglaun vísað frá héraðsdómi, þar eð stjórn vátryggingarfélags þess, sem hafði í tryggingu bæði skip það, er björgunina framkvæmdi, og skip það, er bjargað var, átti samkvæmt félagslögunum úrskurð um bjarglaunin, er skjóta mátti síðan til gerðardóms 651

Gestaréttur.

Með því að samningsákvæði um gestarétt eftir eldri lögum hafði að geyma undanþágu frá að leggja mál til sátta fyrir sáttarmenn og skyldu fyrir héraðsdómara að leita um sættir í því og að því athuguðu, að eftir 81. gr. laga nr. 85 frá 1936 er heimilt að semja um meðferð máls í hvaða lögsagnarumdæmi sem er og í hvaða þinghá sem er, og að aðiljum er heimilt samkvæmt 5. gr. 3. mgr. 11. tl. sömu laga að koma sér fyrir fram skriflega saman um að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja mál með þeim hætti undir sáttaumleitan dómara, þá var mál löglega sótt fyrir bæjarþingi í kaupstað á hendur manni, sem búsettur var í öðru lögsagnarumdæmi, samkvæmt gestaréttarákvæði í samningi, gerðum fyrir gildistöku laga nr. 85 frá 1936, og gat afnám gestaréttarmeðferðar samkvæmt 224. gr. sömu laga ekki breytt í þessu sambandi öðru en því, að málið var rekið fyrir bæjarþingi í stað gestaréttar áður. Héraðsdómur í nefndu máli, sem vísaði því frá, sökum þess að það hafði eigi verið lagt fyrir sáttanefnd til sátta, var þessvegna ómerktur og var lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið upp að nýju og leggja dóm á það að efni til 227

Gjafsókn, gjafvörn.

Gjafsóknarmál eða gjafvarnar 72, 86, 348, 382

Málskostnaður í gjafsóknarmáli eða gjafvarnar látinn niður falla, en þóknun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa eða gjafvarnarhafa dæmd úr ríkissjóði 72, 348

Gjalddagi.

Útsvör, sem lögð höfðu verið á A árið 1935 og 1936, voru heimt inn með einu og sömu lögtaksgerðinni. Útsvarið 1936 virtist ekki hafa verið gjaldkræft, þegar lögtaksgerðin hófst, en með því að A hreyfði ekki andmælum á þeim grundvelli, þótti hægt að láta ganga dóm um útsvar beggja áranna 86

Samkvæmt skipulagsuppdrætti átti að taka lóð A undir götu og torg. Krafa hans til fébóta fyrir lát lóðarinnar talin gjaldkræf, þegar er honum var meinuð notkun lóðarinnar til húsgerðar af greindum ástæðum án tillits til þess, hvenær lóðin í verki og framkvæmd yrði tekin undir götu og torg 492

Af hendi hreppsfélags, sem sótt var til greiðslu eftirstöðva skuldabréfs, var það borið fyrir, að eftirstöðvar lánsins hefðu ekki verið gjaldkræfar, þegar málið var höfðað. Þessi varnarástæða ekki talin á rökum byggð m. a. af því, að í héraðsstefnunni var lýst yfir því, að láninu hefði verið sagt upp, og var því ekki andmælt í héraði 541

Gjaldþrotaskipti.

Með því að ekki er kveðið á um, hvar í skuldaröð skuli skipa kröfu til launa fyrir rannsókn á bókhaldi þrotamanns samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 25 frá 1929, með því að niðurlagsákvæði sömu málsgreinar, að endurskoðun skuli fara fram á kostnað búsins, geymir algert undantekningarákvæði frá þeirri meginreglu íslenzks réttar, að ríkissjóður kosti rannsókn opinberra mála, án þess að sá, er fyrir broti verður, eða aðrir ósakfelldir einstaklingar þurfi að kosta þar nokkru til, og loks með því að þessvegna er ástæða til að gera verkanir lagaákvæða þessa sem ótilfinnanlegastar að unnt er öðrum lánardrottnum þrotabúa, þá þótti verða að skýra lagaákvæðið þannig, að kröfur samkvæmt því skuli skipa sæti í skuldaröð þrotabúa meðal al-

mennra, forréttindalausra krafna samkvæmt 85. gr. skiptalaganna 549

A, B og C skipuðu stjórn hlutafélags (H), sem fékkst við fiskþurrkun og fiskaðgerð og keypti í því skyni fisk óverkaðan og seldi hann aftur verkaðan. H var úrskurðað gjaldþrota þann 19. jan. 1933. Talið, að nefndir stjórnendur hefðu í byrjun okt. 1931 hlotið að sjá, að gjaldþrot H var yfirvofandi. Það þótti víst, að þeir hefðu þá þekkt efnahagsreikning H fyrir árið 1930, sem sýndi miklar skuldir um fram eignir. Ennfremur var í okt. 1931 skollið á verðhrun á fiski og söluhorfur hans mjög slæmar, en H átti fiskbirgðir miklar, er keyptar höfðu verið fyrri hluta þess árs. Að fenginni samþykkt hluthafafundar gáfu þeir A og B þann 4. okt. 1931 út veðskuldabréf fyrir 30000 krónum, tryggt í fiskþurrkunarhúsi H næst á eftir 15000 krónum, til firma eins, sem A var eigandi að, en fjárhæð þessa hafði firmað áður lánað H. Fyrir þennan verknað var A refsað eftir analogíu 262. gr. hegningarlaganna og B eftir 263. gr. sömu laga. Þann 5. des. s. á. veðsettu allir hinir ákærðu (A, B og C) útibúi Útvegsbankans nefnt fiskþurrkunarhús með þriðja veðrétti fyrir 29000 króna skuld, er áður hafði verið stofnuð. Var veðsetningin samþykkt á hluthafafundi 21. s. m. Þessi athöfn talin varða alla hina ákærðu við 263. gr. hegningarlaganna. Ennfremur var öllum hinum ákærðu refsað fyrir að afla þann 21. s. m. samþykkis hluthafafundar fyrir veðsetningu á húseign H til eins lánardrottins fyrir 10000 króna skuld, en veðsetningu þessa höfðu hinir ákærðu framkvæmt hinn 10. febr. s. á. Með því að stjórnendur H voru ekki bærir til að veðsetja eignir félagsins án leyfis hluthafafundar, varð að miða upphafstíma téðrar veðsetningar við 21. des. Þá höfðu og hinir ákærðu þann 21. des. 1931 aflað samþykkis hluthafafundar fyrir veðsetningu á fiskþurrkunarhúsi H, sem framkvæmd hafði verið 1929, án þess að þá hefði verið gætt þeirra skilyrða,

er samþykktir H áskildu um slíkan löggerning. Hinir ákærðu voru ekki dómfelldir fyrir þetta, með því að rannsóknin hafði ekkert að þessari veðsetningu beinzt og þeir höfðu ekkert verið um hana spurðir. Ákærðu A og B voru dæmdir til refsingar eftir 263. gr. hegningarlaganna fyrir að veðsetja þann 19. marz 1932 veðskuldabréf H, tryggt í húseign, fyrir vinnukröfum, sem þá voru yfir eins árs gamlar og þessvegna ekki lengur forgangskröfur eftir 83. gr. skiptalaganna. A handveðsetti 20. marz 1932 útibúi Útvegsbankans áðurnefnt 30000 króna veðskuldabréf gegn því að útibúið tók að sér greiðslu skuldar einnar fyrir H. Með þessu þótti A hafa stýrt í hættu möguleika þrotabús H að heimta aftur frá A 30000 króna skuldabréfið, sbr. 28. gr. laga nr. 25 frá 1929. Var A þessvegna refsað fyrir þetta samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna. Þann 17. sept. 1932 framseldi A útibúi Útvegsbankans oftnefnt 30000 króna veðskuldabréf. Kvað hann framsalið hafa verið þeirri forsendu bundið, að H yrði rétt við fjárhagslega og kæmist að samkomulagi við lánardrottna sína. Með því að þessi framburður A hafði stoð í atvikum málsins, var ekki talið, að hann hefði gerzt brotlegur við lög með téðu framsali. Hinum ákærðu var hinsvegar ekki talið til saka, *að* þeir höfðu greitt vinnukröfur, sem forgangsréttar nutu, *að* þeir greiddu lögfræðingi kr. 500,00 1932 fyrir lögfræðilega aðstoð, er hann þá veitti, og *að* þeir veittu atbeina til greiðslu fjárhæðar til Útvegsbankans 1932 gegn því skilyrði, að féð yrði endurgreitt, ef samkomulag næðist ekki við lánardrottnana um viðréttingu H. Ennfremur var ekki talið, að sakfella ætti hina ákærðu fyrir drátt á því að framselja bú H til gjaldþrotaskipta, með því að dráttúrinn stafaði að langmestu leyti af því, að beðið var eftir svari frá Útvegsbanka Íslands við beiðni H um fjárhagslega aðstoð 597

Greiðsla.

Menn nokkrir gerðu sameiginlega út skip, er þeir höfðu á leigu tekið, til fiskjar utan heimilis þess, og voru ýmsar nauðsynjar til skipsins teknar út í verzlun á útgerðarstaðnum. Auk þess tóku nokkrir útgerðarfélagarnir út í reikning samlagsútgerðarinnar í sömu verzlun einka-nauðsynjar, aðallega sjófatnað, er taldar skyldu þeim til gjalda, er útgerðarfélagar gerðu reikninga sín á milli. Talið, að af hendi verzlunarinnar hefði verið heimilt að láta fjárhæðir þær, sem greiddust inn á reikning félagsskaparins, ganga fyrst til lúkningar einkaúttektum félagsmanna, sem fjarri fór um, að væru tryggðar með sjóveði í skipinu 421

Gæzluvarðhald.

A var dæmdur til þriggja mánaða refsivistar fyrir brot gegn 2. mgr. 194. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna, 15. gr. 2. tl. laga nr. 47 frá 1932 sbr. 18. gr. sömu laga, og var refsingin ákveðin með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna, en með því að honum hafði verið haldið í gæzluvarðhaldi í 144 daga og hafður þann tíma í gæzlu á geðveikrahælinu á Kleppi, að vísu nokkurn hluta tímans til nauðsynlegrar rannsóknar, en ekki sökum þess að háttsemi hans gæfi efni til svo langvinns gæzluvarðhalds, þá var ákveðið samkvæmt 59.gr. hegningarlaganna, að gæzluvarðhald ákærða kæmi í stað refsingar þeirrar, sem hann hafði unnið til 252

Refsing á hendur manni, sem dæmdur var fyrir ólöglega áfengissölu, ákveðin 400 króna sekt með hliðsjón af því, að hann hafði setið 5 daga í gæzluvarðhaldi og samkvæmt analogiu 59. gr. almennra hegningarlaga 325

Í málum, er fleiri en einn var sekur dæmdur, var sá, sem í gæzluvarðhaldi sat, einn dæmdur til að bera kostnað af því 214, 325, 484

Haldsréttur.

A, sem taldi til skuldar á hendur Síldareinkasölu Íslands (E) fyrir verkun síldar o. fl., en hafði nokkra fémuni E í varðveizlu sinni, lét þess kost að láta þá af hendi gegn því, að honum væri greidd tiltekin fjárhæð, er hann taldi sig eiga hjá E fyrir geymslu á munum hennar. A var með þessu talinn hafa firrt sig haldsrétti í nefndum fémunum fyrir öðrum kröfum, sem hann kynni að eiga á hendur E 117

Heilbrigðismál. Sjá læknar, lækningar, sóttvarnir.

Heimilisfang.

Hlutafélag, sem starfað hafði hér á landi um margra ára skeið, aðallega með norskt fjármagn, átti fasteignir í Árnessýslu og við Skerjafjörð. Starfsemi þess beindist aðallega að því að koma fasteignunum í reiðu fé. Samkvæmt samþykktum þess var heimili þess og varnarþing hér á landi og á árunum 1917—1934 var Reykjavík talin heimili þess í samþykktum þess. Hér á landi var meiri hluti stjórnar þess búsettur, og meiri hluti hinna innlendu fyrirsvarsmanna þess var búsettur í Reykjavík, en skrásett hafði félagið ekki verið samkvæmt 59. gr. laga nr. 77 frá 1921. Á hluthafafundi í Osló 1934 var ákveðið að flytja heimilisfang félagsins austur í Árnessýslu, og var sú ályktun tilkynnt lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumanninum í Árnessýslu, en ekki var félagið skrásett í Árnessýslu, svo sem mælt er í 14. gr. laga nr. 77 frá 1921. Félagið eftir sem áður talið heimilisfast í Reykjavík 78

Heimvísun.

Í einkamáli neitaði héraðsdómarinn öðrum aðiljanum með úrskurði um frest til að fá staðfest vottorð, sem hann hafði lagt fram og andmælum sættu af hendi hins aðiljans. Kvað héraðsdómarinn síðan upp dóm í málinu. Með því að ekki mátti fullyrða, að efni vottorðanna væri þýðing-

arlaust fyrir málið, og þeirri staðhæfingu aðiljans var ekki hnekkt, að hann hefði ekki getað aflað vottorðanna fyrr, þá var úrskurður héraðsdómarans um synjun frestsins ónýttur svo og héraðsdómurinn og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku frá því stigi, að frestinn hefði átt að veita, og lagt fyrir héraðsdómara að veita frest til vitnaleiðslu í málinu 158

Eftir að lög nr. 85 frá 1936 komu til framkvæmda var mál sótt, án þess að hafa verið lagt til sátta fyrir sáttanefnd, fyrir bæjarþinginu í kaupstaðnum A á hendur manni, búsettum í kaupstaðnum S, samkvæmt gestaréttarákvæði í samningi um leigu á bát, gerðum fyrir gildistöku greindra laga. Þetta talið heimilt, með því að gestaréttarákvæði hefði að eldri lögum haft að geyma undanþágu frá því að leggja mál fyrir sáttamenn og skyldu á hendur dómara til að leita sátta, og með því ennfremur að semja megi samkvæmt 81. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð máls í hvaða lögsagnarumdæmi og þinghá sem er, enda mönnum heimilt eftir 11. tl. 3. mgr. 5. gr. að koma sér fyrirfram skriflega saman um að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja mál með þeim hætti undir sáttaumleitan dómara. Frávísunardómur héraðsréttarins, sem byggður var á því, að málið hefði ekki verið lagt til aðgerðar sáttanefndar, var þessvegna ómerktur, og var lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til meðferðar að nýju og leggja dóm á það að efni til 227

Hylming.

Maður dæmdur eftir 240. gr. almennra hegningarlaga 214

Hjónaband.

A játaði að hafa beitt konu sína ýmsum harðræðum, slegið hana oft og jafnvel einu sinni bundið hana á höndum og fótum, en færði sér til afbötunar framkomu og hátterni konunnar á heimilinu. A var dæmdur til refsingar eftir 204. gr. sbr. 63. gr. hegningarlaganna, en við ákvörð-

un refsingarinnar var lögð til grundvallar skýrsla hans bæði um breytni hans gagnvart konunni, óhægindin á hjónabandssambúð þeirra og hverjar málsbætur hann hefði haft í þeim óhægindum, enda var ekki öðrum sönnunargögnum en frásögn þeirra hjóna til að dreifa um brot A 285

Hlutafélög.

Hlutafélag nokkurt hafði um margra ára skeið starfað hér á landi, aðallega með norskt fjármagn án þess þó að það væri skrásett hér á landi samkv. 59. gr. laga nr. 77 frá 1921. Meiri hluti stjórnar þess var heimilisfastur á Íslandi og flestir innlendir fyrirsvarsmenn þess búsettir í Reykjavík, enda var starfsemi þess þaðan rekin og heimili þess talið þar. Árið 1934 ákvað hluthafafundur, sem haldinn var í Osló, að flytja heimilisfang félagsins austur í Árnessýslu, þar sem það átti eignir, en ekki voru heimilisskiptin skrásett í Árnessýslu, svo sem mælt er í 14. gr. laga nr. 77 frá 1921. Hlutafélagið var talið áfram útsvarsskylt í Reykjavík 78

Þrír stjórnendur hlutafélags, sem úrskurðað var gjaldþrota 19. jan. 1933, voru m. a. sóttir til refsingar fyrir að hafa vanrækt að halda lögmætan aðalfund á árinu 1932, eins og boðið er í 30. gr. laga nr. 77 frá 1921. Eins og hag félagsins var komið 1932 og með því að beðið var þá eftir samningatilraunum við lánardrottna félagsins og reikningar um afkomu þess voru gerðir til afnota við þær samningsumleitanir, þá þótti þessi vanræksla ekki eiga að varða kærðu refsingu eftir 57. gr. hlutafélagalaganna 597

Ekki talið sannað, að tveir stjórnendur hlutafélags, sem greitt höfðu hlutafé sitt að nokkru, eða 12000 krónur, með fiski, hefðu þá séð fyrir verðfall á fiskinum. Það þótti þessvegna ekki varða þá refsingu samkvæmt 53. og 54. gr. laga nr. 77 frá 1921, að þeir höfðu talið téða fjárhæð meðal innborgaðs hlutafjár í tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar 597

Hlutaréttindi. Sjá eignarréttur, fasteignir, haldsréttur, sjóveð, veiðiréttindi.

Hlutdeild.

Tveir menn drýgðu saman þjófnað. Annar þeirra veitti auk þess aðstoð til að koma undan munum, er hinn hafði stolið. Þeim báðum refsað eftir 6. gr. laga nr. 51 frá 1928 sbr. 63. gr. hegningarlaganna og öðrum þeirra ennfremur eftir 240. gr. hegningarlaganna 214

Tveir menn dæmdir til refsingar fyrir þjófnað, sem þeir drýgðu í sameiningu 229

Kona dæmd eftir 1. mgr. 283. gr. hegningarlaganna sbr. að nokkru 1. málsl. 53. gr. og að nokkru 2. málsl. 53. gr. og 47. gr. hegningarlaganna. Tveir menn samsekir henni dæmdir eftir 1. mgr. 283. gr. hegningarlaganna, sbr. að nokkru 1. málslið 48. gr. hegningarlaganna og að nokkru 2. mgr. 54. gr. sömu laga 484

Ýmsir menn dæmdir til refsingar fyrir sameiginlega árás á lögreglulið. 566

Maður dæmdur til refsingar eftir 101. gr. sbr. að nokkru 53. gr. 102. og 109. gr. 2. mgr. sbr. 46. gr. og 53. gr. hegningarlaganna fyrir að ráðast á og hafa í frammi ókvæðisorð við tvo lögregluþjóna, sem voru að fara með ölvaðan mann af skemmtisamkomu, og hvetja menn til að veitast að lögregluþjónunum og taka manninn af þeim 531

Þrír stjórnendur hlutafélags dæmdir til refsingar fyrir að ívilna nokkrum af lánardrottnum félagsins 597

Húsaskattur. Sjá endurgreiðsla.

Húsleit. Sjá eftirgrennslan brota.

Iðgjöld.

Í refsimáli á hendur tveimur mönnum fyrir þjófnað tók héraðsdómarinn til greina kröfu um iðgjöld fyrir stolna og eyðilagða muni, þrátt fyrir það þótt þess hefði ekki verið getið í stefnu,

að skaðabóta yrði krafizt, þrátt fyrir það þótt hann hefði ekki, svo séð yrði, skýrt hinum ákærðu frá kröfunni, og þrátt fyrir það þótt engin virðing hefði farið fram á verðmæti hinna stolnu og eyðilögðu muna, eða ef slík virðing var óframkvæmanleg, án þess að hinum ákærðu, sem báðir voru ófjárráða, væri skipaður sakráðamaður. Sagt í dómi hæstaréttar, að iðgjaldakrafan yrði ekki af þessum ástæðum dæmd í refsimálinu 214

Refsing tveggja manna, sem dæmdir voru fyrir þjófnað, var gerð skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907, með hliðsjón af því m. a., að þeir höfðu þegar greitt iðgjöld fyrir hina stolnu muni 229

Íkveikja. Sjá brenna.

Innheimtulaun.

A vék úr þjónustu B þann 15. jan. 1936. Þann 16. s. m. krafði hann B um nokkra mánaða laun, sem hann átti hjá honum. Kvaðst hann þá hafa fengið það svar, að B gæti ekki greitt í bráð. Fól A nú málfærslumanni kröfu sína til innheimtu. Málfærslumaðurinn krafði B þann 18. s. m. B greiddi þá launin, en neitaði að greiða innheimtukostnað. Talið, að málfærslumaðurinn ætti heimtingu á málfærslulaunum samkvæmt lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafélags Íslands og að A gæti sótt B um lúkningu innheimtulaunanna, með því að B hefði ekki tekizt að sanna þá staðhæfingu sína, að hann hefði þann 16. jan. beðið A að að koma til sín eftir tvo daga og sækja launin 140

Ítrekun.

Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir ítrekað áfengis- og bifreiðalagabrot og sviptur ökuleyfi ævilangt 3, 264, 301

Maður dæmdur fyrir ítrekaða sölu áfengis 82, 132, 537, 559, 563

Tveir menn, sem voru dæmdir fyrir þjófnað, höfðu áður verið dæmdir fyrir samskonar brot, annar tvisvar og hinn þrisvar, en fyrri dómarnir höfðu

ekki ítrekunarverkanir, með því að sökunautar höfðu ekki náð 18 ára aldri, þegar þeir dómar voru kveðnir upp yfir þeim 214
Maður dæmdur til refsingar fyrir ítrekað brot gegn 10. gr. laga nr. 51 frá 1928 646

Játning og skýrslur aðilja.

Þrír menn játa á sig bruggun áfengis 11
Menn játa á sig að hafa rekið fyrir erlenda botnvörpunga upplýsingastarfsemi um ferðir og dvalarstaði varðskipanna hér við land 25, 30, 364, 643
Maður gengst við því, að hafa haft holdleg mök við 9 ára gamla telpu 33
Maður, sem sóttur var til endurgreiðslu oftekinna vaxta af láni, viðurkennir, að honum hafi verið kunnugt um, að féð gekk beint til húsbygginga, sem kona manns þess, er um lánið samdi við hann, hafði með höndum. Sami maður viðurkennir einnig, að hann hafi fengið lánið að fullu greitt 91
Afgreiðslumaður á bifreiðastöð játar að hafa útvegað og selt manni nokkrum eina flösku af áfengi. Afgreiðslumaðurinn dæmdur eftir 15. sbr. 33. gr. laga nr. 35 frá 1933 132
Lyfsali, er sóttur var til refsingar fyrir ætlað brot á áfengislöggjöfinni og á hegningarlögunum, gefur skýrslu um sölu ýmissa blandna í lyfjabúðinni og áfengisinnihald þeirra 150
Varúðarsamt orðalag manns, sem eignað var barn, við réttarrannsókn málsins hvorki túlkað sem viðurkenning hans fyrir faðerninu né afturköllun á synjun hans áður fyrir faðernið 193
Menn játa á sig þjófnaðarbrot 214, 229
Maður játar að hafa drýgt saurlíft athæfi við tvö stúlkubörn, 5 og 8 ára að aldri. Skýrsla sökunauts, sem kom ekki að öllu leyti heim við frásögn telpnanna, lögð til grundvallar um brot hans. Hann dæmdur eftir 177. gr. sbr. 174. gr. og 40. gr. hegningarlaganna 233
Maður gengst við því að hafa dregizt á það við barnsföður þungaðrar konu að eyða fóstri henn-

ar, en kvaðst þó ekki hafa ætlað sér að framkvæma fóstureyðingu. Sökunautur dæmdur til refsingar fyrir tilraun til fóstureyðingar 252
Styrkþegi í Rvík játar, að hann hafi ætlað sér að knýja fram viðtal við framfærslufulltrúa og kúga hann til að sinna málefni því, er ákærði hafði á höndum 261
Bifreiðarstjóri gengur við því að hafa reynt að ljósta lögregluþjón, sem ætlaði að taka hann fastan, hnefahögg í andlitið 264
Við ákvörðun refsingar á hendur A, sem játaði að hafa slegið konu sína oft og einu sinni bundið hana, var lögð til grundvallar skýrsla hans bæði um breytni hans gagnvart konunni, óhægindin á hjónalagi þeirra og hverjar málsbætur þau óhægindi hefðu veitt honum, enda var ekki öðrum sakargögnum en frásögn hjónanna til að dreifa um brot A 285
Bifreiðarstjóri dylst þess ekki að hafa neytt áfengis við bifreiðarakstur 282, 301
Í verksmiðju einni sprakk gufusuðupottur og olli tjóni. Fyrirsvarsmaður verksmiðjunnar sótti vélsmiðju, sem haft hafði pottinn til viðgerðar, til fébóta útaf slysinu. Við lögregluréttarrannsókn í tilefni af slysinu kannaðist fyrirsvarsmaður verksmiðjunnar við, að honum hefði verið kunnugt um, að pottinum var ekki treystandi eftir viðgerðina 288
Bifreiðarstjóri ók fram hjá hóp barna, sem voru í boltaleik, og varð eitt barnið, 8 ára telpa, fyrir bílnum. Bifreiðarstjórinn duldist ekki við það, að hann hefði tekið eftir, að öll börnin tóku eftir bílnum, nema nefnd telpa, sem var að elta boltann 303
Hjón, sem sótt voru til refsingar fyrir skottulækningar eftir lögum nr. 47 frá 1932 og 26. kap. hegningarlaganna, segja á hendur sjálfum sér, að þau hafi jafnan skýrt sjúklingum þeim, sem leituðu til þeirra, svo frá, að ef þeir færu til lækna, þá mundu þau hjónin láta af lækningaaðgerðum sínum 336

Vín, tóbak, silfur- og gullplettmunir, sem skotið hafði verið undan tollskoðun, fundust í fórum þjónustustúlku á norsku millilandaskipi. Stúlkan gekk við því að vera eigandi vínsins og tóbaksins. Skipstjórinn var þessvegna ekki talinn refsiábyrgur fyrir innflutningi þessa varnings eftir 6. mgr. 3. gr. laga nr. 33 frá 1935 437

A lagði skipi sínu á höfninni á Siglufirði í norðanstórviðri mannlausu, landfestalausu og án vélarnota. Það rakst á bryggju hafnarsjóðs og olli spjöllum á henni. A viðurkenndi í fébótamáli út af spjöllunum, að hann hefði vitað, að haldbotn var slæmur, þar sem hann lagði skipinu 471

Maður játar að hafa drukkið ¼ hluta úr ½ flösku af brenniníni áður en hann hóf bifreiðarakstur 475

Þrjár manneskjur játa á sig brennu og vátryggingasvik 484

Maður játar á sig ólöglega hraðan akstur bifreiðar 522

Maður játar, að hafa ráðizt á tvo lögreglumenn, sem voru að flytja ölvaðan mann af skemmtistað, og eggjað menn á að losa fangann úr valdi lögreglumannanna 531

Enda þótt ekki væri upplýst um neinar einstakar áfengissölur af hendi manns, sem hafður var fyrir sökum um brot þetta, þótti þó ekki ástæða til að efast um, að hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, er hann hafði játað á sig 563

Samkvæmt beiðni A, kom B honum í samband við kaupanda að skipi, er A hafði til sölu. Í bréfi til B viðurkenndi A, að B ætti tilkall til þóknunar fyrir þetta og var B samkvæmt því dæmd þóknun 590

A og B, sem voru í stjórn hlutafélags (H), játuðu við réttarrannsókn út af gjaldþroti H, að þeim hefði verið ljóst 31. júlí 1931, að H væri insolvent. Eftir að refsidómur hafði gengið á hendur þeim í héraði fyrir brot á 262. og 263. gr. hegningarlaganna, gjaldþrotalögunum og hlutafélagalögunum, tóku þeir aftur téða játningu sína. Kváðust þeir nú hafa séð það fyrst eftir áramótin 1931—1932, að gjaldþrot H var yfirvofandi. Úrslitin í hæstarétti voru ekki byggð á

játningu ákærðu, heldur á öðrum þeim gögnum, er fram komu við rannsókn málsins .. 597
Menn játa á sig ólöglega sölu áfengis .. 82, 537, 559, 646
Maður játar á sig víxilfölsun 655
Bílstjóri, sem ók bifreið út af veginum og olli með því slysi, játaði í fébótamáli á hendur honum að hafa ekið yfir löglegan hraða 667

Kaup og sala.

B hafði á leigu byggingarlóð í sjávarþorpi. Skyldi honum vera heimilt að selja og veðsetja réttindi sín yfir lóðinni. Á lóðinni var hús byggt, og lagði A að töluverðu leyti fram efni til þess. Á meðan á byggingu hússins stóð, gerðu A og B með sér samning, þar sem A lofaði að selja B húsið fyrir tiltekið kaupverð. Liðu síðan mörg ár þannig, að B fór með húsið sem sína eign, án þess þó að borga A byggingarefnið, nema að litlu leyti. Fór þá A í mál við B og krafðist þess, að viðurkenndur væri með dómi eignarréttur sinn á húsinu. Talið, að B væri eigandi hússins, og samningur aðiljanna skýrður þannig, að tilætlunin hefði verið, að A fengi hlutbundna tryggingu í húsinu fyrir fjármunum þeim, sem hann hafði lagt fram til gerðar þess 44
Sýslumaður einn taldi, að ríkissjóði hefði skapazt skylda til að kaupa íbúðarhús hans, fyrir þá sök að ríkisstjórninni hefði á fjárlögum 1933 verið heimilað að kaupa húsið við því verði, er það yrði metið af dómkvöddum mönnum, enda hefði ríkisstjórnin sýnt bæði með því að láta meta húsið og með því að leyfa honum að halda eftir hjá sér nokkru af tekjum sýslunnar árin 1932—1933, að hún vildi nota kaupheimildina. Talið, að ekki hefði verið bundizt af hendi ríkissjóðs skyldu til kaupanna, heldur hafi sýslumanni þvert á móti verið sagt glögglega til þess, að ríkisstjórnin vildi engri slíkri skyldu játast 308
Samkvæmt beiðni bæjarstjórans (A) í kaupstað einum hóf B leit að kaupanda að skipi, sem A bjóst við að bærinn yrði að selja. B setti sig í samband

við C, er var fús að kaupa skipið, en þó með öðrum kjörum en B hafði tiltekið. A hóf nú sjálfur samningatilraunir við C. Lauk þeim málum svo, að félag manna, sem C var þátttakandi í, keypti skipið. B þótti eiga tilkall til þóknunar fyrir starfa sinn, enda hafði A játast í bréfi til B f. h. kaupstaðarins undir greiðslu slíkrar þóknunar. En með því að B hafði ekki komið á sölusamningum, voru honum ekki dæmd full sölulaun 590

Kosningar, kosningarréttur. Sjá alþingiskosningar.

Kreppuskil.

Nokkrum árum eftir að hreppurinn A hafði tekið lán hjá sparisjóði (S) var honum skipt í tvö hreppsfélög, A_1 og B. Ráðuneyti það, er í hlut átti, ákvað, að A_1 skyldi taka að sér til greiðslu ⅓ hluta skuldbindinga hins forna hrepps, en B ⅔ hluta. Eftirstöðvar láns þess, sem S hafði veitt A, lentu í vanskilum, og sótti S A_1 til greiðslu þeirra. A_1 hafði upp þá varnarástæðu m. a., að B ætti að greiða ⅔ hluta lánsins og að B hefði fengið kreppuskil samkvæmt lögum nr. 35 frá 1936. Hefði S því átt að lýsa skuldinni að ⅔ hlutum í kreppulánasjóðinn. Þessi rök A_1 talin veigalaus, með því að S átti aðgang að A_1 sem samskuldara fyrir greindum eftirstöðvum 541

Kvaðir. Sjá umferðarkvaðir.

Kynferðisbrot.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 174. gr. sbr. 177. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa holdleg mök við 9 ára gamla telpu, án þess að samræði ætti sér stað. Telpan reyndist haldin kynsjúkdómi (lekanda), en loku þótti skotið fyrir það, að hún hefði sýkst af ákærða, þar sem héraðslæknir gat ekki fundið þess vott, að hann væri eða hefði verið sýktur af lekanda 33

Maður dæmdur til refsingar eftir 174. gr. sbr. 177. gr. hegningarlaganna fyrir saurlíft athæfi við tvö stúlkubörn, annað 5 en hitt 8 ára. Refsingin ákveðin með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 233

Kærur til æðra dóms.

Héraðsdómari hafði vísað máli frá dómi, með því að hann taldi, að ólöglega hefði verið gengið fram hjá sáttanefnd í því. Frávísunardómurinn var látinn sæta kæru til hæstaréttar eftir ákvæðum laga nr. 85 frá 1936 227

Eftir að mál hafði verið tekið til dóms, án þess að við dómtökuna væri mætt af hendi stefnda, krafðist hann endurupptöku málsins. Varð héraðsdómarinn við þeirri kröfu með úrskurði. Þessum úrskurði skaut stefnandi til hæstaréttar eftir reglum laga nr. 85 frá 1936 um kærur .. 397

Kröfu um framlagningu og afhendingu skjala í dómsmáli synjað af héraðsdómara með úrskurði. Var úrskurðinum síðan skotið til hæstaréttar eftir ákvæðum laga nr. 85 frá 1936 um kærur 659

Landamerkjamál.

A átti landspildu við Borgarfjörð (Hvítá). B átti jörð við sama fjörð vestan við landspildu A. Landamerkjadómur hafði gengið um merkin milli landspildu A og jarðar B, en síðar reis upp ágreiningur milli þeirra um réttinn til veiðiskapar í firðinum (ánni) framundan. Höfðaði B mál gegn A og krafðist þess, að A yrði óheimiluð veiði framundan téðri landspildu og jörð, en til vara fyrir vestan línu, er væri dregin í framhaldi af merkjalínunni á landi. Var mál þetta dæmt í héraði eftir almennum reglum einkamála. Hæstiréttur taldi, að málið hefði átt að sæta meðferð eftir III. kafla laga nr. 41 frá 1919 og að héraðsdómaranum hefði borið í tilgreindu þinghaldi að nefna meðdómsmenn og gera ráðstafanir til að þrætusvæðið yrði skoðað og uppdráttur gerður af því. Var héraðsdómurinn þessvegna ómerktur svo og málsmeðferðin frá

áðurnefndu dómþingi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar eftir III. kafla laga nr. 41 frá 1919 673

Landhelgi. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Lán.

Kona nokkur gaf út skuldabréf, tryggð með veði í húsum, sem hún hafði í smíðum. Maður hennar fór með skuldaskjölin til A, sem lánaði fé gegn þeim. Með því að A vissi, að féð fór beint til húsgerðanna, þá var hér um lánveiting að tefla, en ekki kaup á verðbréfum, og giltu því ákvæði tsk. 27. maí 1859 og laga nr. 10 frá 1890 um þessi skipti greindra aðilja 91

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 12 frá 1927 ákvað atvinnumálaráðuneytið að skipta hreppnum A í tvö hreppsfélög A_1 og B og ákvað jafnframt, að A_1 skyldi taka að sér greiðslu á ⅓ hluta skulda hins forna hrepps, en B ⅔ huta. Þessi ákvörðun ráðuneytisins um skipting skuldanna einungis talin gilda milli hinna nýju hreppa sín á milli og A_1 talinn skyldur að svara sparisjóði að öllu til eftirstöðva láns, sem hinn forni hreppur hafði tekið hjá honum 541

Leit. Sjá eftirgrennslan brota.

Líkamsáverkar.

Eigandi bifreiðar dæmdur til að greiða fébætur vegna örkumla, sem hlutust af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans 303

Maður dæmdur til refsingar eftir 204. gr. 1. mgr. hegningarlaganna fyrir að beita konu sína ýmsum harðræðum, svo sem að binda hana á höndum og fótum 285

Sökunautar dæmdir eftir 205. gr. hegningarlaganna fyrir áverka á mönnum 566

Bifreiðarstjóri dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna líkamsmeiðsla, er hlutust af óvarkárum akstri hans 667

Líkur.

a) Í einkamálum

B hafði á leigu byggingarlóð í sjávarþorpi með heimild til framleigu. Hóf hann byggingu húss á lóðinni. A lagði fram byggingarefnið að allmiklu leyti. Útaf þessu gerðu aðiljar samning með sér, þar sem A lofaði að selja B húsið fyrir tiltekið kaupverð. Eftir þetta fór B með húsið um margra ára skeið sem sína eign, byggði skúr hjá því, leiddi vatn inn í það, taldi það fram til skatts og greiddi af því opinber gjöld, en hinsvegar stóð hann ekki nema að litlu leyti í skilum með greiðslurnar til A. Höfðaði A þessvegna mál og krafðist, að viðurkenndur væri eignarréttur sinn að húsinu. Talið, að B væri eigandi hússins, og samningur aðiljanna skýrður þannig, að þeir hefðu ætlazt til, að A fengi hlutbundna tryggingu í húsinu fyrir því fé, er hann hafði lagt fram til byggingar þess 44

Bifreiðaeftirlitsmaður, sem um margra ára skeið tók við kaupi, sem ákveðið var eftir öðrum reglum en upphaflega var sagt í erindisbréfi hans, bað einu sinni um og fékk uppbót á laun sín, þau er höfðu verið greidd honum, og endurgreiddi öðru sinni fé, er hann þótti hafa oftekið í laun, ekki talinn geta, eftir að hann var látinn af störfum, krafið ríkissjóð um kaup samkv. erindisbréfinu 51

Hlutafélag nokkurt starfaði hér á landi, aðallega með norskt fjármagn og átti eignir við Rvík og austur í Árnessýslu, án þess þó að vera skrásett samkvæmt 59. gr. laga nr. 77 frá 1921. Var starfsemi þess rekin frá Reykjavík, þar sem meiri hluti hinna innlendu fyrirsvarsmanna þess voru búsettir. Árið 1934 ákvað hluthafafundur, sem haldinn var í Oslo, að flytja heimilisfang þess austur í Árnessýslu, en ekki voru heimilisskiptin skrásett þar svo sem mælt er í 14. gr. laga nr. 77 frá 1921. Hlutafélagið talið áfram útsvarsskylt í Rvík 78

B, sem A sótti til greiðslu viðgerðar á bát, taldi A hafa tekið verkið að sér í ákvæðisvinnu fyrir

435 til 450 krónur. Ákvæðisvinna ekki talin sönnuð, enda benti það atriði, að fjárhæðin var ekki fullákveðin til þess, að hér hefði einungis verið um áætlunarfjárhæð að tefla 162

M, sem K kenndi barn, viðurkenndi að hafa um langan tíma samneytt henni líkamlega fyrir getnaðartíma barnsins og einnig eftir þann tíma. Hann veitti henni fjárstyrk, þegar hún gerði honum kunnugt um barnshöfn sína, og loks sýndi hann henni ýmsa umönnun í sængurlegu hennar. Fullnægjandi líkur taldar fyrir hendi til að veita henni sönnunareið um, að M hefði getið barnið 193

K eignaði S barn, sem fætt var 1. ágúst 1924. S neitaði samförum við K á getnaðartíma barnsins, en hinsvegar viðurkenndi hann að hafa lagt K fé, eftir að hann vissi um barnshöfn hennar og einnig að staðaldri eftir fæðingu barnsins. Nægilegar líkur taldar fram komnar fyrir að láta málið velta á sönnunareiði K 221

K eignaði M barn. M kvaðst einu sinni hafa átt tal við K á götu og ekki kynnzt henni nánar. Tveir bílstjórar báru sem vitni, að þeir hefðu, hvor í sitt skiptið, ekið aðiljum um bæinn. Húsmóðir K kvaðst einu sinni hafa séð þau á stefnumóti. Í ljós var leitt, að K hafði látið grafa upphafsstafi M í ermahnappa um það bil, er hún kvað þau hafa verið í tygi hvort við annað. Loks gat K lýst allrækilega herbergi M. Málið látið velta á sönnunareiði K 314

K eignar M barn. Kvað hún það hafa komið undir í hesthúsi, er þau voru samferða heim af skemmtun um nótt. M viðurkenndi, að þau hefðu orðið samferða, en neitaði samræðinu. Úrslit málsins látin velta á sönnunareiði K 416

Nokkrir menn leigðu skip í samlögum og gerðu það út til fiskjar utan heimilis þess. Nauðsynjar til skipsins voru teknar út í verzlun á útgerðarstaðnum. Fyrirsvarsmaður verzlunarinnar krafðist sjóveðs í skipinu fyrir úttektinni. Framkvæmdarstjóri samlagsmanna, sem búsettur var

á útgerðarstaðnum, gaf þá vitnaskýrslu, að hann hefði samið við fyrirsvarsmann verzlunarinnar um úttektina, en framburði hans var mótmælt, þar sem hann var bróðir konu skipseigandans. Úrslit málsins látin velta á synjunareiði fyrirsvarsmanns verzlunarinnar um samning um úttektina 421

A, sem var ófjárráða, var til heimilis hjá föður sínum í Rvík, en dvaldist á sumrin hjá föðurfrændum sínum í hreppnum Ö. Árið 1935 ákvað faðir A að flytja lögheimili hans í hreppinn Ö og tilkynnti þetta á manntalsskýrslum, en engin breyting varð samt á búsetuháttum A. Hann talinn áfram heimilisfastur í Rvík og útsvarsskyldur þar 663

b) Í opinberum málum.

A hafði fémuni nokkra á brott með sér úr brennandi húsi. Hélt hann þeim síðan hjá sér um hálfsmánaðar tíma og sagði lögreglumönnum, er færðu brunann í tal við hann, ekki til þeirra. Af þessu ályktað, að hann hefði tekið ákvörðun um að skila ekki munum aftur 17

Á dulmálslykil, sem fannst í togara og notaður hafði verið við upplýsingarstarfsemi um ferðir og athafnir varðskipanna, var ritað skírnarheiti manns og símanúmer í húsi því, sem hann bjó í. Þetta felldi grun á hann um að hafa verið við skeytasendingarnar riðinn 30

Nokkur vitni báru, að þau hefðu hvert í sínu lagi og án þess að aðrir væru við það staddir falað og fengið keypt áfengi hjá A, sem var afgreiðslumaður á bifreiðastöð. Auk þess kvaðst eitt vitni hafa farið með áfengi fyrir hann til kaupenda þess nokkrum sinnum. Þetta talið veita líkur fyrir áfengissölu af hendi A, en ekki næg sönnun til að byggja á því áfallsdóm 132

Eitt vitni bar, að B hefði selt því áfengi, en skýrsla þess um, hvar og hvenær kaup þessi hefðu gerzt, var mjög hvarflandi. Ekki talin næg sönnun fram komin til áfallsdóms á hendur B 132

Stjórnendur hlutafélags eins taldir hafa hlotið að sjá í byrjun okt. 1931, að gjaldþrot þess var yfirvofandi. Það þótti mega ganga að því vísu, að þeir hefðu þá þekkt efnahagsreikning þess fyrir árið 1930, sem sýndi miklar skuldir um fram eignir. Þá var og í okt. 1931 skollið á verðhrun á fiski, en hlutafélagið átti fiskbirgðir miklar, er keyptar höfðu verið fyrri hluta þess árs 597
Við húsleit hjá A fannst áfengi, sem efnarannsóknastofa ríkisins taldi, að gæti verið bruggað hvar sem vera skal. A ekki talinn uppvís að ólöglegri áfengisbruggun 637
Þrátt fyrir sterkar líkur ekki talið fullsannað, að togari hefði verið að veiðum í landhelgi 411, 459, 525

Lóðir. Sjá umferðarkvaðir.

Lyfsalar.

Lyfsali seldi hverjum sem hafa vildi anisbrjóstsaft með ca. 32% vínanda eftir rúmmáli, chinabrjóstsaft með ca. 30% vínanda og kaneldropa með ca. 83% vínanda. Sagt, að lyfjablöndur þessar féllu undir 2. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1931 og að ákærða hefði verið heimilt að láta þær af hendi án lyfseðils 150

Loforð. Sjá samningar, vinnusamningar.

Læknar, lækningar.

Maður, sem fengizt hafði við smáskammtalækningar frá því um síðastl. aldamót, talinn hafa haft rétt til að gefa sig að slíkri lækningastarfsemi, sbr. lög nr. 38 frá 1911, 1. gr., sbr. 4. gr. 3. mgr. og 6. gr. 2. mgr., og lög nr. 47 1932, 22. gr. Ennfremur sagt, að sala hans af smáskammtalyfjum væri vítalaus, þar eð í lögum hafi verið gert ráð fyrir slíkri sölu af hendi smáskammtalækna frá því að sett voru lög um aðflutningsbann á áfengi árið 1909, sbr. lög nr. 44 frá því ári og nú 2. gr. c laga nr. 64 frá 1930, sem var í gildi, er sökunautur seldi lyf þau, er hann var sak-

sóttur fyrir. Hinsvegar var maður þessi dæmdur eftir 15. gr. 2. mgr. sbr. 18. gr. laga nr. 47 frá 1932 fyrir skottulækningar með rafmagnsljósum og eftir 194. gr. 2. mgr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna fyrir tilraun til fóstureyðingar og sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar 252

A og B, sem ekki höfðu lækningaleyfi, leituðust við að vinna sjúku fólki, sem til þeirra leitaði, meinabót með fyrirbænum, meinlausum húsráðum og andlegum krafti, er þau svo nefndu og kváðust geta látið hina sjúku verða aðnjótandi fyrir tilverknað framliðinna manna. Ekki var leitt í ljós, að þau hefðu nokkurn tíma aftrað mönnum frá að leita lækna, enda studdu vitni þá skýrslu þeirra, að þau hefðu hvatt sjúka menn til þess. Nefndar athafnir ekki taldar lækningastarfsemi í merkingu laga nr. 47 frá 1932 og þess vegna refsilausar eftir þeim lögum. A kvaðst stundum hafa þegið smávegisþóknun fyrir aðgerðir sínar. B kvaðst hinsvegar aldrei hafa tekið þóknun, en börnum sínum hefði stundum verið vikið lítilræði af þeim, er til hans leituðu. Voru þau bæði sýknuð af ákæru samkvæmt 26. kap. hegningarlaganna, með því að ekkert benti til þess, að tilgerðir þeirra hefðu verið framdar til þess að hafa fé af mönnum 336

Hjónin C og D, sem þóttust vera milligöngumenn framliðins læknis, er færði mönnum andlega læknisdóma, bundu atbeina sinn því skilyrði, að menn leituðu ekki lækna. Þessi háttsemi talin varða við analogiu 15. gr. 1. tl. laga nr. 47 frá 1932 og að því er varðar berklasjúklinga við analogiu 16. gr. sömu laga. Við berklasjúkling einn skildu þau það ennfremur til, að gipsumbúðir yrðu teknar af fæti hans. Seinkaði þetta bata hans að dómi yfirlæknis Landsspítalans, en ekki þótti sannað, að sjúklingurinn hefði af þessu hlotið varanlegt heilsutjón. Þetta athæfi er heimfært undir 1. tl. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 47 frá 1932. Þrátt fyrir það þó hjón þessi áskildu sér 10 króna þóknun fyrir hvern, sem til

þeirra leitaði, þótti ekki fullyrðanda, að þau hefðu haft í frammi visvitandi blekkingar til að hafa fé af mönnum. Voru þau því sýknuð af ákæru eftir 26. kap. hegningarlaganna 336
Læknar rannsaka andlega heilsu manns, sem hafður var fyrir sökum um refsivert verk og talinn var andlega vanheill 17, 233, 252
Héraðslæknir framkvæmir krufning á líki manns, sem ætla mátti að hefði látizt af áfengiseitrun 497
Héraðslæknir vanrækir að framkvæma líkskurð, þegar hans var þörf 497

Lög, lögskýring.

Sakir á hendur tveimur mönnum fyrir bruggun áfengis taldar fyrndar samkvæmt analogiu 67. gr. hegningarlaganna 11
Maður framdi áfengislagabrot, meðan lög nr. 64 frá 1930 voru í gildi. Refsing hans ákveðin með hliðsjón af lögum nr. 33 frá 1935, sem leiddu til mildari niðurstöðu 11
Stefna á hendur ákærðum manni veik einungis að 23. og 28. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928. Þrátt fyrir þetta þótti heimilt að dæma um, hvort verknaður sá, sem ákæruvaldið sótti hann til refsingar fyrir, varðaði við 250. gr. hegningarlaganna 17
Sagt, að rétt sé að beita 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, um málshöfðun vegna minniháttar stuldar, einnig um málshöfðun fyrir brot, er varða 250. gr. hegningarlaganna, analogiskt 17
Við yfirmat á námsbótum fyrir lögnumda lóð vékst einn hinna þriggja dómkvöddu yfirmatsmanna undan störfum, áður yfirmatinu væri lokið. Fullnaðarmat hinna tveggja ekki talið fullnægja ákvæðum 6. gr. laga nr. 61 frá 1917 39
Ákvæði 26. gr. laga nr. 46 frá 1921, sbr. lög nr. 39 frá 1935, um rétt móður óskilgetins barns til meðlagsheimtu af dvalarsveit sinni, og ákvæði 60. gr. sbr. 55., 57., 75., 77. gr. laga nr. 39 frá 1921, um samskonar rétt skilinna hjóna, talin öll undantekning frá þeirri meginreglu, að maður

fái ekki styrk sér eða sínum til framfærslu úr sveitar- eða bæjarsjóði, nema sýnt sé, að hann geti ekki framfært sig eða þá af sjálfs sín ramleik 72
Talið leiða af ákvæðum tsk. 27. maí 1859 og lögum nr. 10 frá 1890, að maður, sem fengið hefur lán, tryggt með veði í fasteign, gegn því að játast undir að greiða hærri vexti en 6%, verði ekki skyldaður með dómi til að greiða meir en 6% í vexti, en hafi skuldari þegar greitt hærri vexti, þá brestur heimild til að þvinga þann, sem þá tók, til endurgreiðslu þeirra. Lög nr. 73 frá 1933, sem heimila endurheimt oftekinna vaxta, ekki talin geta verkað aftur fyrir sig til lánsviðskipta, sem útkljáð voru, áður en þau gengu í gildi 91
Dæmt um málsástæðu, sem ekki hafði verið höfð uppi í máli, með því að ekki varð litið svo á, að málfærslumaður sá, sem í hlut átti, hefði á neinn hátt viljað svipta umbjóðanda sinn þeim rétti, er hann hafði að lögum, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936 ..... 91, 171
A gerði fjárnám fyrir dómskuld á hendur B í bifreið, sem B hafði verið lögð sem fátækrastyrkur. Þetta talið óheimilt samkvæmt 3. tl. 31. gr. laga nr. 19 frá 1887. Var fjárnámið fellt úr gildi eftir kröfu viðkomandi sveitarstjórnar, sem áfrýjaði málinu 169
Það ekki talið heimila hlutfallslega endurheimtu á húsaskatti samkvæmt lögum nr. 36 frá 1924, þótt húsið brynni á miðju gjaldárinu 171
Sagt, að ákvæði í byggingarbréfi fyrir þjóðjörð, gerðu fyrir 1904, þar sem landseta var fyrirmunað að ljá öðrum af landsnytjum, yrði að skilja með hliðsjón af ákvæðum löggjafarinnar hverju sinni um meðferð þjóðjarða. Umboðsmanni þjóðjarða talið heimilt að samþykkja samkvæmt 3. sbr. 2. gr. laga nr. 30 frá 1913, að leiguliði leigði manni einnar dagsláttu lóð undir sumarbústað, þannig að sá leigumáli stæði, meðan landsetinn sæti þjóðjörðina 243

Ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934, að framleiðendur mjólkur mættu einungis selja hana ógerilsneydda beint til neytenda innan síns sveitarfélags, ekki talið fara í bága við 64. gr. stjórnarskrárinnar. Sagt, að almenni löggjafinn hafi metið þessar ráðstafanir til almenningsheilla og að við því mati geti ekki orðið haggað. Greind ákvæði heldur ekki talin brjóta í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar 332

Samlagsmenn gerðu skip út til fiskjar í sameiningu og voru nauðsynjar til þess teknar út í verzlun nokkurri. Ákvæði 3. kap. siglingalaganna nr. 56 frá 1914 um pro rata ábyrgð ekki talin eiga við um lögskipti samlagsmanna og verzlunarinnar 421

Ákvæði 6. mgr. 3. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 um refsiábyrgð skipstjóra á brotum skipverja ekki talin taka til þess tilviks, að uppvíst er um mann þann, sem drýgt hefur innflutning áfengis 437

Maður, er dæmdur var í héraði til refsivistar, var látinn fara að taka út refsinguna, án þess að fengið væri til þess boð dómsmálaráðuneytisins. Þegar ráðuneytið komst að þessu, áfrýjaði það málinu og stöðvaði framkvæmd refsingarinnar. Með því að ákvörðunin um fullnustugerð refsidómsins var tekin af manni, sem ekki var bær til þess að lögum, þótti hún ekki standa því í vegi, að málið væri dæmt í hæstarétti, sbr. 15. gr. tsk. 24. jan. 1838 484

Sagt, að ákvæði 3. sbr. 4. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 frá 1927, um fjárskipti hreppsfélaga, er áður hafa talizt einn og sami hreppur, eigi einungis við skiptingu eigna og skulda hinna nýju hreppsfélaga sín á milli, en ekki við ábyrgð þeirra á skuldum forna hreppsins gagnvart þriðja manni. Ennfremur sagt, að grundvallarreglur íslenzkra laga leiði til þess, að við skiptingu eins hreppsfélags í fleiri beri hin nýju hreppsfélög, hvort eða hvert fyrir sig, ábyrgð á skuldum hins forna hreppsfélags sem eigin skuldum 541

Sagt, að ákvæðið í niðurlagi 1. mgr. 7. gr. laga nr.

25 frá 1929, að endurskoðun á bókhaldi þrotamanns samkvæmt nefndri lagagrein skuli fara fram „á kostnað búsins“, hafi að geyma algera undantekningu frá þeirri meginreglu íslenzks réttar, að ríkissjóður kosti rannsókn opinberra mála, án þess að sá, er fyrir refsiverðu broti verður, eða aðrir ósakfelldir einstaklingar þurfi þar nokkru til að kosta. Af þessum ástæðum og fyrir því að ekki segir í nefndu ákvæði, hvar í skuldaröð skipa skuli sæti kröfum um laun fyrir endurskoðun á bókhaldi þrotabús, þá var slík krafa talin til almennra forréttindalausra krafna samkvæmt 85. gr. skiptalaganna 549

Maður dæmdur til refsingar fyrir ítrekaða sölu áfengis. Við ákvörðun refsingarinnar var tekið tillit til þess, að hegningarákvæði núgildandi áfengislaga nr. 33 frá 1935 eru miklum mun vægari en samskonar ákvæði laga nr. 64 frá 1930, er kærði var síðast dæmdur eftir 559

A, sem var í stjórn hlutafélags (H), lét firma, er hann var eigandi að, lána H 30000 krónur. Þegar A var orðið ljóst, að gjaldþrot vofði yfir H, gaf hann út samkvæmt heimild frá hluthafafundi veðskuldabréf, tryggt í fasteign H, til firma síns fyrir skuldinni. Þetta talið varða hann refsingu samkvæmt anlogiu 262 gr. hegningarlaganna 597

Lögheimili. Sjá heimilisfang, skattar og gjöld.

Lögnám. Sjá eignarnám.

Lögregla. Sjá ennfremur valdstjórn og allsherjarregla.

Vítt, að héraðsdómari hafði ekki látið lögreglumenn, er unnu að rannsókn sakamáls út af húsbrennu, koma fyrir dóm og staðfesta þar skýrslur sínar um málið 17

Trúnaðarmenn lögreglunnar hlustuðu á símtöl við bifreiðastöð, þar sem ætlað var, að áfengi væri selt. Vítt, að þeir voru ekki látnir staðfesta framburði sína 132

Mjólkurframleiðandi, sem búsettur var utan Reykjavíkur, ætlaði í október 1934 að selja mjólk sína ógerilsneydda í Reykjavík, þrátt fyrir það þótt honum væri það óheimilt samkvæmt ákvæðum um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934. Lögreglan tók mjólkina, fól Mjólkurfélagi Reykjavíkur hana til sölu og vísaði A þangað um greiðslu andvirðis hennar. Lögreglunni talið þetta heimilt 332

Lögreglusamþykktir.

Bifreiðarstjóri, sem ók röngu megin við vegamótastein á gatnamótum í Rvík, dæmdur til refsingar eftir 32. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 264

Lögreglan í Reykjavík kærði sex bifreiðastjóra, sem afgreiðslu höfðu á sömu bifreiðastöð, til refsingar eftir lögreglusamþykkt Reykjavíkur fyrir að hafa samtímis haft bifreiðar sínar standandi á götunni fyrir framan bifreiðastöðina. Með því að telja mátti víst, að einn hinna kærðu hefði mátt hafa bifreið sína á götunni, en óupplýst, hver þeirra hann var, þá leiddi það til sýknu þeirra allra 433

Bifreiðarstjóri dæmdur m. a. til refsingar eftir 49. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja nr. 41 frá 1928 fyrir ógætilegan akstur undir áhrifum áfengis 475

Bifreiðarstjóri dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur fyrir of hraðan bifreiðarakstur 522

Lögræði.

Það vítt, að héraðsdómari hafði í máli ákæruvaldsins gegn tveimur ófjárráða mönnum fyrir þjófnað tekið til greina skaðabótakröfu á hendur þeim fyrir stolin og eyðilögð verðmæti, án þess að þeim væri skipaður sakráðamaður 214

Móðir 8 ára telpu, sem varð fyrir bíl og hlaut af heilsuspjöll, fer með fébótamál f. h. telpunnar gegn eiganda bílsins 303

Gert var lögtak hjá hinum ófjárráða A fyrir útsvari, sem á hann hafði verið lagt. Faðir hans, sem var fjárhaldsmaður hans undir yfirfjárráðum lögmannsins í Rvík., áfrýjar lögtaksgerðinni til hæstaréttar 663

Lögtak.

Útsvör, sem lögð höfðu verið á A árið 1935 og 1936, voru heimt inn með einu og sömu lögtaksgerðinni. Útsvarið, sem á var lagt 1936, virtist ekki hafa verið gjaldkræft, þegar lögtaksgerðin hófst, en með því að A hreyfði ekki mótmælum á þessum grundvelli, þótti mega láta ganga dóm um útsvar beggja áranna 86

Útsvar hafði verið lagt ósundurgreint á tvo hugsaða útsvarsstofna. Var talið óheimilt að leggja útsvar á annan þeirra. Að svo vöxnu máli var synjað um lögtak fyrir útsvarinu í heild sinni 296

Lögtaksúrskurði fógeta áfrýjað, eftir að átta vikna frestur sá, er getur í 11. gr. laga nr. 29 frá 1885, var liðinn og án þess að áfrýjunarleyfi væri áður fengið. Málinu þessvegna vísað ex officio frá hæstarétti 440

Samkvæmt beiðni bæjargjaldkerans í Rvík úrskurðaði fógeti þann 13. sept. 1934 lögtak fyrir ⅓ hlutum útsvars þess, er lagt var á A í Rvík 1934, og þann 15. okt. s. á. ákvað fógeti, að eftirstöðvarnar skyldu teknar lögtaki, en þann 28. okt. 1935 var réttur settur til framkvæmdar lögtakinu. Lögtak þetta var úr gildi fellt, með því að lögtaksbeiðninni hafði ekki verið framfylgt með hæfilegum hraða, sbr. 2. gr. laga nr. 29 frá 1885 469

Málasamsteypa. Sbr. meðalganga.

I. Einkamál.

1. Kröfusamlag:
a. Kröfusamlag af hálfu sækjanda:
Útsvör, sem lögð höfðu verið á A 1935 og 1936 heimt inn með einni og sömu lögtaksgerð 86
Dómi og fjárnámsgerð áfrýjað saman 69, 651

Sýslumaður krefur ríkissjóð um bætur vegna þess, að hann var sviptur póstafgreiðslustörfum, og krefst þess jafnframt, að ríkissjóður kaupi íbúðarhús hans 308
Lögtaksgerð og eftirfarandi uppboði áfrýjað sameiginlega 469
b. Gagnkröfur:
A höfðaði mál gegn skilanefnd Síldareinkasölu Íslands til greiðslu launa fyrir verkun á síld. Skilanefndin höfðaði gagnsök til bóta fyrir að A hefði fengið Einkasölunni til handa spillta síld 117
Dómi áfrýjað af hendi beggja aðilja 51, 158, 178, 200, 221, 350, 402, 449, 590
2. Aðiljasamlag:
a. Sóknaraðilja:
A fer í mál við vátryggingarfélag til greiðslu vátryggingarfjár fyrir brunna muni. B gengur inn í málið og krefst dóms fyrir nokkrum hluta vátryggingarfjárins sér til handa 200
Skipinu A var bjargað af skipinu B og léði skipið C lið sitt við þá björgun. Eigendur skipsins B höfðuðu síðan mál á hendur eigendum og útgerðarmönnum skipsins A. Inn í það mál gengu eigendur skipsins C og kröfðust bjarglauna fyrir aðstoð sína 358
b. Varnaraðilja:
A sækir B til viðurkenningar á eignarrétti sínum að húsi, sem B var talinn fyrir, og gerir jafnframt kröfur á hendur C til ónýtingar veðrétti, er B hafði veitt C í húsinu 44
A gerði fjárnám í bifreið, sem lögð hafði verið B til sem fátækrastyrkur. Sveitarstjórn sú, er í hlut átti, áfrýjaði fjárnámsgerðinni til ónýtingar og stefndi bæði A og B 169
Tveir ritstjórar dagblaðs sóttir til að birta í blaði sínu athugasemdir við grein, er áður hafði birzt í blaðinu 237
Nokkrir samlagsmenn tóku skip á leigu og gerðu það út til fiskjar utan heimilis þess. Skips-

nauðsynjar voru teknar út í verzlun á útgerðarstaðnum. Fyrirsvarsmaður verzlunarinnar höfðaði mál gegn eiganda skipsins til að hlíta sjóveði í skipinu fyrir úttektinni og á hendur nokkrum samlagsmönnum til sameiginlegrar greiðslu hennar 421
Hjón sótt sameiginlega í lögtaksmáli til greiðslu útsvars 440
Lögtaksgerð og uppboðsgerð á hinum lögteknu munum áfrýjað. Löktaks- og uppboðsbeiðanda og uppboðskaupanda stefnt 469
Skip rakst á bryggju í kaupstaðnum S og olli spjöllum á henni. Hafnarnefnd höfðaði mál gegn eiganda skipsins og vátryggingarfélagi því, er tekið hafði að sér tryggingu skipsins, til fébóta fyrir bryggjuspjöllin 471
Nokkrir víxilskuldarar sóttir til greiðslu víxils 547
Tveir eigendur að húsi sóttir til að hlíta umferðarkvöð á húslóðinni 678

II. Opinber mál.

1. Fleiri brot eins aðilja 17, 150, 214, 252, 264, 273, 282, 301, 336, 475, 531, 566
2. Fleiri ákærðir 11, 25, 132, 214, 229, 273, 325, 336, 364, 433, 484, 497, 537, 566, 597,637, 646
3. Skaðabótakröfu vísað frá vegna upplýsingaskorts 214
4. Með því að áfengisbruggun, sem A hafði framið, kom ekkert við áfengisbruggun, er B og C höfðu drýgt, þá var að því fundið, að héraðsdómarinn hafði steypt saman málum þessara þriggja manna 11
5. A og B og hjónin C og D voru í einu og sama máli ákærð fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 47 frá 1932. Með því að ekkert samband var milli verknaða A og B sín á milli né á milli verknaða A og B og verknaða hjónanna, þá var að því fundið, að héraðsdómarinn hafði steypt málum þessum saman í eitt mál 336

Málflutningslaun.

Fellt niður ákvæði héraðsdóms í opinberu máli um málsvarnarlaun fyrir hin ákærðu, með því að lögfræðingur sá, er vörnina skrifaði, varði hin ákærðu ekki að tilhlutun dómarans, og varð kaup hans því ekki talið til sakarkostnaðar 566

Málflutningsmenn.

Málaflutningsmanni var falið að innheimta skuld. Þegar málaflutningsmaðurinn krafði skuldarann, greiddi hann skuldina. Málflutningsmaðurinn talinn eiga heimtingu á innheimtulaunum samkvæmt lámarksgjaldskrá málflutningsmannafélags Íslands 140

Það talið alkunnugt, að þegar svo stendur í málflutningi, sem hæstaréttarmálflutningsmenn annast við réttina í Reykjavík, að fyrirfram er vitað, að ekki verður annað gert í tilteknu þinghaldi í málinu en taka og veita fresti, þá láti þeir oft mæta fyrir sig umboðsmenn, sem ókunnugir eru málinu og því ekki viðbúnir að færa fram rökstuðning um einstök atriði þess 397

Málsbætur.

Manni, sem sendi togara upplýsingar um ferðir varðskipanna, talið það til afbötunar, að hann hafði ekki gagnvart eigendum eða skipstjórum togaranna tekizt á hendur að afla upplýsinga um varðskipin og ferðir þeirra, heldur einungis sent togurunum slíkar upplýsingar um stuttan tíma að boði húsbónda síns og í fjarveru hans 25

Manni, sem misþyrmt hafði konu sinni, talin framkoma konunnar til málsbóta, Leggja varð skýrslu hans um þetta til grundvallar, með því að ekki var öðrum skýrslum en frásögn hjónanna til að dreifa um verknað ákærða og aðdraganda hans 285

Málshöfðun.

Opinbert mál var höfðað gegn A fyrir brot gegn 23. og 28. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928. Þrátt fyrir þetta talið heimilt að dæma

um, hvort verknaður sá, er A var borinn sök fyrir, varðaði við 250. gr. hegningarlaganna 17
Í málshöfðunartilkynningu, var sökunaut tjáð, að mál yrði höfðað gegn honum af hálfu valdstjórnarinnar fyrir brot á áfengislögunum og af hálfu réttvísinnar fyrir brot á 28. kap. hegningarlaganna, en samkvæmt stefnunni var málið einungis höfðað fyrir „þjófnað og brennu, brot á 23. og 28. kap. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 1. gr. 51 frá 7. maí 1928". Í héraði var samt einnig dæmt um kæru á hendur ákærða fyrir áfengislagabrot. Af hálfu réttvísinnar var málinu hinsvegar einungis áfrýjað. Þessi ónákvæmni ekki talin eiga að varða ómerkingu málsins að þessu leyti í hæstarétti, enda var flutt þar fram sókn og vörn um þessa sakargift. Var því þar einnig lagður dómur á áfengislagakæruna 17
Sagt, að það sé á valdi dómsmálaráðuneytisins en ekki dómstólanna að meta til fullnaðar ástæður til framlengingar málshöfðunarfrests í barnsfaðernismálum skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46/1921 37
Samkvæmt héraðsstefnu var lyfsalanum A gefið það að sök að hafa selt „ólöglega og of dýra anisbrjóstsaft, chinabrjóstsaft og kaneldropa úr lyfjabúð sinni án áfengislyfseðils" og á þessum grundvelli var höfðað mál gegn honum m. a. eftir lögum nr. 69 frá 1928. Að þessu athuguðu var ekki talið heimilt að dæma um það í málinu, hvort A hefði með innflutningi þessara eða annarra lyfjablandna brotið ákvæði greindra laga um áfengisinnflutning, enda hafði rannsókn málsins alls ekki beinzt að þessu síðarnefnda atriði 150
Í refsimáli á hendur tveimur mönnum fyrir þjófnað tók héraðsdómari til greina kröfu um iðgjöld fyrir stolna og eyðilagða muni. Sagt í dómi hæstaréttar, að ekki yrði dæmt um kröfuna í opinbera málinu, með því að hvorki hefði hennar verið getið í héraðsstefnu né heldur hefði héraðsdómarinn tjáð ákærðu, að hún væri fram komin 214

Gegn bílstjóra, sem verið hafði undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðar, var einungis höfðað mál með skírskotun til áfengislaganna. Þetta þótti þó ekki eiga að vera því til fyrirstöðu, að refsing hans einnig væri ákveðin eftir bifreiðalögunum auk áfengislaganna, þar eð kærða gat ekki dulizt, fyrir hvaða verk mál var höfðað gegn honum 282

A, sem veitti forstöðu fyrirtæki í Reykjavík, var eftir kæru B, sem rak samkynja fyrirtæki á Akureyri, dæmdur til refsingar eftir lögum nr. 84 frá 1933 fyrir ofsögur um gæði vöru sinnar í auglýsingu í blaði í Rvík 391

Konan A hafði á leigu veitingahús. Innanstokksmuni í húsinu vátryggði hún fyrir hárri fjárhæð. Hún skaut þeim að miklu leyti undan og taldi jafnframt B og C á að kveikja í húsinu með loforðum um hluta af vátryggingarfjárhæð innanstokksmunanna. Refsimál var einungis höfðað gegn B og C eftir 283. gr. hegningarlaganna og urðu þeir þessvegna ekki dæmdir til refsingar fyrir samsekt í broti eftir 261. gr. sömu laga 484

Málskostnaður. Sbr. ómaksbætur.

I. Í einkamálum.

1. Málskostnaður látinn falla niður:
   Kröfur áfrýjanda teknar til greina að öllu eða nokkru leyti, en málskostnaður þó látinn falla niður 44, 72, 91, 171, 237, 243, 308, 370, 397, 402 549, 678
   Áfrýjandi tapaði máli, en málskostnaður þó látinn falla niður 332, 348
   Málskostnaðar fyrir hæstarétti var ekki krafizt og féll hann því niður 659
   Héraðsdómur ómerktur eftir kröfu áfrýjanda og máli vísað frá héraðsdómi 651
   Aðalsök og gagnsök:
   a. Kröfur aðaláfrýjanda teknar að nokkru til greina 200
   b. Kröfur gagnáfrýjanda teknar til greina 350

Meðalgöngusök. Kröfur sakmiðils ekki til greina teknar 200
Málflutningsmanni gjafsóknarhafa eða gjafvarnar greidd málflutningslaun úr ríkissjóði .. 72, 348
2. Aðilja, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga og fékk kröfur sínar teknar til greina að meira eða minna leyti, dæmdur málskostnaður 51, 86, 117, 169, 247, 445, 449, 469, 511, 515, 673
3. Áfrýjandi, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga, en kröfur hans voru alls ekki eða að litlu leyti teknar til greina, dæmdur til að greiða málskostnað 39, 78, 100, 140, 162, 178, 296, 300, 358, 376, 382, 471, 479, 492, 511, 541, 554, 590, 663
4. Áfrýjun til staðfestingar:
Aðilja, sem áfrýjaði til staðfestingar og fékk þá kröfu tekna til greina, dæmdur málskostnaður með því að stefndi hafði gefið honum tilefni til áfrýjunar sinnar 1, 69, 547
Aðilja, sem áfrýjaði til staðfestingar og fékk þá kröfu til greina tekna, ekki dæmdur málskostnaður, með því að ekki varð séð, að stefndi hefði gefið honum sérstakt tilefni til áfrýjunar málsins 370
5. Málskostnaður í barnsfaðernismálum:
Úrslit málsins látin velta á sönnunareiði konunnar:
a. Henni dæmdur málskostnaður, ef hún ynni eiðinn, en hinsvegar gert að greiða manninum málskostnað, ef hún féllist á eiðnum 193, 221, 314
b. Maður, sem dæmdur hafði verið faðir að barni í héraði, áfrýjaði, en af hendi konunnar var ekki mætt. Var málskostnaður þessvegna látinn falla niður, ef hún ynni eiðinn, en henni gert að greiða málskostnað, ef henni yrði eiðfall 416
6. Eiðsmál:
Aðili, sem úrslit málsins voru í héraði látin velta á synjunareiði hans, áfrýjar til að fá

nýjan eiðsfrest, með því að eiðsfrestur héraðsdómsins, er var einungis 3 sólarhringar, varð ekki notaður. Hann fékk sér dæmdan máls kostnað 454

Eigandi skips, sem gert var út utan heimilis síns, var sóttur til að hlíta sjóveði í skipinu fyrir skipsnauðsynjum, sem teknar voru út í verzlun á útgerðarstaðnum. Ennfremur voru nokkrir samlagsmenn, sem gerðu skipið út og úttektin hafði gengið til, sóttir til sameiginlegrar greiðslu hennar. Ef fyrirsvarsmaður verzlunarinnar synjaði þess með eiði, að hann hefði samið við framkvæmdarstjóra samlagsmanna um úttektina, þá átti verzlunin að hafa sjóveð í skipinu og samlagsmenn að vera sýknir og málskostnaður að falla niður. Annarskostar átti eigandi skipsins að vera sýkn, samlagsmenn in solidum að greiða úttektina og málskostnað 421

7. Frávísunardómar:

Máli vísað frá hæstarétti og áfrýjendur dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar 440

8. Ómerkingardómar:

Mál ómerkt ex officio og málskostnaður látinn falla niður 183, 402

Héraðsdómur ómerktur og málsmeðferð að nokkru að kröfu gagnáfrýjanda, en málskostnaður látinn falla niður 158

Héraðsdómur ómerktur svo og eftirfarandi fjárnámsgerð eftir kröfu áfrýjanda og máli vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður látinn falla niður 651

9. A höfðaði mál á hendur B til viðurkenningar eignarréttar á húsi, sem B var talinn fyrir. Jafnframt beindi A málinu á hendur C til ógildingar á veðrétti, sem B hafði veitt honum í húsinu. Héraðsdómarinn dæmdi A eignarréttinn og felldi veðrétt C úr gildi. B áfrýjaði, stefndi A og krafðist eignarréttar á húsinu. Jafnframt tilkynnti hann C áfrýjunina, til þess að hann mætti gæta réttar

sins. C lét mæta í hæstarétti, tók þar undir kröfur B og krafðist málskostnaðar. Sagt, að þar sem A og C hefðu hvorugur öðrum stefnt, yrði A ekki dæmdur til að greiða C málskostnað, og ekki yrði talið, að það gæti bakað B skyldu til að greiða C málskostnað, þótt hann hefði tilkynnt C málskotið 44

Lögtaksgerð fyrir útsvari og eftirfarandi uppboð fellt úr gildi í hæstarétti. Lögtaksbeiðandi og uppboðskaupandi dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti 469

Máli gagnáfrýjað til þess að fá dóm um málskostnaðarkröfu í héraði 51

Áfrýjandi krafðist þess í hæstaréttarstefnu, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti yrði látinn niður falla. Varð þessvegna ekki í hæstarétti lagður dómur á þær frekari málskostnaðarkröfur, sem hann gerði þar við flutning málsins 554

II. Í opinberum málum.

1. Aðili dæmdur sekur:
   a. Einn aðili sakfelldur og dæmdur til greiðslu málskostnaðar 3, 6, 11, 17, 30, 33, 82, 106, 233, 252, 261, 264, 285, 301, 391, 479, 531, 534, 559, 563, 643, 655
   b. Tveir eða fleiri sekir dæmdir og dæmdir in solidum til að greiða málskostnað 214, 229, 325, 364, 484, 537, 566, 637
   c. Hver greiðir sinn gæzluvarðhaldskostnað 214, 325 484
   d. Sakfelldir menn dæmdir til að greiða sakarkostnað í ákveðnum hlutföllum 25, 597
   e. Tveir menn hafðir fyrir sökum. Annar dæmdur en hinn sýknaður 132
   Fjórir menn hafðir fyrir sökum. Tveir dæmdir og tveir sýknaðir 336
   Þrír menn hafðir fyrir sökum. Tveir dæmdir og einn sýknaður 637
2. Aðili sýknaður og sakarkostnaður lagður á ríkissjóð 144, 150, 273, 411, 433, 437, 459, 468, 497, 525

3. Dómur ómerktur. Ríkissjóði gert að bera áfrýjunarkostnað 267
4. Sagt, að ákvæðið í niðurlagi 1. mgr. 7. gr. laga nr. 25 frá 1929, að endurskoðun á bókhaldi þrotabús samkvæmt téðri lagagrein skuli fara fram á kostnað búsins, hafi að geyma algera undantekningu frá þeirri meginreglu íslenzks réttar, að ríkissjóður kosti rannsókn opinbera mála, án þess að sá, er fyrir broti verður, eða aðrir ósakfelldir einstaklingar þurfi þar nokkru til að kosta. Krafa til launa fyrir endurskoðun samkvæmt nefndu lagaákvæði talin eiga að skipa sæti í skuldaröð þrotabúa meðal almennra forréttindalausra krafna .. 549
Ákvæði héraðsdóms um málsvarnarlaun til handa talsmanni hinna ákærðu fellt niður, með því að lögfræðingur sá, sem vörnina skrifaði, varði hin ákærðu ekki að tilhlutun dómarans, og var kaup hans því ekki talið til sakarkostnaðar 566

Manndráp.

Skipsreykháf, sem fluttur var um götur Reykjavíkur, var komið fyrir á fjórhjóluðum tengivagni, sem festur var aftan í bifreið. A var fengin til þess ásamt öðrum manni að ganga með tengivagninum til þess að gæta þess, að slys hlytist ekki af flutningnum, og skyldi A ganga vinstra megin við ökutækin. A sýndi ekki nægilega aðgæzlu við starf þetta og varð þannig valdur að dauða fjögra ára drengs, sem varð fyrir vinstra afturhjóli tengivagnsins. A var refsað samkvæmt 200. gr. hegningarlaganna 6
Bifreiðarstjóri ók sandbíl sínum aftur á bak upp í sandhrúgu við hús, sem var í smíðum, án þess að spyrjast fyrir, hvort það væri hættulaust, og án þess að gefa merki til viðvörunar. A, sem réð fyrir smíð hússins, var þarna nærstaddur. Þegar afturendi bílsins vissi að sandhrúgunni, kveðst A hafa séð tvö börn þar, og forðaði hann þeim þaðan. Á leiðinni burt með börnin segist

hann hafa snúið baki að bílnum og sandhrúgunni, en rétt eftir að hann snéri við, varð lítil telpa, sem var í sandhrúgunni, fyrir afturhjóli bílsins og beið af því bana. Með því að ekki var leitt í ljós, að telpan hafi verið komin í sandhrúguna, þegar A tók þaðan börnin tvö, varð ekki talið víst, að honum hafi þá yfir hana sézt. Var hann þessvegna sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi 144

Í ilmvötnum og hárvötnum, er A og B tóku að framleiða 1932, var 87% methylalkohol, sem er mjög eitrað. Áður höfðu þeir framleitt hárvötn úr ethylalkohol. Til öryggis tóku þeir jafnframt að selja hárvötn á dropaglösum, sem varð að hvolfa til að ná úr þeim vökvanum. Blasti þá við botn glassins, en á hann var letrað: „Lífshættulegt, ef drukkið er". Í nóvember 1934 lézt S. Með krufningi á líki hans, rannsókn á magainnihaldi þess og skýrslu læknis, er stundaði hann, var leitt í ljós, að áfengiseitrun varð honum að fjörtjóni. Sannað þótti, að neyzla hans af greindum hárvötnum hefði verið völd eða meðvöld að dauða hans. A og B voru samt sýknaðir eftir 200. gr. hegningarlaganna, með því að þeir þóttu ekki hafa vanrækt aðvörunarskyldu sína, enda var ekki hreyft athugasemdum við sölu hárvatnanna af hendi stjórnarvaldanna fyrr en eftir dauða S. C og D, sem verzluðu með hárvötnin og seldu S þau, voru líka sýknaðir af ákæru fyrir brot á 200. gr. hegningarlaganna, með því að ekki var sannað, að S hefði verið ölvaður, þegar hann keypti hárvatnið, enda hafði hann haft ástæðu til að fullvissa sig um, að það var óhæft til drykkjar. Í fórum J, sem lézt um sama leyti og S, fundust glös undan hárvatni. Var sannað að D hafði selt honum eitt hárvatnsglas. Með skýrslu læknis þess, er stundaði J, þóttu fengnar líkur fyrir því, að hann hefði látizt af áfengiseitrun, en það varð samt ekki talið fullsannað, þar eð lík hans var ekki krufið né magainnihald þess rannsakað 497

Mat og skoðun, Sbr. sönnun, vitni.
Framkvæmd rannsókn á áfengisinnihaldi í blóði bifreiðarstjóra, sem kærður var fyrir akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis 3, 264, 282
Uppdráttur gerður af stað, þar sem drengur hafði orðið fyrir bíl og hlotið bana af 6
Læknisrannsókn varðandi sakhæfi manns, er framið hafði brot 17, 233, 252
A hafði haft holdleg mök við telpu, sem haldin var lekanda. Héraðslæknir rannsakaði A og taldi loku fyrir það skotið, að hann hefði sýkt hana 33
Blóðrannsókn framkvæmd í barnsfaðernismáli á aðiljum og barninu 37, 193, 221, 314, 416
Eftir að tveir dómkvaddir menn höfðu metið endurgjald fyrir lóð, sem tekin var eignarnámi til götugerðar, voru þrír menn að kröfu bæjarstjórnar þeirrar, sem í hlut átti, dómkvaddir til að framkvæma yfirmat. Þegar þeir höfðu unnið nokkra daga að matinu, skarst einn þeirra úr leik. Gengu síðan hinir tveir til fullnaðar frá matinu og ákváðu nokkru lægra endurgjald fyrir lóðina en undirmatsmennirnir höfðu gert. Svofellt yfirmat var ekki talið fullnægja ákvæðum laga nr. 61 frá 1917 og var eiganda lóðarinnar þegar af þeirri ástæðu dæmd sú fjárhæð, sem undirmatsmenn höfðu metið honum til handa 39
Í máli á hendur manni til endurgreiðslu oftekinna vaxta reiknar löggiltur endurskoðandi út fjárhæð þeirra 91
Skipstjóri á togara var fyrir þeirri sök hafður að hafa veitt í landhelgi og talinn hafa höggvið botnvörpuna frá skipi sínu, þegar varðskipið nálgaðist. Kærði kvað botnvörpuna hafa orðið fasta í botni og hefðu strengir hennar slitnað. Þetta varð hæstarétti efni til að kveða upp úrskurð, þar sem lagt var fyrir lögreglustjórann í Reykjavík að dómkveðja þrjá menn til að rannsaka spotta af botnvörpustreng togarans og kveða upp álit sitt um, hvort spottinn bæri þess merki, að hann hefði verið höggvinn eða meitlaður eða

með öðrum hætti skilinn frá botnvörpustrengnum beinlínis af mannavöldum, hvort vera mætti, að þetta hefði verið gert með öldustokkinn að undirlagi, og hvort merkin á vírnum kynni að geta verið fram komin við vírslit í togblökkinni 213
Kunnáttumenn segja álit um orsakir þess, að gufusuðupottur í verksmiðju sprakk og olli slysi .. 288
Yfirlæknir Landsspítalans gefur vottorð um heilsufar berklasjúklings, er verið hafði til lækninga hjá hjónum, sem þóttust eiga ráð á andlegum lækningakrafti 336
Klæðskerameistarar gefa álitsgerð í máli milli eiganda hraðsaumastofu og konu, sem starfað hafði hjá honum 350
A, sem veitti forstöðu kaffibrennslu, var kærður eftir lögum nr. 84 frá 1933 fyrir að hafa í auglýsingu í dagblaði sagt ofsögum af gæðum vöru fyrirtækisins og véla þess. Leitað var álita matvælaeftirlits ríkisins um þetta 391
Landlæknir og annar læknir til, sem kvaddir voru álita í barnsfaðernismáli, vildu engan veginn taka fyrir möguleika þess, að barn, sem fætt var 14. júní 1934, hefði verið getið aðfaranótt þess 8. október 1933. Héraðslæknir hafði hinsvegar álitið fyrir þetta girt 416
Bæði núverandi og fyrrverandi forstöðumaður stýrimannaskólans marka stað skips á sjókort 459, 525
Læknar framkvæma krufningu á líki manns, sem látizt hafði af áfengiseitrun 497
Efnarannsóknarstofa ríkisins rannsakar magainnihald manns, sem látizt hafði af áfengiseitrun 497
Landlæknir gefur álitsgerð um eitrunaráhrif methylalkohols 497
Sagt, að héraðslæknir hefði hvorki, eins og honum bar skylda til, framkvæmt krufningu á líki manns, sem líkur voru fyrir, að hefði látizt af áfengiseitrun, né sent magainnihald líksins til efnarannsóknarstofu ríkisins til efnagreiningar 497
Að dómi efnarannsóknarstofu ríkisins gat áfengi, sem fannst í vörzlu A, verið heimabruggað, en gat einnig verið bruggað hvar sem vera skal 637

Læknar á Landsspítalanum lýsa áverkum á manni, sem orðið hafði fyrir bílslysi 637

Meðalganga.

A höfðaði mál á hendur B til viðurkenningar á eignarrétti að húsi, sem B hafði til afnota og var talinn fyrir. Jafnframt gerði A bankaútibúi, sem B hafði veitt veð í húsinu, aðvart um málssóknina. Bankaútibúið lét mæta í málinu og tók til varna. Héraðsdómarinn taldi, að það hefði gerzt sakmiðill. Dæmdi hann eignarrétt hússins A til handa og felldi úr gildi veðrétt bankaútibúsins. B áfrýjaði málinu og stefndi A til að hlíta breytingu á dóminum. Ennfremur stefndi hann útibúinu, án þess að gera nokkrar kröfur á hendur því. Af þess hendi var mætt í málinu og tekið undir kröfur B 44

Eftir kröfu A og ábendingu B var gert fjárnám fyrir dómskuld, er A átti á hendur B, í bifreið, sem B hafði verið afhent sem fátækrastyrkur. Sveitarstjórnarvöld þau, er í hlut áttu, áfrýjuðu, stefndu bæði A og B og kröfðust ónýtingar fjárnámsgerðarinnar 169

A höfðaði mál á hendur vátryggingarfélagi til greiðslu vátryggingarfjár fyrir brunna muni. B, sem taldi sig réttkominn til nokkurs hluta vátryggingarfjárins, gekk inn í málið og krafðist dóms sér til handa fyrir þessum hluta fjárins 200

M, sem átti veðskuldabréf, tryggt með veði í sumarbústað, er byggður var á landi þjóðjarðar, mætti við uppboð, sem N ætlaði að láta halda á sumarbústaðnum, og mótmælti framgangi þess með þeim rökum, að það hefði ekki verið auglýst samkvæmt lögum nr. 23 frá 1928 243

Eigendur skipsins A höfðuðu mál gegn eigendum skipsins B til bjarglauna. Eigendur skipsins C, sem veitt hafði að björguninni, gengu inn í málið og gerðu einnig kröfu til bjarglauna 358

Misþyrming. Sjá ofbeldi, valdstjórn og allsherjarregla.

Meðlag. Sbr. sveitarstjórn.

Kona nokkur eignaðist tvö óskilgetin börn með tilgreindum manni, annað á árinu 1925 og hitt á árinu 1927. Meðlagsúrskurðir voru gefnir út á hendur manninum 1934. Hann greiddi ekki fúlgu barnanna, og fékk konan hana þessvegna greidda úr sveitarsjóði dvalarsveitar sinnar. Á árinu 1933 gekk konan að eiga annan mann en föður barnanna. Dvöldust börnin á heimili þeirra hjóna. Eftir að framfærslulög nr. 135 frá 1935 komu til framkvæmda, synjuðu sveitarstjórnarvöldin í dvalarsveit konunnar henni um greiðslu fúlgu þeirrar, er úrskurðuð hafði verið á hendur föður barnanna. Talið, að þessi synjun væri lögmæt, með því að stjúpfaðirinn var lögskyldur að framfæra börnin, enda því ómótmælt haldið fram, að hann væri þess megnugur 72

Meinyrði. Sjá ósæmilegur ritháttur, ærumeiðingar.

Merkjadómur. Sbr. landamerkjamál.

Merkjadómur samkvæmt lögum nr. 35 frá 1914 sker úr ágreiningi um víðtæki umferðarkvaðar um lóð í Reykjavík 678

Mjólkurlöggjöf.

Ákvæðin um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934, að framleiðendur mjólkur mættu einungis selja hana ógerilsneydda beint til neytenda innan síns sveitarfélags, ekki talin andstæð 23. og 64. gr. stjórnarskrárinnar. Sömu ákvæði talin hafa verið framkvæmd þegar frá gildistöku laganna. Sagt, að lögreglunni í Reykjavík hafi verið rétt að varna manni, sem bjó utan Rvíkur að selja þangað beint til neytenda mjólk sína þrjá tilgreinda daga í okt. 1934 332

Nábýli. Sjá einnig umferðarkvaðir.

Eignar- og íveruhús G var áfast við prentsmiðju F og olli prentvél þar gný og hristingi í húsi G. Hann höfðaði mál á hendur F og krafðist lagfæringar á annmörkum þessum eftir mati dómkvaddra manna og ennfremur tiltekinna fébóta fyrir óhagræði það, er hann þegar hafði orðið fyrir. Til vara krafðist hann fébóta úr höndum F. Kröfur G voru taldar of óákveðnar og málsútlistun hans of ófullkomin til þess að hægt væri að leggja efnisdóm á málið. Var þessvegna hinn áfrýjaði dómur, sem dæmt hafði málið að efni til, ómerktur ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi 183

Nauðung. Sjá valdstjórn og allsherjarregla.

Njósnir. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar, valdstjórn og allsherjarregla.

Okur.

Kona, er hafði hús nokkur í smíðum, gaf út skuldaskjöl, sem tryggð voru með veði í húsunum. Fór síðan maður hennar með skuldaskjölin til S, sem veitti lán út á þau. Reiknaði hann sér í þeim lögskiptum allmikla vaxtafjárhæð umfram þá 6% vexti, sem heimilt var að taka samkvæmt tsk. 27. maí 1859 og lögum nr. 10 frá 1890, enda þótt hann vissi, að fé ð gekk beint til húsgerðar. Eftir að konan hafði þann 15. apríl 1932 lokið við að greiða skuldaskjölin, krafði hún S um endurgreiðslu hinna ofteknu vaxta ásamt vöxtum af þeim, alls kr. 12276.99. Kröfur konunnar voru ekki teknar til greina, með því að greind lagaákvæði höfðu ekki að geyma heimild til að dæma endurgreiðslu á ofteknum vöxtum, né heldur voru fram komin nein þau efni í málinu, er veittu konunni heimild til endurheimtu eftir öðrum réttarreglum 91

Lög nr. 73 frá 1933, sem heimila endurheimtu á ofteknum vöxtum, ekki talin geta verkað aftur fyrir sig til atburða, sem gerðust áður en þau gengu í gildi 91

Ólögmæt meðferð á annarra fé.

Maður, sem nokkuð var vitsmuna vant, komst í ölvunarástandi, að því er hann taldi, inn í læst og mannlaust sumarhús og olli bruna hússins fyrir gálauslega meðferð elds. Úr hinu brennandi húsi hafði hann á brott með sér fémuni nokkra. Fór hann með nokkra þeirra heim til sín. Varhugavert þótti að telja sannað, að hann hefði í öndverðu ætlað sér að slá eign sinni á þá. Hinsvegar hélt hann þeim heima hjá sér um hálfsmánaðartíma eftir brunann, þangað til réttarrannsókn hófst, og synjaði þess upphaflega fyrir lögreglumönnum, að hann væri við brunann riðinn. Þótti þessvegna sannað, að hann hefði, eftir að kunnugt var um brunann, tekið ákvörðun um að eigna sér fémunina. Þetta atferli var talið varða við 250. gr. hegningarlaganna, en ákærði var sýknaður samkvæmt analogiu 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928 17

Ómaksbætur. Sbr. málskostnaður.

Stefnda dæmdar ómaksbætur, af því að áfrýjandi mætti ekki eða hóf mál 211, 296, 445 520

Ómerking.

a) Einkamál.

Héraðsdómari hafði með úrskurði neitað um frest til að fá staðfest vottorð, sem lögð voru fram í máli og sættu andmælum. Kvað dómarinn síðan upp dóm í málinu. Með því að þeirri staðhæfingu frestsbeiðandans þótti ekki hnekkt, að hann hefði ekki fyrr getað aflað vottorðanna, sem voru frá erlendum mönnum, né fengið þau staðfest, og með því ennfremur að ekki mátti fullyrða, að efni þeirra væri þýðingarlaust fyrir málið, þá var samkvæmt kröfu frestsbeiðanda

úrskurðurinn og héraðsdómurinn ónýttur, málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og héraðsdómaranum gert að skyldu að veita frest til vitnaleiðslunnar 158

Eignar- og íveruhús G var áfast við prentsmiðju F, og stafaði G óhagræði af gný og hristingi, sem prentvél þar olli. Í máli á hendur F krafðist G aðallega, að F yrði dæmdur til að bæta úr þessum óþægindum eftir ákvörðun dómkvaddra manna, að viðlögðum dagsektum, og ennfremur að F yrði dæmdar á hendur fébætur fyrir óhagræði það, er G þegar hafði orðið fyrir, en til vara krafðist G fébóta eingöngu. Engin fullnægjandi fræðsla lá fyrir í málinu um það, hvaða aðgerðir gætu talist framkvæmanlegar til úrbóta, hvers gagns mætti af þeim vænta eða hversu mikinn fékostnað þær leiddu af sér, en aðalkrafa G virtist miðuð við, að hinir dómkvöddu menn yrðu látnir hafa óbundnar hendur um að ráða fram úr þessu. Að svo vöxnu máli þótti verða að telja aðalkröfu G alltof óákveðna og málsútlistun í sambandi við hana of ófullkomna til þess að unnt væri að leggja dóm á hana. Þá lágu ekki fyrir upplýsingar um tjón, er G taldist þegar hafa orðið fyrir. Þar sem varakrafa G var við það miðuð, að sýknað kynni að verða af aðalkröfunni, þótti heldur ekki rétt að dæma um varakröfuna að efni til, enda ekkert mat fyrir hendi um verðrýrnun á húsi G vegna óhagræðis frá prentsmiðju F. Samkvæmt framanskráðu var héraðsdómurinn, þar sem málið var dæmt að efni til, ómerktur ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi 183

Samkvæmt gestaréttarákvæði í samningi, sem gerður var fyrir gildistöku laga nr. 85. frá 1936, var eftir að lögin komu til framkvæmda, mál sótt fyrir bæjarþinginu í kaupstaðnum A á hendur manni, búsettum í öðru lögsagnarumdæmi, án þess að hafa áður verið lagt til sátta. Að því athuguðu, að gestaréttarmeðferð hafði að eldri lögum að geyma undanþágu frá því að leggja

mál fyrir sáttamenn og skyldu á hendur dómara að leita sátta, *að* semja má samkvæmt 81. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð máls í hvaða lögsagnarumdæmi og þinghá sem er og *að* rétt er eftir 5. gr. 3. mgr. 11. tl. laganna að koma sér fyrirfram skriflega saman um að ganga framhjá sáttanefnd og leggja mál með þeim hætti undir sáttaumleitun dómara, þá þótti greint mál réttilega höfðað. Frávísunardómur héraðsréttarins, sem á því var byggður, að málið hefði ekki verið lagt til aðgerða sáttanefndar, var þessvegna ómerktur og var lagt jafnframt fyrir héraðsdómarann að taka málið til meðferðar að nýju og leggja dóm á það að efni til 227

Með samþykki viðkomandi umboðsmanns þjóðjarða leigði landseti þjóðjarðar einnar dagsláttu land undir sumarbústað, og skyldi sá leigumáli standa, meðan landsetinn sæti þjóðjörðina. Maður nokkur gerði fjárnám í sumarbústaðnum og auglýsti hann til uppboðs. M, sem hafði veðskuldabréf, tryggt í sumarbústaðnum, mótmælti uppboðinu sökum þess að það var ekki auglýst samkvæmt lögum nr. 23 frá 1928. Uppboðshaldari hratt mótmælunum með úrskurði, en sá úrskurður var úr gildi felldur í hæstarétti, með því að lóðarleigan var lögmæt, sbr. 3. og 2. gr. laga nr. 30 frá 1913, og sumarbústaðnum fylgdu slík lóðarréttindi, að nauðungarsala á honum sætti ákvæðum laga nr. 23 frá 1928 243

Samkvæmt kröfum lögreglustjórans í Rvík var tekin fjárnámi hjá A til tryggingar fésektum dómskuld, er hann átti á hendur B, og var dómskuldin síðan seld á uppboði af uppboðsráðandanum í Rvík. Uppboð þetta var ónýtt í hæstarétti eftir kröfu C, sem A hafði framselt allan rétt sinn eftir dómskuldinni. Sótti C síðan lögreglustjórann í Rvík f. h. ríkissjóðs til fébóta vegna hinnar ólögmætu uppboðsgerðar. Var málið dæmt í héraði af hinum reglulega héraðsdómara í Rvík, sem framkvæmt hafði uppboðið. Dómur þessi var ómerktur ex officio í hæstarétti, með því að talið

var, að úrslit málsins gætu, hver sem niðurstaða málsins yrði, varðað héraðsdómarann svo verulega, að hann hefði átt að víkja dómarasæti ex officio 321

Héraðsdómur í máli út af ágreiningi fiskiræktarfélags við ána L og félagsskapar landeigenda við ána Ö, sem rennur um sömu leirur og L til sjávar, ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, með því að kunnáttumenn í veiðimálum höfðu ekki verið kvaddir álita um ágreiningsefnið, eins og það var skilgreint fyrir hæstarétti 402

Skip, sem vátryggt var í vélbátasamtryggingu Eyjafjarðar, dró út annað skip, sem hafði orðið fyrir vélarbilun og vátryggt var í sama félagi, til hafnar. Eigandi skipsins, sem björgunina framkvæmdi, höfðaði síðan mál til greiðslu bjarglauna, og voru honum dæmd þau í héraði, en hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og vísaði málinu frá héraðsdómi, með því að stjórn greinds tryggingarfélags átti samkvæmt félagslögunum úrskurð um bjarglaunin, er síðan mátti skjóta til gerðardómsins 651

Mál, er sæta átti meðferð eftir 3. kafla laga nr. 41 frá 1919 um landamerki o. fl. var dæmt sem almennt einkamál í héraði. Dómurinn var ómerktur í hæstarétti svo og málsmeðferðin frá tilgreindu þinghaldi og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku að nýju samkvæmt téðum lögum 673

b) Opinber mál.

Refsimál höfðað á hendur stjórn kaupfélags eins, án þess að þeir einstaklingar væru nafngreindir, er fyrir sökum voru hafðir, og án þess að nokkur skýrsla væri tekin af stjórnarnefndarmönnunum að einum þeirra undanteknum. Stjórn kaupfélagsins var síðan dæmd til sektargreiðslu, en til vara afplánunar sektarinnar. Þessi málsmeðferð og dómur ómerkt ex officio 267

Opinber mál. Sbr. eftirgrennslan brota, játning, líkur, málasamsteypa, málshöfðun, mat og skoðun, ómerking, refsingar, skaðabætur, sönnun, vitni.

1. Málsmeðferð og rannsókn.

Fundið að því, að refsimáli á hendur manni, var steypt saman við mál á hendur tveimur mönnum, sem það átti ekkert skylt við 11

Fundið að því, að rannsókn var ekki nógu ýtarleg, að tilkynning um málshöfðun og stefna voru óglögg og að lögreglumenn þeir, er málið höfðu haft til meðferðar, voru ekki látnir staðfesta skýrslur sínar 17

Að því fundið í máli á hendur tveimur mönnum, sem afgreiddu á bifreiðastöð og sakaðir voru um að selja þaðan áfengi, *að* menn, sem hlustuðu á vegum lögreglunnar á símtöl við bifreiðastöðina, voru ekki leiddir sem vitni fyrr en kærðu hafði verið tilkynnt málshöfðun, og að kærðu og símhlustendurnir voru ekki samprófaðir, þrátt fyrir vefengingu kærðu á skýrslu þeirra, *að* vitni voru ekki eiðfest, að fráskyldu einu þeirra, *að* tveir menn, sem vottorð gáfu í málinu, voru ekki leiddir sem vitni og loks *að* ýmsir menn, sem símhlustendur kváðu hafa hringt á bílstöðina og pantað áfengi, voru ekki leiddir sem vitni 132

Það athugað í máli ákæruvaldsins gegn lyfsala einum, að héraðsdómarinn taldi í stefnu málsins málið einungis höfðað af valdstjórnarinnar hálfu, enda þótt lyfsalinn væri saksóttur eftir 13. kap. hegningarlaganna, og að málið var nefnt einungis Valdstjórnin gegn ákærða 150

Í máli ákæruvaldsins á hendur tveimur mönnum fyrir þjófnað og hylmingu var það vítt, *að* engin virðing hafði verið látin fara fram á stolnum munum, *að* ákærðu var stefnt í héraði til að sæta refsingu samkvæmt 230. sbr. 232. gr. hinna almennu hegningarlaga og dæmdir þar til refsingar samkvæmt 230. sbr. 233. og 234. gr. sömu laga,

þrátt fyrir það þó allar þessar greinar væru úr lögum teknar með 17. gr. laga nr. 51 frá 1928, *að* ákærðu voru dæmdir til greiðslu skaðabóta, án þess að þeim væri til þess stefnt eða gert aðvart um bótakröfuna, *að* skaðabótakrafan var tekin til greina án nokkurrar virðingar hinna stolnu og eyðilögðu muna eða, ef virðing var óframkvæmanleg, án þess að ákærðu, sem voru ófjárráðir, væri skipaður sakráðamaður og loks að héraðsdómarinn hafði sett í áfrýjunarstefnu, að málinu væri áfrýjað af valdstjórnarinnar hendi í stað réttvísinnar 214

Vitt, að rannsóknardómari hafði ekki nefnt, þegar í upphafi rannsóknar, tvo hæfa menn til þess að rannsaka lækningatæki manns, sem drýgt hafði tilraun til fóstureyðingar og skottulækningar, og þó einkum til að kveða upp álit um, hvort tæki það, er hann hafði haft til fóstureyðingatilrauna, væri nýtt til slíks brots. Ennfremur fundið að því, að ákærði var ekki spurður um trú sína á síðastnefndu tæki að þessu leyti og að ekki var aflað fræðslu um það, hvort konur þær, sem ákærði tók til aðgerða, hefðu haft sjúkdóma þá, sem ákærði taldi þær haldnar af 252

Athugað, að ekkert hafði verið gert til að sannprófa þá frásögn bifreiðarstjóra, er dæmdur var fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot, að farþegar, sem hann flutti, hefðu veitt honum áfengi, meðan hann var við aksturinn 282

Fundið að því, að blóð sem tekið hafði verið úr bifreiðarstjóra, er kærður var fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögunum, var ekki rannsakað og að maður, sem bifreiðarstjórinn tjáði, að hefði veitt sér áfengi, er bifreiðarstjórinn kom heim til hans í bifreið sinni, var ekki yfirheyrður 301

Fundið að því, að vitni var ekki látið eiðfesta skýrslu sína, sem kærði vildi ekki kannast við, að væri fyllilega rétt 325

Fjórar manneskjur voru ákærðar fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 47 frá 1932. Með því að ekkert samband var á milli

verknaða tveggja hinna ákærðu sín á milli né milli verknaða þeirra og verknaða hinna tveggja, þá var að því fundið, að málum þessum hefði verið steypt saman í eitt mál 336

Að því fundið í máli ákæruvaldsins gegn þremur mönnum, er verið höfðu á njósnarbergi um dvalarstaði varðskipanna fyrir erlenda togara, að ekki sást, að dulskeyti frá árinu 1934, sem lögð voru fram í málinu, hefðu verið borin undir tvo hinna kærðu né að reki hefði verið að því gerður að upplýsa, hvort hinir kærðu hefðu þegar á árinu 1934 verið teknir að njósna um ferðir varðskipanna 364

Það athugað við dóm lögregluréttar út af ólöglegum innflutningi áfengis, að láðst hafði að ákveða vararefsingu fyrir þann hluta sektarinnar, sem miðaður var við 40 krónur á hvern lítra ólöglega innflutts áfengis 437

Í opinberu máli út af íkveikju var fundið að því, að ekki var leitt í ljós, hvort hús það, sem kveikt var í, var úr timbri eða steini, né hvernig afstöðu þess til annarra húsa var háttað. Þá var og átalið, *að* ekki var aflað vitneskju um efnahag sökunauta, *að* refsing ákærðu var ákveðin langt undir lágmarki þeirra hegningarákvæða, sem þau voru dæmd eftir, *að* dráttur varð á birtingu héraðsdóms fyrir hinum dómfelldu og afgreiðslu dómsgerða til dómsmálaráðuneytisins og loks *að* einn sökunauta var látinn fara að taka út refsingu samkvæmt héraðsdómi, án þess að dómsmálaráðuneytið fengi áður færi á að ákveða, hvort dóminum skyldi áfrýjað 484

Það talið vant ábóta við rannsókn máls gegn manni fyrir ólöglega áfengissölu, að ekki var getið tilefnis þess, að rannsóknin var hafin né að engin tilraun var gerð til að fréttast fyrir um einstakar ólöglegar áfengissölur kærða, sem játaði á sig brotið 563

Í máli, er ákæruvaldið höfðaði gegn hóp manna fyrir ofbeldi við löggæzlumenn og áverka á þeim, dæmdi héraðsdómari 32 hinna ákærðu „sbr. 202.

gr. hegningarlaganna", enda þótt ríkisvaldið eigi ekki sókn á brotum, er 202. gr. tekur til, og þrátt fyrir það, þótt ekkert væri leitt í ljós um, að sumir hinna ákærðu hefðu beitt menn ofbeldi, er 202. gr. tekur til. Hina 32 greinda menn dæmdi héraðsdómarinn til refsingar eftir 104. gr. hegningarlaganna, en ákvað refsingu þeirra allmargra neðan við refsimörk þeirrar greinar án heimildar. Tvö hin ákærðu dæmdi hann einungis eftir lögreglusamþykkt Siglufjarðar, en skilorðsbundið, án heimildar í lögum, sbr. lög nr. 57 frá 1933. Engra fæðingavottorða aflaði dómarinn, og hegningarvottorð allmargra hinna ákærðu vantaði. Loks hafði allmikill dráttur orðið á málinu 566

Í opinberu máli hafði rannsóknin ekkert beinzt að einu sakaratriðanna og hinir ákærðu höfðu ekkert verið um það spurðir. Að svo vöxnu máli urðu þeir ekki dæmdir til refsingar fyrir það 597

Við húsleit hjá manni fannst áfengi, sem að hyggju efnarannsóknarstofu ríkisins gat verið bruggað hvar sem vera skal. Héraðsdómarinn lét þess getið, að hann hefði leitað álits ýmissa manna um áfengi þetta og hafi þeir talið það vera heimabrugg, óblandað í einu íláti, en í öðrum tveimur ílátum blandað bitterbrennivíni. Enginn þessara manna var nafngreindur né hafði verið kvaddur fyrir rétt. Grundvöllur áfallsdóms ekki talinn vera fyrir hendi 637

2. Nýjar upplýsingar.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð í opinberu máli gegn nokkrum bifreiðastjórum, sem sóttir voru til refsingar fyrir að hafa valið bílum sínum stæði án heimildar á götu í Reykjavík 85

Með úrskurði hæstaréttar var lögreglustjóranum í Reykjavík boðið að dómkveðja þrjá menn til að rannsaka spotta af botnvörpustreng togara, sem grunaður var um að hafa verið að veiðum í landhelgi, en höggvið af sér botnvörpuna, er varðskipið kom á vettvang 213

Vitni eiðfest eftir að héraðsdómurinn var kveðinn upp, en áður en málið var flutt í hæstarétti 325
Mál rannsakað nánar eftir að héraðsdómurinn var kveðinn upp, en áður en málið var flutt í hæstarétti 597

Opinberir starfsmenn. Sjá embættis- og sýslunarmenn.

Ósæmilegur ritháttur.

Krafa í einkamáli um, að maður væri víttur fyrir ósæmileg ummæli í sóknarskjali, ekki tekin til greina, með því að ekki voru tilgreind ummæli þau, er vítaverð voru talin, og engin ummæli viðhöfð, er ástæða þætti að víta ex officio 39
Aðili í einkamáli víttur fyrir ósæmileg ummæli í varnarskjali um andstæðing sinn, og voru ummælin ómerkt 44
Felld niður sekt, sem héraðsdómari hafði gert á hendur aðilja fyrir ummæli í varnarskjali um andstæðing sinn, en ummælin ómerkt 100

Prentfrelsi, prentfrelsislög.

Í dagblaði einu var þannig skýrt frá undirbúningi að viðskiptasamningi, sem gerður var milli Íslands og Spánar 1934, að fyrst hefðu þrír nafngreindir samningamenn hafið samningsumleitanir af hálfu Íslands, „en nokkru síðar og áður nokkrar ákvarðanir voru teknar“ hafi A ásamt öðrum nafngreindum manni bæzt í hópinn. A krafðist þess, að ritstjórum dagblaðsins yrði gert að birta í blaðinu leiðréttingu þess efnis, að grundvöllurinn að samningnum hefði þegar verið lagður af nefndarmönnunum þremur, áður en hann kom til Spánar. Þessi krafa A var ekki tekinn til greina, með því að tilgreind ummæli dagblaðsins gátu vel staðizt, þótt fullyrðing sú, sem A vildi fá birta, væri rétt 237

Refsingar.

1. Almennt um refsingar.

Maður framdi áfengislagabrot, meðan að lög nr. 64 frá 1930 voru í gildi. Refsing hans ákveðin með

hliðsjón af lögum nr. 33 frá 1935, sem leiddu til mildari niðurstöðu 11
Refsiábyrgð fyrir bruggun áfengis talin fyrnd samkvæmt analogiu 67. gr. hegningarlaganna 11
Þrátt fyrir það, þótt einungis væri höfðað opinbert mál gegn manni fyrir brot gegn 23. og 28. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928, þá þótti heimilt að dæma um, hvort verk það, sem ákæruvaldið sakaði hann um, varðaði við 250. gr. hegningarlaganna 17
Sagt, að rétt sé að beita 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928 um málshöfðun vegna minni háttar stuldar einnig analogiskt um málshöfðun fyrir brot, er varða við 250. gr. hegningarlaganna .. 17
Manni, sem var á njósnarbergi fyrir erlenda togara um ferðir og dvalarstaði varðskipanna, talið það til afbötunar, að hann hafði ekki gagnvart eigendum eða skipstjórum togaranna tekizt njósnirnar á hendur, heldur einungis framkvæmt þær um stuttan tíma að boði húsbónda síns og í fjarveru hans 25
Fangelsisrefsing og sekt dæmd sama manni í sama máli fyrir brot á áfengislöggjöfinni 82, 537, 559, 563
Refsing unglinga, sem drýgðu brot, áður en þeir urðu 18 ára, ákveðin með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna 214, 566
Fóstureyðingartilraun og skottulækningar samhliða dæmt 252
Gæzluvarðhald manns, sem dæmdur var til refsingar eftir 2. mgr. 194. gr. hegningarlaganna og eftir 15. gr. 2. tl. laga nr. 47 frá 1932, sbr. 18. gr. sömu laga, látið samkvæmt 59. gr. hegningarlaganna koma í stað refsingar þeirrar, sem hann hafði unnið til 252
Í einu lagi dæmd fangelsisrefsing fyrir brot gegn áfengis- og bifreiðalögunum, lögreglusamþykkt Reykjavíkur og eftir hegningarlögunum fyrir ofbeldi við lögregluna 264
Þrátt fyrir það þótt mál væri höfðað einungis eftir áfengislögunum gegn bifreiðarstjóra, sem verið hafði undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðar,

þótti mega ákveða refsingu hans einnig með hliðsjón af bifreiðalögunum, þar eð kærði átti að vísu að ganga um það, fyrir hvaða verk mál var höfðað gegn honum 282
Refsing manns, sem dæmdur var eftir 1. mgr. 204. gr. hegningarlaganna fyrir misþyrming á konu sinni, ákveðin með hliðsjón af þeim óhægindum, sem var á hjúskap þeirra hjóna 285
Refsing manns, sem dæmdur var fyrir ólöglega áfengissölu, ákveðin samkvæmt analogiu 59. gr. hegningarlaganna með hliðsjón af því, að hann hafði setið 5 daga í gæzluvarðhaldi 325
Hjón, sem ráð þóttust hafa á andlegum lækningakrafti, gerðu það að skilyrði fyrir aðstoð sinni, að sjúklingar leituðu ekki læknis, meðan þeir væru undir hendi þeirra. Þetta talið varða við analogiu 15. gr. 1. tl. laga nr. 47 frá 1932 og að því er til berklasjúklinga tók við analogiu 16. gr. sömu laga 336
Í máli á hendur manni, sem kærður var fyrir ólöglegan innflutning áfengis, láðist héraðsdómaranum að ákveða vararefsingu fyrir þann hluta sektarinnar, sem miðaður var við 40 krónur á hvern lítra ólöglega innflutts áfengis 437
Maður, sem dæmdur hafði verið til refsivistar fyrir brennu húss, var látinn fara að taka út refsinguna, áður en dómsmálaráðuneytið fengi færi á að segja til um, hvort dóminum skyldi áfrýja. Þegar það komst að þessu, lét það manninn fara úr refsivistinni og áfrýjaði dóminum. Þar sem ákvörðunin um framkvæmd refsingarinnar samkvæmt héraðsdóminum var tekin af manni, sem ekki var til þess bær að lögum, þá þótti mega dæma málið að efni til í hæstarétti, sbr. 15. gr. tsk. 24. jan. 1838. Hinsvegar sagt, að þegar dómi hæstaréttar yrði fullnægt, bæri að taka fullt tillit til þeirrar refsingar, sem dómfelldi áður hafði tekið út, þannig að kostur hans yrði sá sami sem hann hefði orðið, ef hann hefði tekið alla refsinguna út í einu lagi 484
Átalið, að dómari ákvað refsingu sakfelldra manna

undir því lágmarki, sem segir í hegningarákvæðum þeim, sem hann heimfærði brot þeirra undir 484, 566

A, sem var stjórnandi hlutafélags, lét firma, sem hann var eigandi að, lána hlutafélaginu stóra fjárhæð peninga. Eftir að hann sá gjaldþrot hlutafélagsins fyrir, gaf hann að fengnu samþykki hluthafafundar út f. h. hlutafélagsins til síns eigin firma skuldabréf, tryggt með veði í fasteign hlutafélagsins, fyrir greindu láni. Þessi verknaður talinn varða hann refsingu eftir analogiu 262. gr. hegningarlaganna 597

Rannsókn opinbers máls beindist ekkert að einu sakaratriða þess og voru ákærðu ekkert um það spurðir. Urðu þeir þessvegna ekki dæmdir til refsingar fyrir það 597

Við ákvörðun refsingar á hendur manni, sem dæmdur var fyrir ítrekaða sölu áfengis í atvinnuskyni, var tekið tillit til þess, að hegningarákvæði áfengislaga nr. 33 frá 1935, sem kærði var dæmdur eftir, eru að miklum mun vægari en samskonar ákvæði áfengislaga nr. 64 frá 1930, sem kærði síðast áður var dæmdur eftir 559

2. *Einstakar refsitegundir.*

a. Sektir dæmdar 3, 6, 11, 25, 30, 82, 100, 106, 132, 282, 301, 325, 391, 408, 475, 522, 534, 537, 563, 637, 643, 646

b. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 17, 33, 82, 214, 229, 233, 252, 261, 264, 285, 336, 531, 537, 559, 563, 566, 597, 646, 655

c. Betrunarhúsvinna 484

d. Missir réttinda:

1. Bifreiðarstjóri sviptur ökuleyfi 3, 264, 282, 301, 475

2. Þrír menn sviptir rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um 5 ára bil 597

3. Maður sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar 252

e. Eignir dæmdar upptækar:

1. Afli og veiðarfæri togara gerð upptæk 534

2. Bruggað áfengi gert upptækt 637

Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir, viðskiptatilkynningar.

Réttarfar. Sbr. aðild, áfrýjun, barnsfaðernismál, dómar, dómarar, eiður, endurupptaka, frávísun, frestir, gagnsakir, heimvísun, játning, líkur, málasamsteypa, málskostnaður, mat og skoðun, sáttir, skjöl, stefnur, sönnun, úrskurðir, varnarþing, vettvangsmál, vitni.

Mál flutt skriflega fyrir hæstarétti, af því að stefndi mætti ekki 1, 69, 247, 370, 416, 422, 454, 547

Það talið bera undir dómsmálaráðuneytið en ekki dómstólana að meta hverju sinni ástæður til framlengingar á málshöfðunarfresti í barnsfaðernismálum samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1921 37

Bankaútibúi, sem var stefnt fyrir hæstarétt til að gæta réttar síns í máli, er tveir aðrir aðiljar áttust þar við, ekki dæmdur málskostnaður þar, enda höfðu engar kröfur verið gerðar þar á hendur því og það ekki áfrýjað af sinni hálfu 44

Aðili, sem sýknaður var af fébótakröfu í héraði, gagnáfrýjar máli til að fá dæmt um málskostnaðarkröfu sína í héraði 51

Í lögtaksmáli á hendur manni til innheimtu útsvara fyrir árið 1935 og 1936 hreyfði hann engum mótmælum gegn því, að útsvar, er á hann ar lagt 1936, hefði ekki verið gjaldkræft, þegar lögtak hófst fyrir því 24. júní 1936. Það þótti þessvegna mega láta ganga dóm um, hvort honum væri lögskylt að greiða útsvarið 86

Í máli á hendur A til endurheimtu oftekinna vaxta bar málfærslumaður hans ekki fram varnir á þeim grundvelli, að slíkir vextir væru ekki endurheimtanlegir að lögum, en með því að málfærslumaðurinn hafði mótmælt kröfu stefnanda og þar eð ekki varð álitið, að hann vildi á neinn hátt svipta umbjóðanda sinn þeim rétti, er hann hafði að lögum, þá þótti mega leggja dóm á málið að þessu leyti, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936 91

Nýjar upplýsingar lagðar fyrir hæstarétt í meiðyrðamáli, sem ekki höfðu legið fyrir héraðsdómi .. 100
Héraðsdómari neitaði með úrskurði um frest til vitnaleiðslu í einkamáli og kvað síðan upp dóm í málinu. Aðili sá, sem synjað var frestsins, krafðist þess aðallega fyrir hæstarétti, að úrskurður héraðsdómarans yrði felldur úr gildi, að héraðsdómurinn yrði ómerktur og öll málsmeðferðin frá uppkvaðningu úrskurðarins, málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar og héraðsdómaranum gert að skyldu að veita hæfilegan frest til vitnaleiðslu. Var síðan þessi aðalkrafa sótt og varin sér fyrir hæstarétti og tekin til dóms eða úrskurðar, án þess að vikið væri að efni málsins frekar en sókn og vörn aðalkröfunnar veitti efni til 158
Það talið misbrestur í héraðsdómi, að dómarinn hafði ekki dæmt berum orðum um varnarástæðu, sem höfð var uppi í málinu 162
Dómur og málsmeðferð ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi vegna óákveðinna dómkrafna og ónógrar málsútlistunar 183
Í máli á hendur bæjarsjóði Reykjavíkur til endurheimtu vatnsskatts af húsi, sem brunnið hafði, bar málfærslumaður stefnanda ekki fram þá sóknarástæðu, að helmingur vatnsskattsins, sem heimtur hafði verið fyrir bruna hússins, hefði ekki verið fallinn í gjalddaga, þegar húsið brann, en með því að framkoma málfærslumannsins varð ekki túlkuð þannig, að hann hefði viljað svipta umbjóðanda sinn þeim rétti, er hann hafði að lögum, þá þótti bera að leggja dóm á málið að þessu leyti, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936 171
Við rannsókn barnsfaðernismáls neitaði maðurinn samförum við konuna á getnaðartíma barnsins. Síðar í sama þinghaldi var skýrsla hans bókuð þannig, að hann hafi ekki „eftir því sem hann muni bezt“ haft samfarir við konuna á greindum tíma. Þetta varúðarsama orðalag ekki talin

viðurkenning á faðerni barnsins né afturköllun á synjun hans fyrir faðernið 193
Ekki dæmt um skaðabótakröfu út af refsiverðu athæfi í refsimáli, með því að héraðsdómarinn hafði hvorki látið bótakröfunnar getið í stefnu né borið hana undir ákærðu 214
Þrátt fyrir afnám gestaréttarmeðferðar samkvæmt 224. gr. laga nr. 85 frá 1936 er fullgildur samningur, sem menn hafa gert með sér um rekstur máls í hvaða lögsagnarumdæmi sem er og í hvaða þinghá sem er, sbr. 81. gr. laganna. Slíkur samningur felur í sér heimild til að ganga fram hjá sáttanefnd, með því að menn geta samkvæmt 5. gr. 3. mgr. 11. tl. greindra laga komið sér fyrirfram skriflega saman um að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja mál með þeim hætti undir sáttaumleitun dómara. Eftir gildistöku laga nr. 85 frá 1936 frávísaði héraðsdómari máli, sem svo var ástatt um, sem hér segir, en frávísunardómurinn var ómerktur í hæstarétti og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 227
Með því að héraðsdómari hafði einungis úrskurðað um, hvort formleg skilyrði fyrir framkvæmd fjárnáms væru fyrir hendi, varð ekki í hæstarétti dæmt um nema formhlið málsins 247
Endurupptaka máls, sem tekið hafði verið undir dóm, heimiluð að kröfu stefnds 397
Umsögn annars aðilja um málsatriði lögð til grundvallar, með því að henni var ekki mótmælt .. 397
Krafa ekki talin nægilega ákveðin til þess að dómur yrði á hana lagður, og henni því vísað frá héraðsdómi 382
Ómerking málsmeðferðar og dóms vegna gallaðrar málsútlistunar 402
Maður, sem var krafinn um eftirstöðvar skuldabréfs, bar það fyrir í hæstarétti, að skuldin hefði ekki verið gjaldkræf, þegar málið var höfðað, þar eð engin uppsögn hefði farið fram. Þessi varnarástæða talin of seint fram komin, með því að í héraðsstefnunni var því lýst, að láninu hefði

verið sagt upp, og þeirri staðhæfingu hafði ekki verið andmælt í héraði 541
Gegn mótmælum stefnda ekki dæmdir hærri dráttarvextir af vöxtum skuldar heldur en krafizt var í héraðsstefnu, þótt samið hefði verið um hærri dráttarvexti í öndverðu 541
Stefndir í víxilmáli mæta fyrir héraðsdómi, en hreyfa þar engum mótmælum gegn kröfum stefnanda, og voru kröfur hans því teknar til greina að öllu 547
Héraðsdómur í máli um bjarglaun ómerktur, með því að málið heyrði undir úrlausn vátryggingarfélags þess, er bæði skipin voru tryggð hjá, en þeim úrskurði mátti skjóta til gerðardóms 651
Deilt um framlagningu og afhendingu skjala í dómsmáli 659

Réttarfarssektir.

Felld niður sekt, sem héraðsdómari hafði dæmt aðilja í fyrir ummæli í varnarskjali um andstæðing sinn, en ummælin ómerkt 100

Sakamál. Sjá dómar, eftirgrennslan brota, játning, líkur, málskostnaður, opinber mál, refsingar, sönnun, sakhæfi, saknæmi.

Sakhæfi.

Héraðslæknir taldi mann, sem olli í ölvunarástandi, að sjálfs sín sögn, íkveikju af gáleysi, eiga heima á geðveikrahæli. Geðveikralæknir kvað hinsvegar upp það álit, að hann væri hvorki fáviti né geðveikur, en þyldi áfengi illa og gæti þá framið verk, sem lægi honum ella fjarri. Var ákærða refsað samkvæmt 286. gr. sbr. 40. gr. hegningarlaganna 17
Geðveikralæknir taldi mann, sem drýgði saurlíft athæfi gagnvart tveimur stúlkubörnum, 5 og 8 ára, haldinn organiskum geðsjúkdómi á byrjunarstigi. Ákærða var refsað með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 233
Geðveikralæknir taldi, að maður, sem drýgt hafði tilraun til fóstureyðingar og iðkað skottulækningar, væri geðveikur á vægu stigi, haldinn dementia

senilis, sem lýsti sér í athyglis- og minnisbilun, einkum þó bilandi næmi svo og minnkuðum andlegum hömlum. Ákærða var refsað með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna 252

Saknæmi.

A hafði tekið að sér ásamt öðrum manni að hafa eftirlit með flutningi reykháfs, sem komið var fyrir á tengivagni, er festur var aftan í bifreið, og skyldi A ganga vinstra megin við ökutækin. Drengur, 4 ára að aldri, varð fyrir vinstra afturhjóli tengivagnsins. A ekki talinn hafa rækt starfa sinn með fullri gát og með þeim hætti valdið slysinu. Var honum refsað eftir 200. gr. hegningarlaganna 6

Maður, sem var andlega miður sín, komst í ölvunarástandi, að sjálfs sín sögn, inn í læst og mannlaust sumarhús og kveikti þar ljós. Eldur kom upp í húsinu. Manninum refsað fyrir íkveikju af gáleysi eftir 286. gr. hegningarlaganna 17

Sagt, að maður, sem sent hafði togara upplýsingar um ferðir og dvalarstaði varðskips, hefði ekki getað gengið þess dulinn, að upplýsinganna var óskað í sambandi við landhelgigæzlu varðskipsins. Var manni þessum refsað eftir 4. gr. laga nr. 5 frá 1920 ..... 106, 643

A, sem réð fyrir smíð húss, tók tvö börn úr sandhrúgu, er bíll var að aka upp í við húsið. Meðan hann var að forða börnunum burt, varð lítil telpa fyrir bílnum í sandhrúgunni. Ekki talið víst, að telpan hefði verið komin í sandhrúguna, þegar A tók hin börnin þaðan, og að honum hefði þá yfir hana sézt. Var hann þess vegna sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi .. 144

A, sem fékkst við skottulækningar, dróst á það við barnsföður þungaðrar konu að eyða fóstri hennar. Lét hann síðan konuna sæta meðferð, sem henni að vísu varð ekkert meint af, en héraðslæknir taldi, að hefði getað leitt til fósturláts. A talinn sekur um tilraun til fósturdráps. Þeim framburði hans, að hann hefði viðhaft þessar

aðgerðir til að forða konunni frá að leita lækna í þessu skyni, ekki gaumur gefinn 252
Hreppsnefndarmenn tóku tvo menn á kjörskrá til alþingiskosninga, sem sakfelldir höfðu verið fyrir atkvæðafölsun. Þessi ákvörðun hreppsnefndarmannanna talin röng, en hinsvegar talið varhugavert að fullyrða, að hún hefði verið gerð gegn betri vitund eða vegna slíkrar vanrækslu, að varða ætti hreppsnefndarmennina refsiábyrgð 273
Þótt ekki hefði verið farið að með fullri gát af hendi vélsmiðju, sem gerði við og setti í samband við gufuketil gufusuðupott í verksmiðju nokkurri, var vélsmiðjan samt sýknuð af skaðabótakröfu verksmiðjunnar vegna slyss, er hlauzt af sprengingu pottsins, með því að atferli fyrirsvarsmanns verksmiðjunnar mátti um kenna, hvernig fór, enda hafði vélsmiðjan neitað að taka nokkura ábyrgð á pottinum 288
Tvær manneskjur, sem reyndu að hjálpa sjúku fólki með fyrirbænum og andlegum krafti, er þau nefndu svo, sýknuð af ákæru samkvæmt lögum nr. 47 frá 1932 og 26. kap. hegningarlaganna. Hjón, sem einnig voru ákærð eftir sömu lögum, sýknuð af ákæru eftir 26. kap. hegningarlaganna, þar sem ekki þótti fullyrðanda, að þau hefðu haft í frammi vísvitandi blekkingar til að hafa fé af mönnum. Hinsvegar voru hjónin dæmd til refsingar fyrir brot gegn 15. gr. 1. tl. og 16. gr. laga nr. 47 frá 1932, að nokkru beinlínis og að nokkru analogiskt, fyrir að hafa bundið atbeina þann, er þau veittu sjúkum mönnum, því skilyrði, að þeir leituðu ekki lækna 336
Sex bifreiðarstjórar frá sömu bifreiðastöð voru kærðir fyrir, að þeir hefðu látið bifreiðar sínar standa allar samtímis á götu fyrir framan starfhýsi bifreiðastöðvarinnar, þar sem einungis ein bifreið frá stöðinni mátti hafa stæði. Leitt þótti í ljós, að einn hinna kærðu hefði átt rétt á stæðinu á þeim tíma, er máli skipti, en þar sem ekki varð vitað, hver þeirra það var, voru þeir allir sýknaðir 433

Skipstjóri og útgerðarmaður skips talinn eiga sök á því, að það rak í illviðri á bryggju og olli spjöllum á henni, þar sem hann hafði lagt skipinu mannlausu, landfestalausu og án vélarnota á höfninni 471

A var að láta benzin á bil sinn, og varð hann að taka slönguna inn um glugga bílsins, með því að op benzíngeymisins var inni í bílnum. Hann fór, á meðan að á þessu stóð, með logandi ljósker inn í bílinn til að aðgæta benzínmæli bifreiðarinnar. Kviknaði þá í benzíneiminum og brann bíllinn. Með því að ekki varð talið, að A hefði gert sér grein fyrir eldfimihættu benzíns né hefði verið veitt fræðsla um hana, þá var atferli hans ekki metið honum til stórkostlegs gáleysis 479

Ekki talið sannað, að nokkrir menn, sem staddir voru á bryggju, þar sem árás var hafin á lögreglulið, hefði brotið bann lögreglustjóra við vist á bryggjunni, með því að ekki var sannað, að þeir hefðu heyrt það bann 566

Þann 19. janúar 1933 var úrskurðað gjaldþrota hlutafélag nokkurt, sem fengizt hafði við fiskþurrkun og fiskaðgerð og keypt hafði fisk í því skyni að verka hann og selja síðan. Talið, að stjórnendur þess þrír hefðu í byrjun okt. 1931 hlotið að sjá fyrir, að gjaldþrot þess var yfirvofandi. Telja mátti víst, að þeir hefðu þá þekkt efnahagsreikning þess fyrir árið 1930, sem sýndi miklar skuldir umfram eignir. Í okt. var einnig skollið á verðhrun á fiski og söluhorfur hans mjög slæmar, en hlutafélagið átti miklar fiskbirgðir, sem keyptar höfðu verið fyrri hluta þess árs. Nefndum stjórnendum var þess vegna refsað fyrir ýmsar ívilnanir til sumra lánardrottna hlutafélagsins eftir greindan tíma 597

Samningar. Sbr. kaup og sala, skaðabætur, skuldir, vinnusamningar.

B tók á leigu byggingarlóð í sjávarþorpi. Skyldi honum vera heimilt að selja og veðsetja réttindi

þau, er lóðarleigusamningurinn veitti honum, ásamt mannvirkjum þeim, er hann kynni að reisa á lóðinni. Var síðan hafin bygging húss á lóðinni. Byggingarefnið lagði A fram að töluverðu leyti. Meðan að húsið var í smíðum, gerðu A og B með sér samning, þar sem A lofaði að selja B húsið fyrir tiltekið kaupverð. B fór síðan um margra ára skeið með húsið sem sína eign, hélt því við, tók arð af því, leiddi rafmagn og vatn inn í það, byggði skúr hjá því og greiddi af því skatta og skyldur. Hinsvegar greiddi B ekki byggingarefnið, nema að litlu leyti. Varð þetta til þess, að A höfðaði mál gegn B og krafðist þess, að viðurkenndur yrði með dómi eignarréttur sinn að húsinu. Talið, að B væri eigandi hússins, og greindur samningur aðiljanna skýrður þannig, að tilætlun þeirra hefði verið, að A fengi hlutbundna tryggingu í húsinu fyrir fémunum þeim, sem hann hefði lagt fram til gerðar þess 44

Í máli á hendur Síldareinkasölu Íslands taldi héraðsdómarinn, að Síldareinkasalan hefði samkvæmt lögum nr. 61 frá 1929 tekið á sig ábyrgð á greiðslu verkunarlauna fyrir síld, sem stefnandinn verkaði 1931. Í hæstarétti var ekki dæmt um þetta atriði, með því að málinu var einungis áfrýjað af hendi stefnandans í héraði 117

A gerði við ljóstæki í bát B og setti upp fyrir það kr. 499.75. B kvað hann hafa tekið verkið að sér í ákvæðisvinnu fyrir 435 til 450 krónur. Ekki talið sannað, að samið hefði verið um ákvæðisvinnu, enda benti það atriði, að fjárhæðin var ekki fullákveðin, til þess, að hér hefði verið um áætlunarfjárhæð að tefla, eins og A hélt fram 162

A hafði átt lyfjavörur í lyfjabúð B. Brunnu þær þar ásamt lyfjabúðinni. B framseldi A rétt sinn á hendur vátryggingarfélagi því, sem hann hafði tryggt lyfjavörurnar hjá. Gagnvart A bar vátryggingarfélagið það fyrir, að því væri óskylt að sæta málssókn af hendi annarra en B eða bús hans

til greiðslu brunabótanna. Þessi vörn talin haldlaus, með því að vátryggingarfélagið hafði viðurkennt A sem réttan samningsaðilja með því að ganga til samninga við hann um brunabæturnar 200

Bæjarstjórn, sem ráðstafað hafði tveimur þurfalingum sínum á elliheimili í öðru bæjarfélagi, ekki talin geta bundið enda á skyldu sína til greiðslu fúlgu með gamalmennunum með því einu að segja upp skiptum sínum við elliheimilið og vísa því á að beina kröfum útaf gamalmennum á hendur bæjarsjóði, þar sem elliheimilið er 382

Skip var gert út af nokkrum samlagsmönnum til fiskjar utan heimilis þess. Veiðarfæri og aðrar skipsnauðsynjar voru teknar út í verzlun (V) á útgerðarstaðnum. Af hendi samlagsmanna var því haldið fram, að framkvæmdarstjóri þeirra hefði samið um úttektina. Þessu var neitað af hálfu V. Krafðist V sjóveðs í skipinu og sameiginlegrar ábyrgðar nokkurra samlagsmanna á úttektinni. Úrslit urðu, að synjaði fyrirsvarsmaður V þess með eiði að hafa samið við framkvæmdarstjóra samlagsmanna um úttektina, þá skyldi V hafa sjóveð í skipinu fyrir úttektinni og samlagsmenn vera sýknir, en yrði eiðurinn ekki unninn, skyldi sjóveðskrafan ekki til greina tekin, en samlagsmenn greiða úttektina in solidum 421

Samvinnufélög.

Samvinnufélag sýknað af kröfu um að greiða sveitarsjóði viðkomandi hrepps gjald, samkvæmt 3. tl. 38. gr. laga nr. 36 frá 1921, af húsi, sem var eign kaupfélagsins og nær eingöngu var notað til íbúðar fyrir kaupfélagsstjórann og fjölskyldu hans 348

Samþykki.

Vátryggingarfélag, sem sótt var til greiðslu brunabóta, bar það fyrir, að því væri ekki skylt að hlíta málssókn stefnandans, sem fengið hafði kröfuna framselda af vátryggingartakanum. Þessi

varnarástæða var að engu höfð, með því að vátryggingarfélagið hafði áður samþykkt aðild stefnandans með því að ganga til samninga við hann 200

Sáttir.

Með því að gestaréttarákvæði í samningi fól í sér að eldri lögum undanþágu frá því að leggja mál til sátta fyrir sáttanefnd og skyldu á hendur héraðsdómara til að leita sátta í því og með því að aðiljum er heimilt að semja um varnarþing eftir 81. gr. laga nr. 85 frá 1936 og samkvæmt 5. gr. 3. mgr. 11. tl. sömu laga að koma sér fyrirfram skriflega saman um að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja mál með þeim hætti undir sáttaumleitan dómara, þá var lögleg talin málssókn án undanfarandi sáttaumleitunar fyrir sáttanefnd á hendur manni, sem búsettur var utan þess lögsagnarumdæmis, sem málið var sótt í, samkvæmt samningi, gerðum fyrir gildistöku laga nr. 85 frá 1936. Af greindum ástæðum var ómerktur héraðsdómurinn, sem frávísaði málinu, vegna þess að sáttanefnd var ekki látin fjalla um það, og því vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 227

Hlutafélag, sem átti í dómsmáli, dæmt í málskostnað í héraði, með því að stjórnin hafði sent umboðsmann á sáttafund, án þess að sanna forföll. Málinu var ekki áfrýjað af hendi hlutafélagsins 288

Sektir. Sjá refsingar.

Sératkvæði. Sjá ágreiningsatkvæði.

Siðferðisbrot. Sjá kynferðisbrot.

Siglingar. Sjá björgun, botnvörpuveiðabrot, sjódómur, sjó- og verzlunardómur, sjóveð.

Síldareinkasala Íslands.

Í máli, sem A höfðaði gegn Síldareinkasölu Íslands til greiðslu verkunarlauna síldar, taldi héraðsdómarinn, að Einkasalan hefði samkvæmt lögum

nr. 61 frá 1929 tekið á sig ábyrgð á greiðslu verkunarlauna síldar, er A verkaði sumarið 1931. Horf hæstaréttar til þessa sakaratriðis varð ekki vitað, með því að málinu var einungis áfrýjað af A 117
Síldareinkasalan var dæmd til að greiða A þóknun fyrir uppskipun, geymslu og afhendingu á tunnum og salti, er Einkasalan átti og látið var í té öðrum en A, og ennfremur fyrir uppskipun á salti, er meiri kostnaður fylgdi en títt var, enda Einkasalan eigandi þessara verðmæta 117
Upphæð launa fyrir síldarverkun, sem A krafði skilanefnd Síldareinkasölu Íslands um, ákveðin með hliðsjón af vottorði umboðsmanns Einkasölunnar á Siglufirði, sem ekki hafði verið mótmælt 117

Símar.

Dulmálsskeyti, sem voru á skjalasafni Landssímans, rannsökuð vegna ætlaðra brota á botnvörpuveiðalöggjöfinni 25, 30, 106, 364, 643
Lögreglan lætur, að fenginni heimild til þess í dómsúrskurði, hlusta á símasamtöl við bifreiðastöð til að afla vitneskju um, hvort áfengi væri selt frá stöðinni 132

Sjódómur, sjódómsmál.

Mál til ákvörðunar bjarglauna 178, 358, 372, 554
Mál til innheimtu bóta fyrir spjöll, er skip olli á bryggju 471

Sjó- og verzlunardómur.

Mál til innheimtu greiðslu fyrir útgerðarnauðsynjar til fiskiskips 421
Mál til ákvörðunar bjarglauna 449, 515

Sjóveð.

Dæmt sjóveð í björguðu skipi til tryggingar bjarglaunum og málskostnaði við innheimtu þeirra 178, 358, 372, 515, 554
Ekki dæmt sjóveð fyrir málskostnaði í hæstarétti í máli til innheimtu bjarglauna með því að þess var ekki krafizt 372

Ekki dæmt sjóveð í skipi fyrir bjarglaunum og innheimtukostnaði þeirra, enda þess ekki krafizt, þar sem vátryggingarfélag hafði gengið undir ábyrgð á þeirri fjárhæð, er dæmd yrði 449

Nokkrir menn tóku á leigu og gerðu út í samlagi til fiskjar skip utan heimilis þess. Réðu þeir mann búsettan á útgerðarstaðnum sem framkvæmdastjóra samlagsútgerðarinnar (S). Veiðarfæri og aðrar skipsnauðsynjar voru teknar út í verzlun (V) á útgerðarstaðnum. Ýmsir samlagsmanna tóku auk þess út í reikning S hjá V einkanauðsynjar, aðallega sjófatnað, er taldar skyldu þeim til gjalda, er samlagsmenn gerðu út um viðskipti sín. V talið heimilt að láta greiðslur inn á reikning S ganga fyrst til lúkningar síðarnefndum úttektum, er sjóveð gat ekki stofnazt fyrir. Fyrir skipsnauðsynjunum krafðist V sjóveðs í skipinu, þar sem úttekt þeirra hefði verið gerð af skipstjóra og stýrimanni utan heimilis skipsins. Jafnframt voru nokkrir samlagsmanna krafðir greiðslu á úttektinni. Eigandi skipsins andmælti sjóveði með skírskotun til vitnisburðar framkvæmdastjóra samlagsmanna, sem kvaðst hafa samið um úttektina við fyrirsvarsmann V. Vitnaskýrslu framkvæmdastjórans var mótmælt, þar sem hann var bróðir konu skipseigandans. Lyktir málsins urðu, að V skyldi hafa sjóveð í skipinu fyrir úttektinni, ef fyrirsvarsmaður V synjaði þess með eiði, að framkvæmdastjóri samlagsmanna hefði samið við hann um úttektina, og skyldu hinir stefndu samlagsmenn þá sýknir af kröfum V. Ef fyrirsvarsmaðurinn féllist á eiðnum, skyldi sjóveðskrafan ekki tekin til greina, en þá skyldu hinir stefndu samlagsmenn greiða úttektina in solidum 421

Skaðabætur.

a) Vegna vanefnda á samningi eða slíks sambands. Sjá einnig vinnusamningar.

A, sem auk sýslumannsembættis hafði haft á hendi póstafgreiðslu um allmörg ár, var sagt upp þeim

starfa frá 1. júlí 1930. Þann 14. nóv. 1935 höfðaði hann mál til skaðabóta útaf starfamissi þessum og bar fyrir, að lán, sem honum var veitt að fyrirlagi alþingis 1921 til byggingar íveruhúss, hefði verið við það miðað, að hann héldi áfram póstafgreiðslunni og öðlaðist þann veg aðstöðu til að standa straum af því. Dómstólar töldu, að aðgerðir alþingis eða ríkisstjórnar yrðu ekki, hvorki í sambandi við lánveitinguna né endranær, skildar þannig, að ríkinu hefði skapazt skylda til að hafa A lengur í þjónustu sinni en lög stóðu til á hverjum tíma, og þar eð ráðherra hefði samkvæmt 7. gr. laga nr. 40 frá 1929 haft heimild til að segja honum upp starfinu, þá ætti hann ekki kröfu til fébóta vegna uppsagnarinnar 308

S réð konuna R sem stjórnanda hringsaumsdeildar sinnar um tiltekinn tíma fyrir fast kaup auk ákveðinnar þóknunar af hverri fullunninni flík. R réð síðan stúlkur og klæðskera til hringsaumsins. Eftir að hringsaumurinn hafði verið starfræktur í nokkra mánuði, reis deila á milli S og áminnzt klæðskera, er lyktaði þannig, að klæðskerinn lét af störfum. Um líkt leyti voru nokkrar af stúlkum þeim, sem R hafði ráðið, hættar störfum. Var R nú flutt á hraðsaumastofu S, og er hún hafði verið þar litla hríð, vék hún úr þjónustu hans. Höfðaði hún síðan mál á hendur honum til fébóta. Kvað hún klæðskera þann, er forstöðu veitti hraðsaumastofunni, hafa vísað sér á brott, en S taldi hana hafa farið sjálfviljuga. Ekki talið sannað, að klæðskerinn hefði vísað henni á brott né að hann hefði haft heimild til þess af hendi S. Sannanir voru heldur ekki taldar fram komnar fyrir því, að samdráttur sá, er hafði orðið á vinnunni á hringsaumadeildinni hefði orðið af ástæðum, er S ætti að svara R fyrir, né heldur að R hefði slegið neinn varnagla um fébætur, er vist hennar hjá S lauk. Voru fébótakröfur R þess vegna ekki teknar til greina 350

A réð B til vinnu um þriggja mánaða skeið í búð

sinni gegn föstu mánaðarkaupi. B lagðist í kighósta, eftir að hann var nýtekinn við starfinu, og lá um tvær vikur. A sleit samningnum, eftir að B hafði verið fjarvistum um viku. Með því að A hafði ekki ástæðu til að ætla, að B yrði lengi frá vinnu, voru samningsslitin ólögmæt og A dæmdur til að greiða B skaðabætur 445

b) Skaðabætur utan samninga.

A höfðaði mál á hendur skilanefnd Síldareinkasölu Íslands (E) til greiðslu verkunarlauna á síld. E höfðaði gagnsök til greiðslu bóta vegna þess, að síldin hefði reynzt ónýt og spillt, er selja átti hana erlendis. Meðal málsskjala voru vottorð frá umboðsmanni E, sem samkvæmt 12. gr. reglugerðar 19. júlí 1929 skyldi taka við síldinni af saltendum og gæta hagsmuna E gagnvart þeim. Samkvæmt vottorðunum var síldin, þegar A lét hana af höndum, góð og óspillt vara. Var A þess vegna sýknaður af kröfum E, enda ekki talið, að á honum hvíldi frekari bótaskylda en af almennum skaðabótareglum leiðir 117

Í máli ákæruvaldsins á hendur tveimur mönnum fyrir þjófnað var krafizt bóta fyrir stolna og eyðilagða muni. Um kröfu þessa, varð ekki dæmt í málinu, með því að héraðsdómarinn lét hennar hvorki getið í stefnu né skýrði ákærðu frá því, að hún væri fram kominn 214

Í verksmiðjunni F var af hendi vélsmiðjunnar H settur niður eimketill, og var gufuþrýstingurinn í honum 6 kg/cm eða 100 pund á ferþumlung. Á ketilinn var settur öryggisloki, þannig að gufuþrýstingurinn í vélum þeim, er fyrir gufuaflinu gengu, var 30—40 pund á ferþumlung. Eitt af tækjum þeim, sem H setti í samband við ketilinn, var suðupottur, er F hafði pantað, og var hann þannig gerður, að á honum voru tveir botnar. Var gufunni hleypt milli botnanna og hitaði hún þannig efni það, sem í pottinn var látið. Ekki var samþykki vélaeftirlitsmanns ríkisins fengið til notkunar pottsins. Við fyrstu suðu bilaði pott-

urinn. Um sama leyti komst fyrirsvarsmaður F, sem ætlað hafði sér að fá pott að styrkleika í samræmi við ketilinn, að raun um, að potturinn þyldi einungis ca. 15 pund á ferþumlung. H tók síðan pottinn til viðgerðar að þrábeiðni fyrirsvarsmanns F. Í fyrstu suðu eftir viðgerðina rifnaði innri botn pottsins, innihald hans þeyttist út um starfhýsið og brenndi tvo menn. Leitt var í ljós með álitsgerð kunnáttumanna, að viðgerð H á pottinum var misheppnuð. Breytni fyrirsvarsmanns H þótti óviðurkvæmileg, en samt var H ekki gert að greiða bætur, með því að fyrirsvarsmaður F tók pottinn í notkun, þrátt fyrir það þótt hann vissi, að hann þoldi ekki gufuþrýstinginn frá eimkatlinum, án þess að setja á hann öryggisloka og án þess að fá leyfi véla-eftirlitsmanns ríkisins til notkunar pottsins. Ennfremur var sannað með vitnaskýrslum, að H hafði undanþegið sig ábyrgð á pottinum 288

Bifreiðarstjóri ók fram hjá hóp barna, sem voru í boltaleik. Varð telpa ein, 8 ára að aldri, fyrir bifreiðinni og hlaut af áverka svo mikinn, að taka varð af henni hægri fótinn um mitt læri. Bifreiðarstjórinn viðurkenndi að hafa tekið eftir, að börnin sáu til bifreiðarinnar, nema greind telpa, sem var að elta boltann. Talið, að bifreiðarstjórinn hafi átt aðalsökina á slysinu. Eigandi bifreiðarinnar dæmdur til að greiða telpunni fébætur fyrir heilsutjón, þjáningu, læknishjálp og sjúkrahúsvist 303

Þrátt fyrir ákvæði um stundarsakir í bráðabirgða lögum nr. 49 frá 1934, að framleiðendur mjólkur mættu einungis selja hana ógerilsneydda beint til neytenda innan síns sveitarfélags, ætlaði A, sem bjó utan Rvíkur, að selja þangað mjólk sína 3 daga í október 1934. Var honum varnað þess af lögreglunni. Tók hún mjólkina og ráðstafaði henni til sölu fyrir reikning A, þar eð hann vildi ekki flytja hana aftur heim. A höfðaði bótamál á hendur lögreglustjóranum í Rvík f. h. ríkissjóðs og bar það aðallega fyrir, að nefnt ákvæði bráða-

birgðalaganna yrði ekki samþýtt 23. og 64. gr. stjórnarskrárinnar, og ennfremur, að ákvæði þetta hefði ekki verið komið til framkvæmda, þegar sakarefnið varð til. Þessar ástæður þóttu rakalausar, og voru kröfur A ekki teknar til greina 332

Samkvæmt kröfu S, sem starfrækti kaffibrennslu á Akureyri, var B, sem veitti forstöðu samkynja fyrirtæki í Rvík, dæmdur til refsingar eftir lögum nr. 84 frá 1933 fyrir hæpnar gyllingar á vöru sinni og vélum fyrirtækisinns í auglýsingu í dagblaði í Rvík. Krafa S um fébætur úr hendi B var ekki til greina tekin, með því að ekkert var fram komið í málinu, sem veitti ástæðu til að ætla, að verknaður B hefði valdið S tjóni 391

A lagði skipi sínu mannlausu, landfestalausu og án vélanota á innri höfnina á Siglufirði í norðanveðri miklu. Skipið rak á bryggjur hafnarsjóðs og olli spjöllum á þeim. A þótti hafa sýnt óvarkárni í meðferð skipsins, og var hann og vátryggingarfélag það, er í hlut átti, dæmt til að greiða bætur fyrir spjöllin. Ósannað þótti, að hafnarverði, sem komið hafði niður á bryggju, eftir að lagningu skipsins var lokið, hefði verið unnt að afstýra tjóninu, og gat breytni hans þess vegna hvorki staðið fyrir né dregið úr bótaskyldu greindra aðilja 471

Bifreiðarstjóri dæmdur til fébóta vegna slyss, sem hlauzt af ógætilegum akstri hans. Við ákvörðun bótanna var tekið tillit til þess, að maður sá, er fyrir slysinu varð, hafði gert honum að einhverju leyti óhægt fyrir um stjórn bifreiðarinnar 667

Skattar og gjöld. Sbr. endurgreiðsla.

1. Útsvör.

Hlutafélag nokkurt hafði starfað hér um margra ára skeið, aðallega með norskt fjármagn, og átti fasteignir og vatnsafl í Árnessýslu og landeignir við Skerjafjörð. Var starfsemi þess aðallega í því fólgin, að koma fasteignum þess í reiðufé. Meiri

hluti stjórnar þess var heimilisfastur á Íslandi og flestir innlendir fyrirsvarsmenn þess búsettir í Reykjavík, enda var starfssemin þaðan rekin og heimili þess þar talið. En skrásett hafði félagið ekki verið samkvæmt 59. gr. laga nr. 77 frá 1921. Á hluthafafundi í Osló 1934 var ákveðið að flytja heimilisfang þess austur í Árnessýslu, en ekki voru þau heimilisskipti skrásett þar, svo sem mælt er í 14. gr. laga nr. 77 frá 1921. Félagið var talið útsvarsskylt í Reykjavík 1935 .. 78

A, sem bjó í hreppnum X, byggði B jörð sína í hreppnum Y. Samkvæmt byggingarbréfinu var afgjald jarðarinnr m. a. í því fólgið, að B skyldi skila A öllum æðardún og öllum selskinnum velverkuðum, er til féllu á jörðinni. Með því að A þannig áskildi sér eftirtekjur nefndra hlunninda, en ekki tiltekið magn þeirra, og þau voru nytjuð á ábyrgð hans og áhættu, þá var talið, að A nytjaði sjálfur jörðina að því, er til þeirra tók, jafnt fyrir það, þótt B fengi jarðarafnotin að öðru leyti sem endurgjald fyrir vinnu við nýtingu nefndra hlunninda í þágu A. Samkvæmt þessu var A talinn útsvarsskyldur í hreppnum Y 86

Sagt, að með því að A hefði engum mótmælum hreyft við því, að útsvar, sem lagt var á hann árið 1936, hefði verið gjaldkræft, þegar lögtak fyrir því hófst 24. júní 1936, þá þætti mega láta ganga dóm um, hvort útsvarið hefði verið réttilega á hann lagt 86

Sú starfsemi Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, að koma afurðum þeirra í verð, ekki talin útsvarsskyld útaf fyrir sig. Útsvarsálagning á SÍF 1935 varð ekki á því byggð, að ¼ % af andvirði selds fisks skyldi samkv. samþykktum þess frá 23. maí 1935 lagður í varasjóð, með því að ekki varð gegn mótmælum þess talið sannað, að nefnt samþykktarákvæði hefði átt eða hefði verið látið verka til liðins tíma. Það gat heldur ekki skapað SÍF skyldu til greiðslu téðs útsvars, þótt það hefði selt eitthvað af fiski fyrir utansambandsmenn, með því að óumdeilt var, að langmestur

hluti útsvarsins var lagður á allsendissölu fisks sambandsmanna og útsvarið lagt þannig ósundurgreint á tvo hugsaða útsvarsstofna, en annar þeirra ekki útsvarshæfur 296
Lögtaksúrskurði fógeta fyrir útsvari áfrýjað, eftir að 8 vikna frestur sá, er segir í 11. gr. laga nr. 29 frá 1885, var liðinn, og án þess að áfrýjunarleyfi væri áður fengið. Málinu þessvegna vísað ex officio frá hæstarétti 440
Lögtak fyrir útsvari úr gildi fellt, með því að lögtaksbeiðninni hafði ekki verið framfylgt með hæfilegum hraða, sbr. 2. gr. laga nr. 29 frá 1885 .. 469
Hinn ófjárráða G, sem var vel efnum búinn, var til heimilis í Rvík hjá föður sínum, sem var fjárhaldsmaður hans undir yfirfjárráðum lögmannsins þar. Á sumrum dvaldist G í hreppnum Ö hjá föðurfrændum sínum. Árið 1935 ákvað faðir hans að flytja lögheimili hans í hreppinn Ö og lét skrifa hann þar á manntal. Engin breyting varð samt á dvalarstöðum G. Hann var áfram á veturna í Rvík hjá föður sínum. Og ekki var yfirfjárráðanda tilkynnt, að G væri fluttur til hreppsins Ö. Að svo vöxnu máli þótti bera að telja lögheimili G áfram í Rvík og var hann talinn réttilega krafinn þar um útsvar, sem á hann hafði verið lagt þar 1936 663

2. Gjald samkv. 3. tl. 38. gr. laga nr. 36 frá 1921.
Kaupfélag nokkurt átti íveruhús, sem kaupfélagsstjórinn og fjölskylda hans notuðu til íbúðar. Þar fóru auk þess fram endurskoðun á reikningum félagsins og ýmis fundarhöld, en við fundarhöldin var einungis notaður lítill hluti hússins og skamman tíma í hvert skipti. Kaupfélaginu ekki talið skylt að greiða í sveitarsjóð gjald af húsinu samkvæmt 3. tl. 38. gr. laga nr. 36 frá 1921 348

Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar.

Skip. Sjá björgun, botnvörpuveiðabrot, sjóveð.

Skipti, skiptamál. Sbr. gjaldþrotaskipti.
Maður, sem fékk dóm á hendur skilanefnd Síldareinkasölu Íslands til greiðslu launa fyrir verkun síldar, er hann leysti af hendi 1931, svo og fyrir geymslu ýmissa muna Einkasölunnar, ekki talinn eiga samkvæmt 83. gr. skiptalaganna frá 1878 forgangsrétt í búi Síldareinkasölunnar fyrir kröfum sínum, með því að þær urðu ekki taldar til þeirra krafna, sem í þeirri grein getur 117
Maður, sem taldist eiga skuldir að Síldareinkasölu Íslands, en hafði fémuni hennar nokkra undir höndum, lét þess kost að láta þá rakna gegn því að fá greiddar kr. 779.20, sem hann taldi sig eiga kröfu til fyrir geymslu munanna. Fógeti setti Einkasöluna inn í umráð munanna gegn 1000 króna tryggingu. Talið, að sú trygging hefði samkvæmt hlutarins eðli einungis verið sett fyrir því, að maðurinn fengi greinda fjárhæð greidda, og að hann gæti ekki notið forgangsréttar í þeirri tryggingu í búi Einkasölunnar fyrir allt öðrum kröfum 117

Skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Sjá eignarréttur.

Skjalafals.
Maður dæmdur til refsingar eftir 271. gr. hegningarlaganna fyrir fölsun víxils og eftir 272. gr. sömu laga fyrir fölsun sendibréfs frá manni þeim, er hann hafði ritað nafn hans sem samþykkjanda víxilsins, en í bréfinu var þess farið á leit, að víxillinn yrði keyptur 655

Skjöl.
A höfðaði mál gegn B á árinu 1937 útaf félagsskap þeirra um verzlunarrekstur á árunum 1911—1913 og krafðist þess, að B yrði dæmdur til að nefna mann af sinni hendi í gerðardóm samkvæmt félagssamningi þeirra, en til vara að greiða bætur. Á meðan á flutningi máls þessa stóð, gerði A kröfu til, að B afhenti honum ýmis skjöl, er legið höfðu fyrir gerðardómi, er

skar úr ágreiningsefnum þeirra 1913, svo og að B legði fram allt það af bréfaskriftum félagsverzlunar þeirra, er mál þetta skipti. Héraðsdómarinn hratt þessari síðastnefndu kröfu með úrskurði, sem A síðan kærði til hæstaréttar. Tilkall sitt til gerðardómsskjalanna byggði hann á því, að hann væri eigandi eða sameigandi þeirra. Þetta atriði þótti ekki verða dæmt í kærumálinu, með því að það varðaði ekki sönnunaratriði eða önnur réttarfarsatriði máls þess, sem aðiljarnir áttust við. Þá kvaðst A vilja fá bréf félagsverzlunarinnar framlögð til sönnunar staðreynda í dómsmáli aðiljanna, en ekki gerði hann grein fyrir, hvaða staðreyndir hann ætlaði að sanna með þeim, sbr. 147. gr. laga nr. 85 frá 1936. Allt var ennfremur óvíst um, hvort ástæða var til að leggja skjölin fram í heild sinni eða einhver þeirra með þeim hætti, er A ætlaðist til, sbr. 149. gr. nefndra laga. Loks tjáði B sig fúsan til að láta A í té gegn hæfilegri þóknun afrit af þeim skjölum, er A óskaði eftir og málið vörðuðu, en þessu boði vildi A ekki taka. Voru kröfur A í kærumálinu þessvegna ekki til greina teknar 659

Skottulækningar. Sjá læknar, lækningar.

Skuldir, skuldamál. Sjá ábyrgð, endurgreiðsla, kaup og sala, samningar, skaðabætur, sönnun, vinnusamningar.

Síldareinkasala Íslands talin af héraðsdómara hafa tekið á sig samkvæmt lögum nr. 61 frá 1929 ábyrgð á greiðslu verkunarlauna fyrir síld, sem maður nokkur hafði verkað sumarið 1931. Í hæstarétti var héraðsdómurinn lagður að þessu leyti til grundvallar þegar af því, að honum var ekki áfrýjað 117

Á framkvæmdi viðgerð á ljósatækjum í bát B. B greiddi nokkurn hluta þeirrar fjárhæðar, sem A setti upp fyrir verkið, en synjaði fullrar greiðslu á reikningnum, þar eð verkið hefði að litlum notuð komið. Að vísu var vitað, að ljósatæki bátsins voru í ólagi, að því er virtist, mjög

skömmum tíma eftir viðgerðina, en sökum þess að þeir gallar gátu stafað af tilgerðum bátverja og með því ennfremur að B lét ekki, þótt honum væri þess kostur, fara fram skoðun á orsökum bilunarinnar, þá þóttu greindar ástæður ekki leiða til sýknu hans. Loks taldi B A hafa tekið að sér viðgerðina í ákvæðisvinnu fyrir kr. 435—450. A synjaði ekki fyrir að hafa látið orð falla um, að viðgerðin myndi kosta kr. 435—450, en um áætlunarfjárhæð hafi þá einungis verið að ræða. Ekki talið sannað, að um ákvæðisvinnu hefði verið samið, enda mælti það atriði, að fjárhæðin var ekki fullákveðin, gegn því 162

A byggði samkvæmt verksamningi íveruhús fyrir tvo menn. Skyldi A leggja til allt efni í húsið, þar á meðal gólfdúka. Efnivörur til hússins tók A út með greiðslufresti í verzlun B. Svo hlauzt til, að annar verkkaupendanna fékk gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir gólfdúkunum í sínu nafni og fékk síðan B til að útvega þá. Sendi B dúkana á byggingarstaðinn, og tók A þar við þeim fyrirvara- og athugasemdalaust. Ennfremur tók A við fullnaðargreiðslum af verkkaupendum fyrir efndir sínar á verksamningnum, sem einnig tók yfir dúkana, og hreyfði þá engum athugasemdum um, að hann teldi sér óskylt að greiða B dúkana. Samkvæmt þessu og þar sem gera varð ráð fyrir, að B vissi um aðalefni verksamningsins og hefði fengið nægа ástæðu til að treysta því, að A væri ábyrgur fyrir þeim vörum, sem teknar voru út hjá honum til hússins, nema fyrirvari væri gerður um annað, þá var A talinn skyldur að standa honum (B) skil á andvirði dúkanna 376

Eftir að sveitarfélagið Í hafði greitt til elliheimilis (E) í sveitinni R vistargjald tveggja gamalmenna, er sveitföst voru í Í og dvöldust á elliheimilinu, sagði Í upp ábyrgð sinni á dvalarkostnaði þeirra og vísaði E til sveitarinnar R um greiðslu fúlgu með þeim. Af hendi Í var talið, að R ætti að greiða E fúlguna og gæti síðan end-

urheimt ⅔ hluta hennar hjá Í. Sagt, að í undanfarandi viðskiptum E og Í fælist skylda á hendur Í til að greiða fúlgu fyrir gamalmennin, unz Í ráðstafaði þeim með öðrum hætti, án tillits til þess, hvernig lögskiptum sveitarfélaganna Í og R útaf gamalmennunum væri háttað, enda dómur í málinu því ekki í vegi, að sveitarfélögin leituðu úrlausnar yfirvalds þess, er í hlut á, um sambandið sín á milli í þessu efni. Samkvæmt þessu var sveitarfélagið Í dæmt til að greiða fúlguna til næstu mánaðamóta, eftir að að mál var höfðað 382

Samlagsmenn nokkrir gerðu skip út til fiskjar utan heimilis þess, og voru veiðarfæri og aðrar nauðsynjar til skipsins teknar út í verzlun nokkurri á útgerðarstaðnum. Auk þess tóku nokkrir samlagsmenn þar út einkanauðsynjar, einkum sjófatnað, er taldar skyldu þeim, er út tóku, til gjalda, er samlagsmenn lykju viðskiptum sín á milli. Talið, að fyrirsvarsmanni verzlunarinnar hefði verið heimilt að láta greiðslur inn á reikning útgerðarsamlagsins ganga fyrst til lúkningar einkaúttektum samlagsmanna. Í máli verzlunarinnar á hendur nokkrum samlagsmanna til greiðslu þess, sem ógreitt var af úttektinni, börðu hinir stefndu því við, að skuldin væri röng, en bæði var, að framkvæmdastjóri þeirra hafði samþykkt reikninginn, enda mótmæli þeirra of seint fram kominn. Ennfremur var talið, að ákvæði þriðja kapitula siglingalaganna um pro rata ábyrgð ætti ekki við um ábyrgð samlagsmanna á úttekt til skipsins, heldur bæri þeim að greiða hana in solidum 421

Sagt, að grundvallarreglur íslenzks réttar leiði til þess, að eftir skiptingu eins hreppsfélags í fleiri, beri hin nýju hreppsfélög, hvort eða hvert fyrir sig, ábyrgð á skuldum hins forna hreppsfélags sem eigin skuldum. Ákvörðun ráðuneytis þess, sem í hlut á, samkvæmt 3. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 12 frá 1927 um fjárskipti og skulda tveggja hreppsfélaga, er áður höfðu verið einn og sami

hreppur, tekur einungis til skiptingar eigna og skulda hinna nýju hreppa sín á milli, en ekki til ábyrgðar hreppsfélaganna út á við 541

Smáskammtalækningar. Sjá læknar, lækningar.

Sóttvarnir

A meiðyrti lögreglustjóra einn freklega fyrir aðgerðaleysi hans sem formanns heilbrigðisnefndar til varnar skarlatssótt, er gerzt hafði allmögnuð í viðkomandi kaupstað og upp hafði komið á kúabúi, er kaupstaðurinn rak þar í nágrenninu. Með því að sóttkvíun hafði ekki verið komið á og mjólk frá hinu sýkta heimili var eftir sem áður um tíma send til kaupstaðarins, þóttu afskipti lögreglustjórans af sóttvarnarráðstöfunum ekki óaðfinnanleg, en voru þó ekki talin réttlæta illmæli þau og áburð, er í grein A fólst 100

Stefnur. Sjá málshöfðun.

Máli vísað frá hæstarétti vegna vöntunar á birtingu hæstaréttarstefnu, með því að stefndi hvorki mætti né lét mæta 421

Stjórnarskráin.

Ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934, að framleiðendur mjólkur mættu einungis selja hana ógerilsneydda beint til neytenda innan síns sveitarfélags, ekki talið fara í bága við 64. gr. stjórnarskrárinnnar. Sagt, að almenni löggjafinn hafi metið þessar ráðstafanir til almenningsheilla og að því mati gæti ekki orðið haggað. Greind ákvæði heldur ekki talin fara í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar 332

Eftir að A hafði keypt lóð til húsbyggingar í Rvík, var ákveðið við gerð nýs skipulagsuppdráttar, að lóðin skyldi að mestu leyti tekin undir götu og torg. Af hendi kaupstaðarins var ekki talið skylt að greiða A fébætur fyrir lóðina, fyrr en hún yrði í verki og framkvæmd tekin undir götuna og torgið. Talið, að eignarnám á lóð þessari hefði raunverulega verið framkvæmt gagn-

vart A um leið og honum var meinað að nota lóðina til að reisa hús á henni vegna hinnar fyrirhuguðu notkunar hennar og að hann ætti þessvegna þegar heimtingu á fullum fébótum fyrir eignarskerðinguna samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar án tillits til þess, hvernig skilja beri 28. gr. laga nr. 55 frá 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa 492

Sveitarstjórn.

Sagt, að telja verði þá meginreglu hafa gilt og gilda enn hér á landi, að maður fái ekki styrk sér eða sínum til framfærslu úr sveitar- eða bæjarsjóði, nema sýnt sé, að hann geti ekki framfært sig eða þá af sjálfs sín ramleik. Réttur móður óskilgetins barns til meðlagsheimtu af dvalarsveit sinni samkvæmt 26. gr. laga nr. 46 frá 1921, sbr. lög nr. 39 frá 1935, og samskonar réttur skilinna hjóna samkvæmt 60., sbr. 55., 57., 75. og 77. gr. laga nr. 39 frá 1921, talinn undantekningarákvæði frá áðurnefndri meginreglu 72

Fyrir dómskuld sinni á hendur A og eftir ábendingu hans lét B gera fjárnám í bifreið, sem A hafði verið lögð til sem fátækrastyrkur. Sveitarstjórnarvöld þau, er í hlut áttu, áfrýjuðu fjárnáminu, stefndu bæði A og B og kröfðust ónýtingar fjárnámsins. Var það fellt úr gildi samkvæmt 3. tölulið 31. gr. aðfaralaga nr. 19 frá 1887 169

Sveitarfélagið Í hafði um nokkur ár greitt elliheimilinu (E) í sveitarfélaginu R vistargjald tveggja gamalmenna, sem dvöldust á elliheimilinu og sveitföst voru í Í. Þann 22. nóv. 1934 sagði Í upp ábyrgð sinni á kostnaði við vist gamalmennanna hjá E, en greiddi þó þann kostnað til áramótanna næst á eftir. Til þessarar ráðabreytni færði Í það, að E ætti framvegis að leita greiðslu vistargjaldsins hjá R, sem síðan gæti endurkrafið Í um ⅔ hluta þess, en ⅓ hluta taldi Í sér óskylt að greiða, þar sem gamalmennin væru komin yfir sextugt og yrðu þessvegna ekki flutt fátækraflutningi samkvæmt bréfi atvinnu- og

samgöngumálaráðuneytisins frá 23. marz 1933. Í máli, er E höfðaði gegn Í þann 7. sept. 1935, var krafizt vistargjaldsins frá 1. janúar til 30. sept. 1935 og tiltekins gjalds fyrir hvern mánuð, er vist gamalmennanna hjá E héldist eftir 1. okt. s. á. E var talið heimilt að beina þessu dómsmáli á hendur Í án tillits til þess, hvernig við horfðu í þessu efni lögskipti greindra sveitarfélaga, enda gætu sveitarfélög þessi allt að einu leitað úrlausnar framkvæmdarvaldsins um réttindi og skyldur sín á milli vegna gamalmennanna. Ennfremur var talið, að í áminztum skiptum Í og E fælist skuldbinding á hendur Í að greiða E fúlgu fyrir gamalmennin, unz Í ráðstafaði þeim frá E, en til slíkrar ráðstöfunar varð það ekki metið, að Í benti E á að vitja greiðslunnar hjá sveitarfélaginu R. Var Í þessvegna dæmt til að greiða vistargjaldið til 30. sept. 1935, en að öðru leyti þótti krafa E of óákveðin til að dómur yrði á hana lagður 382

Hreppsfélaginu A var skipt í tvö hreppsfélög A_1 og B. Ákvað atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samkvæmt 3. sbr. 4. gr. laga nr. 12. frá 1927, að A_1 skyldi bera ⅓ hluta skulda þeirra, er á A höfðu hvílt, en B ⅔ hluta. Seinna krafði sparisjóður nokkur A_1 um allar eftirstöðvar láns, sem A hafði tekið, áður en hreppnum væri skipt. Voru kröfur sparisjóðsins teknar til greina. Sagt, *að* ákvörðun ráðuneytisins um skiptingu skulda A á hendur A_1 og B giltu einungis í lögskiptum A_1 og B sín á milli, en tæki ekki til ábyrgðar nýju hreppsfélaganna gagnvart þriðja manni, og að samkvæmt grundvallarreglum íslenzkra laga bæri hin nýju hreppsfélög, hvort fyrir sig, ábyrgð á skuldum hins forna hreppsfélags sem eigin skuldum 541

Bæjarstjórinn í kaupstaðnum A bað G um að leita að kaupanda að skipi, sem bæjarstjórinn bjóst við, að A yrði að taka til eignar vegna ábyrgðar sinnar í sambandi við útgerð þess. G kom bæjarstjóranum í samband við K, sem síðan ásamt öðrum mönnum keypti skipið af A, eftir að A hafði

keypt það á uppboði. Af hendi A var G synjað þóknunar fyrir starfa sinn á þeim grundvelli, að skipið hefði ekki verið eign A, þegar bæjarstjórinn snéri sér til G, og hefði þessi beiðni bæjarstjórans þessvegna verið óskuldbindandi fyrir A. Sagt, að bæjarstjóri hefði verið að gæta hagsmuna A, er hann fól G nefndan starfa. Leitt var í ljós, að bæjarstjóri hafði heitið G þóknun fyrir verk sitt. Var G samkvæmt þessu dæmd þóknun 590

Svik, sviksamlegt athæfi. Sjá einnig gjaldþrotaskipti, vátryggingarsvik.

Tvær manneskjur töldu sig fara með andlega læknisdóma fyrir atbeina framliðinna manna. Annað þeirra kvaðst hafa tekið lítilsháttar þóknun fyrir aðgerðir sínar. Hitt kvaðst enga þóknun hafa tekið, en börnum sínum hefði stundum verið vikið lítilræði af þeim, er til þess leituðu. Þar sem svo stóð á og engin ástæða var til annars en að ætla, að þau sjálf hefðu álitið, að aðgerðir þeirra gætu orðið að gagni, þá varð ekki talið, að þær hefðu verið framkvæmdar í blekkingarskyni til að hafa fé af mönnum. Voru þau þessvegna sýknuð af ákæru eftir 26. kapítula hegningarlaganna 336

Hjón, er þóttust vera milligöngumenn framliðins læknis, sem veitti sjúkum mönnum andlega lækningu, tóku eða áskildu sér 10 krónur af hverjum manni, er til þeirra leitaði, og sögðu hinn framliðna hafa fyrirskipað þeim að taka ekki minna en 10 til 15 króna gjald af hverjum, sem æskti aðstoðar þeirra. Þrátt fyrir þetta þótti ekki alveg fullyrðanda, að hjónin hefðu haft í frammi vísvitandi blekkingar til að hafa fé af mönnum. Voru þau þessvegna sýknuð af ákæru eftir 26. kap. hegningarlaganna 336

Sönnun, sönnunarbyrði. Sbr. eftirgrennslan brota, játning, líkur, mat og skoðun, vitni.

A hafði tekizt á hendur að hafa eftirlit með því, að ekki yrði slys við flutning á reykháf, sem komið var fyrir á tengivagni, er tengdur var

aftan í bifreið. Skyldi A ganga vinstra megin við ökutækin, en annar gæzlumaður hægra megin við þau. Drengur, 4 ára að aldri, varð fyrir vinstra afturhjóli tengivagnsins og beið af bana. Slysið talið hljóta að stafa af því, að A hefði ekki haft fulla gát við starf sitt og honum refsað eftir 200. gr. hegningarlaganna 6

Fáráðlingur nokkur komst í ölvunarástandi, að sjálfs sín sögn, inn í læst og mannlaust sumarhús og varð valdur að bruna hússins. Talið ósannað, að hann hafi ætlað sér að kveikja í húsinu. Honum refsað fyrir íkveikju af gáleysi. Þegar eldurinn tók að læsa sig um húsið, hafði hann á brott með sér þaðan nokkra fémuni. Varhugavert þótti að telja sannað, að hann hefði farið inn í húsið til að stela né að hann hefði í öndverðu ætlað sér að slá eign sinni á muni þá, er hann hafði með sér úr húsinu. Hinsvegar hélt hann mununum hjá sér um hálfsmánaðartíma eftir brunann og sagði lögreglumönnum, er færðu brunann í tal við hann, ekki til þeirra. Þótti þetta sönnun þess, að hann hefði tekið ákvörðun um að skila ekki mununum aftur 17

Talið ósannað, að A, sem holdleg mök hafði haft við 9 ára telpu, hefði smitað hana af kynsjúkdómi, sem hún var haldin, með því að héraðslæknir gat engin merki fundið þess, að hann væri eða hefði verið sýktur af sjúkdómi þessum 33

B byggði hús á lóð, er hann hafði tekið á leigu í sjávarþorpi með heimild til framleigu. A lagði efnivið til hússins að töluverðu leyti. Gerðu þeir jafnframt með sér samning, þar sem A lofaði að selja B húsið fyrir tiltekna fjárhæð. Síðan fór B með húsið um margra ára skeið sem sína eign og veðsetti það, en stóð ekki í skilum við A um greiðslur, nema að litlu leyti. Talið sannað, að B væri eigandi hússins og að aðiljar hefðu með greindum samningi ætlað að tryggja A hlutbundinn rétt í húsinu 44

Maður, sem haft hafði á hendi skoðun bifreiða á árunum 1928 til 1935, kallaði, eftir að hann var

látinn af starfanum, til launa, er hann taldi sér vangoldin úr ríkissjóði fyrir starfstímabilið samkvæmt upphaflegu erindisbréfi sínu. Hann ekki talinn hafa sannað, að hann hefði hreyft mótmælum, er viðkomandi ráðuneyti tjáði honum á árinu 1932, að það teldi honum fullgreitt með þeim launum, er honum voru greidd mánaðarlega 51

Ekki talað sannað, að A hefði orðið kunnugt um meiðyrðagrein, sem B hafði ritað í blað eitt um hann, fyrr en hann sjálfur (A) fullyrti, og varð sýknukrafa B vegna fyrningar þessvegna ekki til greina tekin 100

Sagt, að G, sem sent hafði skipstjórnarmönnum togara loftskeyti um ferðir varðskips, hefði ekki getað gengið þess dulinn, að upplýsinganna var óskað í sambandi við landhelgigæzlu varðskipsins .. 106

A sótti skilanefnd Síldareinkasölu Íslands til greiðslu launa fyrir verkun síldar, er hann framkvæmdi sumarið 1931. Skilanefndin höfðaði gagnsök til skaðabóta vegna þess, að síldin hefði reynzt spillt vara, er selja átti hana erlendis. Í málinu var ágreiningslaust, að skemmdir voru í síldinni, er hún var komin til útlanda, en hinsvegar lágu fyrir vottorð frá umboðsmanni Einkasölunnar, sem tók á móti síldinni af A, um að síldin hafi þá verið góð vara, sbr. rgj. 19. júlí 1929, 12. gr. Engin vanræksla þótti sönnuð á hendur A 117

A, sem var afgreiðslumaður á bifreiðastöð, játaði að hafa selt eina flösku af áfengi manni, er hringdi til hans á stöðina og falaði af honum vín. Hinsvegar var gegn neitun hans frekari vínsala af hendi hans talin ósönnuð, enda þótt nokkur vitni bæru, að þau hefðu, hvert í sínu lagi, fengið vín keypt hjá honum, eitt vitni segðist hafa farið með vín fyrir hann til kaupenda þess og menn, er á vegum lögreglunnar hlustuðu á símtöl við bifreiðastöðina, segðu kærðan hafa lofað að selja mönnum áfengi 132

B, sem var bifreiðarstjóri við sömu stöð, ekki talinn sannur um sölu áfengis, þótt eitt vitni teldi sig

hafa keypt vín af honum, enda skýrsla þess óglögg í ýmsum atriðum, og þótt símhlustendur teldu hann hafa lofað mönnum áfengi til sölu 132
A, sem B krafði um eftirstöðvar kaups síns fyrir starfa í þjónustu hans, ekki talinn hafa sannað þá staðhæfingu sína, að hann hefði beðið B að koma aftur eftir tvo daga og sækja kaupið. B talið heimilt þegar af þeirri ástæðu að fela málfærslumanni að innheimta kaupið á kostnað A 140
Bifreiðarstjóri ók sandbíl aftur á bak upp í sandhrúgu við hús, sem var í smíðum. Telpa, er var í sandhrúgunni, varð fyrir afturhjóli bílsins og hlaut bana af. Rétt í því, að bíllinn átti að aka upp í sandhrúguna, tók maður sá, er húsið hafði í smíðum, þaðan tvö börn til að varna því, að þau yrðu fyrir bifreiðinni, og varð slysið, meðan hann var að fara með þau í burtu. Með því að ósannað var, að honum hefði sézt yfir telpu þá, er fyrir bifreiðinni varð á sandhrúgunni, er hann tók hin börnin þaðan, þá var hann sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi 144
Gegn neitun A talið ósannað, að hann hefði tekið að sér í ákvæðisvinnu viðgerð á ljóstækjum báts, sem hann hafði framkvæmt fyrir B 162
Við ákvörðun launa fyrir björgun skips var miðað við fjárhæð kaskótryggingar og interessutryggingar skipsins, með því að ekkert annað lá fyrir um verðmæti þess 178
Með því alls ósannað var, hversu miklar lyfjavörur lyfsali einn hafði átt í lyfjabúð sinni, sem brunnið hafði, og með því ennfremur að verzlunarbækur lyfsalans fórust í brunanum vegna vangeymslu hans á þeim, þá voru honum ekki dæmdar hærri brunabætur fyrir téðar vörur, en vátryggingarsali taldi réttar 200
Í sakamáli á hendur manni, sem játaði á sig og var dæmdur til refsingar fyrir saurlíft atferli við tvær telpur, 5 og 8 ára að aldri, var lögð til grundvallar frásögn hans að því leyti sem ósamhljóðan var milli hennar og framburðar telpnanna 233

A, sem gaf sig við skottulækningum, viðurkenndi að hafa dregizt á það við barnsföður konunnar B að eyða fóstri hennar með ljósum. Gekk hún um 5 vikna skeið undir rafmagnsaðgerðir hjá honum, en án þess að verða meint af. Héraðslæknir taldi aðgerðir A lagaðar til að leiða til fósturláts. Talið var sannað, að A hefði gert tilraun til að eyða fóstri konunnar, enda varð ekki festur trúnaður á þá frásögn hans, að hann hefði hafzt þetta að til að forða B frá að leita aðstoðar lækna til fóstureyðingar. Hinsvegar þótti ekki sannað, að A hefði, 7—8 mánuðum eftir að tilraun hans við B hafði orðið án árangurs, tekizt á hendur að eyða fóstri konunnar C, sem leitað hafði til hans í þessu skyni og gengið undir ljósaðgerðir hans, enda ekki fullyrðanda, að A hefði verið fullljóst, að C væri barnshafandi 252

Bifreiðarstjóri kannaðist við að hafa verið við akstur bifreiðar undir áhrifum víns. Áfengismagn í blóði hans reyndist vera 2,5%. Talið sannað, að hann hefði verið ölvaður við bifreiðarakstur .. 264

Talið varhugavert að fullyrða, að hreppsnefndarmenn í hreppi einum hefðu gegn betri vitund eða vegna slíkrar vanrækslu, að varða ætti þá refsiábyrgð, tekið á kjörskrá til alþingiskosninga tvo menn, er höfðu firrt sig kosningarrétti með því að falsa atkvæðaseðla við kosningar til alþingis 273

Bifreiðarstjóri var tekinn af löggæzlumanni kl. 10,40 f. h. frá akstri bifreiðar grunaður um áfengisnautn við aksturinn. Um hádegi var gerð blóðrannsókn á honum, og sýndi hún rúmlega 0,5%, en minna en 1%. Landlæknir taldi, að áfengismagnið hefði verið mun meira en 1% fyrr um morguninn. Bifreiðarstjórinn talinn sannur að sök um brot á áfengislögunum 282

Við ákvörðun refsingar á hendur manni, sem gekkst við því að hafa misþyrmt konu sinni, var lögð til grundvallar frásögn hans um óhægindi á hjúskap þeirra og hvert efni þau hefðu orðið honum til atferlis hans, enda var ekki öðrum sönnunum til að dreifa en skýrslu hjónanna 285

Talið ósannað, að alþingi eða ríkisstjórn hefðu skapað sér skyldu til að halda póstafgreiðslumanni einum lengur við það starf en lög stóðu til á hverjum tíma 308

A og B þóttust, hvort í sínu lagi, geta veitt sjúkum mönnum meinabót fyrir atbeina framliðinna manna. A sagðist hafa tekið lítilsháttar þóknun fyrir aðstoð sína. B kvaðst ekkert hafa sett upp, en þeir, er til hans leituðu, hafi stundum rétt lítilræði að börnum hans. Ekki var ástæða til að efast um, að A og B hafi sjálf álitið, að aðgerðir þeirra kæmu að gagni. Að svo vöxnu máli varð engan veginn talið sannað, að þær væru framkvæmdar í blekkingarskyni til að hafa fé af mönnum. Voru þau þessvegna sýknuð af ákæru fyrir brot á 26. kap. hegningarlaganna 336

Hjón, sem létu það uppi, að framliðinn læknir hjálpaði sjúkum mönnum fyrir atbeina þeirra, tóku eða áskildu sér 10 krónur af hverjum manni, sem til þeirra leitaði, og sögðu hinn framliðna ætlast til þess, að þau tækju ekki minna en 10 til 15 krónur. Þrátt fyrir þetta þótti ekki alveg fullyrðanda, að hjónin hefðu haft í frammi vísvitandi blekkingar til að hafa fé af mönnum. Voru þau þessvegna sýknuð af ákæru eftir 26. kap. hegningarlaganna 336

Framannefnd hjón gerðu það að skilyrði fyrir aðstoð við berklasjúkling, að gipsumbúðir lækna væru teknar af fæti hans og bindi sett í staðinn. Samkvæmt álitsgerðum eins yfirlæknis Landsspítalans varð að ætla, að þetta atferli hefði seinkað bata sjúklingsins, en ekki þótti sannað, að hann hefði hlotið af því varanlegt heilsutjón 336

Konan A, sem veitt hafði forstöðu hringsaumadeild á hraðsaumaverkstæði B, lét af störfum hjá honum, löngu áður en ráðningartími hennar var liðinn. Taldi hún, að klæðskeri B hefði vísað henni á brott og að B hefði rofið samning þeirra með því að leggja niður hringsauminn. Talið ósannað af hendi A, að klæðskerinn hefði vísað

henni á brott né að hann hefði haft heimild til þess frá húsbónda sínum. Ennfremur var ósannað, að dregið hefði úr hringsaumavinnunni af ástæðum, er B yrði sök á gefnar gagnvart A, eða að A hefði slegið þann varnagla við B, er hún fór frá honum, að hún væri þess albúin að halda áfram starfi sínu en myndi ella krefjast fébóta 350

Talin ósönnuð nokkur sú óvarkárni eða óverklagni af hendi skipverja á varðskipi við björgun skips nokkurs úr háska, er bakað gæti útgerð varðskipsins ábyrgð 358

A, sem starfrækti kaffibrennslu á Akureyri, kærði B sem veitti forstöðu samkynja fyrirtæki í Reykjavík, samkv. lögum nr. 84 frá 1933, fyrir hæpnar gyllingar um vöru sína og vélar fyrirtækis síns. Í refsimáli á hendur B var ekki tekin til greina krafa um skaðabætur til handa A, með því að ekkert kom fram í málinu, sem veitti ástæðu til að ætla, að kærandinn hefði orðið fyrir tjóni 391

Togaraskipstjóri var borinn því að hafa verið á veiðum í landhelgi og höggvið botnvörpuna frá togaranum, er varðbátur kom á vettvang. Kærði kvað botnvörpuna hafa orðið fasta í botni og slitnað frá togaranum, þar sem hann var að veiðum utan landhelgi.Þrír menn, er dómkvaddir voru til þess að athuga botnvörpustreng togarans, töldu hann bera þess frekar merki, að hann hefði slitnað en að hann hefði höggvinn verið. Þrátt fyrir margar og að sumu leyti sterkar líkur gegn kærða, þóttu, að fenginni þessari skoðunargerð, ekki nægar sannanir fyrir hendi til að dæma kærða til refsingar 411

Nauðsynjar til skips, sem gert var út utan heimilis þess, voru teknar út í verzlun á útgerðarstaðnum. Krafizt var sjóveðs í skipinu fyrir nokkrum hluta úttektarinnar. Framkvæmdastjóri samlagsmanna, sem tekið höfðu skipið á leigu og gerðu það út, bar sem vitni, að hann hefði samið við fyrirsvarsmann verzlunarinnar um úttektina, en

vitnisburði framkvæmdastjórans var mótmælt, þar sem hann var bróðir konu skipseigandans. Úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði fyrirsvarsmanns verzlunarinnar um samning við framkvæmdastjórann 421
Bifreiðastöð í Rvík hafði á leigu eitt óafmarkað bifreiðarstæði á götu fyrir framan starfhýsi sitt. Sex bifreiðarstjórar frá stöðinni voru kærðir fyrir að hafa látið bifreiðar sínar standa samtímis á götunni. Þar sem einn hinna kærðu þótti hafa verið réttkominn til bifreiðarstæðisins á þeim tíma, er máli skipti, en ekki var vitað, hver þeirra það var, þá voru þeir allir sýknaðir 433
Ekki sönnuð á hendur skipstjóra á erlendu farþegaskipi samsekt í ólöglegum innflutningi áfengis og tóbaks þjónustustúlku á skipinu 437
Hornmælingar varðskips um vist togara á landhelgisvæðinu ekki lagðar til grundvallar, með því að þær voru framkvæmdar af 1. stýrimanni einum, enda var varðskipið þá á ferð 459
A hafði lagt skipi sínu mannlausu, landfestalausu og án vélarnota í norðanveðri skammt frá bryggju í kaupstað einum. Rak skipið síðan á bryggjuna og olli spjöllum á henni. Sök A talin sönnuð. Hinsvegar talið ósannað, að hafnarverði hefði verið unnt að afstýra tjóninu 471
Ekki talið mega gera ráð fyrir því, að almenningur gerði sér grein fyrir eldfimihættu af því að bregða lukt inn í bíl, þar sem verið var að láta benzín á geymi hans. Ekki heldur talið sannað, að bifreiðarstjórum væri veitt fræðsla um um eldfimihættu þessa né að tilgreindur bifreiðarstjóri hefði haft slíka þekkingu, áður en hann varð valdur að bruna bílsins með framangreindum hætti 479
A lézt skyndilega. Í vistarveru hans fundust fjögur glös undan eitruðum ilm- og hárvötnum. Leitt var í ljós, að eitt þessara glasa hafði hann keypt næsta dag áður en hann lézt. Læknir sá, er stundað hafði A, taldi, að áfengiseitrun hefði valdið dauða hans, en með því að héraðslæknir-

inn hafði ekki, eins og honum bar skylda til, framkvæmt krufning á líki A né sent magainnihald hans til efnarannsóknarstofu ríkisins, þótti ekki teljandi víst, að A hefði látizt úr áfengiseitrun 497

Leiðarreikningur varðskips ekki talin full sönnun þess, að það hefði verið á tilgreindum tíma innan landhelgi. Af stöðu varðskipsins varð þessvegna ekki ályktað, að togari, er var eitthvað nær landi en það, hefði verið í landhelgi. Af siglingatíma togarans út frá landi varð þetta heldur ekki ráðið, með því að togarinn átti gegn sjó og vindi að sækja og ekki var fullvíst, að hann hefði farið beina línu út frá landi 525

Hreppurinn A tók lán hjá sparisjóði nokkrum (S). Síðan var A skipt í tvö hreppsfélög. S sótti annað nýja hreppsfélgið til greiðslu allra eftirstöðva skuldarinnar. Það barði því m. a. við, að S hefði samþykkt að krefja það ekki nema um ⅓ hluta skuldarinnar. Þessi staðhæfing talin ósönnuð .. 541

Maður, sem oft áður hafði gerzt brotlegur við áfengislögin, dæmdur samkvæmt játningu sinni fyrir áfengissölu í atvinnuskyni, án þess að upplýst væri um einstakar ólöglegar áfengissölur af hans hendi 563

A, B og C voru staddir þar, sem flokkur manna réðst á sveit löggæzlumanna, er voru að halda uppi vinnufriði við affermingu skips. Eitt vitni bar um hvern nefndra manna, að hann hefði kastað grjóti að lögreglunni. Gegn neitun þeirra var þetta ekki talið næg sönnun fyrir sekt þeirra. Ekki talið heldur sannað, að nefndir menn og ein kona, sem einnig var viðstödd atlöguna, hefði brotið bann lögreglustjóra við vist manna á vettvangi, með því að óvíst var, hvort þau hefðu heyrt það bann 566

Þrír stjórnendur hlutafélags eins, sem gjaldþrota varð þann 19. janúar 1933, taldir að hafa hlotið að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot þess í október 1931. Telja mátti víst, að þeir hefðu þá þekkt efnahagsreikning þess fyrir árið 1930, sem sýndi

veruleg fjárþrot, og í október 1931 var skollið á verðhrun á fiski, en hlutafélagið átti fiskbirgðir miklar, er keyptar höfðu verið fyrri hluta þess árs 597
Ekki talið sannað, að tveir stjórnendur hlutafélags- sem greitt hefðu hlutafé sitt að nokkru, eða kr. 12000.00, með fiski, hefðu þá séð fyrir verðfall á fiskinum. Þeir voru þessvegna sýknaðir af kæru fyrir brot á 53. og 54. gr. laga nr. 77 frá 1921 597
Að dómi efnarannsóknarstofu ríkisins gat áfengi, sem fannst við húsleit hjá A, verið heimabruggað og einnig verið bruggað hvar sem var. Með því að óupplýst var á annan hátt, að áfengi þetta væri ólöglegt, þá var A sýknaður af kæru fyrir brot á lögum nr. 33 frá 1935 637

Tilraun.

Maður dæmdur til refsingar fyrir tilraun til fóstureyðingar samkvæmt 194. gr. 2. mgr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna 252
Kona dæmd til refsingar m. a. samkvæmt 283. gr. sbr. 53. og 47. gr. hegningarlaganna fyrir að fá loforð tveggja manna til að kveikja í húsi .. 484
Maður dæmdur til refsingar m. a. fyrir að hvetja mannfjölda til að taka handtekinn mann af lögreglunni 531

Togaranjósnir. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Umboð, umboðsmennska.

Maður, sem samkvæmt 12. gr. rgj. 19. júlí 1929 skyldi gæta hagsmuna Síldareinkasölu Íslands gagnvart síldarsaltendum og taka fyrir hennar hönd við síldinni af þeim, gaf vottorð um, að síld, er A afhenti, væri fullgóð vara. Þessi vottorð lögð til grundvallar í máli, sem Einkasalan höfðaði á hendur A til bóta fyrir það, að síld, er hann hafði verkað, reyndist spillt erlendis. Var því ekki talið sannað, að síldin hefði verið gölluð, er A lét hana af hendi 117

Eftir beiðni bæjarstjórans í kaupstaðnum A hóf G leit að kaupanda að skipi, sem bæjarstjórinn bjóst við, að A yrði að taka til eignar vegna ábyrgðar á útgerð þess. G vísaði bæjarstjóranum á K, sem síðar í félagi við aðra menn keypti skipið af A, eftir að A hafði keypt það á uppboði. Af hendi A var G synjað þóknunar fyrir aðstoð sína með þeim rökum, að skipið hefði ekki verið eign A, þegar bæjarstjórinn snéri sér til G, og hefði bæjarstjórinn þessvegna ekki getað skuldbundið A gagnvart G. Talið var, að bæjarstjórinn hefði verið að gæta hagsmuna A, þegar hann fól G starfann. Og þar sem auk þess var leitt í ljós, að hann hafði heitið G þóknun, þá voru honum dæmd laun fyrir verkið 590

Umferðarkvaðir.

Bæjarstjórn Rvíkur leigði tvær byggingarlóðir, A og B, með þeim skilmálum, að umferðarréttur að B væri yfir vesturhluta A eftir þriggja metra breiðri ræmu. Að fengnu samþykki byggingarnefndar byggðu leigjendur A bílskúr innst á lóð sinni á lóðarmörkunum. Leigjendur B kröfðust þess, að bílskúr þessi væri fluttur burtu, með því að hann færi í bága við umferðarrétt þeirra, sem næði alla leið inn í botn lóðarinnar A, þ. e. alla þá leið, sem lóðirnar liggja samhliða. Af orðalagi lóðarleigusamningsins fyrir B þótti þetta þó ekki verða ráðið, þar sem eðlilegast var að skilja hann þannig, að leigjendum B væru tryggður greiður aðgangur að lóð sinni, en þó á þann hátt, að leigjendum A væri sem minnstur bagi að. Auk þess var byggingarnefnd í lóðarleigusamningi fyrir B áskilið að segja fyrir um, hvar inngönguhlið að þeirri lóð skyldi vera og þar með að ráða því, hversu langt inn á lóðina A umferðastigurinn að B skyldi ná. Var byggingarnefnd þessvegna réttkomin til að leyfa byggingu bílskúrsins, þar sem hann var reistur. Kröfu leigjenda lóðarinnar B var því hrundið 678

Uppboð.

Ábúandi þjóðjarðar einnar leigði manni nokkrum einnar dagsláttu land undir sumarbústað úr landi þjóðjarðarinnar. Skyldi sá leigumáli standa, meðan leigusali sæti þjóðjörðina. Staðfesti síðan sýslumaður sá, sem í hlut átti, þessa ráðstöfun. A gerði fjárnám í sumarbústaðnum og auglýsti hann síðan til uppboðs án þess að gæta ákvæða laga nr. 23 frá 1928. B, sem átti veðskuldabréf, tryggt í sumarbústaðnum, mótmælti uppboðinu með þeim rökum, að telja bæri sumarbústaðinn fasteign, og hefði uppboðið þessvegna ekki verið löglega auglýst. Fógeti hratt mótmælunum með úrskurði, er B áfrýjaði. Talið, að umboðsmanni þjóðjarðarinnar hafi samkvæmt 3. sbr. 2. gr. laga nr. 30 frá 1913 verið heimilt að samþykkja leigu á lóð undir sumarbústaðinn án tillits til ummæla í byggingarbréfi landsetans, sem gefið var út fyrir gildistöku téðra laga, og að samkv. þessu hafi sumarbústaðnum fylgt lóðarréttindi slík, er gert hafi það að verkum, að nauðungaruppboð á honum ætti að fara fram eftir ákvæðum þeim um nauðungaruppboð fasteigna, er í lögum nr. 23 frá 1928 segir 243

Uppboðsgerð felld úr gildi, með því að lögtak, sem uppboðið hvíldi á, var ómerkt. Lögtaks- og uppboðsbeiðandi og uppboðskaupandi dæmdir in solidum til að greiða gerðarþolanda málskostnað fyrir hæstarétti 469

Upptaka eigna. Sjá refsingar.

Úrskurðir.

Nýjar rannsóknir ákveðnar í barnsfaðernismáli 37, 406

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð í máli ákæruvaldsins gegn bílstjórum nokkrum, sem kærðir voru fyrir að hafa valið bílum sínum stæði án heimildar á götu í Reykjavík 85

Lagt fyrir lögreglustjórann í Reykjavík með úrskurði hæstaréttar að dómkveðja þrjá menn til að rannsaka spotta af botnvörpustreng togara, er ætlað

var, að hefði verið að veiðum í landhelgi, en höggvið af sér botnvörpuna, er varðskipið kom á vettvang 213

Útivist aðilja.

1. Áfrýjandi mætti ekki. Útivistardómur 148, 149, 211, 212, 296, 382, 432, 433, 443, 444, 445, 521, 684
2. Útivist stefnda. Mál flutt skrifleða eftir 1. tl. 38. gr. hæstaréttarlaganna 1, 69, 247, 370, 416, 421, 454, 547
Stefndi mætti ekki. Frávísun vegna vöntunar á stefnubirtingu 421

Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn og allsherjarregla.

Maður, sem var á fátækraframfæri, dæmdur til refsingar eftir 101. gr. hegningarlaganna fyrir að reyna að beita fátækrafulltrúa, er var að gegna starfi sínu, kúgun. Framkoma fátækrafulltrúans þótti ekki hafa verið slík, að 103. gr. hegningarlaganna kæmi til greina 261
Bifreiðarstjóri leitaðist við að ljósta lögregumann, er ætlaði að taka hann fastan fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, hnefahögg í andlitið. Þetta talin ein þeirra athafna, er greinir í 99. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, og var bifreiðarstjóranum refsað eftir 101. gr. sömu laga 264
Eftir að lýst hafði verið yfir því af hendi nafngreinds manns, að afgreiðslubann yrði lagt á skip, sem statt var á Siglufirði, safnaði bæjarfógeti þar á staðnum liði til verndar vinnufriði við skipið. Var hlaðinn upp varnargarður á bryggjunni og tók löggæzluliðið sér varnarstöðu fyrir innan hann. Á varnargarðinn lét bæjarfógeti festa upp auglýsingu þess efnis, að aðgangur væri bannaður. Fjölda fólks dreif nú niður að skipinu. Lýsti bæjarfógeti fyrir mönnum banni við því að fara inn fyrir hleðsluna. Flokkur manna réðst samt á fyrirhleðsluna með grjót-

kasti og kola og bareflum. Þessi verknaður var talinn varða árásarmennina við 1. mgr. 99. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Siglufjörð nr. 82 frá 1929. Þeir af tilræðismönnunum, sem sannir urðu að meiðslum við varnarliðsmenn, voru auk þess dæmdir eftir 205. gr. hegningarlaganna. Einn atlögumaðurinn varð uppvís að því að hafa rifið niður áðurgreint viðvörunarspjald bæjarfógeta. Fyrir þann verknað var atlögumanninum refsað eftir 106. gr. hegningarlaganna 566
Maður dæmdur til refsingar eftir 10. gr. laga nr. 51 frá 1928 646

Vanefndir. Sjá samningar, vinnusamningar

Varnarþing.

1. Einkamál.

Mál, sem maður, búsettur í Hrísey, höfðaði gegn skilanefnd Síldareinkasölu Íslands, rekið eftir samkomulagi aðilja fyrir gestarétti Reykjavíkur 117
Sagt, að heimilt sé eftir 81. gr. laga nr. 85 frá 1936 að semja um meðferð máls í hvaða lögsagnarumdæmi sem er og í hvaða þinghá sem er 227
Skip dregið af grunni á Skagafirði og dregið síðan til Akureyrar. Mál um bjarglaun sótt í Reykjavík 358
Skip dregið af grunni við Skagaströnd og dregið síðan til Ísafjarðar. Bjarglaunamál sótt í Reykjavík 372
Mál gegn Ísafjarðarkaupstað rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur 382
Mál á hendur manni, búsettum í Neskaupstað, til að hlíta sjóveðsrétti í skipi sínu fyrir nauðsynjum til þess, er teknar voru út í verzlun í Reykjavík, sótt fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur .. 421
Skip dregið af grunni á Húnaflóa og því fylgt til Akureyrar. Mál til bjarglauna sótt fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 449
Skip dregið af grunni á Siglufirði. Mál til bjarglauna sótt fyrir sjó- og verzlunardómi Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 515
Skip dregið af grunni í Keflavík. Mál til bjarglauna sótt fyrir sjódómi Gullbringu- og Kjósarsýslu .. 554

2. *Opinber mál.*

Bílstjóri búsettur í Árnessýslu drýgði brot gegn áfengis- og bifreiðalögunum í Reykjavík. Sök hans sótt í Reykjavík 301
Togari tekinn vegna landhelgibrots við Stafnes, en málið rannsakað og dæmt í Reykjavík 408
Togari tekinn vegna ætlaðs landhelgibrots fyrir Austurlandi og mál rekið og dæmt í Neskaupstað .. 411
Í norsku farþegaskipi fannst ólöglega innfluttur varningur á Fáskrúðsfirði. Málið rekið og dæmt á Seyðisfirði 437
Togari tekinn fyrir austan Vestmannaeyjar. Mál rekið og dæmt í Vestmannaeyjum 459
Mál ákæruvaldsins á hendur tveimur mönnum, búsettum í Reykjavík, og tveimur mönnum, búsettum á Akranesi, fyrir brot gegn 17. og 29. kap. hegningarlaganna rekið að nokkru í Reykjavík og að nokkru á Akranesi, og síðan dæmt í Reykjavík 497
Togari tekinn við Reykjanes og mál rekið og dæmt í Reykjavík 525
Togari tekinn í Garðssjó og mál rekið og dæmt í Reykjavík 534
Margir menn sóttir til refsingar fyrir árás á lögreglulið. Málið rekið og dæmt í kaupstað þeim, þar sem brotið var drýgt 566

Vatnsskattur. Sjá endurgreiðsla.

Vátrygging.

Lyfsalinn A átti megnið af lyfjavörunum í lyfjabúð lyfsalans B, og skyldi B standa honum skil á andvirði þeirra mánaðarlega, eftir því sem þær seldust, að frádregnum rekstrarkostnaði, þar á meðal kostnaði við vátryggingu varanna, sem B átti að annast. C hafði selt B húsgögn nokkur með áskildum eignarrétti, unz þau væru að fullu greidd, og skyldi B hafa þau í vátryggingu gegn eldsvoða. Vátryggði B síðan eigin lyfjavörur sínar, lyfjavörur A og téð húsgögn, allt á eigin nafni og sem sína eign hjá N. Eftir að lyfjabúð

A ásamt lyfjavörum og húsgögnum hafði brunnið, seldi B fram til A allan rétt sinn á hendur N, þar á meðal rétt til vátryggingarfjár húsgagnanna. Síðar framseldi B til C rétt sinn á hendur N til brunabóta fyrir húsgögnin. A höfðaði síðan mál á hendur N til greiðslu brunabótanna, en C gerðist sakmiðill og krafðist, að brunabæturnar fyrir húsgögnin yrðu sér dæmdar. N barði því við, að sér væri óskylt að sæta málssókn af hendi annarra en B eða bús hans til greiðslu brunabótanna. Þessari varnarástæðu var ekki gaumur gefinn, þar eð N hafði viðurkennt A sem réttan aðilja með því að ganga til samninga við hann um brunabæturnar. Lyfjavörur þær, sem A hafði átt í lyfjabúð B og B hafði vátryggt sem sína eign, var N ekki talið skylt að bæta, með því að vátryggingin gat samkvæmt vátryggingarskilmálunum aldrei náð til hluta, sem ekki voru eign vátryggðs, þ. e. vátryggingartaka, og með því ennfremur að hin sérstaka afstaða þeirra A og B til lyfjabúðarinnar var talin geta haft veruleg áhrif á áhættu N. Brunabætur lyfjavara þeirra, sem B hafði átt í lyfjabúðinni, var N hinsvegar gert að greiða A, og ennfremur brunabætur húsgagnanna, sökum þess að B hafði fyrr framselt A en C rétt sinn til þeirra og þar eð ekki varð talið, að C hefði vegna eignarréttarfyrirvarans og skyldu B til að halda húsgögnunum vátryggðum öðlazt neinn forgangsrétt til brunabóta þeirra 200

Benzíngeymi á bíl var þannig fyrir komið, að opið á honum var inni í bílnum. Kveld eitt, er A var að láta benzín á bílinn, brá hann lukt inn í hann til að aðgæta benzínmælinn. Varð þá bíllinn af stundu alelda og eyðilagðist. Vátryggingarfélag það, er bíllinn var tryggður hjá, taldi sér óskylt að bæta tjónið samkvæmt því ákvæði vátryggingarskilmálanna, að tjón, er stórkostlegri óvarkárni væri um að kenna, væri undanskilið bótum. Héraðsdómarinn dæmdi bætur að frádregnum 25% samkvæmt því ákvæði vátryggingarskilmálanna, að þegar tjón verði af óvarkárni,

er eigi verði metin stórkostleg, geti vátryggingarfélagið dregið 25% frá bótunum. Vátryggingarfélagið áfrýjaði dóminum, og var hann staðfestur að niðurstöðu til með þeim röksemdum, að ekki yrði ætlað, að almenningur gerði sér grein fyrir eldfimihættu þeirri, er tjónið hlauzt af, og að ekki væri fram komnar sannanir fyrir því, að bifreiðarstjórum væri veitt fræðsla um þessa eldfimihættu né að A hefði haft þekkingu á henni, fyrr en slysið varð 479

Héraðsdómur, sem dæmdi eiganda skipsins A bætur fyrir björgun skipsins B, ómerktur ásamt eftirfarandi fjárnámi, með því að vátryggingarfélag það, sem bæði skipin voru tryggð hjá, átti samkvæmt félagslögunum úrskurð um bjarglaunin, er síðan mátti áfrýja til gerðardóms 651

Vátryggingarsvik.

Kona ein fékk tvo menn til að kveikja í veitingahúsi, sem hún hafði á leigu, með loforði um hlutdeild í vátryggingarfé innanstokksmunanna. Taldi hún síðan fram til vátryggingarfélagsins marga muni sem brunna, er hún hafði skotið undan. Vátryggingarbrot hennar talið varða við 261. gr. hegningarlaganna, sbr. 46. gr. sömu laga Samsektarmönnum hennar var ekki refsað eftir 261. gr. hegningarlaganna, með því að þeim var einungis tilkynnt málshöfðun eftir 283. gr. hegningarlaganna 484

Veð. Sjá sjóveð.

Veðskuldabréf. Sjá fjárnám.

Veiðiréttindi.

A, sem átti jörð við Borgarfjörð (Hvítá), vildi fá B, sem landspildu átti við sama fjörð austan við jörð A, óheimilað með dómi að veiða í netlögum framundan landspildunni og jörðinni, en til vara vestan línu, er hugsuð væri í framhaldi af landamerkjalínunni milli téðra fasteigna. Héraðsdóm-

arinn dæmdi mál þetta að hætti almennra einkamála. Sá dómur var ómerktur í hæstarétti og málinu vísað heim í hérað aftur til endurupptöku frá tilteknu stigi þess þar, með því að það átti að sæta meðferð eftir III. kafla laga nr. 41 frá 1919 673

Venja.

Sagt í héraðsdómi, að föst venja hefði myndazt um það, að venjulegir verzlunar- og skrifstofumenn eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti 511

Verksamningar. Sbr. ákvæðisvinna.

A byggði samkvæmt verksamningi íveruhús fyrir B og C, og skyldi A leggja til allt efni til hússins, þar á meðal gólfdúka. Efnivörur til hússins tók A með greiðslufresti út í verzlun D. Fyrir gólfdúknum aflaði B gjaldeyris- og innflutningsleyfis á sitt nafn og fékk síðan D til að útvega þá. A talið skylt að greiða D dúkana að því athuguðu, *að* gera varð ráð fyrir að D vissi um verksamninginn og hefði þannig fengið næga ástæðu til að ætla, að A væri ábyrgur fyrir þeim vörum, er út væru teknar hjá sér til hússins, *að* A hafði tekið fyrirvara- og athugasemdalaust við dúkunum, þegar D sendi þá á byggingarstaðinn, og loks *að* A hafði tekið við fullnaðargreiðslum af B og C fyrir efndir sínar á verksamningnum án þess að hreyfa því, að hann teldi sér óskylt að greiða D dúkana og gefa þannig B og C færi á því að halda eftir af verkgjaldinu andvirði þeirra til handa D 376

Verzlunarhættir.

Stjórn kaupfélags sótt til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 84 frá 1933 um óréttmæta verzlunarháttu, án þess að þeir einstaklingar væru nafngreindir, er fyrir sökum voru hafðir, og án þess að nokkur skýrsla væri tekin af stjórnarnefndarmönnunum að einum þeirra fráteknum. Málsmeðferð og héraðsdómurinn ómerkt ex officio í hæstarétti 267

A sat í stjórn fyrirtækis, sem starfrækti kaffibrennslu í Reykjavík. Hann auglýsti þar í dagblaði, að kaffi fyrirtækisins væri framleitt úr dýrustu og beztu kaffibaunum, það væri hreinsað í vélum, sem skildu úr þeim öll óhreindindi, þannig að einungis kjarni kaffibaunanna yrði eftir, og að engin kaffibrennsla hér á landi hefði slíkar vélar. Kaffi fyrirtækisins reyndist framleitt að 9/10 hlutum úr rio-kaffi og að 1/10 hluta úr mokkakaffi, og taldi því matvælaeftirlit ríkisins ofsögum sagt af gæðum þess. Nokkur hluti silfurhúðar varð eftir í kaffinu, að dómi matvælaeftirlitsins, við hreinsunina. Loks hafði A ekki fullvissað sig um, að ekki fyndist jafn góðar vélar til kaffibrennslu hér á landi. Af greindum ástæðum var A dæmdur eftir kröfu B, sem fékkst við kaffibrennslu á Akureyri, til refsingar samkvæmt 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 84 frá 1933. Hinsvegar var hann ekki dæmdur til að greiða B fébætur, með því að ekkert hafði komið fram í málinu, er veitti ástæðu til að ætla, að B hefði beðið tjón af verknaði hans. Loks var hann ekki dæmdur til að birta leiðréttingu um þau atriði auglýsingarinnar, sem hann var sakfelldur fyrir, þegar af þeirri ástæðu, að ganga varð út frá því, að áhrifa auglýsingarinnar gætti ekki lengur 391

Verzlunarskuldir. Sjá skuldir, skuldamál.

Vettvangsmál.

Mál um veiðiréttindi í netlögum fyrir framan jörð, sem A átti við Borgarfjörð (Hvítá), og landspildu, er B átti við sama fjörð, talið eiga að fara eftir III. kafla laga nr. 41 frá 1919. Héraðsdómarinn hafði farið með málið að hætti almennra einkamála. Var þessvegna málsmeðferðin frá vissu stigi málsins í héraði og héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 673

Mál um víðtæki umferðarkvaðar á lóð í Reykjavík rekið fyrir og dæmt af merkjadómi Reykjavíkur 678

Vextir.

6% vextir dæmdir af dæmdri fjárhæð samkvæmt kröfu stefnanda 51, 140, 171, 382, 421, 541
Einungis krafizt 5% vaxta 39, 162, 178, 303, 445, 471, 479, 511, 515, 554, 590, 667
6% vaxta krafizt, en héraðsdómari tók einungis 5% til greina. Málinu ekki áfrýjað til hækkunar vöxtunum 359, 372, 376, 449, 492
Krafa um endurgreiðslu oftekinna vaxta af láni, tryggðu með fasteignaveði, sem greiddir höfðu verið, meðan tsk. 27. maí 1859 og lög nr. 10 frá 1890 voru í gildi, hvorki talin verða byggð á þessum lagaboðum né heldur neitt það fram komið í málinu, sem veiti heimild til endurheimtu eftir öðrum réttarreglum 91
Í vátryggingarskilmálum vátryggingarfélags var svo mælt, að útborgun fari fram innan mánaðar frá því að bæturnar hafi verið ákveðnar með samkomulagi aðilja, mati eða fullnaðardómi og að félaginu væri ekki skylt að greiða vexti fyrr en að þessum fresti liðnum. Samkvæmt þessu var manni nokkrum ekki gert að greiða vexti af vátryggingarfé, sem félaginu var gert að greiða honum 200
A ekki dæmdir vextir af dæmdri fjárhæð, með því að ganga varð út frá því eftir málfærslunni, að henni hefði staðið féð til boða, þegar er það varð gjaldkræft 350
Í skuldabréfi var svo mælt, að ef vanskil yrðu á vaxtagreiðslu, skyldi lántaki greiða dráttarvexti, ¼ % af vaxtafjárhæð þeirri, er í gjalddaga væri fallin, fyrir hvern dag, sem greiðslan drægist. Í héraðsstefnu var einungis krafizt ¼ % p. a. af vöxtum þeim, sem dæmdir yrðu, og urðu hærri dráttarvextir þessvegna ekki dæmdir gegn mótmælum stefnda 541

Viðskiptatilkynningar. Sjá einnig aðgerðaleysisverkanir.

Konan A, sem veitt hafði forstöðu hringsaumadeild á hraðsaumastofu B, lét af störfum þar, löngu

áður en ráðningartími hennar var liðinn, og kvað hún klæðskera B hafa vikið sér á brott og B rofið samning þeirra með því að leggja niður hringsaumadeildina. Krafðist hún á þeim stofni fébóta af B. Það talið hnekkja málstað hennar, að hún fór frá B án þess að tjá honum á sannanlegan hátt, svo sem vænta hefði mátt af henni, eins og á stóð, að hún væri þess albúin að halda áfram starfi því, er hún var ráðin til, en myndi ella krefjast bóta 350

A hafði samkvæmt verksamningi á hendi gerð íveruhús fyrir B og C, og skyldi A leggja til efnivörur til þess, þar á meðal gólfdúka. Mikið af vörunum tók A út hjá D með gjaldfresti. B aflaði samt gjaldeyris- og innflutningsleyfis fyrir gólfdúkunum og lét síðan D útvega þá. Sendi D þá síðan á byggingarstaðinn, þar sem A tók fyrirvara- og athugasemdalaust við þeim. Ennfremur tók A við fullnaðargreiðslum frá B og C fyrir efndir sínar á verksamningnum án þess að hreyfa athugasemdum um, að hann teldi sér óskylt að greiða D dúkana, og gaf þannig B og C ekki færi á því að halda eftir af verkgjaldinu andvirði þeirra. A talið skylt að greiða D dúkana 376

Viðtökudráttur.

Skuldara ekki gert að greiða vexti af dæmdri fjárhæð, með því að ganga varð út frá því eftir málfærslunni, að fjárhæðin hefði verið boðin fram, þegar hún varð gjaldkræf 350

Vinnusamningar.

Þann 1. febrúar 1928 var A ráðinn til þess ásamt öðrum manni að hafa á hendi skoðun bifreiða í Suðurlandsumdæmi og ennfremur til þess að vera prófdómari í sama umdæmi við próf bifreiðarstjóra. Var svo mælt í erindisbréfi, sem skoðunarmönnum bifreiða var sett sama dag, að þeir skyldu hafa að launum þar tilgreind skoðunargjöld bifreiða og bifhjóla svo og prófgjöld. Í framkvæmdinni runnu gjöld þessi samt í ríkis-

sjóð, en A fékk hinsvegar greiddar kr. 500 mánaðarlega þaðan. Auk þess fékk hann samkvæmt sérstakri beiðni sinni á árinu 1930 1000 króna launauppbót fyrir árið 1929, en þá hefði hann átt inni í ríkissjóði milli 7 og 8 þúsund krónur, ef farið hefði verið eftir ákvæðum erindisbréfsins. Þann 13. apríl 1932 tjáði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið A vegna tilmæla hans um frekari launagreiðslur, að það teldi honum fullgreitt með kr. 500 á mánuði, og var ekki sannað, að hann hefði andæft téðu bréfi. Í byrjun ársins 1934 fékkst jáyrði hans fyrir lækkun mánaðarlauna hans niður í kr. 462.50 og í byrjun ársins 1935 voru laun hans lækkuð á ný. Endurgalt hann þá kr. 115.00, sem honum voru taldar ofgreiddar sem laun. Eftir að hann hafði látið af starfa sínum á árinu 1935, krafði hann ríkissjóð um tæpar 39 þúsund krónur, sem hann taldi sér vangoldnar á árunum 1928—1935 samkvæmt erindisbréfinu frá 1. febrúar 1928. Talið var, að hann hefði með framkomu sinni, þeirri sem að framan er lýst, firrt sig rétti til slíkrar greiðslu 51

Eftir að starfstími samkvæmt skipunarbréfi A, sem var skoðunarmaður bifreiða, var útrunninn 30. des. 1934, vann hann áfram að sama starfi til 30. apríl 1935, en þá var honum sagður upp starfinn og greidd laun fyrir maímánuð. Sagt, að ekki væri upplýst, að honum hefði átt að vera það ljóst, að framlenging starfstíma hans eftir árslok 1934 hefði einungis átt að vera til bráðabirgða, og var með hliðsjón af starfa hans talið hæfilegt að ætla honum 6 mánaða uppsagnarfrest. Voru honum þessvegna dæmd 5 mánaða laun til viðbótar 51

Þegar A þann 1. janúar 1936 lét af störfum hjá hlutafélaginu M, þar sem hann hafði verið starfsmaður, átti hann inni nokkurra mánaða kaup. Þann 16. s. m. krafðist hann kaupeftirstöðvanna. Segist hann þá hafa fengið það svar, að greiðsla gæti ekki orðið innt af hendi í bráð vegna fjárhagsörðugleika. Leitaði A því næst til málflutnings-

manns, sem krafðist greiðslu skuldarinnar þann 18. og fékk hana greidda þann 21. s. m. Hinsvegar neitaði M að greiða innheimtulaun til málflutningsmannsins. Sagt, að málflutningsmaðurinn ætti tilkall til launa samkvæmt lágmarksgjaldskrá málaflutningsmanna og að A gæti leitað lúkningar á þeirri greiðslu hjá M þegar af þeirri ástæðu, að fyrirsvarsmanni M hefði ekki tekizt að sanna þá staðhæfingu sína, að hann hefði þann 16. janúar beðið A að koma eftir tvo daga og vitja launanna 140

Konan A, sem veitt hafði forstöðu hringsaumadeild á hringsaumastofu B, lét þar af störfum, löngu áður en ráðningartími hennar var liðinn. Taldi hún, að klæðskeri B hefði vísað henni á brott og að B hefði rofið samning þeirra með því að leggja niður hringsauminn, en hún hafði átt auk fastra launa að fá hundraðsgjald af verði hverrar flíkur, er fullgerð var í hringsaumadeildinni. Talið var ósannað af hendi A, að klæðskerinn hefði vísað henni á brott eða að hann hefði haft heimild til þess af húsbónda sínum. Ekki var heldur sannað, að dregið hefði úr hringsaumnum af ástæðum, er B yrði að sök gefnar gagnvart A, eða að A hefði slegið þann varnagla við B, er hún fór frá honum, að hún væri þess albúin að starfa hjá honum, en myndi ella krefjast fébóta. Var B þessvegna sýknaður af kröfum hennar 350

F réð S til vinnu um þrjá mánuði að sumarlagi við veiðarfæraverzlun sína á Siglufirði gegn föstu mánaðarkaupi. Nokkrum dögum eftir að S hóf starf þetta, lagðist hann í kighósta og átti í þeim sjúkdómi um hálfsmánaðartíma. Viku eftir að S tók veikina, sleit F ráðningarsamningnum. Sagt, að F hefði ekki haft ástæðu til að ætla, að S yrði svo lengi frá vinnu, að honum (F) hefði þessvegna verið heimil samningsslitin. Viðtaka S á kaupi sínu, nokkru eftir að hann kom á fætur, fyrir þá daga, er hann hafði unnið hjá F, ekki talin hafa, eins og á stóð, veitt F ástæðu til að telja

S afsala sér rétti til bóta vegna samningsslitanna. Bæturnar til handa S ákveðnar með hliðsjón af því, að ætla mátti, að hann hefði getað unnið sér inn nokkuð, eftir að hann var heill orðinn og laus frá starfa sínum hjá F 445
A vann á bifreiðarstöð B og skiptist á við B um störfin við afgreiðsluna. Í varðtíma sínum hafði A á hendi ákvarðanir um bifreiðaferðir, samdi um greiðslur fyrir þær, skipti þeim niður milli bifreiðarstjóranna, annaðist nauðsynlegt bókhald um ferðir þær, er þá voru farnar, og um inneign bifreiðarstjóra hjá viðskiptamönnum. Auk þess hafði A með höndum innheimtu fyrir stöðina. A talinn eiga heimtingu á þriggja mánaða uppsagnarfresti 511
J, sem var bæjarstjóri í kaupstaðnum A, bað G um að leita að kaupanda að skipi, sem J bjóst við, að A yrði að selja. G setti sig í samband við K, er var fús að kaupa skipið, en með öðrum kjörum en J hafði tiltekið. J hóf síðan sjálfur samningaumleitanir við K, er lukust svo, að félag, þar sem K var einn félagi, keypti skipið. G talinn eiga kröfu til þóknunar fyrir starfa sinn, að vísu ekki full sölulaun, með því að hann hafði ekki komið á sölusamningum, heldur starfalaun, er ákveðin voru með hliðsjón af því, að hann hafði komið á sambandinu milli K og J 590

Vitni.

Bifreiðarstjóri dæmdur fyrir ölvun við akstur m. a. samkvæmt framburði farþega í bifreiðinni 3
Drengur, 4 ára að aldri, hlaut bana af því að verða fyrir vagni, sem festur var aftan í bifreið. Í refsimáli á hendur A, sem ganga átti með vagninum til eftirlits, bar kona ein um afstöðu drengsins til vagnsins 6
Vitt, að rannsóknardómari hafði ekki látið lögreglumenn, er unnu að rannsókn sakamáls út af húsbruna, koma fyrir dóm og staðfesta þar skýrslur sínar um málið 17

Telpa 9 ára að aldri, sem haldin var kynsjúkdómi, gaf skýrslu fyrir dómi um mök sín við karlmenn 33

Nokkur vitni gáfu skýrslu þess efnis, að þau hefðu, hvert í sínu lagi og án þess að nokkurt samband væri þeirra á milli, keypt áfengi af A, sem var við afgreiðslu í bifreiðastöð, og eitt vitni kvaðst nokkrum sinnum hafa farið með áfengi fyrir hann til kaupenda þess. Þetta ekki talið veita fullnaðarsönnun fyrir áfengissölu A 132

Eitt vitni kvaðst hafa keypt áfengi af bifreiðarstjóranum B, en vitnið var mjög hvarflandi í framburði sínum um það, hvar og hvenær kaupin hefðu gerzt. Ekki talin fram komin næg sönnun fyrir sekt B 132

Fundið að því í opinberu máli á hendur tveimur mönnum, er sakaðir voru um að selja áfengi frá bifreiðastöð, *að* símahlustendur lögreglunnar voru ekki leiddir sem vitni, fyrr en kærðu hafði verið tilkynnt málshöfðun, *að* kærðu voru ekki samprófaðir við símhlustendur, þrátt fyrir véfengingu kærðu á skýrslum þeirra, *að* vitni voru ekki eiðfest að einu undanskildu, *að* tveir vottorðsgefendur voru ekki leiddir sem vitni og loks *að* ýmsir menn, er símhlustendur töldu hafa hringt á bifreiðastöðina eftir áfengi, voru ekki leiddir sem vitni 132

Í einkamáli var þess krafizt af hendi annars aðiljans, að úrslit málsins yrðu látin velta á eiði tiltekins þriðja manns um sakaratriðið. Þetta kom ekki til greina, þegar af þeirri ástæðu, að þessi þriðji maður hafði þegar unnið eið að þessu sama sakaratriði sem vitni í málinu 162

Í máli ákæruvaldsins gegn tveimur manneskjum fyrir sölu áfengis þótti það bresta á rækilega rannsókn og meðferð þess, að forstöðumaður áfengisverzlunarinnar, sem gefið hafði vitnaskýrslu í málinu, var ekki látinn staðfesta hana, enda þótt annað hinna kærðu vildi ekki kannast við, að skýrslan væri fyllilega rétt. Ennfremur athugað í sama máli, að þrjú vitni voru fyrst látin stað-

festa skýrslu sína, eftir að héraðsdómurinn hafði verið kveðinn upp 325
Skýrslum vitna mótmælt sem röngum og vilhöllum, þar eð þau voru í þjónustu annars aðiljans. Héraðsdómari lagði ekki skýrslurnar til grundvallar. Hæstiréttur tók ekki berum orðum afstöðu til þessa atriðis 350
A eignaði B launget barn, er hún fæddi, og kvað barnið hafa komið undir við samfarir sínar við B í hesthúsi, er þau voru á heimleið saman af skemmtisamkomu að næturlagi. Tvö systkyni A, 10 og 15 ára, er í fylgd með aðiljunum höfðu verið, nokkru áður en samfarirnar áttu að hafa farið fram, voru yfirheyrð í málinu 416
Vitnisburður eins vitnis, sem mægt var öðrum aðilja, ásamt líkum leiðir til þess, að úrslit máls eru látin velta á synjunareiði hins aðiljans .. 421
Varðskipsmenn gefa vitnaskýrslur um siglingastefnu togara, sem voru undir grun um landhelgiveiðar 411, 459, 522
Eignar- og íveruhús A var áfast við prentsmiðju B, og olli prentvél þar gný og hristingi í húsi A. Í máli, er A höfðaði á hendur B, til að fá hlut sinn í þessu efni réttan, gáfu húsameistari og verkfræðingur vitnaskýrslur um aðgerðir þær, er þeir töldu geta leitt til úrbóta téðrar óhægðar 183
Í máli ákæruvaldsins á hendur skottulækni til refsingar fyrir tilraun til fóstureyðingar var tekin vitnaskýrsla af konum þeim, sem höfðu verið undir hendi hans, svo og barnsföður einnar konunnar 252
A var sakaður um of hraðan akstur bifreiðar. Vitni, er voru í bifreið lögreglunnar, er veitti honum eftirför, báru um aksturshraðann 522
Vitni, sem sat í stýrishúsi vörubifreiðar, gefur skýrslu fyrir lögregluréttí um mistök á akstri bifreiðarstjórans 475

Víxlar.

Staðfestning á dómi héraðsréttar í víxilmáli 547
Stjórnandi hlutafélags, sem sá fyrir yfirvofandi gjald-

þrot þess, lét félagið gefa sér víxil fyrir inneign sinni hjá félaginu og síðar framlengja hann. Þetta ekki talið refsiverð athöfn, með því að hér var einungis um að tefla réttarfarshagræði handa kröfuhafanum 597
Maður dæmdur til refsingar fyrir fölsun víxils 655

Yfirvöld. Sjá dómar, dómstólar, embættistakmörk yfirvalda,

Þingafglöpun. Sjá ómerking, opinber mál.

Þjófnaður.

a) Almennur þjófnaður.

Maður stal kjötdós og peningaveski úr opnum herbergjum í skipi, en félagi hans stal í sömu mund skóm úr opnum íveruklefa í skipinu, og eftir að lögreglan hafði tekið skóna, stal hann þeim aftur úr vörzlum lögreglunnar. Sömu menn stálu í félagsskap peningakassa úr húsi. Seildist annar þeirra eftir kassanum inn um opinn glugga án þess að fara inn um gluggann. Brutu þeir síðan kassann upp í sameiningu. Brot þeirra heimfært undir 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 63. gr. hegningarlaganna, og að því er varðaði annan þeirra með skírskotun til 38. gr. hegningarlaganna 214

b) Stórþjófnaður.

A, sem var andlegur eftirbátur, komst í ölvunarástandi inn í læst og mannlaust sumarhús og olli bruna þess fyrir vangeymslu elds. Þegar hann varð þess vís, að kviknað var í húsinu, nam hann þaðan á brott nokkra muni og hafði nokkra þeirra heim til sín. Varhugavert þótti að telja sannað, að hann hefði farið inn í húsið til að stela eða að hann hefði í öndverðu ætlað sér að slá eign sinni á muni þá, sem hann tók þaðan. Hinsvegar þótti sannað, að hann hefði síðar, eftir að kunnugt varð um brunann, tekið ákvörðun um að gera munina að sinni eign. Þetta atferli talið

varða við 250. gr. hegningarlaganna, en ákærður sýknaður samkvæmt analogiu 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 frá 1928 17

Tveir menn fóru inn í bifreiðastöð með því að opna útidyrnar með lykli, er annar þeirra hafði á sér og gekk að dyrunum. Stálu þeir þaðan tóbaki úr skúffu, er stöðvarstjórinn taldi, að verið hefði læst bæði fyrir þjófnaðinn og eftir hann. Brot ákærðu talið eitt þeirra, sem lýst er í 231. gr. 4. tl. hegningarlaganna. Refsing annars þeirra ákveðin eftir 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, en refsing hins, sem áður hafði drýgt auðgunarglæpi, samkvæmt 7. gr. sbr. 8. gr. sömu laga 229

Þjófneyzla. Sjá hylming.

Ærumeiðingar.

A veittist í blaðagrein með mjög meiðandi ummælum að lögreglustjóranum B fyrir aðgerðaleysi hans í heilbrigðisnefnd kaupstaðar til varnar skarlatssótt, sem gerðist allmögnuð í kaupstaðnum og komið hafði upp á bæ einum, þar sem bæjarfélagið rak kúabú. Með því að ekki var sannað, að B hefði orðið kunnugt um meiðyrðagreinina, fyrr en hann sjálfur fullyrti, var sýknukrafa A vegna fyrningar ekki til greina tekin. Að vísu þóttu afskipti B af sóttvarnarmálinu ekki óaðfinnanleg, en samt töldust þau ekki réttlæta illmæli þau og áburð, sem í grein A fólust. A var refsað eftir 217. sbr. 218. gr. hegningarlaganna 100

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðar.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XVIII. árgangur. **1937.**

Mánudaginn 11. janúar 1937.

Nr. 163/1936. **Sturla Jónsson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Hrefnu Sigurgeirsdóttur (Enginn).

Fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur hæstaréttar.

Með hæstaréttardómi, uppkveðnum 19. júní f. á., var staðfestur dómur gestaréttar Reykjavíkur frá 18. apríl f. á., en með þeim dómi var stefnda, Hrefna Sigurgeirsdóttir, og þrír menn aðrir dæmd til þess að greiða in solidum áfrýjanda, Sturlu Jónssyni, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1935 til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun, kr. 14.10 í afsagnarkostnað og kr. 238.10 í málskostnað. Svo var stefnda og með nefndum hæstaréttardómi dæmd ásamt sömu mönnum til þess að greiða áfrýjanda in solidum málskostnað fyrir hæstarétti með kr. 300.00.

Með fjárnámsbeiðni, dags. 30. júní f. á., fór áfrýjandi þess á leit, að gert yrði fjárnám hjá hinum dómfelldu til tryggingar ofangreindum upphæðum, ásamt kostnaði. Fór síðan fram fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur hinn 15. júlí f. á., og var fjárnámi tekin húseignin nr. 68 við Laugaveg ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum, sem talin var eign

stefndu, en sjálf var hún ekki viðstödd fjárnámsgerðina.

Fjárnámsgerð þessari áfrýjaði stefnda með hæstaréttarstefnu, útgefinni 10. okt. f. á., til hæstaréttar til breytingar og skyldi málið þingfest í desembermánuði f. á. Af hálfu áfrýjanda var fjárnámsgerðinni þá áfrýjað til hæstaréttar til staðfestingar með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 15. okt. f. á., og skyldi staðfestingarmálið einnig þingfest í desembermánuði. Er málin féllu í rétt hinn 19. desember f. á., var enginn mættur af hálfu stefndu, og féll aðalsökin þannig niður. Áfrýjandi hélt hinsvegar áfram staðfestingarmálinu, og hefir það verið flutt skriflega eftir 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935, og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandi gerir þær réttarkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Og með því að ekkert liggur fyrir í skjölum málsins, sem fer í bága við kröfu áfrýjanda um staðfestingu fjárnámsgerðarinnar, ber að taka hana til greina.

Með því að stefnda hafði með áfrýjun af sinni hálfu til breytingar veitt áfrýjanda ástæðu til sinnar áfrýjunar, þykir rétt að dæma hana til að greiða áfrýjanda 150 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefnda, Hrefna Sigurgeirsdóttir, greiði áfrýjanda, Sturlu Jónssyni, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. janúar 1937.

Nr. 146/1936. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Inga H. Þorvaldssyni Kroyer
(Lárus Jóhannesson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. ágúst 1936:
Kærður, Ingi Haraldur Þorvaldsson Kroyer, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

Hann skal og ævilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt sú, er kærði skal greiða, er ákveðin 100 krónur, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að kærði, Ingi H. Þorvaldsson Kroyer, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Inga Haraldi Þorvaldssyni Kroyer, bifreiðarstjóra, til heimilis Aðalstræti 18 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og áfengislögum nr. 33, 1935.

Kærður hefir áður sætt hér í lögsagnarumdæminu eftirtöldum refsingum:

1932 10. maí. Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1932 24. maí. Kærður fyrir að aka bíl á reiðhjól. Hlutaðeigandi vátryggingarfélag greiddi skaðabætur.

1932 20. sept. Kærður fyrir árekstur reiðhjóls og bifreiðar. Lokið án málssóknar.

1934 22. des. Sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðarreglum.

1935 26. júní. Aðvörun fyrir samskonar brot.

1936 19. marz. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 kr. sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. þ. m. að morgni dags voru lögregluþjónarnir Magnús Sigurðsson og Lárus Salomonsson kvaddir að Hrannarstíg 3, þar sem drukknir menn væru að knýja á dyr. Þegar þeir koma þangað, var bifreiðin R.E. 765 komin þar, og sat kærður í framsæti hennar undir stýri, en annar maður, Bjarni Ágústsson, var kominn inn í útiforstofu hússins. Meðan þeir tóku Bjarna hafði kærður flutt sig til í bifreiðinni og í hliðarsætið við stýrið. Báðir voru þeir kærður og Bjarni ölvaðir, og lét

lögreglan þegar taka blóð úr kærðum, er reyndist við rannsókn læknis innihalda áfengismagn „meira en 3‰."

Framburður Bjarna í málinu er sá, að hann hafi kvöldið áður á bifreið sinni hitt kærðan. Skömmu síðar hittu þeir tvær stúlkur í Austurstræti og buðu þeim í ökutúr með sér og óku upp að Kolviðarhóli. Á leiðinni var tekið upp áfengi og neyttu þau þess öll, nema vitnið, sem stýrði bifreiðinni. Þegar haldið var heimleiðis, tók kærður við stjórn bifreiðarinnar og ók nú í bæinn aftur, fyrst með stúlkurnar heim til þeirra, síðan heim til vitnisins og loks á Hrannarstíg 4, og höfðu þeir dvalið þar nokkra stund, þegar lögreglan kom, og höfðu m. a. tekið þar upp brennivínsflösku og drukkið nokkuð úr henni áður en lögreglan kom á vettvang. Sjálft kveðst vitnið ekki hafa farið að neyta áfengis fyrr en á heimleiðinni eftir að það sleppti stjórn bifreiðarinnar við kærðan.

Stúlkur þær, er voru með í ferðinni að Kolviðarhóli, hafa báðar verið leiddar sem vitni í málinu og hafa báðar borið það, að kærður hafi neytt áfengis á leiðinni upp að Kolviðarhóli, en Bjarni ekki fyrr en á heimleiðinni eftir að kærður var setztur undir stýri.

Kærður sjálfur þrætti í fyrstu fyrir að hafa ekið bifreiðinni, en hefir síðan ekkert tjáð sig muna eftir nóttinni sakir ölvunar.

Samkvæmt framangreindum vitnisburðum verður að telja kærðan sekan við 5.gr. 3. mgr. laga um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga. Svo ber og að svipta kærðan æfilangt rétti til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Miðvikudaginn 13. janúar 1937.

Nr. 78/1936. **Réttvísin** (Pétur Magnússon)
gegn
Óla Ólasyni Kærnested
(Einar B. Guðmundsson)

Maður dæmdur til refsingar fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. des. 1935: Ákærði, Óli Ólason Kærnested, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, cand. jur. Sigurðar Ólasonar, kr. 50.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur hæstaréttar.

Síðan mál þetta var dæmt í héraði, hefir verið haldin réttarrannsókn um þau atriði, er í úrskurði hæstaréttar frá 21. okt. f. á. getur.

Þeir ákærður og vitnið Sigurjón Jónsson kveðast hafa gengið frá reykháfnum á tengivagninum ásamt tveimur eða þremur mönnum öðrum. Ákærður telur, að tré þau, sem notuð voru til stuðnings reykháfnum, hafi verið negld á vagnpallinn, en Sigurjón minnir, að þau hafi ekki verið negld, en þorir þó ekki að staðhæfa, hvort svo var eða ekki. Á reykháfnum ofanverðum, sem sneri fram á tengivagninum, voru eyru eða lykkjur til að festa stög í og voru þau látin snúa niður að pallinum og stöðvuðu þau reykháfinn mikið. Við rannsókn málsins, þá sem fram fór áður en héraðsdómurinn var uppkveðinn, hélt ákærður því fram, að hann hefði vikið einu sinni frá vinstri hlið

ekið fram hjá húsi hennar, en þá hafi annar mannanna verið hægra megin við vagninn og hinn maðurinn á eftir honum.

Í máli þessu er það upplýst, að ákærður hafði tekizt á hendur að hafa eftirlit með því, að ekki yrði slys við flutning á téðum reykháf og að honum hafi borið að vera á verði vinstra megin við ökutækin. Þá er það og upplýst, að drengurinn varð fyrir vinstra afturhjóli tengivagnsins. Að vísu kann ótryggilegur umbúnaður reykháfsins að hafa réttlætt það, að ákærður viki frá við niðurfallsristina örstutta stund. Hann hefði samt átt að geta vikið til fyrri stöðu sinnar þegar aftur, en annað hvort hefir hann ekki gert það eða að öðru leyti ekki sýnt nægilega aðgæzlu og hefir hann þannig orðið orsök í slysinu sakir skorts á nægilegri varkárni. Hefir hann þar með gerzt brotlegur við 200. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsing hans eftir atvikum málsins hæfilega ákveðin 100 kr. sekt í ríkissjóð og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 50 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120,00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Óli Ólason Kærnested, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

tengivagnsins, eftir að komið var á Nýlendugötuna, og hefði hann gert það til þess að varna því, að reykháfurinn ylti út af vagninum vegna hliðarhalla vinstra megin á veginum. Á þeim kafla vegarins, sem hér skiptir máli, er ekki um annan vegarhalla að ræða en slakkann við niðurfallsristina gegnt húsinu nr. 17 við sömu götu, en þaðan og að slysstaðnum eru 49,80 metrar. Við framhaldsrannsóknina skýrir ákærður hinsvegar svo frá, að hann hafi vikið frá vinstri hlið vagnsins fyrst við téð niðurfallsrör örstutta stund, gengið síðan með vinstri hlið vagnsins að aftanverðu, unz komið var móts við þakrennuna á húsinu nr. 21 við nefnda götu, en þá hafi sér fundizt vagninn kastast til og hafi hann þá enn á ný vikið augnablik að hægri hlið vagnsins og hafi slysið þá orðið. Vitnið Sigurjón segist aftur á móti hafa gengið þó nokkur skref frá því að hann sá ákærða við hægri hlið vagnsins, og þangað til vitnið heyrði hljóðin í drengnum, sem fyrir slysinu varð. Ekki hefir fengizt vitneskja um sjónarvotta að slysinu. Á uppdrætti, sem gerður hefir verið til afnota við framhaldsrannsókn málsins, er sýndur gluggi sá, er vitnið Guðríður Magnúsdóttir, sem ranglega hefir verið nefnd Guðrún af héraðsdómaranum við fyrri yfirheyrslur, stóð við, þegar tengivagninn fór fram hjá húsi hennar, nr. 17 við Nýlendugötu. Samkvæmt uppdrættinum er þó nokkur spölur frá þeim stað, þar sem Guðríður gat síðast séð tengivagninn og að slysstaðnum. Guðríður kveðst hafa séð dreng þann, er fyrir slysinu varð, ásamt öðrum dreng ganga meðfram tengivagninum og hafa hendur á honum, þegar honum var

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 50 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, cand. jur. Sigurðar Ólasonar, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Einars B. Guðmundssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Óla Ólasyni Kærnested, járnsmið, Ránargötu 7 A hér í bænum, fyrir brot gegn 17. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 11. marz 1881. Hann hefir eigi áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 17. maí s. l. fékk stálsmiðjan hér í bænum leigða bifreiðina R. E. 562, sem er vörubifreið, til þess að flytja reykháf af línuveiðaranum Rifsnes og tilheyrandi undirstöðu frá hafnarbakkanum að stálsmiðjunni við Brunnstíg. Var nú fjórhjólaður tengivagn festur aftan í bifreiðina og reykháfnum komið fyrir á honum þannig, að hann var lagður langsum á vagninn, en stóð þó bæði aftur af og fram af, en til hliðanna var reykháfurinn skorðaður með plönkum, sem hleypt var undir hann beggja vegna. Undirstöðu reykháfsins var hinsvegar komið fyrir á vörupalli bifreiðarinnar sjálfrar, og var hún að sögn bifreiðarstjórans svo mikil fyrirferðar, að hún byrgði honum sýn um afturglugga stýrishússins.

Til aðstoðar við þennan flutning fékk stálsmiðjan bifreiðarstjóranum tvo menn, og var annar þeirra ákærði. Er ekið var af stað, gengu þeir með til aðgæzlu sinn til hvorrar hliðar ökutækjanna. Var ekið svo hægt, að þeir gátu þann-

ig fylgzt með, og virðast þeir hafa haft hendur á reykháfnum. Var nú ekið um Tryggvagötu upp Ægisgötu og síðan vestur Nýlendugötu. Er komið var nokkuð langt vestur þá götu, var gatan holótt og nokkur hliðarhalli til vinstri. Vegna þess, að ákærða, sem gengið hafði vinstra megin aftanvert við reykháfinn, þótti vegna hliðarhallans öruggara að breyta um afstöðu, þá færði hann sig nú til hægri við reykháfinn, en hafði þó jafnframt hönd á honum til þess að varna því, að hann ylti út af, en rétt áður en hann færði sig þannig, kveðst hann hafa vikið frá börnum, sem nálgazt höfðu vagninn vinstra megin, og kveður hann því ekkert barn hafa verið sjáanlegt þeim megin við vagninn, er hann breytti um afstöðu eins og að framan greinir. Með þannig breyttri afstöðu kveðst ákærði hafa gengið aðeins örfá skref, en síðan breytt um afstöðu í sama horf og áður, en er hann þá kom aftur fyrir vagninn, virtist honum vinstra afturhjól hans vera að enda við að renna yfir smádreng, sem lá á götunni. Kallaði ákærði þá upp og kom þá hinn aðstoðarmaðurinn til og bifreiðarstjórinn nam rétt strax staðar. Drengur þessi reyndist vera Jóhann Runólfur Eyjólfsson, til heimilis á Nýlendugötu 17 A, 4 ára gamall. Var hann fluttur á St. Jósefsspítala. Hafði hann lærbrotnað og var auk þess víða marinn. Síðar kom í ljós, að blætt hafði á heilabúið, og dó hann af afleiðingum þess hinn 23. maí. Nánar en að framan greinir er eigi upplýst, með hverjum hætti drengurinn varð fyrir umræddum ökutækjum.

Bifreiðarstjórinn, sem annaðist umræddan akstur, kveðst hafa treyst því, að menn þeir, er vagninum fylgdu, gættu þess, að slys yrði ekki af akstrinum, og hafði hann því ekki haft neinar gætur á því, sem gerðist afturundan, enda byrgði farangurinn á bílnum honum útsýni um afturgluggann á stýrishúsinu, eins og áður greinir. Maður sá, er auk ákærða aðstoðaði við flutninginn, hefir og borið, að þeir hafi fylgt vagninum í því skyni að gæta þess, bæði að skorsteinninn ylti eigi af og að slys yrði ekki þannig, að neinn yrði fyrir vagninum eða farminum, og hafi þessi tilhögun verið eftir samkomulagi við bílstjórann. Þessum skýrslum er eigi andmælt af ákærða, og verður því að telja, að hann hafi tekizt á hendur aðgæzlu þá, sem að framan greinir, og

að honum hafi borið eftirlit í þessa átt vinstra megin við ökutækin. Ákærði brást því þessari skyldu sinni, er hann breytti svo afstöðu, að hann sá eigi hverju fram fór vinstra megin við ökutækin. En með því að eigi er upplýst, með hverjum hætti drengurinn varð fyrir ökutækjunum, þá verður heldur eigi um það sagt, hvort ákærði hefði getað afstýrt slysinu eða ekki, enda þótt hann hefði innt af hendi fyrrgreint verk sitt, svo að eigi hefði verið að fundið. Það er því eigi sannað, að slysið sé afleiðing af skyldubroti ákærða eða gáleysi og ber þar af leiðandi að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, cand. jur. Sigurðar Ólasonar, kr. 50.00, greiðist úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus

Föstudaginn 15. janúar 1937.

Nr. 90/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóhannesi Guðmundi Guðmundssyni, Markúsi Sigurjónssyni og Vigfúsi Reykdal Sigurjónssyni
(Lárus Jóhannesson)

Þrír menn sóttir til refsingar fyrir bruggun áfengis. Sök tveggja talin fyrnd. Sá þriðji dæmdur.

Dómur lögregluréttar Skagafjarðarsýslu 27. nóvember 1935: Kærðir, Jóhannes Guðmundur Guðmundsson, Markús Sigurjónsson og Vigfús Reykdal Sigurjónsson, greiði hver um sig 500 króna sekt til menningarsjóðs innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hver um sig í hennar stað 25 daga einföldu fangelsi.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og ónýtast.

Kærðir greiði allan kostnað sakarinnar, kærði Jóhannes Guðmundur Guðmundsson að 1/3 hluta, en kærðu

Markús Sigurjónsson og Vigfús Reykdal Sigurjónsson in solidum að 2/3 hlutum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfengisbruggun sú, sem kærða Markúsi er gefin að sök í máli þessu, fór fram í ársbyrjun 1932, en málshöfðun útaf brotinu var honum tilkynnt af héraðsdómaranum hinn 26. sept. 1935. Áfengisbruggun sú, sem kærði Vigfús Reykdal er sakaður um í málinu, fór fram fyrir sumarmál 1933, en málshöfðun útaf brotinu var honum tilkynnt af héraðsdómaranum hinn 19. nóv. 1935. Hafa þannig, að því er þessa kærðu snertir, liðið meira en tvö ár frá því að þeir frömdu brot sín, til þess er þeim var tilkynnt málshöfðun útaf þeim. Sakir þeirra beggja voru því fyrndar samkvæmt analogíu 67. gr. almennra hegningarlaga, er mál þetta var höfðað, og ber því að sýkna þá báða af refsikröfu valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Jóhannes Guðmundur Guðmundsson hefir viðurkennt það, að hafa bruggað áfengi síðast á árinu 1934 og fyrst á árinu 1935. Hann hefir því gerzt sekur um brot á 6. gr. áfengislaga nr. 64/1930, og þykir refsing hans með skírskotun til 30. gr. núgildandi áfengislaga nr. 33/1935, sem leiða til mildari niðurstöðu, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með því að áhöld þau og ílát, sem kærði Jóhannes notaði við bruggun áfengisins, eru ekki síður eftir eðli sínu nothæf til löglegra athafna en á-

fengistilbúnings, þykir ekki eins og á stendur nægileg ástæða til að dæma þau upptæk.

Prófum í máli þessu, að því er varðaði kærða Jóhannes, var lokið hinn 27. júlí 1935, og var honum þá tilkynnt málshöfðun. Eftir það snerist rannsókn málsins eingöngu um brot þeirra kærðu Markúsar og Vigfúsar Sigurjónssona, og lauk prófunum, að því er þá varðaði, hinn 19. nóv. 1935. En áfengisbruggun þeirra bræðranna var óviðkomandi broti kærða Jóhannesar og var því ekki rétt að steypa málum þeirra saman. Af þessari ástæðu, og með því ennfremur að kærði Jóhannes óskaði ekki áfrýjunar af sinni hálfu, er ekki rétt að leggja á hann allan kostnað sakar þessarar. Þykir rétt, að ⅓ sakarkostnaðarins bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors, greiðist af kærða Jóhannesi, en að afgangurinn, ⅔ hlutar kostnaðarins, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu Markús Sigurjónsson og Vigfús Reykdal Sigurjónsson eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Jóhannes Guðmundur Guðmundsson greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæsta-

réttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 krónur til hvors, greiði kærði Jóhannes að ⅓ hluta, en að ⅔ hlutum skal hann greiddur úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Guðmundi Guðmundssyni, bónda á Hellu í Akrahreppi, Markúsi Sigurjónssyni, bónda, og Vigfúsi Reykdal Sigurjónssyni, bónda, báðum hinum síðasttöldu til heimilis í Glaumbæ í Seyluhreppi, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Mánudaginn 22. júlí síðastliðinn gerði Björn Bl. Jónsson, löggæzlumaður, húsrannsókn eftir heimabrugguðu áfengi og bruggunartækjum hjá kærða Jóhannesi G. Guðmundssyni á heimili hans, Hellu, samkvæmt lögregluréttarúrskurði, sem mælti svo fyrir, að húsleit skyldi gerð hjá öllum hinum kærðu í máli þessu og fleiri mönnum, er grunaðir væru um áfengisbruggun. Við húsrannsóknina þóttu sjást merki þess í húsum kærða, að bruggun hefði farið þar fram. Játaði kærði fyrir nefndum löggæzlumanni, er hann var yfirheyrður við húsleitina, að hafa bruggað áfengi. Byrjaði hann að brugga áfengi milli jóla og nýjárs veturinn 1934—1935, og lagði þá 5 kg. af strásykri og 1 kg. af geri í 20 lítra af vatni, er hann hafði í hálfri tunnu (oliufati). Til bruggunarinnar notaði hann blikkdúnk, gasvél og vatnsfötu sem kæli. Eimdi hann nú nokkuð af framangreindu innihaldi tunnustampsins og fékk úr því tæpar 2 þriggja pela flöskur af áfengi. Aðra flöskuna gaf hann, en hinnar neytti hann sjálfur að nokkru leyti, en nokkru af áfenginu var hellt niður. Hefir kærði endurtekið þessa játningu sína fyrir lögregluréttinum, en neitað því aftur á móti, að hann hafi bruggað oftar en

nú hefir sagt verið og ennfremur að hann hafi selt nokkurt áfengi eða bruggað í því skyni að selja áfengi. Hefir eigi sannazt á hann frekara brot en nú hefir verið greint frá. Sama dag og framangreind húsleit fór fram á Hellu, var einnig gerð húsleit í Glaumbæ í Seyluhreppi hjá kærðu bræðrunum Markúsi og Vigfúsi Reykdal Sigurjónssonum. Í leit þessari fann framangreindur löggæzlumaður einn pela í rúmi þeirra bræðra og var í honum afarlítill sopi, er hefir reynzt að innihalda 50% alkohol eftir rúmmáli. Um pela þenna hefir eigi annað upplýstst en að hann sé eign kærða Vigfúsar, er þá hann að gjöf frá Jónasi Jónassyni, unglingspilti í Hátúni við Glaumbæ, frænda sínum, en Jónas fann pelann rétt fyrir austan sundlaugina við Reyki í Tungusveit, er hann var þar á samkomu í sláttarbyrjun 1934.

Er framburður nefnds Jónasar um fund pelans staðfestur með vitnisburði eins vitnis, er var með honum og ásjáandi, er hann fann pelann, eins og að framan er sagt, og virðist því mega treysta því, að skýrsla Jónasar um pelafundinn sé sönn, enda ekkert það framkomið í málinu, er gerir hana tortryggilega. Kærðu Markús og Vigfús hafa eindregið neitað því að hafa nokkurntíma látið áfengi á pela þenna, og hefir eigi sannazt, hvaðan áfengið, sem í pelanum var, er komið. Aftur á móti hafa þeir báðir játað fyrir lögregluréttinum að hafa bruggað áfengi, og eru hér að lútandi skýrslur þeirra á þessa leið:

Kærður Markús byrjaði á að brugga áfengi í ársbyrjun 1932 á þann hátt, að hann lagði 5—10 pund af strásykri og 1 pund af pressugeri í kollu, sem tók 15—20 lítra af vatni. Eftir hér um bil viku tíma byrjaði hann að sjóða af gerðarleginum og eimdi hann þrisvar. Fékk hann þannig samtals hér um bil 3 þriggja pela flöskur af áfengi, sem að styrkleika var ámóta og dauft brennivín. Hefir hann haldið því fram, að hann hafi að þessu loknu hætt við bruggunina og ekki bruggað áfengi fyrr eða síðar. Hann gaf eina áfengisflöskuna, en neytti hins af áfenginu. Hefir hann neitað því að hafa selt nokkuð af því og eins að hafa bruggað það í því skyni að selja það. Áhöld þau, er kærði notaði við bruggunina, voru flautuketill og eirpípa og kælistokkur úr tré og þriggjapelaflaska, auk tunnustampsins, er hann notaði við gerjunina.

Kærður Vigfús Reykdal tók að brugga áfengi eftir miðjan vetur 1933. Lagði hann tvisvar í hálf tunnu 15 pund af strásykri og hérumbil 1 kg. af rúgmjöli og hefir hann ekki þótzt muna, hvort hann notaði nokkurt ger í þetta. Lét hann þetta gerjast í ca. 3 vikur og eimdi síðan í gegnum bogna eirpípu, en notaði olíusuðuvél og blikkdúnk til suðunnar. Var bruggun hans lokið fyrir sumarmál framangreindan vetur. Hafði hann þá fengið 6 þriggja pela flöskur úr fyrri brugguninni, en ca. 4 þriggja pela flöskur úr hinni síðari af áfengi af líkum styrkleika og brennivín. Neytti hann sjálfur áfengisins og veitti kunningjum sínum af því í góðgerðarskyni. Hefir hann neitað að hafa selt nokkuð af áfenginu, enda hefir hann haldið því fram, að hann hafi ekki bruggað það í því skyni. Hefir hann neitað því að hafa bruggað áfengi fyrr eða síðar en nú hefir verið greint.

Hefir eigi sannazt á nefnda bræður frekari sök en þeir hafa meðkennt og nú hefir verið lýst.

Kærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, og hefir enginn þeirra áður sætt kæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot.

Framangreind brot allra hinna kærðu ber, að réttarins áliti, að heimfæra undir 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 33, 1935 og þykir refsing sú, sem hver þeirra hefir unnið til, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og greiðist sektin innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hver þeirra um sig í stað sektarinnar 25 daga einföldu fangelsi.

Kærðu greiði allan löglega leiddan og leiðandi kostnað sakarinnar, kærði Jóhannes G. Guðmundsson að ⅓ hluta, en kærðu Markús Sigurjónsson og Vigfús R. Sigurjónsson in solidum að ⅔ hlutum.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og ber að ónýta þau.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 15. janúar 1937.

Nr. 81/1936. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Randver Péturssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir að hafa valdið íkveikju af gáleysi. Sýknaður af ákæru fyrir þjófnað og bruggun áfengis.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 23. nóvember 1935: Ákærði, Randver Pétursson, sæti 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar næstu 5 ár frá uppkvaðningu dómsins og niður skal hún falla að þessum tíma liðnum, ef ákærði heldur skilorð laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907.

Ennfremur skal kærði greiða í sekt 500 kr. og kemur einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan kostnað, sem af rannsókninni leiðir, og yfir höfuð af málinu, þar á meðal 50 kr. til hins skipaða talsmanns, fyrverandi bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður ekki gegn neitun ákærða talið sannað, að hann hafi farið inn í sumarhúsið „Vogar" kveldið 7. nóvember 1934 með þeim ásetningi að kveikja í því. För hans þangað þetta kveld virðist hafa verið farin í eirðarleysi því, sem hann var haldinn af, og í ölvunarástandi því, sem hann kveðst þá hafa verið í, án nokkurs ákveðins tilgangs annars en ef til vill þess, að komast inn í húsið og hafast þar við eða leggjast þar fyrir um stund. Telja verður, að ákærði hafi inn í húsið komizt, þótt ekki

sé vitað með vissu, hvort hann hafi brotið þar rúðu og farið inn um rúðuopið, eða farið inn um annað op, sem hleri átti að vera fyrir, en farinn var frá að einhverju leyti. Þegar inn var komið, virðist ákærði hafa kveikt á olíuvél og svo setzt í stól og síðan fallið í svefn eða mók. Um meðferð olíuvélarinnar eða eldspýtna, eða hvorutveggja, virðist ákærði ekki hafa sýnt nægilega varkárni. Þykir mega ætla, að hann sé fyrir þá óvarkárni valdur að brennu sumarhússins, og varðar sá verknaður hans við 286. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið sagt, verður það ekki heldur talið sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi farið inn í fyrrnefnt sumarhús í því skyni að stela, og verður þá brottnám hluta þeirra, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, ekki talið til athafna þeirra, sem lýst er í 231. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur og neitað því, að hann hafi numið brott muni þessa eða kastað þeim út úr húsinu í því skyni að slá eign sinni á þá, heldur hafi hann, að því er virðist, upphaflega gert þetta í fáti eða ofboði, er svefninn eða mókið rann af honum, og hann varð þess var, að kviknað var í húsinu. Það þykir því varhugavert að telja sannað, að hann hafi í öndverðu ætlað sér að slá eign sinni á nokkurn þessara muna. Og það verður ekki heldur talið sannað, að hann hafi síðar ætlað sér að slá eign sinni á stólinn eða forhengið. Skeiðina og bláu skyrtuna eða peysuna tók hann heim með sér og hafði í vörzlum sínum þar til 20. nóvember 1934, er hann í fyrsta þinghaldi málsins skýrði frá því, að munir þessir væru heima hjá honum, enda afhenti hann lögreglunni muni þessa sama dag. Hann kvaðst hafa vitað, hver átti

muni þessa, og hafi ætlað að koma þeim til skila, en heldur þeim þó hjá sér um hálfsmánaðartíma, þar til réttarrannsókn hefst í málinu. Svo sagði hann og í fyrstu rangt til um ferðir sínar kveld það, er bruninn varð, og eyddi upphaflega öllu tali um hann, er lögreglumenn færðu hann í tal við ákærða. Að öllu þessu athuguðu þykir mega gera ráð fyrir því, að ákærði hafi tekið þá ákvörðun eftir að kunnugt var orðið um brunann og hann vissi grun á sér um íkveikju, að skila ekki þessum síðastnefndu hlutum. Útilokar það ekki refsiverðleik þessa áforms ákærða, að hann kann að hafa ætlað sér með því að dylja þann þátt, er hann átti í íkveikjunni. Meðferð ákærða á hlutum þessum varðar við 250. gr. almennra hegningarlaga. Þótt stefna í málinu á hendur honum víki aðeins að 23. og 28. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51/1928, þykir ekki þess vegna ófært að dæma um þetta atriði í máli þessu. Eigandi munanna, sem metnir hafa verið samtals á 8 krónur, hefur ekki krafizt málshöfðunar á hendur ákærða fyrir meðferð hans á þeim, en með því að rétt þykir að beita reglu 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, um málshöfðun vegna minni háttar stuldar, einnig um málshöfðun fyrir brot, er varða við 250. gr. hegningarlaganna, analógiskt, þá verður af framannefndri ástæðu að sýkna ákærða af kærum og kröfum réttvísinnar út af þessu atriði.

Í þinghaldi í málinu 20. ágúst 1935 tilkynnti rannsóknardómarinn ákærða, að mál yrði höfðað gegn honum af hálfu valdstjórnarinnar fyrir brot á áfengislögunum og af hálfu réttvísinnar fyrir brot á 28. kap. hegningarlaganna, en samkvæmt stefnunni, útg. 16. sept. s. á., er mál höfðað aðeins

af hálfu réttvísinnar fyrir „þjófnað og brennu, brot á 23. og 28. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 1. gr. 51 frá 7. maí 1928“, enda er málið í héraði rekið aðeins í nafni réttvísinnar, en þó einnig dæmt um áfengislagabrot ákærða, og af hálfu réttvísinnar er því einnig einungis áfrýjað. Þessi ónákvæmni þykir þó ekki eiga varða ómerkingu dómsins að þessu leyti, enda hefir verið flutt sókn og vörn um það fyrir hæstarétti, og verður því á það dómur lagður.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, blandaði ákærði vatni, pressugeri, sykri og hvítöli í kvartel aðeins einu sinni, 20—25 lítra alls, að hann heldur, en ekki er þess getið, hversu lengi hann hafi látið það standa. Síðan neytti hann lagar þessa án þess að eima hann, síðast daginn 7. nóvember 1935 3—4 lítra, að því, er hann segir. Það verður ekki talið, að ákærði hafi með þessu fullframið bruggun, enda er ekkert upplýst um áfengismagn lagar þessa, og er það ekki nægileg upplýsing í þessu atriði, þótt ákærði, sem virðist vera andlega miður sín, hafi fyrir neyzlu sína umræddan dag orðið drukkinn af vökva þessum. Það þykir því eiga að sýkna ákærða af kæru fyrir þenna verknað hans.

Refsing ákærða fyrir íkveikju þá, er að ofan getur, þykir með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en rétt þykir, að fullnustu refsingarinnar sé frestað, eins og ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi, og að niður skuli hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo ber

og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Um meðferð héraðsdómarans á sök þessari athugast, auk þess, sem áður segir um málshöfðunartilkynningu, stefnu og rekstur málsins, að hann hefir ekki svo séð verði, krafið eigendur oftnefnds sumarhúss eða aðra um gluggastærð í húsinu né annað, er þeir kynnu að hafa getað gefið upplýsingar um varðandi það, hvernig ákærði hefir inn í það komizt. Og ekki hefir héraðsdómarinn heldur látið lögreglumenn þá, er að rannsókn málsins unnu, koma fyrir dóm og staðfesta þar skýrslur sínar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Randver Pétursson, sæti 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Garðars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar með stefnu dags. 16. september s.l. gegn Randver Péturssyni, síðast á Leifsstöðum í Öngulsstaðahreppi, fyrir brot gegn 23. og 28. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. lög nr. 51 frá 7. maí 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða í hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana og til greiðslu iðgjalds, ef krafizt verður, og til greiðslu alls kostnaðar, er af rannsókn málsins hefir leitt, þar undir kostnaður við dvöl ákærða í Nýja spítalanum á Kleppi. Ennfremur hefir verið af valdstjórnarinnar hálfu höfðað mál gegn kærða fyrir brot á áfengislöggjöfinni.

(Sic) 8. nóvember 1934 brann sumarhúsið „Vogar" í Kaupangssveit. Í prófum, sem farið hafa fram í málinu, hefir sannazt, að ákærður, Randver Pétursson, er orsök í brunanum.

Fyrst, er hann var spurður um, hvort hann hefði séð brunann, neitaði hann því, enda sagðist hafa verið heima það kvöld, aðeins skroppið út að Knararbergi. En dómarinn hefir bent honum á, að fólk í Kaupangi hafi borið, að hann hafi ekki verið heima, er húsið brann, segir hann, að maður geri sér það í hugarlund, að hann hafi farið inn í húsið og líklega sofnað þar. Hann heldur, að hann hafi kveikt á einhverju áhaldi, sem verið hafi í húsinu, og hafi bruninn orsakazt af því.

Er hann var spurður um, hvernig hann hefir farið inn í húsið, segir hann, að norðan til á húsinu hafi verið hálfopinn hleri eða þá að hann hafi brotið rúðu með hnefanum, en skýrsla lögreglunnar virðist bera það með sér, að rúða hafi verið brotin. Hlutir hafa fundizt í hlöðubroti á Vargjá, og segist ákærði hafa farið með þá þangað líklegast í því skyni að fela þá. Á Syðri-Vargjá fannst brúnleitt fyrirhengi með hringum, sem færa má til á stöng. Ákærði segir: „Ætli þetta hafi ekki verið í rúminu, sem ég ætlaði að sofa í". Þá hefir og lögreglan fundið messingstöng austan við húsið sömu nóttina eða kvöldið, sem Vogar brunnu. Segist ákærði að líkindum hafa kastað henni út um gluggann. Og sama segir hann um kaffikönnuna, sem fannst. En er hann var spurður um, því

hann hefði kastað hlutunum út, svarar hann þannig: „Hvað gerir maður ekki, þegar maður er viti sínu fjær“. Í þessu sambandi segir hann og, að hann hafi verið mikið fullur. Ákærða var sýndur tréarmstóll, allþungur með leðursæti, og segir hann, að stóllinn hafi orðið eftir einhversstaðar fyrir neðan einhverja brú. Síðan afhenti ákærði einnig lögreglunni bláa skyrtu og silfurskeið merkta V. K., er hann hefði lokað niður hjá sér. Hvorutveggja segist hann hafa ætlað að skila aftur, því hann hafi vitað, hver eigandinn var.

Við ýtarlega prófun segir ákærði, að hann hafi kveikt á olíuofni eða kerti, sem var í húsinu. En honum var bent á, að ekkert kerti mundi hafa verið inni í húsinu, segist hann hafa kveikt á olíuofninum. Segir hann, að það hafi hlotið að vera svo, að hann hafi haft eldspýtur. Þegar hann var spurður um, af hverju hann hefði kveikt á ofninum, segir hann: „Það veit andskotinn en ekki ég“. Er hann var spurður, hvort hann hefði séð logann, segist hann fyrst hafa séð reykinn. Hann heldur, að hann hafi setið í stól og verið í móki. Hann heldur, að hann hafi farið heim, er reykurinn og eldurinn mögnuðust. Hann heldur, að hann hafi fyrst farið að Syðri-Vargjá og svo aftur að Vogum.

Með því yfirheyrði talaði stundum rugl í réttinum og með því skýrsla hans um, hvernig eldinn bar að, var svo þokukennd, þá var leitað fyrst álits héraðslæknis um sálarástand ákærða, og telur hann, að ákærði eigi heima á geðveikrahæli. Enn var leitað álits sérfræðings Helga Tómassonar, geðveikralæknis, og er niðurstaðan, að áliti hans, þessi: Hann er hvorki fáviti né geðveikur, heldur aðeins ómenntaður, rótlaus lausamaður í lífinu í sjálfu sér að jafnaði sjálfsagt meinleysismaður, en á því stigi að þola illa áfengi og kunna ekki að fara með það. Óþreyjuköst þau, er hann fær, eru sjálfsagt liður í skaplyndi hans. Í slíku ástandi fer sá, sem er frjáls ferða sinna, oft á einhverskonar túr, knúður til að losna við hina ógeðfelldu líðandi stund, og getur hann þá vitanlega í ölæði framið ýmis gáleysisverk, sem honum ella mundi liggja fjærri. Slíkir menn eru eigi taldir eiga heima á geðveikraspítala eða hælum, en fara yfirleitt ferða sinna með meira eða minni mildandi kringum-

stæðum eftir því sem hver á þá lítur." (sic). Talsmaður ákærða hefir lagt fram vottorð, réttarskj. nr. 8, frá 2 kunnugum mönnum. Er skýrt frá því í vottorðinu, að atvik hafi komið fyrir ákærðan 1923—1924, er leiddu til ýmissa kærumála, og hafi hann orðið ruglaður upp úr því. Segir annar vottorðsgefandinn, er ákærði dvaldi á heimili hans, að kærði hafi verið hræddur um, að líf hans væri umsetið, og kom hann stundum á nóttunni inn í herbergi vottorðsgefanda og konu hans og lá þar af nóttina vegna hræðslu. Segir vottorðsgefandinn, að hann sé betri nú, en þó telji þeir og ýmsir aðrir kunningjar hans, að hann sé sjúkur maður.

Að því er brot ákærða snertir, þá er á engan hátt sannað, að hann hafi vísvitandi kveikt í húsinu. Hann neitar því í réttinum 20. ágúst, að hann hafi farið inn í húsið til að kveikja í því, og þó hann síðar í sama réttarhaldi segi, að það hafi haldið fyrir honum andvöku, að hann hafi kveikt í húsinu, þá er ekki hægt að skilja það í hinum ruglingslega framburði hans sem játningu um að hann hafi kveikt í, heldur sem áframhald af þeirri hugsun, að hann hafi verið orsök að brunanum. Virðist því rétt að færa þetta afbrot hans undir 285. gr. hegningarlaganna.

Hinsvegar virðist ákærði hafa gert sig sekan um verknað þann, sem lýst er í 231. gr. hinna almennu hegningarlaga og ber að ákveða hegninguna fyrir þann verknað samkv. 7. og 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928. En refsingar fyrir framangreind brot ber að ákveða með hliðsjón af 40. gr. hinna almennu hegningarlaga og dæma ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. nóvember 1883, í 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

En fullnustu refsingarinnar ber einnig með tilliti til ástands þess, sem ákærði sýnist að hafa verið í, er hann drýgði afbrotin, að fresta og hún falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilyrði laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907 eru haldin.

Að því er kæruna af valdstjórnarinnar hálfu snertir fyrir brot á áfengislöggjöfinni hefir kærður játað, að hann hafi fengið sér tómt kvartel frá Akureyri, látið sopa í það af vatni og blandað með pressugeri og sykri.

Enn lét hann hvítt öl í kvartelið. Af þessu segist hann hafa orðið drukkinn. Hér virðist því vera um brugg að ræða, og ber því að færa brotið undir 6. gr. sbr. 30. gr. í hegningarlögunum (sic) og dæma kærða til að greiða 500 kr. í sekt og kemur einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ákærður verður eigi dæmdur til að greiða skaðabætur, þar sem þess hefur eigi verið krafizt.

Ákærður greiði allan kostnað, sem leiðir af rannsókn þessa máls og yfir höfuð af málinu, þar á meðal 50 kr. til hins skipaða talsmanns, fyrrverandi bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Mánudaginn 18. janúar 1937.

Nr. 92/1936. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)
gegn
Geir H. Zoëga og
Stefáni Má Benediktssyni
(Lárus Fjeldsted).

Tveir menn dæmdir til refsingar fyrir brot gegn 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði Geir Helgason Zoëga greiði til landhelgisjóðs Íslands 10.000 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Stefán Már Benediktsson greiði til landhelgisjóðs Íslands 2500 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 200 til skipaðs verjanda hinna kærðu, hrm. Lárusar Fjeldsted, greiði kærði Geir H. Zoëga að $^{9}/_{10}$ hlutum, en hinir kærðu in solidum að $^{1}/_{10}$ hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærður Geir H. Zoëga hefir neitað því, að í loftskeytum hans til 5 belgiskra togara, sem í héraðsdóminum greinir, hafi falizt upplýsingar um ferðir varðskipanna. Með því að ekki hefur reynzt unnt að afla dulmálslykils að skeytum þessum, verður ekki gegn neitun kærða talið sannað, að þau hafi haft slíkar upplýsingar að geyma. Þá vantar og ennfremur dulmálslykil að skeytaviðskiptum kærða og 5 brezkra togara og að skeytum þeim, er hann hefur sent til símnefnisins „Aquarius" í Grimsby, en skeytin til þessara 5 síðarnefndu togara og skeytin til „Aquarius" eru send á sama dulmáli. Kærður kveðst ekki minnast þess að hafa sent upplýsingar um ferðir varðskipanna til útlanda og um efni skeyta þeirra, sem hann hefur sent togurum þessum, hefur hann gefið óákveðin svör. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að kveða á um það, að lögbrot hafi verið drýgð með sendingu skeyta þessara. Með dulmálslykli, sem kærður hefur afhent lögreglunni, hafa hinsvegar verið ráðin dulmálsskeyti, sem farið hafa milli kærðs og 9 brezkra togara. Hefur á þennan hátt svo og með játningu kærða sannazt, að kærður hafi rekið fyrir téða togara mjög yfirgripsmikla upplýsingastarfsemi um ferðir og dvalarstaði varðskipanna hér við land. Með atferli þessu hefur kærður gerzt sekur um brot gegn 4. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing kærða, með tilliti til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 48.75 aurar, hæfilega metin 10.000 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi 165 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Stefán Már Benediktsson hefur ekki gagnvart eigendum eða skipstjórum togaranna tekizt á hendur að afla upplýsinga um varðskipin og ferðir þeirra, heldur einungis sent togurunum slíkar upplýsingar um stuttan tíma að boði húsbónda síns og í fjarveru hans. Með hliðsjón af þessu þykir refsing kærða Stefáns Más hæfilega metin 1500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma hina kærðu til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og hæstarétti, þar með taldar 200 krónur til talsmanns þeirra í héraði og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors, þannig að kærði Geir H. Zoëga greiði $^{9}/_{10}$, en hinir kærðu greiði in solidum $^{1}/_{10}$ hluta.

Því dæmist rétt vera:

Kærður Geir H. Zoëga greiði 10.000 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi 165 daga einfalt fangelsi stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Stefán Már Benediktsson greiði 1500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 200 krónur í málsvarnarlaun til tals-

manns þeirra í héraði, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors, þannig, að kærður Geir H. Zoëga greiði $^{9}/_{10}$ og kærðir Geir H. Zoëga og Stefán Már Benediktsson greiði in solidum $^{1}/_{10}$ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Geir Helgasyni Zoëga, kaupmanni, Hverfisgötu 59 hér í bænum, og Stefáni Má Benediktssyni, skrifstofumanni, Bergstaðastræti 52 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir brot gegn fiskiveiðalöggjöfinni.

Hinn 1. janúar 1934 gerðist kærði Geir H. Zoëga umboðsmaður togaraeigenda í Grimsby og hefir hann gegnt því starfi síðan, en eins og kunnugt er veiða margir togarar frá þessari ensku borg hér við land. Síðan kveður kærði skipstjórana á ýmsum togurum innan umboðs síns hafa farið fram á það við sig að veita þeim upplýsingar um varðskipin hér við land með loftskeytum á dulmáli, svo að þeir gætu hagað landhelgiveiðum sínum eftir því. Tókst kærði þetta á hendur og fékk í því skyni afhenta dulmálslykla, er skipstjórarnir útveguðu hjá útgerðarfélögunum. Hófst upplýsingastarfsemi þessi síðan í desembermánuði 1934, og hélt kærði henni stöðugt áfram, unz réttarrannsókn hófst í máli þessu í byrjun janúarmánaðar s.l., en þá játaði kærður þennan verknað sinn viðstöðulaust og afhenti dulmálslykil, er hann þá hafði í notkun.

Loftskeyti þau, sem farið hafa á milli kærða og skipa þeirra, er hann hefir haft umboð fyrir, hafa verið tekin

úr skjalasafni Landssímans til rannsóknar og afnota í máli þessu. Við þá athugun hefir komið í ljós, að kærði hefir sent til togaranna mesta fjölda loftskeyta á dulmáli, og hefir með dulmálslykli þeim, sem kærði afhenti, tekizt að ráða skeyti hans við 9 togara, er allir hafa fengið meiri og minni upplýsingar um varðskipin, ferðir þeirra og dvalarstaði, og sumar mjög tíðar. Hefir sami togarinn stundum fengið mörg skeyti á dag um þetta efni.

Þá hafa og menn þeir, er unnið hafa sem aðstoðarmenn dómarans að athugunum á loftskeytum þessum, ráðið skeyti til 4 annarra togara enskra með þeirri niðurstöðu, að einnig þau fælu í sér upplýsingar um varðskipin. Við þessi skip kveðst kærði hafa notað annan dulmálslykil en við þá 9 togara, er að framan greinir. Hefir kærði eigi mótmælt því, að hafa sent einnig þessum togurum upplýsingar um varðskipin og ekki vefengt fyrrgreinda ráðningu á skeytunum. Loks hafa sömu menn ráðið dulmálsskeyti kærða til belgiskra togara með sömu niðurstöðu. En kærði hefir neitað því, að hann hafi sent þessum togurum upplýsingar um varðskipin og vefengt ráðninguna, að því, er þá snerti.

Kærði Geir H. Zoëga kveðst hafa unnið starf þetta án aðstoðar annarra. En er hann um mánaðarskeið haustið 1935 dvaldi erlendis, fól hann skrifstofumanni sínum, meðkærða Stefáni Má, að rækja það í fjarveru sinni. Tókst kærði Stefán Már þetta á hendur og virðist hann hafa rækt það á sama hátt og vant var þetta tímabil.

Eigi kveðst kærði Geir H. Zoëga hafa fengið neina aukaþóknun fyrir starf þetta, aðra en útlagðan kostnað, og eigi er talið, að kærði Stefán Már hafi fengið nema venjulegt kaup sitt þann tíma, sem hann gegndi því.

Framangreind starfsemi hinna kærðu, sem er til þess fallin bæði að liðsinna togurum þeim, sem upplýsinganna nutu, við landhelgiveiðar og forða þeim undan hegningu fyrir framin landhelgibrot, varðar við 4. gr. laga nr. 5, 1920.

Refsing kærða Geirs H. Zoëga þykir með hliðsjón af því, hversu langvarandi og umfangsmikil þessi upplýsingastarfsemi hans er, og með tilliti til núverandi gullgengis krónunnar hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til land-

helgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að kærði Stefán Már gegndi starfi þessu samkvæmt beiðni yfirboðara síns aðeins takmarkaðan tíma, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2500 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 200, til skipaðs verjanda hinna kærðu, hrm. Lárusar Fjeldsted, greiði hinir kærðu þannig, að kærði Geir H. Zoëga greiði einn $^{9}/_{10}$ hluta sakarkostnaðar, en $^{1}/_{10}$ hluta hans greiði hinir kærðu in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 20. janúar 1937.

Nr. 93/1936. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)
gegn
Óskari Gunnari Jóhannssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði, Óskar Gunnar Jóhannsson, greiði til landhelgisjóðs Íslands 5000 kr. sekt, og komi einfalt fangelsi í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með tilliti til þess, að dagsgengi íslenzkrar krónu

er nú 48.78, þykir mega staðfesta dóminn, þó þannig, að greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal hún afplánuð með einföldu fangelsi í 3 mánuði.

Eftir þesum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að í stað sektarinnar komi einfalt fangelsi í 3 mánuði, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Óskar Gunnar Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Garðars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Gunnari Jóhannssyni, sjómanni, Klapparstíg 13 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir eigi fyrr sætt ákæru eða refsingu.

Við rannsókn, sem ríkisstjórnin s. l. haust fyrirskipaði að fram skyldi fara á loftskeytum til togara, kom í ljós, að allmörg skeyti höfðu verið send frá símanúmeri Páls Sigfússonar, skipstjóra, hér í bænum til enska togarans „Vinur“, og voru skeyti þessi á dulmáli. Hinn 30. janúar

s. l. var fyrrgreindur togari tekinn fastur með ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi og látinn sigla til Reykjavíkur. Er þangað kom, var samkvæmt úrskurði lögreglurétttarins framkvæmd leit í skipinu eftir dulmálslyklum með þeim árangri, að af þeim fannst mesti fjöldi í vörzlum loftskeytamanns skipsins. Meðal þeirra lykla, sem við þetta tækifæri voru teknir til rannsóknar, var einn, sem ráða mátti með fyrrgreind skeyti til skipsins, og reyndust þau þá fela í sér ýmsar upplýsingar um íslenzku varðskipin, ferðir þeirra og dvalarstaði. Í tilefni af þessu var Páll Sigfússon yfirheyrður og kom þá í ljós, að hann hafði ekki verið í bænum, er sum þessara skeyta voru send. Kannaðist hann við að hafa sent þau skeyti, er send höfðu verið, er hann var heima, en hann neitaði hinsvegar að upplýsa, hver hefði annazt um sendingu á þeim skeytum, er afgreidd höfðu verið í fjarveru hans. Með því nú að dulmálslykill sá, er skeytin voru leyst með, var meðal annars auðkenndur með nafninu „Óskar“ og að við það nafn var ritað símanúmer, sem er í húsi því, sem kærði býr í, þá féll á hann grunur um, að hann væri á einhvern hátt riðinn við mál þetta. Var kærði því tekinn til yfirheyrslu og játaði hann síðan, að hann hefði sent togaranum „Vinur“ skeyti þau, sem að framan greinir og skrifuð voru hjá símanúmeri Páls Sigfússonar.

Frá tildrögum þessa máls skýrði kærður svo, að á tímabilinu marz—maí árið 1935 hefði hann fengið bréf frá togaranum „Vinur“ með tilmælum um, að hann sendi skipinu upplýsingar, er það bæði um, og sendi þær í skeytum á dulmáli samkvæmt dulmálslykli, er fylgdi bréfinu. Var tekið fram, að Páll Sigfússon hefði bent á kærða til þessa starfa og að skrifa mætti skeytin hjá síma hans. Nokkru síðar kveðst kærði hafa fengið skeyti frá togaranum, þar sem beðið var um upplýsingar um varðskipin við Ísland. Varð kærði við þeirri ósk og aflaði síðan eftir föngum upplýsinga um varðskipin og sendi þær togaranum í loftskeytum á dulmáli. Eigi kveður kærði, að neitt hafi verið samið um þóknun fyrir þetta verk, en hann kveðst hafa reiknað með því að fá þau greidd, enda þótt hann hefði enn enga greiðslu fengið, er mál þetta kom upp.

Loftskeyti þau, sem fóru á milli kærða og fyrrgreinds skips frá því kærði hóf þetta starf sitt og þangað til mál

þetta kom upp, hafa verið lögð fram í máli þessu og ráðin með dulmálslykli þeim, er að framan greinir. Eru það allmörg skeyti og stundum fleiri en eitt á dag, sem kærði hefir þannig sent togara þessum um varðskipin. Hefir kærði játað, að sér hafi verið það ljóst, að togarinn aflaði þessara upplýsinga til þess í skjóli þeirra að geta stundað botnvörpuveiðar í landhelgi, en eigi kveðst kærði hafa fengið neinar upplýsingar um það, að hve miklu leyti það hafi tekizt.

Framangreind starfsemi kærða, sem er til þess fallin bæði að liðsinna togaranum, sem upplýsinganna naut, við ólöglegar veiðar í landhelgi og til þess að gera honum mögulegt að komast undan hegningu fyrir framin landhelgibrot, varðar við 4. gr. laga nr. 5, 1920. Þykir refsing kærða eftir málavöxtum og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 25. janúar 1937.

Nr. 99/1936. **Réttvísin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Ásgeiri Guðmundi Guðbjartssyni

(Pétur Magnússon).

Maður dæmdur til refsingar fyrir holdleg mök við 9 ára gamla telpu.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 25. apríl 1936: Ákærður, Ásgeir Guðmundur Guðbjartsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Óskars Borg cand. jur., kr. 60.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða aukaréttardóms, þá ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur á að vera óraskaður.

Ákærður, Ásgeir Guðmundur Guðbjartsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðar af hálfu réttvísinnar með stefnu útgefinni 13. febr. s.l. gegn ákærðum, Ásgeiri Guðmundi Guðbjartssyni, fiskikaupmanni, til heimilis í Ásbyrgi á Ísafirði, fyrir brot gegn 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Tildrög máls þessa eru þau, að 27. maí s.l. varð kona ein á Ísafirði, til heimilis í sama húsi og ákærður, þess vör, að dóttir hennar 9 ára gömul, fædd 25. marz 1926, var veik. Lét hún héraðslækni rannsaka barnið, og kom þá í ljós, að það var sjúkt af lekanda.

Móðir barnsins skýrði síðan barnaverndarnefnd Ísafjarðar frá þessu og gat þess einnig, að barnið hefði sagt sér, að ákærður í máli þessu hefði haft kynferðisleg mök við sig. Krafðist móðir barnsins, að málið væri tekið til opinberrar rannsóknar, og var málið síðan rannsakað bæði af lögregluréttinum og barnaverndarnefnd.

Eftir að málið var tekið í dóm gaf stúlkan manni úr barnaverndarnefnd nýjar upplýsingar, og var málið tekið upp aftur og hún á ný leidd sem vitni.

Við rannsókn málsins hefir ákærður játað, að hann hafi tvisvar vorið 1935 haft kynferðisleg mök við nefnda stúlku í bæði skiptin í fisksöluskúr, er hann á við svonefnda Dokku við Sundstræti á Ísafirði.

Ákærður segir, að stúlkan hafi síðari hluta vetrar 1935 oft elt sig með ýmsum ærslum heima í Ásbyrgi. Um vorið hafi hún oft komið til sín í fisksöluskúrinn og verið með ýmis ærsl og hafi sér stundum virzt hún vilja koma sér til að hafa mök við sig.

Eitt sinn vorið 1935, er stúlkan hafi verið að ærslast í skúrnum hjá sér, kveðst ákærður hafa tekið hana í fang sér og lagt hana upp í flet í skúrnum til þess að hafa mök við hana. Hafi stúlkan verið fús til þess að hafa mök við sig og sjálf tekið niður um sig buxurnar. Segist ákærður hafa lagzt ofan á stúlkuna þarna í fletinu og farið með getnaðarlim sinn á milli læra henni þar til sér hafi fallið sæði. Ekki kveðst hann hafa reynt að fara inn í telpuna.

Nokkru seinna segir ákærður, að mökin hafi endurtekið sig með alveg sama hætti, en kveðst viss um, að þau hafi ekki oftar átt sér stað.

Ákærður kveðst í annað skiptið hafa gefið stúlkunni súkkulaðibita eftir að hann var búinn að hafa mök við hana.

Telpan heldur því hinsvegar fram, að ákærður hafi haft mök við sig a. m. k. fjórum sinnum. Mökunum lýsir hún á mjög svipaðan hátt og ákærður, nema hvað hún segir, að hún hafi í öll skiptin verið hrædd við þau og beðið ákærðan að hafa ekki mökin við sig. Einnig segir hún, að ákærður, en ekki hún sjálf, hafi tekið niður um sig buxurnar.

Í málinu hefir ekki fengizt sönnun fyrir því, að mök ákærðs við telpuna hafi verið önnur eða meiri en ákærður hefir játað.

Undir meðferð málsins hefir telpan játað, að hún hafi einu sinni haft kynferðisleg mök við dreng jafngamlan sér, eftir því sem næst verður komizt um það bil ári áður en hún hafði mökin við ákærðan, en haldið því fast fram, að hún hafi að þessu fráskildu aldrei haft slík mök við neina aðra karlmenn en ákærðan.

Undir rannsókn málsins rannsakaði héraðslæknir ákærðan mörgum sinnum, en gat aldrei fundið, að hann væri eða hefði verði sýktur af lekanda, og neitar ákærður því einnig eindregið, að hann hafi nokkurntíma haft þann sjúkdóm. Telur héraðslæknir útilokað, að ákærði hafi sýkt telpuna af veiki þessari og hefir eigi fengizt upplýst, hvernig hún hefir sýkzt.

Bendir því veiki telpunnar mjög til þess, að hún hafi, auk maka sinna við fyrrnefndan dreng, haft mök við fleiri en ákærðan, þó eigi sé unnt að fullyrða um það.

Ákærður er fæddur 24. júní 1868, er giftur og hefir átt 6 börn með konu sinni. Skv. vottorði héraðslæknis á Ísafirði eru á ákærðum „þó nokkur ellimörk“ og hann orðinn „þó nokkuð andlega sljófgaður (senil)“. Ákærður hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot.

Skv. framansögðu ber að heimfæra brot ákærðs undir 177. gr. sbr. 174. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Óskars Borg cand. jur., er þykja hæfilega ákveðin 60,00 kr.

Á máli þessu hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið og vísast um það til prófanna í málinu og bókana í málinu.

Mánudaginn 25. janúar 1937.

Nr. 36/1936. **Skúli K. Skúlason**

gegn

Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur og gagnsök

Úrskurður hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir gert þá aðalkröfu hér fyrir dómi, að máli þessu verði vísað frá undirréttinum sökum þess, að dómsmálaráðuneytið hafi ekki verið bært um að veita málshöfðunarleyfi, er svo langur tími var liðinn frá fæðingu barnsins sem hér átti sér stað og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Á þetta verður þó ekki fallizt. Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46/1921 er stjórnarráðinu heimilað að lengja málshöfðunarfrest í barnsfaðernismálum, svo sem hæfa þykir, þegar sérstaklega stendur á, og er það eingöngu á þess valdi, en ekki dómstólanna, að meta hverju sinni ástæður til framlengingar frestinum. Krafa aðaláfrýjanda um frávísun málsins frá undirréttinum af þessari ástæðu verður því ekki tekin til greina.

Í sambandi við mál þetta hefir blóðrannsókn á aðiljum og barninu Áslaugu verið framkvæmd eftir ósk aðaláfrýjanda af rannsóknarstofu Háskólans með svonefndri O A B aðferð, en upplýst er, að á þeim tíma, er sú rannsókn fór fram, notaði rannsóknarstofan ekki svonefnda M N blóðrannsóknaraðferð, en nú mun blóðrannsókn þar framkvæmd einnig með þeirri aðferð. Eins og greinir í héraðsdóminum gaf blóðrannsókn rannsóknarstofunnar engar upplýsingar um faðernið. Undir rekstri málsins í héraði skoraði aðaláfrýj-

andi á aðalstefndu að láta blóðrannsókn fara fram í Danmörku með M N aðferðinni, en umboðsmaður aðalstefndu neitaði að verða við þeim tilmælum. Hinsvegar verður ekki séð, að aflað hafi verið umsagnar aðalstefndrar sjálfrar um kröfu þessa.

Þar eð blóðrannsókn með nefndri M N aðferð getur skipt máli um sönnun barnsfaðernis, þá þykir rétt, vegna greindrar kröfu aðaláfrýjanda og með hliðsjón af 214. gr. laga nr. 85/1936, að gefa aðalstefndu kost á að leggja sig og barn sitt, Áslaugu, undir blóðrannsókn á ný, áður en dómur gengur í málinu hér í rétti. Verður því uppsögn dómsins frestað þar til sýnt er, hvort slík rannsókn getur farið fram eða ekki. Ber því að skylda héraðsdómarann:

1. Til að upplýsa það fyrir dómi, hvort aðalstefnda vill leggja sig og barn sitt, Áslaugu, undir blóðrannsókn með svonefndri M N aðferð, og
2. Ef hún svarar því játandi, þá að hlutast til um, að blóðrannsókn á aðaláfrýjanda, Skúla K. Skúlasyni, aðalstefndu, Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur og barni hennar, Áslaugu, fari fram með nefndri M N aðferð, ef unnt verður, og svo fljótt, sem kostur er á.

Því úrskurðast:

Krafa aðaláfrýjanda um frávísun málsins frá undirréttinum af þeirri ástæðu, sem hér að framan segir, verður ekki tekin til greina.

Héraðsdómaranum ber að afla þeirra upplýsinga og hlutast til um framkvæmd þeirrar

rannsóknar, sem í 1. og 2. tölulið að framan greinir, og samkvæmt því, sem þar segir.

Miðvikudaginn 27. janúar 1937.

Nr. 2/1936. **Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. kaupstaðarins** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Bjarna Bjarnasyni
(Garðar Þorsteinsson)

Undirmatsgerð lögð til grundvallar bótum fyrir lögnumda lóð, með því að yfirmatið fullnægði ekki ákvæðum 6. gr. laga nr. 61 frá 1917.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 23. nóvember 1935: Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. Ísafjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, Óskari Borg f. h. Bjarna Bjarnasonar, kr. 820,00 með 5% ársvöxtum frá 1. september 1934 til greiðsludags og kr. 234,50 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda gegn því, að stefndi fái umráð yfir kr. 576,00 af innistæðu sparisjóðsbókar, er hljóði á nafn stefnda og áfrýjandi tjáist hafa lagt inn í kr. 820,00, er greiða skyldi stefnda samkvæmt undirmatinu. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast verður á þá skoðun héraðs-

dómarans, að yfirmat það, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, fullnægi ekki ákvæðum 6. gr. laga nr. 61/1917, þykir þegar af þessari ástæðu mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðsluskyldu áfrýjanda fyrir hina lögnumdu lóð.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Ísafjarðar fyrir hönd kaupstaðarins, greiði stefnda, Bjarna Bjarnasyni, kr. 820,00 með 5% ársvöxtum frá 1. sept. 1934 til greiðsludags og samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðar, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, af Óskari Borg, cand. juris á Ísafirði, f. h. Bjarna Bjarnasonar ökumanns á Ísafirði, með stefnu útg. 16. maí s. l. gegn bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. Ísafjarðarkaupstaðar til greiðslu á endurgjaldi fyrir eignarnumið land.

Tildrög máls þessa eru þau, að sumarið 1934 var af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar tekin eignarnámi spilda úr túni Bjarna Bjarnasonar á Ísafirði vegna götugerðar. Var Ísafjarðarkaupstað með matsgerð tveggja dómkvaddra manna gert að greiða Bjarna Bjarnasyni kr. 820,00 í endurgjald fyrir hina eignarnumdu spildu, eftir því sem upplýst er í málinu.

Mati þessu vildi stefnda ekki hlíta og krafðist yfirmats. Voru 3. september 1934 dómkvaddir 3 menn, þeir

Árni J. Árnason, Guðmundur Guðmundsson og Guðmundur Jónsson frá Mosdal, til að framkvæma yfirmatið. Nokkru síðar krafðist Bjarni Bjarnason þess, að Guðmundur Jónsson frá Mosdal yrði leystur frá starfanum sem yfirmatsmaður og annar maður dómkvaddur í hans stað, þar eð hann taldi, að Guðmundur uppfyllti ekki skilyrði 6. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 61 frá 1917, þar sem hann væri kennari í þjónustu Ísafjarðarkaupstaðar. Lét Bjarni Bjarnason 26. október 1934 birta bæjarstjórninni stefnu út af þessari kröfu sinni, en kröfunni var vísað frá dómi, þar eð því var haldið fram af hálfu bæjarstjórnarinnar, að yfirmatið væri þegar framkvæmt og hið gagnstæða eigi upplýst af Bjarna Bjarnasyni.

Í málinu er það ennfremur upplýst, að fyrrnefndir yfirmatsmenn héldu 3 fundi dagana 16., 18. og 21. október 1934 og unnu þá allir saman að undirbúningi matsins. Á fundinum 21. okt. skýrði Bjarni Bjarnason matsmönnum frá því, að hann teldi Guðmund Jónsson eigi rétt skipaðan í nefndina og að hann ætlaði að fá matsnefndinni breytt. Hinn 28. okt. koma þeir Guðmundur Guðmundsson og Guðmundur Jónsson saman á fund til þess að halda áfram yfirmatsstörfum. Geta þeir þess í bókun sinni, að Árni J. Árnason sé ekki mættur á fundinum þrátt fyrir ítrekaðar boðanir, og að hann hafi, er hann var síðast boðaður, látið þess getið, að hann mundi ekki koma á fundinn. Töldu þá þeir tveir yfirmatsmenn, er á fundinum voru, óþarft og tilgangslaust að hefta störf sín, þó Árni J. Árnason væri ekki mættur, gengu til matsgerðar og ákváðu bæturnar til Bjarna Bjarnasonar fyrir hið eignarnumda land kr. 576.00. Með bréfi dags. 30. október tilkynnir bæjarstjórinn á Ísafirði Bjarna Bjarnasyni þetta og lætur þess þá jafnframt getið, að Árni J. Árnason hafi ekki mætt á síðustu „fundum" yfirmatsnefndarinnar og eigi undirritað matsgjörðina.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að mat þeirra Guðmundar Guðmundssonar og Guðmundar Jónssonar sé gersamlega ólöglegt og ógilt. Byggir hann þessa fullyrðingu sína í fyrsta lagi á því, að matið hafi aðeins verið framkvæmt af tveimur mönnum, þar sem 6. gr. laga nr. 61 frá 1917 mæli fortakslaust svo fyrir, að yfirmat skuli framkvæmt af þremur mönnum óvilhöllum. Í öðru lagi

heldur stefnandi því fram, að sem barnakennari sé Guðmundur Jónsson frá Mosdal í þjónustu bæjarfélagsins og því óhæfur til yfirmatsins og ranglega til þess kvaddur skv. 6. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 61 frá 1917, og sé yfiirmatið frá 28. okt. einnig ógilt af þeirri ástæðu.

Skv. þessu telur stefnandi, að undirmatsgerðin sé enn í gildi og gerir þær réttarkröfur, að hin stefnda bæjarstjórn verði f. h. Ísafjarðarkaupstaðar dæmd til að greiða sér skv. undirmatsgerðinni kr. 820.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. september 1934 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, er samkvæmt reikningi nemur kr. 234.50.

Af hálfu stefndu er því hinsvegar haldið fram, að sem barnakennari sé Guðmundur Jónsson frá Mosdal starfsmaður ríkisins og skipaður af því, en Ísafjarðarkaupstað algerlega óháður. Uppfylli hann því að öllu leyti þau skilyrði, er sett séu fyrir lögmæti matsmanns í lögum nr. 61 frá 1917.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að alveg eins megi segja, að umrætt mat sé framkvæmt af þremur eins og af tveimur. Á þrem fyrstu fundunum, er yfirmatsmennirnir voru allir mættir, hafi skyldur matsnefndarinnar um framlagningu forsendna frá báðum aðiljum verið fyllilega uppfylltar og matsmönnunum gefizt kostur á að ræða málið sín á milli með fullkomnar forsendur fyrir framan sig. Síðan hafi meiri hluti matsmanna metið hið umdeilda í fullu samkomulagi, er þriðji maðurinn hafi í bága við borgaralega skyldu eigi mætt á fundi, og hafi það mat meiri hlutans fullt gildi.

Gerir stefnda á þessum grundvelli þær réttarkröfur, að hún verði algjörlega sýknuð af kröfum stefnanda, stefnandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað, Árni J. Árnason látinn sæta ábyrgð fyrir brot sitt á borgaralegri skyldu og stefnandi víttur fyrir ósæmileg ummæli um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Um þá varnarástæðu stefndu, að segja megi af fyrrgreindum ástæðum, að umrætt yfir-mat hafi verið framkvæmt af þremur yfirmatsmönnum, svo að fullnægjandi sé samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 frá 1917. Að áliti réttarins ber að skilja 1. mgr. 6. gr. þeirra laga þannig, að hinir þrír dómkvöddu menn verði í öllu verulegu að starfa saman að öllu matinu og ganga frá og undirrita

hina endanlegu matsgerð í sameiningu, til þess að um gilt og lögfullt yfirmat sé að ræða. Á þessu hefir orðið svo verulegur misbrestur við umrætt yfirmat, að á þeim fundi eða fundum, þar sem matsgerðin er samin, samþykkt og undirrituð, hafa aðeins verið tveir yfirmatsmannanna, en sá þriðji eigi verið við og engan þátt átt í þessu starfi yfirmatsmannanna og eigi heldur undirritað matsgerð á neinn hátt síðar, svo kunnugt sé. Verður þegar af þessum sökum að fallast á þá skoðun stefnanda, að matsgerðin frá 28. okt. 1934 sé frá upphafi ógild, og skiptir þá engu um úrslit þessa máls, hvernig líta beri á matshæfi Guðmundar Jónssonar frá Mosdal.

Skv. þessu, og þar sem eigi hafa verið færðar fram af hálfu stefndu fleiri varnir en um hefir verið rætt, ber að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu kr. 820.00 skv. undirmatsgerð.

Kröfum stefnanda um vexti og málskostnað hefir eigi verið mótmælt sérstaklega og ber því samkvæmt þessum úrslitum að taka þær til greina.

Um kröfu stefndu um, að Árni J. Árnason verði látinn sæta ábyrgð fyrir brot á borgaralegri skyldu, er rétturinn ekki bær að dæma og vísast henni því frá dómi.

Krafa stefndu um, að stefnandi verði víttur fyrir ósæmileg ummæli, verður eigi tekin til greina, þar eð ummælin eru ekki tilgreind, en engin þau ummæli hafa verið viðhöfð í málinu, er ástæða þykir til að víta ex officio.

Að dómur í málinu hefir eigi verið kveðinn upp fyrr en nú, stafar af embættisönnum dómarans.

Föstudaginn 29. janúar 1937.

Nr. 130/1935. **Jón Bjarnason** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Verzlunin Konráð Hjálmarsson og útibúi Landsbanka Íslands, Eskifirði (Pétur Magnússon).

A og B gerðu með sér samning, þar sem A lofaði að selja B hús, sem reist hafði verið á lóð B. B samt talinn vera eigandi hússins og samningurinn skýrður þannig, að B hafi ætlað að veita A hlutbundna tryggingu í húsinu fyrir fjármunum, sem A hafði lagt fram til byggingar þess.

Dómur gestaréttar Neskaupstaðar 15. ágúst 1934. Stefnandinn, Verzlunin Konráð Hjálmarsson, er eigandi að íbúðarhúsi því, er stefndur nú býr í, Melgata 8 í Neskaupstað.

Veðsetning stefnds á húsinu til útibús Landsbankans á Eskifirði, samkvæmt tryggingarbréfi dags. 11. febr. 1933, á að vera ógild gagnvart stefnanda.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til hæstaréttar með stefnu dags. 26. ágúst 1935 og að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 9. s. m., en þegar málið skyldi þingfest hinn 20. des. s. á. lét hann ekki mæta í því, og féll málsóknin þessvegna niður. Með stefnu dags. 21. des. s. á. hefur áfrýjandi skotið málinu á ný til hæstaréttar. Hefir hann stefnt firmanu Verzlunin Konráð Hjálmarsson og gert þær réttarkröfur á hendur stefnda, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að hrundið verði öllum kröfum hins stefnda firma í máli þessu og það dæmt

til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins. Ennfremur hefir áfrýjandi stefnt forstjóra útibús Landsbanka Íslands á Eskifirði f. h. útibúsins, en án þess að gera nokkrar kröfur á hendur því. Téð útibú, sem ekki hefir áfrýjað málinu að sínu leyti, hefir látið mæta og tekið undir kröfur áfrýjanda hér fyrir dómi og krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, án þess að tilgreina nánar, gegn hverjum þeirri kröfu er beint. Af hálfu stefnda, Verzlunin Konráð Hjálmarsson, hefir þess hinsvegar verið krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að í niðurstöðu dómsins verði bætt ákvæði um riftun kaupsamningsins frá 2. febr. 1921. Svo krefst og hið stefnda firma málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, tók áfrýjandi með grunnleigusamningi, dags. 15. nóv. 1920, á leigu byggingarlóð í Neskaupstað og skyldi honum vera heimilt að selja og veðsetja réttindi þau, sem samningurinn veitti honum, ásamt mannvirkjum þeim, er hann kynni að reisa á lóðinni. Var síðan hafin bygging íbúðarhúss á lóðinni. Byggingarefni til hússins var að töluverðu leyti lagt til af hinu stefnda firma, og nam verðmæti þeirrar úttektar kr. 2569.07 samkvæmt bókum firmans. Vinnu við húsbygginguna annaðist og kostaði áfrýjandi. Ennfremur heldur hann því ómótmælt fram, að hann hafi sjálfur lagt til hurðir, glugga, eldavél, ofna o. fl. Meðan á byggingu hússins stóð, eða 2. febr. 1921, gerðu áfrýjandi og Konráð Hjálmarsson með sér samning, þar sem Konráð Hjálmarsson lofaði að selja áfrýjanda áminnzt hús fyrir kr. 4000.00 og skyldi andvirðið greiðast ásamt

6% vöxtum á næstu tveim árum, þannig, að það væri að fullu greitt fyrir 1. jan. 1923. Af hálfu hins stefnda firma hefir við rekstur máls þessa verið lýst yfir því, að þrátt fyrir ákvæði samningsins um andvirði hússins, hafi tilætlunin verið sú, að áfrýjandi greiddi firmanu einungis þá fjárhæð fyrir húsið sem firmað hefði kostað til smíðar þess, eða kr. 2569.07, svo sem áður segir. Telur hið stefnda firma, að andvirði vinnunnar við byggingu hússins, sem áfrýjandi hafi lagt fram, hafi verið dregið frá húsverði því, sem í samningnum getur og ákveðið var, meðan húsið var í smíðum. Upp í téðar kr. 2569.07 krónur hefir áfrýjandi greitt samkvæmt skjölum málsins kr. 677.27, en eftirstöðvar skuldarinnar námu hinn 1. jan. 1933 ásamt 6% vöxtum kr. 2445.69. Til stuðnings staðhæfingu sinni um að hann sé, þrátt fyrir orðalag samningsins, eigandi téðrar húseignar, hefir áfrýjandi ómótmælt haldið því fram, að hann hafi frá því bygging hússins var lokið og þangað til mál þetta var höfðað haft öll afnot hússins, byggt skúr hjá því, leitt vatn og rafmagn inn í það, járnklætt það og málað, annazt viðhald þess, talið það fram sem sína eign til skatts, greitt af því brunabótagjöld og önnur opinber gjöld, og hafi allt þetta gerzt án nokkurrar íhlutunar af hálfu stefnda. Hvorki málflutningurinn né plögg málsins gefa ástæðu til að ætla, að áfrýjandi hafi framselt hinu stefnda firma réttindi sín samkvæmt téðum lóðarsamningi. Verður því að ganga út frá, að slíkt framsal hafi ekki átt sér stað, enda telur áfrýjandi ómótmælt húsið byggt á sinni lóð. Hann skírskotar ennfremur til veðbókarvottorðsins um það, að hann hafi almennt verið talinn eigandi og fyrirsvarsmaður húseignar þessarar.

Við skýringu samningsins frá 2. febr. 1921 verður að hafa hliðsjón af öllum þeim atriðum, sem rakin hafa verið hér að framan, um réttindi yfir lóð þeirri, sem húsið nr. 8 við Melgötu stendur á, svo og varðandi byggingu húss þessa, arðtöku af því og fyrirsvar þess. Þykja öll þessi atriði leiða ótvírætt til þeirrar ályktunar, að áfrýjandi hafi verið og sé eigandi húseignar þessarar, en aðiljarnir hafi með greindum samningi verið að stofna til hlutbundinnar tryggingar í húseigninni fyrir fjármunum þeim, sem Verzlunin Konráð Hjálmarsson lagði fram til byggingar hússins. Af þessum ástæðum þykir bera að sýkna áfrýjanda af kröfum þeim, er hið stefnda firma hefir gert á hendur honum í þessu máli.

Eftir atvikum málsins ber að láta málskostnað falla niður í máli síðastnefndra aðilja bæði í héraði og hæstarétti.

Af hálfu útibús Landsbanka Íslands Eskifirði hefir málinu ekki verið áfrýjað, svo sem áður segir. Verður niðurstöðu hins áfrýjaða dóms þessvegna ekki haggað í þessu máli, að því, er útibúið varðar. Málskostnaðarkröfu útibúsins hefir verið mótmælt af hinum aðiljum málsins. Með því að téð bankaútibú hvorki hefir stefnt firmanu Verzlunin Konráð Hjálmarsson né heldur hefir firma þetta stefnt bankaútibúinu, þá getur þegar af þeirri ástæðu ekki komið til álita að dæma firmað til að greiða bankaútibúinu málskostnað. Og ekki verður talið, að það hafi bakað áfrýjanda skyldu til að greiða útibúinu málskostnað, þótt því væri stefnt fyrir hæstarétt, þar eð engar kröfur voru gerðar á hendur því hér fyrir dómi. Málskostnaðarkrafa þess verður þessvegna ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Jón Bjarnason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Verzlunin Konráð Hjálmarsson, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn, Páll G. Þormar f. h. Verzlunin Konráð Hjálmarsson, höfðað fyrir gestarétti Neskaupstaðar gegn stefndum, Jóni Bjarnasyni, til heimilis að Merki í Neskaupstað, til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda á íbúðarhúsi því, er stefndur býr í, svo og til ógildingar á veðrétti útibús Landsbankans á Eskifirði í eigninni.

Eru tildrög málsins þau, að með kaupsamningi dags. 2. febr. 1921, seldi Konráð Hjálmarsson stefndum téð íbúðarhús fyrir 4000 krónur, sem greiðast skyldi á næstu 2 árum, þannig, að það skyldi vera greitt að fullu fyrir 1. jan. 1923. Telur stefnandi, að stefndur hafi aldrei greitt kaupverðið að fullu og ekki heldur fengið afsal fyrir húsinu, en hinsvegar hafi hann veðsett útibúi Landsbankans á Eskifirði húsið fyrir 1000 krónur. Í tilefni af þessu sagði stefnandi stefndum upp afnotum af húsinu í ágústmánuði 1933 frá 1. okt. s. á. að telja og höfðaði síðan mál þetta gegn stefndum.

Hefir hann gert þær kröfur, að „Kaupsamningnum skuli riftað", að viðurkenndur verði eignarréttur verzlunarinnar Konráð Hjálmarsson að húsinu og að veðréttur útibús Landsbankans á Eskifirði eða önnur veðbönd, sem hvíla kunna á eigninni, verði úr gildi felld.

Útibúi Landsbankans á Eskifirði hefir ekki verið stefnt í máli þessu, heldur tilkynnti stefnandi því með símskeyti málshöfðunina. Við fyrstu fyrirtekt málsins lét útibúið mæta, mótmælti riftunarkröfu stefnanda á veðrétti bankans í húsinu og lagði fram tryggingarbréf dags. 11. febr. 1933, þar sem stefndur veðsetur útibúinu íbúðarhús sitt Merki, Melgata 8 í Neskaupstað, með lóðarréttindum með

1. veðrétti fyrir 1000 kr. og veðbókarvottorð í staðfestu eftirriti dags. 2. febr. s. á. og er stefndur þar talinn eigandi hússins. Af hendi málsaðilja komu engin mótmæli fram gegn því, að útibúið mætti í málinu, legði fram sakargögn og gjörði kröfur til réttarins. Verður því að álita, að téð bankaútibú hafi með samþykki aðilja gjörzt sakmiðill (intervenient) í málinu og beri því að leggja dóm á kröfu stefnanda um ógildingu á veðrétti útibúsins í húsinu, enda var sú krafa lögð til sátta ásamt öðrum dómkröfum stefnanda.

Stefndur hefir krafizt sýknunar og sér tildæmdan málskostnað, þar sem hann sé löglegur eigandi hússins. Hann viðurkennir að vísu að hafa gjört umræddan kaupsamning, en segir, að þessu hafi verið þannig breytt, að hann, stefndur, skyldi kosta byggingu hússins og hafi því samningurinn verið markleysa og legið í þagnargildi síðan, þangað til stefnandi sagði honum upp afnotum af húsinu í ágúst f. á.

Stefndur kveðst hafa greitt öll vinnulaun við húsið og lagt til hurðir, glugga, eldavél, ofna o. fl. Hann hafi aldrei fengið viðskiptareikning frá stefnanda, en greitt verzluninni á árinu 1921—1923 um 900 krónur, sem hann áleit að kvitta mundi úttekt hans til hússins. Húsið kveðst hann hafa byggt á sinni lóð og hefir því til sönnunar lagt fram lóðarsamning, dags. 15. nóv. 1920, og virðast aðiljar sammála um, að húsið standi á þeirri lóð. Hann hefir einnig annazt viðhald hússins og greitt af því skatta og skyldur og álitið það og farið með sem sína eign.

Útaf þessu skal það tekið fram, að lóðarréttur stefnda yfir lóð þeirri, sem húsið stendur á, útilokar ekki útaf fyrir sig eignarrétt stefnanda á húsinu, þar sem hús og lóð verður eftir íslenzkum rétti að teljast aðskiljanlegir hlutir, og að stefndur hefir greitt skatt og skyldur af húsinu, sannar ekki eignarrétt hans á því, þar sem það er föst venja, að kaupendur fasteigna taki að sér greiðslu á slíkum gjöldum, þegar kaup eru gjörð og áður en eignarréttur færist yfir til kaupanda.

Stefnandi hefir lagt fram staðfesta útskrift úr verzlunarbókunum af reikningi yfir efni til hússins, er sá reikningur ekki stílaður á nafn stefnds, heldur er yfirskrift reikningsins „Melshúsið v/ Verzlun K. Hjálmars-

sonar". Telur stefnandi þetta meðal annars sönnun þess, að húsið hafi frá öndverðu verið eign sín. Stefnandi viðurkennir að vísu, að stefndur hafi lagt til mest af vinnunni við húsið, en vinnulaunin hafi verið dregin frá upphaflega kaupverðinu og hefði stefndur getað orðið eigandi hússins, ef hann hefði greitt þá upphæð, sem húsið kostaði verzlunina, kr. 2659.07, samkvæmt reikningnum, en það hafi stefndur ekki gjört. Af reikningnum sést, að stefndur hefir greitt kr. 677.27 af efninu til hússins og er skuldin talin nú með áföllnum vöxtum kr. 2445.69.

Samkvæmt málfærslunni verður að álíta hús það, sem á reikningnum er kallað Melshúsið, sé sama húsið, sem stefndur nú býr í og hann veðsetti Landsbanka-útibúinu og kallað er nú Merki eða Melgata 8.

Sýknukröfu sína virðist stefndur aðallega byggja á því, að ekki sé takandi mark á kaupsamningnum, því síðar hafi svo um samizt, að hann skyldi kosta byggingu sjálfur að öllu leyti. Mun þetta að eiga að skiljast svo, að stefnandi hafi síðar samþykkt, að stefndur skyldi teljast eigandi hússins, en þó sennilega með því skilyrði, að stefndur tæki að sér greiðslu á andvirði efnisins til hússins. Fyrir þessari staðhæfingu hefir stefndur ekki fært nokkrar líkur né sannanir gegn mótmælum stefnanda. Verður því að telja kaupsamninginn grundvöllinn undir viðskiptum aðilja þannig, að úrslit málsins byggist á ákvæðum hans.

Er þá fyrst að athuga, að í samningnum felst bein yfirlýsing stefnds um að hann hafi ekki verið eigandi hússins, heldur stefnandi, er kaupin voru gerð, og að eignarrétt á húsinu gat stefndur þá fyrst öðlazt, er hann hafði uppfyllt hina settu skilmála: greiðslu kaupverðsins innan ákveðins tíma.

Fyrir utan vinnu sína við húsið og ýmislegt, sem stefndur kveðst hafa lagt til þess frá sjálfum sér, sem hann hefir ekki upplýst um, hve stórri fjárhæð nemi, verður ekki séð, að stefndur hafi greitt nema kr. 677.27, eða rúmlega ¼ hl. af andvirði þess efnis, sem stefnandi lagði til byggingarinnar, þannig að ógreitt er enn til stefnanda af kaupverðinu kr. 2445.69 með áföllnum vöxtum. Þykir því vera um svo verulegar vanefndir af

hálfu stefnds að ræða, að stefnanda hafi verið heimilt að rifta kaupunum eins og hann gerði og beri því að telja hann réttan eiganda að umræddu húsi.

Þar sem ennfremur stefndur, samkvæmt framanskráðu, aldrei hefir verið löglegur eigandi hússins, var honum óheimilt að veðsetja útibúi Landsbankans það, og er sú veðsetning ógild gagnvart stefnanda og skiptir hér ekki máli, þó að veðbókarvottorðið teldi stefndan eiganda hússins, þar sem stefnandi enga sök átti á því, að útibúið fékk rangar upplýsingar um eignarréttinn á húsinu.

Stefnandi hefir ekki krafizt málskostnaðar og fellur hann því niður.

Stefnandi hefir krafizt þess, að nokkur ummæli í málsvörn stefnda verði dæmd dauð og ómerk og stefndur látinn sæta sektum fyrir þau. Þessi ummæli „að stefnandi hafi barist úr skúmaskoti", „veslings maðurinn", „fer með vísvitandi ósannindi", „ég skora á hann að sanna þennan vitleysisvaðal sinn", „þessi heiðursmaður", „Í meira lagi ósvífið", „Hvílík lævísi", „Önnur eins heimska og þetta", sem alveg eru órökstudd ber að ómerkja, en ekki þykir nægileg ástæða til að láta stefnda sæta sektum fyrir þau.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1937.

Nr. 26/1936. **Zophonías Baldvinsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök (Theódór B. Lindal)

Kröfu fyrverandi bifreiðaeftirlitsmanns um greiðslu kaupeftirstöðva úr ríkissjóði hrundið. Talið, að sama bifreiðaeftirlitsmanni hafi borið uppsagnarfrestur, þegar hann vék úr þjónustu ríkisins, með því að hann hafi haldið áfram starfa sínum um skeið eftir að umsaminn starfstími

hans var útrunninn, og honum dæmdar bætur, er svöruðu til 6 mánaða uppsagnarfrests.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. marz 1936: Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Zophoníasar Baldvinssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja, aðaláfrýjanda með áfrýjunarstefnu, dags. 11. marz 1936, og gagnáfrýjanda með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 19. s. m.

Fyrir hæstarétti hefir aðaláfrýjandi *aðallega* krafizt þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum sömu upphæð, kr. 38861.00, sem um ræðir í upphafi hins áfrýjaða dóms, og með vöxtum eins og þar segir, þó að frádregnum kr. 5.00, sem hann telur upphæðina vera ofreiknaða um. *Til vara* hefir hann krafizt dóms fyrir kr. 2835,00 af ofannefndri upphæð, er hann telur sig eiga kröfu til vegna ólögmætrar uppsagnar, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá birtingardegi sáttakæru, 13. sept. 1935, til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefir *aðallega* krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að krafa hans um málskostnað fyrir undirrétti verði tekin til greina. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. *Til vara hefir* hann krafizt lækkunar á kröfu aðalstefnanda svo og málskostnaðar fyrir báðum réttum sem fyrr segir.

Aðalkröfu sína, um greiðslu úr ríkissjóði á of-

angreindum kr. 38861.00, að frádregnum kr. 5.00, eða alls kr. 38856.00, með vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, rökstyður aðaláfrýjandi hér fyrir dómi, eins og fyrir undirréttinum, með því, að samkvæmt skipunarbréfi sínu frá 1. febr. 1928 og erindisbréfi um skoðunarmenn bifreiða frá sama degi, sbr. einkum 9. gr. þess, eigi hann rétt til helmings allra prófgjalda og skoðunargjalda í Suðurlandsumdæmi frá ársbyrjun 1928 til ársloka 1935. Er hinar föstu mánaðargreiðslur, sem hann naut, meðan hann gegndi starfinu, auk greiðslunnar fyrir maímánuð 1935, séu frá dregnar, nemi eftirstöðvar hans hluta af ofangreindum gjöldum, sem safnazt hafi fyrir í ríkissjóði árin 1928—1935, upphæð þeirri, sem stefnt er fyrir, og sé þá gert ráð fyrir, að tekjur ársins 1935 hefðu orðið jafnar árstekjunum árið 1934. Miðar hann gjöldin við allt árið 1935 sökum þess, að hann telur ríkisstjórninni hafa verið óheimilt að segja sér upp starfinu með skemmri fyrirvara en til loka þess árs. Telur aðaláfrýjandi rétt sinn til helmings umræddra gjalda hafa haldizt óbreyttan og óslitinn allt það tímabil, er hann gegndi starfinu.

Gagnáfrýjandi hefir hér fyrir réttinum, eins og í héraði, mótmælt því, að aðaláfrýjandi eigi rétt til eftirstöðva umræddra gjalda. Skal nú að því vikið, hvernig aðiljarnir, hvor um sig, virðast hafa litið á launakjörin á því tímabili, er aðaláfrýjandi gegndi starfinu.

Það er rétt hjá aðaláfrýjanda, að í „erindisbréfi um skoðunarmenn bifreiða", frá 1. febr. 1928, er svo fyrir mælt, að prófgjöld og skoðunargjöld skuli renna til skoðunarmanna bifreiða, en að sjálfsögðu var ekkert því til fyrirstöðu, að samkomulag kæmist

á um launagreiðslur með öðrum hætti. Eins og um ræðir í hinum áfrýjaða dómi, tilkynnti atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ríkisféhirði með bréfi dags. 11. febr. 1928, að honum bæri að greiða aðaláfrýjanda og samstarfsmanni hans „hvorum 500 krónur á mánuði í laun". Þar eð ráðuneytið hvorki nefnir það, að skoðunarmönnum beri viðbótargreiðsla, ef próf- og skoðunargjöld reynist hærri en mánaðargreiðslunum nemi, né hefir nokkurn fyrirvara um endurgreiðslu af þeirra hálfu, ef greiðslurnar skyldu reynast of háar, miðað við innkomin gjöld, þá bendir það þegar til þess, sem síðar kemur þó skýrar fram, að ráðuneytið hafi frá upphafi litið á mánaðargreiðslurnar sem föst mánaðarlaun, eins og líka orðalag þess í nefndu bréfi gefur í skyn, en ekki sem áætlunarupphæðir, er síðar breyttust eftir því, sem inn kæmi af próf- og skoðunargjöldum úr umdæmi þessara skoðunarmanna. Sama ráðuneyti skýrir og lögreglustjóranum í Reykjavík frá því, í bréfi dags. 11. febr. 1928, að ríkisféhirði hafi verið falið að greiða skoðunarmönnunum 500 krónur í laun mánaðarlega, en ætlast sé til, að gjöldin fyrir skoðun o. fl., sem lögreglustjóri innheimti, gangi til ríkisféhirðis upp í launin. Bendir þetta orðalag einnig til þess, að ráðuneytið hafi ekki litið á 500 króna mánaðargreiðslurnar sem áætlunarupphæðir, sem skoðunarmönnunum bæri að endurgreiða að því leyti, sem þær kynnu að reynast of háar. Þá styrkist og sú skoðun, að ráðuneytið hafi litið á launakjörin á þennan hátt, af því, að það verður við þeirri beiðni skoðunarmannanna í jan. 1930 að greiða þeim kaupuppbót fyrir árið 1929, 1000 krónur hvorum, eins og nánar mun vikið að

síðar. En ekki er ætlandi, að ráðuneytið hefði samþykkt þá beiðni, ef það hefði talið skoðunarmennina eiga innistandandi kaupeftirstöðvar í ríkissjóði, sem þá hefði numið samtals kr. 15508.00, ef staðhæfing aðaláfrýjanda um launakjörin væri rétt. Loks hefir ráðuneytið, þegar því gafst ástæða til vegna tilmæla af hálfu skoðunarmanna um greiðslu eftirstöðva, lýst því ótvírætt yfir við þá í bréfi, dags. 13. apríl 1932, að það teldi umsamin laun fyrir störf þeirra að fullu greidd með fyrrnefndum 500 króna mánaðargreiðslum, og skírskotar í því efni til viðtals, er fram hafi farið þegar skoðunarmennirnir hafi upphaflega tekið að sér skoðunarstarfið. Mótmælir ráðuneytið því, að skoðunarmennirnir eigi nokkurn rétt til frekari þóknunar fyrir liðinn tíma. Það hefir og jafnan síðan haldið fast við það, að þessi skilningur á launakjörum skoðunarmannanna væri réttur, og í sömu átt hefir umsögn vegamálastjóra gengið, en hann hefir frá öndverðu verið aðstoðarmaður og ráðunautur ríkisstjórnarinnar um bifreiðaeftirlit.

Hér á undan hefir verið skýrt frá því, sem fyrir liggur í málinu um skoðun þá, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, sem réð aðaláfrýjanda til starfsins, hefir haft á launakjörum hans frá byrjun. Ber þá að athuga, hvað fram sé komið í málinu um skilning aðaláfrýjanda, á meðan hann gegndi skoðunarmannsstörfum, á launakjörum sínum, og hvort atvik liggja svo til, eins og gagnáfrýjandi heldur fram, að aðaláfrýjandi geti ekki nú krafizt frekari þóknunar en oftnefndra mánaðargreiðslna, jafnvel þótt hann í öndverðu kynni að hafa haft ástæðu til að líta svo á, að

hann væri ráðinn með þeim kjörum, sem umræðir í erindisbréfi skoðunarmanna bifreiða.

Eins og fyrr er getið um, fóru aðaláfrýjandi og samstarfsmaður hans við bifreiðaeftirlitið í Suðurlandsumdæmi þess á leit við atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með bréfi, dags. 8. janúar 1930, að þeim yrði greidd 1000 króna kaupuppbót hvorum fyrir árið 1929. Jafnframt þessari beiðni kveðast þeir senda ráðuneytinu yfirlit yfir inntektir við starf þeirra síðastliðið ár, sem runnið hafi í ríkissjóð. Er og upplýst í málinu, að skoðunarmennirnir héldu nákvæmar skrár um próf og skoðanir, og hlutu því að vita nákvæmlega, er beiðnin um kaupuppbótina var send, hverju inneign þeirra í ríkissjóði nam, ef þeir töldu sig þá eiga rétt til frekari þóknunar en hinna föstu mánaðargreiðslna. En eins og áður segir hefði inneignin numið í árslok 1929 kr. 7754.00 fyrir hvorn þeirra. Verður það ekki talið líklegt, að skoðunarmennirnir hefðu farið bónarveg að ráðuneytinu um 1000 króna kaupuppbót, ef þeir hefðu talið sig eiga nefnda upphæð innistandandi í ríkissjóði. Máttu þeir og vita, að ef þeir skýrðu ríkisstjórninni frá því, að þeir ætluðu að gera kröfu til nefndra eftirstöðva, þá væri ekki líklegt að kaupuppbótin yrði samþykkt. Beiðnin um kaupuppbótina og viðtaka hennar eru því ósamrýmanlegar við aðalkröfu aðaláfrýjanda í máli þessu.

En fleira kemur og til greina, að því er varðar framkomu aðaláfrýjanda í sambandi við launagreiðslur til hans, meðan hann gegndi skoðunarstarfinu, sem ekki verður samrýmt við aðalkröfu hans nú. Þannig verður ekki séð af skjölum málsins, að hann hafi svarað fyrrnefndu bréfi atvinnu-

og samgöngumálaráðuneytisins frá 13. apríl 1932, né mótmælt á nokkurn hátt, fyrr en nú í þessu máli, þeirri staðhæfingu ráðuneytisins í bréfinu, að hann eigi ekki neina kröfu til frekari þóknunar fyrir störf sín en hann hafði þá þegar fengið. Þvert á móti heldur hann áfram starfi sínu eftir það í full 3 ár og er ekki upplýst, að hann hafi á þeim tíma gert nokkrar kröfur um viðbótargreiðslur. Og í ársbyrjun 1934 fer vegamálastjóri þess á leit, af hálfu ríkisstjórnarinnar, við skoðunarmennina, að laun þeirra lækki um 15%, og eftir „viðræður fram og aftur" fallast skoðunarmennirnir á 7½% lækkun, niður í kr. 462.50 mánaðarlega, án þess að minnast á nokkrar eftirstöðvar, svo að séð verði. Af hálfu aðaláfrýjanda er því að vísu haldið fram, að hér hafi aðeins verið um lækkun á áætlunarupphæð að ræða, en það kemur ekki til mála, að ástæða hafi þótt til lækkunar á áætlunarupphæð, ef skoðunarmennirnir áttu þá eftirstöðvar í ríkissjóði svo tugum þúsunda króna skipti, og innkomið fé vegna próf- og skoðunargjalda hafði yfirleitt farið hækkandi. Á árinu 1935 eru laun aðaláfrýjanda að nýju lækkuð niður í kr. 405.00 mánaðarlega, og sökum þess, að hann hafði þá þegar fengið greidd laun fyrir tvo fyrstu mánuði ársins, endurgreiddi hann ríkissjóði kr. 115,00. Er sú endurgreiðsla, án nokkurs fyrirvara, í fullkomnu ósamræmi við staðhæfingu aðaláfrýjanda í máli þessu, að hann hafi átt í ársbyrjun 1935 um 30 þúsund krónur innistandandi í ríkissjóði, auk vaxta.

Loks má á það benda, að samstarfsmaður aðaláfrýjanda virðist hafa verið þeirrar skoðunar

árið 1931, að í Suðurlandsumdæmi rynni prófgjöld ekki til skoðunarmanns, því í bréfi til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 12. ágúst þess árs, viðvíkjandi bifreiðastjóraprófum á Ísafirði, kemst hann svo að orði: „Um prófgjaldið virðist vera rétt að gildi sömu reglur í Ísafjarðarumdæmi eins og í öðrum umdæmum út um land, — að undanskildu Suðurlandsumdæmi — að prófgjaldið (kr. 15) renni til prófdómarans."

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, þykir aðaláfrýjandi ekki eiga rétt til þeirra eftirstöðva, sem aðalkrafa hans fjallar um. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af aðalkröfunni, að því leyti sem hún er reist á slíkum kaupeftirstöðvum.

Kemur þá varakrafa aðaláfrýjanda til athugunar. Er hún við það miðuð, að óheimilt hafi verið að segja aðaláfrýjanda upp starfi hans með skemmri fyrirvara en til ársloka 1935, þar eð erindisbréfið frá 1. febr. 1928 mæli fyrir um 6 mánaða uppsagnarfrest, miðað við 1. janúar og 1. júlí. Laun aðaláfrýjanda voru, sem fyrr segir, kr. 405.00 um mánuðinn árið 1935, og þar eð honum var sagt upp starfinu 30. apríl þess árs og aðeins greidd laun til mailoka næst á eftir, þá telur hann sig eiga kröfu til launa fyrir tímabilið frá 1. júní til 31. des. 1935 samtals 7 mánuði, og nemur varakrafan því kr. 2835.00.

Eins og skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi, féll skipun aðaláfrýjanda samkvæmt skipunarbréfinu frá 2. febr. 1934 niður í árslok 1934. En þar eð hann hélt starfinu áfram eftir ársbyrjun 1935, með samþykki ráðuneytisins, þótt ekki væri það samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi, verður að telja, að hann hafi mátt líta svo á, að hann yrði

ekki sviptur starfinu án undangenginnar uppsagnar með hæfilegum fyrirvara, enda er ekki upplýst í málinu gegn mótmælum hans, að honum hafi mátt vera það ljóst, að framlenging starfs hans eftir árslok 1934 ætti aðeins að vera til bráðabirgða. Með tilliti til starfs aðaláfrýjanda þykir uppsagnarfrestur honum til handa hæfilega ákveðinn 6 mánuðir. Hefir hann, eins og fyrr er skýrt frá, fengið greidd laun fyrir einn mánuð, eftir að uppsögn átti sér stað, og ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum 5 mánaða laun, eða samtals kr. 2025,00, með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms séu staðfest, en að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 200 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Zophoníasi Baldvinssyni, kr. 2025.00 með 6% ársvöxtum frá frá 13. sept. 1935 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms staðfestist, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 200.00 upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. september

1935 af Zophonías Baldvinssyni, bifreiðastjóra hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 38.861.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1707.00 frá 1. jan. 1929 til 1. jan. 1930, af kr. 7754.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1931 og af kr. 13539.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1932, af kr. 18029.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1933, af kr. 21664.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1934 og af kr. 25660.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1935 og af kr. 38861.00 frá þeim tíma til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar, og málskostnaðar krefst hann, hvernig sem málið fer.

Umstefnda skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar af kaupi sínu sem skoðunarmanns bifreiða og sundurliðast upphæðin þannig: eftirstöðvar 1928 kr. 1707.00, 1929 kr. 6047.00, 1930 kr. 5785.00, 1931 kr. 4490.00, 1932 kr. 3635.00, 1933 kr. 3996.00, 1934 kr. 4833.00 og 1935 kr. 8368.00.

Tildrög máls þess eru þau, að með lögum nr. 23, 31. maí 1927 um breytingu á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926 um notkun bifreiða var svo ákveðið, að átvinnumálaráðherra löggildi skoðunarmann, eða skoðunarmenn fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og að heimilt sé að löggilda skoðunarmenn í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Samkvæmt þessum lögum var svo hinn 1. febrúar 1928 gefin út reglugerð um notkun bifreiða, og segir í 1. gr. hennar, að atvinnumálaráðherra löggildi fyrst um sinn skoðunarmenn bifreiða í tveimur umdæmum í Suðurlandsumdæmi og Eyjafjarðarumdæmi.

Ennfremur var gefið út erindisbréf um skoðunarmenn bifreiða dagsett sama dag (1. febrúar 1928.)

Samkvæmt áðurgreindum lögum og reglugerð var stefnandi í máli þessu með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 1. febrúar 1928, skipaður til þess að hafa á hendi skoðun bifreiða í Suðurlandsumdæmi og jafnframt til þess, samkvæmt reglugerð 1. febrúar 1928 um próf fyrir bifreiðastjóra, að vera prófdómari í sama umdæmi við prófun bifreiðastjóra.

Í skipunarbréfinu er ákveðið, að stefnanda beri „*að*

fara í öllu eftir fyrirmælum fyrrgreindra laga, reglugjörðar og erindisbréfs fyrir skoðunarmenn bifreiða .....“

Um launakjör skoðunarmanna er svo ákveðið í erindisbréfinu 1. febrúar 1928, að skoðunarmenn fái fyrir starf sitt 1) skoðunargjald 10 kr. árlega af hverri bifreið og bifhjóli, sem skrásett sé í umdæmi þeirra, 2) prófgjöld samkvæmt reglugjörð um próf fyrir bifreiðastjóra og 3) að fyrir önnur störf, er skoðunarmenn vinni samkvæmt erindisbréfi eða sérstöku fyrirlagi ráðuneytisins, fái þeir sérstaka þóknun, er ráðuneytið ákveði fyrir hvern einstakan þeirra.

Það eru ákvæði um það í erindisbréfi, að ríkisféhirðir greiði skoðunarmönnum Suðurlandsumdæmis kaup þeirra mánaðarlega eftirá fyrir hvern mánuð með upphæð, sem ráðuneytið ákveði í byrjun hvers árs. Og loks að í lok hvers árs eða svo fljótt, sem ríkisféhirði hafi borizt skilagrein fyrir greiddum skoðunargjöldum og prófgjöldum í umdæmi skoðunarmanns, greiði ríkisféhirðir skoðunarmanni eftirstöðvar af árskaupi hans, ef einhverjar eru.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að sér hafi borið að fá greidd laun samkv. ákvæðum erindisbréfsins, en þar sem sér hafi aðeins verið greidd ákveðin upphæð mánaðarlega, er hafi numið miklu minnu en launin hefðu orðið, ef farið hefði verið eftir ákvæðum skipunar- og erindisbréfsins um greiðslu þeirra, þá telji hann sig nú eiga inni hjá ríkissjóði upphæð þá, er hann geri kröfu um í þessu máli.

Upphæð þessa fær stefnandi þannig út, að hann helmingar tekjur þær, er skoðunarmenn Suðurlandsumdæmis hafa aflað á árunum 1928—1935 og dregur þau laun, er hann hefir fengið, frá þeim helmingi þeirra, sem hann telur sig hafa átt að fá. Tekjurnar af starfi skoðunarmanna hafa numið mun hærri upphæð en launum þeim, er skoðunarmönnum hafa verið greidd, og fær stefnandi þessvegna út ofangreinda upphæð sér í hag.

Erindisbréf um skoðunarmenn bifreiða 1. febrúar 1928 var upphaflega sett um alla skoðunarmenn, án tillits til þess, hvar á landinu þeir störfuðu. Það er því líklegt, að hafi enginn sérsamningur eða samkomulag orðið milli viðkomandi ráðuneytis og stefnanda, að þá ætti stefnandi einhverja kröfu á hendur því vegna skoðunarstarfa.

Það verður því fyrst athugað, hvort launakjör stefnanda hafi raunverulega átt að fara eftir ákvæðum erindisbréfsins eða hafi átt að vera önnur en þar greinir.

Sýknukröfurnar byggir stefndur á því, að stefnandi hafi ekki verið ráðinn með þeim kjörum, sem ákveðin séu í erindisbréfinu, heldur gegn ákveðnum mánaðarlaunum, er hann hafi átt að fá úr ríkissjóði, hvort sem skoðunar- eða prófgjöld úr umdæmi hans reyndust meiri eða minni. Verkefni skoðunarmanna í Suðurlandsumdæmi hafi verið svo mikið, að nauðsynlegt hafi verið, að þeim yrði tryggð lífvænleg laun fyrir starf sitt og þannig um búið, að þeir gætu gefið sig óskipta að því.

Enda þótt í skipunarbréfi stefnanda sé vísað til fyrrnefndra laga, reglugerðar og erindisbréfs, þá eigi sú tilvísun aðeins við starfið og framkvæmd þess, en ekki um launakjör. Um launakjör hafi verið samið sérstaklega við skoðunarmenn Suðurlandsumdæmis, þannig að þeir fengju fast mánaðarkaup hvorki meira né minna, hvernig sem fjárhagsleg útkoma skoðunarinnar yrði. Þessu neitar stefnandi og kveður ekkert sérstakt hafa átt að gilda um launakjör skoðunarmanna í Suðurlandsumdæmi, heldur hafi þeir átt að taka laun sín eftir ákvæðum erindisbréfsins eins og aðrir skoðunarmenn.

Fyrirkomulag í launagreiðslum til stefnanda og samstarfsmanna hans við skoðunina var þannig, að ríkisféhirðir greiddi þeim ákveðna upphæð á mánuði hverjum.

Heldur stefndur því fram, að skoðunarmenn eigi ekki kröfu til frekari greiðslu, þar eð hér hafi alltaf verið um fullnaðargreiðslu að ræða.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að þessar mánaðarlegu greiðslur hafi engan veginn átt að vera fullnaðargreiðslur, heldur hafi kaupið verið greitt svona samkvæmt ákvæðum 3. liðs 9. greinar erindisbréfsins, og þessar greiðslur aðeins verið fyrirframgreiðslur upp í hið endanlega kaup, sem ekki hafi verið mögulegt að ákveða, hvert yrði fyrr en ríkisféhirði hefði borizt skilagrein fyrir greiddum skoðunar- og prófgjöldum í umdæminu. Verður nú sannleiksgildi þessara andstæðu staðhæfinga athugað nánar með hliðsjón af því, sem komið hefir fram í málflutningi aðilja.

Það skal í upphafi tekið fram, að rétturinn telur, að

þrátt fyrir ákvæði erindisbréfsins og laganna um launskoðunarmanna, þá hafi ráðuneytinu eins og hér stóð á verið heimilt að semja um launakjör skoðunarmanna á þann hátt, sem stefndur heldur fram, að gert hafi verið.

1. Stefndur hefir lagt fram bréf frá vegamálastjóra, sem frá öndverðu virðist hafa verið ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, er snertir starf skoðunarmanna, bifreiðaeftirlitið. Bréf þetta er dagsett 22. desember 1932 og segir í því m. a., að að því er snerti skoðunarmenn í Suðurlandsumdæmi, þá hafi í reyndinni sú breyting verið gerð gagnvart þeim á launakjörum þeim, er gert sé ráð fyrir í erindisbréfinu, að þeir hafi fengið fast kaup frá byrjun, en öll skoðunar- og prófgjöld runnið beint í ríkissjóð. Stefnandi telur, að vegamálastjóri muni hafa sagt þetta af misskilningi, er stafi af því, að skoðunarmönnunum hafi alltaf verið greidd eins upphæð á mánuði sem fyrirframgreiðsla. Ekkert hefir þó komið fram í málinu, er bendi til annars en að vegamálastjóri, sem var þessum málum mjög vel kunnugur, hafi talið hinar mánaðarlegu greiðslur fullnaðargreiðslur. Þá þykir bréf vegamálastjóra, dags. $^{2}/_{12}$ 1929, sem skrifað er útaf fyrirspurn ráðuneytisins, vegna erindis sýslumannsins í Skaftafellssýslu um bifreiðaskoðun þar í sýslu, þar sem vegamálastjóri telur vafalaust, að gjöld fyrir próf haldin þar eystra af starfsmanni stefnanda eigi að renna í ríkissjóð, einnig benda í þá átt, að vegamálastjóri hafi alltaf talið skoðunarmennina ráðna upp á fast mánaðarkaup.

2. Stefndur hefir einnig lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, bæði dagsett 11. febrúar 1928. Annað er til lögreglustjórans í Reykjavík, þar sem honum er tilkynnt, að ríkisféhirði hafi verið falið að greiða skoðunarmönnum kr. 500,00 *„í laun mánaðarlega“* og lagt er jafnframt fyrir hann að láta þau gjöld, er hann innheimti, ganga til ríkisféhirðis upp í launin. Hitt bréfið er til ríkisféhirðis, og er honum með því falið að greiða skoðunarmönnum *„hvorum 500 krónur á mánuði í laun“*.

Stefnandi telur þessar mánaðarlegu greiðslur þó ekki hafa átt að vera fullnaðargreiðslur, heldur hafi þetta fyrirkomulag verið haft um greiðslurnar vegna þess, að tekjur skoðunarmanna hefðu komið inn að lang mestu leyti á ákveðnum tíma ársins, og það hefði því valdið skoðunar-

mönnunum miklum óþægindum, ef þeir hefðu þurft að bíða eftir öllum launum sínum, þar til greiðslur yrðu uppgerðar.

Rétturinn telur þó orðalag kröfu þessarar benda ótvírætt í þá átt, að hér hefði verið um fastákveðið mánaðarkaup að ræða, enda hefði verið óeðlilegt, að greiðslurnar hefðu verið svona háar, ef þær hefðu aðeins verið fyrirframgreiðslur, en kaupið síðar átt að reiknast út eftir ákvæðum erindisbréfsins með sérstöku tilliti til þess, að allt var í óvissu um tekjur af skoðuninni, þegar bréf þessi voru skrifuð, og virðist meira að segja þegar hafa verið gert ráð fyrir, að tekjur af skoðuninni hrykkju ekki til að greiða skoðunarmönnunum hinar fastákveðnu mánaðarlegu greiðslur.

3. Með bréfi, dagsettu 8. janúar 1930, fara skoðunarmennirnir fram á, að hvorum þeirra verði greiddar 1000 kr. *„sem kaupuppbót fyrir síðastliðið ár“* og með bréfi ráðuneytisins dags. 29. jan. 1930 veitist þeim þessi *„kaupuppbót“*. Stefnandi telur, að þessi greiðsla hafi verið fyrir margvísleg aukastörf, sem skoðunarmenn hafi innt af hendi um skyldu fram, og að í bréfi þessu felist engin viðurkenning frá skoðunarmönnum um, að þeir hafi verið ráðnir fyrir fast kaup. En með tilliti til þess, að skoðunarmennirnir rökstyðja þessa málaleitun sína m. a. með því, hve miklar annir þeir hafi haft í starfinu, telur rétturinn þetta bréf nánast benda til þess, að skoðunarmennirnir hafi talið sig ráðna upp á fastákveðið kaup, því að annir „í starfinu“ gátu ekki skapað þeim neinn rétt til kauphækkunar, ef launakjör þeirra áttu um allt að fara eftir ákvæðum erindisbréfsins.

4. Útaf bréfi því frá sýslumanninum í Skaftafellssýslu, er getur um í 1. lið hér að framan, skrifa skoðunarmenn $^{13}/_{11}$ 1929 ráðuneytinu, er beðið hafði umsagnar þeirra um bréfið, á þá leið, að að því er snertir skoðunargjöld í Skaftafellssýslu, þá telji þeir rétt, að helmingur skoðunargjalda „þetta ár“, renni í ríkissjóð fyrir þeirra verk, en hinn helmingurinn renni til þeirra bifreiðastjóra eystra, er annazt hafi eftirlitið að fyrirlagi sýslumannsins og í samráði við stefnanda, og samstarfsmanna hans. Stefnandi telur þetta orðalag bréfsins grundvallast á því, að gjöld fyrir þau störf, er skoðunarmenn hafi unnið utan síns

umdæmis, hafi átt að renna í ríkissjóð en skoðunarmenn hafi átt að fá sérstaka þóknun úr ríkissjóði fyrir þau. Um gjöld fyrir störf utan umdæmis hafi því gilt aðrar reglur en gjöld fyrir störf innan umdæmis. Rétturinn getur þó ekki fallizt á, að þessi skýring sé eftir atvikum eðlileg, og telur orðalag þessa bréfs benda í þá átt, að skoðunarmenn Suðurlandsumdæmis hafi talið, að ríkissjóði bæru tekjur af starfi þeirra, en þeim bæru aðeins hinar fastákveðnu mánaðargreiðslur.

5. Með bréfi, dags. 12. ágúst 1931, svarar samstarfsmaður stefnanda í nafni bifreiðaeftirlitsins beiðni ráðuneytisins um umsögn skoðunarmanna um erindi bæjarfógetans á Ísafirði um fjölgun bifreiðaprófdómara þar m. a. á þessa leið: *„Um prófgjaldið virðist vera rétt að gildi sömu reglur í Ísafjarðarumdæmi og í öðrum umdæmum út um land að undanskildu Suðurlandsumdæmi — að prófgjaldið (kr. 15.) renni til prófdómarans.“* Stefnandi telur, að þessi ummæli beri ekki að skilja á annan veg en þann, að úti um land hafi prófgjöldin gengið milliliðalaust til prófdómarans, en í Suðurlandsumdæmi hafi þau runnið í ríkissjóð, ekki endanlega, heldur til bráðabirgða, eða þangað til að gert yrði endanlega upp, þá er ríkisféhirðir hefði fengið skilagrein um tekjur af skoðunarstarfinu. Rétturinn verður þó að telja þessa túlkun á ofangreindum ummælum fremur óeðlilega og telur, að þau bendi fremur í þá átt, að starfsbróðir stefnanda hafi talið skoðunarmennina ráðna með þeim kjörum, er stefndur heldur fram.

6. Í bréfi til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 8. jan. 1930, fara skoðunarmennirnir fram á, *„að í starf okkar verði bætt við einum manni til aðstoðar“* og með bréfi ráðuneytisins, dags. 25. marz 1930, samþykkir ráðuneytið, að skoðunarmennirnir ráði *„einn mann ..... til aðstoðar yður við bifreiðaeftirlitið, akstur bifreiða o.fl.“* Með bréfi, dags. 2. des. 1930, leggja skoðunarmenn til, að ákveðinn maður, Björn Blöndal, *„sem verið hefir aðstoðarmaður okkar við bifreiðaeftirlitið ..... verði ..... ráðinn með okkur við bifreiðaeftirlitið hér í Suðurlandsumdæmi.* Með bréfi, dags. 19. des. 1930, samþykkir ráðuneytið þennan mann og ákveður, að laun hans skuli vera 400 kr. á mánuði. Stefnandi telur, að þrátt fyrir orðalag

bréfs þessa, þá hafi Björn Blöndal ekki verið raunverulegur aðstoðarmaður skoðunarmanna sem slíkra, heldur hafi hann nær eingöngu starfað að vegaeftirliti, sem hafi verið starfi skoðunarmanna raunverulega óviðkomandi, enda þótt þeir hafi haft það á hendi á þessum tíma. Starf þessa manns hafi ríkissjóði borið að kosta sérstaklega og því hafi verið eðlilegt, að Bj. Bl. hafi verið ráðinn fyrir ákveðið mánaðarkaup.

Í 5. gr. erindisbréfsins 1. febr. 1928 virðist skoðunarmönnum vera falið vegaeftirlit það, er stefnandi heldur fram, að Bj. Bl. hafi átt að hafa á hendi. Bj. Bl. virðist því hafa átt að vinna að sömu störfum og skoðunarmennirnir sbr. líka orðalag bréfs ráðuneytisins, þar sem það heimilar skoðunarmönnum að ráða aðstoðarmann „..... *til aðstoðar yður við bifreiðaeftirlitið, akstur bifreiða o.fl.*“

Það er því eðlilegast að líta svo á, að um launagreiðslur til hans hafi gilt sömu reglur og til hinna skoðunarmannanna, og þar eð upplýst og játað er, að hann var ráðinn gegn fastákveðinni mánaðarlegri þóknun, þá virðist það styðja mjög þá staðhæfingu stefnds, að stefnandi hafi einnig verið þannig ráðinn.

7. Undir rekstri málsins hefir stefnandi haldið því mjög fram, að skoðunarmennirnir hafi krafizt uppgjörs launa sinna samkv. erindisbréfinu af Tryggva Þórhallssyni, fyrv. atvinnumálaráðherra, og hafi hann tekið vel í að gera upp við þá eftir reglum erindisbréfsins.

Stefndur hefir hinsvegar lagt fram afrit af bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 13. apríl 1932, sem undirritað var af Tryggva Þórhallssyni, þar sem, með tilvísun til munnlegs samtals við skoðunarmenn, er þeir tóku starfann að sér, er sagt, að ráðuneytið telji þeim fullgreitt með hinum umræddu mánaðarlegu greiðslum og að það telji skoðunarmennina því ekki eiga kröfu til frekari greiðslu úr ríkissjóði vegna skoðunarstarfans.

Með tilliti til þess, að ekkert hefir komið fram, er bendi til þess, að Tr. Þ. hafi talið, að launakjör skoðunarmanna í Suðurlandsumdæmi ættu að fara bókstaflega eftir fyrirmælum erindisbréfsins og með hliðsjón af nefndu bréfi, er Tr. Þ. hefir undirritað, telur rétturinn hérgreinda stað-

hæfingu stefnanda ekki geta orðið málsstað hans til styrktar.

Stefnandi hefir lagt fram vottorð frá fyrrv. ríkisféhirði um, að ríkisféhirðir minnist þess, að 1 eða 2 árum eftir að skoðunarmenn hafi farið að taka laun úr ríkissjóði, hafi þeir komið og spurt sig, hvort hann hafi fengið fyrirmæli um aukagreiðslu til þeirra.

Kveður fyrrv. ríkisféhirðir sig minna (eftir umsögn skoðunarmanna), að aukagreiðslan hafi átt að ákveðast með tilliti til tekna ríkissjóðs af starfi þeirra.

Með tilliti til þess, að hér getur vel verið um uppbótina 1930 að ræða, og þess, hversu óákveðið vottorðið er um síðara atriðið, þykir það ekki gegn andmælum stefnds geta orðið málsstað stefnanda til styrktar.

Samkvæmt því, sem tekið hefir verið fram í 1—7 hér að framan, þykir nægilega upplýst, að aldrei hefir verið ætlazt til annars en að hinar mánaðarlegu greiðslur til stefnanda væru fullnaðargreiðslur og að aldrei hafi getað skapazt neitt réttmætt traust hjá stefnanda til þess, að hann ætti frekari kröfur á hendur ríkissjóði útaf hérumræddum starfa heldur en hina fastákveðnu mánaðargreiðslu. Hann verður því ekki talinn eiga kröfur á hendur ríkissjóði af þeirri málsástæðu hans, er hér hefir verið rædd.

Eins og áður getur voru stefnanda greiddar kr. 500.00 á mánuði fyrir starf hans. 30. júní 1932 var stefnanda sagt upp starfinu frá 1. okt. 1932 að telja. Stefnandi var þó ekki látinn hætta störfum þann dag og gegndi hann síðan starfinu áfram skipunarlaust, þangað til hann er með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 2. febr. 1934, skipaður í starfið til ársloka 1934.

Er svo fyrirmælt í skipunarbréfinu m. a., að stefnanda beri að fara eftir fyrirmælum erindisbréfsins fyrir skoðunarmenn bifreiða og breytingum á þeim, er síðar verði gerðar o. s. frv., og að stefnanda verði greiddar kr. 462.50 í laun á mánuði. Erindisbréfinu frá 1928 hafði verið breytt með auglýsingu 31. jan. 1934 á þann hátt m. a., að ákveðið var, að ráðuneytið réði skoðunarmenn og greiddi þeim laun samkv. sérstökum ákvæðum í skipunarbréfi.

Stefnandi telur, að breyting þessi sé ógild gagnvart sér vegna þess, að sér hafi aldrei verið löglega sagt upp

starfanum. Í erindisbréfinu frá 1928 sé ákveðið, að starfið sé óuppsegjanlegt (sic) af báðum aðiljum með 6 mánaða fyrirvara miðað við 1. janúar og 1. júlí. Uppsögnin 1932 hafi því verið markleysa og beri sér þrátt fyrir hana sömu launakjör og áður.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, er þó þarflaust að að athuga uppsögnina að þessu leyti.

Stefndur hefir lagt fram bréf frá vegamálastjóra til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 15. jan. 1934, þar sem hann skýrir frá, að stefnandi og starfsbróðir hans hafi fallizt á, að laun þeirra árið 1934 lækki um 7½%.

Þetta bréf, ásamt því, að ekki er upplýst, að stefnandi hafi gert neinn fyrirvara um það, að launin voru lægri en vera bæri, þegar hann veitti þeim viðtöku, þykir sanna það, að stefnandi hafi samþykkt lækkun þessa og sé því bundinn við hana.

Eins og áður getur var stefnandi með bréfi, dags. 2. febrúar 1934, skipaður í starf sitt til ársloka 1934. Síðan gegndi hann starfinu skipunarlaust frá 1. jan. 1935 til 30. apríl 1935, að honum var sagt upp starfinu með bréfi sama dag. Laun voru honum þó greidd fyrir maímánuð 1935.

Með tilliti til þess, sem sagt er hér að framan um kröfur og málsástæður stefnanda, getur krafa hans um launaviðbót árið 1935 eingöngu byggzt á því, að uppsögn þessi hafi ekki getað svipt hann rétti til launa 7 síðustu mánuði ársins 1935.

Stefndur telur, að stefnandi hafi ekki átt kröfu á neinum uppsagnarfresti eins og á stóð eftir áramótin 1934—1935.

Stefnandi hafi aðeins gegnt starfinu með samþykki ráðuneytisins, skipunarlaust fjóra fyrstu mánuði ársins 1935, og geti þetta ekki skapað honum rétt á þeim uppsagnarfresti, er hann nú krefjist.

Stefnandi byggir rétt sinn til uppsagnarfrests aðallega á því, að skipunarbréfið 2. febrúar 1934 hafi verið ógilt gagnvart sér, en þar eð rétturinn getur ekki fallizt á, að svo hafi verið, verður krafa hans um uppsagnarfrest ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Til vara byggir stefnandi uppsagnarfrestinn á því, að

enda þótt skipunarbréfið 2. febrúar 1934 hefði verið gilt gagnvart sér, þá hefði ráðuneytið látið sig halda áfram störfum eftir 1. jan. 1935 og þar með hafi starfið orðið áframhaldandi um óákveðinn tíma og beri sér einnig af þeirri ástæðu ofangreindur uppsagnarfrestur.

Það mun nú að vísu rétt, að samþykki ráðuneytisins til þess, að stefnandi héldi áfram starfinu eftir 1. jan. 1935, hefir ekki verið gefið til fyrirfram fastákveðins tíma.

Þrátt fyrir það telur rétturinn þó, að báðir aðiljar hafi eftir atvikum hlotið að telja, að hér væri um hreina bráðabirgðaþjónustu að ræða, og að það hafi verið ákvörðunarástæða hjá ráðuneytinu, þegar það veitti samþykki sitt til þess að stefnandi starfaði eitthvað eftir 1. jan. 1935, að um engan uppsagnarfrest gæti orðið að ræða til handa stefnanda, enda þótt hann yrði bráðlega látinn hætta störfum, og að stefnanda hafi mátt og átt að vera þetta ljóst.

Þá telur rétturinn og, að greiðsla fyrir maí 1935 hafi, eins og stefndur heldur fram, verið innt af hendi um skyldu fram, og að með henni hafi stefndur ekki viðurkennt, að stefnanda bæri uppsagnarfrestur.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Föstudaginn 5. febrúar 1937.

Nr. 186/1936. **Eggert Kristjánsson & Co.**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Kaupfélagi Alþýðu í Vestmannaeyjum
Enginn.

Dómi í víxilmáli og fjárnámi samkvæmt honum áfrýjað til staðfestingar.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 3. okt. 1936.

Stefnt, Kaupfélag Alþýðu, greiði stefnandanum, Eggert Kristjánssyni & Co., kr. 600.00 með 6% ársvöxtum í þókn-

un og kr. 128.90 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Vestmannaeyja þann 2. nóvember 1936.

Dómur hæstaréttar.

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi samkvæmt honum, gerðu í fógetarétti Vestmannaeyja 2. nóv. f. á., hafði stefndi skotið til hæstaréttar með stefnu 26. nóv. f. á. til þingfestingar í marzmánuði þ. á. og krafizt breytingar á dóminum. Hins vegar gagnáfrýjaði áfrýjandi nefndum dómsathöfnum með stefnu 10. des. f. á. til þingfestingar í janúarmánuði þ. á. Þá er flytja skyldi málið, var ekki mætt af hálfu stefnda, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið sótt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í áfrýjunarstefnunni hefir áfrýjandi berum orðum aðeins krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, en í sókn sinni hefir hann einnig krafizt staðfestingar á fjárnáminu. Með því að dóminum var í stefnunni áfrýjað til staðfestingar og fjárnáminu var þar líka skotið til hæstaréttar, mátti stefnda vera það ljóst, að því væri einnig í því einu skyni áfrýjað. Þrátt fyrir þennan galla á stefnunni, þykir því mega taka kröfu hans um staðfestingu fjárnámsins undir dóm að efni til. Á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum eru engir þeir gallar, er útiloki staðfestingu þeirra, og verður því að taka kröfu áfrýjanda í þá átt til greina.

Með því að stefndi hefir með framannefndri áfrýjun sinni veitt áfrýjanda tilefni til áfrýjunar

sinnar, þykir rétt að dæma hann til að greiða áfrýjanda 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestast. Stefndi, Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum, greiði áfrýjanda, Eggert Kristjánsson & Co., 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 28. ág. 1936, af Eggert Kristjánssyni & Co, hér í bæ, gegn Kaupfélagi Alþýðu í Vestmannaeyjum til greiðslu víxils, að eftirstöðvum kr. 600.00, útgefins 21. nóv. 1935 af stefnanda og samþykkts af stefndum til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 21. febr. 1936.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefnt kaupfélag verði dæmt til að greiða sér eftirstöðvar víxilsins, kr. 600.00, með 6% ársvöxtum frá 15. apríl 1936 til greiðsludags, ½% upphæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafélagsins, kr. 128.90.

Stefnt hefir hvorki mætt né mæta látið og er því þó löglega stefnt. Verður þá eftir N. L. 1-4-32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit víxilsins, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 5. febrúar 1937.

Nr. 108/1936. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Guðlaugu Pálsdóttur
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Sveitarsjóður í dvalarsveit móður óskilgetinna barna sýknaður af kröfu hennar um greiðslu meðlags með þeim, með því að talið var, að stjúpföður þeirra væri skylt að framfæra þau.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. júní 1936: Stefndum, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarstjórnar, ber að greiða stefnöndu, Guðlaugu Pálsdóttur, úr bæjarsjóði meðlög með tveimur börnum hennar samkv. úrskurðum um meðlag barnsföður hennar frá 14. desember 1934. Svo greiði stefndur og 75 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 3 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt sýknu í máli þessu af kröfum stefndu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefnda, sem hefir fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Þann 26. nóv. 1925 ól stefnda óskilgetið barn, og var faðir að því Hafliði nokkur Þorsteinsson, sem nú er talinn til heimilis í Norðtungu í Mýrasýslu. Enn ól stefnda óskilgetið barn þann 5. apríl 1927, og var Hafliði einnig faðir að því. Eftir því, sem upplýst er í málinu, giftist stefnda árið 1933 öðrum

manni en nefndum barnsföður sínum, og hafa þau hjón síðan búið saman í Reykjavík, enda hafa börn hennar áðurnefnd dvalizt á heimili þeirra síðan.

Með úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, útgefnum 14. des. 1934, var nefndur Hafliði skyldaður til að greiða meðlag með fyrra barninu frá 26. ágúst 1934, 480 krónur á ári til 14 ára aldurs þess og 300 krónur árlega þaðan af til 16 ára aldurs þess. Og skyldi meðlagið greiða misseri hvert fyrirfram með gjalddögum 26. nóv. 26. maí ár hvert. Einnig var téður Hafliði skyldaður með úrskurði sama sýslumanns sama dag sem hinn fyrrnefndi úrskurður var útgefinn til að greiða meðlag með síðara barninu, 170 krónur á ári frá 5. apríl 1931 til 26. maí 1933 og frá 26. ágúst 1934 til 9 ára aldurs barnsins 400 krónur á ári, og síðan 480 krónur á ári til 14 ára aldurs þess. Skyldi meðlag þetta og greiða fyrirfram fyrir hvert misseri á gjalddögum 5. apríl og 5. okt. ár hvert. Hafliði greiddi eigi meðlögin, og fékk stefnda þau greidd úr bæjarsjóði Reykjavíkur, með fyrra barninu frá 26. ágúst 1934 til 26. maí 1936 og með síðara barninu frá 26 ágúst 1934 til 5. apríl 1936. Virðist fátækrastjórn Reykjavíkur hafa talið bæjarsjóði skylt að greiða meðlögin, með því að Reykjavík var dvalarsveit stefndu, samkvæmt þágildandi lögum, enda þótt stefnda væri þá gift og án tillits til framfærslugetu stjúpföður barnanna. En meðlög þau, er féllu í gjalddaga eftir að hin nýju framfærslulög nr. 135/1935 komu til framkvæmdar (1. jan. 1936), taldi áfrýjandi bæjarsjóði óskylt að greiða og skírskotaði þeirri skoðun sinni til stuðnings til 62. gr. nefndra laga, er hann taldi hafa breytt eldri ákvæðum að því leyti. Vegna synjunar þessarar höfðaði

stefnda mál þetta og krafðist þess, að bæjarsjóður Reykjavíkur yrði skyldaður til að greiða henni meðlögin framvegis, að því, er telja verður, með fyrrfædda barninu frá 26. maí 1936 og með síðar fædda barninu frá 5. apríl s. á.

Það verður að telja þá meginreglu hafa gilt og gilda enn hér á landi, að maður fái ekki styrk sér eða sínum til framfærslu úr sveitar- eða bæjarsjóði, nema sýnt sé, að hann geti ekki framfært sig eða þá af sjálfs sín ramleik, sbr. 1. gr. laga nr. 44/1905, 1. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 43/1927 og 1. gr. núgildandi framfærslulaga nr. 135/1935. Fyrirmælin um rétt móður óskilgetins barns til meðlagsheimtu af dvalarsveit sinni, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1921 og lög nr. 39/1935 og um samskonar rétt skilinna hjóna samkvæmt 60., sbr. 55., 57., 75., og 77. gr. laga nr. 39/1921, verður öll að telja undantekningarákvæði frá áðurnefndri meginreglu. Þau virðast og vera miðuð við það, að eigi sé, auk meðlagsheimtanda og þess, er úrskurðað hefir verið skylt að greiða meðlag, annar maður framfærsluskyldur, sem þá skyldu innir að fullu af hendi. Og virðast ákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 43/1927, 5. gr. 26. og 62. gr. laga nr. 135/1935 bera þessu vitni. Í þessu máli er atvikum svo varið, að stefnda giftist, svo sem fyrr segir, árið 1933, og stjúpföður oftnefndra barna hennar varð þar með skylt að framfæra þau samkvæmt 4. gr. laga nr. 43/1927, er þá voru í gildi, og stendur sú skylda óbreytt samkvæmt 4. gr. laga nr 135/1935, enda er því ómótmælt haldið fram í máli þessu, að stjúpfaðir barnanna hafi veitt þeim framfæri síðan bæjarsjóður Reykjavíkur hætti að greiða meðlögin. Í þessu máli eru því eigi fyrir hendi þau atvik, er undantekn-

ingarreglan um greiðsluskyldu dvalarsveitar á meðlögum, er manni hefir verið úrskurðað skylt að greiða, tekur til, og verður því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður, og að málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, er ákveðast 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Guðlaugar Pálsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Stefáns Jóh. Stefánssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Framfærslustjóri Reykjavíkur hefir lagt þann skilning í ákvæði 62. gr. framfærslulaganna frá 31. des. 1935, að barnsmóðir, sem gifzt hefir öðrum en barnsföður sínum lifandi, sé með nefndu ákvæði svipt þeim almenna rétti, sem barnsmæður hafa haft og ákveðinn er í lögum nr. 39. frá 28. janúar 1935 til að fá greiðslu meðalmeðlags með óskilgetnu barni sínu frá heimilissveit sinni,þótt skilyrði þau, er í þessum lögum greinir, séu fyrir hendi. Með úrskurði 27. apríl s. l. hefir atvinnumálaráðuneytið fellt úrskurð um þetta atriði, sem er gagnstæður skilningi framfærslustjórnar Reykjavíkur.

Er nú mál það, sem hér liggur fyrir, höfðað fyrir gestaréttinum með samkomulagi aðilja með stefnu, dags. 22. þ. m., og að fenginni gjafsókn. Stefnandi, Guðlaug Páls-

dóttir, er kona gift þýzkum manni, búsettum hér í bænum, en hafði áður átt tvö börn óskilgetin með manni nokkrum íslenzkum, nú til heimilis í Norðtungu í Þverárhlíð. Hafði stefnanda fengið greidd úr bæjarsjóði Reykjavíkur úrskurðuð meðlög með téðum börnum sínum, sem fallin voru í gjalddaga fyrir 1. jan. s. l., en er hún krafðizt greiðslu meðlags eftir þann tíma, var henni synjað greiðslunnar með þeim rökum, sem áður greinir. Hér fyrir réttinum gerir hún því þær kröfur, að stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarstjórnar, verði skyldaður til að greiða henni meðlag með börnunum samkv. úrskurðum sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 14. des. 1934 um meðlag af hálfu barnsföður hennar, sem eigi hefir verið véfengt, að væri í lögmæltu lagi. Svo krefst stefnanda, að stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafizt sýknu og sér tildæmdan málskostnað.

Til skýringar því, hvort framfærslulögin hafi gert breytingar á rétti barnsmæðra og skyldu stjúpfeðra á þann veg, er framfærslustjórn Reykjavíkur heldur fram, er rétt að athuga í aðalatriðum þróun löggjafarinnar um þetta efni. Það var fyrst leitt í lög árið 1900, að barnsmæður hefðu rétt til, með nánari ákvæðum skilyrðum, að krefjast greiðslu meðlags hjá dvalarsveit sinni, er síðar átti endurkröfurétt hjá framfærslusveit barnsföður. Þessi endurkröfuréttur var þó ekki heimill, ef barnsfaðir var látinn áður en meðlagið féll í gjalddaga og taldist í því falli meðlag það, er dvalarsveit barnsmóður hafði greitt, sem sveitarstyrkur veittur henni, nema meðlagið væri þegar í stað endurgreitt. Í fátækralögunum frá 1905 voru þessi ákvæði talin (sic) upp óbreytt og héldust þau í lögum, þar til lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna felldu það ákvæði niður, að skylda framfærslusveit barnsföður til endurgreiðslu meðlagsins til dvalarsveitar barnsmóður hætti (sic), er barnsfaðir hafði látizt áður en meðlagið féll í gjalddaga, og var meðlagsskylda af föðurins hálfu, þ. e. framfærslusveitar hans, gerð fortakslaus, enda þótt hann væri látinn. Með 61. gr. framfærslulaganna er þessi meðlagsgreiðsla af hálfu framfærslusveitar barnsföður felld niður og að því leyti vakin upp aftur hin eldri regla fátækralaganna frá 1905, en á hinn bóginn er réttur

barnsmóður þó ekki látinn líða við þetta, heldur getur hún krafizt af heimilissveit sinni meðlags, sem svarar til þess, er barnsfaðir ætti að greiða, en þetta meðlag er talinn styrkur til munaðarlauss barns og er óendurkræfur og aldrei talinn barnsmóður til skuldar.

Í 4. gr. fátækralaganna frá 1905 var það leitt í lög, að stjúpföður væri skylt að framfæra og uppala stjúpbörn sín, en jafnframt var það tekið fram berum orðum, að framfærsluskylda föður slíkra barna héldist eins fyrir það söm og áður en kona giftist þessum manni sínum. Þessi fyrirmæli hafa alla tíð haldizt óbreytt síðan og eru nú tekin upp í framfærslulögin. Það var aldrei dregið í efa, að barnsmóðir, sem giftzt hefði öðrum manni, héldi fyrir það hinum almenna rétti barnsmæðra til greiðslu meðalmeðlags hjá dvalarsveit sinni, og í framfærslulögunum nýju er það hvergi orðað að svipta barnsmóður öðrum gifta þessari leið til greiðslu meðalmeðlags af hálfu barnsföður. Af hálfu stefnds er því haldið fram, að þetta felist í ákvæði 62. gr. framfærslulaganna samkv. lögjöfnuði frá hinu orðaða ákvæði greinarinnar. En á þenna skilning verður ekki fallizt. Það er framfærslustyrkur, sem veittur er munaðarlausu barni, sem fellur niður, er barnsmóðirin hefir fengið nýjan framfærslumann við hlið sér að barni sínu. Þenna framfærslustyrk ber heimilissveit barnsmóður að veita henni af eigin sveitarfé sínu, en honum er af henni létt við giftingu barnsmóður. Það er alger eðlismunur á framfærslustyrk veittum munaðarlausu barni og meðlagsfúlgu, sem barnsfaðir skal greiða og þessvegna á hin umrædda lögjöfnun sér engan stað.

Þar sem framfærslulögin hvergi hafa orðað þá breytingu á hinni eldri löggjöf, að barnsmóðir, sem gift er öðrum, en á lifandi barnsföður, skuli svipt hinni almennu lögmæltu leið barnsmæðra til innheimtu meðalmeðlags af hálfu barnsföður síns, þá verður að taka kröfu stefnöndu sem ómótmælt á framfærslurétt hér á landi, til greina, og dæma stefndan til að greiða málskostnað, sem ákveðst hæfilegur 75 krónur, enda hefir málflutningur gjafsóknarhafans verið vítalaus.

Mánudaginn 8. febrúar 1937.

Nr. 77/1936. **Eggert Claessen f. h. H/F „Titan“**
(Eggert Claessen)
gegn
Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Garðar Þorsteinsson).

Um útsvarsskyldu hlutafélags.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1936: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ná fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík 1934 var áfrýjanda, h/f. „Titan“, gert að greiða 660 króna útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Áfrýjandi greiddi ekki gjald þetta, og krafðist bæjargjaldkeri Reykjavíkur því þess, að útsvarið væri tekið lögtaki. Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 7. apríl f. á., var kveðið á um, að hin umbeðna lögtaksgjörð skyldi fram fara. Úrskurði þessum hefur téð hlutafélag áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 5. júní f. á. og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, mótmælin gegn lögtakinu tekin til greina og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi, bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, hefur hinsvegar krafizt staðfestingar á fógetaréttarúrskurðinum og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, var h.f. „Titan“ stofnað 1912. Hinar upphaflegu samþykktir félagsins hafa ekki verið lagðar fram í

málinu, en samkvæmt samþykktum þess, eins og frá þeim var gengið árið 1916, var tilgangur félagsins að afla tekna með því m. a. að starfrækja, leigja eða selja eignir þess á Íslandi svo og að reisa þau mannvirki, er til starfrækslunnar þættu nauðsynleg. Starfsemi félagsins var upphaflega beint að því að virkja fossa hér á landi og nytfæra sér vatnsaflið með verksmiðjuiðnaði. Í þessu skyni keypti félagið vatnsaflið í Þjórsá auk jarðanna Þjótanda, Skálmholts og Skálmholtshrauns í Villingaholtshreppi. Ennfremur keypti félagið landsvæði í Skildinganesi við Skerjafjörð og átti að reisa þar verksmiðjur og leiða þangað aflið með rafmagnstaugum frá aflstöðvunum. Úr fyrirætlunum félagsins um virkjun fossa varð samt ekkert, en starfsemi félagsins, sem enn hefur ekki verið slitið, er talin aðallega hafa verið í því fólgin að selja eignir þess smám saman eftir því sem hentugt hefur þótt. M. a. hafa verið seldar jarðirnar Skálmholt og Skálmholtshraun svo og landsvæði í Skildinganesi. Fjármagn það, sem félagið hefur haft til umráða, er talið að hafa verið aðallega norskt. Heimili félagsins og varnarþing hefur verið samkvæmt samþykktum þess á Íslandi og þar hefur meiri hluti stjórnarinnar verið búsettur. Á árunum 1917—1934 hefur Reykjavík verið talin heimili félagsins í samþykktum þess. Í samræmi við þetta hefur starfsemi félagsins verið rekin frá Reykjavík, að svo miklu leyti sem hún hefur farið fram hér á landi, og þar hefur meiri hluti hinna innlendu fyrirsvarsmanna þess búið. Þrátt fyrir að téð félag hefur, eins og að framan er lýst, verið starfandi hér á landi í mörg ár og er það enn, hefur það ekki verið tilkynnt til skrásetningar á heimili

sínu eða bækistöð samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga nr. 77 frá 1921 um hlutafélög. Svo sem í hinum áfrýjaða úrskurði segir, hefur af hálfu áfrýjanda, h.f. „Titan", verið andmælt skyldu þess til að greiða útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur á þeim grundvelli, að félag þetta eigi ekki lengur heimili í Reykjavík, heldur á Þjótanda í Árnessýslu. Þessu til stuðnings er bent á, *að* ákvörðun um flutning á heimilisfangi félagsins hafi verið tekin á hluthafafundi í Oslo 23. marz 1934, *að* samþykktum félagsins hafi á hluthafafundinum verið breytt til samræmis við ákvörðun þessa og loks *að* tilkynning um þennan flutning hafi hinn 26. s. m. verið send lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumanninum í Árnessýslu. Úrlausnarefni máls þessa verður samkvæmt þessu að rannsaka, hvort ákvörðun hluthafafundarins hafi raunverulega komið til framkvæmdar. Í 14. gr. hlutafélagalaganna segir, að ef hlutafélag flytjist úr einu lögsagnarumdæmi í annað, þá skuli það skrásett í lögsagnarumdæmi því, sem það flytzt í. Nú hefur h.f. „Titan" ekki verið skrásett í Árnessýslu, og verða þessvegna ekki mótmæli þess gegn útsvarsgreiðslu í Reykjavík studd við slíka skrásetningu, en tilkynning sú, sem send var sýslumanninum í Árnessýslu hinn 26. marz 1934 um flutning félagsins í það lögsagnarumdæmi verður hvorki á neinn hátt talin áþekk skrásetningu né heldur talin geta, ein út af fyrir sig, skipt máli, þegar meta skal, hvar félagið sé útsvarsskylt. Þegar þessa er gætt, þá þykir mega fallast á þann skilning fógetans, að félagi þessu beri að greiða útsvar það, sem á það var lagt í Reykjavík 1934. Samkvæmt þessu verður að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, h.f. „Titan", greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

H. f. Titan var gert að greiða útsvar til Reykjavíkur fyrir árið 1934, kr. 660.00 auk dráttarvaxta, en með því að félagið hefir ekki fengizt til að greiða útsvarið, þá hefir bæjargjaldkerinn krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki, en gjörðarþoli hefir neitað framgangi gjörðarinnar og hafa aðiljar því lagt ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gjörðarþoli heldur því fram, að hann sé eigi útsvarsskyldur í Reykjavík vegna þess, að á hluthafafundi félagsins, sem var haldinn í Oslo þann 23. marz 1934, hafi samþykktum félagsins verið breytt þannig, að nú skyldi það ekki lengur eiga lögheimili í Reykjavík, heldur að Þjótanda í Árnessýslu, og hafi þessi ákvörðun verið tilkynnt sýslumanninum í Árnessýslu og lögreglustjóranum í Reykjavík, 26. s. m.

Gjörðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að gjörðarþoli eigi lögheimili í Reykjavík eins og fyrst var ákveðið í samþykktum þess.

Samþykkt félagsfundarins frá 24. marz 1934 skiptir hér engu máli, enda hafi þeirri samþykkt aldrei verið fullnægt.

Þá skýrði gjörðarbeiðandi frá því, að lögreglustjóraskrifstofan í Reykjavík upplýsi, að félagið sé eigi skrá-

sett firma hér í bæ samkvæmt L. nr. 77 frá 1921 um hlutafélög og samkvæmt því eigi gjörðarþoli hvergi lögheimili hér á landi, en falli undir B-lið 6. gr. útsvarslaganna nr. 46 frá 1926, hvað útsvarsskylduna snertir.

Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn, er sýni það, að hér sé um útlent félag að ræða, hinsvegar verður að telja það fyllilega sannað, að félagið sé íslenzkt og hafi frá upphafi átt heimilis- og varnarþing í Reykjavík, enda hefir áður verið lagt á það útsvar hér sem heimilisfast félag. Umboðsmaður þess hefir ennfremur gefið skýringu á því, hversvegna félagið hefir aldrei verið skrásett hér, en á það hafa ekki verið bornar brigður, að félagið væri útsvarsskylt.

Félagið telur sig vera hlutafélag og er enn starfandi að vissu leyti. Ákvörðun félagsfundar um að flytja heimilisfang þess getur ekki ein út af fyrir sig talizt nægileg til þess, að litið verði svo á, að flutningurinn hafi farið fram. En um þetta liggur ekkert annað fyrir en áðurnefndar tilkynningar, sem lagðar hafa verið fram í afriti, og engin sönnun liggur einu sinni fyrir um það, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi fengið umrædda tilkynningu, og gegn mótmælum gjörðarbeiðanda verður það að teljast ósannað, að ráðgerð breyting á heimilisfangi gjörðarþola hafi nokkurntíma komizt í framkvæmd.

Hin framkomnu mótmæli gjörðarþola geta því ekki orðið tekin til greina.

Mánudaginn 8. febrúar 1937.

Nr. 162/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Hallgrími Guðmundssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur fyrir sölu áfengis.

Dómur lögreglurréttar Reykjavíkur 16. sept. 1936: Kærður, Hallgrímur Guðmundsson, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 1000 króna sekt til

menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði hefir með áfengissölu þeirri, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur um brot á ákvæðum 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Og með því að fallast má á forsendur dómsins, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur hvorum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hallgrímur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hallgrími Guðmundssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hverf-

isgötu 83 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33. 9. janúar 1935, og eru málavextir, samkvæmt eigin játningu kærðs, þeir, er nú skal greina:

Síðan í júnímánuði þessa árs hefir kærður fengizt við áfengissölu. Hefir hann keypt brennivín í Áfengisverzlun ríkisins og selt aftur með tveggja til þriggja króna álagningu hverja flösku. Ennfremur hefir hann stundum skipt þriggja pela flösku í tvennt og selt hálfs annars pela flöskuna fyrir kr. 4.50—5.00. Áfengið hefir kærður aðallega selt í kringum Reykjavíkur Bar og mest um helgar. Ekki hefir þó kveðið mikið að áfengissölu kærðs, og eftir hans eigin sögusögn hefir hann ekki haft nema ca. kr. 250.00 í ágóða af henni síðan hann byrjaði að selja í júní síðastliðinn. Kærður er þurfalingur Reykjavíkurbæjar og heilsuveill. Kveðst hann hafa fengizt við áfengissölu þessa sökum mikilla fjárkaupsvandræða (sic).

Hann hefir áður sætt refsingum sem hér segir: Þann 25. marz 1933 dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 1000 króna sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir bruggun og sölu áfengis. Þann 27. maí 1933 dæmdur í sama rétti í 1500 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir sama brot, og var sá dómur staðfestur í hæstarétti 25. október sama ár.

Þann 7. apríl 1934 dæmdur í sama rétti í 3000 króna sekt og þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir sama brot.

Þykir refsing kærða fyrir framangreinda áfengissölu og með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1937.

Nr. 153/1936. **Valdstjórnin**

gegn

Jóni Einarssyni, Árna Júlíusi Jónssyni, Páli Friðvin Jóhannssyni, Þórði Ingþórssyni, Þorsteini Jóhannessyni og Sölva Elíassyni

Úrskurður hæstaréttar.

Fyrir hæstarétti er fram komið í máli þessu bréf borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 2. okt. 1931, þar sem segir, að bæjarstjórnin hafi samþykkt að leigja bifreiðastöðinni Heklu eitt bílstæði í Lækjargötu fyrir framan afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar fyrst um sinn fyrir 25 króna mánaðarleigu. Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt að skylda héraðsdómarann til þess að láta fram fara framhaldsrannsókn um það, hvort bifreiðastöðin Hekla hafi þann 1. apríl f. á. enn haft bílstæði þetta til afnota, og ef svo reynist, hvort einhver þeirra bifreiða, sem hinir kærðu stýrðu þá (R. E. 333, 782, 820, 830, 898 og 990), hafi þá á því bílstæði verið, og ef því er að skipta, þá hver.

Einnig ber héraðsdómaranum að afla upplýsinga um það, hvort áðurnefndar bifreiðar hafi fyrrnefndan dag staðið á Lækjargötunni eftir skipun eða annars með vitund og vilja fyrirsvarsmanns bifreiðastöðvarinnar Heklu.

Þá verður og að skylda héraðsdómarann til að afla upplýsinga um það, hvort hinir kærðu Þorsteinn Jóhannesson, eigandi bifreiðarinnar R. E. 898, Páll Friðvin Jóhannsson, eigandi bifreiðarinnar R. E. 782, og Sölvi Eliasson, eigandi bifreiðar-

innar R. E.990, hafi haft heimild til að láta bifreiðir þessar standa í porti h.f Shell á leigulóð þess bak við húsið við Lækjargötu 4, svo og, hversu mörg bílstæði bifreiðastöðin Hekla hafi í nefndu porti.

Auk þessa ber héraðsdómaranum að afla upplýsingu um öll þau atriði, er framhaldsskýrslur í málinu kunna að veita tilefni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að framkvæma framhaldsrannsókn um öll framantalin atriði svo fljótt sem unnt er.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1937.

Nr. 156/1936. **Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps f. h. hreppsins** (Pétur Magnússon)
gegn
Guðjóni Jónssyni (Garðar Þorsteinsson).

A bjó í hreppnum X, en átti jörð í hreppnum Y. Hann talinn útsvarsskyldur í hreppnum Y af hlunnindum af jörð sinni, sem nytjuð voru á hans ábyrgð og áhættu.

Úrskurður fógetaréttar Strandasýslu 31. júlí 1936: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ekki fram fara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir fengið gjafsókn hér fyrir rétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður verði úr gildi felld-

ur og lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af hálfu stefnda hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt lögtaksbeiðni áfrýjanda, dags. 24. júní 1936, og framlögðum útsvarsseðlum fyrir fógetaréttinum, dags. 13. maí 1935 og 29. apríl 1936, er lögtaks krafizt á útsvörum stefnds til Kaldrananeshrepps, sem á hann hafa verið lögð árið 1935 og 1936, 70 krónur hvort ár, miðað við afnot hans af ½ jörðinni Eyjum í Kaldrananeshreppi árin 1934 og 1935. Hófst lögtaksgerð að heimili stefnda í Hólmavík hinn 24. júní 1936, en sökum framkominna mótmæla af hálfu stefnda, var málið tekið til úrskurðar og úrskurður kveðinn upp í fógetarétti Strandasýslu hinn 31. júlí 1936, en með honum var synjað um framgang lögtaksgerðarinnar. Engum mótmælum hefir verið hreyft af hálfu stefnda, hvorki í héraði né hér fyrir rétti, á þeim grundvelli, að útsvar það, sem á var lagt 1936, hafi ekki verið gjaldkræft, er lögtak hófst, og þykir því dómur mega ganga um útsvar beggja áranna, sem í máli þessu greinir.

Stefndi, sem er búsettur í Hólmavík í Hrófbergshreppi, hefir með byggingarbréfi, dags. 16. febr. 1929, byggt nafngreindum manni eignarjörð sína ½ Eyjar í Kaldrananeshreppi. Samkvæmt byggingarbréfinu er „afgjald jarðarinnar“ m. a. í því fólgið, að leiguliði skal „skila landsdrottni öllum æðardún velverkuðum sem verzlunarvöru“ og „skila landsdrottni öllum selskinnum velverkuð-

um". Þar eð stefndi hefir þannig áskilið sér allar eftirtekjur nefndra hlunninda jarðarinnar, en ekki tiltekið magn þeirra árlega, þykir verða að fallast á þá skoðun áfrýjanda, að hlunnindi þessi séu undanskilin í leigusamningnum, og að stefndi nytji jörðina sjálfur að því, er þau varðar. Samkvæmt byggingarbréfinu eru hlunnindi þessi nytjuð algerlega á ábyrgð og áhættu stefnda, og getur það ekki skipt máli í þessu sambandi, þótt leiguliði fái jarðarafnot að öðru leyti sem endurgjald fyrir vinnu við nýtingu nefndra hlunninda í þágu stefnda. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að áfrýjanda hafi verið heimilt að leggja útsvar á stefnda umrædd ár vegna nefndra jarðarafnota. Hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð ber því að fella úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 krónur, og skiftist þannig, að 50 krónur renni í ríkissjóð, en 150 krónur til áfrýjanda.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi felldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, Guðjón Jónsson, greiði í málskostnað fyrir hæstarétti 200 krónur, þar af ríkissjóði kr. 50.00 og áfrýjanda, hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fyrir hönd hreppsins, kr. 150.00, að viðlagðri aðför að lögum .

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Málavextir eru í stytztu máli þessir: Að fyrst árið 1932 og öll ár síðan lagði hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kr. 70.00 útsvar hvert ár á Guðjón Jónsson, trésmíðameistara á Hólmavík, sem þá er viðurkennt um, að hafi átt heimili á Hólmavík í Hrófbergshreppi allan þennan tíma, og jafnvel mörg ár þar áður; enda byggir hreppsnefndin útsvarsálagningu sína ekki á heimilisfestu Guðjóns, heldur á jarðarafnotum þeim, sem hann hafi haft á eignarjörð sinni ½ „Eyjum" í Kaldrananeshreppi, þó ekki hafi hann verið heimilisfastur eða haft ábúð á jörðinni, og vísar hreppsnefndin enn um heimildir sínar til *8. gr. b. laga nr. 46 15. júní 1926* og heimtar nú lögtak á þeim útsvarsupphæðum, sem enn halda lögtaksrétti, sem eru útsvörin álögð 1934 og 1935 kr. 70.00 hvort árið, samtals kr. 140.00.

Sérstaka áherzlu leggur hreppsnefnd Kaldrananeshrepps máli sínu til stuðnings á það atriði, að Guðjón hafi borgað leiguliða sínum undanfarin vor, ekki nánar tiltekið hve mörg, kr. 40.00 upp í dúnhreinsun og ⅓ af selsmötu sbr. réttarskjal nr. 8 (og réttarskjal nr. 6 frá ⅖ 1933) fyrir að stunda selveiðina.

En jarðarafnot Guðjóns eru að dómi hreppsnefndarinnar í því fólgin, að hann tekur allan dún, öll selskinn og allan viðarreka fyrir ofan álnarkefli og 12 kindaföður af leiguliða sínum upp í afgjaldið. Útsvör þessi neitar Guðjón harðlega að greiða, af því að hann sé ekki búsettur í Kaldrananeshreppi og hafi engin leiguliðaafnot af eignarjörð sinni þar í hreppi, heldur taki af henni einungis eftirgjald, þó ekki sé það greitt í peningum.

Og hvað þessa kr. 40.00 þóknun snertir, þá sé þar bara að ræða um ívilnun frá sinni hálfu til leiguliða, eins og réttarskjal nr. 6 (réttarskj: nr. 4 frá ⅖ 1933) beri greinilega með sér, sem hafi að geyma alla samninga milli sín og leiguliða.

Enn tekur Guðjón Jónsson fram, að hann viti ekki betur en að þessi leigumáli sé og hafi verið algengur á hlunnindajörðum hér á landi og hefði engum dottið í hug að álíta, að eigandinn hefði þar fyrir leiguliðaafnot af jörðinni.

Þegar skera skal úr þessum ágreiningi, virðist rétt að taka það fram, að jafnvel eftir löggjöf þeirri, sem gilti á

undan núgildandi útsvarslögum, þurfti einhver athöfn eða iðja að fara fram af hálfu hins útsvarsskylda í því hreppsfélagi, sem hann skyldi útsvarsskyldur í, og var þó ekki eins skýrt og nú tekið fram um það *princip*, að einungis skyldi leggja á gjaldþegn, þar sem hann hefði heimilisfang, og virðist ekki síður ástæða til að heimta þessa iðju eða athöfn eftir gildandi löggjöf sem grundvöll fyrir útsvarálagningu.

Það verður ekki séð, að Guðjón hafi lagt fram neina slíka iðju eða athöfn í Kaldrananeshreppi umgetin útsvarsár, og þessi kr. 40.00 þóknun, sem hann galt ábúandanum fyrir dúnhreinsunina, virðist ekki heldur geta stoðað málstað hreppsnefndarinnar; því hann hefði eins getað tekið dúninn óhreinsaðan og látið hreinsa hann á heimilisfangi sínu á Hólmavík. Sú athöfn alls ekki bundin við það, að hún fari fram á „Eyjum".

Enn verður dómarinn að fallast á það, að það hafi verið alsiða, að hlunnindajarðir séu leigðar með skilyrðum þeim, sem réttarskjal nr. 6 (réttarskjal nr. 4 frá ⅗ 1933) — sem ekki er véfengt frekar en tekið hefir verið fram — getur um, án þess að leiguliðaafnot hefðu þar með verið talin vera höfð af landinu af hálfu leigusala.

Vegna skýrleikans skal tekið fram, að réttarskjal nr. 8 (nr. 6 frá ⅗ 1933) virðist fela í sér takmörkun á rétti leiguliða frá því, sem var í framlögðu byggingarbréfi, réttarskjal nr. 6 (nr. 4 frá ⅗ 1933) 4. gr. lið b.

Eftir því bréfi átti leiguliði að hafa alla selsmötuna fyrir stundun selveiðinnar.

En þetta atriði hefir þó enga þýðingu fyrir úrslit málsins, eins og hér er á það litið.

Það verður því að vera niðurstaðan, að hreppsnefnd Kaldrananeshrepps hafi skort heimild til að leggja umgetið úrsvar, kr. 70.00, á Guðjón Jónsson árið 1932, og ber því að neita um framkvæmd á hinu umbeðna lögtaki.

Föstudaginn 12. febrúar 1937.

Nr. 114/1936. **Sturla Jónsson** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Hrefnu Sigurgeirsdóttur

(Stefán Jóh. Stefánsson)

Synjað um endurheimtu okurvaxta, sem greiddir voru, meðan tsk. 27. maí 1859 og lög nr. 10 frá 1890 voru í gildi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1936: Stefndur, Sturla Jónsson, greiði stefnöndu, Hrefnu Sigurgeirsdóttur, kr. 12276.99 með 5% ársvöxtum frá 13. marz 1936 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefir novaleyfi, hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 11. ágúst f. á. og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og hann sýknaður af kröfu stefndu. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir fyrst og fremst fært það fram til stuðnings sýknukröfu sinni, að í máli þessu sé ekki um að tefla lán af hans hendi til stefndu, heldur hafi hann gerzt kaupandi að veðskuldabréfum, sem hún hafi gefið út og ganga hafi átt kaupum og sölum. Telur hann, að sér hafi verið að lögum jafn heimilt að kaupa veðskuldabréf þessi með afföllum eins og hver önnur verðbréf, t. d. veðdeildar-

bréf. Ennfremur bendir hann á, að húseignir þær, sem settar voru að veði með téðum skuldabréfum, hafi verið þá, er hann keypti bréfin, í smíðum, og að trygging sú, sem bréfin veittu, hafi átt að víkja fyrir veðdeildarlánum, svo háum sem frekast yrðu fengin út á húseignirnar. Hafi af þessum ástæðum verið mikil áhætta því samfara að kaupa téð veðskuldabréf og þessvegna skiljanlegt og eðlilegt, að hvorki hann né aðrir vildu kaupa þau nema með afföllum. Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, sneri Jón Arinbjörnsson, maður stefndu, sér til áfrýjanda með veðskuldabréfin og fór þess á leit við hann að fá peninga út á þau. Áfrýjandi hefir viðurkennt, að sér hafi verið kunnugt um, að Jón var milligöngumaður, en að peningarnir runnu til stefndu, sem notaði þá til húsbygginga. Að þessu athuguðu verður að telja, að um lánveitingu hafi verið að ræða af hendi áfrýjanda til stefndu.

Samkvæmt því, sem áfrýjandi hefir ómótmælt haldið fram hér fyrir dómi, gerðu aðiljar upp viðskipti sín, þau er mál þetta er risið útaf, hinn 15. apríl 1932. Er talið, að stefnda hafi þá látið húseignina nr. 54 við Bergstaðastræti ganga til áfrýjanda upp í viðskiptin, þannig, að áfrýjandi tók að sér að greiða veðdeildarlán þau, sem hvíldu á húseign þessari, kvittaði eftirstöðvar skulda stefndu við hann og greiddi stefndu kr. 7240.66 í peningum. Við þessi skuldaskil var áminnzt húseign reiknuð áfrýjanda á kr. 66439.12. Áfrýjandi bendir nú á, að fasteignamat húseignar þessarar sé kr. 38200.00, og hafi hann þess vegna tekið húseignina upp í viðskiptin fyrir allt of hátt verð, en af þessu leiði hinsvegar, að hann hafi ekki raunverulega

fengið nærri því eins háa vexti af lánum þeim, er hann veitti stefndu, eins og í peningum hefði greitt verið. Gegn mótmælum stefndu verður ekki talið, að áfrýjanda hafi tekizt að sanna þetta, enda hefir hann í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 8. júlí 1935 viðurkennt, að hann hafi fengið skuldir þær, er greinir í veðskuldabréfunum, greiddar að fullu hjá stefndu.

Hinn 15. apríl 1932, eða á þeim tíma, er viðskiptum þeim lauk, sem mál þetta er risið útaf, voru þá gildandi ákvæði íslenzks réttar um okur að finna í tsk. 27. maí 1859 og lögm nr. 10 frá 1890. Lagaboð þessi kváðu svo á, að óheimilt væri að taka hærri vexti en 6% af lánum, sem tryggð væru með veði í fasteign. Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, hefir stefnda greitt áfrýjanda hærri vexti af skuldum sínum við hann en honum var heimilt að taka samkvæmt áminnztum lagaboðum. Verður eftir málfærslunni að ganga út frá því, að fjárhæð sú, sem hér er um að ræða, nemi alls kr. 12276.99. Kemur þá til álita, hvort stefnda geti endurheimt téða fjárhæð hjá áfrýjanda. Nú hefir umboðsmaður áfrýjanda að vísu ekki borið fram varnir fyrir áfrýjanda á þessum grundvelli, en með því að téður umboðsmaður hefir mótmælt því, að krafa stefndu hefði við lög að styðjast, og framkoma umboðsmannsins verður ekki túlkuð þannig, að hann hafi viljað á neinn hátt svipta umbjóðanda sinn þeim rétti, er hann hefði að lögum, þá þykir bera að leggja dóm á málið að þessu leyti, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936. Ákvæði tsk. 27. maí 1859 og laga nr. 10 frá 1890 um bann gegn því að meira en 6% vextir séu teknir af lánum, tryggðum með veði í fasteign, hafa að

geyma undantekningu frá þeirri reglu réttarskipunarinnar, að mönnum sé heimilt að skipa fjármálum sínum með samningum eftir því sem þeim þykir henta. Verður þessvegna ekki víðtækari skilningur lagður í ákvæði þessi en ótvírætt er hægt að lesa út úr orðum þeirra. Af banni lagaboða þessara leiðir, að maður, sem fengið hefir lán tryggð með veði í fasteign gegn því að undirgangast að greiða meira en 6% vexti af því, verður ekki skyldaður með dómi til að greiða meira en 6% í vexti. En ef nú skuldari kýs að greiða vexti um skyldu fram, þá brestur heimild í téðum lagaboðum til að þvinga þann, er vextina tók, til endurgreiðslu þeirra. Þau einu viðurlög, sem lagaboðin leggja við vaxtatökunni, er fjársekt til ríkissjóðs, og skal ákveða hana með hliðsjón af þeim ágóða, er tekin var. Í núgildandi lögum um okur, nr. 73 frá 1933, er kveðið svo á, að ef skuldareigandi fær greidda vexti umfram það, sem leyfilegt er, þá skuli slíkir vextir endurkræfir. Hér hefir löggjöfin breytt hinu fyrra réttarástandi með því að taka fram berum orðum, að skuldareigandi sé skyldur til endurgreiðslu, en óheimilt er að láta lög þessi verka aftur fyrir sig til atburða, sem gerðust áður en þau gengu í gildi. Er þessvegna ekki hægt að beita þeim við úrlausn máls þess, er hér liggur fyrir. Með því þannig að kröfur stefndu hvorki verða byggðar á tsk. 27. maí 1859 og lögum nr. 10 frá 1890 né heldur eru fram komnar í málinu slíkar ástæður, er veiti stefndu heimild til endurheimtunnar eftir öðrum réttarreglum, þá þykir bera að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sturla Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Hrefnu Sigurgeirsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Sératkvæði dómsforseta Þórðar Eyjólfssonar í ofangreindu máli:

Áfrýjandi hefir hér fyrir rétti krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í máli þessu og að hún verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefnda hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína hér fyrir dómi, eins og fyrir undirréttinum,á því, að af hans hálfu hafi ekki verið um lánveitingar að ræða til stefndu, heldur um kaup á verðbréfum, sem heimilt hafi verið að taka afföll af. En þar sem fyrir liggur viðurkenning áfrýjanda fyrir rétti um það, að honum hafi verið kunnugt um, að fé gekk beint til stefndu sem lán til húsbygginga, þá verða nefnd mótmæli hans ekki til greina tekin.

Það er upplýst, að áfrýjandi hefir tekið í raunverulega vexti af lánum þeim, sem um ræðir í málinu, og öll voru tryggð með fasteignarveði, frá 15% til 24% p. a. Lánsviðskiptum þessum var að fullu lokið áður en lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl., nr. 73/1933, komu í gildi, og hefir áfrýjandi því, með umgetinni vaxtatöku, yfir 6%, brotið ákvæði

tilsk. frá 27. maí 1859, 1. gr., sbr. lög nr. 10/1890. Hefir því ekki verið hnekkt hér fyrir rétti, að hin ólögmæta vaxtataka áfrýjanda, sem um ræðir í máli þessu, hafi numið þeirri upphæð, sem áfrýjandi er dæmdur til að greiða með hinum áfrýjaða dómi.

Í tilsk. frá 27. maí 1859 er að vísu ekki sagt berum orðum, eins og nú í 6. gr. nefndra laga nr. 73/1933, að samningar um hærri vexti en lögleyfðir eru séu ógildir, og hafi slíkt verið greitt, beri skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft, en þetta sýnist leiða samkvæmt eðli málsins af ákvæðum tilskipunarinnar. Tilgangur ákvæðanna er að vernda eigendur fasteigna fyrir því að þurfa að sæta okurkjörum á lánum, sem tryggð eru með veði í fasteignunum, en af því virðist leiða, að fé það, sem lánveitandinn hefir tekið með refsiverðu atferli af lántaka, sé afturkræft. Þar sem leggja verður slíkan skilning í nefnd ákvæði, kemur ekki til álita, hvort áfrýjandi hafi með málflutningi sínum fyrirgert rétti til þess, að annar skilningur verði í ákvæðin lagður.

Samkvæmt framansögðu, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefndu 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Sturla Jónsson, greiði stefndu, Hrefnu Sigurgeirsdóttur, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1936 af frú Hrefnu Sigurgeirsdóttur, Laugaveg 68 hér í bæ, gegn Sturlu Jónssyni, kaupmanni, Laufásveg 51 hér í bæ, til greiðslu kr. 16681.66 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í rekstri málsins hefir stefnandi lækkað kröfu sína niður í kr. 15142.95 og krefst 6% ársvaxta af þeirri upphæð og málskostnaðar.

Stefndur krefst sýknu, málskostnaðar og þess, að stefnandi verði sektuð fyrir óþarfa málsýfingu.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1928—1930 veitti stefndur stefnöndu nokkur lán fyrir milligöngu eiginmanns hennar, Jóns Arinbjörnssonar. Voru lánin öll tryggð með veði í fasteignum, og tók stefndur 6% í ársvexti af þeim, en auk vaxtanna tók hann ýmist 10 eða 20% afföll af lánunum. Með kæru dags. 14. júní 1935 kærði stefnanda stefndan fyrir okur, og fór fram lögregluréttarrannsókn út af kærunni. Í lögregluréttarrannsóknninni gerði stefnanda kröfu til þess að fá að koma fram skaðabótakröfu gegn stefndum, ef opinbert mál yrði höfðað gegn honum, en með bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 13. marz 1936, féll hún frá þeirri kröfu sinni, en hefir nú höfðað mál þetta gegn stefndum til greiðslu ólöglega tekinna affalla og vaxta af þeim.

Í lögregluréttarrannsókninni hefir stefndur játað, að hann hafi alltaf vitað, er hann samdi við Jón um lánveitingarnar, að sá raunverulegi lántaki hafi verið stefnanda og að peningarnir hafi átt að ganga beint til hennar, en Jón hafi aðeins verið milligöngumaður. Bréfin voru öll gefin út af stefnöndu og öll tryggð með veði í fasteignum.

Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að sér hafi verið þetta heimilt. Þegar skiptin hafi farið fram, hafi engin gild ákvæði verið til, er bönnuðu að taka afföll, þegar eins stóð á og hér, heldur hafi eingöngu verið bannað að taka hærri vexti en 6% p. a. Skuldabréfin beri með sér,

að hærri vextir hafi ekki verið teknir. Afföllin hafi sér hinsvegar verið heimilt að taka og beri því að sýkna sig í máli þessu.

Rétturinn telur þó, að ákvæði þau, er giltu um leiguburð af peningum á þeim tíma, er lánin voru veitt, hafi skilyrðislaust bannað að taka hærri leigu af peningum, þegar fasteignir voru veðsettar fyrir lánsupphæðinni, en 6% ársvexti og að ekki skipti máli, hvort leiga sú, sem þar var fram yfir, var kölluð vextir eða afföll. Samkvæmt þessu telur rétturinn afföllin af lánunum ólöglega tekin og ber því að taka kröfu stefnöndu til greina og dæma stefndan til að endurgreiða henni afföllin ásamt vöxtum og verður nú athugað, hve há sú upphæð eigi að vera.

Sú upphæð, sem stefndum raunverulega ber að endurgreiða stefnöndu, eru afföllin ásamt 6% ársvöxtum af þeim, eins og þau hafa verið á hverjum tíma, sem vextir hafa verið teknir af þeim, unz lánin eru að fullu greidd. Flutningi málsins er þó svo mjög ábótavant, að ekki er unnt að sjá um öll lánin, hvenær þau eru raunverulega greidd upp, en hinsvegar ber aðiljum saman um, að lánin séu öll greidd að fullu. Þegar svo stendur á, að ekki sést, hvenær lánin eru greidd upp, eru þau talin greidd upp á þeim degi, sem bréfin gerðu ráð fyrir, enda má telja víst eftir því, sem fram hefir komið í málinu, að ekkert lán hefir verið greitt upp fyrir þann dag. Þar sem svo stendur á, að afföllin hafa ekki verið tekin öll í einu af sama láninu, hefir verið stuðzt við útdrátt úr sjóðbók stefnds, sem skráður er í lögregluréttarprófunum og afföllin talin tekin þann dag, er þar greinir. Rétturinn hefir hlutazt til um, að löggiltur endurskoðandi reiknaði út afföll og vexti eftir þeim reglum, er nú var lýst, og þeim gögnum, sem fyrir liggja, og fer hér á eftir útreikningur hans á afföllum og vöxtum, er stefndum ber samkvæmt framanskráðu að endurgreiða. Lánin eru fjögur og er hvert þeirra tekið fyrir sig hér á eftir.

1. lán. Skuldabréf að upphæð kr. 30.000.00 gefið út 10. ág. 1928. Lánsupphæðin á að endurgreiðast með 450.00 kr. mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta sinn 10. febrúar 1929 og síðast kr. 450.00 10. júlí 1933. Þá eru taldar eftir kr. 5700.00, sem greiðast 10. ágúst 1933, og er gengið út frá því, að vextir séu greiddir til þess dags. Upphæð

bréfsins er útborguð í tvennu lagi: 11. ágúst 1928 er útborgað nafnverð kr. 20.000.00 með kr. 16.000.00 og 21. sept. 1928 er útborgað nafnverð kr. 10.000.00 með kr. 8.000.00 og eru afföll því samtals kr. 6.000.00. Nema því afföll ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af affallauphæðinni, eins og hún er á hverjum tíma af láni þessu til 10. ág. 1933, samtals kr. 7564.09.

2. *lán.* Víxill að upphæð kr. 12.000.00 með gjalddaga 30. sept. 1929, keyptur 2. júlí 1929 fyrir kr. 11.400.00. Lán þetta stendur óbreytt í 6 mánuði og eru þá tekin af því viðbótarafföll kr. 600.00. Þá er það framlagt (sic) á ný, en ekki unnt að sjá til hvað langs tíma. Afföll af þessu láni eru því kr. 1200.00. Vexti verður að reikna stefnöndu af helmingi affallanna (600.00 kr.) í 6 mánuði og verða því afföll og vextir af afföllum af þessu láni kr. 1218.00.

3. *lán.* Lánsupphæð var kr. 7000.00 og skyldi greiðast á 5 árum með jöfnum afborgunum 30.sept. og 30. marz ár hvert og átti síðasta afborgun að fara fram 30. marz 1935. Lán þetta er veitt 31. marz 1930 og útborgað með kr. 5600.00 og eru afföll af því kr. 1400.00. Nema því afföll ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af afföllum af láni þessu til 30. marz 1935 kr. 1874.70.

4. *lán.* Handhafaskuldabréf að upphæð kr. 16000.00 með gjalddaga 18. jan. 1931. Lán þetta er veitt í fimm hlutum. Afföllin eru talin 5% og eru aðeins talin við fyrstu greiðsluna, en afföllin við 4 síðari hlutana hafa verið reiknuð út eftir sama hlutfalli og við fyrstu greiðsluna:

18. júlí 1930 eru kr. 6000.00 greiddar með kr. 5700.00 mism. kr. 300.00.

30. júlí 1930 eru kr. 2631.58 greiddar með kr.2500.00 mism. kr. 131.58.

15. ágúst 1930 eru kr. 2105.26 greiddar með kr. 2000.00 mism. kr. 105.26.

1. sept. 1930 eru 2105.26 greiddar með kr. 2000.00 mism. kr. 105.26.

16. okt. 1930 eru kr. 3157.90 greiddar með kr. 3000.00 mism. kr. 157.90.

eru afföll því samtals tekin við lánveitingu kr. 800.00. Vextir af þeim frá því að affallsupphæðirnar, sem nú voru greindar hver um sig, voru teknar til 18. jan. 1931 eru kr. 20.20. 18. jan. 1931 hefir lánið verið framlengt, en ekki

sést til hve langs tíma, svo að ekki er unnt að reikna vexti af afföllunum til lengri tíma en nú var gert. Við þessa framlengingu hafa afföllin verið hækkuð um kr. 800.00, og nema afföll og vextir af afföllum af þessu láni því samtals til 18. jan. 1931 kr. 1620.20.

Skv. framanskráðu nema því afföll þau og vextir af þeim, sem rétturinn telur stefndum, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, bera að endurgreiða stefnöndu, samtals kr. 12276.99. Í vöxtu af þeirri upphæð ber stefndum að greiða stefnöndu 5% p. a. frá sáttakærudegi, 13. marz 1936. Einnig ber að dæma stefndan til að greiða stefnöndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Mánudaginn 15. febrúar 1937.

Nr. 40/1935. **Aðalbjörn Pétursson**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Guðmundi Hannessyni
(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 24. okt. 1934: Stefndur, Aðalbjörn Pétursson, gullsmiður Siglufirði, greiði 350 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi er greidd fyrir lok aðfararfrests.

Stefndur greiði og 20 króna sekt, 10 krónur í ríkissjóð og 10 krónur í fátækrasjóð Siglufjarðar, fyrir ósæmilegan ritháttt, og séu hin átöldu ummæli dauð og ómerk.

Málskostnað greiði stefndur stefnanda með 200 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt sýknu af kröfum stefnda í máli þessu, en til vara, að sektin verði lækkuð.

Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því sem upplýst er í málinu, kom skarlatssótt upp nálægt 10. sept. 1932 á bænum Hóli innan kaupstaðarumdæmis Siglufjarðar. Er bærinn skammt fyrir utan sjálfan kaupstaðinn, og rekur bæjarfélagið þar kúabú. Þann 12. sept. 1932 hélt heilbrigðisnefnd kaupstaðarins, sem skipuð var stefnda, bæjarfógetanum á Siglufirði, sem formanni, héraðslækni og öðrum lækni, fund út af því máli, og var þar samþykkt að fá hjúkrunarkonu að Hóli til að annast sjúklingana og sjá um, að einangrun þeirra yrði í lagi, og virðist héraðslækni hafa verið falið að útvega hana. Daginn eftir fékk stefndi vitneskju um það hjá ráðsmanninum á Hóli, að hjúkrunarkona sú, er ráðgert var að fá, væri ófús á að fara þangað, en þó gefið í skyn, að aðrar mundu vera fáanlegar. Kveðst stefndi nú, samkvæmt nýjum upplýsingum, er fram hafa komið í málinu, hafa treyst því, að héraðslæknir mundi útvega hjúkrunarkonuna, og lét það atriði svo ekki frekar til sín taka. En svo leið tíminn til 21. s. m., að engin hjúkrunarkona var fengin og engar þær aðgerðir viðhafðar, er kalla mætti sóttvarnarráðstafanir, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 21/1907, er þá voru í gildi. Var og þenna tíma daglega flutt mjólk frá hinu sýkta heimili til bæjarins eftirlitslaust til neyzlu almennings. Þann 21. sept. 1932 hélt heilbrigðisnefndin aftur fund. Var þá ákveðið að fá annað fólk til að hirða kýrnar og ennfremur, eftir því,

sem fram hefir komið í nýjum upplýsingum í máli þessu fyrir hæstarétti, að heimilisfólkið á Hóli skyldi vera í strangri sóttkví, að sjóða skyldi alla mjólk frá Hóli áður en hún væri seld, að sótthreinsa skyldi öll áhöld, sem notuð hefðu verið undir mjólk þaðan eða til mælinga hennar, og loks, að skoða skyldi kýrnar eftir 4—5 daga og taka þær frá, sem sár kynnu að hafa á spenum og þess háttar. Ennfremur bauð héraðslæknir í símskeyti til stefnda 21. s. m., að hella skyldi niður allri mjólk frá Hóli, en stefndi taldi ekki gerlegt að taka þá skipun til greina, enda endurnýjaði héraðslæknir hana ekki. Mjólkin var nú flutt ósoðin frá bænum á sölustaðinn, en mjólkursölukonunni var falið að sjóða hana. Eftirlit með framkvæmd þessa verks virðist þó ekki hafa verið ríkt, enda er það upplýst, að mjólkursölukonan sjálf og annar neytandi tóku við henni ósoðinni til sinna þarfa.

Veikin gerðist allmögnuð, og er talið að 90—100 manns hafi tekið hana, þar á meðal áfrýjandi, og nokkrir létust úr henni. Er svo að sjá sem allmikil óánægja hafi risið upp í bænum, aðallega gagnvart héraðslækni og stefnda, enda virðast margir hafa litið svo á, að aðgerðir þeirra til að stemma stigu fyrir veikinni hafi verið slælegri en skylt hefði verið, enda tóku þeir nú að bera sakir hvor á annan í blöðum bæjarins út af framkomu hvors um sig í málinu og jafnframt að bera sakir hvor af sjálfum sér.

Þann 13. des. 1932 flutti blaðið „Verkamaðurinn“, sem út var gefið á Akureyri, grein þá, sem valdið hefir þessu máli. Er þar nokkuð skýrt frá gangi veikinnar á Siglufirði og aðgerðum stefnda

og samstarfsmanna hans í heilbrigðisnefnd vegna sóttarinnar, og hefir grein þessi að geyma ummæli þau, sem stefnt er fyrir í máli þessu og rakin eru í hinum áfrýjaða dómi. Með stefnu, útgefinni 26. júní 1934 og birtri 29. s. m., höfðaði stefndi mál þetta í héraði, en áfrýjandi taldi þá sök fyrnda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, og mótmælti stefndi þá þeirri varnarástæðu. Hér fyrir dómi hefir stefndi fyllyrt, að honum hafi ekki orðið kunnugt um grein þessa, eða innihald hennar fyrr en 25. jan. 1934, og hafi sök út af henni því ekki verið fyrnd, þegar mál þetta var höfðað. Með því að ekki er sannað, að stefnda hafi fyrr orðið kunnugt um greinina en hann sjálfur hefir fullyrt, verður sýknukrafa áfrýjanda sakir fyrningar sakarinnar ekki tekin til greina. Þótt afskipti stefnda af sóttvarnarmálinu vegna skarlatssóttarinnar á Siglufirði haustið 1932 verði ekki talin óaðfinnanleg, þá verða þau þó ekki talin réttlæta illmæli þau og áburð, sem í áðurnefndri grein, sem áfrýjandi ber ábyrgð á, felast. Og varða ummælin við 217. sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, 350 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það þykir mega fella niður sekt þá, sem áfrýjanda er á hendur dæmd í hinum áfrýjaða dómi fyrir þargreind ummæli í varnarskjali hans, en rétt þykir að ómerkja téð ummæli.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í

héraði og fyrir hæstarétti, er samtals ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Aðalbjörn Pétursson, greiði 350 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framannefnd ummæli í varnarskjali áfrýjanda skulu vera dauð og ómerk.

Áfrýjandi greiði stefnda, Guðmundi Hannessyni, samtals 300 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 26/6. þ. árs að undangenginni árangurslausri sáttatilraun 6/6. þ. árs krefst stefnandinn, Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti, að stefndur, Aðalbjörn Pétursson, verði dæmdur til refsingar fyrir ummæli í 55. tölubl. XV. árg. blaðsins „Verkamaðurinn", útgefnu á Akureyri, undir yfirskriftinni „Embættissvikararnir á Siglufirði", er stefndur síðar hafi endurtekið á opinberum bæjarstjórnarfundi 28/5. s. l. og sem hann telur freklega meiðandi fyrir sig, og þó sérstaklega vegna þess, að þar sé ráðist á embættisæru sína. Eru hin átöldu ummæli þessi: „Í þessari grein kallaði ég þá héraðslæknirinn og bæjarfógetann embættissvikara útaf framkomu þeirra sem heilbrigðisvarða bæjarbúa". „Orsakir þess, að fógeti hættir við þessa málssókn, geta ekki verið aðrar en: Í fyrsta lagi, að þorri bæjarbúa hafði þegar dæmt heilsuverði sína sem örgustu embættissvikara. Í öðru lagi, að fógeta hafi verið kunnugt um þennan dóm og þetta álit almennings. Í þriðja lagi hefir hann álitið, að máls-

staður sinn myndi versna en ekki batna með málshöfðun á hendur mér". — „Hefði fógeti metið meira öryggi um líf og heilsu bæjarbúa heldur en nokkur hundruð krónur úr bæjarsjóði", „fógeti er höfundur káksins. Hann er brautryðjandi embættissvikaranna, innan heilbrigðisnefndarinnar, sem nú hafa kostað fimm manns lífið". — „Ég læt útrætt um embættissvikarana ..... enda munu nú svik þeirra viðurkennd af flestum". — „er það óhrakið, sem ég sagði í hinni fyrri grein minni „Lífverðir Siglfirðinga" um héraðslækni og fógeta, nema hvað glæpir þeirra eru orðnir miklu örlagaríkari en þeir voru þá". „Ef afbrotamennirnir hefðu nokkurn snefil af sómatilfinningu eða virðingu fyrir lífi og heilsu bæjarbúa, þá myndu þeir bæta vigin með því að segja af sér embættunum og skammast sín í kyrþey". „Baráttan móti hagsmunamálum verkalýðsins og öllum, sem tryggir líf og velferð alþýðunnar — fjöldans, er orðin þessum embættisbandittum borgaranna svo sjálfsögð stéttarskylda" .... „þessir þorparar".

Svo og krefst stefnandi, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í máli þessu að skaðlausu skv. reikningi, til vara eftir mati réttarins, og hefir í flutningi málsins gjört kröfu um 200 krónur tildæmdar í málskostnað.

Stefndur krefst sýknu og telur sökina fyrnda, en telur hinsvegar umstefnd ummæli á rökum byggð og mótmælir eigi því, að hafa haft þau um stefnanda.

Hin umstefndu ummæli verður að telja mjög meiðandi fyrir stefnanda og refsiverð skv. 217—219. gr. alm. hegningarlaganna, og þar sem stefndur hefir eigi réttlætt þau undir flutningi málsins og eigi mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að hafa endurtekið umstefnd ummæli á téðum bæjarstjórnarfundi 28. maí s. l., svo eigi verður sökin talin fyrnd, þá þykir rétt að ákveða refsinguna, er stefndur hefir til unnið, 350 kr. í sekt til ríkissjóðs, til vara 30 daga einfalt fangelsi, verði sektin eigi greidd fyrir lok aðfararfrests.

Skv. kröfu stefnanda verður og að dæma dauð og ómerk orðin í vörn stefnds í rskj. 11 „þessi svik undan störfum" að því er þau eiga við stefnanda, þar sem telja verður þau

meiðandi fyrir hann, og skal stefndur greiða 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 10 kr. í ríkissjóð og 10 kr. í fátækrasjóð Siglufjarðar.

Svo og greiði stefndur stefnanda 200 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1937.

Nr. 129/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Georg Lárusi Gíslasyni
(Eggert Claessen).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 20 maí 1936:
Kærður, Georg Gíslason, greiði 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 4 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns í málinu, Björns P. Kalman, hrm., 150 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það sannað, að dagana 6. og 7. október 1935 fékk kærði 3 dulmálsloftskeyti frá brezka togaranum „Vinur", með fyrirspurnum um danska varðskipið „Hvidbjörnen", sem þá var statt í Vestmannaeyjum. Svaraði kærði fyrirspurnum þessum um hæl með 3 dulmálsskeytum og gaf þær upplýsingar um varðskipið, sem hann gat í té látið. Þar eð kærði gat ekki gengið þess dulinn, að nefndra upplýsinga væri óskað í sambandi við landhelgigæzlu varðskipsins, þá hefir hann, með

því að gefa framangreindar upplýsingar, brotið ákvæði 4. gr. laga nr. 5/1920. Önnur brot gegn þeim lögum verða ekki talin sönnuð á hann í þessu máli.

Refsing kærða fyrir framannefnt brot hans þykir hæfilega ákveðin, samkvæmt nefndri 4. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924 og með tilliti til núverandi gullgengis íslenzkrar krónu, 4000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 80 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo greiði kærði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Georg Lárus Gíslason, greiði 4000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 80 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæðum hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Georg Lárusi Gíslasyni, kaupmanni, til heimilis Bakkastíg 10 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum sbr. lög nr. 4 frá 11. apríl 1924.

Málavextir eru sem hér segir:

Í janúarmánuði þ. á. var hafin rannsókn útaf dulskeytaviðskiptum kærðs við erlenda togara, þar eð grunur var um, að hann veitti togurum upplýsingar viðvíkjandi ferðum íslenzku varðskipanna og dvalarstöðum þeirra með slíkum símskeytum, og voru að undangengnum úrskurði athuguð öll dulmálsskeyti og önnur símskeyti, sem farið höfðu milli kærðs og veiðiskipa á árunum 1933—1935 (incl.) eftir því, sem til náðist. En eldri símskeyti en frá árinu 1933 voru ekki til í vörzlum landsímans, er rannsókn málsins hófst, og öll símskeyti og skrár yfir símskeyti, eldri en frá s. l. desembermánuði, höfðu þá verið send frá símstöðinni hér til aðalskrifstofu landssímans í Reykjavík og voru þau símskeyti því upphaflega athuguð í Reykjavík af mönnum, sem lögreglustjórinn í Reykjavík fékk til þess, en skeyti þau, sem send höfðu verið um loftskeytastöðina hér, voru síðar, meðan rannsókn málsins stóð yfir, send hingað og athuguð af rannsóknardómaranum í máli þessu.

Við umrædda athugun á símskeytum fannst talsvert af dulmálsskeytum, sem farið höfðu milli kærðs og skipstjórans á brezka togaranum „Vinur" frá Grimsby, Edward Little.

Kærður hefir kannazt við, að dulmálsskeytasendingar hafi átt sér stað milli hans og nefnds skipstjóra samkvæmt sérstökum einkasímlykli, (sem gerður hafi verið) fyrir allt að 10 árum, en neitaði eindregið, að hann hefði veitt skipstjóra þessum eða öðrum nokkrar upplýsingar viðvíkjandi varðskipum, nema ef komið hafi fyrir, að hann hafi eitthvað þurft að minnast á slík skip, er hann hafi beðið umræddan skipstjóra um að aðstoða vélbáta héðan á einhvern hátt. En er kærður var krafinn um símlykil þennan, hélt hann fram, að hann hefði eyðilagt hann í byrjun s. l. nóvember-mánaðar og að hann hafi því engin dulmálsskeyti sent eða getað sent til framan-

greinds togara eftir það, og fundust engin slík símskeyti frá kærðum til hans eftir það, en kærður kveðst hafa fengið eitt símskeyti frá togara þessum eftir að hann kveðst hafa eyðilagt símlykilinn, og sem hann kveðst ekki hafa getað svarað vegna þess, að símlykillinn hafi verið eyðilagður, en sem hann kveðst þó ekki hafa í sínum vörzlum, og hefir kærður jafnan við rannsókn málsins haldið því fram, að hann hafi eyðilagt símlykil þennan á framangreindum tíma, og við rannsókn á skjölum kærðs, sem fram fór við byrjun rannsóknar málsins, fannst símlykill þessi ekki. Kærður heldur fram, að hann hafi eyðilagt símlykil þennan vegna þess, að að breyttum reglum um, hve margir stafir megi vera í orði í dulmálsskeytum, hafi verið minni sparnaður en ella að notkun dulskeyta svo og vegna þess, að fisksöluviðskipti, sem áður hafa átt sér stað milli hans og E. Little, hafi þá verið hætt. Aðra dulmálslykla, sem kærður kveðst hafa notað vegna viðskipta sinna við aðra togara og togaraeigendur, afhenti kærður rannsóknardómaranum í máli þessu, en ekki reyndist unnt að þýða dulmálsskeyti þau, sem farið höfðu milli kærðs og togarans „Vinur", með þeim símlyklum.

Það reyndist því ekki unnt að svo stöddu að þýða umrædd dulskeyti, nema að nokkru leyti, en að nokkru leyti reyndist unnt að þýða þau á þann hátt, að við athugun kom í ljós, að dulmálið var að nokkru leyti fólgið í stafaskiptum, en við þær þýðingar, sem þannig tókst að gera, kom ekki í ljós, að í umræddum símskeytum fælust neinar upplýsingar viðvíkjandi varðskipum.

Þann 30. janúar s. l. tók varðskipið „Ægir" togarann „Vinur" í landhelgi, grunaðan um fiskveiðar í landhelgi, og fór með hann til Reykjavíkur, og er togarinn kom þangað, var leitað í honum að símlyklum og meðal annarra símlykla fannst við þá leit í togara þessum símlykill merktur með áritun „Georg V. E." og samkvæmt símlykli þessum tókst að þýða dulskeyti þau, sem farið höfðu milli kærðs og framangreinds togara.

Í símlykli þessum, sem lagður hefir verið fram í málinu, sem rjskj. nr. 12, eru nöfnin „Thor" „Óðinn" og „Ægir", þ. e. nöfn íslenzku varðskipanna, nema að nafn „Þórs" er með þeirri stafsetningu, sem útlendingar munu venjulega skrifa það með, og eru 5 dulnefni fyrir hvert

varðskipsnafn. Þá eru og í símlykli þessum nöfnin „Falk“ „Fylla“ og „Hvidbjörnen“ þ. e. nöfn hinna dönsku herskipa, sem hafa stundað landhelgigæzlu hér við land að öðru en því, að ekki er fullt nafn skipsins „Islands Falk“ og eru í símlyklinum dulnefni fyrir nöfn skipa þessara, 4 dulnefni fyrir „Falk“, 5 dulnefni fyrir „Fylla“ og 3 dulnefni fyrir „Hvidbjörn“. En dulnefni þau, sem þannig eru notuð fyrir framangreind varðskipsnöfn, geta einnig táknað raðtölur, samkvæmt símlyklinum.

Kærður hefir kannazt við, að símlykill þessi sé símlykill þeirra Edward Little, skipstjóra á togaranum „Vinur“, og kærðs, að minnsta kosti að nokkru leyti, en kveðst ekki geta sagt um nema að einhverju leyti kunni að vera meira eða minna í símlykli þessum en var í hans (kærðs) eintaki af símlykli þeim, sem hann notaði í viðskiptum við Little, og heldur fram, að hann muni eftir, að í hans eintaki af símlykli þessum hafi verið skrá yfir fiskiskip, sem ekki er í hinum framlagða símlykli.

Kærður hefir kannazt við, að nöfn varðskipanna hafi verið í hans eintaki af umræddum símlykli, en heldur þó fram, að hann muni ekki eftir, að nafnið „Hvidbjörn“ væri í því án þess þó að fullyrða, að það hafi ekki verið í honum.

Kærður kveðst ekki muna nákvæmlega, hvenær símlykill þessi var gerður, en kveður nokkuð mörg ár vera síðan eða allt að 10 ár og hafi Little þá verið skipstjóri á öðrum togara, sem hann hafi verið á, áður en hann varð skipstjóri á „Vinur“. Hann heldur fram, að símlykill þessi hafi upphaflega verið gerður vegna þess, að framangreindur skipstjóri hafi stundum verið beðinn um að aðstoða fiskibáta héðan frá Vestmannaeyjum, er þeir þurftu einhverrar hjálpar, og hafi hann notað símlykil þennan í símskeytaviðskiptum viðvíkjandi slíku, svo og vegna einkaviðskipta sinna við nefndan skipstjóra, sem hafi verið fólgin í því, að skipstjórinn hafi keypt fisk hér og kærður annazt þau kaup fyrir hann, svo kveðst kærður og sjálfur hafa selt honum fisk. Auk þess kveðst kærður hafa verið umboðsmaður fyrir samband brezkra togaraeigenda og vátryggjenda frá því árið 1921 og haft símskeytaviðskipti við E. Little vegna þeirrar umboðsmennsku. Hann kveðst ekki hafa haft einkasímlykil til afnota í símskeytaviðskiptum

þeim, sem hann hafði við aðra en E. Little vegna framangreinds umboðsstarfs, en kveðst þó hafa notað dulmálsskeyti í þeim viðskiptum. Hann kveður skeytin hafa getað verið styttri við notkun einkasímlykils heldur en skeyti, sem send voru samkv. símlykli þeim (eða lyklum), sem hann annars notaði almennt við skeytasendingar vegna umræddsumboðsstarfs, svo hafi Little og ekki viljað, að aðrir skipstjórar gætu skilið innihald skeyta þeirra, sem fóru milli hans og kærðs, og hafi það meðal annars verið vegna þess, að símlykill þessi var gerður. Varðskipsnöfnin heldur kærður fram, að hafi verið sett í símlykil þennan vegna þess, að komið hafi fyrir, að þurft hafi að geta þeirra, er Little var beðinn um aðstoð til handa bátum

Við rannsókn málsins hafa fundizt eftirtalin símskeyti, sem hafa verið þýdd, skv. framangreindum símlykli, sem hér segir.

Skv. því sem maður, sem athugaði dulmálsskeyti í Reykjavík að tilhlutun lögreglustjórans þar, tjáði rannsóknardómaranum í máli þessu í símtali, og sem dómarinn skrifaði upp í rétti, fannst í símskeytum, sem send höfðu verið um loftskeytastöðina í Reykjavík, símskeyti frá togaranum „Vinur" til kærðs eða símnefnis hans, dags. þann 6. október f. á. kl. 13,35, sem þýtt hefir verið samkv. framangreindum símlykli, sem hér segir:

Can you let me know if the Hvidbjörnen is in anchorage Vestmannaeyjum my best compliments"

Símskeyti þetta hefir eigi, né heldur eftirrit af því, verið sent hingað frá aðalskrifstofu Landssímans í Reykjavík, þó beðið hafi verið um það, og hefir því aðeins verið lagt fram í málinu þýðing, sem skrifuð var af dómaranum á þann hátt, er að framan greinir.

Símskeyti frá kærðum til skipstjórans á „Vinur", dags. 6. október f. á. kl. 14,4, hefir verið þýtt sem hér segir:

„Hvidbjörn is in anchorage backdoor stop can you take Georg to England after Wednesday 9th. please reply"

Dulorð það, sem þýtt er í símskeyti þessu með „Hvidbjörn", getur einnig þýtt „80", samkvæmt umræddum símlykli.

Símskeyti frá framangreindum togara til kærðs, dags. 6. október f. á. kl. 15,25, er svo hljóðandi:

„I will call for Georg thirsday friday or saturday let me know when Hvidbjörn leaves".

Dulorð það, sem í símskeyti þessu er þýtt með „Hvidbjörn", getur einnig samkvæmt símlyklinum þýtt „100".

Símskeyti frá kærðum til skipstjórans á „Vinur", dags. 6. október f. á. kl. 18,14, er svo hljóðandi:

„Hvidbjörn is in anchorage 6 p. a. my best compliments"

Dulorð það, sem hér er þýtt með Hvidbjörnen, getur samkvæmt símlyklinum, einnig þýtt „90".

Símskeyti frá togaranum „Vinur" til kærðs, dags. 7. október f. á. kl. 10,40, er svo hljóðandi:

„Please secure four legs lamb four when I call please reply wire latest news Hvidbjörn"

Í þessu símskeyti er aðeins síðari hlutinn á dulmáli. Dulorð það, sem hér er þýtt með Hvidbjörn, getur einnig samkv. símlyklinum þýtt „100".

Símskeyti frá kærðum til skipstjórans á „Vinur", dags. 7. október f. á. kl. 11,30, er svo hljóðandi:

„I do not know where is Hvidbjörn Georg"

Dulorð það í símskeyti þessu, sem þýtt er með Hvidbjörn, getur samkv. símlyklinum einnig þýtt „80".

Framangreind símskeyti til togarans „Vinur" eru eigi undirrituð á nokkurn hátt, nema síðasta skeytið, sem undirritað er með skírnarnafni kærðs, sem er símnefni hans, en kærður hefir kannazt við að hafa sent þessi skeyti, enda er símanúmer hans og „Geo" ritað á frumrit símskeytanna á þeim stað, sem ætlaður er til þess að rita nafn og heimili sendanda á, og hefir kærður kannazt við að hafa ritað þetta á skeytin.

Kærður hefir eindregið haldið því fram, að hann muni ekki eftir að hafa sent skipstjóranum á „Vinur" upplýsingar viðvíkjandi varðskipunum, svo hann muni eftir, en eftir að framangreind símskeyti og símlykill voru lögð fram í málinu og skeytin þýdd, hefir hann þó borið, að svo kunni að hafa verið, að hann hafi sent honum slíkar upplýsingar á þann hátt, sem skjöl þessi benda til.

Það verður að áliti réttarins með því, sem upplýst er í máli þessu, að teljast nægilega sannað, að framangreindur símlykill á rskj. nr. 12, sé einkasímlykill sá, sem kærður og E. Little notuðu í símskeytaviðskiptum sínum.

Af framangreindum símskeytum frá kærðum fæst ekki eðlileg þýðing með því að þýða dulorð þau, sem í framangreindum þýðingum eru þýdd með „Hvidbjörn“, — með tölum þeim, sem þau geta táknað samkvæmt hinum framlagða símlykli, enda notar kærður ekki sömu dulnefnin í þessu sambandi í símskeytum sínum til kærðs og skipstjórinn notar í skeytum þeim, sem kærður svarar og kærður hefir ekki getað gert grein fyrir því, að skeytin geti verið réttilega þýdd þannig, þ. e. með því að þýða umrædd dulorð með framangreindum tölum. En það er sannað í málinu með símskeyti frá „Hvidbjörnen“, sem kærður hefir ekkert haft við að athuga, að skip þetta, sem þá var við landhelgigæzlu hér við land, lá hér við Vestmannaeyjar („var í Vestmannöerne“) frá 6. október 1935, kl. 13,15 til 7. október kl. 0600 (sic), þ. e. á þeim tíma, sem tvö framangreind símskeyti kærðs eru send.

Það verður því að áliti réttarins að teljast nægjanlega sannað, að kærður hafi með framangreindum símskeytum, veitt þær upplýsingar viðvíkjandi varðskipi þessu, sem framangreindar þýðingar sýna.

Þá hefir og fundizt dulmálssímskeyti, sent héðan frá Vestmannaeyjum til skipstjórans á „Vinur“, dags. 12. sept. f. á. kl. 18,26, sem er þýðanlegt með framangreindum símlykli og hefir verið þýtt þannig:

„Óðinn so far as know
my best compliments“

Símanúmer kærðs er ritað á frumrit símskeytis þessa á þeim stað, sem ætlaður er til að rita á nafn og heimili sendanda. Kærður kveðst ekki hafa ritað tölu þessa (símanúmer) á símskeyti þetta og hefir hann borið, að hann gæti ekki séð af útliti símskeytis þessa eða sagt um með vissu, hvort það sé frá honum eða ekki, en hefir ekki neitað að hafa sent það. Vitnið Marino Guðmundur Jónsson, símritari, hefir borið, að hann sjái af símskeyti þessu, að hann hafi afgreitt það og að hann hafi ritað umrædda tölu á skeytið sem símanúmer sendanda þess eða símanúmer það, er skeytið hafi verið sent frá eða skrifað hjá. Það verður að áliti réttarins að teljast nægjanlega sannað, að símskeyti þetta sé frá kærðum.

Orð það, sem í framangreindri þýðingu á umræddu símskeyti er þýtt „Óðinn“, getur samkvæmt símlyklinum,

einnig þýtt „10“, en það er orðið „not“, sem notað er sem dulorð í símlyklinum, en gæti verið í skeytinu venjulegt mál, þ. e. enska neitunarorðið not. Símskeyti þetta virðist vera svar við fyrirspurn, en ekki hefir fundizt neitt símskeyti frá móttakanda þess, sem það virðist geta verið svar við, og kærður hefir ekki getað gert grein fyrir efni skeytisins, en kveður skeytið, ef „not“ er þýtt með „10“, geta verið svar við fyrirspurn viðvíkjandi fiskkaupum án þess þó að fullyrða nokkuð um, hvort svo sé eða ekki. Það virðist gæti verið eðlileg þýðing á þessu símskeyti, þó að framangreint orð væri þýtt með „10“, og virðist skeyti þetta þannig geta verið svar við einhverri fyrirspurn. Þá virðist og skeyti þetta gæti verið svar við einhverri fyrirspurn, þó álitið væri, að framangreint orð væri í skeytinu notað í sinni eðlilegu merkingu í ensku máli.

Það verður því eigi talið sannað, að símskeyti þetta sé viðvíkjandi varðskipi.

Þá hefir og eftir að mál þetta var höfðað, fundizt dulsímskeyti frá togaranum „Vinur“ til kærðs, dags. 10. des. f. á. kl. 13,10. Samkvæmt framangreindum símlykli þýðist skeyti þetta þannig:

„Please reply wire through Tfa if he Ægir is in Vestmannaeyjar jui if he left yesterday and what time“

Dulorðið í skeytinu, sem í þýðingu þessari er þýtt með „Ægir“, getur einnig samkvæmt símlyklinum þýtt „14“, en orðið jui er óþýðanlegt samkvæmt símlykli þessum.

Símskeyti þetta, sem sent hefir verið gegnum loftskeytastöðina á Ísafirði frá togaranum „Vinur“, hefir verið sent hingað frá Ísafirði með ritsíma og var tekið hér upp eftir línuritum ritsímans á símstöðinni hér.

Talsmaður kærðs, sem lagði símskeyti þetta fram í málinu, heldur fram, að símskeyti þetta sé hið sama, sem kærður hélt fram við rannsókn málsins, eins og að framan er drepið á, að hann hafi fengið, eftir að hann hafi eyðilagt sitt eintak af umræddum símlykli.

Það virðist ekki geta fengizt nein eðlileg þýðing á símskeyti þessu með því að þýða dulorð það, sem í framangreindri þýðingu er þýtt með „Ægir“, með „14“, og verður því að líta svo á, sem hér sé um fyrirspurn að ræða frá framangreindum togara til kærðs viðvíkjandi varð-

skipinu „Ægir“, en ekkert símskeyti hefir fundizt frá kærðum, sem virðist geta verið svar við símskeyti þessu.

Eins og að framan greinir, voru ekki til hjá Landssímanum eldri símskeyti en frá árinu 1933, og þar eð kærður átti ekki heldur símskeyti, sem hann hafði móttekið eða sent á þeim tíma eða ekki nema eitthvað af þeim, hefir eigi verið unnt að rannsaka slík símskeyti kærðs, sem send hafa verið eða móttekin fyrir þann tíma.

Þar eð umræddur símlykill, sem nöfn allra framangreindra varðskipa er í, var samkvæmt framburði kærðs búinn til fyrir allt að 10 árum, verður að telja líklegt, að kærður hafi einnig fyrir nefndan tíma veitt framangreindum togaraskipstjóra upplýsingar viðvíkjandi ferðum íslenzku varðskipanna og dvalarstöðum þeirra og að símlykillinn hafi verið gerður að minnsta kosti meðfram í þeim tilgangi, en kærður hefir eindregið neitað, að svo hafi verið, og það hefir ekki verið sannað gegn neitun hans.

Auk framangreinds símlykils á rskj. nr. 12, fannst við framangreinda leit um borð í togaranum „Vinur“ í Reykjavík, símlykill í tveim eintökum, merktur „Vestmannaeyjar“, sem lagður hefir verið fram í málinu, rskj. nr. 13. Í símlykli þessum er nafn kærðs ásamt með nöfnum nokkurra annarra manna, sem eru á sömu blaðsíðu í símlyklinum og er nafn kærðs efst þeirra.

Í símlykli þessum eru nöfn varðskipa og varðbáta, sem stundað hafa landhelgigæzlu hér við land, og mörg dulnefni fyrir hvern þeirra og dulorð fyrir ýmislegt í sambandi við þau og virðist símlykill þessi eingöngu gerður í þeim tilgangi að nota hann við að veita upplýsingar viðvíkjandi varðskipunum, þ. e. um ferðir þeirra og dvalarstaði.

Símlykill þessi virðist alveg nýr og vegna þess og þar eð 2 eintök af honum voru um borð í togaranum, virðist ekki muni hafa verið búið að taka hann í notkun, en samkvæmt framangreindri áritun, virðist hann bersýnilega hafa átt að fara til eða verða notaður af einhverjum hér í Vestmannaeyjum.

Kærður hefir eindregið neitað, að hann hafi vitað um eða svo hafi verið um samið, að hann ætti að fá símlykil þennan eða slíkan símlykil.

Þar eð kærður er uppvís að því að hafa veitt framangreindum skipstjóra upplýsingar viðvíkjandi varðskipi og hann hefir samkvæmt framburði hans (kærðs) haft mikil viðskifti við skipstjóra þennan, er góður kunningi hans og fór með framangreindum togara til Englands í s. l. októbermánuði, verður að telja miklar líkur fyrir því, að símlykill þessi hafi verið ætlaður kærðum, samkvæmt samkomulagi við hann, en gegn neitun kærðs verður það þó eigi talið fullsannað.

Eigi er upplýst í málinu, að kærður hafi veitt öðrum skipum en framangreindum togara upplýsingar viðvíkjandi varðskipum.

Kærður hefir eindregið neitað, að hann hafi fengið nokkurt endurgjald hjá framangreindum skipstjóra fyrir upplýsingar viðvíkjandi varðskipum. Hann hefir og haldið fram, að honum hafi ekki verið ljóst, að nein símskeyti eða aðrar upplýsingar, sem hann hafi sent framannefndum skipstjóra, ættu að vera notaðar í sambandi við landhelgiveiðar.

Kærður hefir ekki gert neina grein fyrir því, hversvegna hann hafi veitt skipstjóranum á togaranum „Vinur" framangreindar upplýsingar viðvíkjandi framangreindu varðskipi. Slíkur verknaður (þ. e. að veita slíkar upplýsingar) er að áliti réttarins sérstaklega til þess fallinn að liðsinna við botnvörpuveiðar í landhelgi og hjálpa brotlegum til þess að komast undan hegningu fyrir slíkt brot og verður að áliti réttarins að telja, að kærðum hljóti að hafa verið það ljóst, er hann veitti umræddar upplýsingar.

Kærður hefir því að áliti réttarins brotið gegn 4. gr. framannefndra laga nr. 5, frá 18. maí 1920. Hann hefir eigi áður verið dæmdur fyrir brot gegn nefdum lögum, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, eftir öllum atvikum samkv. nefndu lagaákv., sbr 1. gr. laga nr. 4, 11. apríl 1924, með tilliti til núgildandi gullgengis íslenzkrar krónu, hæfilega ákveðin 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 4 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar þar á meðal

málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns í málinu, Björns P. Kalman hrm., er þykja hæfilega ákveðin 150 krónur. Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 19. febrúar 1937.

Nr. 2/1934. **Helgi Pálsson f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey** (Eggert Claessen)
gegn
Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands
(Lárus Fjeldsted).

Krafa um greiðslu verkunarlauna fyrir verkun síldar o. fl.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 2. sept. 1933: Hin aðalstefnda, skilanefnd Síldareinkasölu Íslands í Likvidation, greiði úr búi Síldareinkasölunnar sem almenna kröfu til aðalstefnanda, Helga Pálssonar f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey, kr. 8487.58 svo og kr. 300.00 upp í málskostnað.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir réttinum aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 34900.31, að viðurkenndur verði forgangsréttur þessarar kröfu í búi Síldareinkasölu Íslands, skv. 83. gr. skiftalaganna frá 1878, að viðurkenndur verði haldsréttur áfrýjanda í munum Síldareinkasölu Íslands, þeim er teknir voru með úrskurði, uppkveðnum 23. jan. 1932 í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar af áfrýjanda, og að viðurkennt verði, að kröfur hans njóti forgangsréttar í kr. 1000.00, sem stefnda var gert að setja sem tryggingu, þegar fógeti tók þessa muni úr

vörzlum áfrýjanda. Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði algerlega sýknaður í gagnsök í héraði. Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og hæstarétti eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati réttarins.

Máli þessu hefir ekki verið gagnáfrýjað, og koma því hér fyrir réttinum til athugunar einungis þær kröfur áfrýjanda, sem ekki voru teknar til greina í héraði.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, hefir áfrýjandi lagt fram reikning fyrir viðskipti sín við Síldareinkasöluna árið 1931 og tilfærir hann þar bæði kröfuliði sína og það, sem hann telur sig hafa fengið greitt upp í þá. Af þeim sjö kröfuliðum, sem áfrýjandi þannig tilfærir, eru fimm algerlega teknir til greina í héraði, og er því skv. framansögðu enginn ágreiningur um þá hér fyrir réttinum. Þeir tveir liðir, sem ekki er að öllu leyti fallizt á í héraði, eru: Krafan um verkunarlaun á síld 1931 kr. 93819.62, sem ekki var orðið við nema að nokkru leyti, og krafan um greiðslur fyrir uppskipun o. fl. kr. 1163.23, en sú krafa var alls ekki tekin til greina. Skulu nú þessir tveir kröfuliðir athugaðir.

1.) Verkunarlaunin. Eins og málið er lagt fyrir hæstarétt, kemur hér einungis til álita, með hverjum hætti verkunarlaunin skuli reiknuð, og þó svo, að krafa áfrýjanda verður aldrei lækkuð um meira en nemur þeim kr. 9219.62, sem ekki voru teknar til greina í hinum áfrýjaða dómi.

Ágreiningurinn um upphæð verkunarlaunanna liggur fyrst og fremst í því, að stefndi telur verkunarlaun fyrir hverja matéssíldartunnu eiga að vera kr. 8.75 á útflutta tunnu, þ. e. að til viðbótar venjulegum verkunarlaunum á saltsíldartunnu kr. 4.50 komi kr. 4.25 til uppbótar vegna sérverkunarinnar. Áfrýjandi heldur því þar á móti fram, að við útreikning á verkunarlaunum fyrir matéssíldina beri að leggja til grundvallar, hversu mikið saltsíldarmagn matéssíldin mundi hafa orðið, ef hún hefði verið verkuð sem venjuleg saltsíld. Þetta telur hann eiga að finna með því að bæta 20% við fjölda þeirra matéssíldartunna, sem út eru fluttar. Fyrir þann tunnufjölda, sem þannig er fundinn, telur áfrýjandi verkunarlaunin eiga að vera kr. 4.50 fyrir hverja tunnu. En þeirri upphæð til viðbótar komi síðan kr. 4.25 á hverja matéssíldartunnu, sem útflutt er.

Samþykkt útflutningsnefndar Síldareinkasölu Íslands frá 11. júlí 1931 um verkunarlaun fyrir sérverkaða síld og yfirlýsingar síldareigenda varðandi samninga þeirra um verkunarlaunin við áfrýjanda, sbr. ennfremur samþykktir útflutningsnefndar frá 18. júní 1929 og 18. júní 1930, þykja ekki skera úr um þetta, þar sem orðalag þeirra er ekki fullljóst. Í vottorði dags. 13. apríl 1935 vottar þar á móti Halldór Friðjónsson, sem allan starfstíma Síldareinkasölu Íslands var aðalumboðsmaður hennar í því umdæmi, sem hér um ræðir, að Síldareinkasalan hafi gefið sjómönnum 10% uppbót af matéssaltaðri síld og saltendum 10% að auki — samtals miðað við venjulega saltsíld 20%. Vottorði þessu hefir ekki verið mótmælt af hálfu stefnda né heldur hefir verið mótmælt skýringum málflutn-

ingsmanns áfrýjanda á því hér fyrir réttinum. En skv. þeim skýringum ber að skilja vottorðið svo sem það staðfesti þann skilning, sem af hálfu áfrýjanda hefir verið haldið fram um útreikning á matéssíldarverkunarlaunum. Óljóst orðalag þessa vottorðs verður þá að skilja í samræmi við annað vottorð frá sama aðalumboðsmanni, dags. 7. okt. 1935, en þar segir hann, að sér sé ókunnugt um, hvernig samningar Síldareinkasölunnar og saltenda um þau 10%, sem saltendur hafi fengið til uppbótar á matéssíld, hafi verið. Hafi það ekki komið starfi sínu við Síldareinkasöluna við. Með þessum vottorðum verður það eftir atvikum að teljast nægilega upplýst, að, auk 4.25 kr. aukagjaldsins á hverja tunnu fyrir matéssíldarverkun, hafi saltendum borið 10% uppbót reiknuð á sama hátt og áfrýjandi heldur fram um útreikning á tuttugu prósentunum.

Um fjölda útfluttra matéssíldartunna frá áfrýjanda hefir einnig verið nokkur ágreiningur, en með öllu er ósannað, að þær hafi verið fleiri en stefndi heldur fram, eða 8963½, ef í heiltunnum er reiknað, og verður því að leggja þá tölu til grundvallar, enda er samkomulag um það hér fyrir réttinum að miða einungis við útfluttar tunnur, en ekki við þær, sem eftir kunna að hafa verið.

Verkunarlaunin verða því í fyrsta lagi kr. 4.50× 9859.85 (þ. e. 8963.50+896.35, sem er 10% af fyrri tölunni), og verða þetta kr. 44369.32. Ennfremur verða þau kr. 4.25×8963.50=38094.87. Verkunarlaunin fyrir matéssíld verða því kr. 44369.32+ kr. 38094.87 = kr. 82464.19. En auk þess skal taka með í verkunarlaunaliðnum kr. 5220.00 og 949.50, sem hvortveggja eru óumdeildir liðir. Verkunar-

launin verða þá alls kr. 88633.69 og er það kr. 5185.93 lægra en áfrýjandi gerði kröfu til.

2.) Krafa um kr. 1163.23, sem á aðalreikningi áfrýjanda er talin vera fyrir uppskipun o. fl., virðist bæði vera fyrir uppskipun, geymslu og afhendingu á tunnum og salti, sem Síldareinkasalan átti, en var látið í té til notkunar öðrum en áfrýjanda, og fyrir uppskipun á salti, sem meiri kostnaður fylgdi en títt var. Sýnist eðlilegt, að fyrir hvorttveggja þetta eignist áfrýjandi kröfu á stefnda, þar sem Síldareinkasalan var eigandi verðmætanna. Kemur það og heim við vottorð nokkurra síldarsaltenda, dags. á Akureyri 13. apríl 1935, en þeir segja það fasta venju, að síldarsaltandi fái slíkan kostnað bættan, og hefir vottorði þessu ekki verið mótmælt. Þar sem ekki hefir heldur verið sýnt fram á, að kröfur áfrýjanda væru í þessu efni of háar, verður að telja stefnda skylt að greiða áfrýjanda þessar kr. 1163.23.

Hefir þá verið sýnt fram á, að taka verður til greina alla kröfuliði áfýjanda á fyrr umgetnum reikningi hans til stefnda,þó þannig, að á þeim kemur fram 5185.93 kr. lækkun, og ber því stefnda að greiða áfrýjanda skv. þeim reikningi, þegar tillit er tekið til þess, sem áfrýjandinn hafði áður fengið, kr. 29714.38.

Um kröfu áfrýjanda um haldsrétt honum til handa í verðmætum Síldareinkasölunnar er þess að gæta, að áður en fógetaréttarúrskurðurinn 23. jan. 1932 var felldur, lét áfrýjandi þess kost að sleppa þessum verðmætum gegn því, að hann fengi greiddar kr. 779.20, sem hann taldi sig eiga hjá Síldareinkasölunni fyrir geymslu á munum hennar. Með þessu verður að telja áfrýjanda hafa af-

salað sér haldsrétti í þessum verðmætum fyrir öðrum kröfum, sem hann kynni að eiga á einkasöluna,og þar sem þær kröfur, sem hann sækir í þessu máli, eru allt aðrar en þær, er hann gerði í sambandi við afhendingu umgetinna verðmæta, er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að viðurkenna nú haldsrétt hans fyrir kröfunum í þessu máli.

Svipuðu máli gegnir um kröfu áfrýjanda um forgangsrétt honum til handa í þeim 1000 krónum, sem gerðarbeiðanda, stefnda hér fyrir réttinum, var gert að setja sem tryggingu, er hann fékk umgetin verðmæti afhent sér. Sú trygging var samkv. hlutarins eðli einungis sett fyrir því, að áfrýjandi fengi greiddar þær kr. 779.20, sem hann þá setti að skilyrði að fá fyrir því að afhenda umgetin verðmæti, og getur hann því ekki notið forgangsréttar í þeirri tryggingu fyrir allt öðrum kröfum.

Þá verður ekki heldur talið, að áfrýjandi eigi skv. 83. gr. skiptalaganna frá 1878 forgangsrétt í búi Síldareinkasölu Íslands fyrir kröfum sínum, því að þær verða ekki taldar til neinna þeirra krafna, sem í þeirri grein getur.

Í gagnsök í héraði var áfrýjandi dæmdur til að þola skuldajöfnuð á kröfum sínum gegn stefnda fyrir kr. 16030.00, sem áfrýjanda var talið skylt að greiða stefnda fyrir tjón, sem stefndi hafði beðið vegna skemmda á síld, er áfrýjandi hafði verkað. Því er að vísu neitað hér fyrir réttinum af hálfu áfrýjanda, að um slíkar skemmdir hafi verið að ræða, en sú neitun verður ekki tekin til greina, þar sem það verður að teljast hafa verið in confesso í málflutningnum í héraði, að skemmdir á síldinni hafi komið í ljós eftir að hún var komin til Þýzkalands. Á hinn bóginn er það allsendis ósannað, að

þær skemmdir hafi verið að kenna ásetningi eða gáleysi áfrýjanda um verkun síldarinnar. Hefir áfrýjandi þvert á móti lagt fram hér í réttinum matsvottorð um alla hina útfluttu síld, og eru þau vottorð frá umboðsmanni Síldareinkasölunnar, sem skv. 12. gr. reglugerðar 19.júlí 1929 skyldi gæta hagsmuna hennar gagnvart saltendum og taka fyrir hennar hönd við síldinni af þeim. Vottorð þessi eru á þá leið, að þegar síldin var flutt út, þ. e. fór úr vörzlum áfrýjanda, hafi hún verið góð, óskemmd, hæfilega söltuð og vel verkuð. Matsvottorðin eru ennfremur studd af síðari vottorðum umboðsmannsins frá 10. okt. 1932 og 29. jan. 1935. Verður að svo vöxnu máli að sýkna áfrýjanda af þessum gagnkröfum stefnda, þar sem álíta verður, að á saltendum hafi, gagnvart Síldareinkasölunni, ekki hvílt frekari bótaskylda en af almennu skaðabótareglunni leiðir. Má því til stuðnings benda á samþykkt útflutningsnefndar frá 19. júní 1931, þar sem felld er tillaga um ábyrgð síldarsaltenda á síldinni gagnvart einkasölunni, en samþykkt tillaga um ábyrgð síldareigenda. En áfrýjandi var einmitt einungis síldarsaltandi, en ekki síldareigandi.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, en fyrir hæstarétti þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands, greiði áfrýjanda, Helga Pálssyni f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey, kr. 29714.38.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað í héraði og kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkvæmt samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 8. marz 1932 af Helga Pálssyni f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey, gegn Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands í Likvidation. Kveður stefnandi sig eiga hjá nefndri Síldareinkasölu kr. 34900.31 og gerir þær kröfur í málinu, að hin stefnda Skilanefnd verði dæmd til þess að viðurkenna ofangreinda skuld sem skuld Síldareinkasölunnar í Likvidation, er forgangsrétt hafi samkvæmt 83. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878, eða til vara sem almenna skuld. Svo krefst stefnandi og, að viðurkenndur verði með dómi réttarins haldsréttur hans yfir þeim eignum Síldareinkasölunnar, síld o. fl., er stefnandi hafði í vörzlum sínum 9. desember 1931, er bú einkasölunnar var tekið til skiptameðferðar. Með framhaldsstefnu, útgefinni 27. júní þ. á., hefir stefnandi þó breytt síðastnefndum lið kröfu sinnar á þá leið, að í stað viðurkenningar á haldsrétti verði viðurkenndur forgangsréttur hans til lúkningar af andvirði muna þeirra, er upphaflega var krafizt haldsréttar yfir, en muni þessa kveður hann hafa verið selda, meðan á rekstri málsins stóð, og hafi verið sett 1000 króna trygging fyrir afhendingu munanna. Krefst hann þess, að viðurkenndur verði forgangsréttur hans til lúkningar af þessum kr. 1000.00. Loks krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati réttarins.

Hin stefnda skilanefnd krefst sýknu í málinu af framangreindum kröfum stefnanda. Þá hefir hún og með gagnstefnu, útgefinni 13. júní 1933, höfðað gagnsök gegn stefnanda og krafizt þess, að hann verði dæmdur til að greiða Síldareinkasölunni kr. 57708.00, en þó ekki hærri upphæð en þá, er kynni að verða tekin til greina af kröfum aðalstefnanda í aðalmálinu og með skuldajafnaði við

þá upphæð. Svo krefst gagnstefnandi og málskostnaðar í báðum málum eftir mati réttarins.

Tildrög málsins kveður aðalstefnandi vera þau, að sumarið 1931 hafi hann verkað síld fyrir Síldareinkasöluna og átt kröfu til þess að fá verkunarlaunin greidd hjá henni, enda hafi hún greitt nokkurn hluta þeirra. En er einkasalan hafi verið tekin til skiptameðferðar, samkvæmt bráðabirgðalögum frá 9. desember 1931, hafi allmikið af verkalaununum enn verið ógreitt. Auk þess hafi verið ógreitt geymslugjald fyrir tunnur, pæklun á síld o. fl., er einkasölunni hafi borið að greiða, þannig að skuld Síldareinkasölunnar við aðalstefnanda hafi numið hinni umstefndu upphæð, er skiptameðferðin hófst. Hinsvegar hafi hin stefnda skilanefnd hvorki fengizt til að greiða né viðurkenna skuld þessa.

Hin stefnda skilanefnd reisir sýknukröfu sína á því, að Síldareinkasalan beri enga ábyrgð á greiðslu verkunarlaunanna. Síldareigendum hafi verið heimilt að gera sjálfir samninga um söltun sumarið 1931, og hafi einkasalan látið það afskiptalaust.

Áður en nánar er vikið að einstökum atriðum máls þessa, er nauðsynlegt að gera grein fyrir verksviði Síldareinkasölunnar og afstöðu hennar til þeirra atvinnurekenda, er veiddu eða verkuðu síld þá, er Einkasalan fékk til sölumeðferðar.

Síldareinkasala Íslands var upphaflega stofnuð með lögum frá 15. apríl 1928. Fimm manna útflutningsnefnd skyldi hafa alla yfirstjórn einkasölunnar. Voru 3 þeirra kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, einn tilnefndur af Verkalýðssambandi Norðurlands, og hinn fimmti kosinn af síldveiðaútgerðarmönnum. Daglegan rekstur einkasölunnar skyldu 3 framkvæmdastjórar annast, er ráðnir væru af útflutningsnefnd.

Verksvið Síldareinkasölunnar var að annast sölu á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings, þó með þeirri undantekningu, er í niðurlagi 1. gr. einkasölulaganna getur, en sem hér skiptir ekki máli. Heimilt var einkasölunni að ákveða, hvenær verkun síldar til útflutnings skyldi byrja og hætta hvert ár. Gat hún sett umboðsmenn á kostnað síldarútflytjenda til þess að hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar

sem síld var verkuð til útflutnings. Var óheimilt að salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna, en þeir skyldu í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdastjóra ákveða um alla meðferð á síldinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. s. frv.

Andvirði síldar þeirrar, er einkasalan annaðist sölu á, skyldi greiða síldareigendum jafnótt og það greiddist til einkasölunnar, eftir því sem unnt væri, en þó að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er leggst í sjóði. Greiðslu til einstakra síldareigenda skyldi miða við meðalverð allrar síldar af sömu tegund og gæðum. Heimilt var einkasölunni að selja innanlands alla þá síld, sem hún taldi ekki tilvinnandi að flytja út.

Í 5. gr. l. 1928 er einkasölunni ennfremur gefin heimild til að taka fé að láni út á síldina. jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og greiða síldareigendum og í öðru lagi að liðsinna viðskiptamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna.

Heimilt var útflutningsnefndinni að takmarka framleiðslu síldar til útflutnings og ákveða fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi mætti verka til útflutnings. Var tilkynning einkasölunnar um ákvörðunina nefnd veiðileyfi.

Með lögum nr. 44, 14. júní 1929 var einkasölulögunum frá 1928 breytt og lögin síðan gefin út að nýju sem lög nr. 61, 1929. Nú var ákveðið, að framkvæmdarstjórn Síldareinkasölunnar hefði heimild til að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verði við komið, ef framkvæmdarstjórnin telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sé síldin útflutningshæf að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sér þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðskröfum á hverjum tíma. Framkvæmdarstjórninni var og heimilt að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað var, að með þurfi til síldarverkunar hvert ár og að sjá um verkun og geymslu síldarinnar annaðhvort millilíðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur.

Þá var og Síldareinkasölunni heimilað að taka lán, fé að láni til þess „að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir réttum hlutföllum við síldarmagn þeirra, slík lán má taka út á síldina hvort heldur er fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð".

Á fundi útflutningsnefndar 3. júní 1929 var samþykkt tillaga um það, að einkasalan noti sér á því ári heimild laga nr. 44, 1929, og taki þegar á því ári síldina ferska í sínar hendur og semji um framkvæmd söltunarinnar við einstaka menn. Viðaukatillaga var samþykkt á þá leið, að aðalregla skyldi vera, að hverjum þeim, er veiðileyfi hefir, verði gefinn kostur á að ákveða söltunarstað og framkvæma söltunina eftir sérstökum samningum við einkasölustjórnina, enda láti hann henni í té skilríki fyrir því, að hann hafi aðstöðu og öll skilyrði til þess að leysa síldarverkunina vel af hendi.

Samskonar eða svipaðri reglu og þeirri, er samþykkt var á ofangreindum fundi útflutningsnefndar 3. júní 1929, virðist hafa verið fylgt sumarið 1930.

Á fundi útflutningsnefndar 19. júní 1931 var samþykkt, að á því sumri skuli söltunin gefin frjáls þannig, að útgerðarmenn sjálfir semji um hana við söltunarstöðvarnar. Tunnur einkasölunnar og salt, meðan til sé, skuli fyrst og fremst notast til söltunarinnar. Samþykki einkasölunnar komi þó til um nothæfi hverrar söltunarstöðvar og hve mikið sé hægt að salta á henni.

Sömuleiðis ráðstafi einkasalan, hvernig hinum ýmsu tegundum sérverkaðrar síldar sé fyrir komið á stöðvunum. Síldareigendur beri alla ábyrgð á síld sinni, þar til einkasalan hefir veitt síldinni viðtöku. Einkasalan geti ráðstafað söltun frá þeim, sem ekki hafa ráðstafað skipum sínum fyrir 10. júlí.

Á þessum sama fundi útflutningsnefndar (19. júní 1931) var samþykkt í einu hljóði eftirgreind tillaga: „Síldareinkasalan greiðir söltunarlaun beint til saltenda, nema skilríki liggi fyrir um, að þau séu greidd á annan hátt, enda hafi ekki komið fram kröfur um ógreidd vinnulaun".

Á fundi útflutningsnefndar 23. júní 1931 var samþykkt að „þrátt fyrir breytta aðstöðu með ábyrgð á meðferð síldarinnar skuli þó matsmenn hafðir eins og áður með sömu skyldum og svipuðum réttindum og verið hefir".

Á fundi útflutningsnefndar 18. ágúst 1931 var ákveðið „útaf málaleitun nokkurra viðskiptamanna einkasölunnar", að einkasalan mætti samþykkja ávísanir, sem svarar fullum verkunarlaunum fyrir þá, er þess óska.

Þess skal getið, að í blaðinu „Íslendingur", sem út kom á Akureyri 23. júní 1931, auglýsti útflutningsnefnd ákvörðun þá, sem tekin hafði verið á fundinum 19. júní, þar á meðal að síldareinkasalan greiði söltunarlaun beint til saltenda, nema skilríki liggi fyrir um, að þau séu greidd á annan hátt, enda hafi ekki komið fram kröfur um ógreidd vinnulaun.

Aðalstefnandi hefir nú að vísu ekki samið beint við Síldareinkasöluna um söltun á síld þeirri, sem um ræðir í þessu máli, en rétturinn verður að fallast á það álit hans, að með ofangreindum samþykktum útflutningsnefndar frá 19. júní og 18. ágúst 1931, og auglýsingu þeirri í blaðinu „Íslendingur", er fyrr um getur, hafi Síldareinkasalan tekið á sig ábyrgð á greiðslu verkunarlauna, sem eigin skuld væri. Heimild til þessarar ákvörðunar hafði hún í 1. gr. laga nr. 61 frá 1929, og mátti aðalstefnandi treysta því, að hann fengi söltunarlaunin greidd beint frá einkasölunni og þyrfti því ekki að tryggja greiðslu þeirra annarsstaðar frá.

Liggur því næst fyrir að athuga sundurliðun aðalstefnanda á kröfu sinni og mótmæli hinnar stefndu skilanefndar gegn einstökum kröfuliðum.

Samkvæmt framlögðum reikningi sundurliðar aðalstefnandi kröfu sína þannig:

1.	Skuld frá fyrra ári (1930)	kr.	1438,53
2.	Verkunarlaun á síld 1931	—	93819,62
3.	Ápökkun	—	53,00
4.	Uppskipun o. fl.	—	1163,23
5.	Viðgerð á tunnum o. fl.	—	820,80
6.	Viðhald eftir 1. okt. 1931	—	14,60
7.	Ýmsir reikningar	—	216,60
		kr.	97.526,38

Upp í kröfu þessa kveður aðalstefnandi Síldareinkasöluna hafa þegar greitt ..... kr. 62.626,07

en eftir standi ..... kr. 34.900,31

eins og stefnt sé fyrir.

Um 1. Þessi liður, skuld frá árinu 1930, hefir engum andmælum sætt af hinni stefndu skilanefnd, og ber því að taka hana til greina.

Um 2. Þennan lið sundurliðar aðalstefnandi þannig:

a) Verkunarl. á 1160 tn. saltsíldar á 4,50 kr. 5.220,00
b) Verkunarl. á 8662 tn. matés-síldar á 4,50 — 38.979,00
c) Verkunarl. á 4633 ½ hálftn. á 2,25 .... — 10.425,37
d) Fyrir sérverkun á 7100 tn. matés-síld (7100 tn. matéssíld afskipuð 8662 tn. venjuleg síld á 90 kg.) á 4,25 ..... — 30.175,00
e) Fyrir sérverkun á 3798 hálftn. matés-síld (3798 hálftn. matés-síld afskipuð = 4633 ½ hálftn. venjuleg síld á 45 kg.) á 2,12½ — 8.070,75
f) Aukagjald fyrir að salta í hálftunnur 3798 hálftn. á 0,25 ..... — 949,50

Samtals krónur 93.819,62

Hin stefnda skilanefnd heldur því fram, að aðalstefnandi reikni rangt verkunarlaunin af sérverkuðu síldinni. Verkunarlaun reiknist alls kr. 8,75 af hverri tunnu, en út hafi verið flutt af stöð aðalstefnanda 7095 heiltunnur og 3737 hálftunnur af sérverkaðri síld. Verkunarlaunin af 7095 tn. á 8.75 verði kr. 62081.25 og 3737 hálftn. á 4.37 ½ verði kr. 16349.37, eða samtals kr. 78430.62 í stað kr. 87650.12 eins og aðalstefnandi reiknaði, sbr. réskj. nr. 4. Aðalstefnandi hefir engar sönnur fært á það, að hann hafi afhent fleiri sérverkaðar tunnur en hin stefnda skilanefnd hefir viðurkennt samkvæmt framansögðu, né heldur, að gjaldið sé reiknað á annan hátt, og lækkar þá þessi liður um kr. 9219.50.

Um 3. Stefnda telur borgun fyrir þennan lið, kr. 53.00, vera innifalin í greiðslum þeim, er fram fóru til aðalstefnanda. Þar sem greiðslurnar eru færðar til tekna einkasölunni á heildarreikningi aðalstefnanda, réskj. nr. 3, þá verður þessi upphæð ekki dregin frá kröfu hans.

Um 4. Hér reiknar aðalstefnandi sér kr. 1163.23 fyrir uppskipun, plássleigu, flutning og afhending á salti og

tunnum. Gegn mótmælum stefnda hefir hann þó ekki fært sönnur á, að Síldareinkasölunni beri að greiða þessi gjöld, og er því ekki unnt að taka þennan kröfulið til greina.

Um 5. Aðalstefnandi reiknar sér hér kr. 820.80 fyrir viðgerð og hreinsun á tunnum. Stefnda hefir að vísu mótmælt því, að einkasölunni beri skylda til þess að greiða þennan kostnað.

En á réskj. nr. 16 getur stefnda þess þó, að umsamið gjald fyrir þetta séu 20 aurar fyrir tunnu og kemur það heim við það, sem aðalstefnandi reiknar sér. Verður því þessi liður til greina tekinn.

Um 6. Aðalstefnandi reiknar sér hér kr. 14.60 fyrir viðhald eftir 1. okt. 1931. Í málinu er upplýst, að Síldareinkasalan tók á sig að bera kostnað við viðhald síldar eftir þann tíma, og því þykir verða að samþykkja þennan kröfulið aðalstefnanda, enda eru hér að lútandi mótmæli hinnar stefndu skilanefndar óákveðin.

Um 7. Þennan lið telur stefnda þegar greiddan, og verður þessi upphæð þá af sömu ástæðum og um 3. lið segir ekki dregin frá kröfu aðalstefnanda.

Hin stefnda skilanefnd kveður aðalstefnanda ekki hafa tilfært á reikningi sínum einkasölunni til tekna fragtgreiðslur, er einkasalan hafi lagt út fyrir hann, né heldur andvirði merkistafa, svertu og tunnutappa, og nemi þessar upphæðir til samans kr. 407.50, sem beri að draga frá kröfu hans. Aðalstefnandi hefir mótmælt þessum gjaldaliðum, og þar eð ekki hefir verið gagnstefnt fyrir þeim, er ekki unnt að taka þá til greina.

Niðurstaðan verður því sú, að dómkrafa aðalstefnanda lækkar sem hér segir: Samkv. 2. lið kr. 9219.50 og samkv. 4. lið kr. 1163.23, eða samtals um kr. 10382.73, niður í kr. 24517.58.

Ber því næst að athuga gagnkröfu gagnstefnanda og hvort þar verði um skuldajöfnuð að ræða.

Tilefni gagnstefnunnar kveður gagnstefnandi vera það, að Síldareinkasalan hafi skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda út af skemmdri síld, er hann hafi verkað, og seld hafi verið fyrirfram til Hamborgar, en reynzt ónýt og skemmd. Hefir hún aðeins selzt fyrir áföllnum kostnaði í Hamborg. Fyrir upphæð skaðabótakröfunnar gerir gagn-

stefnandi svofellda grein: Alls hafi 511 heiltunnur og 2184 hálftunnur reynzt ónýtar. Umsamið söluverð hafi verið sem svaraði 36 ísl. kr. pr. tunnu. Nemi tjón einkasölunnar þannig (511 × 36 + 2184 × 18) kr. 57708.00, eins og stefnt er fyrir.

Rétturinn getur nú ekki fallizt á það, að unnt sé fyrir gagnstefnanda að krefjast skaðabóta af aðalstefnanda miðað við umsamið söluverð síldarinnar. Síldareinkasalan átti aðeins að annast sölu fyrir aðra, en var ekki sjálfstæður kaupandi að síldinni. Hinsvegar verður réttinn að fallast á, að einkasölunni sé heimilt að draga frá kröfu aðalstefnanda andvirði tunna, salts og annars efnis, er hún hafi látið aðalstefnanda í té og greiðast átti með innihaldi tunnanna, er ónýtt reyndist. Ábyrgðin á skemmdunum getur ekki að áliti réttarins fallið á einkasöluna, hvorki samkvæmt einkasölulögunum né samþykktum stjórnenda hennar. Gagnstefnandi hefir í málinu sýnt fram á það, að andvirði tunna, salts o. s. frv. nemi minnst kr. 10.00 pr. tunnu, og verður að álítast, að krafa til endurgreiðslu sé fólgin í gagnkröfu gangstefnanda. Samkvæmt þessu ætti einkasalan rétt á að draga frá kröfu aðalstefnda í aðalsök (kr. 10 × 511 + kr. 5 × 2184) kr. 16030.00. Er þessi upphæð hefir verið dregin frá kröfu aðalstefnanda í aðalsök, er til greina hefir verið tekin, verða eftir kr. 8487.58. Þá upphæð ber að viðurkenna sem kröfu aðalstefnanda í bú Síldareinkasölunnar í Likvidation.

Engin rök liggja til þess að viðurkenna forgangsrétt ofangreindrar kröfu, eins og aðalstefnandi hefir krafizt, og ekki er heldur unnt að taka til greina kröfu hans um forgangsrétt til tryggingar fjár þess, kr. 1000.00, er sett var, er munir þeir, sem upphaflega var krafizt haldsréttar yfir, voru teknir úr vörzlum aðalstefnanda. Nefnda muni hafði einkasalan látið aðalstefnanda í té með greiðslufresti í hans þágu og voru þau viðskipti ekki þannig vaxin, að haldsréttur gæti stofnazt, jafnvel þótt einkasalan hefði, einnig í þágu aðalstefnanda, tekizt á hendur að greiða söltunarkostnaðinn. Krafa aðalstefnanda verður því viðurkennd aðeins sem almenn krafa.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 300 upp í málskostnað.

Sökum margvíslegra embættisanna hefir dómur í máli þessu ekki orðið uppkveðinn fyrr en nú.

Mánudaginn 22. febrúar 1937.

Nr. 107/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Karli Guðmundssyni
(Lárus Jóhannesson)
og Guðmundi Skúla Björnssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Tveir menn kærðir fyrir ólöglega áfengissölu. Annar dæmdur til refsingar, en hinn sýknaður.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. maí 1936: Kærður Karl Guðmundsson greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður Guðmundur Skúli Björnsson greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður Karl greiði í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar, hrm., 35 kr. Kærður Guðm. Skúli Björnsson greiði til skipaðs talsmanns síns, Garðars Þorsteinssonar, hrm., í málsvarnarlaun 35 kr. Annar kostnaður sakarinnar greiðist af kærðum in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það upplýst, að á páskadagskvöld 12. apríl 1936, hringdi maður að nafni Gústaf Kristjánsson í síma til kærða Karls Guðmundssonar á Bæjarbílstöðina, og bað hann um að senda sér eina flösku af „brandy“. Hefir kærður viðurkennt að hafa orðið við beiðni þessari og útvegað og sent

nefndum Gústaf eina flösku af brennivíni, og greiddi Gústaf kærða síðar andvirði flöskunnar með 7 krónum. Hefir kærði Karl við rannsókn málsins ekki getað gert eða viljað gera neina grein fyrir því, hvernig eða hvar hann hafi útvegað flösku þessa. Vitnaframburðir þeir, sem fram eru komnir í máli þessu og varða kærða Karl, gera það og mjög sennilegt, að hann hafi sjálfur fengizt við áfengissölu á Bæjarbílstöðinni, þótt ekki sé nægilega sannað um neina einstaka aðra sölu af hans hálfu en þá, sem að framan greinir til Gústafs Kristjánssonar. Brot kærða Karls, sem nú var lýst, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaganna, nr. 33/1935. Þykir og refsing fyrir brotið hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðmundur Skúli hefir staðfastlega neitað því, að hann hafi selt nokkrum manni áfengi. Hefir aðeins eitt vitni, Sverrir Briem, borið það, að kærði Guðmundur hafi selt því áfengi, en hvorttveggja er, að þar er aðeins um framburð eins vitnis að ræða, og að skýrsla þess um aðalatriði málsins, hvar og hvenær kaup þessi hafi gerzt, er mjög óákveðin. Gegn neitun kærða Guðmundar er því ekki sannað í máli þessu, að hann hafi gerzt sekur um brot á ákvæðum áfengislaganna. Ber því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að greiða úr ríkissjóði kostnað við gæzluvarðhald kærða Guðmundar Skúla og málsvarnarlaun talsmanns hans í héraði, 35 kr., og verjanda hans fyrir hæstarétti, 100 kr.

Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti ber kærða Karli að greiða, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, kr. 35, og málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, kr. 150 og skipaðs verjanda síns fyrir sama rétti, kr. 100.

Við rannsókn máls þessa er það aðfinnsluvert, *að* ekki verður séð, að nægileg gangskör hafi verið að því gerð, að ná í og leiða sem vitni ýmsa þá menn, sem ætla má, að hafi pantað áfengi frá Bæjarbílstöðinni í símtali, eða beðið afgreiðslumann hennar eða bifreiðastjóra á þann hátt að útvega áfengi, eftir skýrslu manna þeirra, sem hlustuðu á símtöl við nefnda stöð, *að* þeir Stefán Gíslason og Benedikt Sveinsson, sem vottorð hafa gefið í málinu, hafa ekki verið leiddir sem vitni og mátti þó ráða af vottorðinu, að skýrsla þeirra fyrir rétti gæti haft veruleg áhrif á úrslit málsins að því, er varðaði kæruna á hendur Guðmundi Skúla, *að* sakborningar voru ekki samprófaðir við menn þá, er hlustuðu á símtölin við Bæjarbílstöðina, er um ræðir í málinu, þrátt fyrir véfengingu sakborninga á því, að sum símtölin hafi átt sér stað og að svör þeirra í öðrum símtölum væru rétt eftir höfð, og loks *að* engin vitni, sem leidd hafa verið í málinu, hafa verið eiðfest, að undanteknu vitninu Sverri Briem, og voru framburðirnir þó að mestu leyti véfengdir af hinum kærðu, og þó einkum skýrslur manna þeirra, sem á símtölin hlustuðu. Sést ekki, að síðastnefndir menn hafi verið kvaddir fyrir rétt sem vitni fyrr en eftir að rannsókn máls þessa var lokið í lögregluréttinum og sakborningum hafði verið tilkynnt málshöfðun. Er þá bókað, að þeir staðfesti skýrslu um símtölin, en ekki eru þeir

eiðfestir og ekki eru sakborningar kvaddir til þess að hlýða á þessa staðfestingu vitnanna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Guðmundur Skúli Björnsson á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Karl Guðmundsson greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 20 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kostnaður við gæzluvarðhald kærða Guðmundar Skúla Björnssonar og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, samtals kr. 135.00, greiðist úr ríkissjóði.

Kærði Karl Guðmundsson greiði allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Lárusar Jóhannessonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 35.00, málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 150.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

I.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Guðmundssyni, afgreiðslumanni, til heimilis Laugavegi 44 hér í bæ, og Guðmundi Skúla Björnssyni, til heimilis Leifsgötu 28 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33, 1935.

Kærðir hafa fyrr sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér í lögsagnarumdæminu:

Karl Guðmundsson:

1926 $^{3}/_{9}$ Kærður fyrir brot gegn reglugerð frá $^{23}/_{3}$ 1926 um útvarp 12. gr. Kæran var afturkölluð.
1932 $^{11}/_{1}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
1932 $^{26}/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 $^{13}/_{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1933 $^{19}/_{1}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1935 $^{2}/_{5}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1935 $^{13}/_{9}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Guðm. Skúli Björnsson:

1930 $^{27}/_{8}$ Sætt 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1930 $^{13}/_{11}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1930 $^{17}/_{11}$ Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.
1931 $^{21}/_{1}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1931 $^{30}/_{6}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1932 $^{29}/_{6}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934 $^{27}/_{9}$ Sætt 500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1935 $^{4}/_{5}$ Aðvörun fyrir brot gegn umferðarreglum.

Með dómsúrskurði, uppkveðnum 8. f. m., var ákveðið að hlusta skyldi á símasamtöl, er fram færu við símanúmer Bæjarbílstöðvarinnar, en lögreglan hafði áður fengið rökstuddan grun um, að áfengi væri selt frá stöðinni og var gjört orð á því, að það væri sérstaklega pantað í gegnum símann. Trúnaðarmenn lögreglunnar hlustuðu síðan símann næstu daga á eftir og tóku upp fjölda símtala snertandi áfengissölu, er átt hafa verið bæði við nafngreinda menn á bifreiðastöðinni og eins þann, er það og það skiptið ansaði í símann án þess að tilgreina nafn sitt. Eru þau lögð fram í rannsókn málsins.

II.

Kærður Karl Guðmundsson er afgreiðslumaður stöðvarinnar og hefir verið síðan í haust. Hann hefir viðurkennt að hafa oftsinnis verið beðinn að útvega áfengi bæði í gegnum síma og eins snúi menn sér persónulega til stöðvarinnar í slíkum erindum. Hann hefir haldið því fram, að hann héldi öllum slíkum beiðnum til bifreiðastjóra stöðvarinnar, en hefir neitað því að hafa nokkru sinni sjálfur selt áfengi eða stuðlað að útvegun þess á annan hátt.

Allmörg af símtölum þeim, er tekin hafa verið upp, eru átt við kærðan, og lofar hann þar jafnan að senda áfengi það, sem um er beðið, eða útvega það.

Í máli kærðs hafa verið leidd nokkur vitni og skal vitnisburður þeirra nú rakinn.

Vitnið Gústaf Jóhann Kristjánsson hefir viðurkennt að hafa pantað áfengi hjá kærðum á páskadaginn. Kveðst vitnið hafa spurt kærðan, hvort hann ætti áfengi, og hafi kærður svarað því svo, að það væri farið að minnka, en þó gæti hann látið vitnið hafa eina brennivínsflösku. Á fengið var síðan sent heim til vitnisins. Ekki hefir orðið upplýst, hver með það fór. Borgaði vitnið aksturinn strax og greiddi kærðum síðan andvirði flöskunnar með kr. 7.

Vitnið Ágúst Liljequist Lárusson hefir borið það að hafa hvað eftir annað keypt áfengi af kærðum. Kveðst vitnið venjulega hringja til kærðs og biðja hann að senda sér áfengið og séu þá hinir eða aðrir sendir með það til sín. En um áfengiskaupin kveðst vitnið einungis hafa samið við kærðan og skoðað hann sem seljanda þess og stundum fengið gjaldfrest á andvirðinu og þá gert það upp við kærðan síðar.

Þá hefir vitnið Ólafur Þorgrímsson borið það að hafa hringt á Bæjarbílstöðina og beðið Sigurð Kristin Ólafsson, bifreiðarstjóra þar, að útvega sér einn whiskypela og færa sér. Kristinn lofaði að reyna það og kom skömmu síðar með pelann. Vitnið vantaði þá upp á andvirðið og hringdi því til kærðs og bað hann að eiga það hjá sér, en kærður neitaði því, og fór Kristinn því aftur við svo búið án þess að af kaupum yrði.

Sigurður Kristinn hefir staðfest þenna framburð vitn-

isins. Hann kveðst hafa tjáð kærðum þessa beiðni vitnisins og fékk hann honum þá whiskypela til þess að fara með til vitnisins. Um verð var ekki talað, en hann kveðst hafa gengið út frá því, að hann ætti að kosta kr. 10. — Þegar hann kom til vitnisins, reyndist það ekki hafa meira en kr. 5 — og fór fram á að fá afganginn lánaðan og hringdi til kærðs um það, en kærður neitaði þá að verða við því og varð því ekki úr kaupunum.

Sigurður Kristinn hefir ennfremur borið, að hann hafi farið með pakka og flöskur fyrir kærðan til Ágústs L. Lárussonar. Ennfremur hefir hann borið, að í tvö skipti ekki alls fyrir löngu hafi hann farið með áfengi frá kærðum til Sverris Briem. Hefir Sverrir og skýrt svo frá, að hann hafi stundum hringt á stöðina og pantað þaðan áfengi og kveðst þá stundum hafa átt tal um það við kærðan. Hefir Sigurður Kristinn borið það, að í hvorugt skiptið hafi hann tekið peninga hjá Sverri fyrir áfengið, heldur aðeins fært honum það fyrir kærðan. Áfengið afhenti kærður Kristni á stöðinni, en ekki taldi hann sig vita, hvort kærður geymdi ella áfengi á stöðinni eða ekki.

Kærður hefir haldið fast við fyrrgreindan framburð sinn, að afskipti sín af áfengisútvegunum stöðvarinnar væru þau ein að afgreiða beiðnirnar til bifreiðastjóranna. Hann hefir viðurkennt það, að hafa orðið við beiðni vitnisins Gústafs Kristjánssonar og hafa látið fara með áfengi heim til hans og tekið síðar við greiðslu fyrir það, en enga grein gjört fyrir því, hvernig hann hafi útvegað það eða hvern fengið til að fara með það til vitnisins. Hann hefir og viðurkennt að hafa stundum útvegað Ágúst Lárussyni áfengi, en ávallt með sama hætti og áður er frá skýrt, þannig að fá einhvern bifreiðastjóranna til að útvega það, en þó kveðst hann stundum hafa lagt út fé fyrir því frá sjálfum sér í bráðina. Hann hefir aftur á móti neitað að hafa sent áfengi með Sigurði Kristni, hvorki til Ólafs Þorgrímssonar né Sverris Briem né að hafa nokkru sinni áfengi hjá sér til sölu.

Þrátt fyrir þessa neitun kærðs, þykir nægilega sannað með framangreindum gögnum, að hann hafi gjörzt sekur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. mgr. áfengislaga nr. 33. 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, sem greiðist innan mánaðar frá lögbirt-

ingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

III.

Kærður Guðmundur Skúli Björnsson er bifreiðarstjóri við Bæjarbílstöðina. Hafa verið tekin upp 3 símtöl, er menn hafa átt við hann viðvíkjandi áfengiskaupunum, og eru þau lögð fram í málinu. Lofaði kærður í öll skiptin að útvega áfengið.

Tvö af þessum símtölum hefir kærður neitað að hafa átt, en eitt kveður hann hafa verið átt við sig af samverkamanni sínum á stöðinni í gamni undir nafni annars manns og hafi engin áfengissala átt sér stað út af því.

Hinir tveir viðtalendur kærðs sögðu ekki svo greinilega til sín, að með vissu yrði ráðið, hverjir það væru, svo þeir yrðu leiddir sem vitni í málinu. Annað þeirra símtala er frá því 10. apríl kl. 3,36, og átti kærður það við mann, að nafni Sverri. Þegar kærður er látinn gera grein fyrir, hver það sé, kveðst hann þekkja Sverri Briem, verzlunarmann, og var hann þá leiddur sem vitni í málinu.

Vitnið bar það þegar, að það hefði nokkrum sinnum fengið áfengi hjá kærðum og tilnefndi sérstaklega tvö skipti, föstudaginn langa og laugardaginn næstan á eftir. Kveðst vitnið hafa hringt á kærðan í bæði skiptin og fengið hann til að færa sér whiskypela. Í annað skiptið tók vitnið sjálft við áfenginu af kærðum, en í hitt skiptið var annar viðstaddur. Í annað skiptið fékk vitnið áfengið lánað, en í hitt skiptið borgaði það það. Síðar leiðrétti vitnið þennan framburð sinn og kvað þetta þá ekki hafa getað verið á föstudaginn langa, því þá var það í burtu úr bænum. Þá hefir vitnið heldur ekki getað munað, um hvaða leyti sólarhrings þetta hafi verið. Þennan framburð sinn hefir vitnið staðfest með eiði.

Kærður hefir með öllu þrætt fyrir að hafa selt áfengi og sérstaklega neitað áfengissölu til vitnisins. Hann hefir og talið sér með öllu ókunnugt um, að nokkur vínsala eða vínútréttingar færu fram frá bifreiðastöðinni.

Þrátt fyrir þessa neitun kærðs þykir með hliðsjón af símtölum þeim, er tekin hafa verið upp í síma bifreiðastöðvarinnar, og framburði meðkærðs Karls Guðmundssonar löglega sannað með þessum framburði vitnisins, að kærður hafi gjörzt sekur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. mgr.

áfengislaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Af kostnaði sakarinnar greiði kærður Karl Guðmundsson málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm., þykir (sic) hæfilega ákveðin kr. 35. Kærður Guðm. Skúli Björnsson greiði talsmanni sínum, hrm. Garðari Þorsteinssyni, málsvarnarlaun, kr. 35. -- Annan kostnað sakarinnar greiði kærðir in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1937.

Nr. 84/1936. **Magnús Th. S. Blöndahl h/f**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Arinbirni Steindórssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur til að greiða innheimtulaun samkvæmt lágmarkstaxta málflutningsmannafélags Íslands af skuld, sem málfærslumaður hafði innheimt hjá honum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1936: Stefndur, Magnús Th. S. Blöndal h/f., greiði stefnandanum, Arinbirni Steindórssyni, kr. 138.50 með 6% ársvöxtum frá 31. janúar 1936 til greiðsludags og kr. 74.60 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 11. júní f. á., og gert þær dómkröfur, *aðallega* að hann verði algerlega sýknaður og stefndur dæmdur til að greiða honum máls-

kostnað í héraði og hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann þess, að höfuðstólsfjárhæð dómkröfu stefnda verði færð niður um kr. 26.29, eða niður í kr. 112.21, og að stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað svo sem að framan segir. Stefndur gerir hinsvegar þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að innstæða kröfu hans verði lækkuð niður í kr. 112.21. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðdragandi máls þessa er sá, að stefndur hafði um nokkur ár verið starfsmaður við atvinnurekstur áfrýjanda og skyldi hafa á þeim tíma, er hér skiptir máli, kr. 300.00 í laun á mánuði. Allt árið 1935 urðu töluverð brögð að því, að stefndur fékk ekki, nema að nokkru leyti, greidd mánaðarlaun sín jafnóðum og þau féllu í gjalddaga. Staðhæfir stefndur, að greiðsludráttur þessi hafi orðið án samþykkis síns, enda kveðst hann hafa haft mikil óþægindi af vanskilunum. Með bréfi dags. 1. okt. 1935, sagði áfrýjandi stefnda upp starfi sínu frá 1. jan. 1936 að telja og með bréfi, dags. 30. nóv. s. á., endurnýjaði hann uppsögnina. Sem ástæðu bar áfrýjandi fyrir sig erfiðleika við öflun hráefna til atvinnurekstursins og minnkandi framleiðslu og sölu, er hann taldi stafa af hráefnaskortinum. Um það leyti, sem uppsögnin skyldi koma til framkvæmdar, gafst stefnda þess kostur að halda starfi sínu hjá áfrýjanda, ef hann gerðist kaupandi að hlutabréfum, er hluthafi einn í félaginu vildi selja, og telur áfrýjandi, að tilætlunin hafi verið sú, að það, sem ógreitt var af kaupi stefnda, skyldi ganga upp í greiðslu hlutabréfanna, en stefndur kveðst hafa lýst yfir því, þegar er þessi viðskipti komu

til tals, að hann gæti hvorki lagt fram fé til hlutabréfakaupa né látið eftirstöðvar af kaupi sínu ganga til greiðslu hlutabréfa. Af samningsumleitunum þessum virðist það þó hafa leitt, að stefndur fór ekki úr þjónustu áfrýjanda fyrr en 15. jan. 1936. Átti hann þá ógreidd vinnulaun frá árinu 1935, að fjárhæð kr. 1235.00 að viðbættum kr. 150.00 fyrir vinnu í janúar 1936, eða samtals kr. 1385.00. En til frádráttar þessari fjárhæð komu kr. 262.89, sem var andvirði vöruúttektar stefnda hjá áfrýjanda á árinu 1935. Samkvæmt þessu nam skuld áfrýjanda við stefnda, þegar vinnusambandi aðiljanna sleit, kr. 1122.11. Stefndur fól nú Gústaf Ólafssyni, lögfræðing, að innheimta eftirstöðvar launa sinna hjá áfrýjanda. Téður lögfræðingur krafðist þess svo hinn 18. jan. 1936, að áfrýjandi innti af hendi greiðslu skuldarinnar ásamt kostnaði eigi síðar en hinn 21. s. m. Þenna síðarnefnda dag greiddi áfrýjandi lögfræðingnum kr. 1122.21, en neitaði að greiða innheimtulaun af skuldinni. Hefir stefndur þessvegna höfðað mál þetta til greiðslu innheimtulaunanna. Í kröfugerð sinni og málflutningi í héraði taldi stefndi innheimtulaunin eiga að reiknast af kr. 1385.00, enda hafði hann upprunalega krafið áfrýjanda um þá fjárhæð, en hér fyrir dómi er það ágreiningslaust, að skuld áfrýjanda við stefnda hafi ekki numið nema kr. 1122.11, svo sem áður segir. Innheimtulaun af þessari fjárhæð eru samkvæmt lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafélags Íslands kr. 112.21, og hefir nú stefndur lækkað kröfur sínar til samræmis við þetta. Að athuguðum framangreindum atvikum málsins, verður að telja, að áminnztur lögfræðingur eigi tilkall til innheimtulauna þessara, og kemur

þá til álita, hvort stefndur eigi aðgang að áfrýjanda um greiðslu þeirra. Úrlausn þessa atriðis veltur á því, hvort stefndur hafi haft réttmæta ástæðu til að leita aðstoðar lögfræðings við innheimtu skuldarinnar. Aðiljum málsins ber nú saman um það, að stefndur hafi krafizt greiðslu á skuldinni hinn 16. jan. 1936. Stefndur kveðst þá hafa fengið það svar, að áfrýjandi gæti ekki vegna fjárhagsörðugleika greitt í bráð. Af þessum ástæðum segist stefndur hafa orðið að leita til lögfræðings. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda kveðst hinsvegar hafa beðið stefnda að koma eftir tvo daga og vitja launanna. Þessa skýrslu sína hefir fyrirsvarsmanni áfrýjanda þó ekki tekizt að sanna og kemst áfrýjandi þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því að greiða innheimtulaunin. Ber þessvegna að taka kröfur stefnda í málinu til greina, þar með talin staðfesting á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Magnús Th. S. Blöndal h/f, greiði stefnda, Arinbirni Steindórssyni, kr. 112.21 með 6% ársvöxtum frá 31. jan. 1936 til greiðsludags, kr. 74.60 í málskostnað í héraði og kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 6. febr. 1936 af Arin-

birni Steindórssyni hér í bæ, gegn Magnúsi Th. S. Blöndahl h/f hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 138.50 með 6% ársvöxtum frá 31. janúar 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, er skv. framlögðum reikningi nemur kr. 74.60.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar. Ennfremur krefst hann þess, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi átti kr. 1385.00 hjá stefndum sem ógreidd vinnulaun. Fól hann málflutningsmanni innheimtu þessarar skuldar, og greiddi stefndur hana til málflutningsmannsins, en neitaði að greiða innheimtulaun, en þau eru hin umstefnda upphæð. —

Því er ómótmælt haldið fram í máli þessu, að þegar umræddu vinnusambandi sleit, hafi stefnandi átt meira en 4 mánaða kaup hjá stefndum og að hann hafi fengið neitun um greiðslu á því. —

Stefnandi virðist því ekki hafa haft önnur ráð en þau, að fela málflutningsmanni innheimtu kaupsins og eins og á stóð hlaut það að verða gert á kostnað stefnds. Innheimtulaunin verða að teljast fallin á, þegar er málflutningsmaðurinn hefir fengið kröfuna í hendur, og í þessu tilfelli bar stefndum því að greiða þau ásamt höfuðstól skuldarinnar, og með því að þau eru rétt reiknuð skv. taxta M. F. Í., þá verða úrslit máls þessa þau, að allar kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1937.

Nr. 131/1936. Réttvísin (Lárus Fjeldsted)

gegn

Ingibergi Þorkelssyni

(Eggert Claessen).

Maður sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. desember 1935:

Ákærði, Ingibergur Þorkelsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda ákærða, hrm. Eggerts Claessen, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur hæstaréttar.

Það er ekki upplýst, að telpa sú, er beið bana við það tækifæri, sem í máli þessu greinir, hafi verið komin á sandhrúguna, þegar ákærði tók þaðan börnin tvö til þess að varna því, að þau yrðu fyrir bifreiðinni, og verður því ekki gengið út frá því, að ákærða hafi þá yfir telpuna sézt. Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann með framanskráðri athugasemd.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ríkissjóð til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Eggerts Claessen, 80 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ingibergi Þorkelssyni, byggingarmeistara, Bjarkargötu 10 hér í bænum, fyrir brot gegn 17. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. apríl 1883. Hann hefir eigi áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 19. september 1934, kl. rúmlega 10 árdegis, ók Aage Kristen Pedersen, bifreiðarstjóri, bifreiðinni R. E. 79 með sandhlassi að húsum, sem ákærði hafði í smíðum á horni Ásvallagötu og Blómvallagötu hér í bænum. Ók hann suður Blómvallagötuna, stöðvaði á móts við bygginguna og snéri afturenda bifreiðarinnar að sandhrúgu, sem safnað hafði verið að byggingunni. Hefir bifreiðarstjórinn skýrt svo frá, að hann hafi nú litið aftur fyrir bifreiðina í aðgæzluskyni um glugga, sem var aftan á stýrishúsinu, og hafi hann þá ekkert séð athugavert afturundan. Hinsvegar hafi hann séð, að ákærði stóð á sandhrúgunni aftur undan bifreiðinni. Er bifreiðarstjórinn þannig sá ekkert athugavert afturundan bifreiðinni jafnframt því, sem hann treysti því, að ákærði mundi gera sér aðvart, ef eitthvað væri athugavert, þá ók hann bifreiðinni aftur á bak áleiðis upp í sandhrúguna án þess að spyrjast fyrir um, hvort hættulaust væri, án þess að gefa nokkurt merki til viðvörunar um, að hann æki aftur á bak. Er bifreiðarstjórinn hafði ekið nokkuð þannig, heyrði hann ákærða kalla fyrir aftan bifreiðina. Skildi bifreiðarstjórinn það svo, að hætta væri á ferðum, og stöðvaði hann þá bifreiðina með því að beita bæði fót- og handhemlum. Virtist bifreiðin hafa stöðvazt mjög fljótt. En þá hafði 7 ára gömul telpa, Halldóra Jörgensen, orðið fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún beið þegar bana. Varð telpan fyrir hægra afturhjóli bifreiðarinnar, sem fór yfir hana. Samkvæmt vottorði dr. med. Halldórs Hansen, sem liggur fyrir í málinu, var banameinið hauskúpubrot (fractura baseos croini (sic)).

Vitnið Kristín Guðnadóttir kveðst hafa verið statt í stofu á neðri hæð hússins Ásvallagötu 14 og þaðan séð út um glugga, að telpan, sem fyrir slysinu varð, gekk frá timburhlaða, sem var vestan við umrædda nýbyggingu, upp í sandhrúguna og settist þar og fór að leika sér í sandinum. Kveðst vitnið hafa horft á telpuna þannig, án þess að verða bifreiðarinnar vart, en þá alveg í sömu andránni séð bifreiðina aka aftur á bak og að telpunni, sem snéri baki að bifreiðinni. Skipti það síðan engum

togum, að bifreiðin fór yfir telpuna, en stöðvaðist þá rétt um leið.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, verkamaður, sem stóð vestan við nýbygginguna, kveðst hafa litið upp, er það heyrði ákærða kalla. Sá vitnið þá, að bifreiðin var á ferð aftur á bak og að telpan lá að minnsta kosti á öðru hnénu og og snéri baki að bifreiðinni í ca. tveggja metra fjarlægð frá hægra afturhjólinu, sem síðan rann yfir telpuna, en þá stöðvaðist bifreiðin.

Ákærði var staddur við nýbygginguna, er framangreind atvik gjörðust, og hefir hann lýst aðdraganda að slysinu og slysinu sjálfu, eins og nú skal greina: Um leið og bifreiðarstjórinn ók að byggingunni, snéri hann bifreiðinni þannig, að hún var um það bil þversum á götunni og vissi afturendinn að umræddri sandhrúgu. Á sandhrúgunni afturundan voru tvö börn, sem ákærði óttaðist að kynnu að verða fyrir bifreiðinni. Fór ákærði því upp á sandhrúguna og tók börnin í burtu. Á leiðinni burtu með börnin snéri ákærði baki að bifreiðinni, en um leið og hann lét þau frá sér, snéri hann við og varð þá litið í áttina til bifreiðarinnar. Sá ákærði þá, að lítil telpa lá á hnjánum og snéri baki að bifreiðinni, sem nú var komin á ferð aftur á bak og átti aðeins eftir eitt til tvö fet ófarin að telpunni, miðað við afturhjólin, og var vörupallur bifreiðarinnar þegar kominn yfir hana. Með því að það var eigi á færi ákærða að forða telpunni, þá kallaði hann til bifreiðarstjórans að nema staðar, sem hann þá gjörði, en þá hafði hægra afturhjólið farið yfir telpuna, og virtist ákærða hún dáin, er hann tók hana upp. Kveður ákærði bifreiðarstjórann hafa ekið aftur á bak án þess að gefa nokkurt merki þar um og án þess að spyrja ákærða, hvort hættulaust væri. Ákærði kveður telpuna hafa orðið fyrir slysinu rétt á sama stað og umrædd börn voru, er ákærði tók þau, og telur ákærði því, að telpan hafi komið á þennan stað eftir það. Um það, hvort bifreiðin var komin af stað afturábak, er ákærði tók umrædd börn frá, kveðst hann eigi geta sagt með vissu, en segist ekki muna betur en hún væri þá kyrr.

Að framan hefir verið rakið í aðalatriðum það, sem prófin hafa leitt í ljós um slys þetta. Samkvæmt því er

það upplýst, að akstri bifreiðarinnar var eigi hagað eftir fyrirmælum ákærða, né heldur byggði bifreiðarstjórinn athafnir sínar á upplýsingum frá ákærða. Ákærða verður eigi gefið það að sök, þó hann ekki tæki sig fram um það, að gefa bifreiðarstjóranum fyrirskipanir um hreyfingar bifreiðarinnar, enda virðast ástæður hafa verið þannig, að ákærði hafi mátt gera ráð fyrir því, að bifreiðarstjóranum væri innan handar að fylgjast með því sjálfur, hvort akstur inn væri hættulaus eða ekki.

Af þessu leiðir, að ákærða verður ekki gefin sök á slysinu og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar á almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, hrm. Eggerts Claessen, er þykja hæfilega ákveðin 50 kr.

Föstudaginn 26. febrúar 1937.

Nr. 50/1936. **N. V. André Hertzberger**
gegn
Jóni E. Waage f. h. Verzlunin Waage

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, N. V. André Hertzberger, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1937.

Nr. 188/1936. **Árni Þorsteinsson**

gegn

Garðari Þorsteinssyni f. h. Þorleifs Kristóferssonar

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1937.

Nr. 189/1936. **Kristján Vigfússon**

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Vigfússon, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. marz 1937.

Nr. 44/1936. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Aage R. Schiöth
(Garðar Þorsteinsson).

Lyfsali sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna, áfengislöggjöfinni og lyfsöluskránni.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 28. jan. 1936: Kærður, Aage Schiöth, lyfsali Siglufirði, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, en að öðru leyti sé kærður sýkn af frekari kröfum valdstjórnarinnar í þessu máli.

Kærður greiði og allan af málinu leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem undirréttarstefnan í máli þessu, dags. 16. marz 1935, er orðuð, er ákærðum gefið það að sök, að hann hafi „brotið áfengislöggjöfina og gildandi lyfjaskrá með því að selja ólöglega og of dýra anisbrjóststaft, chinabrjóstsaft og kaneldropa úr lyfjabúð sinni á Siglufirði án áfengislyfseðils“ og er mál þetta á þessum grundvelli höfðað á hendur honum af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna, lögum nr. 69 frá 1928, lögum nr. 64 frá 1930, reglugerð frá 31. desember 1930 (nr. 95/1931) svo og fyrir brot á lyfsöluskránni.

Lögin nr. 69 frá 1928, um einkasölu á áfengi, veita ríkisstjórninni einni heimild til að flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heim-

ilt er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli og fjalla að öðru leyti um fyrirkomulag áfengisverzlunar ríkisins. Lög þessi snerta hinsvegar á engan hátt framangreint sakarefni (sölu fyrrgreindra lyfjablandna), en um það hefir rannsókn máls þessa snúizt eingöngu, en ekki hitt, hvort ákærður hafi með innflutningi á þessum og svipuðum lyfjablöndum brotið ákvæði laganna um áfengisinnflutning. Verður ákærður því ekki í þessu máli sakfelldur fyrir brot á nefndum lögum.

Í máli þessu er það sannað með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum, að í lyfjabúð hans hafi sama manni í einu verið án lyfseðils seld 500 gr. af anisbrjóstsaft. Á sama hátt er sannað, að öðrum manni hafi með sama hætti verið seld 250 gr. af chinabrjóstsaft og enn öðrum 125 gr. af kaneldropum. Enda er viðurkennt, að blöndur þessar hafi með svipuðum hætti verið seldar í lyfjabúð ákærðs hverjum, sem hafa vildi, öðrum en ölvuðum mönnum. Anisbrjóstsaftina er upplýst að ákærði hafi selt í 125 eða 250 gr. glösum og hafi verðið á hverju glasi verið kr. 2.50 fyrir minni glösin en kr. 5.00 fyrir þau stærri. Áfengisstyrkleikinn í þessum lyfjablöndum hefir reynzt: í anisbrjóstsaft ca. 32%, í chinabrjóstsaft ca. 30% og í kaneldropum 83% eftir rúmmáli. Telur ákærði, að sér hafi verið heimilt að selja lyfjablöndur þessar án lyfseðils, þar sem þær hafi fallið undir „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í" samkvæmt 2. lið 2. gr. reglugerðar um sölu áfengis til lækninga nr. 95/1931.

Allar umræddar lyfjablöndur voru samsettar, auk vínandans, úr ýmsum efnum, sem öll voru lögmælt á gildandi lyfjaskrá. Ennfremur er notk-

un þeirra sem lyfja all algeng. Að því er anisbrjóstsaftina snertir, en um hana hefir rannsókn málsins að langmestu leyti snúizt, kemur það fram, að nafngreindur læknir hafi notað hana mikið handa sjúklingum sínum, samsetta á sama hátt og anisbrjóstsaft þá, sem ákærði seldi, og talið hana ágætt lyf. Þá er hún í bréfi Lyfsalafélags Íslands til dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. júlí 1934, talin gott hóstameðal. Og loks virðist landlækni ekkert hafa þótt athugavert við sölu hennar sem lyfs um nokkurt skeið, því að í bréfi, dags. 5. des. 1932, skýrir ákærður honum frá sölunni, en ekki verður séð, að landlæknir hafi hreyft neinum athugasemdum gegn henni fyrr en alllöngu síðar.

Í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 64 frá 1930 er lögð refsing við því, ef lyfsalar og þjónar þeirra nota aðstöðu sína til þess að útvega eða afhenda mönnum áfengi til neyzlu. Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1931 er skýrt, hvað átt sé við með „ómenguðu áfengi“ (Áfengi eða áfeng lyf sbr. 21. gr. nefndra laga) en í 1. til 3. tölulið greinarinnar eru tilgreindar all margar undantekningar, aðallega lyfjablöndur, sem taldar eru „mengað áfengi“. Í öðrum tölulið eru m. a. nefndar: Extract fluida, Liqvor pectoralis, Vinum chinae ferratum og aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í. Upplýst er, að áfengisstyrkleikinn í Liqvor pectoralis er ca. 25% eftir rúmmáli, og er því auðsætt, að vegna áfengismagnsins mætti misnota lyf þetta til nautnar. Liggur því næst að skilja orðin „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í“ á þá leið, að með þeim sé átt við og lögð áherzla á lyffræðilega samsetningu og verkanir lyfjablandna þeirra, sem undir þetta ákvæði eiga að falla en ekki áfengismagn þeirra. Eins og áður

er drepið á, eru lyfjablöndur þær, sem ákærðum er gefið að sök að hafa selt, all algeng lyf, og ekki hefir annað komið fram, en að aðalverkandi efni þeirra séu önnur en vínandinn. Um anisbrjóstsaftina liggur það álit fyrir frá Lyfsalafélagi Íslands, að hún falli undir nefnt ákvæði. En um chinabrjóstsaftina hlýtur að gegna sama máli og um anisbrjóstsaftina, þar sem þessar blöndur eru eins saman settar að öðru leyti en því, að sú fyrrnefnda er með nokkrum aukaefnum, sem ekki eru í hinni síðari. Þá hafa tveir nafngreindir læknar látið uppi þá skoðun sína, að þeir telji allar þrjár lyfjablöndurnar falla undir ákvæðið. Loks virðist, að nú sé heimilt að selja án áfengislyfseðils samskonar lyfjablöndur (Tincturae) og um ræðir í máli þessu, samkv. ákvæðum reglugerðar um sölu áfengis til lækninga nr. 38. frá 1935, þó með þeirri takmörkun, að ekki má láta úti af þeim í einu nema tiltekinn hámarksskammt.

Að öll þessu athuguðu lítur rétturinn svo á, að lyfjablöndur þær, anisbrjóstsaft, chinabrjóstsaft og kaneldropar, sem ákærður seldi, hafi fallið undir ákvæði 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1931 og hafi ákærðum því verið heimilt að láta þær af hendi án áfengislyfseðils. Þá verður eigi, eftir því sem fram hefir komið við rannsókn máls þessa, litið svo á, að ákærður hafi selt lyfjablöndur þessar með þeim hætti, að honum hafi hlotið að vera það ljóst, að kaupendurnir mundu nota þær til nautnar. Verður því eigi séð, að ákærður með sölu þeirra hafi gerzt brotlegur við lög nr. 64 frá 1930 eða reglugerð nr. 95 frá 1931, eins og honum er að sök gefið, eða önnur lagaákvæði.

Kemur þá til athugunar, hvort ákærður hafi brot-

ið lyfsöluskrána með því að selja anisbrjóstsaftina of dýru verði. Undir rannsókn málsins hefir Lyfsalafélag Íslands látið uppi það álit sitt, að verð á 250 gr. af anisbrjóstsaft ætti að vera ca. kr. 2.55 (glasið innifalið), en ákærður seldi þetta magn á kr. 5.00. Heldur ákærður því fram, að lyfsöluskráin, sem gilti, er sala sú átti sér stað, sem honum er gefin að sök, hafi eingöngu tekið til lyfja, er seld hafi verið samkvæmt lyfseðli. Honum hafi því verið heimilt að selja anisbrjóstsaftina í lausasölu fyrir það verð, sem hann gerði.

Í umræddri lyfsöluskrá er ekki tekið fram, að verð það, er hún ákveður, skuli taka til lyfja, sem seld eru í lausasölu, og eftir eðli málsins er ekki hægt að ganga út frá því, að verðlag lyfja í slíkri sölu skuli fara eftir henni. Í síðari lyfsöluskrá er það hinsvegar beinlínis tekið fram, að þegar lyf séu seld í lausasölu þ. e. án lyfseðils, megi ekki selja þau hærra verði en ákveðið sé í þeirri skrá. Þykir af þessum ástæðum ekki nægilega sýnt fram á, að lyfsöluskrá sú, sem gilti, er kaup þessi fóru fram, hafi átt við frjálsa sölu, enda er þess að gæta, að slík ákvæði um hámarksverð eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Ber því einnig að sýkna ákærðan af umræddu kæruatriði.

Þar sem ákærður er ekki sakfelldur fyrir neitt þeirra atriða, sem honum eru gefin að sök, kemur ekki til álita í þessu máli, hvort hann sé sýslunarmaður og hafi sem slíkur gerzt brotlegur við 13. kap. hegningarlaganna.

Verður ákærður því algerlega sýknaður af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu og ber eftir þeim málalokum að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir

hæstarétti, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 200 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir í stefnu málsins aðeins talið málið höfðað af valdstjórnarinnar hálfu, enda þótt meðal annars sé stefnt fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna, svo og það að málið er nefnt valdstjórnin en ekki réttvísin og valdstjórnin gegn ákærðum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Aage R. Schiöth, skal vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Garðars Þorsteinssonar, 200 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu með stefnu, dags. 9. nóvember 1934, gegn kærðum Aage Schiöth, lyfsala, Siglufirði, til refsingar fyrir að hafa brotið áfengislöggjöfina og þágildandi lyfjaskrá með því að selja ólöglega og of dýra anisbrjóstsaft og chinabrjóstsaft og kaneldropa úr lyfjabúð sinni, og með framhaldsstefnu, dags. 16. marz 1935, er kærðum samkv. kröfu dómsmálastjórnarinnar stefnt til refsingar fyrir með þessu að hafa gerzt brotlegur gegn 13. kafla (sic) refsilaganna, lögum nr. 69/1928 og 64/1930, reglugjörð 95/1930 um sölu áfengis til lækninga og lyfjasöluskránni, þ. e. a. s. lyfjaskránni, lyfjagjaldskránni, og til málskostnaðargreiðslu.

Kærður hefir kannazt við að hafa selt anisbrjóstsaft

í glösum á 125 gr. og 250 gr., allt að 500 gr. í einu til sama manns og fyrir 5 kr. 250 gr. glas og chinabrjóstsaft allt að 250 gr. í einu til sama manns og kaneldropa allt að 125 gr., í einu til sama manns, en hann kveður sér slíkt hafa verið heimilt, þar sem þessar áfengisblöndur séu samskonar og þær blöndur, er reglugerð um sölu áfengis til lækninga 95/1930 heimili í 2. gr. 2. lið, að selja megi án lyfseðils, en téður liður 2 .gr. reglugjörðarinnar hljóðar svo: „Extrakt fluida, Liquor pectoralis vinum chinae ferratum og aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í". Áfengisblöndur þær, sem hann sé kærður fyrir að hafa selt, séu lyffræðilega skoðað „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í", þótt þær séu það ekki eingöngu áfengislega séð, því að hann viðurkennir, að þær hafi meira áfengismagn tiltölulega að rúmmáli en blöndur þær, er fyrrgreindur 2. liður 2. gr. reglugjörðarinnar greinir. Heldur hann því fram, að skilja beri orðin: „aðrar þesskonar blöndur" lyffræðilega, með öðrum orðum, sé þar átt við, „þesskonar blöndur" lyffræðilega séð. Hafi sér því verið alfrjálst að selja þær og afhenda án lyfseðils eða án áfengislyfseðils. Hann hafi selt þessar blöndur eða brjóstsaftir opinskátt og í góðri trú, hverjum, er ódrukkinn var, og á engan hátt dregið dul á sölu þeirra, eins og hann mundi hafa gert, ef hann hefði talið sig selja þær ólöglega. Lyfsalafélag Íslands hefir og gefið út álitsskjal, þar sem það telur anisbrjóstsaft heyra undir „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í" í 2. lið 2. gr. reglugjörðar 95/1930, án þess að rökstyðja það nánar, og 2 læknar hafa vottað, að þeir telji ekki ofangreindar blöndur, sem kærðum er gefið að sök að hafa selt, ómengað áfengi, er aðeins megi afhenda eftir áfengislyfseðli, án þess þeir rökstyðji það nánar.

Það liggur í augum uppi, að með reglugjörð 95/1930 um sölu áfengis til lækninga er tilgangurinn að koma í veg fyrir misnotkun áfengisblandna. Reglugjörðin gerir þetta sumpart með því í 1. og 3. lið 2. gr. að leyfa ákveðnar áfengisblöndur, sumpart í 2. lið að telja upp nokkrar blöndur sérstaklega og, þar sem sú talning verður ekki tæmandi, að leyfa „aðrar *þesskonar* blöndur, sem áfengi er í". Hlýtur því að vera átt við aðrar þesskonar blöndur, er að áfengismagni og óhæfni til áfengisnautnar megi setja í flokk með þeim blöndum, er 2. liður hefir sérstaklega til-

greint. Orðin „þess konar“ eru ekki tilvísun til svipaðra lyffræðilegra lyfja, heldur til svipaðra áfengislyfja. Nú viðurkennir kærður, að anisbrjóstsaft, chinabrjóstsaft og kaneldropar hafi miklu meira hlutfallslegt áfengismagn að rúmmáli en blöndur þær, er 2. liður nefnir sérstaklega, og geta þær því eigi sem áfengisblöndur kallazt „aðrar þess konar blöndur“, þær eru frá áfengissjónarmiði ekki „þess konar blöndur“ og geta því ekki fallið inn undir orðin í 2. lið. Það er því óleyfilegt að selja þær, nema gegn áfengislyfseðli, og sala kærða því brot á téðri reglugjörð, um sölu áfengis til lækninga (95/1930), og þá um leið á lögum 64/1930 21. gr 2. lið, en hinsvegar verður eigi talið, að kærður hafi með þessu brotið lög 69/1928, eins og honum er stefnt til ábyrgðar fyrir, því það var aðeins áfengislyfseðilinn, sem vantaði til þess að afhending þessara áfengisblandna væri lögleg. Þar sem aftur á móti aðeins mátti afhenda blöndur þessar eftir áfengislyfseðli, en kærður selt 250 gr. af anisbrjóstsaft á kr. 5.00, en viðurkennir, að rétta verðið væri kr. 2.55, ef þær mættu aðeins seljast eftir áfengislyfseðli og féllu þarafleiðandi undir lyfsöluskrána, lyfjagjaldskrána, verður að telja, að kærður með þessu hafi líka brotið lyfjaskrána, þ. e. a. s. lyfjagjaldskrána.

Af hálfu ákæruvaldsins hefir verið lögð áherzla á, að sakborning bæri að skoða sem opinberan sýslunar- og embættismann og að brot hans heyrði undir 13. kafla refsilaganna sem sýslunar- eða embættisbrot. Hefir í því sambandi verið bent á, að lyfsalar þurfi að fá leyfi ríkisvaldsins til þess að reka lyfsölu, að lyfsalar vinni eið að því að starfa lögum samkvæmt, lyfsalar þurfi að fullnægja sérstökum þekkingarskilyrðum o. s. frv. Um þessi atriði má segja, að þau geri það eðlilegt, að refsilöggjöfin tæki til lyfsala sem opinberra sýslunarmanna, og einkum vegna mikilvægi starfs þeirra fyrir þjóðfélagið, en án sérstakrar heimildar í refsilöggjöfinni eða skýlausra ákvæða annarra laga verður að telja óheimilt að refsa þeim sem opinberum sýslunarmönnum fyrir brot í starfi þeirra. Lyfsölustarfið er að lögum einkaatvinnurekstur eins og starf löggiltra embættislausra starfandi lækna, sem líka er eigi síður mikilvægt fyrir þjóðfélagið og sem bæði þurfa leyfi ríkisvaldsins til starfans og verða að vinna eið að starfi

sínu. En einkum virðist óheimilt að refsa lyfsölum sem opinberum sýslunarmönnum skv. 13. kafla refsilaganna, er athugað er hið sögulega samband refsilaga vorra við dönsku refsilögin frá 1866, sem ísl. refsilögin eru að mestu aðeins þýðing af. Í athugasemdum við danska lagafrumvarpið var það berum orðum tekið fram, að lyfsalar teldust ekki til opinberra sýslunarmanna. Sameining lyfsölustarfsins á Íslandi í fyrstu við landlæknisstarfið er þýðingarlaust í þessu sambandi. Það verður því að teljast óheimilt samkv. ísl. refsilöggjöf að telja sakhæfi lyfsala sem opinberra sýslunarmanna, enda þótt full ástæða væri til að refsilöggjöfinni yrði breytt í það horf, og ber því að sýkna kærðan af kröfum ákæruvaldsins fyrir brot á 13. kafla refsilaganna.

Kærður, sem áður hefir eigi sætt refsingu af hálfu þess opinbera, nema 20 kr. sekt fyrir helgidagsbrot, hefir samkv. framangreindu gerzt brotlegur gegn reglugjörð 95/1930 um sölu áfengis til lækninga, gegn áfengislögunum, 64/1930, 21. gr. 2. lið og þágildandi lyfsöluskrá (lyfjagjaldskrá) og virðist refsing hæfilega ákveðin 500 kr. sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 3. marz 1937.

Nr. 122/1936. **Eggert Claessen f. h. Poul Salomonsen** (Eggert Claessen)

gegn

Gísla Vilhjálmssyni og gagnsök (Jón Ásbjörnsson).

Héraðsdómari neitaði aðilja ranglega um frest í máli, og kvað síðan upp efnisdóm í málinu.

Héraðsdómurinn og málsmeðferðin frá þeim degi, er frestinn hefði átt að veita, þessvegna ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu, sem aðaláfrýjandi hefir skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 28. ág. f. á., til staðfestingar héraðsdómnum, hefir gagnáfrýjandi, Gísli Vilhjálmsson, skotið til hæstaréttar með gagnstefnu, útgefinni 2. nóv. f. á., og gert þá aðalkröfu, *að* úrskurður, er kveðinn var í héraði upp í málinu 4. ágúst f. á., verði felldur úr gildi og að öll meðferð málsins þar frá þeim degi og hinn áfrýjaði héraðsdómur verði ómerktur, *að* málinu verði svo vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar og *að* héraðsdómarinn verði skyldaður til að veita gagnáfrýjanda hæfilegan frest í málinu. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Þessi aðalkrafa gagnáfrýjanda, sem af hálfu aðaláfrýjanda hefir sætt mótmælum, hefir verið sótt og varin sér og tekin til dóms eða úrskurðar án þess að vikið hafi verið að efni sakarinnar framar en sókn og vörn aðalkröfunnar hefir veitt tilefni til.

Með samningi 8. júní 1935 skuldbatt gagnáfrýjandi sig til þess að selja Poul Salomonsen 425 tn. af síld, er afhendast áttu um miðbik september s. á. Gagnáfrýjandi efndi samning þenna að engu, en telur vanefndirnar sér vítalausar vegna ómögguleika, sem stafað hafi af veiðibresti sumarið 1935. Aðaláfrýjandi höfðaði síðan mál þetta gegn gagnáfrýjanda til fullnægjuefnda á samningnum og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða

kr. 17050.00 með 5% ársvöxtum frá 30. jan. f. á. Skírskotar aðaláfrýjandi til stuðnings kröfu sinni til þess, að gagnáfrýjandi hafi sett í tilboð, dags. 5. júní 1935, til aðaláfrýjanda um sölu á síldinni til hans, og að því er virðist, í samræmi við umtal þeirra í milli um viðskipti þessi, orðin: „Garanteret Leverance". Í málinu greindi aðilja bæði á um sjálfan veiðibrestinn, hverju máli hann skipti, þótt sannaður væri, og um það, hvaða þýðingu framantilfærð orð úr tilboðinu ættu að hafa um úrslit máls þessa.

Á þingfestingardegi málsins, 4. febr. f. á., fékk gagnáfrýjandi frest til 5. maí s. á. með samþykki umboðsmanns aðaláfrýjanda til þess að afla gagna um ágreiningsefni þau, sem að framan getur, bæði innanlands og utan. Tjáist gagnáfrýjandi hafa skrifað til útlanda í þessu skyni á nefndu tímabili, en ekki tekizt að fá þær yfirlýsingar þaðan, er hann æskti, og bað hann því í þinghaldinu 5. maí um frest að nýju í þessu skyni. Mótmælti aðaláfrýjandi í fyrstu öllum frekari fresti, en vegna yfirlýsingar dómarans um það, að hann gæti ekki vegna annríkis kveðið upp úrskurð um frestbeiðnina fyrr en eftir hálfan mánuð, samþykkti aðaláfrýjandi þá frest til 19. s. m. Í þinghaldi síðastnefndan dag lagði gagnáfrýjandi fram yfirlýsingu nokkurra hérlendra manna um ýmis atriði, er máli skiptir, að hans skoðun, og mótmælti aðaláfrýjandi þeim yfirlýsingum eftir því, sem honum þótti þörf vera til. Endurnýjaði nú gagnáfrýjandi frestbeiðni sína og krafðist frests til loka júlímánaðar 1936. Með úrskurði 4. júní s. á. úrskurðaði dómarinn frest til 15. júlí, með því að aðaláfrýjandi neitaði harðlega að samþykkja nokkurn frekari frest. Í þinghaldi

síðastnefndan dag lagði gagnáfrýjandi fram yfirlýsingar 3ja sænskra síldarkaupmanna, dags. 3. og 10. s. m., og eins síldarkaupmanns í Danmörku, dags. 19. júní f. á., um þýðingu veiðibrests um efndaskyldu seljanda á síldarsölusamningum. Aðaláfrýjandi svaraði yfirlýsingum þessum svo, að full ástæða var til þess fyrir gagnáfrýjanda að leita staðfestingar yfirlýsenda á þeim fyrir dómi. Krafðist umboðsmaður gagnáfrýjanda því enn frests til loka ágústmánaðar eða fram í byrjun septembermánaðar í þessu skyni, en aðaláfrýjandi mótmælti enn öllum frekari fresti. Var málið svo lagt undir úrskurð eða dóm. Með sérstökum úrskurði, uppkveðnum 4. ágúst 1936, synjaði héraðsdómarinn gagnáfrýjanda um frest og 11. s. m. kvað hann upp dóm í málinu.

Það er ekkert komið fram í málinu, er hnekki þeirri skýrslu gagnáfrýjanda, að honum hafi ekki tekizt, þrátt fyrir tilraunir sínar, að afla yfirlýsinga þeirra, sem hann lagði fram í þinghaldinu 15. júlí f. á., fyrr en raun varð á. Og þar sem yfirlýsingarnar sættu andmælum aðaláfrýjanda og eigi mátti fullyrða, að efni þeirra væri þýðingarlaust um úrslit málsins, bar héraðsdómaranum, þrátt fyrir mótmæli aðaláfrýjanda, að veita gagnáfrýjanda hæfilegan frest til þess að leita staðfestingar á yfirlýsingunum fyrir dómi. Verður því samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda að fella úrskurðinn frá 4. ágúst 1936 úr gildi og ómerkja málsmeðferð frá sama degi og hinn áfrýjaða dóm frá 11. ágúst s. á. Ber því að vísa málinu heim í hérað til endurupptöku frá 4. ágúst f. á. og löglegrar meðferðar og dómsálagningar, enda ber héraðsdómaranum

að veita gagnáfrýjanda hæfilegan frest í framannefndu skyni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og úrskurður 4. ágúst 1936 eiga að vera ómerkir. Vísast málinu heim í hérað til endurupptöku frá 4. ágúst f. á. til löglegrar meðferðar og dómsálagningar og ber héraðsdómaranum að veita gagnáfrýjanda hæfilegan frest til vitnaleiðslu í málinu.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Föstudaginn 5. febrúar 1937.

Nr. 121/1935. **Magnús Guðmundsson**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Jónasi Magnússyni f. h. Raftækjaverzlunar Siglufjarðar
(Pétur Magnússon).

Mál til innheimtu viðgerðarkostnaðar á mótorbát.

Dómur gestaréttar Siglufjarðar 6. marz 1935: Stefndur, Magnús Guðmundsson, útgerðarmaður, Ólafsfirði, greiði stefnandanum, Jónasi Magnússyni, rafvirkja, Siglufirði, f. h. Raftækjaverzlunar Siglufjarðar, kr. 320.05 með 5% vöxtum frá 1. jan. 1934 og 100 kr. í málskostnað, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Jón Jóhannesson, fiskimatsmaður, Siglufirði, umboðsmaður stefnds, greiði kr. 10 sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð, að hálfu í bæjarsjóð Siglufjarðar fyrir ósæmilegan ritháttt í varnarskjölunum, og hin átöldu ummæli séu dauð og marklaus.

Hið ídæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hefir áfrýjandi gert þær kröfur, *aðallega* að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnds í málinu, *til vara,* að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 157.45, vaxtalaust, *til þrautavara,* að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 157.45, vaxtalaust, ef Hallgrímur Guðjónsson, skipstjóri í Ólafsfirði, vinni eið að því, að stefndur hafi lofað honum, að umræddur „dynamor ásamt vinnu allri og efni, svo ljósin í bátnum væru í fullu lagi, skyldi aldrei kosta meira, allt til samans, en 435—450 krónur", og loks krefst áfrýjandi þess *til þrauta þrautavara,* að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 157.45, nema stefndi vinni eið að því, að hann hafi ekki lofað viðgerðinni við því verði, sem getur í þrautavarakröfunni. Ennfremur krefst áfrýjandi þess, að sekt sú, sem málfærslumaður hans fyrir undirréttinum var dæmdur í þar, verði felld niður, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer.

Stefndur hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eftir mati réttarins.

Hér fyrir rétti hefir áfrýjandi rökstutt framangreinda aðalkröfu sína á þann hátt, að hvað sem talið yrði sannað um umsamið kostnaðarverð á endurbótum þeim á ljósaútbúnaði bátsins „Guðmundur Magnússon", sem stefndi framkvæmdi fyrir áfrýjanda á tímabilinu frá 27. sept. til 1. nóv.

1933, þá hafi verið svo illa frá endurbótunum gengið, að þær hafi að litlum eða engum notum komið, og séu því meira en fullgreiddar með þeim 350 krónum, sem áfrýjandi greiddi stefnda hinn 10. okt. 1933, en kr. 31,25, sem áfrýjandi hefir greitt stefnda auk nefndra 350 kr., eru fyrir úttekt, sem gerð var í marzmánuði 1933, og eru því fyrrnefndum endurbótum óviðkomandi.

Það er nú að vísu upplýst, að ljósaútbúnaður nefnds báts var í miklu ólagi, að því er virðist mjög skömmu eftir að umræddar umbætur höfðu verið framkvæmdar, en ekki er nægilega sannað, að stefndi eigi sök á þeim göllum, enda er möguleiki á því, að þeir hafi stafað af rangri meðferð af hálfu bátverja. Stefndur lét og hvorki þá né síðar fara fram nokkra skoðun á því, af hverju þessar bilanir á ljósaútbúnaði bátsins stöfuðu, og hefði þó verið auðvelt fyrir hann að fá úr því skorið á Akureyri, en þangað var farið með bátinn þegar í byrjun nóvember 1933, og þar var báturinn síðan látinn standa uppi fram til ársins 1935. Aðalkröfu stefnda um sýknu, vegna framangreindrar ástæðu, er því ekki unnt að taka til greina.

Til stuðnings varakröfu sinni hefir áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi tekið að sér að framkvæma umræddar endurbætur á ljósaútbúnaði bátsins í ákvæðisvinnu fyrir 435 til 450 krónur. Af þeirri upphæð séu þegar greiddar 350 krónur og séu þá eftir ógreiddar 100 krónur af ákvæðisverðinu, auk þess sem greiða beri nokkra tiltekna úttektarliði, samtals kr. 57.45. Þessa varnarástæðu, að stefndi hafi tekið að sér verkið í ákvæðisvinnu, færði áfrýjandi einnig fram í héraði, en héraðs-

dómarinn hefir ekki dæmt um hana berum orðum, eins og honum þó bar að gera.

Skipstjóri vélbátsins „Guðmundur Magnússon", Hallgrímur Guðjónsson í Ólafsfirði, hefir borið það sem vitni í málinu og staðfest með eiði, að stefndi hafi boðizt til að framkvæma viðgerð á ljósaútbúnaði bátsins, þar á meðal að leggja til nýjan dynamo, og skyldi aðgerðin, efni og vinna, ekki kosta meira en 135 til 150 krónur. Hafi þeir svo samið munnlega um viðgerðina fyrir þetta verð. En sú viðgerð, sem hér er átt við, kostaði samkvæmt reikningi stefnda kr. 499.75. Er afgangur reikningsupphæðarinnar vegna annarra úttekta til bátsins. Stefndi hefir ekki mótmælt því, að orð kunni að hafa fallið á þá leið, að nefnd viðgerð mundi kosta um 450 krónur, en hafi svo verið, þá hafi þar aðeins verið um áætlunarupphæð að ræða, en hinu hefir hann mótmælt ákveðið, að hann hafi tekið að sér að framkvæma viðgerðina í ákvæðisvinnu fyrir tiltekna upphæð. Hefir áfrýjanda ekki, gegn þeim mótmælum, tekizt að færa sönnur á, að um ákvæðisverð hafi verið samið, enda bendir það atriði, að fjárhæðin var ekki fullákveðin, til þess, að aðeins hafi verið um áætlunarupphæð að ræða. Er því ekki heldur unnt að taka varakröfu hans til greina.

Þrautavarakrafa áfrýjanda um það, að úrslit málsins verði látin velta á því, hvort Hallgrímur Guðjónsson, skipstjóri, vill vinna eið að því, að um ákvæðisverk hafi verið samið, kemur ekki til álita þegar af þeirri ástæðu, að nefndur skipstjóri hefir þegar unnið eið að þessu atriði sem vitni í málinu.

Að því er að síðustu varðar þá kröfu áfrýjanda, að úrslit málsins verði látin vera komin undir synjunareiði stefnda, eftir því sem fyrr er sagt, þá þykja ekki liggja fyrir í málinu það miklar líkur fyrir því, að um ákvæðisverk hafi verið samið, að rétt sé að taka þessa kröfu til greina.

Niðurstaða málsins hér fyrir réttinum verður því hin sama og í héraði að því leyti að dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 320.05 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1934. Eftir öllum málavöxtum þykir rétt að málskostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

Hin átöldu ummæli umboðsmanns áfrýjanda í héraði í varnarskjölum málsins þar eiga að vera dauð og marklaus, en ekki er ástæða til þess að dæma umboðsmanninn í sekt fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Magnús Guðmundsson, greiði stefnda, Jónasi Magnússyni f. h. Raftækjaverzlunar Siglufjarðar, kr. 320.05 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1934 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Átalin ummæli umboðsmanns áfrýjanda í héraði eiga að vera dauð og marklaus.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 25. maí 1934 krefst stefnandinn, Jónas Magnússon f. h. Raftækjaverzlunar Siglufjarðar, Siglufirði,

að stefndur, Magnús Guðmundsson, útgerðarmaður, Ólafsfirði, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 390.00 fyrir efni og vinnu til raflagna í vélbátinn Guðmundur Magnússon í Ólafsfirði og fyrir rafal í bátinn með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1934 og málskostnað að skaðlausu, en hans er í málflutningnum krafizt með kr. 131.50, samkv. sundurliðuðum reikningi. Þá krefst og umboðsmaður stefnanda, Alf. Jónsson, lögfræðingur, Siglufirði, að umboðsmaður stefnda, Jón Jóhannesson, verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt í málflutningnum, fyrir orðin: „blekkja réttinn gegn betri vitund" og orðin dæmd dauð og ómerk.

Alls námu aðgerðir og rafall kr. 770.30, en af því hefir stefndur greitt kr. 381.25 og eru þá eftirstöðvar viðskiptanna kr. 389.05, enda hefir stefnandi lækkað stefnuupphæðina um kr. 1.00. — Stefndur mótmælir kröfu stefnanda og kveðst ekkert skulda honum. — Hann skýrir að vísu frá, að alls hafi verið samið um, að rafallinn og aðgerðin skyldu kosta samtals kr. 435—440, — en þessu neitar stefnandi, en þar sem aðgerðin hafi að engu reynzt nýt, þá beri sér ekki að greiða meira en hann þegar hefir gert. — Auk þess tilfærir (sic), að hvorki hann né nokkur með umboði frá sér hafi beðið stefnanda um þær aðgerðir, sem hann færir til reiknings, og að aðgerðin á ljósaleiðslum bátsins o. fl. hafi reynzt óforsvaranlega af hendi leyst. Þá bendir stefndur á, að af umstefndri skuld séu kr. 69.00 aðgerðarkostnaður við rafal, er stefnandi tók sem ónýtan úr vélbát stefnds, og eftir að hann tók hann úr bátnum (sic) og hafi sú aðgerð verið stefnanda óheimil, enda stefnanda þvert á móti borið að senda rafalinn til ákveðins manns í Reykjavík, en stefnandi ekki gert það. Þessar 69 kr. telur stefndur sér því óviðkomandi. —

Það verður nú eftir því, sem upplýst er í málinu, að telja ólíklegt, að það sé rétt hjá stefndum, að hann eða enginn fullbær af hans hendi hafi ekki beðið stefnanda um veittar aðgerðir, jafn tíðar ferðir, sem slíkar aðgerðir hafa útheimt um sjálfan vélbátinn, því að ólíklegt er, að nokkurn langi til að láta fram efni og vinnu óbeðið og ókeypis, en þar sem mótmæli stefnds snúast gegn 69 kr. fyrir aðgerð á rafal þeim, er tekinn var úr bátnum, og annar nýr rafall settur í staðinn, en aðgerð sú virðist að engu haldi hafa komið, þá verður gegn eindregnum mótmælum stefnds

að telja, að stefnandi hafi eigi sannað eða gert líklegt, að stefndur eða umboðsmaður stefnds hafi beðið um slíkar aðgerðir, enda stefnandi áður talið þessar aðgerðir til frádráttar á skuldinni. Að vísu hefir stefnandi sett það að skilyrði fyrir því að gefa eftir þessar 69 kr., að reikningurinn að öðru leyti væri greiddur, en eftirgjöf, þótt skilyrði væri bundin, er þó engar líkur fyrir því, að beðið hafi verið um þessa aðgerð, er eigi virðist hafa að haldi komið. — Virðist þessi upphæð, kr. 69.00, eiga að koma til frádráttar kröfu stefnanda. —

Þá tilfærir stefndur ýmislegt, er hann telur til sönnunar því, að aðgerð stefnanda hafi verið alls ónýt og að engu gagni, en gegn eindregnum mótmælum stefnanda verður það þó eigi talið sannað, og ljósabilanir í bátnum gátu verið öðru að kenna en fányti viðgerðar stefnanda. Er því rétt, að stefndur greiði stefnanda af umstefndri skuld kr. 320.05 með 5% vöxtum frá 1. jan. 1934, en sé laus við frekari kröfur útaf viðskiptunum. Eftir málavöxtum álízt hæfilegt, að stefndur greiði stefnandanum 100 kr. í málskostnað. —

Umboðsmaður stefnds, Jón Jóhannesson, greiði kr. 10 sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð, að hálfu í bæjarsjóð Siglufjarðar, fyrir átalinn ósæmilegan rithátt í varnarskjölum málsins, og séu hin átöldu ummæli dauð og marklaus.

Föstudaginn 12. marz 1937.

Nr. 91/1936. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Kristni H. Kristjánssyni og Sigurði B. Sigurðssyni og Haraldi Á. Sigurðssyni f. h. dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar (Theódór B. Líndal).

Fjárnám, gert í bifreið A, fellt úr gildi, með því að bifreiðin hafði verið lögð A til sem fátækrastyrkur.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 30. jan. 1936.

Dómur hæstaréttar.

Þann 7. marz 1934 fór meðstefndur Kristinn H. Kristjánsson þess á leit við bæjarráð Reykjavíkur, að honum yrði veitt lán úr bæjarsjóði til kaupa á bíl, svo hann mætti betur en áður stunda atvinnu sína. Þann 13. s. m. voru honum svo ávísaðar úr bæjarsjóði kr. 1000.00 sem fátækrastyrkur, og var tekið fram, að upphæðina skyldi greiða til Gunnars nokkurs Ingimundarsonar fyrir vörubíl. Þann 20. s. m. kvittaði svo Gunnar þessi fyrir greiðslu á kaupverði bifreiðar sinnar Á. R. 35 og 26. s. m. afsalaði hann eignarrétti að bíl þessum „til bæjarsjóðs Reykjavíkur vegna Kristins H. Kristjánssonar". Bíllinn var síðan skrásettur í Reykjavík sem R. 199 og á nafn Kristins. Það er ágreiningslaust í máli þessu, *að* Kristni hafi verið veittar áðurnefndar kr. 1000.00 sem fátækrastyrkur, *að* upphæðinni hafi átt að verja til bílkaupanna, *að* svo hafi verið gert og loks, *að* bíllinn hafi kostað nákvæmlega kr. 1000.00.

Með gestaréttardómi Reykjavíkur 25. nóv. 1935 var téður Kristinn H. Kristjánsson dæmdur til að greiða Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar 260 kr. víxilskuld, ásamt vöxtum, þóknun og málskostnaði. Til tryggingar dómkröfum þessum var svo þann 30. jan. 1936 eftir kröfu dómhafa og eftir ábendingu Kristins gert fjárnám í ofannefndum bíl. Áfrýjandi, sem með skírskotun til 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935 telur ekki hafa mátt taka bílinn fjárnámi, hefur með stefnu 30. júní f. á. skotið fjárnámsgerðinni til hæstaréttar og krafizt ómerkingar á henni og málskostnaðargreiðslu af hinum stefndu fyrirsvarsmönnum dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar, sem eiganda nefndrar heildverzlunar, fyrir þess hönd eftir mati dómsins. Af hálfu hins stefnda dánarbús hefir verið krafizt staðfestingar á fjárnáminu og málskostnaðar af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og áður segir, var áðurnefndum fátækrastyrk varið til kaupa á hinni fjárnumdu bifreið, og hefir bæjarsjóður þar með raunverulega lagt honum til bílinn sem fátækrastyrk. Og leiðir þá þegar, og án þess að rannsaka þurfi um eignarrétt að bílnum og um viðtæki 48. gr. framfærslulaganna, af niðurlagsákvæði 3. tölul. 31. gr. aðfararlaganna nr. 19/1887, að ekki mátti fjárnámi taka hinn umrædda bíl án samþykkis áfrýjanda. Verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella fjárnámsgerðina úr gildi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áðurnefnda fyrirsvarsmenn dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar til þess fyrir búsins hönd að greiða áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Hinir stefndu fyrirsvarsmenn dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar, þeir Sigurður B. Sigurðsson og Haraldur Á. Sigurðsson, greiði fyrir dánarbúsins hönd áfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1937.

Nr. 111/1936. **Kristján Bergsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Kröfur á hendur bæjarsjóði Rvíkur um endurgreiðslu fasteignagjalda fyrir árið 1935 af húsi, sem brunnið hafði hinn 17. apríl s. á., teknar til greina að nokkru leyti.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. marz 1936: Stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Lárusar Jóhannessonar f. h. Kristjáns Bergssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 1. ágúst f. á., og gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 341.68 með 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1935 til greiðsludags og málskostnað í héraði og

hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndur hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með fasteignagjaldsseðli, dags. 15. des. 1934, tilkynnti bæjargjaldkerinn í Reykjavík áfrýjanda, að honum bæri að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1935 vegna fasteignar sinnar nr. 46 við Grettisgötu lóðargjald kr. 15.00, húsagjald kr. 319.20 og vatnsskatt kr. 193.31, eða alls kr. 527.51, og að gjöld þessi féllu í gjalddaga hinn 2. jan. 1935. Jafnframt var það tekið fram, að gjöldin yrðu tekin lögtaki á kostnað gjaldanda, ef hann innti þau ekki af hendi á réttum gjalddaga. Áfrýjandi greiddi síðan gjöld þessi í bæjarsjóð hinn 1. febr. 1935. Hinn 17. apríl s. á. brann húsið nr. 46 við Grettisgötu. Telur áfrýjandi nú, að vegna þess að hús þetta eyðilagðist, eigi hann tilkall til hlutfallslegrar endurgreiðslu á húsagjaldinu og vatnsskattinum, en viðurkennir hinsvegar, að endurheimturéttur sinn taki ekki til lóðargjaldsins. Endurgreiðslukröfu sína miðar áfrýjandi við 1. maí 1935 og krefst þannig $^{8}/_{12}$ hluta þess húsagjalds og vatnsskatts, sem hann greiddi 1. febr. s. á., eða kr.341.68, svo sem áður segir. Húsagjald það, sem í máli þessu ræðir, er lagt á samkv. lögum nr. 36 frá 1924 um bæjargjöld í Reykjavík. Í 1. gr. laga þessara er svo kveðið á, að til þess að afla bæjarsjóði Reykjavíkur tekna til að standa straum af útgjöldum sínum, að svo miklu leyti sem sérstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, skuli ákveðið gjald lagt á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu. Samkvæmt 2. gr. laganna er gjald þetta miðað við virðingarverð fasteigna eftir

fasteignamatslögum. Er það reiknað sér í lagi af húsum og sér í lagi af lóðum. Gjalddagi þess er 2. jan. ár hvert, sbr. 4. gr. laganna. Áfrýjandi byggir kröfu sína á því, að húsagjaldið sé endurgjald fyrir sót-sorp-salernishreinsun o. fl., sem bærinn eigi samkvæmt 2. gr. laganna að annast húseigendum að kostnaðarlausu, og að gjald þetta sé greitt fyrirfram ár hvert. Á þetta verður ekki fallizt. Húsagjaldið er skattgjald, sem lagt er á hverja húseign eftir ákveðnum skattstiga án tillits til þess, hvaða kostnað bærinn hefir af framangreindum ráðstöfunum varðandi viðkomandi hús. Þá er og gjald þetta miðað við verðmæti húseignanna 2. jan. ár hvert. Þar sem nú ekkert er komið fram í máli þessu, sem bendir til þess, að húsagjaldið fyrir 1935 hafi ekki verið réttilega reiknað af húsinu nr. 46 við Grettisgötu, þá finnst hvorki í lögum nr. 36 frá 1924 né öðrum réttarreglum heimild fyrir því að veita áfrýjanda undanþágu frá greiðslu þess, þó að áminnzt húseign eyðilegðist síðar á árinu. Kemur þá til álita, hvort áfrýjandi eigi kröfu til endurgreiðslu einhvers hluta þess vatnsskatts, sem áður greinir. Í 3. gr. laga nr. 84 frá 1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavík segir, að til þess að standa straum af vatnsveitu téðs bæjar, sé bæjarstjórninni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignunum í lögsagnarumdæminu. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá með flokkun eftir hæð fasteignarmatsvirðingar húsanna, sbr. 6. gr. laga nr. 36 frá 1924, og tölu íbúða í húsunum, en má aldrei nema meira en 6‰ af virðingarverði húsanna. Mæla lögin svo fyrir, að bæjarstjórn skuli semja gjaldskrána, en ráðuneytið staðfesta hana. Þegar áfrýjandi var krafinn um vatns-

skatt þann, er í máli þessu greinir, gilti um innheimtu hans reglugerð nr. 65 frá 1915, sem sett var samkvæmt greindum lögum. Var svo kveðið á í 6. gr. reglugerðar þessarar, að af vatnsskatti hvers árs félli helmingurinn í gjalddaga 1. apríl og helmingurinn 1. október. Samkvæmt þessu var það heimildarlaust að krefja áfrýjanda um vatnsskattinn fyrir 1935 2. jan. téð ár, en með því að helmingur skatts þessa, eða kr. 96.65, var fallinn í gjalddaga hinn 17. apríl, þegar húsið nr. 46 við Grettisgötu brann, þá brestur áfrýjanda alla heimild til að krefjast endurgreiðslu á þessum hluta skattsins. Öðru máli gegnir um þann hluta hins greidda vatnsskatts, sem fallið hefði í gjalddaga hinn 1. okt. 1935, hefði téð hús þá staðið. Þessi hluti vatnsskattsins varð aldrei gjaldkræfur. Umboðsmaður áfrýjanda hefir nú að vísu ekki krafizt endurgreiðslu á þessum grundvelli, en með því að framkoma hans verður ekki túlkuð þannig, að hann hafi viljað svipta umbjóðanda sinn neinum þeim rétti, sem hann hefir að lögum í máli þessu, þá þykir bera að leggja dóm á málið að þessu leyti, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936. Áfrýjandi hefir nú samkvæmt framansögðu verið að viðlagðri lögtakshótun krafinn um vatnsskatt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 96.65, sem heimild hefir brostið til að gera honum að greiða, bæði þegar greiðslan var innt af hendi og síðar. Enda þótt áfrýjandi hafi greitt fjárhæð þessa án þess að slá neinn varnagla um endurheimtu hennar, þá þykir hann þó ekki, eins og atvikum málsins er háttað, hafa svipt sig rétti til að krefjast endurgreiðslu. Ber þessvegna að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda

kr. 96.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1935 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Kristjáni Bergssyni, kr. 96.65 með 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1935 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 21. okt. 1935, af hrm. Lárusi Jóhannessyni, hér í bæ, f. h. Kristjáns Bergssonar gegn borgarstjóra f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu á kr. 341.68, með 6% ársvöxtum frá stefnuútgáfudegi 21. okt. 1935, til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. —

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar. —

Tildrög málsins eru þau, að 1. febrúar 1935 greiddi umbjóðandi stefnanda bæjarsjóði húsagjald og vatnsskatt af húseigninni nr. 46 við Grettisgötu, samtals kr. 512.51 fyrirfram fyrir árið 1935. — Húseign þessi brann til grunna 17. apríl 1935, og telur stefnandi sig því eiga rétt á hlutfallslegri endurgreiðslu þessara gjalda frá þeim tíma, en miðar þó endurgreiðslukröfuna við 1. maí 1935 og krefst því endurgreiðslu á $^{8}/_{12}$ af því, sem hann greiddi, en það er stefnukrafan kr. 341.68. —

Réttinn til að fá endurgreiðslu byggir stefnandi á því, að gjaldið sé greitt fyrirfram og miðað við allt árið, en þegar hús farist á árinu, þá leiði af almennum reglum um endurheimtu, að endurgreiða eigi hlutfallslegan hluta gjaldanna. — Gjöld þessi kveður stefnandi og sett til að standa

straum af ýmsum framkvæmdum, er húseigendur hafi áður kostað sjálfir, og sé því ekki sanngjarnt, að þeir borgi honum fyrir þær framkvæmdir, þegar þær séu ekki framkvæmdar svo sem í þeim tilfellum, þegar hús brennur á gjaldárinu. —

Stefndur kveður gjöld þessi falla í gjalddaga 2. janúar ár hvert og þar sem gjaldið hafi allt verið fallið í gjalddaga áður en húsið brann, þá eigi bæjarsjóður rétt á að krefjast greiðslu þess og a. m. k. geti sá, er greitt hefir, alls ekki átt rétt á endurgreiðslu.

Í 1. gr. laga um bæjargjöld í Reykjavík, nr. 36 frá 4. júní 1924, er bæjarsjóði fengið sérstakt fasteignagjald til að standa straum af útgjöldum til bæjarþarfa. — Í sömu lögum er ákveðið, að niður skuli falla gjöld þau, er þá hvíldu á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sót- og sorphreinsun o. fl.

Ekki verður þó séð, að fasteignagjaldið komi beinlínis í stað gjalda þessara, heldur er gert ráð fyrir, að það sé sjálfstæður hluti tekna bæjarsjóðs, sem m. a. er auðvitað varið til að standa straum af ofangreindum gjöldum. Þá er gjald þetta heldur ekki miðað við þann kostnað, sem bærinn hefir af hverri einstakri fasteign, og verður ekki betur séð, en að það verði að greiða að fullu án tillits til þess, hversu mikið eða lítið starf bærinn lætur leysa af hendi í þágu viðkomandi eignar á gjaldárinu.

Rétturinn fær því ekki séð, að endurgreiðslukrafan geti réttlætzt af því, að bærinn hafi raunverulega losnað við að inna af hendi störf í þágu þessarar eignar, því að enginn vafi er á, að fullt gjald yrði að greiða, ef húsið hefði staðið allt árið, enda þótt það hefði ekki verið notað, eða eigandi sannaði, að það, sem gert hefði verið fyrir húsið af hálfu bæjarins, væri, metið til peninga, aðeins lítill hluti gjaldsins.

Í 2. mgr. 5. gr. l. nr. 36/1924 er sagt, að brenni hús eftir gjalddaga, þá séu fasteignagjöld tryggð með lögveði í brunabótafjárhæð í tvö ár frá gjalddaga. — Stefnandi telur, að hér sé aðeins átt við *„gjaldkræf fasteignagjöld“*, en gjaldkræfur sé aðeins hlutfallslegur hluti gjaldsins miðað við, hve mikill hluti gjaldársins sé liðinn, er brunann bar að höndum.

Á þetta verður þó ekki fallizt, því að einmitt á þess-

um stað í lögunum, þar sem gert er ráð fyrir, að hús brenni, var sérstök ástæða til að taka það fram, að aðeins hlutfallslegur hluti gjaldsins miðað við tímann, sem húsið stóð á gjaldárinu, skyldi tryggður með lögveði í brunabótafjárhæðinni, ef ætlazt hefði verið til, að máli ætti að skipta um gjaldhæðina, hversu mikinn hluta gjaldársins húsið stóð.

Einmitt þetta, að það sé ekki gert, sýnist réttinum benda ótvírætt í þá átt, að ætlast sé til, að allt það fasteignagjald, sem í gjalddaga er fallið, skuli tryggt með lögveðrétti í brunabótafjárhæðinni og því sé hægt að krefja það án tillits til þess, hvenær húsið brennur á gjaldárinu. — Og þar sem fasteignagjald stefnanda féll í gjalddaga 2. jan. 1935 og var greitt áður en húsið brann, telur rétturinn samkv. þessu, svo og því, að telja verður gjöld þessi eins og áður segir einn hluta lögboðinna tekna bæjarins, stefnanda ekki eiga rétt á að fá gjald þetta endurgreitt.

Ekki hefir stefnandi heldur getað sannað, að nokkur regla hafi getað myndazt um endurgreiðsluskyldu bæjarins í svona tilfellum, er gæti leitt til þess, að kröfur hans yrðu teknar til greina.

Hvað vatnsskattinum viðvíkur, hefir verið upplýst, að sérstaklega mikið vatn hafi verið notað þetta gjaldár vegna þess, að byggt hafi verið á lóðinni á árinu. — Stefnandi kveður það sérstaka ósanngirni að láta umbj. sinn greiða vatnsskattinn vegna þess, að eigendaskipti hafi orðið að lóðinni, og beri hinum nýja eiganda að greiða hann. — Á þetta verður þó ekki fallizt sökum þess, að skatturinn var fallinn í gjalddaga og greiddur á meðan umbj. stefnanda ennþá var eigandi eignarinnar, og bar honum að taka tillit til þess við söluna, eins og venja er til um slík gjöld. — Skv. þessu svo og því, að stefnandi hefir ekki bent á neitt, er réttlæti endurgreiðslu vatnsskattsins, þegar tekið er tillit til aukinnar vatnsnotkunar á eigninni, þykir heldur ekki fært að taka kröfu hans um endurgreiðslu vatnsskattsins til greina.

Úrslit málsins verða því samkv. framansögðu þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Föstudaginn 12. marz 1937.

Nr. 79/1936. **H/F Alliance** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
H/F Hæng og gagnsök
(Eggert Claessen).

Mál til innheimtu launa fyrir björgun skips.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 21. marz 1936: Stefndur, h/f Alliance, greiði stefnanda, fiskiveiðahlutafélaginu Hængur, kr. 27000.00 auk 5% ársvaxta frá 30. jan. 1935 til greiðsludags og 900.00 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. júní f. á., hefir krafizt þess *aðallega*, að gagnáfrýjanda verði aðeins dæmd hæfileg þóknun fyrir *aðstoð* veitta b/v Kára Sölmundarsyni, en *til vara*, að björgunarlaunin verði færð niður eftir mati dómsins, ef hjálp b/v Baldurs til handa b/v Kára yrði metin björgun. Aðaláfrýjandi hefir og krafizt þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að fyrir hæstarétti verði gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæstaréttar með stefnu 23. júní f. á., hefir hinsvegar krafizt þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 30. jan. 1935 til greiðsludags og málskostnað í héraði samkvæmt lágmarkstaxta Málflutningsmannafélags Íslands, er nemur samkv. reikningi kr. 1273.00. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi

og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst gagnáfrýjandi viðurkenningar á sjóveðrétti sínum í b/v Kára til tryggingar þeim upphæðum, sem dæmdar verða.

Með því að hjálp b/v Baldurs til handa b/v Kára þann 27. ágúst 1934 og næstu daga verður að telja björgun, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, ber að miða launin fyrir hjálpina þar við. Gagnáfrýjandi hefir leitt allgóð rök að því, að veiðitap hans vegna tafarinnar við björgun b/v Kára muni hafa numið 2500—3000 krónum, og að tap hans vegna þess, að hann hafi, sakir tafarinnar, náð lakari markaði fyrir fisk sinn en ella mundi verið hafa, muni hafa numið um 5000 krónum. Hagsmunir þeir, sem bjargað var, voru þessir:

Skipið sjálft. Kaskótrygging þess nam £ 8250.0.0. Auk þess var skipið tryggt kaskóinteressutryggingu £ 2750.00. Þar sem ætla má, að b/v Kári hefði farizt, ef honum hefði ekki komið nægileg hjálp, var þessum hagsmunum bjargað fyrir aðilja. Verður því að ganga út frá þessum upphæðum, með því að ekkert annað liggur fyrir um verðmæti skipsins. Nema upphæðir þessar samtals £ 11000:0:0, eða með gengi 22.15 ..... kr. 243650.00
Veiðarfæri ..... — 3000.00
Afli, er seldist fyrir ca. ..... — 22000.00

Samtals ca. kr. 268650.00

Frá dregst: Áætlað verðmæti skrúfunnar með ísetningu	kr. 1500.00	
Kostnaður við flutning og sölu aflans ca.	— 7333.00	kr. 8833.00

Verðmæti samtals ca. kr. 259817.00

Með hliðsjón af beinu tapi b/v Baldurs vegna björgunarinnar, verðmætanna, sem bjargað var, leiðarlengdarinnar, sem b/v Kári var dreginn, og þeirrar áhættu, sem dráttur svo langa leið hlýtur að hafa í för með sér, þykir greiðsla sú, er aðaláfrýjanda ber að inna af hendi til gagnáfrýjanda, hæfilega ákveðin kr. 34000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 30. jan. 1935 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Loks ber gagnáfrýjanda sjóveðréttur samkvæmt 1. tölul. 236. gr. siglingarlaganna í b/v Kára Sölmundarsyni R. E. 111 til tryggingar framangreindum kröfum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, H/F Alliance, greiði gagnáfrýjanda, H/F Hængi, kr. 34000.00 með 5% ársvöxtum frá 30. jan. 1935 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 2000.00. Gagnáfrýjandi hefir sjóveðrétt í b/v Kára Sölmundarsyni R. E. 111 til tryggingar framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað með stefnu, dags. 30. jan. 1935, stjórn fiskiveiðahlutafélagsins Hængur gegn hlutafélaginu Alliance hér í bænum til greiðslu björgunarlauna að upphæð kr. 35000.00 auk 5% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaðar eftir mati réttarins, svo og

(sic) að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Kári R. E. 111 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Málavextir eru þeir, er nú greinir. Hinn 27. ágúst 1934 var b/v Kári á leið til Þýzkalands með veiðifeng sinn til sölu þar. Kl. 6.50 e. m. var skipið statt N. V. t. V. ½ V. í 15. sm. fjarlægð frá Mygganes í Færeyjum. Vindur S 6—7 vindstig. Verður þess þá vart, að skrúfan var brotin og við nánari athugun, að öll blöðin voru farin af. Var þá kallað á hjálp, og svaraði bæði b/v Baldur og b/v Max Pemberton. Baldur, sem var á leið frá Englandi beint til fiskveiða fyrir Austurlandi, var þá um 25 sm. í norður frá Kára, en Max litlu nær, og fóru þeir báðir að leita Kára. Kl. 7.50 e. m. sendi Kári skeyti til útgerðarinnar og skýrir frá ástandinu og kl. 9.20 e. m. kemur svar um, að Baldur eigi að draga Kára til Reykjavíkur, og hættir þá Max leitinni og heldur áfram ferð sinni, en Baldur heldur áfram leitinni. Er Baldur hafði siglt um 17.5 sm. í SA. eftir að hann hafði snúið við og hafið leitina, var numið staðar kl. 10 e. h. og haldið kyrru fyrir til kl. 10.30, þá var farið af stað aftur og stýrt austur. Kl. 11.30 sást ljós á skipi í austur og nokkru seinna eldflugur, og var þá siglt á ljósið og reyndist það vera Kári, og var þá kl. 0.30 f. h. 28. ágúst. Var þá hinkrað við meðan dimmast var, en kl. 3.30 f. m. skaut Baldur línu yfir til Kára og var síðan komið vírum milli skipanna, þannig að vírar frá Baldur voru settir fastir í bæði akkeri á Kára og gefnir út 15 faðmar af keðju við hvort. Kl. 5 f. h. var allur umbúnaður kominn í lag, Kári tekinn í eftirdrag og haldið af stað. Gekk drátturinn síðan greiðlega án nokkurrar sérstakrar tafar eða skemmda á skipi og haldið viðstöðulaust til Reykjavíkur og komið þangað kl. 9 e. h. þann 30. ágúst. Veður var gott alla leiðina.

Til stuðnings kröfu sinni um upphæð björgunarlaunanna telur stefnandi verðmæti Kára, miðað við vátryggingarupphæð, um kr. 255.00 (sic), veiðarfæri um 3000 kr. En aflinn var virtur hér á 4900.00, en seldist síðar í Cuxhaven fyrir 13 þús. R. M. Telur stefnandi því verðmæti hins bjargaða kr. 270—280 þús. Þá segir hann, að Baldur hafi tafizt frá veiðum vegna björgunarstarfsins rúma 4½ sólarhring og loks, að skipið hafi lent í verri markaði í Þýzkalandi vegna þessarar tafar, þegar það seldi

afla sinn þar næst á eftir, sem telja megi, að hafi numið 5—6 þús. kr.

Stefndur mótmælir því, að um björgun sé að ræða. Skipið hafi ekki verið í neinni hættu eða neyð, veður verið gott, vindur staðið af landi, skipið statt á siglingarleið og haft loftskeyti og getað kallað á hjálp bæði frá skipinu (sic) og frá landi. Telur stefndur því aðeins um dráttaraðstoð að ræða. Þá segir stefndur, að skipið hafi verið keypt árið 1932 fyrir 150000 kr. og standi eigendum ekki í meira en um 180000 kr., enda svari kaskotryggingin til þess, og verði því verðmæti skips með afla, sem verði að meta eftir virðingu hans hér á staðnum, og veiðarfærum ekki nema um 190 þús. kr. Ennfremur telur stefndur ósannað, að hin laka fisksala Baldurs í næstu ferð hafi stafað af tímatöfinni, af því að sölurnar, sem stefnandi styður mál sitt við, hafi farið fram í öðrum bæ en þar sem Baldur seldi. En undir rekstri málsins hefir stefndur fallið frá áðurgerðum mótmælum gegn lengd tafarinnar frá veiðum.

B/v Kári var ósjálfbjarga, er hann hafði brotið öll blöð af skrúfu sinni, og rak, svo sem straumur og vindur bar hann, án þess að geta nokkurt viðnám veitt af eigin ramleik. Skipið var því statt í neyð, og b/v Baldur framkvæmdi hér björgun. En sökum góðviðris var björgunin auðveld og áhættulaus, þótt drátturinn væri langur, en var leyst giftusamlega og rösklega af hendi. Það er nægilega sannað, að Baldur tafðist frá veiðum vegna björgunarinnar í röska 4½ sólarhring, og varð þannig fyrir aflatjóni, sem þó hefir ekki verið reynt að meta til peninga. Hinsvegar hafa verið leiddar af því sterkar líkur, að greind töf hafi orðið þess valdandi, að aflasala hans úr næstu veiðiför hafi orðið nokkrum þúsundum króna lægri en ef hann hefði getað lokið þeirri veiðiför og selt afla sinn jafnmörgum dögum fyrr sem töfin varaði. Þykir sjóréttinum ekki verða hjá því komizt að hafa nokkra hliðsjón af þessu við ákvörðun björgunarlaunanna, sem og þess, að Baldur var með fulla skipshöfn í veiðiför og allan útbúnað til veiða. Þá lagði hann einnig til dráttartaugar, sem vitanlega hafa tognað og orðið lúnar á svo langri leið. Með tilliti til þess, sem nú var talið og áður er frá skýrt um verðmæti skips, farms og veiðarfæra, þykir sjóréttinum björgunarlaunin hæfilega ákveðin 27000 kr. auk vaxta,

svo sem krafizt hefir verið. Þá greiði og stefndur stefnanda málskostnað með 900.00 krónum, og á stefnandi sjóveðrétt í b/v Kára R. E. 111 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Mánudaginn 15. marz 1937.

Nr. 34/1936. **Guðmundur Hannesson**
(Theódór B. Líndal)
gegn
S. f. Félagsprentsmiðjan (cand. jur. Kristján Guðlaugsson).

Kröfur áfrýjanda taldar of óákveðnar og málsútlistun hans of ófullkomin til þess að hægt væri að leggja dóm á málið. Hinn áfrýjaði dómur þessvegna ómerktur og málinu vísað frá undirréttinum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. marz 1936: Stefndur, Félagsprentsmiðjan s. f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Hannessonar, í máli þessu.
Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hefir áfrýjandi gert eftirgreindar kröfur: *Aðallega*, að hið stefnda félag verði til þess dæmt að bæta úr óþægindum þeim, sem vél sú, er í málinu ræðir um, veldur honum, þannig að fullnægjandi sé að áliti hæfra, dómkvaddra manna og að viðlögðum 50 króna dagsektum, og að stefndi verði jafnframt dæmdur til að greiða honum í skaðabætur kr. 96.30 fyrir hvern mánuð, talið frá 1. des. 1934, þar til bætt hefir verið úr óþægindunum, eða til vara hæfilega upphæð, samkvæmt mati réttarins, og þá með 5% ársvöxtum frá stefnu-

degi til greiðsludags. *Til vara* krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 5392.40 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar að skaðlausu fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndur hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Í málinu má telja það upplýst, að áfrýjanda stafi verulegt óhagræði af hávaða og hristingi, sem umrædd vél veldur í húseign hans, a. m. k. viðbótarbyggingunni frá 1928. Er það aðalkrafa áfrýjanda eins og fyrr getur, að stefndi verði dæmdur til þess að bæta úr þessum óþægindum á þann hátt, sem hæfir, dómkvaddir menn telja fullnægjandi, og að viðlögðum dagsektum. Verður þegar að taka fram, að því er þessa kröfu varðar, að ekki hefir verið úr því skorið með skoðunargerð né á annan hátt, hvort unnt muni vera að bæta úr óþægindunum svo viðunandi sé, ef stefndi á að hafa full not vélarinnar framvegis. Og enn síður liggja fyrir nokkrar fullnægjandi upplýsingar um það, í hverju slík aðgerð ætti að vera fólgin og á hvern hátt hún ætti að fara fram, hversu langan tíma hún tæki og hversu kostnaðarsöm hún yrði. Í umræddri kröfugerð áfrýjanda er ekki heldur farið fram á neina tiltekna aðgerð af hálfu stefnda í því skyni að fyrirbyggja óþægindin, en í sambandi við flutning málsins hér fyrir réttinum hafa af hálfu áfrýjanda verið nefndar nokkrar hugsanlegar leiðir til þess að bæta úr þeim. Hefir einkum verið tilfært, að til þess að einangra umrædda vél nægilega muni þurfa að steypa undir hana sökkul, er síðar væri

einangraður með sandlagi, en til þess þyrfti að sprengja nægilega djúpt niður í klöpp þá, sem talin er vera undir vélinni. Ennfremur þyrfti að hljóðeinangra vélasal þann, sem vélin er í, lopt og veggi. Til þessa hefir því verið svarað af hálfu stefnda, að vélar prentsmiðjunnar, um 20 talsins, stærri og smærri, væru í vélasalnum, og myndi því slík aðgerð, sem að ofan er nefnd, þótt hún yrði talin framkvæmanleg, valda stöðvun á rekstri prentsmiðjunnar, þar eð taka yrði vélarnar úr notkun og líklegast flytja þær burt úr salnum, meðan á aðgerðinni stæði. Bæði um þessa leið og aðrar, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi, vantar fullnægjandi upplýsingar, hvort þær séu framkvæmanlegar, eða þótt svo væri, að hverju gagni þær myndu koma, og hvaða kostnað þær myndu hafa í för með sér, beint eða óbeint. Ef rétturinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að skylda stefnda til þess að framkvæma eða þola aðgerðir á eignum sínum, eða inna verk af hendi í því skyni að bæta úr nefndum óþægindum og bera kostnað við það að öllu eða einhverju leyti, þá yrði, eins og aðalkröfunni er háttað, að leggja það að öllu leyti á vald hinna dómkvöddu manna, hvaða aðgerð eða aðgerðum yrði beitt og hversu mikið stefndi yrði að leggja í kostnað við þær, og það án þess að rétturinn geti gert sér grein fyrir, hvort aðgerðirnar, sem óvíst er, hverjar yrðu, kæmu að tilætluðum notum. Væri hinum dómkvöddu mönnum þannig í raun og veru fengið úrskurðarvald í málinu, og engin takmörk sett fyrir því, hve lengi þeir gætu krafizt nýrrar aðgerðar, ef fyrri aðgerð þætti ekki fullnægjandi. Af greindum ástæðum verður að telja aðalkröfu áfrýjanda allt of óákveðna og málsútlistun í sambandi við hana of ófullkomna,

til þess að unnt sé að leggja dóm á hana. Og að því er varðar þann viðbótarlið við aðalkröfuna, að áfrýjanda verði dæmdar bætur fyrir liðinn tíma, þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um slíkt tjón, sem á verði byggt. Þar sem áfrýjandi ennfremur mun hafa borið fram varakröfu sína um skaðabætur með það fyrir augum, að dæmt yrði um aðalkröfuna og stefndi sýknaður af henni, þá þykir ekki rétt að dæma um varakröfuna í þessu máli, enda brestur og fullnægjandi málsútlistun að því er hana varðar, þar eð ekkert fullnægjandi mat hefir farið fram á því, hvort eða hversu mikla lækkun á verði hlutaðeigandi eignar umrædd óþægindi hafa í för með sér, sbr. 137. gr. réttarfarslaganna, nr. 85/1936.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, ber ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá undirréttinum. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að allur málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, skuli falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1935, af Guðmundi Hannessyni, prófessor, hér í bæ, gegn s.f. Félagsprentsmiðjan hér í bænum. Dómkröfurnar, sem stefnandi hefir nánar tilgreint í framhaldsstefnu, eru *aðallega* þær, að stefnt sameignarfélag verði dæmt til þess að bæta úr þeim óþægindum, sem ákveðin vél, er síðar verður rætt um, veldur stefnanda, á þann hátt, að fullnægjandi sé að

áliti hæfra dómkvaddra manna og að viðlögðum 50 kr. dagsektum, *að* félagið verði jafnframt dæmt til að greiða stefnanda kr. 115.00 (upphæð þessa hefir hann þó lækkað niður í kr. 96.30 fyrir hvern mánuð) frá 1. des. 1934, þar til bætt verður úr ofangreindum óþægindum á fullnægjandi hátt.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefnt sameignarfélag verði dæmt til að greiða sér skaðabætur, að upphæð kr. 5392.40, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnuútgáfudegi, 25. febr. 1935, til greiðsludags. Málskostnaðar krefst stefnandi og, hvernig sem málið fer.

Stefnt sameignarfélag krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar. Undir rekstri málsins hefir það þó gert þá kröfu *til vara*, að meiri einangrun vélarinnar skuli að fullu og öllu fara fram á kostnað stefnanda og til *þrautavara*, að aðiljum verði gert að greiða þenna einangrunarkostnað vélarinnar að jöfnu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi á íbúðarhúsið nr. 12 við Hverfisgötu hér í bænum og býr í því. Með bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 16. júní 1916, var prentsmiðjunni Rún h.f. leyft að byggja tvílyft *vinnuhús* á lóðinni nr. 1 við Ingólfsstræti, en sú lóð liggur fast upp að lóð stefnanda við Hverfisgötu, og eru hús þessi því nágrannahús. Áður en prentsmiðjan Rún byggði hús sitt, gaf hún nágrönnum sínum kost á að kaupa spildur af lóðinni nr. 1 við Ingólfsstræti, til þess að þeir gætu þannig tryggt sig gegn hávaða frá prentsmiðjunni, en það gerði stefnandi þó ekki.

Stefndur, Félagsprentsmiðjan s. f., keypti síðan húseignina, sem h. f. Rún lét byggja á lóðinni nr. 1 við Ingólfsstræti, sameinaði prentsmiðjurekstur sinn rekstri h. f. Rún og hefir síðan starfrækt þar prentsmiðju.

Með bréfi, dags. 26. júlí 1928, fór stefnandi þess á leit við byggingarnefnd Reykjavíkur, að sér yrði leyft að byggja einlyft smáhýsi í sundi, sem var á milli íbúðarhúss hans og húss Félagsprentsmiðjunnar (áður hús h. f. Rún). Tók stefnandi það fram, að smáhýsi þetta ætlaði hann að nota sem lækningastofu handa syni sínum, sömuleiðis, að smáhýsið væri öllu fremur bráðabirgðabygging en varanleg. Leyfið var veitt, og byggði stefnandi síðan smáhýsið. Í nóv. 1934 lét stefndur setja upp svokallaða Babcock prentvél í húsi sínu, og þegar hún tók til starfa, kom í ljós, að hún

olli þeim hávaða og hristingi í smáhýsi stefnanda og jafnvel í íbúðarhúsi hans, að hann taldi sig ekki geta við það unað, en þar eð stefndur vildi ekki bæta úr þessu á þann hátt, er stefnandi gæti sætt sig við, höfðaði hann mál þetta og gerði í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að sér hafi verið alveg nauðsynlegt að kaupa vél þessa vegna þess, að annars hefði hann ekki getað fullnægt kröfum öruggasta viðskiptavinar síns. Vélin hafi verið keypt af færasta sérfræðingi, sem völ hafi verið á hér í bænum, og sé sett upp af honum, enda í öllu farið að ráðum hans í þessu efni.

Það má þó telja viðurkennt í málinu, að unnt hefði verið að einangra vélina betur en gert var, þannig að hún hefði valdið stefnanda minni óþægindum, en eftir því sem upplýst er í málinu, má telja víst, að til þess hefði þurft að gera sérstakar ráðstafanir, sem kostað hefðu mikið fé.

Það er þó líklegt, að stefndu s. f. hefði borið skylda til gagnvart stefnanda að ganga svo vel sem unnt hefði verið frá umræddri vél, eða að a. m. k. svo vel, að hún ylli honum ekki óþörfum óþægindum, ef þannig væri umbúið frá hendi stefnanda sjálfs, að honum yrði ekki á neinn hátt um óþægindin kennt, og verður það nú athugað nánar.

Þegar stefnandi sótti um leyfi byggingarnefndar árið 1928 til að mega byggja áðurgreint smáhýsi í sundinu milli íbúðarhúss síns og húss Félagsprentsmiðjunnar, sendi hann byggingarnefnd uppdrátt, er sýndi, að stefnandi ætlaði að byggja sérstakan brunagafl upp að brunagafli prentsmiðjunnar. Hann hvarf þó frá þessu síðar og fékk samþykki þáverandi prentsmiðjustjóra Félagsprentsmiðjunnar til þess að mega notast við brunagafl prentsmiðjuhússins sem einn vegg á smáhýsinu. Sömuleiðis hefir þak smáhýsisins verið greypt inn í gafl prentsmiðjuhússins. Hefir því verið haldið fram af stefndu, að prentsmiðjustjórinn hafi beinlínis bannað það, og ekki hefir stefnandi sannað, að hann hafi haft leyfi til þess.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að leyfi það, er stefnandi hafi fengið hjá framkvæmdarstjóranum til að nota brunagafl prentsmiðjunnar á framangreindan hátt, hafi verið markleysa, því að skv. lögum Félagsprentsmiðjunnar

s. f. hafi þurft til þess samþykki tveggja stjórnarmeðlima, sem aldrei hafi verið fengið.

Stefnandi telur stjórn Félagsprentsmiðjunnar hafa samþykkt þetta með þögninni, þar eð henni hafi hlotið að vera þetta kunnugt. Gegn andmælum stefnds verður þó ekki talið, að stjórninni hafi verið kunnugt um þetta með sérstöku tilliti til þess, að ekki er upplýst, að hún hafi nokkurntíma haft sérstaka ástæðu til að athuga viðbyggingu stefnanda að þessu leyti, og ekki mun hafa verið unnt að sjá, án sérstakrar athugunar, hvort brunagafl prentsmiðjuhússins var notaður eða sérstakur brunagafl byggður. En enda þótt ekki yrði talið, að stjórnin hefði samþykkt þetta, þá telur stefnandi sig þó hafa haft fullkomna heimild til að nota brunagafl prentsmiðjunnar, þar eð samþykki prentsmiðjustjórans hljóti að vera nægilegt til svo smávægilegs greiða, sem hér hafi verið um að ræða.

Rétturinn verður þó að telja, að í þessu samþykki framkvæmdarstjórans eins geti ekki falizt nein skuldbinding af hálfu stefnds um það að taka á sig ábyrgð í því, að þessi tenging smáhýsisins við brunagafl prentsmiðjunnar valdi ekki stefnanda óþægindum.

Með því að smáhýsið var byggt án eigin brunagafls gagnstætt því, sem gert var ráð fyrir, er byggingarnefnd veitti leyfið, og með tilliti til gildis samþykkis þess, er stefnandi fékk til að nota gafl prentsmiðjunnar og þar eð svo virðist sem hann hafi án heimildar látið greypa þak smáhýsisins inn í brunagafl Félagsprentsmiðjunnar, þá telur rétturinn, að ef sú yrði niðurstaðan, að óþægindi hans stöfuðu af þessari tengingu viðbyggingarinnar við prentsmiðjuna, þá yrði stefnandi að þola óþægindin áfram og bótalaust af hálfu prentsmiðjunnar. Af þessu leiðir ennfremur, að til þess að kröfur stefnanda í máli þessu geti orðið teknar til greina, þarf hann að sanna, að tenging þessi valdi ekki þeim óþægindum, er hann verður fyrir, heldur liggi til þeirra aðrar orsakir, er stefndur beri ábyrgð á.

Stefnandi telur óþægindi þau, er hann verður fyrir af völdum umræddrar prentvélar, eingöngu stafa af því, hve illa sé um vélina búið af hálfu stefnds. Hann telur hinn ófullkomna frágang hennar valda því, að hún hristi klöppina, er sé undirstaða húsanna, og valdi sá hristingur þeim

óþægindum, er hann verði fyrir í húsi sínu. Hinsvegar telur stefnandi það engu máli skipta um óþægindin, að hann hafi notazt við brunavegg prentsmiðjunnar, er hann byggði smáhýsi sitt. Óþægindin berist ekki gegnum vegginn né stafi óþægindi þau, er hann verði fyrir, eingöngu af því, eingöngu af því, að vélin hristi undirstöðu hússanna, og klöppin beri því bæði hristinginn og hljóðöldurnar, sem mestu illu valdi. Og þar sem viðurkennt sé í málinu, að mögulegt hefði verið að ganga betur frá vélinni, þá sé auðsætt, að taka beri dómkröfur sínar til greina.

Stefndur heldur því fram, að enda þótt með miklum kostnaði hefði verið hægt að ganga betur frá umræddri vél, þá hafi sér ekki borið skylda til þess gagnvart stefnanda. Sér hafi aðeins borið að gera þær ráðstafanir, sem taldar séu nauðsynlegar og eðlilegar á hverjum tíma til að draga úr óþægindum, sem starfrækslan geti haft í för með sér fyrir nágrannana. Þetta hafi verið gert og beri því að sýkna sig af kröfum stefnanda, enda stafi óþægindi þau, er hann verði fyrir, eingöngu af því, að hann hafi ekki gert þær ráðstafanir, sem honum bar að gera til að tryggja sig gegn óþægindum, heldur hafi hann beinlínis sælzt eftir þeim með því að byggja smáhýsi sitt á áðurgreindan hátt.

Umrædd prentvél er sett niður á gólf prentsmiðjunnar á þann hátt, að ofan á steingólfinu er margfaldur „filt" pappi, þar ofan á er linoleumdúkur og ofan á þessu stendur svo vélin á eikarfleygum, sem settir hafa verið undir hana til að „rétta hana af".

Rétturinn getur því ekki fallizt á það með stefnanda, að ekkert hafi verið gert til að einangra vélina, enda þótt sú staðhæfing hans kunni að vera rétt, að þetta sé ekki gert beinlínis og fyrst og fremst í því skyni að tryggja stefnanda gegn óþægindum.

Verður nú athugað, á hvern hátt óþægindin berast yfir í smáhýsi og íbúðarhús stefnanda og hvort það muni vera að kenna því, hvernig stefnandi notar brunagafl prentsmiðjunnar eða því, að ver sé frá umræddri prentvél gengið en stefndum hafi borið að ganga frá henni.

Stefnandi hefir látið dómkveðja tvo menn til að skoða og meta óþægindi sín vegna umræddrar prentvélar, og

hafa þeir m. a. látið það álit í ljósi, að aðalorsök óþægindanna sé sú, að ekkert hafi verið gert til að einangra vélina, heldur hafi hún verið boltuð föst við klöppina undir húsunum og hristi af þeirri ástæðu undirstöðu þeirra. Þá telja þeir og, að nokkur hávaði berist til millumveggjar hússins í gegnum loftið í vélasalnum.

Í skoðunargerð sinni virðast skoðunarmennirnir telja, að orsökin til þess, að undirstaða húsanna hristist, sé sú, að vélin sé boltuð föst við klöppina, sbr. orðalagið „. . . boltuð föst við klöppina og hristir þannig alla undirstöðu húsanna . . .“ Síðar hefir komið í ljós, að staðhæfing skoðunarmannanna um þetta atriði er byggð á misskilningi; prentvélin er ekki boltuð föst við klöppina, heldur er rafhreyfill sá, er knýr hana, boltaður fastur. Jafnframt þessu er það viðurkennt af stefnanda, að rafhreyfillinn muni ekki valda neinum sérstökum óþægindum né hrista klöppina.

Ekki verður séð, að skoðunarmennirnir hafi annað fyrir sér, er þeir telja að klöppin hristist, en það, að prentvélin sé boltuð við hana og það hljóti að valda hristingi á undirstöðu húsanna. Rétturinn telur því skv. framansögðu, að ósannað sé, að klöppin hristist af völdum vélarinnar og það valdi stefnanda umræddum óþægindum.

Eins og áður er getið, notaðist stefnandi við brunagafl prentsmiðjunnar, er hann byggði smáhýsið í sundinu milli húsanna. Skoðunarmennirnir telja, að *„nokkur hávaði“* berist til millumveggjar hússins í gegnum loftið í vélasalnum. Þá hefir eitt vitnið, er leitt hefir verið, Sigurður Pétursson, arkitekt, talið, að venjulegur eldvarnarveggur, byggður upp með vegg prentsmiðjunnar, myndi draga úr óþægindunum, án þess þó að koma alveg í veg fyrir þau. Annað vitni, er leitt hefir verið, Helgi Sigurðsson, verkfræðingur, telur, að til þess að sérstakur eldvarnarveggur bætti úr óþægindunum, þá yrði að vera annaðhvort loftlag eða gljúpt efni milli brunagafla smáhýsisins og prentsmiðjunnar.

Bæði þessi vitni hafa gefið vottorð, sem tekið hefir verið jafngilt og það væri eiðfest, um að hægt hefði verið fyrir stefnanda að einangra viðbygginguna nægilega frá prentsmiðjunni með því að steypa sérstakan brunavegg og hafa lag úr einhverju gljúpu efni milli

þess veggjar og brunaveggjar prentsmiðjunnar. En eins og nú sé gengið frá viðbyggingunni, telji þeir vafasamt, hvort hægt sé að einangra hana nægilega, enda þótt einangrunarlag væri sett báðu-megin á gólfinu, því að titringurinn myndi eftir sem áður berast gegnum þverveggina.

Skv. því, sem áður er sagt um hristing á undirstöðu húsanna, og því, sem nú var sagt, og því, að miklar líkur hafa verið leiddar að því, að óþægindin stafi af því, að þak viðbyggingarinnar er greypt inn í brunagafl prentsmiðjunnar og að notast er við hann sem vegg í viðbyggingunni án þess að stefnandi gerði nokkrar varúðarráðstafanir, þá telur rétturinn með sérstöku tilliti til þess, sem áður er sagt um heimild stefnanda til að nota brunagaflinn, og þeirra upplýsinga, sem hann gaf byggingarnefnd, er hann sótti um byggingarleyfið, stefnanda ekki hafa gert það, sem honum bar að gera til að fyrirbyggja væntanleg óþægindi frá prentsmiðjunni, þar sem hann vissi, að þar voru knúðar vélar, sem ætíð valda gný og hristingi í umhverfinu. En prentsmiðjan virðist hafa heimild til að nota nauðsynlegar vélar í iðninni, sem forsvaranlega er gengið frá.

Nú verður það eigi séð af gögnum þeim, er fyrir liggja, að neitt verulega athugavert sé við umbúnað vélarinnar, og það hefir heldur ekki verið sannað, að hún sé hávaðasamari og gnýmeiri en aðrar samskonar vélar. Hinsvegar þykir það hafa komið skýrt fram í málinu, að einmitt með tilliti til hávaða og hristings, sem frá vélanotkun prentsmiðjunnar hlaut að stafa, hefir alveg varúðarlaust verið frá viðbyggingunni gengið, er hún var tengd við prentsmiðjuna. Rétturinn telur því, að stefnanda hafi ekki tekizt að sanna, að stefndur beri ábyrgð á óþægindunum, heldur virðist flest benda til, að þau séu tilkomin vegna frágangs hans sjálfs á viðbyggingunni. Það þykir því ekki unnt að taka dómkröfu stefnanda til greina, hvorki aðal- né varakröfu hans. Verður því að sýkna hið stefnda sameignarfélag, en málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Föstudaginn 19. marz 1937.

Nr. 83/1936. **Ólafur Halldórsson**
(Eggert Claessen)
gegn
Guðrúnu Ásdísi Skúladóttur Norðdahl
(Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. marz 1936: Kærður, Ólafur Halldórsson, skal teljast faðir að barni því, er kærandi, Guðrún S. Norðdahl, ól þann 20. júlí 1935 og hlaut í skírninni nafnið Guðbjörg Ester. Þá greiði kærður meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds, og 20 krónur í málskostnað. Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess *aðallega*, að hann verði skilyrðislaust sýknaður af kröfu stefndu í máli þessu, en *til vara*, að úrslit þess verði látin velta á synjunareiði hans, og til *þrautavara*, að málsúrslit verði látin velta á sönnunareiði stefndu. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver sem málsúrslit verði. Stefnda krefst þess hinsvegar *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði hennar, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir rannsókn á blóði aðilja og barns stefndu farið fram og með þeirri niðurstöðu, að barnið og á-

frýjandi reyndust vera af O og M flokki, en stefnda af A og N flokki. Getur hann samkvæmt því verið faðir að barninu, en rannsóknin sannar alls ekki, að hann *sé* það.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, eru aðiljar sammála um það, að þau hafi haft holdleg mök saman nokkrum sinnum árin 1933 og 1934. Þau eru einnig sammála um, að þau hafi ekki haft samfarir frá því síðari hluta ágústmánaðar 1934 og til októberloka s. á. Einnig ber þeim saman um það, að þau hafi komið saman að líkamslosta síðast í desember 1934. Má telja víst, að barnið, sem talið er að hafa fæðzt fullburða, geti ekki verið ávöxtur samfaranna í desember nefnt ár. Og einnig má telja útilokað, að það geti verið komið undir við samfarir aðilja í ágústmánuði 1934. Stefnda kveðst hafa haft samfarir við áfrýjanda 2. nóvember 1934, sem þó hafi ekki verið fullkomnar, og síðan í annari viku sama mánaðar, er hún hafi komið heim til áfrýjanda á heimili hans hér í bænum. Yrði barnið þá að vera getið við þessar samfarir, ef áfrýjandi er faðir að því, og má það vel standast tímans vegna. Áfrýjandi neitaði því ákveðið í þinghaldi 28. nóv. 1935, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við stefndu í nóvembermánuði 1934. Í sama þinghaldi síðar er skýrsla hans bókuð svo, að hann hafi ekki, „eftir því sem hann minni bezt", haft samfarir við stefndu frá byrjun septembermánaðar, sem eftir upplýsingum, komnum fram hér fyrir dómi, ætti að vera frá lokum ágústmánaðar, og þar til síðast í desember 1934. Þetta varúðarsama orðalag áfrýjanda verður ekki talin viðurkenning á faðerni barnsins né afturköllun á synjun hans áður fyrir faðernið,

og verður hann því ekki dæmdur faðir barnsins vegna ófullnægjandi synjunar á staðhæfingu stefndu um samfarir þeirra í nóvembermánuði 1934.

Sem fyrr segir, höfðu aðiljar kynningu hvort af öðru bæði fyrir og eftir getnað barnsins. Áfrýjandi neitar því ekki, að verið geti, að hann hafi farið, að því er virðist á náttarþeli, einn út með stefndu á heimili hennar 2. nóvember, er hann sýnist hafa verið þar í mannfagnaði ásamt öðrum fleirum, enda þótt hann synji fyrir samfarir við stefndu að því sinni. Eftir að áfrýjandi var orðinn þess vís, fyrst í marzmánuði 1935, að stefnda var orðin þunguð, veitti hann henni nokkurn fjárstyrk. Að vísu ber áfrýjandi það, að stefnda hafi þá sagzt hafa gengið með á *þriðja* mánuð, og hafi hann því búizt við, að hún hefði orðið barnshafandi við samfarir þeirra í desember árið áður. En stefnda tjáist hafa sagt áfrýjanda þá, að hún hefði gengið með á *fjórða mánuð*. Fyrir hæstarétti hefir verið lagt fram vottorð læknis, er skoðaði stefndu 5. marz 1935, og að því er ætla má, rétt eða skömmu áður en hún skýrði áfrýjanda frá barnshöfn sinni, og kveður læknirinn hana þá hafa gengið með „ca. á fjórða mánuð". Verður að gera ráð fyrir því, að læknirinn hafi tjáð stefndu þessa niðurstöðu sína, og að stefnda hafi flutt hana áfrýjanda. Virðist því mega gera ráð fyrir því, að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að ætla, að þungi stefndu væri ekki ávöxtur samfara þeirra í desembermánuði 1934, og ekki mátti tímamarkið samríma samförum þeirra í lok ágústmánaðar s. á. Ennfremur sýndi áfrýjandi stefndu umönnun í sængurlegu hennar, svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir.

Þegar allt þetta er athugað, þá virðist stefnda

hafa flutt fram atriði, sem veita nægilega sterkar líkur til þess, að málsúrslit verði látin velta á eiði hennar, sbr. 15. gr. laga nr. 46/1921 og nú 213. gr. laga nr. 85/1936, þannig að ef hún vinnur, eftir löglegan undirbúning, innan 6 vikna frá uppsögu dóms þessa, á varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við áfrýjanda á tímabilinu frá 1. til 15. nóvember 1934, þá skal hann talinn faðir að meybarni því, Guðbjörgu Ester, sem stefnda ól þann 20. júlí 1935, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og áfrýjandi greiða stefndu málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti samtals 200 krónur.

Ef stefndu verður hinsvegar eiðfall, þá á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Guðrún Ásdís Skúladóttir Norðdahl, vinnur innan 6 vikna frá uppsögu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 1. til 15. nóvember 1934 haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Ólaf Halldórsson, þá skal hann talinn faðir barns þess, Guðbjargar Ester, sem stefnda ól þann 20. júlí 1935, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði á-

frýjandi henni samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ef stefndu verður eiðfall, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Þann 20. júlí 1935 ól ógift stúlka, að nafni Guðrún S. Norðdahl, til heimilis á Úlfarsfelli í Mosfellssveit, fullburða stúlkubarn, sem í skírninni hlaut nafnið Guðbjörg Ester. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Ólaf Halldórsson, bifreiðarstjóra, til heimilis á Eiríksgötu 37 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta eftir ósk kæranda höfðað gegn honum, og hefir hún gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og svo barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og loks málskostnað að skaðlausu.

Kærandi heldur því fram, að hún hafi þekkt kærðan síðan hún var barn að aldri. Hún kveður, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan fyrst fyrir einum tveimur eða þremur árum og síðan öðru hvoru eftir það, þar til í desembermánuði 1934, en þó ekki um hásumarmánuðina. Heldur hún því fram, að barn þetta muni vera getið við samræði, er hún hafi haft við kærðan í annari viku nóvembermánaðar 1934, og byggir hún það meðal annars á því, að fyrst í þeim mánuði hafi hún haft tíðir, en síðan ekki á meðgöngutíma barnsins.

Kærandi hefir haldið því fram, að hún hafi sagt kærðum í marzmánuði 1935, að hún væri þunguð af hans völdum og hafi hann þá sagt, að hann borgaði með barninu, ef hann ætti það. Þá kveður kærandi, að í aprílmánuði

1935 hafi kærður látið sig hafa 60 kr. í peningum, og kveðst hún hafa skilið það svo, að með því viðurkenndi hann barnið. Þegar barnið fæddist og eftir það, kveður kærandi, að kærður hafi séð um flutning ljósmóður upp að Úlfarsfelli sér að kostnaðarlausu og ennfremur hefir hún haldið því fram, að hún hafi engan reikning fengið fyrir starfa ljósmóðurinnar, og telur hún því, að kærður muni hafa greitt þann kostnað.

Þá hefir kærandi haldið því staðfastlega fram, að hún hafi ekki haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en kærðan á getnaðartíma barnsins, og geti því enginn annar en hann verið faðir þess.

Kærður viðurkennir það, að hann hafi þekkt kæranda yfir lengri tíma, enda séu þau alin upp í sömu sveit. Þá hefir kærður og viðurkennt það, að hann hafi fyrst haft holdlegt samræði við kæranda fyrir ca. tveimur árum og síðan öðru hvoru eftir það, þar til í desembermánuði 1934, en þó ekki yfir hásumarmánuðina. Þá hefir hann og haldið því fram, að hann minnist þess ekki, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda frá því í byrjun septembermánaðar og þar til síðast í desembermánuði 1934. Þá viðurkennir kærður, að kærandi hafi sagt sér í byrjun marzmánaðar 1935, að hún væri ófrísk af sínum völdum, en hann hefir haldið því fram, að kærandi hafi sagt sér, að hún væri búin að ganga með á 3ja mánuð, en kærandi hefir hinsvegar staðhæft það, að hún hafi sagt kærðum, að hún þá væri búin að ganga með á 4. mánuð. Kærður viðurkennir, að hann hafi látið kæranda þá fyrst hafa 10 kr. og síðan 50 kr. töluverðum tíma eftir það, að hún sagði honum, að hún væri ófrísk, og auk þess hafi hann látið hana fá ári áður 10 krónur. Þá hefir kærður játað það, að hann hafi kostað bifreiðarakstur ljósmóðurinnar, þegar kærandi átti barnið og eftir það meðan á legunni stóð. Hinsvegar hefir hann neitað því, að hann hafi greitt ljósmóðurinni hennar fyrirhöfn.

Kærður hefir krafizt þess í málinu, að blóðrannsókn færi fram, og var af lækni gerð tilraun til þess að ná blóði úr barninu með samþykki kæranda, en það mistókst eins og læknisvottorðið á réttarskj. nr. 4 sýnir. Eftir það hefir kærandi verið ófáanleg til þess að leyfa

að fram færi blóðrannsókn, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur kærðs.

Það er upplýst í málinu, að kærandi og kærður hafa þekkzt í mörg ár og haft holdlegar samfarir öðru hvoru yfir lengri tíma. Þá er það og upplýst, að kærður hafi látið kæranda hafa á meðgöngutímanum og eftir að hann vissi, að hún var ófrísk, 60 krónur í peningum og sömuleiðis séð um flutning ljósmóður kæranda að kostnaðarlausu vegna fæðingar barnsins. Þá hefir kærður ekki ákveðið mótmælt því, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á þeim tíma, er barn þetta geti verið getið, hann hefir aðeins haldið því fram, að hann minnist þess ekki, að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana á þeim tíma, er hún telur að barnið sé getið, eða frá því í byrjun september og þar til síðast í desembermánuði 1934.

Með tilliti til þess, sem hér á undan greinir, þykir verða að dæma kærðan föður að barni því, er kærandi ól þann 20. júlí 1935. Þá greiði hann og meðlag með barninu svo og barnsfararkostnað til barnsmóður og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Dráttur sá, er varð á rannsókninni, er sök kæranda, en dráttur á uppkvaðningu dóms er vegna anna.

Föstudaginn 19. marz 1937.

Nr. 113/1936. **Magnús Jochumsson f. h. Nordisk Brandforsikring A/S**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Stefáni Thorarensen og gagnsök
(Theódór B. Líndal)
og
Kristján Siggeirsson
(Eggert Claessen)
gegn
Magnúsi Jochumssyni f. h. Nordisk Brandforsikring A/S og Stefáni Thorarensen

Vátryggingarsali, sem nafngreindur lyfsali hafði tryggt hjá innbú og lyfjavörur, er síðar fórust í eldi, sýknaður af kröfu um greiðslu tryggingarfjárins, að því er varðaði meiri hluta lyfjavaranna, vegna þess að lyfsalinn hafði gefið rangar upplýsingar um eignarréttinn að þeim, þegar tryggingin var keypt. Auk þess leyst úr fleiri spurningum varðandi trygginguna.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 4. júlí 1936: Í meðalsök eiga meðalstefndir, Stefán Thorarensen og Nordisk Brandforsikring A/S, að vera sýknir af kröfu meðalstefnanda, Kristjáns Siggeirssonar, og á málskostnaður í meðalsök að falla niður.

Í aðalsökinni greiði stefndur, Nordisk Brandforsikring A/S, stefnandanum, Stefáni Thorarensen, kr. 15.356.12 og kr. 650.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar af báðum aðiljum aðalsakar í héraði, að því er hana varðar, og af sækjanda meðalgöngumáls í héraði, að því er það snertir.

Í aðalsök og gagnsök hér fyrir réttinum krefst aðaláfrýjandi þess *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. *Til vara* krefst hann þess, að hann verði einungis skyldaður til að greiða gagnáfrýjanda kr. 5018.34, en *til þrautavara* kr. 10158.60. Þá krefst hann og, hvernig sem málið fer, málskostnaðar af gagnáfrýjanda fyrir báðum réttum eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 17898.60 eða hverja þá lægri upphæð, sem rétturinn kynni að ákveða, með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð, sem ákveðin verður, frá 8. jan. 1934 eða til vara frá 8. febr. s. á. eða til þrautavara frá stefnudegi til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Áfrýjandi meðalgöngumáls krefst þess, að aðaláfrýjandi aðalsakar verði dæmdur til að greiða honum kr. 400.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar af andstæðingum sínum fyrir báðum réttum eftir mati dómsins. Aðaláfrýjandi aðalsakar krefst algerrar sýknu í meðalgöngumálinu, en ef krafa áfrýjanda meðalgöngumáls verður tekin til greina, krefst aðaláfrýjandi þess, að sú upphæð, er hann verður dæmdur til að greiða, sé dregin frá þeirri upphæð, sem hann kunni að verða dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda aðalsakar. Þá krefst aðalá-

frýjandi málskostnaðar í meðalgöngumáli fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi aðalsakar krefst algerrar sýknu í meðalgöngumáli og málskostnaðar í því fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi byggir sýknukröfu sína í aðalsök á því ákvæði 2. mgr. 6. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða félagsins, að því beri engin skylda til að eiga við aðra en vátryggðan sjálfan, „akkordbú" hans, þrotabú eða dánarbú um brunabætur, hæð þeirra og greiðslu á þeim. En í þessu tilfelli sé Lárus Böðvarsson hinn vátryggði, en ekki gagnáfrýjandi, og telur aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda þess vegna ekki vera réttan aðilja sakarinnar, þrátt fyrir framsal það, sem hann hefir fengið á rétti Lárusar skv. brunabótaskírteinunum. Þessi sýknukrafa verður þó ekki tekin til greina þegar af því, að viðurkennt er, að aðaláfrýjandi hefir átt í samningum við gagnáfrýjanda um brunabætur þær, sem um ræðir í máli þessu, og verður að telja, að með því hafi aðaláfrýjandi viðurkennt gagnáfrýjanda sem réttan aðilja við heimtu bótanna og afsalað sér rétti til að byggja nokkra mótbáru á nefndu ákvæði vátryggingarskilyrðanna.

Varakrafa aðaláfrýjanda um, að hann verði einungis skyldaður til að greiða gagnáfrýjanda kr. 5018.34, er þannig til komin, að hann viðurkennir skyldu sína til að greiða kr. 2898.60 sem bætur fyrir hið skemmda innbú Lárusar Böðvarssonar, en það var vátryggt með sérstöku skírteini fyrir kr. 3000.00, og er það játað af gagnáfrýjanda, að honum skv. því skírteini beri ekki meira en þessar kr. 2898.60. Ennfremur viðurkennir aðalá-

frýjandi skyldu sína til að greiða bætur fyrir þær lyfjavörur, sem Lárus Böðvarsson hafi átt sjálfur í lyfjabúðinni á Eyrarbakka, þegar hún brann, 6. jan. 1934, en ekki 8. jan. eins og í héraðsdóminum segir. Er það að vísu með öllu ósannað, hverjar þessar vörur voru og hversu mikið verðmæti þeirra hefur verið. Enda fórust verzlunarbækur Lárusar í brunanum, þrátt fyrir það að til var eldtraustur skápur til geymslu þeirra og þó að þær, skv. því, sem upplýst er hér fyrir réttinum, lægju einmitt frammi í herbergi því, sem Lárus ásamt öðrum manni var staddur í, þegar eldurinn kom upp kl. 7½ e. h. þann 6. jan. 1934, og var með þessu ótvírætt brotið gegn skildaganum um verzlunarbækur, sem settur var í vátryggingarskírteini lyfjavaranna. Aðaláfrýjandi telur sig, þrátt fyrir þenna upplýsingaskort um, hverjar þessar vörur hafi verið og verðmæti þeirra, fúsan til að bæta þær með kr. 2119.74. Þar sem gagnáfrýjandi hefir ekki haldið því fram, að þessi upphæð útaf fyrir sig væri of lág, verða umgetnar vörur því ekki taldar meira virði. En þessar tvær upphæðir, kr. 2898.60 og kr. 2119.74 eru samtals kr. 5018.34, og er það upphæð varakröfu aðaláfrýjanda. Ágreiningurinn um það, hvort aðaláfrýjandi eigi að greiða gagnáfrýjanda hærri upphæð en þetta, liggur fyrst og fremst í því, hvort vátrygging sú, sem Lárus Böðvarsson tók á lyfjavörum sínum, hafi einnig náð til vara þeirra, er gagnáfrýjandi átti í vörzlum Lárusar, eða ekki. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að svo hafi verið, en aðaláfrýjandi neitar því.

Um þessar vörur gagnáfrýjanda og vörzlur Lárusar Böðvarssonar á þeim gilti samningur,

gerður 5. febr. 1929, milli Lárusar og gagnáfrýjanda. Samningur þessi, sem af aðiljum hans er kallaður „Konsignationssamningur", hefir ekki verið lagðar fram í málinu fyrr en í hæstarétti. Áður en þessi samningur er gerður, en þó sama dag, hafði gagnáfrýjandi keypt „lyfjavörubirgðir" af Lárusi, og virðist svo sem það hafi verið meginhlutinn af þeim vörum, sem þá voru í lyfjabúð Lárusar. Þessar vörur lét gagnáfrýjandi Lárus jafnskjótt fá aftur til sölu skv. umgetnum samningi. Jafnframt skuldbatt Lárus sig til að kaupa ekki vörur til lyfjabúðar sinnar hjá öðrum en gagnáfrýjanda, meðan samningurinn standi í gildi, með þeirri einni undantekningu, að Lárus mætti kaupa áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins, enda væri það greitt við móttöku. Þrátt fyrir það, að Lárus var þannig um vörukaup sín bundinn við gagnáfrýjanda, þá réð gagnáfrýjandi því alveg sjálfur, hverjar vörur hann á hverjum tíma lét Lárus fá til sölu. Seldar vörur bar Lárusi að afreikna eftir hvern mánuð, og senda gagnáfrýjanda andvirðið að frádregnum reksturskostnaði, þar í talið hæfilegt kaup hans sjálfs. Loks var Lárusi skylt að hafa vörur þessar vátryggðar fyrir minnst kr. 10.000.00, meðan þær væru í vörzlum hans, og skyldi hann kosta vátryggingu þeirra, sem þá átti að teljast til reksturskostnaðar; og virðist því, þrátt fyrir ummælin um, að Lárus skyldi kosta vátrygginguna, ótvírætt, að raunverulega var það gagnáfrýjandi, sem kostnaðurinn átti að lenda á.

Eftir því, sem að framan er lýst, verður ekki talið, að Lárus Böðvarsson hafi haft umræddar vörur í umboðssölu frá gagnáfrýjanda, heldur var lyfjabúð Lárusar rekin sem einskonar útibú

gagnáfrýjanda, og staða Lárusar nánast sambærileg við stöðu verzlunarstjóra. Að þessu athuguðu, og þar eð þetta var til þess lagað að hafa veruleg áhrif á áhættu aðaláfrýjanda af vátryggingunni, verður að telja, að Lárusi Böðvarssyni hafi borið skylda til að geta þess í vátryggingarbeiðni sinni, ef hann ætlaðist til, að aðaláfrýjandi tæki að sér ábyrgð á vörum gagnáfrýjanda, þar sem beint var að því spurt á eyðublaðinu undir beiðnina, hvort einungis væri um eign vátryggjanda (en með því er vafalaust átt við beiðanda) að ræða, eða hvort hún ætti einnig að taka til annarra. En þessu svaraði Lárus svo, að fjármunirnir væru eign hans sjálfs. Um vátryggingu Lárusar á lyfjavörunum gilti því það ákvæði 3. mgr. 2. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða aðaláfrýjanda, að vátryggingin nái aldrei til hluta, sem eigi eru eign vátryggðs, þ. e. vátryggingartaka. Verður því að telja aðaláfrýjanda óskylt að greiða bætur fyrir tjón á vörum þeim, sem í eign gagnáfrýjanda voru.

Aðaláfrýjandi verður samkvæmt framansögðu ekki skyldaður til að greiða gagnáfrýjanda meira en kr. 5018.34, og af ástæðum þeim, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, verða gagnáfrýjanda ekki dæmdir neinir vextir af þeirri upphæð.

Um meðalgöngumálið er þess að gæta, að ekki verður talið, að áfrýjandi þess hafi, vegna eignarréttarfyrirvarans og skyldu Lárusar Böðvarssonar til að halda munum þeim, er fyrirvarinn gilti um, vátryggðum, öðlazt neinn forgangsrétt til vátryggingarfjárins fyrir innbú Lárusar. Þá verður heldur ekki fallizt á þá fullyrðingu áfrýjanda meðalgöngumálsins, að Lárus hafi með yfirlýsingu sinni

10. jan. 1934 einungis gefið gagnáfrýjanda aðalsakar umboð til innheimtu vátryggingarfjárins, en ekki framselt honum að fullu réttinn til þess. Orðin „— framsel hér með — öllum réttindum mínum, samkvæmt tveim brunabótaskírteinum—", sem standa í yfirlýsingunni, þykja hafa gefið gagnáfrýjanda réttmæta ástæðu til að ætla, að hér væri um fullkomið afsal að ræða, og sýnast orðin „— og kemur hr. Stefán Thorarensen að öllu leyti fram sem eigandi skírteinanna gagnvart vátryggingarfélaginu" ekki þurfa að vera til þess löguð að draga úr þessu. Þar eð yfirlýsing Lárusar Böðvarssonar um rétt áfrýjanda meðalgöngumálsins til vátryggingarfjárins er ekki dagsett fyrr en 5. okt. 1934 og því miklu yngri en fyrrgreint framsal, er ekki unnt að taka kröfur áfrýjanda meðalgöngumáls til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður bæði í aðalsök og meðalgöngumáli falli niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti og í gagnsök fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Magnús Jochumsson f. h. Nordisk Brandforsikring A/S, greiði gagnáfrýjanda, Stefáni Thorarensen, kr. 5018.34. Málskostnaður í aðalsök í héraði falli niður. Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur óraskaður vera.

Málskostnaður fyrir hæstarétti í aðalsök, gagnsök og meðalgöngusök falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkv. samkomulagi höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 13. sept. 1935, af Stefáni Thorarensen, lyfsala hér í bæ, gegn vátryggingarfélaginu Nordisk Brandforsikring A/S., Kaupmannahöfn, til greiðslu brunabótafjár, að upphæð kr. 18000,00 með 6% ársvöxtum frá 8. janúar 1934 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hefir stefnandi viðurkennt að lækka megi stefnukröfuna um kr. 101,40, einnig hefir hann, að því er snertir vaxtakröfuna, gert þá *varakröfu*, að sér verði tildæmdir vextir af kr. 11973,60 frá 8. jan. 1934, eða 8. febrúar 1934, og loks þá *þrautavarakröfu*, að sér verði tildæmdir vextir af tildæmdri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags.

Stefndur, Nordisk Brandforsikring A/S, krefst *aðallega* sýknu, en *til vara* lækkunar á stefnukröfunni eins og síðar verður greint, og málskostnaðar krefst hann, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að með vátryggingarbeiðni, dags. 3. febr. 1930, sækir Lárus Böðvarsson, lyfsali á Eyrarbakka, um vátryggingu hjá stefndum á lyfjavörum, og var vátryggingarupphæðin kr. 15.000,00. Beiðnin var samþykkt og var Lárusi fengið sérstakt vátryggingarskírteini fyrir tryggingunni. 8. febrúar 1932 sækir Lárus um vátryggingu hjá stefndum á húsgögnum, og var vátryggingarupphæð þeirra kr. 3000.00. Þessi beiðni var einnig samþykkt og Lárusi fengið sérstakt skírteini fyrir húsgagnavátryggingunni. Báðar þessar tryggingar virðast hafa verið í gildi óbreyttar 8. janúar 1934, en þann dag fórust hin vátryggðu verðmæti í eldsvoða. Stefndur neitar því ekki, að tryggingarnar hafi verið í lagi, en hinsvegar hefir ekki orðið samkomulag um greiðslu tryggingarfjárins, og hefir því stefnandi máls þessa, sem fengið hefir sér framseldan allan rétt Lárusar skv. tryggingarskírteinunum, höfðað mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur .—

Sýknukröfuna byggir stefndur á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili. Skv. tryggingarmálunum (sic) hafi Lárusi verið óheimilt að framselja stefnanda rétt sinn og verði stefnandi því ekki réttur aðili þrátt fyrir framsalið. Það

ákvæði tryggingarskilmálanna, sem stefndur byggir þetta á, er svohljóðandi: *„Félaginu ber engin skylda til að eiga við aðra en vátryggðan sjálfan ..... um brunabætur, hæð þeirra og greiðslu á þeim.“* Þetta ákvæði verður þó ekki talið hafa aðra né meiri þýðingu en þá, að meina vátryggðum framsal brunabótanna, þannig að vátryggjandi tapi við það gagnvart framsalshafa þeim mótbárum og vörnum, sem hann hefði getað haft uppi gagnvart vátryggðum sjálfum. Skv. þessu og með sérstöku tilliti til þess, að það hefir komið fram í málinu, að stefndur hefir staðið í samningum við stefnanda um greiðslu bótanna, áður en til máls þessa kom, þá verður sýknukrafan af þessari ástæðu ekki tekin til greina.

Sökum mismunandi varnarástæðna stefnds verða nú vöru- og húsgagnatryggingin athugaðar hvor um sig.

Vörutryggingin. Það er upplýst í málinu, að meginhluti vara þeirra, er fórust í eldinum, var eign stefnanda, en í umboðssölu hjá Lárusi. Sömuleiðis er það upplýst, að Lárus tryggði vörurnar í eigin nafni, en gat þess ekki, að mikill hluti þeirra væri umboðsvörur. Ákvæði er um það í vátryggingarskírteininu, að vörur, *„sem eigi eru eign vátryggðs“*, falli ekki undir trygginguna, og með tilvísun til þess ákvæðis hefir stefndur krafizt þess, ef ekki yrði fallizt á sýknukröfu hans, að hann verði sýknaður af því að greiða bætur fyrir umboðssöluvörurnar, en aðeins dæmdur til að greiða bætur fyrir þann hluta hinna brunnu vara, sem vátryggður (Lárus) átti sjálfur, og telur stefndur sig, ef þessi krafa hans yrði tekin til greina, eiga að greiða bætur vegna vörubrunans, að upphæð kr. 2119.74. Ennfremur telur stefndur það aldrei hafa verið ætlun Lárusar að tryggja umboðssöluvörurnar og dregur hann það af svari Lárusar við þeirri spurningu á vátryggingarbeiðninni, sem spyr um, hver sé eigandi hinna tryggðu muna. Umboðssöluvörurnar hafi því ekki verið tryggðar og því beri sér ekki að bæta þær. Það er nú að vísu upplýst, að Lárus kveðst í vátryggingarbeiðninni vera eigandi hinna vátryggðu vara, án þess að svo hafi í raun og veru verið um þær allar, þar eð stefnandi átti allverulegan hluta þeirra. Það má því segja, að Lárus hafi ekki gefið stefndum alveg réttar upplýsingar um, hver væri eigandi muna þeirra, er hann bað um trygg-

ingu á. En þar eð ekki verður séð, að það hafi á nokkurn hátt haft áhrif á áhættu stefnds og þar eð telja verður skv. því, sem fram er komið í málinu, að Lárus hafi tryggt umboðssöluvörurnar, og ennfremur, að trygging í eigin nafni nái til þeirra, þrátt fyrir framangreint orðalag vátryggingarskírteinisins, þá verður hérgreind krafa stefnds ekki tekin til greina, en stefndum talið skylt að bæta allar hinar tryggðu vörur, er brunnu, án tillits til þess, hvort Lárus átti þær eða hafði þær í umboðssölu.

Stefnandi telur, að verðmæti hinna tryggðu umboðssöluvara, er brunnu, hafi numið kr. 15796.46, en sú upphæð er skuld sú, er Lárus stóð í við hann um áramótin 1933 og 34. Um verðmæti vara þeirra, er Lárus átti sjálfur, þegar brunann bar að höndum, liggja ekki fyrir neinar ákveðnar upplýsingar, en af ýmsu, er fram hefir komið í málinu, þykir mega telja, að hann hafi átt vörur fyrir 2000 kr. Bókfært verðmæti vörubirgðanna verður því talið hafa verið 17796.46 um áramót 1933 og 34. Þessa upphæð véfengir stefndur mjög og telur verðmæti varanna hafa verið miklum mun minna, án þess að hafa fært fyrir því veruleg rök. — Verzlunarbækur Lárusar fórust í brunanum, svo að ekki er unnt að sjá nákvæmlega, hve hárri upphæð verðmæti hinna brunnu vara hefir numið, þegar þær brunnu. En þar eð eitthvað af vörunum hlýtur að hafa selzt frá áramótum til brunadags, án þess að upplýst sé, að keypt hafi verið í skarðið, og þar eð gera má ráð fyrir talsverðri vörurýrnun, vörur orðnar gamlar, og með því ennfremur, að ekki er útilokað, enda líklegt, að eitthvað hafi verið selt af umboðssöluvörunum, án þess að búið hafi verið að afreikna það til stefnanda, og loks vegna þess, að líkur hafa verið að því leiddar, að verzlunarbækur Lárusar, sem fórust í eldinum, hafi ekki verið tryggilega geymdar, þá þykir verða að taka lækkunarkröfu stefnds til greina á þann hátt að draga frá bókfærðu verði vörulagersins um áramót, sem var kr. 17796.46, 30% og telja því, að stefndum beri að greiða stefnanda sem bætur fyrir brunatjón á vörunum kr. 17796.46 ÷ kr. 5338.94 = kr. 12457.52.

Húsgagnatryggingin. Húsgögn Lárusar voru, eins og áður greinir, tryggð fyrir 3000 kr., og virðist ekki vera ágreiningur milli frumaðilja um, að þá upphæð beri

stefndum að greiða að frádregnum kr. 101.40, eða með kr. 2898.60.

Meðalsökin. Með stefnu, útg. 4. nóv. 1935, hefir Kristján Siggeirsson, kaupm. hér í bæ, gengið inn í mál þetta með samþykki frumaðilja og gert þá kröfu, að stefndur, Nordisk Brandforsikring A/S, verði dæmdur til að greiða sér 400 kr. með 5% ársvöxtum frá 4. nóv. 1935 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi aðalsakar krefst sýknu og málskostnaðar í meðalsökinni.

Tildrög meðalsakar eru þau, að með samningi dags. 23. apríl 1933 seldi meðalstefnandi Lárusi Böðvarssyni húsgögn fyrir kr. 865, og var ákvæði um það í samningnum, að Lárusi væri skylt að vátryggja munina fyrir eldsvoða, og einnig um það, að munirnir yrðu ekki eign kaupanda (Lárusar), fyrr en hann hefði að fullu greitt kaupverðið. Þegar innbúið brann, voru ógreiddar af kaupverðinu 400 kr., og með áritun á kaupsamninginn, dags. 5. okt. 1934, viðurkennir Lárus skuld þessa og lýsir yfir því, að þar eð Kristján hafi veðrétt í vátryggingarverði muna þessara, þá sé tryggingarfélaginu heimilt að greiða honum þessar 400 kr.

Með því nú að framsalið til stefnanda aðalsakar er miklu eldra (dags. 10. jan. 1934) en þessi áritun og með því að gegn neitun aðalstefnanda er ekki sannað, að meðalstefnandi eigi veðrétt í vátryggingarfjárhæðinni fyrir þessum 400 kr., Þá verða kröfur meðalstefnanda ekki teknar til greina gegn ákveðnum mótmælum stefnanda aðalsakar, og verða úrslit meðalsakar því þau, að meðalstefndir frumaðiljar verða sýknaðir af kröfu meðalstefnanda, en eftir málavöxtum þykir málskostnaður í meðalsökinni eiga að falla niður.

Aðalmálið aftur. Stefndur hefir mótmælt vaxtakröfu stefnanda og bent í því sambandi á 10. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða, sem mælir svo fyrir, að útborgun fari fram innan mánaðar frá því að bæturnar hafi verið ákveðnar með samkomulagi aðilja, mati eða fullnaðardómi og að félaginu sé ekki skylt að greiða vexti fyrr en að þessum fresti liðnum. Skv. hinni tilvitnuðu grein ber að taka þessi mótmæli stefnds til greina og verða því stefnanda ekki tildæmdir vextir í þessu máli, þar eð svo

verður að líta á, að engir vextir séu enn á vátryggingarupphæðirnar fallnir.

Úrslit máls þessa verða því skv. framansögðu þau, að stefndur, Nordisk Brandforsikring A/S, verður dæmdur til að greiða stefnanda, Stefáni Thorarensen, kr. 15356.12 og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 650 kr.

Föstudaginn 19. marz 1937.

Nr. 176/1936. **Helgi Benónýsson**

gegn

Þorsteini Víglundarsyni

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benónýsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. marz 1937.

Nr. 180/1936. **Páll Þorbjarnarson f. h. Kaupfélags alþýðu í Vestmannaeyjum**

gegn

Vinnufatagerð Íslands h/f

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Þorbjarnarson f. h. Kaupfélags

alþýðu, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 19. marz 1937.

Nr. 190/1936. **Erlingur Jónsson**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erlingur Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 19. marz 1937.

Nr. 2/1937. **Björn Gíslason**
gegn
Metúsalem Stefánssyni

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Gíslason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 7. apríl 1937.

Nr. 145/1936. **Valdstjórnin**

gegn

Frederick Arthur Meggitt

Úrskurður hæstaréttar.

Kærði, er stöðvaður var af varðbátnum Gauti þann 15. júlí 1936, hefir haldið því fram, að hann hafi daginn áður fyrir óhapp misst botnvörpu skips síns, sem orðið hafi föst í botni, og hafi botnvörpustrengirnir þá slitnað. Skipherra varðbátsins og fleiri menn af honum töldu þess sjást glögg merki á botnvörpuvírunum, að þeir hefðu verið meitlaðir sundur rétt áður en skip kærða var stöðvað, enda hefðu sézt greinileg og ný meitilför í öldustokki skipsins bakborðs megin, og að kærði hefði því þá haft vörpu í sjó og verið að veiðum í landhelgi. Dómsgerðum málsins fylgir margþættur spotti af botnvörpustrengi skipsins, sem talinn er bera þess merki í báðum endum, að hann sé höggvinn eða meitlaður frá strengnum. En kærði kveður botnvörpuvírana hafa slitnað eða höggvizt í togblökkinni, þegar varpan festist í botni og hann missti hana daginn áður, og af hans hálfu er því einnig haldið fram, að merki þau, er kunni að hafa verið á vírunum, þegar skipið var tekið, stafi þar af, enda er á það bent af hálfu verjanda hans, að strengurinn mundi ekki hafa verið höggvinn eða meitlaður sundur á öldustokknum, þótt því hefði verið að skipta, heldur annarstaðar á skipinu.

Það virðist munu geta skipt máli um úrslit sakar þessarar:

1. Hvort telja megi áðurnefndan vírspotta bera

þess merki á báðum endum, að hann hafi verið höggvinn af eða meitlaður eða með öðrum hætti skilinn frá botnvörpustrengnum beinlínis af mannavöldum.

2. Hvort vera megi, að þetta kynni að hafa verið gert með öldustokkinn að undirlagi, og loks

3. Hvort áðurnefnd merki á vírnum kynni að geta verið fram komin við vírslit í togblökkinni.

Áður en lagður verður dómur á mál þetta þykir því rétt að leggja fyrir lögreglustjórann í Reykjavík að dómkveðja þrjá hæfa og óvilhalla menn til þess, að tilkvöddum sækjanda og verjanda sakar þessarar fyrir hæstarétti, að kveða upp álit sitt um framangreind atriði.

Því úrskurðast:

Lögreglustjóranum í Reykjavík ber að framkvæma ofannefnda dómkvaðningu svo fljótt sem þess er kostur.

Föstudaginn 9. apríl 1937.

Nr. 5/1937. **Réttvísin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Magnúsi Einarssyni og Gunnari Viggó Jóelssyni (Lárus Jóhannesson).

Tveir menn dæmdir fyrir þjófnað. Annar þeirra auk þess dæmdur fyrir hylmingu.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 22. ágúst 1936: Kærður Ólafur Magnús Einarsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 120 daga, en Gunnar Viggó Jóelsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 100 daga.

Svo greiði og kærðu in solidum 40 kr. iðgjöld til Péturs Bóasonar og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

I. Ákærði Ólafur Magnús Einarsson.

Með játningu ákærða Ólafs og öðru, sem fram er komið í málinu, er það sannað, að hann hefir gerzt sekur um brot þau, er hér greinir.

1. Aðfaranótt 29. júlí 1936 fór hann út í e/s Goðafoss, sem þá lá á Siglufirði. Fór hann þar inn í opinn svefnklefa, lauk upp fataskáp, sem þar var, með lykli, er stóð í skránni, leitaði í vösum á fötum, er þar voru, og hafði á brott með sér 145 krónur úr peningaveski, sem hann fann þar, en veskið sjálft tók hann ekki. Þá stal hann einnig í sömu ferðinni einni dós með niðursoðnu kjöti úr opnu eldhúsi skipsins.

2. Sömu nótt, sem áður greinir, hitti ákærði samákærðan Gunnar Viggó úti í e/s Goðafoss. Bað hinn síðarnefndi ákærða að taka við pakka með skóm í og koma honum í land. Varð ákærði við því, og kveðst hann þó hafa gengið út frá því, að Gunnar hefði stolið skópakkanum.

3. Aðfaranótt 7. ágúst 1936 stal ákærði Ólafur ásamt samákærðum Gunnari Viggó peningakassa úr húsi á Siglufirði. Framdi hann þjófnaðinn með þeim hætti, að hann seildist til kassans inn um opinn glugga, án þess að fara sjálfur inn um gluggann. Brutu þeir félagar kassann upp, og tók ákærði Ólafur peninga þá, er í honum voru, 12 kr., en kassanum með skjölum þeim, sem í honum voru, hentu þeir í sjóinn. Þegar ákærði framdi brot þetta, hafði hann þegar meðgengið fyrir dómara brot þau,

sem um getur í 1. og 2. tölulið hér að framan. Kveðst ákærði hafa verið ölvaður báðar umgetnar nætur, er hann framdi brotin.

II. Ákærði Gunnar Viggó Jóelsson.

Hann er í máli þessu sannur að sök um eftirtalin brot.

1. Aðfaranótt 29. júlí 1936 stal ákærði úti í e/s Goðafoss úr opnum íbúðarklefa einum skóm, en ekki hafa þeir verið virtir til fjár við rannsókn málsins, og liggur ekkert fyrir um verð þeirra.

2. Eftir að ákærði var orðinn uppvís að skóþjófnaðinum, og lögregluréttarinn hafði tekið skóna í sínar vörzlur, stal ákærður þeim á ný úr bæjarþingsstofu Siglufjarðar, meðan á rannsókn málsins stóð. Varð þegar vart við þjófnaðinn, og fundust skórnir aftur eftir tilvísun ákærða.

3. Lokś var ákærði þátttakandi með samákærða Ólafi að þjófnaðinum á peningakassanum aðfaranótt 7. ágúst 1936, eins og fyrr getur. Stóð ákærði á verði, meðan Ólafur seildist eftir kassanum, og hjálpaði hann Ólafi við að brjóta kassann upp og ná í peningana.

Þetta brot framdi ákærði eftir að uppvíst var orðið um brot hans, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið hér að framan.

Hinir ákærðu hafa báðir áður verið dæmdir fyrir þjófnað, ákærði Ólafur þrisvar sinnum og ákærði Gunnar tvisvar sinnum, en þar eð hvorugur þeirra hafði náð 18 ára aldri, er nefndir dómar gengu um þau þjófnaðarbrot þeirra, þá hafa dómarnir ekki ítrekunaráhrif í þessu máli, sbr. 62. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Þegar hinir ákærðu frömdu brot þau, sem um

ræðir í máli þessu, var ákærði Ólafur 17 ára að aldri, en ákærði Gunnar 18 ára.

Brot ákærða Ólafs, sem lýst er í I, 1. og 3. tölulið hér að framan, heyra undir 6. gr. laga nr. 51/1928, og brot hans, sem umgetur í I, 2. tölulið, á undir 240. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869. Þykir refsing hans, með skírskotun til 38. gr. hegningarlaganna, og með hliðsjón að 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 120 daga, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Brot ákærðs Gunnars, sem lýst er í II, 1. til 3. tölulið hér að framan, heyra undir 6. gr. laga nr. 51/1928. Þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 100 daga.

Eigandi peningakassa þess, sem um ræðir í málinu, Pétur Bóason, hefir krafizt 40 króna skaðabóta af hinum ákærðu. En hvorki hefir héraðsdómarinn látið þess getið í stefnu, að skaðabóta eða iðgjalda yrði krafizt, né heldur hefir hann, eftir því sem séð verður af dómsgerðunum, borið þessa kröfu undir hina ákærðu eða skýrt þeim frá, að hún væri fram komin. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki dæmt um kröfuna í þessu máli.

Ákærður Ólafur Magnús Einarsson, sem sat í gæzluvarðhaldi 29. til 30. júlí 1936, greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Við rannsókn og meðferð héraðsdómarans á máli þessu athugast það, sem hér segir: Ekki hefir verið látin fara fram virðing á skóm þeim og kjötdós, sem stolið var og um ræðir í málinu, né heldur hefir verið gerð gangskör að því að afla upplýsinga um verðmæti hins stolna peningakassa og þess, sem í honum var. Hinum ákærðu er stefnt í héraði til þess að þola refsingu samkvæmt 230. sbr. 232. gr. hinna almennu hegningarlaga, og dæmdir eru þeir til refsingar samkvæmt 230. sbr. 233. og 234. gr. sömu laga, en allar þessar lagagreinar eru úr gildi felldar með 17. gr. laga nr. 51/1928. Hinir ákærðu eru dæmdir til að greiða skaðabætur, án þess þeim sé til þess stefnt né gert viðvart um skaðabótakröfuna, svo séð verði. Þá er skaðabótakrafan tekin til greina af dómaranum, án nokkurrar virðingar á verðmæti hinna stolnu og eyðilögðu muna, eða ef slík virðing var óframkvæmanleg, án þess að hinum ákærðu, sem báðir eru ófjárráða, væri skipaður sakráðamaður. Loks hefir héraðsdómarinn sett í áfrýjunarstefnu, að málinu væri áfrýjað af hálfu valdstjórnarinnar í stað réttvísinnar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Ólafur Magnús Einarsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 120 daga og ákærði Gunnar Viggó Jóelsson sæti samskonar fangelsi í 100 daga.

Ákærði Ólafur Magnús greiði sjálfur kostnað við gæzluvarðhald sitt. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutnings-

mannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir eru þessir: Sökunautur Ólafur Magnús Einarsson hefir gerzt sekur svo sem hér segir:

28. júlí s. l. er hann um borð í e/s Goðafoss á Siglufjarðarhöfn, fer þá inn í klefa stýrimannsins á skipinu, er var opinn, opnar fataskáp, er lykill stóð í skápskránni, leitar í vösum og finnur ekkert fémætt, nema veski, er í voru 145 kr., sem hann tekur. Skilar hann síðan dómaranum 85 kr. af þýfinu, en hinu hafði hann eytt. 6. þ. m. verður hann var við peningakassa í herbergi í Norðurgötu í bænum, en opinn gluggi var á herberginu. Teygist hann inn um gluggann og tekur peningakassann. Rétti Ólafur Gunnari Viggó Jóelssyni kassann, er bar hann norður á flóðgarð og braut með steini kassann þar upp. Afhenti Gunnar Ólafi kassann, sem í voru 12 kr. og nokkrir smápeningar, vinnunótur, ávísanahefti, kvittanir o. fl. Hefir Ólafur síðar afhent lögreglunni þessar 12 krónur. Kassann eyðilögðu sökunautar og hentu honum útaf flóðgarðinum. Auk þess hjálpaði Ólafur Gunnari að stela skóm frá stýrimanni á Goðafoss á þann hátt, að hann bar skóna í land, sem Gunnar bað hann fyrir og Ólafur vissi, að Gunnar hefði stolið. Í öllum þessum tilfellum kveðst sökunautur hafa verið undir áhrifum víns.

Sökunautur Gunnar Viggó Jóelsson er sannur að sök um það, er hér segir:

28. f. m. hafi hann gengið fram hjá íbúð 1. stýrimanns um borð í Goðafoss. Var opin hurð að íbúðinni. Kom hann þá auga á kassa með skóm í. Hafi hann hitt Ólaf Einarsson á þilfarinu og beðið hann að fara með skókassann í land, og það gerði Ólafur. Skóna fann svo lögreglan út í bæ. Við yfirheyrsluna í bæjarþingssalnum voru skórnir hafðir til sýnis sökunaut, en meðan dómarinn og réttarvottarnir brugðu sér í næsta herbergi, tók sökunautur

skóna, kastaði þeim út og ætlaði að nýju að komast að skónum, er yfirheyrslunni væri lokið. Skórnir fundust samt. (sic) 6. þm. er sökunautur meðhjálp fyrir Ólaf að stela peningakassa, er stóð á borði inni við opinn glugga. Stóð Gunnar á verði, meðan að Ólafur teygðist eftir kassanum og tók hann. Fóru þeir Gunnar með kassann niður í flóðgarð, og braut Gunnar þar upp kassann með steini, tók peningana úr kassanum, 12 krónur, og fékk Ólafi og henti síðan kassanum með nokkrum smápeningum, ávisanaheftum, vinnunótum, kvittunum o. fl. út fyrir flóðgarðinn, og eyðilagðist það þar. Hefir verið krafizt 40 kr. skaðabóta fyrir peningakassann og það, sem í honum var, en sökunautur eigi greitt það.

Kærðir hafa áður sætt refsingu fyrir þjófnað, Ólafur Einarsson verið dæmdur þrisvar áður fyrir þjófnað, Gunnar tvisvar.

Verknað kærðu ber að áliti dómarans að heimfæra undir 23. kafla refsilaganna, Ólafs Einarssonar undir 230. gr. sbr. 234. gr. og 242. gr. og 8. gr. laga 51/1928, en Gunnar undir 230. gr. og 242. gr. sbr. 233. gr. refsilaganna og 8. gr. laga 51/1928, en með tilliti til hins unga aldurs hinna kærðu, þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir Ólaf Einarsson í 120 daga, en fyrir Gunnar í 100 daga.

Svo greiði og kærðu in solidum 40 kr. iðgjald til Péturs Bóasonar, Siglufirði, fyrir umræddan peningakassa og innihald hans, er þeir hafa eyðilagt.

Vegna fjarveru dómarans hefir dómur þessi ekki verið kveðinn upp fyrr. Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Föstudaginn 9. apríl 1937.

Nr. 36/1936. **Skúli K. Skúlason**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur og gagnsök (Stefán Jóh. Stefánsson)

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 12. febr. 1936: Ef kærandi, Kristjana Jensína Kristjánsdóttir, innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, vinnur eið að því á varnarþingi sinu, eftir löglegan undirbúning, að kærður, Skúli Skúlason, hafi haft holdlegt samræði við sig (sic) á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember 1923, að báðum dögum meðtöldum, skal kærður teljast faðir barnsins Áslaugar, er kærandi ól 1. ágúst 1924, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlög með því, frá 1. september 1934 að telja, skv. yfirvaldsúrskurði, svo og greiða kr. 25,00 í málskostnað.

Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður að falla niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 31. marz f. á. og gert þær dómkröfur, *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara*, að úrslit þess verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar af gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver sem málsúrslit verði. Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 16. apríl f. á. og gert þær dómkröfur, *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði skilyrðislaust

dæmdur faðir barnsins, Áslaugar, svo og til að greiða meðlag með því frá 1. sept. 1934 samkvæmt úrskurði yfirvalds, en *til vara* krefst hún þess, að málið verði látið velta á sönnunareiði hennar, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áður en mál þetta væri dæmt í héraði, hafði rannsókn á blóði aðilja og barnsins, Áslaugar, farið fram eftir O A B aðferðinni. Nú hefir einnig, samkvæmt úrskurði hæstaréttar, uppkveðnum 25. jan. þ. á., verið framkvæmd blóðrannsókn á téðum manneskjum eftir M N aðferðinni. Niðurstaða hvorrartveggju rannsóknarinnar er sú, að aðaláfrýjandi er af O aðalflokki og M undirflokki, en gagnáfrýjandi og barnið eru af A aðalflokki og M undirflokki. Getur aðaláfrýjandi samkvæmt þessu verið faðir að barninu, en rannsóknin sannar ekki, að hann sé það. Þess ber að geta, að samkvæmt upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu, verður að ætla, að barnið hafi fæðzt fullburða.

Að athuguðum framangreindum atriðum, og með sérstakri tilvísun til annarra atvika málsins, sem réttilega er lýst í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega líta svo á, að nægilega sterkar líkur séu framkomnar til þess, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði gagnáfrýjanda, sbr. 15. gr. laga nr. 46 frá 1921 og nú 213. gr. laga nr. 85 frá 1936, þannig að vinni hún eftir löglegan undirbúning, innan 8 vikna frá uppsögu dóms þessa, á varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við aðaláfrýjanda á tímabilinu

frá 15. okt. til 30. nóvember 1923, að báðum dögunum meðtöldum, þá skal hann talinn faðir að meybarni því, Áslaugu, sem gagnáfrýjandi ól þann 1. ágúst 1924, enda greiði aðaláfrýjandi þá meðlag með barninu frá 1. september 1934 eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og aðaláfrýjandi greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 250,00. Ef gagnáfrýjanda verður hinsvegar eiðfall, þá á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum samtals kr. 250,00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef gagnáfrýjandi, Kristjana Jensína Kristjánsdóttir, vinnur innan 8 vikna frá uppsögu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember 1923, að báðum dögunum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda, Skúla K. Skúlason, þá skal hann talinn faðir barns þess, Áslaugar, sem gagnáfrýjandi ól þann 1. ágúst 1924, enda greiði aðaláfrýjandi þá meðlag með barninu frá 1. september 1934 eftir úrskurði yfirvalds. Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði aðaláfrýjandi henni samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og hæstarétti.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í

máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, að fengnu málshöfðunarleyfi dómsmálaráðuneytisins, útgefnu 30. marz 1935, höfðað af Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur, Ásvallagötu 64 í Reykjavík, gegn Skúla Skúlasyni, kaupmanni í Bræðraborg á Ísafirði, til viðurkenningar á faðerni barns kæranda, Áslaugar, fæddrar 1. ágúst 1924 í Slagelse í Danmörku, og hefir málið verið rannsakað bæði í lögreglurétti Ísafjarðar og lögregluréttí Reykjavíkur.

Kærandi gerir þær réttarkröfur, aðallega, að kærður verði dæmdur faðir að nefndu barni svo og til að greiða meðlag með því frá 1. sept. 1934 skv. úrskurði yfirvalds, svo og málskostnað að skaðlausu.

Til vara hefir kærandi krafizt þess, að sér verði dæmdur fyllingareiður í málinu.

Kærður gerir þær réttarkröfur, aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum kæranda í málinu, en krefst þess til vara, að sér verði heimilað að synja fyrir faðerni barns kæranda með eiði.

Kærandi kveðst hafa þekkt kærðan síðan hún var barn, enda séu þau bæði uppalin á Ísafirði. Hún kveðst hafa haft holdlegar samfarir við kærðan í síðari hluta októbermánaðar 1923 í skrautgripaverzlun kærðs á Ísafirði og síðan tvisvar sinnum í nóvembermánuði sama ár í herbergi uppi á lofti í sama húsi. Einnig hefir hún kannazt við það, að gefnu tilefni frá kærðum, að hún hafi haft samræði við hann um eða fyrir 1920, en kveðst ekki geta fullyrt ákveðið, hvenær það hafi verið.

Kærandi neitar því, að hún hafi haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en kærðan á getnaðartíma barnsins og geti því enginn annar en hann verið faðir þess. Hún heldur því fram, að kærður hafi alltaf viðurkennt faðerni barns-

ins fyrir sér og greitt meðlag með því, þar til 1. sept. 1934, en þá hafi hann látið í ljósi við sig, að óvíst væri, að hann væri faðir að barninu. Telur hún tilefnið til þess hafa verið það, að kærður hafi verið krafinn um ca. 1000 kr. skuld vegna sjúkrahúslegu barnsins á árunum 1928—1929.

Kærður hefir hinsvegar ekki viljað gangast við faðerni umrædds barns kæranda og kveður það rangt, að hann hafi viðurkennt fyrir kæranda eða öðrum, að hann væri faðir að barni hennar.

Hann kveðst hafa þekkt kæranda frá því þau voru börn. Um eða fyrir 1920 kveðst hann hafa haft holdlegt samræði við kæranda nokkrum sinnum, en síðar ekki fyrr en 12. desember 1923 og hafi þá verið liðin a. m. k. 2 ár frá síðasta samræði þeirra þar á undan. Hafi samræðið 12. des. 1923 átt sér stað að kvöldi þess dags í úrsmíðastofu sinni í húsinu Bræðraborg á Ísafirði, en þangað hafi kærandi komið til sín. Þá um kvöldið hafi það orðið að samkomulagi milli sín og kæranda, að hún kæmi til sín í sömu erindagjörðum næsta sunnudag og hafi hún gert það og þau haft samræði saman í herbergi uppi á lofti í sama húsi. Hinsvegar neitar kærður því, að hann hafi haft samræði við kæranda í október eða nóvember 1923.

Frá því umræddan sunnudag í desember 1923 kveðst kærður ekkert hafa heyrt frá kæranda fyrr en einhverntíma á útmánuðum 1924, en þá hafi hún komið til sín og sagzt vera ólétt. Kveðst hann þá hafa sagt henni, að það gæti ekki verið af sínum völdum. Einnig kveðst hann hafa spurt kæranda, að gefnu tilefni frá henni, hvað hún ætlaði að gera, og hafi hún sagt, að hún vildi helzt sigla og eiga barnið erlendis. Kveðst kærður hafa lofað að hjálpa henni til þess eftir megni og hafa gert það, er hún hafi farið til Danmerkur í júní eða júlí 1924. Síðan kveðst kærður hafa hjálpað kæranda um peninga jafnan, er hún hafi beðið sig og hann hafi getað, og telur hann sig vera búinn að hjálpa henni um ca. 3000 kr. samtals.

Peningana til siglingarinnar kveðst kærður ekki hafa látið kæranda í té sem neina viðurkenningu þess, að hann ætti barnið, heldur í vináttuskyni, svo og sökum þess, að það hafi getað verið hættulegt fyrir heilsu móður sinnar, eins og henni hafi þá verið háttað, ef hann hefði staðið í

þjarki útaf þessu, og kveðst hann hafa beðið kæranda að láta ekki koma neinn kvis um þetta heim til móður sinnar.

Kærandi heldur því fram, að kærður hafi boðið sér að sigla eftir að hann vissi, að hún væri ófrísk orðin, og neitar því, að hún hafi beðið hann um styrk til þess að fyrra bragði. Kærður heldur því hinsvegar fram, að kærandi hafi talað um þetta við sig að fyrra bragði.

Héraðslæknir telur, að skv. vottorði ljósmóður beri að telja umrætt barn fullburða fætt, og telur, að barnið muni vera getið eigi fyrr en 15. október 1923 og eigi síðar en 15. nóvember sama ár.

Í málinu hefir farið fram blóðrannsókn, en eigi sker hún úr um faðerni barnsins.

Í málinu hefir eigi fengizt full sönnun fyrir því, að kærður hafi haft samræði við kæranda á getnaðartímabili barnsins, og eigi fyrir því, að hann hafi viðurkennt faðerni barnsins á lögformlegan hátt. Verður aðalkrafa kæranda því eigi til greina tekin.

Með framburði kæranda og kærðs um samræði þeirra á árinu 1923 og með viðurkenningu kærðs á því, að hann hafi lagt kæranda allmikið fé bæði fyrir og eftir fæðingu barnsins þykja hinsvegar fengnar nægar líkur til að láta úrslit málsins vera komin undir fyllingareiði kæranda, þannig að vinni kærandi eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi sínu, að kærður hafi haft holdlegt samræði við sig (sic) á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember 1923, að báðum dögum meðtöldum, þá skuli kærður teljast faðir barns þess, er kærandi ól 1. ágúst 1924 og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með því frá 1. september 1934 skv. yfirvaldsúrskurði, svo og greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 25 kr.

Verði kæranda hinsvegar eiðfall, á kærður að vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu og málskostnaður að falla niður.

Eiðsfrestur þykir hæfilega ákveðinn 6 vikur frá löglbirtingu dóms þessa.

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Kærumálið Nr. 1/1937. **Sverrir Ragnars**
gegn
Karli Magnússyni

Frávísunardómur undirréttarins ómerktur og héraðsdómarinn skyldaður til að leggja dóm á málið að efni til.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. marz 1937: Máli þessu vísast frá réttinum.

Dómur hæstaréttar.

Frávísunardómi þeim, er í máli þessu greinir, hefir kærandi Sverrir Ragnars, kaupmaður á Akureyri, skotið til hæstaréttar samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 með kæru dags. 10. marz þ. á. Kom kæran ásamt bréfi héraðsdómarans, dags. 24. s. m., og skjölum málsins, til dómsins 31. f. m. Var málið, að lögboðnum fresti liðnum og án frekari athugasemda frá héraðsdómara eða málsaðiljum, tekið til dóms 9. þ. m., og er því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Í kæru sinni hefir kærandi krafizt þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og að héraðsdómarinn verði skyldaður til að dæma málið að efni til.

Með samningi 8 júlí 1936 leigði kærandi Þórhalli Kristjánssyni á Siglufirði vélbát fyrir tiltekna mánaðarleigu frá 15. júní s. á. og til 1. jan. 1937. Þann 19. nóv. s. á. tók varnaraðili í máli þessu, Karl Magnússon, útgerðarmaður á Siglufirði, við réttindum og skyldum samkvæmt samningnum frá þeim degi og til loka leigutímans. Samkvæmt samningnum má reka mál, ef til málssóknar kæmi út af honum, fyrir gestarétti Akureyrar. Var mál þetta höfð-

að fyrir bæjarþingi Akureyrar til heimtu eftirstöðva bátsleigunnar samkvæmt áðurnefndu varnarþingsákvæði samningsins.

Samkvæmt 224. sbr. 222. gr. laga nr. 85/1936 var gestaréttarmeðferð numin úr lögum frá 1. jan. 1937. Eftir eldri reglum var heimilt að semja um gestaréttarmeðferð fyrir ákveðnum dómi, og fól sá samningur annarsvegar í sér skyldu á hendur héraðsdómara til að leita sátta í málinu, en hinsvegar undanþágu frá því að leggja það til sátta fyrir sáttanefnd. Varnarþingsákvæði leigusamningsins var því löglegt eftir þágildandi reglum. Og eftir 81. gr. laga nr. 85/1936 er enn heimilt að semja um meðferð máls í hvaða lögsagnarumdæmi sem er og í hvaða þinghá sem er. Ennfremur er aðiljum samkvæmt 11. tölul. 3. mgr. 5. gr. téðra laga heimilt að gera skriflegt samkomulag fyrir fram um það að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið með þeim hætti undir sáttaumleitun héraðsdómara. Varnarþingsákvæði leigusamningsins er því bæði lögmætt eftir eldri og yngri lögum og hefir í för með sér þær verkanir, sem taldar voru. Afnám gestaréttarmeðferðar samkvæmt 224. gr laga nr. 85/1936 gat engu um breytt í þessu sambandi öðru en því, að nú varð að höfða málið í bæjarþingi Akureyrar, í stað gestaréttar áður, eins og líka gert var, enda hefði héraðsdómaranum borið að leita sátta í því, svo sem í gestaréttarmálum áður, ef varnaraðili hefði mætt. Frávísun málsins frá bæjarþinginu var því heimildarlaus, og ber því að taka áðurnefnda kröfu kæranda til greina.

Málskostnaðar fyrir hæstarétti hefir ekki verið krafizt, og fellur því málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði bæjarþingsdómur á að vera ómerkur, enda ber héraðsdómaranum að taka málið upp að nýju og leggja dóm á það að efni til.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Sverrir Ragnars, kaupmaður á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útg. 8. f. m., gegn stefndum útgerðarmanni, Karli Magnússyni, Siglufirði, til greiðslu leiguskuldar, að upphæð kr. 810.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1937 til greiðsludags, og málskostnaðar.

Málavexti tjáir stefnandi þá: að hann hinn 19. nóv. 1936 hafi leigt stefndum m/b „Leif" E. A. 398, og standi hin umstefnda krónuupphæð eftir af leigunni.

Stefndur Karl Magnússon mætti ekki við þingfestinguna og enginn fyrir hans hönd.

Rétturinn litur þannig á, að eftir eðli þessa máls hafi átt að leggja það til sátta fyrir sáttamenn samkv. 5. gr. laga nr. 85/1936, en þetta hefir ekki verið gert. Ber því að vísa málinu frá réttinum.

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Nr. 192/1936. **Réttvísin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Þorsteini Jóhannessyni og Gunnlaugi Oddsen Vilhjálmi Eyjólfssyni

Þjófnaður. (Stefán Jóh. Stefánsson).

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. nóvember 1936:

Ákærðir, Þorsteinn Jóhannesson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson, sæti hvor um sig 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Refsingu ákærðs Þorsteins skal frestað, og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 1907 eru haldin.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Ingólfs Jónssonar cand. jur., 50 kr.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærðu hafa gerzt sekir um verknað þann einn, sem lýst er í 231. gr. 4. tölul. hinna almennu hegningarlaga, og ákveðst refsing ákærða Þorsteins Jóhannessonar samkvæmt 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, en refsing ákærða Gunnlaugs O. V. Eyjólfssonar samkvæmt 7. gr. sbr. 8. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í forsendum hans. Hinum ákærðu ber in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyir hæstarétti, kr. 80,00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Þorsteinn Jóhannesson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 80,00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim bifreiðastjórunum Þorsteini Jóhannessyni, til heimilis Laugavegi 33, og Gunnlaugi Oddsen Vilhjálmi Eyjólfssyni, til heimilis Laugavegi 33 B, fyrir brot gegn 23. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðbæti við hana.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Þorsteinn er fæddur 1. maí 1901, en Gunnlaugur 14. ágúst 1909. Þeir hafa áður sætt kærum og refsingum eins og hér segir:

Þorsteinn Jóhannesson:

1932 $^{12}/_{6}$ Kærður fyrir sölu og vörzlu bruggaðs áfengis. Lokið án sakfellingar vegna sannanaskorts..

1932 $^{15}/_{9}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.

1933 $^{19}/_{5}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðareglum.

1934 $^{3}/_{4}$ Tilkynnti sjálfur ökuslys. Mál ekki höfðað, en hlutaðeigandi vátryggingarfélag greiddi skaðabætur.

1936 $^{8}/_{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Gunnlaugur O. V. Eyjólfsson:

1922 $^{3}/_{6}$ Áminning fyrir ógætni með eld.

1926 $^{30}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 276. gr. sbr. 272. gr. sbr. og 38. gr. og 22. gr. hinna almennu hegningarlaga frá $^{25}/_{5}$ 1869.

1929 $^{1}/_{5}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1929 $^{27}/_{10}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1930 $^{16}/_{1}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.

1930 $^{1}/_{11}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1930 $^{12}/_{1}$ Áminning fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1930 $^{16}/_{12}$ Sætti 15 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1931 $^{16}/_{12}$ Dómur hæstaréttar: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og in solidum 25 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51, 1928.
1935 $^{14}/_{1}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Afgr. með skaðabót.
1936 $^{13}/_{1}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Afgr. með skaðabótum.
1936 $^{14}/_{9}$ Sætt 40 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt og ósvífni við lögreglu.

Aðfaranótt þess 8. þ. m. fóru ákærðir inn á bifreiðastöðina Heklu og stálu þar nokkru af tóbaki: Kl. um 4 um nóttina komu þeir saman hingað til bæjarins úr Hafnarfirði, og var Þorsteinn þá drukkinn, en Gunnlaugur hafði ekki smakkað vín. Fóru þeir á bifreiðastöðina og föluðu þar sígarettur, en fengu ekki. Stakk þá Þorsteinn upp á því, að þeir nörruðu bifreiðarstjóra þá, er á stöðinni væru, burt þaðan, og framkvæmdi hann það á þann hátt, að hann pantaði símleiðis bifreið inn að Rafstöð og aðra inn að Lauganesi, en tveir menn höfðu vakt á stöðinnni. Því næst fóru þeir að stöðinni í bifreið, er Gunnlaugur ók. Fór Þorsteinn fyrst inn, og fékk áður lyklakippu Gunnlaugs, en einn lykill hans gekk að skránni. Hefir Þorsteinn ekki talið sig geta sagt um, hvort hurðin hafi verið ólæst eða hann hafi notað lyklana, en maður sá, sem síðastur yfirgaf stöðina, hefir borið það sem vitni í málinu, að hann hafi einlæst hurðinni um leið og hann fór. Gunnlaugur fór inn á eftir og var Þorsteinn þá búinn að opna skúffu þá, sem tóbaksvörur bifreiðastöðvarinnar voru í. Hefir stöðvarstjórinn borið það, að skúffunni hafi verið læst um kvöldið og eins hafi hún verið læst morguninn eftir og hafi lykillinn að henni verið geymdur í annari skúffu, er einnig var læst. Þorsteinn hefir aftur á móti neitað því að hafa haft lykil að skúffunum, en hefir að öðru leyti ekki talið sig muna, hvernig hann komst í þær.

Ákærðir tóku svo í sameiningu allar þær tóbaksvörur, er í skúffunni voru, og fóru með þær heim til Þorsteins,

en fleygðu þeim í sjóinn eftir að lögreglan hóf rannsókn í málinu. Taldi stöðvarstjórinn það vera kr. 29,00 virði, og hefir Gunnlaugur greitt það undir rannsókn málsins. Einnig tóku þeir félagar af stöðinni rjólbita, sem varð síðan eftir í bifreið Gunnlaugs og hefir nú verið skilað í hendur stöðvarstjórans. Þá hefir Þorsteinn og greitt stöðinni kr. 7,50 fyrir bíltúrana, samkvæmt kröfu stöðvarstjórans. Skaðabótakrafa liggur því ekki fyrir í málinu.

Framangreint atferli ákærðs Þorsteins varðar við 7. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna, en ákærður Gunnlaugur hefir gerzt sekur við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hvors um sig hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með tilliti til þess, að þetta er hið fyrsta hegningarlagabrot ákærðs Þorsteins, hið stolna er lítils virði og skaðabætur hafa þegar verið greiddar samkvæmt kröfu stöðvarstjórans, þykir mega ákveða svo, að refsing hans sé skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 1907. Þá greiði og ákærðir in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns sem (sic) hér fyrir réttinum, Ingólfs Jónssonar, cand. jur., er ákveðast kr. 50,00. —

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Nr. 159/1936. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Haraldi Axel Jóhannessyni
(Eggert Claessen)

Maður dæmdur fyrir brot gegn 177. gr. sbr. 174. gr. hegningarlaganna. Refsingin metin með hliðsjón af 40. gr. hgl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. júní 1936: Haraldur Axel Jóhannesson sæti betrunarhúsvinnu í 10 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun, kr. 75,00, til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Gunnars Þorsteinssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum..

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fjóra mánuði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að refsingin verði fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærði, Haraldur Axel Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Haraldi Axel Jóhannessyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Lindargötu 30 hér í bænum, fyrir brot gegn 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 21. marz 1898. Hann hefir áður, svo kunnugt sé, sætt refsingum, sem nú skal greina:

1) 20. apríl 1920 sektaður um 20 krónur fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
2) 7. marz 1933 dæmdur í 100 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir að aka bifreið ölvaður.
3) 3. febrúar 1934 dæmdur í 600 króna sekt fyrir áfengissölu.
4) 15. september 1934 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.

Hinn 13. febr. s. l. nokkru eftir hádegi ók ákærður bifreið sinni R. E. 1057, sem er lítil Austen-bifreið, inn Hverfisgötu hér í bænum. Við Vatnsstíginn nam ákærði staðar í því skyni að snýta sér. Voru þar allmörg börn, þar á meðal 2 telpur, er ákærði taldi vera á aldrinum 6—8 ára. Báðu börnin ákærða um að fá að koma upp í bílinn, og leyfði ákærði það þá fyrrgreindum tveim telpum, en eigi öðrum. Sat eldri telpan fram í hjá ákærða, en hin aftur í, og ók ákærði nú inn Hverfisgötu og síðan Rauðarárstíg að Háteigsvegi, og loks Háteigsveg upp undir Vatnsgeymi. Þar nam ákærður staðar og fór út úr bílnum til þess að kasta af sér vatni. Að því loknu settist ákærði aftur í sæti sitt í bílnum, og hafði getnaðarlim sinn úti. Tók hann síðan telpuna, sem hjá honum sat, tók niður um hana buxurnar, settist undir hana og nuddaði síðan getnaðarlimnum við kynfæri hennar, en jafnframt erti hann liminn með hendinni. Hélt ákærði þessu áfram, unz honum varð sáðfall. En meðan á þessu stóð, kveðst ákærði hafa farið með vinstri hendinni upp undir þá telpuna, sem var aftur í bílnum, og þuklað kynfæri hennar með fingurgómunum. Eigi kveðst ákærði hafa reynt til þess að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri telpunnar, sem hann bar hann að, enda kveðst hann ekki hafa ætlað sér að hafa samræði við telpurnar né heldur reynt það. Ákærði kveðst eigi hafa ekið telpunum á fyrrgreindan stað í því skyni að hafa umrædd mök við þær, heldur hafi sér fyrst dottið það í hug, er hann utan bílsins var að kasta af sér vatni.

Telpur þær, sem hér um ræðir, eru fæddar 17. október 1930 og 11. júní 1927, og því 5 og 8 ára að aldri. Þær voru báðar samdægurs skoðaðar af læknum, sem hafa vottað, að ekkert hafi séð á þeim eftir tilræðið. Upplýsingar þær, sem frá telpunum hafa fengizt um afskipti

ákærða af þeim, koma eigi að öllu leyti heim við framangreinda skýrslu um sakarefnið, sem byggð er á játningu ákærðs, en eigi verður þó talið, að henni sé í ágreiningsatriðunum hnekkt af þeim. Verður því að leggja játningu ákærða til grundvallar gagnvart honum í þessu máli.

Framangreint afbrot ákærða varðar við 177. gr. sbr. 174. gr. hinna almennu hegningarlaga. Áður en mál var höfðað gegn ákærðum var hann rannsakaður af dr. med. Helga Tómassyni, yfirlækni á geðveikrahælinu á Nýja Kleppi. Niðurstaða yfirlæknisins um andlega heilbrigði ákærðs er þessi:

1) Hann er ekki fáviti.

2) Hann er haldinn af organiskum geðsjúkdómi á byrjunarstigi, sennilega dementia paralytica með tabes dorsalis.

3) Hann er jafnframt haldinn útbreiddri berklaveiki í lungum.

Meðal annars segir yfirlæknirinn í skýrslu sinni um ákærða ennfremur þetta: „Að hann leitar sexuel fullnægingar á glæpsamlegan hátt, virðist því benda á óeðlilega litla mótstöðu eða óeðlilega litlar móralskar hömlur á þessum hvötum hjá honum.

En minnkunin á morölskum hömlum er einmitt ekki óalgeng við byrjandi dementia paralytica".

Samkvæmt þessari niðurstöðu um andlega heilbrigði ákærða, þykir varhugavert að ganga út frá því, að ákærði hafi verið fyllilega með sjálfum sér, er hann framdi þetta afbrot, og ber því við ákvörðun refsingar hans að hafa hliðsjón af ákvæðum 40. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 75.00, til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Gunnars Þorsteinssonar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 14. apríl 1937.

Nr. 143/1936. **Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson.**
(Pétur Magnússon)
gegn
Helga Guðmundssyni
(Lárus Fjeldsted).

Ritstjórar dagblaðs sýknaðir af kröfu um að birta í blaði sínu athugasemdir við grein, er birtzt hafði í blaðinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1936: Stefndir, Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson, eru skyldir til að viðlögðum 100 kr. dagsektum, er þeir greiði in solidum og renni í ríkissjóð, að birta framanskráða leiðréttingu stefnanda, Helga Guðmundssonar, í fyrsta eða öðru tölublaði Morgunblaðsins, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndir greiði stefnanda kr. 70.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa krafizt þess hér fyrir dómi, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda í máli þessu og stefndi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, var stefndi einn þeirra fimm manna, sem af Íslands hálfu fóru til Spánar árið 1934 til þess að undirbúa viðskiptasamning við Spánverja. Eru aðiljar sammála um það hér fyrir rétti, að allir samningsmennirnir hafi sameiginlega og ágreiningslaust gert tillögu til

ríkisstjórnarinnar um, að samningurinn yrði samþykktur. Í blaði áfrýjenda var skýrt þannig frá þátttöku stefnda í nefndri samningsgerð, að fyrst hafi þrír nafngreindir samnefndarmenn hans hafið samningsgerð af hálfu Íslands, en „nokkru síðar og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar“ hafi hinir tveir nefndarmennirnir, þ. e. stefndi og annar nafngreindur maður, bætzt í hópinn.

Útaf þessum ummælum vill stefndi fá áfrýjendur skyldaða til þess að birta í blaði sínu „leiðréttingu“ þá, sem um ræðir í máli þessu og orðrétt er tilfærð í hinum áfrýjaða dómi. Eins og af henni má sjá, telur stefndi ummælin ekki vera rétt, sökum þess að grundvöllurinn að samningnum hafi verið lagður af nefndarmönnunum þremur, áður en stefndi kom til Spánar. Hér virðist stefndi blanda því saman, að lagður hafi verið grundvöllur að samningi og að teknar hafi verið ákvarðanir af samningsaðiljum um efni samningsins í einu atriði eða fleirum, en það tvennt þarf ekki að fara saman. Þau ummæli í blaði áfrýjenda, að engar ákvarðanir hafi enn verið teknar, er stefndi kom til Spánar, gætu því vel staðizt, þótt sú fullyrðing stefnda væri rétt, að grundvöllur að samningi hafi þá þegar verið lagður af nefndarmönnunum þremur. Þar eð frásögn stefnda um þátttöku hans í undirbúningi samningsins er þannig ekki ósamrýmanleg nefndum ummælum í blaði áfrýjenda, sem stefndi vill fá leiðrétt, og ummælin gætu staðið óhrakin, þótt skýrsla stefnda væri birt, þá leiðir af því, að hér er ekki um þess háttar leiðréttingu að ræða af hálfu stefnda, sem við er átt í 11. gr. tilskipunar um prentfrelsi frá 9. maí 1855. Skortir því heimild til þess að skylda áfrýjendur til að birta „leiðréttingu“

stefnda í blaði sínu og ber að sýkna þá af kröfu hans í máli þessu. Eftir málavöxtum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Helga Guðmundssonar, í þessu máli.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. nóv. 1935, af Helga Guðmundssyni, bankastjóra, hér í bæ, gegn ritstjórum Morgunblaðsins, Jóni Kjartanssyni og Valtý Stefánssyni, báðum hér í bænum, til þess að fá þá in solidum dæmda til að birta neðangreinda leiðréttingu orðrétta í Morgunblaðinu tafarlaust eftir uppkvaðningu dóms þessa að viðlögðum 100 kr. dagsektum einnig in solidum fyrir hvern dag, er líður eftir dómsuppsögn án þess að leiðréttingin sé birt í Morgunblaðinu. Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati réttarins.

Leiðrétting stefnanda er svohljóðandi:

Í grein Ólafs Thors, er birtist í Morgunblaðinu 27. þ. m. undir fyrirsögninni „Mikilvægasta bjargráðið", stóð þessi klausa:

> . . . „Jónas Jónsson veit, að samningana við Spán hófu af hálfu Íslands þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, Helgi Briem, fiskifulltrúi, og Richard Thors, en nokkru síðar, og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar, bættust þeir í hópinn Magnús Sigurðsson, bankastjóri, og Helgi Guðmundsson . . .

Hér er sagt, að ég hafi verið kominn til Spánar áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar. Þetta er ekki rétt, því *grundvöllurinn* að samningi þeim, er gerður var og síðan samþykktur af alþingi, *var* með samþykki þáverandi for-

sætisráðherra (Á. Á.) *lagður* af nefndarmönnunum, er fyrir voru, *áður en* ég kom til Spánar.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1934 gerðu Íslendingar viðskiptasamning við Spánverja. Samningamenn af hálfu Íslands voru þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, Helgi Briem, fiskifulltrúi, og Richard Thors, framkvæmdarstjóri, en síðar bættust í hópinn, bankastjórarnir Magnús Sigurðsson og Helgi Guðmundsson (stefnandi). Virðast íslenzku samningamennirnir allir hafa gert þá sameiginlegu tillögu til ríkisstjórnarinnar um, að samningarnir yrðu endanlega samþykktir, sem og varð. Samningarnir hafa aldrei verið birtir, og er ekkert upplýst um efni þeirra í máli þessu. Hinsvegar hafa orðið mjög mikil átök um samningana milli íslenzkra stjórnmálamanna. Hafa sumir talið þá mjög hagstæða, en aðrir hafa talið, að í þeim væru ákvæði, sem væru stórskaðleg og hættuleg fyrir Ísland. Einn þeirra stjórnmálamanna, er telur samningana hættulega landi voru, er Jónas Jónsson, alþm. Skrifaði hann blaðagrein um þá, er virðist hafa verið til þess, að Ólafur Thors, alþm., skrifaði grein í Morgunblaðið, er út kom 27. okt. 1935, með yfirskriftinni: „Mikilvægasta bjargráðið". Segir í einum stað í grein Ólafs: „Jónas Jónsson veit, að samningana við Spán hófu af hálfu Íslands þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, Helgi Briem, fiskifulltrúi, og Richard Thors, en nokkru síðar, og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar, bættust þeir í hópinn Magnús Sigurðsson, bankastjóri, og Helgi Guðmundsson".

Stefnandi telur þessa frásögn Ólafs mjög villandi um afstöðu sína til samninganna, og þar eð stefndu hafi neitað honum um birtingu leiðréttingar á ummælum Ólafs, höfðaði hann mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur. Byggir hann þær á því, að með þessum ummælum Ólafs sé gefið í skyn, að hann (stefnandi) hafi verið fyllilega samþykkur efni samninganna, en það telur hann rangt, þar eð hann hafi verið mótfallinn því ákvæði samninganna, sem aðallega sé deilt um, en hinsvegar hafi samningunum verið svo komið, þegar hann kom til Spánar, að ekki hafi verið unnt að fella það burt. Ummæli Ólafs, „áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar . . ." séu því röng, því að áður

en stefnandi kom til Spánar hafi einmitt verið búið að leggja ákveðinn grundvöll að samningunum með samþykki þáverandi forsætisráðherra Íslands og þeim grundvelli hafi ekki verið unnt að hrófla eftir að stefnandi bættist í hópinn. Hinsvegar kveðst stefnandi, eins og komið var, ekki hafa átt annars úrkosta en að sætta sig við orðinn hlut, þar eð ákvarðanir hafi þegar verið teknar, er hann kom til Spánar, og raunverulega hafi ekki annað verið eftir en að undirrita samningana.

Stefndir byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að eftir 11. gr. ts. frá 9. maí 1855 um prentfrelsi eigi menn aðeins heimtingu á þar umræddri leiðréttingu, að ummælin, sem leiðréttingar sé æskt á, séu þess eðlis, að ábyrgð geti varðað fyrir þann, sem ábyrgðina ber hverju sinni. Leiðréttingarrétturinn komi því aðeins til greina, að menn þurfi að verja æru sína eða sómatilfinningu. Stefnandi sé á engan hátt ærumeiddur né sóma hans misboðið í grein Ólafs, og því eigi hann ekki rétt á að fá framangreinda leiðréttingu birta í blaði stefndra.

Rétturinn getur ekki fallizt á þennan skilning stefndra á ákv. 11. gr. ts. frá 9. maí 1855. Ts. segir berum orðum, að sérhver, sem þykist áreittur *eða* æski að leiðrétta það, sem um hann er sagt, eigi leiðréttingarréttinn, og telur rétturinn, að ekki megi skýra greinina þrengra en það, að hún verði talin veita öðrum leiðréttingarrétt, a. m. k. þegar telja verður, að leiðréttingin geti haft mikilsvarðandi þýðingu fyrir þá.

Þar eð nú telja verður með hliðsjón af þeim deilum, er orðið hafa um samningana og með tilliti til þess, að stefnandi er bundinn þagnarheiti um efni þeirra, að hann eigi fulla kröfu á því, að sem nákvæmast sé skýrt frá afskiptum hans af samningagerðinni, þegar um þau er rætt, og að slíkt geti haft mikla þýðingu fyrir hann, þá verður sýknukrafa stefndra af hérgreindri ástæðu ekki tekin til greina.

Í öðru lagi byggja stefndir sýknukröfuna á því, að hér sé ekki um raunverulega leiðréttingu að ræða. Efnismunur sé enginn á orðalagi Ólafs, þar sem hann segi . . . samningana við Spán hófu af hálfu Íslendinga . . . en nokkru síðar, og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar, bættust þeir í hópinn . . . og Helgi Guðmundsson“

og orðalagi stefnanda, er segi að grundvöllur hafi verið lagður að samningunum áður en hann kom til Spánar. Hér sé því aðeins um breytingu á orðalagi að ræða og einnig af þeirri ástæðu eigi stefnandi ekki kröfu á að fá leiðréttingu sína birta.

Í rekstri málsins verða stefndir taldir hafa viðurkennt, að grundvöllur samninganna hafi verið lagður áður en stefnandi kom til Spánar, og þar eð telja verður, að í því orðalagi, að leggja grundvöll að samningum, felist, að meira hafi verið gert en aðeins að hefja samningana eins og í grein Ólafs segir, að einungis hafi verið gert áður en stefnandi kom til Spánar, þá telur rétturinn leiðréttingu stefnanda fela í sér efnislega breytingu og verður sýknukrafa stefndra af þessari málsástæðu þeirra því ekki tekin til greina.

Loks getur rétturinn ekki fallizt á það með stefndum, að stefnandi hafi með því að ganga að samningunum firrt sig rétti til að fá leiðréttinguna birta, þar eð telja verður, að jafnvel þótt hann teldi eitthvað ákvæði þeirra ábyggilegt (sic) og jafnvel hættulegt, að þá hafi hann getað talið ennþá hættulegra fyrir þjóð vora, að samningarnir yrðu ekki samþykktir eins langt og málunum var komið.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndir verða með dómi þessum in solidum skyldaðir til að birta framanskráða leiðréttingu stefnanda að viðlögðum dagsektum, er renni í ríkissjóð. Dagsektir verða að áliti réttarins ekki taldar refsing og vegna þess að stefndir hafa ekki sértaklega mótmælt upphæð þeirra né því, að verða dæmdir til að greiða þær in solidum, þá ber að taka kröfu stefnanda um þær til greina að fullu.

Málskostnað ber stefndum að greiða stefnanda, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 70.00.

Miðvikudaginn 14. apríl 1937.

Nr. 113/1935. **Magnús V. Jóhannesson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Magnúsi Thorlacíus
(Einar B. Guðmundsson).

Talið, að tilgreindum sumarbústað fylgdu slík lóðarréttindi, að nauðungaruppboð á honum ætti að fara fram eftir ákvæðum laga nr. 23/1928.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 24. sept. 1935: Uppboðið skal fram fara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 14. október 1935, hefir krafizt ómerkingar á hinum áfrýjaða uppboðsréttarúrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi, sem nú er orðinn eigandi kröfu þeirrar, sem í máli þessu greinir, hefir krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði segir, lét Völundur nokkur Kristjánsson þann 29. apríl 1935 gera fjárnám í sumarbústað Sigurbergs Einarssonar, svonefndu Árnesi, í landi þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarneshreppi til tryggingar 289,25 króna dómkröfu, ásamt vöxtum og kostnaði. Þann 31. maí s. á. var nauðungaruppboð á sumarbústað þessum auglýst í 27. tbl. Lögbirtingablaðsins, „sem er lóðarréttindalaus“, eins og í auglýsingunni segir, og skyldi uppboðið halda þann 13. júní s. á. En ekkert varð þó úr uppboðinu þá. Þann 1. ágúst s. á. var uppboð að nýju auglýst, en að því er telja má,

aðeins í einhverju dagblaðanna í Reykjavík, og átti uppboðið nú að halda þann 9. s. m. Á uppboði þessu var mætt af hendi áfrýjanda, sem var handhafi að 3000.00 króna veðskuldabréfi, útgefnu 3. ágúst 1934 og fyrirfram innrituðu í veðmálabækur Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. okt. s. á., með tryggingu í 2. veðrétti í nefndum sumarbústað. Var uppboðshaldinu mótmælt, með því að sumarbústaðinn ætti að telja fasteign, og hefði uppboðið því ekki verið löglega auglýst samkvæmt ákvæðum laga nr. 23/1928. Uppboðshaldari hratt þessum mótmælum, en með samþykki uppboðsbeiðanda var uppboðinu frestað.

Samkvæmt vottorði Eggerts bónda Norðdahl á Hólmi leigði hann árið 1934 áðurnefndum Sigurbergi Einarssyni einnar dagsláttu lóð undir fyrrnefndan sumarbústað í landi ábýlisjarðar sinnar, og átti Sigurberg að hafa lóðina á leigu, meðan Eggert væri ábúandi jarðarinnar. Hefir fyrverandi umboðsmaður jarðarinnar, Magnús sýslumaður Jónsson, vottað þann 29. júlí 1935, að hann hafi veitt Eggert leyfi til þessarar ráðstöfunar. Í byggingarbréfi Eggerts, sem lagt hefir verið fram ódagsett, en er að minnsta kosti eldra en frá 1904, er Eggert bannað að taka nokkurn í sambýli við sig „þannig að hann léni honum hlutdeild í öllum verulegum jarðarafnotum án amtmanns leyfis“ eða „taka húsfólk án þess að umboðsmaður leyfi“ eða „ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgja“, nema í skiptum fyrir önnur hlunnindi eða landsnytjar. Því er haldið fram af hálfu stefnda, að áðurnefndur Sigurberg hafi engin lóðarréttindi öðlazt fyrir leyfi Eggerts Norðdahl og Magnúsar Jónssonar, sýslumanns, árið

1934, því að byggingarbréfið hafi bannað leiguliða að gera áðurnefnda ráðstöfun án samþykkis viðkomandi ráðherra. En bæði er það, að af ákvæðum byggingarbréfsins verður slíkt bann ekki leitt, og svo það, að 3. sbr. 2. gr. laga nr. 30/1913, um umboð þjóðjarða, heimilar umboðsmanni að samþykkja slíka ráðstöfun sem hér greinir, svo að umboðsmaður hafði nú, hvernig sem skilja ber hér að lútandi ákvæði byggingarbréfsins, heimild til að samþykkja áðurnefnda ráðstöfun Eggerts Norðdahl, enda verður að skilja áðurnefnd ákvæði byggingarbréfsins með hliðsjón af reglum löggjafarinnar hverju sinni um meðferð þjóðjarða.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að oftnefndum sumarbústað hafi þegar árið 1934 fylgt lóðarréttindi slík er geri það að verkum, að nauðungarsala á honum skuli fara fram eftir ákvæðum þeim, um nauðungaruppboð fasteigna, er í lögum nr. 23/1928 segir. Uppboð það, sem halda átti 9. ágúst 1935 á sumarbústaðnum, er áfrýjandi þurfti ekki, eins og málið liggur hér fyrir, að hlíta, að seldur yrði lóðarréttindalaus, hefir því eigi verið auglýst löglega og mátti því ekki löglega fram fara. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsréttarúrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Uppboðsbeiðandi, Völundur Kristjánsson, gerir þá kröfu fyrir réttinum, að húsið Árnes í Hólmslandi verði selt á nauðungaruppboði sem lausafé til lúkningar fjárnámi, er hann hefir látið fram fara í eign þessari.

Af hálfu M. V. Jóhannessonar, sem gengið hefir inn í málið sem intervenient, er því mótmælt, að uppboðið fari fram, með þeim rökum, að við auglýsingu hinnar fjárnumdu eignar hafi ekki verið gætt fyrirmæla í lögum nr. 23, 1928, um sölu fasteigna á nauðungaruppboði, enda sé eignin fasteign.

Veltur því mál þetta á því, hvort eignin telst fasteign eða lausafé.

Til þess að hús geti talizt fasteign, þurfa lóðarréttindi að vera þannig úr garði gerð, að réttur sé fenginn til að láta húsið standa áfram á lóðinni um lengri eða skemmri tíma. Hús, sem leyft væri að byggja á lóð með þeim fyrirvara, að það yrði að flytja burt eða rífa, þegar þess yrði krafizt, gæti því ekki talizt fasteign.

Húsið Árnes stendur á landi þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarneshreppi. Leigusamningi á lóð undir húsið hefir ekki verið þinglýst, en hinsvegar er, eftir að uppboðs var beiðzt á húsinu, innrituð til þinglýsingar yfirlýsing ábúanda Hólms um það, að hann hafi samkvæmt munnlegu leyfi fyrrverandi sýslumanns leigt gjörðarþola einnar dagsláttu lóð undir sumarbústaðinn, Árnes, og er á sama skjali rituð viðurkenning fyrrv. sýslumanns um að yfirlýsingin sé rétt, að því er hann snerti.

Samkvæmt byggingarbréfi ábúanda Hólms er honum óheimilt að veita öðrum rétt yfir landi úr jörð sinni.

Skapar því leyfi hans, eitt út af fyrir sig, ekki þau réttindi, að húsið geti talizt fasteign.

Er því næst að athuga, hvort leyfi ábúandans ásamt leyfi umboðsmanns þjóðjarðarinnar skapi slíkan rétt. Kemur þá til athugunar, hversu vítt umboð hann hefir.

Leigusamningur ábúanda jarðarinnar er staðfestur á skrifstofu Suðuramtsins. Er það álit réttarins, að til þess að breyta þeim samningi hafi umboðsmaður ekki heimild, nema ráðuneyti það, sem mál þessi heyra undir (atvinnumálaráðuneytið), samþykki slíka ráðstöfun.

Sé ábúanda Hólms heimilað að leigja öðrum af landi

sínu, er það breyting á byggingarbréfi hans fyrir jörðinni, og er umboðsmanni því aðeins heimilt að gera slíka breytingu, að ráðuneytið samþykki.

Sé slíkt samþykki ekki fyrir hendi, er umbjóðandanum — atvinnumálaráðuneytinu — heimilt að virða að vettugi slíkan samning og getur hvenær sem er skipað fyrir um að flytja húsið af landinu.

Er það því álit réttarins, að hin fjárnumda eign sé lausafé, og ber því að taka kröfu gjörðarbeiðanda til greina.

Föstudaginn 16. apríl 1937.

Nr. 172/1936. **Guðrún Arnalds** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Vigfúsi Þ. Jónssyni (Enginn).

Ómerking fógetaúrskurðar.

Úrskurður fógetaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 24. okt. 1936: Fjárnámið á ekki að fara fram.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest þann 26. febr. þ. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja og var því þá frestað til apríl, en þegar málið skyldi flytja þ. 14. þ. m., var ekki mætt í því af hálfu stefnda, og er það þessvegna flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Sá er aðdragandi málsins, að þann 10. okt. 1929 gaf Vigfús Þ. Jónsson, málari á Akureyri, stefndur hér fyrir dómi, út skuldabréf til dánarbús Jóns Laxdal, konsúls í Reykjavík, fyrir kr. 24618.00, og var skuld þessi til orðin vegna kaupa á húseigninni nr. 103 við Hafnarstræti á Akureyri. Var svo kveðið á í skuldabréfinu, að höfuðstóll skuldarinnar skyldi afborgast með kr. 2461.80 árlega næstu 10 ár, þannig

að kr. 1230.90 skyldu greiðast 1. apríl og kr. 1230.90 1. október ár hvert, þar til skuldin væri að fullu greidd. Fyrsta afborgun átti að fara fram 1. apríl 1930. Vexti af skuldinni átti stefndi að greiða með 6% á ári talið frá 1. okt. 1929. Skyldu vextirnir greiddir hálfsárslega eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta samkvæmt skuldabréfinu veðsetti stefndur skuldareiganda eða þeim, sem löglega kynni að eignast kröfuna, téða húseign sína nr. 103 við Hafnarstræti á Akureyri með allri tilheyrandi lóð og mannvirkjum á lóðinni, allt með 2. veðrétti. Í skuldabréfinu var það ennfremur tekið fram, að ef vanskil yrðu með greiðslu skuldarinnar eða vaxtanna, mætti skuldareigandi láta ganga að eigninni og selja hana til lúkningar skuldinni með vöxtum og kostnaði samkvæmt fyrirmælum 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, sbr. lög nr. 19 frá 1887, 3. gr., og tilsk. 18. febr. 1847, 10. gr. Umrætt skuldabréf var þann 9. júní 1931 við skipti á dánarbúi Jóns Laxdal úthlutað Guðrúnu Arnalds, áfrýjanda máls þessa, til fullrar eignar ásamt áföllnum vöxtum.

Er fram liðu stundir, taldi áfrýjandi, að töluverð brögð yrðu að vanskilum á greiðslu afborgana og vaxta samkvæmt skuldabréfinu. Lét hún þessvegna reikna út, hverjar væru eftirstöðvar skuldarinnar miðað við þann 20. júlí 1936. Reyndust þær að vera samkvæmt þeim útreikningi kr. 9629.50. Með bréfi til bæjarfógetans á Akureyri, dags. þann 13. ágúst f. á., krafðist áfrýjandi þess, að gert yrði fjárnám samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins í hinni veðsettu eign fyrir nefndri fjárhæð auk vaxta og innheimtulauna og alls kostnaðar við fjárnám og uppboðssölu. Með því að stefndur bjó á hinni veðsettu

eign, var honum þann 24. s. m. birt með þriggja daga fyrirvara tilkynning um fjárnámið, svo sem ákveðið er í 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, en fyrsta þing í málinu var háð í fógetarétti Akureyrar þann 29. s. m. Stefndur bar nú fram mótmæli gegn því, að fjárnámið yrði framkvæmt, og hófst því sókn og vörn í málinu fyrir fógetaréttinum. Eftir að aðiljum höfðu verið veittir nokkrir frestir í málinu til að semja sóknarskjöl og varnar, skyldi þing háð þann 13. okt. f. á., en þá bar það við, að umboðsmaður áfrýjanda fyrir fógetaréttinum gleymdi fyrirtökustund málsins. Réttur var samt settur, og lét stefndur, sem síðast hafði fengið frest, bóka, að hann liti svo á, að gjörðin væri niður fallin, þar eð gjörðarbeiðandi væri ekki mættur, en ekki var bókuð nein ákvörðun af hálfu fógetans um að fella málið niður. Þegar téður umboðsmaður áfrýjanda varð þess vís, hvernig málinu var komið, ritaði hann fógetanum bréf, dags. 15. okt. f. á., þar sem hann beiddist þess, að fjárnámsgjörðinni yrði haldið áfram og gjörðarþolanda á ný tilkynnt með þriggja daga fyrirvara um framhald gjörðarinnar. Að undangenginni slíkri tilkynningu var síðan háð þing í málinu hinn 20. okt. Við þinghald þetta var mætt af hálfu beggja aðilja. Eftir að umboðsmenn aðilja höfðu í þessu þinghaldi og þinghaldi 22. s. m. deilt um ýmis atriði, sem engu máli skipta um úrlausn máls þessa, krafðist umboðsmaður stefnda, Jón Sveinsson lögfræðingur, þess, að kröfu um framgang fjárnámsins yrði hrundið. Máli sínu til stuðnings færði téður lögfræðingur það, að fjárnám samkvæmt fjárnámsbeiðninni frá 13. ágúst s. á. hefði fallið niður, með því að ekki hefði verið mætt af hálfu gjörðarbeiðanda þann 13. okt. Þar

sem nú fyrir fógetaréttinum lægi einungis beiðni um framhald fjárnámsgjörðar, sem fallin væri niður, kæmi ekki til mála að taka beiðnina til greina. Til þess að ný fjárnámsgjörð gæti fram farið, þyrfti enn ný beiðni að koma fram. Umboðsmaður áfrýjanda mótmælti því harðlega, að áminnzt orðalag í fjárnámsbeiðninni frá 15. okt. gæti valdið því, að efnisúrskurður yrði ekki uppkveðinn um framgang gjörðarinnar. Lyktir málsins fyrir fógetaréttinum urðu nú samt þær, að fógetinn féllst á skoðun umboðsmanns stefnda og neitaði með úrskurði, uppkveðnum 24. s. m., að taka fjárnámsbeiðnina til meðferðar.

Úrskurði þessum hefir áfrýjandi nú skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 18. nóv. f. á., og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgjörð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi færir það til stuðnings máli sínu, *að* fjárnámsbeiðnin frá 15. okt. hafi verið skrifleg, svo sem mælt er fyrir í 3. gr. laga nr. 19 frá 1887, *að* beiðni þessi hafi verið birt stefnda með þeim fyrirvara, sem lög áskilja, *að* veðskuldabréfið hafi legið frammi í réttinum og *að* bókanir umboðsmanns síns fyrir fógetaréttinum sýni það greinilega, að hann hafi talið það eitt skipta máli að fá fjárnámsgjörðina framkvæmda án tillits til þess, hvort beiðni hans væri skoðuð sem beiðni um nýja gjörð eða beiðni um framhaldsgjörð. Á þessa röksemdafærslu áfrýjanda þykir mega fallast. Að vísu ber að telja, að hér hafi verið um nýja gjörð að tefla, en öll formleg skilyrði voru samt fyrir hendi til

þess, að fógeti gæti tekið fjárnámsmálið til meðferðar, og breytir orðalag fjárnámsbeiðninnar frá 15. okt. engu í því efni. Ber af þessum sökum að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eins og ljóst er af því, sem að framan er sagt, beindist málflutningur aðiljanna upphaflega að því, hvort eftirstöðvar oftnefnds skuldabréfs væru fallnar í gjalddaga vegna vanskila af hálfu stefnda, en eftir að fjárnámsbeiðnin frá 15. okt. kom fram, var einungis deilt um formhlið málsins, og hinn áfrýjaði úrskurður varðar einungis formhliðina. Af þessari ástæðu liggur nú ekki hér fyrir að dæma um efni máls þessa, og verður þessvegna krafa áfrýjanda, að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgjörð, ekki tekin til greina, heldur ber að leggja fyrir fógetann að taka fjárnámsmálið til meðferðar að efni til, enda má telja kröfu um þessa úrlausn málsins felast í áðurnefndri kröfu áfrýjanda sem hið minna í hinu meira.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti og ákveðst hann kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi felldur og ber fógetanum að taka framangreint fjárnámsmál til meðferðar að efni til.

Stefndur, Vigfús Þ. Jónsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Arnalds, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Rétturinn lítur svo á, að reglurnar um „reassumation" gildi eigi um fjárnám, þar sem ekki eru bein ákvæði um þetta í lögunum, og lítur rétturinn svo á, að vegna útivistar fjárnámsbeiðanda geti fjárnám ekki farið fram eftir hinni eldri fjárnámsbeiðni, en þar sem réttarskjal 1 verður eigi skilið öðru vísi en þess sé krafizt, að fjárnámið fari fram í framhaldi af hinni eldri fjárnámsbeiðni og samkvæmt skjölum þeim, er þá voru lögð fram, þá verður krafan um fjárnám eigi tekin til greina.

Mánudaginn 19. apríl 1937.

Nr. 70/1936. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sigurði Hannessyni (Eggert Claessen).

Smáskammtalæknir dæmdur til refsingar fyrir tilraun til fóstureyðingar og skottulækningar, en gæzluvarðhald hans látið koma í stað refsingar. Ennfremur sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. marz 1936: Ákærði, Sigurður Hannesson, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði. Hann skal sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar. Ennfremur greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt og 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með upplýsingum þeim, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega telja það sannað

í máli þessu, að ákærði hafi gert tilraun til að eyða fóstri konu þeirrar, sem í því skyni gekk til hans á tímabilinu frá 15. marz til 28. apríl 1934. Hvorttveggja er, að ákærður hefir viðurkennt að hafa fyrirfram lofað barnsföður nefndrar konu að gera tilraun til að eyða fóstri því, er hún gekk með, og að aðgerðir þær, sem hann framkvæmdi við konuna, hefðu, að áliti héraðslæknisins í Reykjavík, getað leitt til fóstureyðingar. Verður og að ætla, að ákærði hafi gert sér það ljóst, að aðgerðir hans kynnu að hafa slíkar afleiðingar, því ekki er unnt, þegar til þess er litið, í hverju aðgerðirnar voru fólgnar, að taka þann framburð hans trúanlegan, að hann hafi tekizt þær á hendur í því skyni að bjarga lífi fóstursins með því að koma í veg fyrir, að konan leitaði til lækna í þeim tilgangi að fá fóstri sínu eytt. Hinsvegar virðist óvarlegt að telja það sannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi, 7—8 mánuðum eftir að framannefnd tilraun reyndist árangurslaus, tekið að sér að gera tilraun til á sama hátt að eyða fóstri hinnar konunnar, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, enda er ekki unnt að staðhæfa eftir því sem framburði ákærða er háttað, að honum hafi þá verið fullkunnugt um, að nefnd kona hafi verið vanfær.

Í forsendum hins áfrýjaða dóms er það réttilega tekið fram, að ákærði, sem fengizt hafði við smáskammtalækningar frá því um síðastliðin aldamót, hafi haft rétt til þess að gefa sig við slíkri lækningastarfsemi, sbr. lög nr. 33/1911, 1. gr., sbr. 4. gr. 3. mgr. og 6. gr. 2. mgr., og lög nr. 47/1932, 22. gr. Er þá og sala hans smáskammtalyfjum vítalaus, þar eð í lögum hefir verið gert ráð fyrir slíkri sölu af hálfu smáskammtalækna frá því að sett voru lög um að-

flutningsbann á áfengi árið 1909, sbr. lög nr. 44 frá því ári, 2. gr., og samsvarandi ákvæði í síðari áfengislögum, þar á meðal lög nr. 64/1930, 2. gr. c., sem í gildi voru, þegar ákærði seldi lyf þau, er um ræðir í máli þessu, sbr. og nú lög nr. 33/1935, 10. gr. 1. Hinsvegar má fallast á þá niðurstöðu héraðsdómarans, að ákærði hafi með ljóslækningatilraunum sínum farið út fyrir verksvið smáskammtalækna.

Með framangreindum verknaði sínum hefir ákærði gerzt sekur um brot á ákvæðum 194 gr. 2. mgr., sbr. 46. gr., hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og 15. gr. 2. tölul. laga um lækningaleyfi o. fl., nr.47/1932, sbr. 18. gr. sömu laga. Með skírskotun til umsagnar geðveikralæknis um andlegt heilsufar ákærða telst rétt, að refsing hans sé ákveðin með tilliti til 40. gr. hegningarlaganna. Þykir refsingin samkvæmt nefndum greinum hegningarlaganna og laga nr. 47/1932, og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og svipting leyfis til að stunda smáskammtalækningar, sbr. og 22. gr. laga nr. 47/1932. En sökum þess, að ákærði var með gæzluvarðhaldsúrskurði sviptur frjálsræði sínu, meðan á rannsókn málsins stóð, frá 29. janúar 1935 til 21. júní s. á., eða samtals 144 daga, og hafður þann tíma í gæzluvarðhaldi á geðveikrahælinu Kleppi, að vísu nokkurn hluta tímans til nauðsynlegra rannsóknar, en ekki sökum þess, að slæm hegðun hans gæfi tilefni til svo langvinns gæzluvarðhalds, þá þykir mega ákveða, samkvæmt 59. gr. hegningarlaganna, að gæzluvarðhald ákærða komi í stað fangelsisrefsingar hans.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakar-

kostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Það athugast við rannsókn málsins, að rannsóknardómarinn tilnefndi ekki, eins og honum bar að gera þegar í upphafi rannsóknarinnar, 2 hæfa lækna til þess að skoða nákvæmlega lækningatæki ákærða, og þó einkum það tæki, sem hann hafði notað við grunaðar fóstureyðingartilraunir, og til að láta uppi álit sitt um nothæfni tækisins til framkvæmdar slíks afbrots. Svo var ákærði og ekki spurður nægilega ýtarlega um það í upphafi rannsóknarinnar, hvað hann héldi sjálfur um áhrif tækisins að þessu leyti. Þá hefir ekki verið aflað upplýsinga um það, hvort konur þær, sem um ræðir í málinu, hafi haft sjúkdóma þá, er ákærður taldi þær hafa.

Því dæmist rétt vera:

Gæzluvarðhald ákærða, Sigurðar Hannessonar, komi í stað fangelsisrefsingar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu leyfis til að stunda smáskammtalækningar og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Hannessyni, smáskammtalækni, til heimilis á Bræðraborgarstíg 14 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 47, 23. júní 1932.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. marz 1872. Honum hefir ekki verið refsað áður.

Málavextir eru þeir, sem hér segir: Hinn 29. janúar f. á. mætti landlæknir Vilmundur Jónsson í lögreglurétti Reykjavíkur og lagði fram bréf frá Árna Péturssyni, lækni, er honum hafði borizt þá um daginn. Í bréfi þessu skýrir Árni landlækni frá því, að hinn 26. janúar hafi komið til hans ógift stúlka, Anna Ísleifsdóttir að nafni, vegna óreglu á tíðum. Stúlka þessi var ófrísk og tjáði Árna, að hún hafi í desembermánuði farið til ákærða í máli þessu og farið fram á það við hann, að hann eyddi fóstrinu. Tók ákærði þessu vel, að sögn stúlkunnar, og sagði, að það mætti takast, ef hún kæmi til hans 14 sinnum.

Er hún svo kom til hans, var meðferðin í því fólgin, að hún var látin liggja á legubekk undir sterkum rafljósaperum eina klukkustund á dag. Auk þess fékk hún rafmagn annan hvorn dag á þann hátt, að ákærði setti inn í fæðingarveg hennar rafmagnstæki og hleypti síðan sterkum straum á. Stóð tilraun þessi fyrst yfir í 10—15 mínútur, en síðan hálftíma, að því er hún hugði. Fylgdi þessu sársauki, en ákærði sagði henni, að slíkt yrði hún að þola, ef árangur ætti að nást. Auk þessa kvartaði hún undan því, að hann hefði verið klúr í orðum við hana og einu sinni farið fram á samfarir við hana. Tveim dögum eftir að hún hætti að vera í þessum ljósum, byrjaði að blæða per vagina og blæddi í einn sólarhring, en hætti síðan, en tveim dögum síðar hófst blæðing að nýju, en hætti von bráðar.

Út af þessu bréfi og samkvæmt ósk landlæknis var síðan hafin rannsókn útaf lækningastarfsemi ákærðs. Hann var settur í gæzluvarðhald daginn, sem rannsóknin hófst,

en að ráði héraðslæknis var hann daginn eftir sendur á nýja spítalann á Kleppi til rannsóknar hjá dr. Helga Tómassyni og þar var hann í gæzlu fram til 21. júní s. l.

Er Anna Ísleifsdóttir var leidd fyrir rétt í máli þessu hinn 27. nóvember síðastliðinn, staðfesti hún frásögn bréfs Árna Péturssonar og vann eið að framburði sínum.

Ákærði hefir hinsvegar staðfastlega neitað því, að hann hafi haft hugmynd um, að Anna væri barnshafandi, er hún kom til hans, kveður hana ekki hafa minnzt á fóstureyðingu við sig og lækningatilraunir hans hafi ekkert beinzt að því. Hann kveðst hafa haldið bók yfir sjúklinga þá, er til hans hafi leitað, og var sú bók sýnd í réttinum. Samkvæmt henni kom Anna fyrst til hans 13. desember. Kvað ákærður hana hafa kvartað um slappleika og hjartveiki og hvít klæðaföll. Til þess að lækna hvítu klæðaföllin kveðst ákærður hafa sett gler númer 9, sem hann svo kallaði, inn í fæðingarveg hennar, og var gler þetta í sambandi við teslastraum. En hann kvaðst aldrei hafa haft það lengur en 5 mínútur inni í einu. Þá neitaði yfirheyrður því, að hann hefði haft klúrheit í frammi við Önnu, meðan á lækningum hans stóð, en þó slegið upp á því í gamni, hvort hún vildi ekki hafa samfarir við sig. Ekki greiddi Anna ákærðum nema rúmar 2 krónur fyrir læknishjálpina.

Hún ól barn sitt 26. júlí s. l., lifandi og heilbrigt.

Við athugun á lækningabók ákærðs kom það í ljós, að nokkrar konur, auk Önnu, höfðu leitað lækninga hjá ákærða. Voru 6 þeirra teknar fyrir rétt út af þessu. Samkvæmt framburði 5 þeirra, virðist ákærður hafa framkvæmt á þeim meinlaust og gagnslaust lækningakák, og eina þeirra lét hann hafa meðal, er hún afhenti í réttinum og landlæknir athugaði og taldi líta út fyrir að vera venjuleg homopatameðöl. Ein af þessum konum kvað ákærðan hafa verið svo klúran í tali og klæmzt við sig, að hún hætti að ganga til hans, og önnur, 76 ára að aldri, taldi ákærða hafa reynt að manga til við sig, og hætti hún því skiptum við hann.

En ein af þessum 6 konum bar það, að hún hefði farið til ákærða í febrúar eða marz 1934 í því skyni að fá hann til að eyða fóstri. En samkvæmt bók ákærða, gekk kona þessi til hans frá $15/3$—$28/4$ 1934. Kveðst hún

hafa átt barn 1928, og það gengið mjög illa vegna þess, að hún var svo veik í nýrunum og, er hún var orðin ófrísk í annað sinn, varð hún mjög hrædd við það. Kveður hún, að barnsfaðir hennar hafi því farið til ákærða, og það orðið að samkomulagi með þeim, að hann eyddi fóstrinu. Er hún kom til ákærða, lét hann hana leggjast upp á dívan, lét hana fara úr buxunum og fletta upp um sig pilsunum, og setti síðan rafmagnsljós á kvið hennar, stutta stund í fyrstu, en lengur því oftar sem hún kom. Einnig setti ákærði gler inn í getnaðarveg hennar og var glerið í sambandi við rafmagnsstraum. Hafði hann glerið fyrst inni 2—3 mínútur, en síðar allt að 10 mínútum.

Barnsfaðir þessarar konu hefir borið það, að ákærður hafi sagt honum, að hann gæti ef til vill losað hana við fóstrið með ljósum, og kvaðst hann þá ekki hafa haft neitt á móti því, að ljósin yrðu notuð til þessa, með því að ákærður sagði honum, að hann mætti ekki nota nein meðöl í þessu skyni og ekki heldur verkfæri.

Ákærði hefir viðurkennt þennan framburð þeirra réttan, kveðst hafa dregizt á það við barnsföðurinn að eyða fóstrinu með ljósum. En þetta kveðst hann hafa gert í því skyni að bjarga fóstrinu, kvað sér hafa skilizt á barnsföðurnum, að það yrði leitað til lækna, ef hann ekki vildi hjálpa, en hann bjóst við því, að ef hann gæti tafið fyrir því, að konan færi til lækna til að fá fóstrinu eytt, þá mundi ekkert verða úr því.

Eftir nokkurn tíma hætti kona þessi að ganga til ákærða, varð ekkert meint við tilraunir hans og ól barn sitt 30. september 1934.

Rétturinn hefir leitað umsagnar héraðslæknisins í Reykjavík um það, hvort takast mætti að eyða fóstri með tilraunum þeim, sem ákærði gerði á þessum tveim konum. Héraðslæknir segir í áliti sínu, að hann telji það vafalaust, að aðgerðir þessar geti komið af stað fósturláti, þó þær hinsvegar engan veginn þurfi að bera þann árangur. Þá telur hann, að samkvæmt læknisskoðun Árna Péturssonar virðist fósturlát hafa verið yfirvofandi hjá Önnu Ísleifsdóttur, og telur það fullkomlega eðlilegt að setja blæðingar hennar í samband við aðgerðina og kenna

henni um, þótt slíkt verði aldrei sannað með fullri vissu.

Með framburði konu þeirrar, er að framan greinir, að leitað hafi til ákærða í marz og apríl 1934, svo og með framburði barnsföður þeirrar konu og játningu ákærða er það sannað, að ákærði hafi tekið að sér að eyða fóstri konunnar. Það verður og, þrátt fyrir undanfærslur ákærða og vífilengjur, að ganga út frá því, að meðferð hans á konunni hafi verið alvarlega meint tilraun frá hans hendi til þess að eyða fóstrinu. En með hliðsjón af því, að það þannig má telja sannað, að ákærði hafi þarna gert tilraun til fóstureyðingar, þá þykir og verða að telja það sannað með eiðfestum framburði stúlkunnar Önnu Ísleifsdóttur, að ákærði hafi einnig gert tilraun til að eyða fóstri hennar á þann hátt, sem hún hefir borið.

Varða þessi afbrot ákærða því við 194. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 46. grein sömu laga.

Þá ber að líta á það, hvort ákærði hafi haft leyfi til smáskammtalækninga. Landlæknir hefir undir rekstri málsins upplýst það, að hvorki hafi ákærði sótt um eða fengið leyfi til neinnar lækningastarfsemi samkvæmt lögum nr. 47 frá 1932. Það er hinsvegar upplýst með framburði ákærða fyrir réttinum og kemur greinilega fram í álitsgerð dr. Helga Tómassonar, að ákærði byrjaði að stunda smáskammtalækningar kring um síðustu aldamót, og hefir að einhverju leyti fengizt við þær fram til þess tíma, að mál þetta kom upp. Það verður ekki séð, að lögin um lækningaleyfi nr. 38, 11. júlí 1911 geri ráð fyrir því, að leyfi þurfi til smáskammtalækninga. En í 22. grein laga nr. 47, 23. júní 1932 segir, að ákvæði laganna um veitingu lækningaleyfis nái ekki til þeirra, sem lækningarétt hafa eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi. Það verður því samkvæmt þessu að telja, að ákærði hafi haft leyfi til að stunda smáskammtalækningar og hann hafi ekki gerzt brotlegur við lög með því einu, að stunda slíkar lækningar eftir gildistöku laga nr. 47, 23. júní 1932. En hinsvegar lítur rétturinn svo á, að ákærði hafi farið

út fyrir verksvið sitt sem smáskammtalæknir með lækningatilraunum þeim, sem að framan er lýst, eftir því sem smáskammtalækningar hafa tíðkazt hér á landi eða almennt er skilið við smáskammtalækningar, og varðar það við 15. gr. 2. mgr. laga nr. 47 frá 1932, sbr. 18. gr. sömu laga, og verður því að svipta hann leyfi til að stunda smáskammtalækningar.

Svo sem fyrr segir, var ákærði á Nýja Kleppi til rannsóknar hjá dr. Helga Tómassyni. Niðurstaða doktorsins um ákærðan er á þessa leið: „Hann er ekki fáviti, en geðveikur að (sic) vægu stigi, haldinn af svonefndri *dementia senilis*. Auk þess hefir hann kroniskan hryggsjúkdóm, (spondylitis) og *kroniskan bronchitis*. Þó hann sennilega hafi aldrei rist vitsmunalega nema grunnt, þá virðist þó nú áberandi *almenn sljóvgun* hjá honum, sem lýsir sér í athyglis- og minnisbilun, einkum þó bilandi næmi, svo og minnkuðum andlegum hömlum, hvað snertir almennt velsæmi í orðum og athöfnum, samfara þessu er *aukið sjálfsálit* og *líflegar kynfýsnir*, en sennilega án tilsvarandi getu, vegna almennrar líkamlegrar hrörnunar og yfirleitt lítið *maskulin kynmerkja*.

Hann getur tæplega talizt sakhæfur eða fær um að taka út refsingu, þó auðvitað verði starfsemi hans stöðvuð. Hann væri sennilega bezt kominn á fámennu heimili, þar sem eingöngu væri fullorðið fólk, sem vissi, hvernig ástatt væri með hann og hlypi ekki eftir sögum hans eða ráðleggingum."

Hið andlega ástand, sem geðveikralæknirinn hefir þannig lýst, þykir eigi þess eðlis, að það eigi að undanþiggja hann refsingu samkvæmt 39. gr. hegningarlaganna, né heldur verða honum til refsilækkunar samkvæmt 40. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt og 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér í réttinum, hrm. Péturs Magnússonar.

Á uppsögn dóms þessa hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af annríki dómarans.

Miðvikudaginn 21. apríl 1937.

Nr. 169/1936. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ara Guðmundssyni
(Lárus Jóhannesson)

Maður dæmdur til refsingar fyrir að veitast með ofbeldi að framfærslufulltrúa, sem var að gegna störfum sínum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. júní 1936: Ákærður, Ari Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mán.

Refsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39/1907 eru haldin.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar, cand. juris, kr. 50. —

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðstoðarmann framfærslufulltrúa Reykjavíkur, þann er verknaður ákærða í máli þessu kom niður á, verður að telja til sýslunarmanna þeirra, sem í 101. gr. almennra hegningarlaga greinir. Ákvæði 103. gr. nefndra laga þykja ekki geta komið til greina í þessu máli, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20 daga skilorðslaust fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ari Guðmundsson, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ara Guðmundssyni, verkamanni, til heimilis Hólum í Skildinganesi fyrir brot á 12. og 20. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 1869.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. des. 1910. Hann hefir ekki sætt refsingum.

Með bréfi, dags. 11. des. s. l., kærði borgarstjórinn í Reykjavík yfir því, að ákærður hefði sýnt Ólafi Sigurðssyni, aðstoðarmannni fátækrafulltrúanna, ofbeldi, er hann gegndi störfum sínum við styrkúthlutun á skrifstofu fátækrafulltrúanna.

Ákærður er ritari í félagi styrkþega hér í bænum og kom, ásamt formanni félagsins, á skrifstofu fátækrastjórnarinnar hinn 7. nóv. s. l., til þess fyrir hönd félagsins að eiga tal við Ólaf um málefni eins af styrkþegum bæjarins. Þegar þeir höfðu náð tali af fátækrafulltrúanum, tjáði hann þeim, að hann talaði aðeins við annan þeirra í einu og aðeins um málefni sjálfra þeirra, en ekki annarra styrkþega bæjarins, en það hefir fátækrafulltrúinn skýrt frá, að væri samkomulag í fátækrastjórninni að ræða ekki málefni styrkþega við fulltrúa félagsins. Meðan þeir töluðust

þetta við, höfðu þeir ákærður og formaður félagsins gengið úr biðstofunni og inn í afgreiðsluherbergi fátækrafulltrúans og látið hurðina aftur á eftir sér. Opnaði nú fátækrafulltrúinn hurðina aftur og bað þá að ganga út, en ákærður greip þá hurðina og lokaði henni aftur og kvaðst vilja eiga viðtal við fátækrafulltrúann. Fátækrafulltrúinn tók þá saman bækur sínar og ætlaði út um aðrar dyr á herberginu, en ákærður gekk þá í veg fyrir hann og stjakaði við honum með hendinni og snéri jafnframt lykli í skránni, án þess þó að læsa. Gekk þá fátækrafulltrúinn að hinum dyrunum aftur, en ákærður í veg fyrir hann. Þvínæst gekk fátækrafulltrúinn að símanum og ákærður á eftir, og féll síminn við það á gólfið. Loks gekk fátækrafulltrúinn að lúgu, sem var á veggnum, og ætlaði að kalla á menn, er voru að störfum í næsta herbergi, en ákærður stóð þá í veginum og lokaði henni. Kallaði fátækrafulltrúinn nú á menn sér til aðstoðar, og hringdu þeir þegar á lögregluna, og beið ákærður þar til hún kom, án þess að fleira skærist í. Meðan á þessu stóð var formaður félagsins í herberginu, án þess að taka beinn (sic) þátt í viðureigninni.

Ákærður heldur því fram, að það hafi ekki verið ásetningur sinn, þegar hann fór í þessa för, að þvinga fram samtal við fátækrafulltrúann, ef hann neitaði að tala við þá, enda kveður hann, að sér hafi ekki dottið það tilfelli í hug. Ræddu þeir félagar ekkert um þetta áður. Hinsvegar hefir hann viðurkennt, að þegar hann fékk neitun fátækrafulltrúans, hafi sá ásetningur myndast hjá sér að láta til skarar skríða og fyrst og fremst knýja fram viðtalið og jafnframt hafa þau áhrif að koma fram málefni því, er þeir félagar voru að reka.

Með framangreindu atferli gagnvart fátækrafulltrúanum hefir ákærður gerzt sekur við 99. gr. 1. mgr. sbr. 3. mgr. sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga. Að áliti réttarins verður að telja það ákærðum til málsbóta, að framkoma fátækrafulltrúans verður að skoðast harla óliðleg og lítilsvirðandi á félagsskap þeim, er ákærður var mættur fyrir, og eru athafnir hans framkvæmdar undir stundaráhrifum þeirrar framkomu. Þykir refsing hans með tilliti til þess hæfilega ákveðin 2 mán. fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En með tilliti til ungs aldurs ákærðs og þess, að hann hefir ekki áður sætt refsingu, þykir rétt að refsingunni sé

frestað og hún falli niður eftir 5 ár, ef skilorð laga nr. 39, 1907 verða haldin. Þá greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar, cand.jur., er ákveðast 50. kr.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, er stafar af önnum við embættið.

Föstudaginn 23. apríl 1937.

Nr. 173/1936. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Guðmundi Jóhannessyni
(Theódór B. Lindal)

Brot gegn áfengislögunum, bifreiðalögunum og 99. gr. 1. mgr. sbr. 101. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. október 1936: Ákærður, Guðmundur Jóhannesson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir handtöku ákærða framkvæmdi læknir rannsókn á áfengismagni í blóði hans, og reyndist það vera 2,5‰. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum málsins verður að telja sannað, að ákærður hafi verið ölvaður við akstur bifreiðar. Hefir hann þar með gerzt brotlegur við 5. gr. 4. mgr. laga nr. 70 frá 1931 um bifreiðar og 21. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935. Ber að dæma hann til refsingar fyrir brot þetta eftir 14. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna. Þá hefir ákærður með því að aka

röngu megin við vegamótasteininn á vegamótum Kalkofnsvegar og Lækjartorgs gerzt brotlegur við 32. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 og ber að refsa honum fyrir það eftir 96. gr. sömu lögreglusamþykktar. Loks hefir ákærði með því að leitast við að ljósta lögregluþjón þann, sem ætlaði að taka hann fastan, hnefahögg í andlitið drýgt eina þeirra athafna, er greinir í 99. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga, og varðar það hann refsingu eftir 101. gr. sömu laga. Með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, þykir refsing ákærða fyrir framantalin brot hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi. Ennfremur ber að staðfesta ákvæði greinds dóms um sviptingu ökuskírteinis og sakarkostnað í héraði.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Theódórs B. Líndal, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Jóhannessyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Laugaveg 28 A hér í bænum, fyrir brot gegn 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum um notkun bifreiða nr. 70 1931, áfengislögum nr. 33, 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Með eigin játningu ákærðs, sem kemur heim við önnur gögn málsins, er það sannað, að aðfaranótt þess 28. sept. síðastliðins ók hann fólksflutningsbifreiðinni R.E. 102 frá Geithálsi í Mosfellssveit til Reykjavíkur og hér um götur bæjarins og var þá undir áhrifum áfengis. Ennfremur, að þegar hann á akstri sínum um bæinn ók af Kalkofnsvegi inn á Lækjartorg, beygði hann öfugu megin við vegamótasteininn. Loks þegar tveir einkennisbúnir lögregluþjónar ætluðu að taka hann fastan, reyndi hann að flýja þá og á flóttanum reyndi hann tvisvar sinnum að slá annan þeirra með krepptum hnefa í andlitið.

Framangreind brot ákærðs ber að heimfæra undir 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 1931, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935, 32. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930 og 101. gr. sbr. 99. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærður hefir áður sætt ákærum og refsingum sem hér segir: Þann 25. ágúst 1930 sektaður um 5 (sic) krónur fyrir brot gegn bifreiðalögunum, þann 10. des. 1931 sektaður um 10 kr. fyrir of hraðan bifreiðarakstur, þann 11. apríl 1932 sektaður um 100 krónur og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur, þann 13. júní 1932 sektaður um 1000 krónur fyrir bruggun og sölu áfengis, þann 30. jan. 1933 sektaður um 15 krónur fyrir bifreiðalagabrot, þann 2. febrúar 1934 sektaður um 10 krónur fyrir of hraðan bifreiðarakstur, þann 15. júlí 1934 sektaður um 10 krónur fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði, þann 13. september 1935 kærður fyrir að taka ökugjald með valdi, en málið eftir atvikum látið niður falla, og loks þann 19. ágúst 1936 sektaður um 25 krónur fyrir ölvun á almannafæri.

Refsing ákærðs þykir með hliðsjón af 63. gr. hegn-

ingarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stjórna bifreið. Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 23. apríl 1937.

Nr. 73/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Stjórn Kaupfélags Þingeyinga
(Stefán Jóh. Stefánsson)

Ómerking málsmeðferðar í héraði og dóms.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 19. sept. 1935: Kærði, stjórn Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík, greiði 300,00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Verði sektin ekki greidd, afplánist hún með 18 daga einföldu fangelsi. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir héraðsdómarinn höfðað gegn stjórn Kaupfélags Þingeyinga, án þess að nafngreina þá einstaklinga, sem fyrir sökum eru hafðir, og án þess að taka nokkra skýrslu af stjórnarnefndarmönnunum, að einum þeirra undanteknum. Eftir þenna málatilbúning hefir héraðsdómarinn svo dæmt „kærða, stjórn Kaupfélags Þingeyinga", til sektargreiðslu og til vara til afplánunar sektarinnar. Þessi málsmeðferð og dómur er svo fjarri lagi, að ekki verður hjá því komizt að ómerkja hvorttveggja.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjunarkostnaður sakar þessarar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði og dómur á að vera ómerkur.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 100 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál það, sem hér liggur fyrir, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn stjórn Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík sem útgefanda og ábyrgðarmanns blaðsins „Boðberi K.Þ." fyrir brot á lögum nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, og hefir stjórnarnefndarmaður Karl Kristjánsson, bóndi í Eyvík, mætt í málinu f. h. kærða og fráfallið stefnu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 19. ágúst 1933 kærir Stefán sál. Guðjohnsen, kaupmaður í Húsavík, yfir því, að í nýútkomnu fjölrituðu blaði „Boðberi K.Þ.", sem upplýst er í máli þessu, að stjórn Kaupfélags Þingeyinga gefur út og ber ábyrgð á, sé veitzt að verzlun sinni og sér á þann hátt, sem komi í bága við 11. gr. laga nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, og vitnar sérstaklega í greinarnar „Búðarvörur" og „Verðlag" í 1. tölubl. nefnds blaðs, dags. 30. júní 1933, og í greinina „Tíðindi" í 3. tölubl. sama blaðs, dags. 4. ágúst 1933. Segir hann, að í greininni „Búðarvörur" sé verzlun sín kölluð „óvinurinn, sem fyrir 50 árum var hér í héraðinu hafin hin

drengilegasta hríð að og óefað má yfirstíga til fulls“ og séu félagsmenn Kaupfélags Þingeyinga, sem og séu viðskiptamenn sínir, varaðir við því að lenda ekki aftur í „opin gin óvinarins“, en með þessum ummælum sé reynt að gera verzlun sína tortryggilega í augum almennings. Greinin „Verðlag“ sé sumpart rangur, sumpart villandi samanburður á verðlagi því á þeim vörum, sem greinin getur um hjá Kaupfélagi Þingeyinga og hjá verzlun sinni, auðsjáanlega skrifuð í þeim tilgangi að spilla fyrir verzlun sinni og til þess að draga viðskiptin að K.Þ. — Loks sé greinin „Tíðindi“ mestmegnis rangsnúin og sumpart ósönn frásögn frá sáttafundi 25. júlí 1933, þar sem fulltrúi sinn hafi gert tilraun til að leiða mál þetta til lykta á friðsamlegan hátt, en þessa tilraun vilji blaðið telja ofsókn auk þess, sem greinin gangi út á það að reyna að vekja á ný gamla andúð gegn verzlun „Örum & Wullfs“, — en þá verzlun keypti kærandi, — og láta hana bitna á sér og verzlun sinni. Krefst kærandi því, að útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins „Boðberi K.Þ.“ sé látinn sæta sektum samkv. 11. gr. laga nr. 84/1933, og að auki dæmdur til að greiða sér, samkv. 16. gr. sömu laga, skaðabætur allt að kr. 1000.00 fyrir tjón það, er ætla megi, að verzlun sín hafi beðið vegna hinna röngu og rægjandi ummæla í blaðinu.

Gegn þessum kæruatriðum heldur umboðsmaður eða verjandi kærða því fram, að sjálft blaðið „Boðberi K.Þ.“ sé ekki blað í venjulegum skilningi, heldur aðeins innanfélagsblað eða „tæki“ fyrir félagsmenn og félagsstjórn til að talast við sín á milli, — að greinin „Búðarvörur“ snerti ekki Stefán Guðjohnsen sem einstakling eða verzlun hans sérstaklega, að greinin „Verðlag“ sé alls ekki röng sögusögn, heldur rétt frásögn, enda sé það játað af fulltrúa kæranda og rannsókn málsins leitt í ljós, að verðlagið í nefndri grein var rétt tilgreint sem síðasta verð, þegar blaðið kom út, — að framkvæmdarstjóri Kaupfélags Þingeyinga bauðst til þess að leiðrétta í „Boðberanum“ það, sem rangt kynni að vera hermt í greininni „Verðlag“, en fulltrúi kæranda hafnaði því boði, að greinin „Tíðindi“ segi aðeins frá staðreyndum eftir tilteknum heimildum. — Svo beri í máli þessu að taka tillit til þess, að lög nr. 84, 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunar-

háttum voru svo nýlega gengin í gildi, þegar „Boðberi K.Þ." kom út, 30. júní 1933, að þau vóru alls ekki orðin kunn almenningi.

Krefst verjandi því algerðrar sýknu fyrir kærða í máli þessu, og að kærandi sé dæmdur í þyngstu sektir fyrir óþarfar málsýfingar.

Skulu nú hin einstöku kæruatriði athuguð:

Greinin „Búðarvörur".

Í lögreglurétti Þingeyjarsýslu 1. sept. 1933 hefir Pétur Sigfússon, sem þá var sölustjóri Kaupfélags Þingeyinga, játað að hafa skrifað greinina, en tekur fram, að hún sé skrifuð „almennt"', án þess að átt sé við neinn sérstakan mann eða sérstaka verzlun, „heldur aðeins gegn hverskonar verzlunarfyrirkomulagi, sem samvinnumenn telji óhagstætt almenningi".

Enda þótt kærandi virtist hafa ástæðu til að ætla, að átt væri við sig og verzlun sína sérstaklega með ummælum þeim í greininni, sem kært er yfir, þá verður, að fenginni þessari yfirlýsingu greinarhöfundar í rétti, að líta svo á, að hin umræddu ummæli greinarinnar falli ekki undir 11. gr. laga nr. 84, 1933.

Í greininni „Verðlag" — en gegn henni er þungamiðja kærunnar — er gerður samanburður á verði nokkurra helztu matvörutegunda í Kaupfélagi Þingeyinga og í verzlun kæranda, St. Guðjohnsen, sem nefndur er „aðalkeppinautur þess í Húsavík" og að loknum samanburðinum er bent á, að aðeins ein framtalin vörutegund sé „jafnverðlág í kaupmanns verzlunni og í K.Þ. Allar aðrar eru til stórra muna dýrari eða allt upp í 50%." — Hvort þessi samanburður fellur undir ákvæði 11. gr. laga nr. 84, 1933 veltur á því, hvort telja beri hann rangan eða villandi. Þessi samanburður er gerður án þess að getið sé, fyrir hvaða dag eða fyrir hvaða tímabil verð það gildi, hafi gilt eða muni gilda, sem þarna er skráð. Að skilja verðsamanburðinn sem hlutfallsmynd af viðskiptakjörum þessara tveggja verzlana yfirleitt, virðist greinin ekki gefa tilefni til, heldur verður að telja hana auglýsingu á verðinu eins og það var í nefndum verzlunum annaðhvort daginn, sem blaðið kom út, ellegar yfir tímabilið næst á undan. Sé miðað við útgáfudag blaðsins, 30. júní 1933, er það upplýst með rannsókn málsins, að þann dag var

hvorki til kaffi né mjölsykur í Kaupfélagi Þingeyinga, og ekki til rúgmjöl né heilbaunir „betri tegund“ í verzlun kæranda, en þá verður samanburðurinn að þessu leyti að teljast óréttur og villandi, því til þess að einni verzlun sé heimilt, samkvæmt lögum nr. 84, 1933, að auglýsa samanburð á verðlagi sínu og verði keppinauts á tilteknum vörutegundum, virðist a. m. k. verða að gera þá kröfu, að hinar auglýstu vörur séu til hjá báðum aðiljum. Miðist aftur á móti samanburðurinn á vöruverðinu við síðasta verðlag í júnímánuði 1933 hjá aðiljum þessa máls, — en að svo hafi átti að vera, segir greinarhöfundurinn, Þórir Friðgeirsson, sem er starfsmaður Kaupfélags Þingeyinga, — þá verður hann ekki réttur, ef tekið er verðlagið fyrir allan júnímánuð, því dagana 1.—19. júní selur kærandi kaffi og sykur 5 aurum ódýrara en dagana 19.—30. júní, en sé það verðið yfir síðara tímabilið í júní, sem er tekið til samanburðar ,— og því heldur kærði fram, — þá verður samanburðurinn að miklu leyti réttur, yfir tímabilið 19.—28. júní að þeim degi meðtöldum, en það er síðasti dagurinn, sem látinn er úti mjölsykur í júní 1933 hjá Kaupfélagi Þingeyinga.

Allskostar réttur eða heimill er þó samanburðurinn ekki, því prófin leiða í ljós, að aðeins tvisvar í júnímánuði 1933 sést, að kaffi hefir verið látið úti hjá Kaupfélagi Þingeyinga, 0,6 kg. 2. júní og 1,1 kg. 24 júní, og þetta bendir til þess, að yfirleitt hafi vara þessi ekki verið á boðstólum hjá K.Þ. nefndan mánuð, og það verður að teljast upplýst, að rúgmjöl og „Victoriubaunir“ hafi verzlun kæranda ekki haft til sölu a. m. k. síðustu viku júnímán. 1933. Á þessum þrem vörutegundum virðist því samanburðurinn hafa verið villandi og ekki heimill, jafnvel þó miðað sé við síðasta verðlag nefndra tveggja verzlana í júní 1933. — Að athuguðu því, sem hér að framan er sagt um greinina „Verðlag“, verður að líta svo á, að hún falli undir ákvæði 11. gr. laga nr. 84, 1933.

Greinin „Tíðindi“ í 3. tölubl. „Boðbera K.Þ.“ er mestmegnis frásögn um sáttatilraunir milli fulltrúa kæranda og framkvæmdarstjóra Kaupfélags Þingeyinga útaf greininni „Verðlag“ í 1. tbl. nefnds blaðs, og er sagt frá því, sem á að hafa gerzt á sáttafundi 25. júlí 1933, en þessa frásögn telur kærandi rangsnúna og sumpart ósanna. Hvort svo er,

verður ekki upplýst í máli þessu, þar eð sáttanefndar menn eru bundnir þagnarskyldu um það, sem fram fer á sáttafundi, en á umsögnum aðilja verður ekki eingöngu byggt, hversu ráðvandir menn sem þeir kunna að vera.

Það er því ávallt varhugavert og virðist jafnvel koma í bága við fyrirmæli 28. gr. tilskipunar 20. jan. 1797 um sáttastiftanir að skýra opinberlega frá því, sem gerzt hefir fyrir sáttafundi, þegar „góðmótlegri sætt" varð ekki á komið, og því full ástæða til að átelja þessa frásögn um það, sem gerðist á nefndum sáttafundi, enda þótt hún að réttarins áliti falli ekki undir 11. gr. laga nr. 84, 1933.

En með frásögninni um sáttaumleitanir í greininni „Tíðindi" er ekki látið staðar numið, heldur bætir greinarhöfundur, sem er verjandi kærða í máli þessu, við eftirmála, þar sem m. a. er sagt: „Á framanrituðu geta félagsmenn í K.Þ. séð, hvaða andi býr enn á bakkahorninu við Búðaránа", og jafnframt minnir hann menn á löngu liðinn tíma, þegar þeir „brutu af héraðsbúum hlekki selstöðuverzlunarinnar í Húsavík" og verzlunarstjórinn, faðir kæranda, sem keypti „leifar selstöðuverzlunarinnar" ofsótti samtök kaupfélagsmanna. Þar sem það er vitanlegt, að kaupfélagsskapurinn er Þingeyingum yfirleitt mjög kær og þeim viðkvæmt mál að verða minntir á þá atburði, sem nefndir eru í áminnztum eftirmála, er það ekki útilokað, að hann hafi að einhverju leyti vakið andúð gegn kæranda og verzlun hans, jafnvel þó vitað sé, að hin áminnztu deilumál voru kæranda,— sem naut almenns trausts og virðingar, — með öllu óviðkomandi, og verður því að líta svo á, að þessi síðasti kafli greinarinnar „Tíðindi", í því sambandi og á þann hátt, sem hann er fram settur gegn kæranda, falli undir 11. gr. laga nr. 84, 1933.

Þar sem nú kærði, stjórn Kaupfélags Þingeyinga, ber sem útgefandi og ábyrgðarmaður ábyrgð á því, sem í blaðinu „Boðberi K.Þ." stendur, „in casu" á greinunum „Verðlag" og „Tíðindi" í 1. og 3. tbl. nefnds blaðs, verður samkvæmt framansögðu ekki hjá því komizt að telja hana brotlega gegn 11. gr. laga nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en með tilliti til þess, *að* nefnd lög voru svo nýlega í gildi gengin, þegar „Boðberi K.Þ." kom út með greininni „Verðlag", að þau

voru þá tæplega orðin kunn almenningi, — *að* verðsamanburðurinn í nefndri grein er að eins að litlu leyti rangur, — *að* framkvæmdarstjóri Kaupfélags Þingeyinga bauðst til að leiðrétta það, sem rangt kynni að vera í greininni, — þykir refsing kærðu stjórnar, sem ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu, hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 18 daga einföldu fangelsi.

Hinsvegar verður ekki á það fallizt, eftir því sem fram hefir komið í prófum þessa máls, að kærandi hafi beðið tjón sökum nefndrar greinar í „Boðbera K. Þ.“, svo ástæða þyki til að dæma honum skaðabætur samkv. 16. gr. oftnefndra laga nr. 84, 1933, og ber því að sýkna kærða af þessari kröfu kæranda. — Kostnað sakarinnar í héraði greiði kærði.

Dómarinn viðurkennir það og biður velvirðingar á því, að á uppkvaðningu dóms þessa hefir orðið alllangur dráttur, sem sumpart stafar af fjarveru dómarans síðustu mánuði ársins 1934, sumpart af annríki eftir heimkomuna, og sér í lagi af því, að hér var um framkvæmd og skilning nýrrar lagasetningar að ræða, sem dómarinn helzt hefði kosið að sjá hæstarétt skýra, ef þess væri kostur, áður en þessi dómur gengi.

Mánudaginn 26. apríl 1937.

Nr. 128/1936. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Ingimar Bjarnasyni, Einari Steindórssyni, Kristjáni Jónssyni, Sigurjóni Jónssyni, Guðmundi Einari Einarssyni, Hannesi Kjartanssyni og Sigurði Benjamínssyni (Jón Ásbjörnsson).

Hreppsnefndarmenn sýknaðir af ákæru fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 18 frá 1934, sbr. lög nr. 28 frá 1915.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 24. apríl 1936: Hinir ákærðu, Ingimar Bjarnason, Einar Steindórsson, Kristján Jónsson, Sigurjón Jónsson, Guðmundur Einar Einarsson, Hannes Kjartansson og Sigurður Benjamínsson, skulu vera sýknir af kæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til cand. jur. Auðar Auðuns, kr. 90.00.

Dómur hæstaréttar.

Það verður nú að vísu að líta svo á, að þeir Eggert Halldórsson og Hálfdán Hálfdánarson hafi firrt sig kosningarrétti við kosningar til alþingis með verknaði þeim, sem þeir voru dæmdir til refsingar fyrir með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 15. des. 1930, en þrátt fyrir að ákvörðun um töku manna þessara á kjörskrá þannig var röng, þykir þó varhugavert að fullyrða, að hún hafi verið framkvæmd gegn betri vitund eða vegna slíkrar vanrækslu, að varða eigi hina ákærðu í máli þessu refsiábyrgð. Það ber því að sýkna hina ákærðu, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, svo og að staðfesta ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stef-

áns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 150.00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingimar Bjarnasyni, oddvita, Einari Steindórssyni, kaupmanni, Kristjáni Jónssyni, skólastjóra, Sigurjóni Jónssyni, verkamanni, Guðmundi Einari Einarssyni, fiskimatsmanni, Hannesi Kjartanssyni, búfræðing, Hrauni, öllum til heimilis í Hnífsdal, og Sigurði Benjamínssyni, verkamanni, Silfurgötu 11, Ísafirði, fyrir brot gegn 13. kapitula hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 18. frá 1934 sbr. lög nr. 28 frá 1915. Ákærðir hafa allir náð lögaldri sakamanna og hafa aldrei fyrr sætt refsingu eða ákæru.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina, og eru þeir viðurkenndir af ákærðum og upplýstir á annan hátt:

Með dómi hæstaréttar 15. desember 1930 voru þeir Hálfdán Hálfdánarson, Búð, Hnífsdal, og Eggert Halldórsson, sama stað, dæmdir til fangelsisrefsingar fyrir atkvæðafölsun við alþingiskosningar, að því er Hálfdán snertir fyrir brot gegn l. nr. 28, 3. nóv. 1915, 83. gr. 2. mgr., sbr. lög nr. 50, 20. júní 1923, 4. gr. 7. mgr. og 10. gr., og 114. gr. 2. mgr. og 55. gr. sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga og Eggert fyrir brot gegn 114. gr. 2. mgr. sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga. Eftir uppkvaðningu dóms þessa munu þeir Hálfdán og Eggert ekki hafa verið settir á kjörskrá til alþingiskosninga fyrir árið 1931 og 1932, en hvorki þeir sjálfir né aðrir gerðu þá nokkra gangskör að því, að þeir yrðu settir á kjörskrá þau ár.

Er farið var að semja kjörskrá fyrir kjörskrárárið 1933—34, vaknaði sú spurning, hvort ekki myndi þó rétt, að þeir væru settir á kjörskrána. Svo virðist sem oddvitinn einn hafi að mestu samið kjörskrána það ár og sömuleiðis 1934. Við samningu kjörskrárinnar 1933 kveðst hann hafa verið í vafa um, hvort þeir Hálfdán og Eggert hefðu kosningarrétt eða ekki, þ. e. hvort þeir uppfylltu þau skilyrði stjórnarskrár og kosningarlaga, að þeir eftir uppkvaðning áðurgreinds hæstaréttardóms teldust hafa óflekkað mann-

orð. Það varð þó úr, að hann setti nöfn þeirra á kjörskrána fyrir það ár, þar sem hann vildi ekki gjöra þeim órétt, ef þeir ættu að vera þar, en ef aftur á móti einhver teldi þá ekki eiga þar að vera, þá hefði sá tækifæri til að kæra þá út af skránni. Allir þáverandi hreppsnefndarmenn í Eyrarhreppi, sem eru ákærðir í máli þessu, rituðu síðan nöfn sín undir kjörskrána, er hún var tilbúin til framlagningar, og bera þeir því allir ábyrgð á henni, þó samning hennar hafi að mestu fallið í oddvitans hlut.

Kjörskrá þessi lá síðan frammi almenningi til sýnis lögmæltan tíma, og að honum liðnum hafði engin kæra komið fram yfir því, að nöfn þeirra Hálfdánar og Eggerts væru þar. Gengið var síðan frá kjörskránni til fullnustu með nöfnum þeirra Hálfdánar og Eggerts, og var hún þannig notuð við alþingiskosningar það ár.

Er að því kom að semja átti kjörskrá fyrir kjörskrárárið 1934—35, sá oddvitinn enn um samninguna. Þrátt fyrir það, þó engum mótmælum hefði verið hreyft gegn því, að þeir Hálfdán og Eggert væru á kjörskrá 1933, þá var oddvitinn enn jafnt í óvissu með það, hvort þeir ættu að vera þar eða ekki. Hann tók því það ráð að spyrja þá báða, hvort þeir hefðu í fórum sínum nokkur gögn, er sannað gætu, að þeir ættu að vera á kjörskrá. Hjá Hálfdáni fær hann engin svör þar að lútandi, en um Eggert fréttir hann, að honum hafi verið veitt bifreiðarstjóraskírteini eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins. Áleit oddvitinn þá, að líkur væru færðar fyrir því, að Eggert hefði óflekkað mannorð og setti hann því á kjörskrána, en þar sem engin gögn höfðu fengizt, er oddvitinn taldi benda til þess, að Hálfdán hefði óflekkað mannorð, var nafn hans ekki tekið á skrána. Var þannig gengið frá skránni, hún undirrituð af Ingimar Bjarnasyni, Einari Steindórssyni og Sigurjóni Jónssyni og síðar lögð fram almenningi til sýnis.

Er kjörskrá þessi hafði legið frammi, höfðu hreppsnefndinni borizt nokkrar kærur út af henni og voru þær teknar fyrir á fundi hreppsnefndar 3. júní 1934. Meðal þeirra var kæra frá ákærðum Einari Steindórssyni um það, að nafn Hálfdánar Hálfdánarsonar hefði fallið niður af kjörskránni, og krafðist hann þess, að það yrði sett á skrána.

Þar sem aðeins voru mættir fjórir hreppsnefndarmenn

á fundinum, var frestað að taka ákvörðun um þetta, þar til 6. júní s. á. Á fundinum 6. júní mættu þó ekki, þrátt fyrir ítrekuð fundarboð, aðrir en þeir, er voru á fundinum 3. júní, nefnilega Ingimar Bjarnason, Einar Steindórsson, Sigurjón Jónsson og Kristján Jónsson. Var að umræðum loknum gengið til atkvæða út af kæru Einars, og greiddu atkvæði með því, að hann yrði tekinn á kjörskrá, þeir Einar Steindórsson, Sigurjón Jónsson og Kristján Jónsson. Á móti greiddi atkvæði Ingimar Bjarnason. Var því úrskurðað, að nafn Hálfdánar skyldi sett á kjörskrána, og var það þá gert, og skrifuðu hinir mættu hreppsnefndarmenn undir kjörskrána þannig.

Þar sem ákæran í máli þessu byggist á því, að hinir ákærðu hreppsnefndarmenn að ólögum hafi sett nöfn þeirra Hálfdánar og Eggerts á kjörskrá til alþingiskosninga hin greindu ár, þar sem þeir ekki hafi óflekkað mannorð, ber að athuga, hvort svo hafi verið og hvort hinir ákærðu með þessu atferli sínu hafi brotið skyldur þær, er þeim sem hreppsnefndarmönnum eru lagðar á herðar, þannig að saknæmt sé.

Samkvæmt íslenzkum lögum er aðeins til ein skilgreining á hugtakinu „óflekkað mannorð“ og er hana að finna í lögum um kosningar til alþingis nr. 18 frá 1934, 2. gr., sem segir: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar“. Samskonar ákvæði hefir verið í áður gildandi kosningalögum, t. d. lögum nr. 28 frá 1915 og einnig eldri kosningalögum. Ákvæði þetta, sem mun vera skýring á stjórnarskránni, hvað þetta atriði snertir, segir því beint, að einungis beri að líta á verkið eða verknaðinn sjálfan án tillits til refsingar, er hann kann að hafa leitt af sér. Þegar meta skal, hvort ákveðinn verknaður hafi í för með sér mannorðsmissi, er sagt, að til þess að svo sé, þurfi hann að vera „svívirðilegur að almenningsáliti“. Engar frekari leiðbeiningar eru gefnar og má segja, að þessi „skýring“ almenna löggjafans á stjórnarskránni sé nokkuð út í hött, þar sem vitnað er til heimildar, almenningsálitsins, sem bæði er mjög breytilegt og í mörgum tilfellum ómögulegt fyrir einn dómstól að kynnast eða vita hver sé.

Í framkvæmdinni hefir þetta þó verið þannig, að allir

eru sammála um, að sumir ákveðnir verknaðir hafi mannorðsmissi í för með sér og eins um aðra verknaði, þótt réttarbrot séu og refsað sé fyrir, að þeir, sem þá fremja, hafi eftir sem áður óflekkað mannorð.

Í tilfellum, þar sem ekki er til yfirlýstur almenningsvilji eða dómvenja sköpuð, virðist mega ályktа, að ef þeir verknaðir eru öldungis samkynja eða mjög svipaðir þeim, sem venjan er til um og vissa er fyrir um, þá skuli þeir lúta sömu lögum.

Verknaður sá, er þeir Hálfdán Hálfdánarson og Eggert Halldórsson voru dæmdir fyrir að hafa framið, var fölsun á atkvæðum við alþingiskosningar. Brot Hálfdánar á þágildandi kosningarlögum virðist samkvæmt þeim meginreglum, er a. m. k. þar til brotið var framið, voru álitnar gildandi, naumast hafa í för með sér mannorðsmissi.

Í 150. gr. kosningarlaganna nr. 18. frá 1934 er sagt, að verknaður slíkur, sem þeir Hálfdán og Eggert voru dæmdir fyrir, varði missi kosningarréttar. Ákvæði þetta hefir ekki verið beint orðað í kosningalögunum eða öðrum lögum áður og sé það ekki stjórnarskrárbrot, virðist ekki önnur leið fær en að álíta, að almenni löggjafinn meini með því að gefa nokkurskonar „authentiska" skýringu í þá átt, að verknaðir sem slíkir skuli álítast svívirðilegir að almenningsáliti. Sé svo, að ákvæði þetta breyti áður gildandi lögum eða skýringum á þeim, þá virðist það þó ekki skera úr í þessu tilfelli, því hafi þeir Hálfdán og Eggert fram til gildistöku laganna nr. 18, frá 1934 haft kosningarrétt, eftir að þeir voru dæmdir, þá verkar áminnzt ákvæði sem ný lög, sem hæpið er að hafi það gildi aftur fyrir sig, að þau geti sett ný viðurlög við verknaði, frömdum löngu fyrir gildistöku þeirra, eða yfirleitt haft áhrif á afleiðingar af slíkum verknaði.

Báðir voru þeir Hálfdán og Eggert dæmdir fyrir brot gegn 114. gr. 2. mgr. alm. hegningarlaga, og er því að athuga, hvort brot gegn þeirri grein sé svívirðilegt að almenningsáliti. Grein þessi er í 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga: Um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu. Nú hefir það verið nokkurnveginn sameiginlegt álit fræðimanna, dómstóla og umboðsstjórnar, að afbrot á móti valdstjórninni yfirleitt séu ekki svívirðileg að almenningsáliti, og veit rétturinn ekki til, að það hafi

breytzt. Jafnvel alþingi það, er nú situr, hefir ákveðið látið skilning sinn ljósi á atriði þessu, þar sem þar á sæti alþingismaður, er dæmdur hefir verið fyrir afbrot á móti valdstjórninni, og hefir engum dottið í hug að hrófla við umboði hans þessvegna. Nú er að athuga, hvort afbrot það, er þeir Hálfdán og Eggert voru dæmdir fyrir, sé annars eðlis en önnur afbrot á móti valdstjórninni, þar sem um fals var að ræða. Samkvæmt íslenzkum lögum er það þó ekki, og þó nafnið sé hið sama, á það ekkert skylt við afbrot á móti 27. kapítula hegningarlaganna: Um peningafals, um að skrifa eftir skjölum eða falsa þau og um annað fals. Hin lögvernduðu réttargæði, sem skert eru með atkvæðafölsun, eru allt önnur en þau, sem varin eru með 27. kapítula hinna almennu hegningarlaga.

Samkvæmt stjórnarskránni greinist ríkisvaldið í þrennt: löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Kjósandi, sem neytir kosningarréttar síns við venjulegar kosningar til alþingis, er einn hluti ríkisvaldsins. Til löggjafarvaldsins getur hann naumast talizt, því hann er einmitt að kjósa löggjafana, til dómsvaldsins enn síður, og hlýtur hann því að vera einn liður framkvæmdarvaldsins. Afbrot, framið gegn kjósanda í því tilfelli, er því afbrot gegn þeim lið framkvæmdarvaldsins í landinu, og er vald það einmitt varið með 12. kapítula hinna almennu hegningarlaga. Það verður vart séð, að afbrot gegn þessum hluta framkvæmdarvaldsins sé svívirðilegra en afbrot gegn öðrum hluta þess eða að sá eðlismunur sé á slíku afbroti og öðrum afbrotum gegn framkvæmdarvaldinu, að það heimili að álíta, að það lúti ekki sömu lögum og önnur brot gegn valdstjórninni, sem að samróma áliti fræðimanna, dómstóla, umboðsstjórnar og alþingis eru ekki svívirðileg að almenningsáliti. Um áhrif 150. gr. kosningalaganna nr. 18, frá 1934 á niðurstöðu þessa vísast til áður sagðs, og sé það rétt, er hér hefir verið tekið fram, þá virðist gildi þess ákvæðis fremur hæpið.

Það er ljóst, að hvernig svo sem á þetta verður litið, hvort verk þeirra Hálfdánar og Eggerts er svívirðilegt að almenningsáliti eða ekki, þá er úrskurður um það vandamál, sem ekki hefir réttinum vitanlega áður sætt úrlausnum dómstólanna. Til hreppsnefndarmanna yfirleitt, og þá einnig hinna ákærðu í máli þessu, verður ekki gjörð hærri

krafa, er þeir gegna skyldustörfum sínum, en að þeir fari að sem bonus paterfamilias. Það er því eigi saknæmt, þótt endanleg niðurstaða hjá þeim e. t. v. ekki reynist rétt, ef þeir að öðru leyti hafa hagað framkvæmd sinni sem góðum og skynsömum mönnum bar. Í máli þessu hefir ekkert það komið fram, er bendi til þess, að þeir af ásetningi hafi breytt öðruvísi en eftir beztu þekkingu og samvizku og á það ekki sízt við þá, er beinlínis stuðluðu að því, að þeir Hálfdán og Eggert voru settir á kjörskrárnar. Eftir því sem bezt hefir orðið upplýst, voru nöfn þeirra sett á kjörskrána án atbeina nokkurs manns utan hreppsnefndar eða ákveðins stjórnmálaflokks, enda sumir hinna ákærðu af öðrum stjórmálaflokki en þeir Hálfdán og Eggert. Einn hinna ákærðu segir, að ástæðan til þess, að þeir voru settir á kjörskrá 1933, hafi verið „leit eftir almenningsálitinu", og virðist svipað hafa vakað fyrir þeim öllum, enda hægur vandi að kæra út af skránni, ef einhverjum hefði sýnzt svo. Að nafn Hálfdánar Hálfdánarsonar var tekið inn á kjörskrá 1934, þannig að praktiskt talað var ógerningur að koma því út þaðan aftur, hefir eftir atvikum verið gerð nægileg grein fyrir. Kærandinn, sem var ákærður Einar Steindórsson, áleit í fyrstu, að nafn Hálfdánar hefði fallið niður af vangá, og vildi því með kærunni bæta það upp, enda ekki gera upp á milli þeirra Hálfdánar og Eggerts. Önnur leið til að bæta fyrir þenna misgáning, að hans áliti, en að kæra hann inn á skrána, var ekki til. Og þeir, er greiddu atkvæði á hreppsnefndarfundi 6. júní 1934 með því, að nafn Hálfdánar yrði tekið á kjörskrána, gerðu í rauninni ekki annað en að lýsa því yfir, að álit þeirra á því, hvort hann ætti að vera þar eða ekki, hefði ekki breytzt frá því árinu áður. Einnig verður það að teljast eðlilegt, að við úrskurðun á kærunni á fundinum hafi verið tekið tillit til þess og e. t. v. álitið sem óbeint yfirlýstur almenningsvilji, að nöfn Hálfdánar og Eggerts höfðu árið áður staðið á kjörskránni án þess að nokkur sendi kæru út af því. Bifreiðarstjóraskírteini Eggerts er engin sönnun þess, að hann hafi kosningarrétt og gerir það út af fyrir sig enga breytingu eða gefur bendingu í þá átt, að ekki eigi það sama yfir Hálfdán og hann að ganga, hvað þetta mál snertir.

Það verður því að telja, að hinir ákærðu með því að

setja nöfn þeirra Hálfdánar Hálfdánarsonar og Eggerts Halldórssonar á kjörskrá Eyrarhrepps árið 1933 og 1934 ekki hafi hagað sér á annan hátt en góðum og skynsömum mönnum bar og að þeir hafi ekki af ásetningi eða vítaverðu gáleysi með framferði sínu brotið lög. Ekki er heimilt að gera þá kröfu til hreppsnefndarmanna, að úrskurðir þeirra í máli, sem mikla sérþekkingu þarf til að úrskurða og jafnvel sérfræðinga greinir á um, séu þeir einu réttu, og er ekki unnt að láta þá sæta ábyrgð, þó úrskurðurinn e. t. v. ekki reynist réttur, frekar en t. d. dómara, sem eftir beztu samvizku dæmir mál, en svo dómi hans hrundið í æðra rétti.

Sé það rétt, að Hálfdán Hálfdánarson og Eggert Halldórsson hafi haft kosningarrétt árið 1933 og 1934, ber að sjálfsögðu að sýkna hina ákærðu af kæru fyrir að hafa stuðlað að því, að nöfn þeirra væru sett á kjörskrá, en hafi þeir hinsvegar ekki haft kosningarrétt, ber einnig að sama brunni með úrslit máls þessa, með því að ekki er sýnt, að hinir ákærðu hafi farið að öðruvísi en bonus paterfamilias. Að vísu má e. t. v. segja, að ákærðir Hannes Kjartansson og Guðmundur Einar Einarsson hafi sýnt af sér nokkra vanrækslu í starfi sínu sem hreppsnefndarmenn, en eftir atvikum þykir þó eigi ástæða til að refsa þeim fyrir það. Niðurstaðan verður því sú, að hina ákærðu ber að sýkna af kærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns, cand. jur. Auðar Auðuns, er þykir hæfilega ákveðin með kr. 90.00.

Mál þetta hefir verið löglega rekið og á því hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 28. apríl 1937.

Nr. 174/1936. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Gunnari Ingimundarsyni
(Eggert Claessen).

Brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 17. sept. 1936: Kærður, Gunnar Ingimundarson, sæti 200 kr. sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, svo missi hann og rétt til bifreiðaraksturs um 3 mánuði og greiði sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með lagaaðför, og ídæmd sekt greiðist innan 30 daga frá birtingu dómsins.

Dómur hæstaréttar.

Með niðurstöðu blóðrannsóknar, viðurkenningu kærða um áfengisneyzlu og öðrum þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, verður að telja það sannað, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur að morgni hins 14. maí f. á. Hefir hann með þessum verknaði sínum gerzt sekur um brot á ákvæðum 3. mgr. 5. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931, og 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Að vísu hefir mál gegn kærða verið höfðað einungis með skírskotun til áfengislaganna, en ekki þykir það eiga að vera því til fyrirstöðu, að refsing hans verði ákveðin með hliðsjón af hvorumtveggja hinna ofannefndu laga, þar eð kærði gat ekki verið í vafa um, fyrir hvaða verknað mál var höfðað gegn honum. Telst refsing kærða hæfilega ákveðin samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna 100 króna sekt til ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist

ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskírteinis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Það athugast við rannsókn málsins, að kærði hélt því fram, að farþegar þeir, er hann flutti í umrætt skipti, hafi veitt honum áfengi, meðan hann var við aksturinn, en ekki verður séð, að neitt hafi verið gert til þess að sannprófa þetta í því skyni að koma fram ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 21. gr. áfengislaganna á hendur þeim mönnum, sem sekir kynnu að hafa gerzt um slíkan verknað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Ingimundarson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskírteinis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 14. maímán. síðasta hitti löggæzlumaður Björn Bl. Jónsson kl. 10,40 árdegis bifreiðina Á.R. 81 að utanverðu við Þjórsárbrú. Hafði vitnið séð, að stjórn bifreiðarinnar var fremur óstyrk og því stöðvað hana. Bifreiðinni stýrði kærður, Gunnar Ingimundarson, frá Hellukoti við Stokkseyri, og með því af honum lagði sterka vínlykt, leitaði löggæzlumaður í stýrishúsinu og fann þar „svartadauðaflösku" og úr henni drukkið niður undir miða. Ennfremur fundust þar 2 hálfflöskur undan brennivíni.

Kærður hefir játað að hafa drukkið eitthvað úr svartadauðaflöskunni, en neitað að hafa drukkið allt af henni, ennfremur að hann á leið austur um nóttina áður hafi fengið bragð hjá farþegum, og er þeir stöldruðu við á leiðinni, en heldur því hinsvegar fast fram, að hann hafi ekki bragðað áfengi síðan kl. 5 um morguninn, er hann var tekinn.

Um ferðalag sitt skýrir kærður frá, að hann kl. rúmlega 10 kvöldinu áður hafi farið frá Stokkseyri og með nokkrum viðdvölum komizt inn að Hlíðarendakoti í Fljótshlíð kl. 7½ næsta morgun, staðið þar stutt við og haldið út eftir og á þeirri leið stöðvað (sic) eitthvað.

Um hádegi 14. maí var tekið blóð úr kærðum og sýndi rannsókn, að áfengismagn í kærðum var rúmlega 0,5‰, en minna en 1‰. Samkvæmt skýrslu landlæknis hefir áfengismagn í kærðum verið mun meira en 1‰ undir akstri fyrr um morguninn. Það er því enginn vafi á, að kærður hefir verið undir áhrifum áfengis við akstur, og hefir hann, sem er kominn yfir lögaldur brotamanna og áður í héraði verið dæmdur fyrir áfengisbrot, þótt sýknaður hafi verið í hæstarétti, því gerzt sekur gegn 21. gr. laga 33/1935. Kemst hann því eigi hjá að missa réttar til að stjórna bifreiðum 3 mánuði, en refsing hans þykir samkvæmt 39. gr. sömu laga hæfilega metin 200 kr. sekt, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi. Svo ber honum að greiða allan kostnað af málinu, en með því að talsmaður hans í héraði hefir eigi krafizt þóknunar, verður hún eigi tildæmd honum.

Á málinu hefir eigi orðið óþarfur dráttur og málsvörnin varðar ekki við lög að kalla.

Miðvikudaginn 28. apríl 1937.

Nr. 16/1937. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sigurjóni Jónssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn 204. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. des. 1936: Ákærði, Sigurjón Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50,00, til skipaðs talsmanns síns, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Skýrslur ákærða í máli þessu verður að leggja til grundvallar bæði um athafnir hans sjálfs gagnvart konu sinni, um það, með hverjum óhægindum hjúskapur þeirra hafi verið, og um það, hvert tilefni honum til málsbóta þau óhægindi hafi veitt honum til nefndra athafna hans. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þessum athugasemdum og þessari breytingu.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að refsing ákærða, Sigurjóns Jóns-

sonar, ákveðst 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Jónssyni, garðyrkjumanni, Shellveg 4 hér í bænum, fyrir brot gegn 18. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 29. maí 1904.

Hann hefir, svo kunnugt sé, sætt refsingum, sem nú skal greina:

1) 4. nóv. 1924 dæmdur í 8 daga fangelsi við vatn og brauð skilorðsbundið fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna.
2) 24. apríl 1934 áminntur fyrir lögreglusamþykktarbrot.
3) 14. okt. 1934 sektaður um 10 krónur fyrir lögreglusamþykktarbrot.

Hinn 29. júní s. l. kom á lögreglustöðina hér í bænum konan Guðmundína H. S. Sveinsdóttir, þá til heimilis á Baugsveg 13, og kærði yfir því, að maður hennar, ákærði í þessu máli, hefði, meðan þau bjuggu samvistum, oft misþyrmt sér. Var síðan hafin rannsókn í tilefni af þessari kæru konunnar, sem leiddi til málshöfðunar gegn ákærða, eins og að framan greinir.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að þau hjónin hefðu gifzt fyrir um 7 árum síðan. Áttu þau saman 6 börn, sem, er mál þetta kom upp, voru á aldrinum 1—7 ára. Bjuggu

þau hjónin saman, þangað til um miðjan maímánuð s. l., er þau skildu samvistum. Fyrst bjuggu þau í Selbúðum, þá á Þverveg 40 og síðast á Shellveg 4.

Er þau hjónin bjuggu í Selbúðum, kveðst ákærði eitt sinn hafa lagt hendur á konu sína, bundið hana á höndum og fótum með sokkum og síðan haldið henni þannig bundinni upp í rúmi ca. 10 mínútur. Kveðst ákærði hafa gert þetta vegna þess, að konan hafði verið mjög hörð við elztu dóttur þeirra, lagt hana í gólfið og barið hana og verið mjög vanstillt, og hafi hann því óttazt, að illt mundi af hljótast, ef hann ekki skærist í leikinn og kæmi í veg fyrir frekari aðgerðir af hálfu konunnar gagnvart barninu, enda hafi hún ekki á annan hátt sefazt. Er konan lofaði að vera róleg, kveðst ákærði hafa leyst hana, en hann kveður hana hafa legið í rúminu það, sem eftir var dagsins. Konan telur, að þessi atburður hafi gerzt, meðan þau bjuggu á Þvervegi 40. Hún kveðst ekki með vissu muna tilefni til þessara aðfara, en telur, að það hafi verið deila milli þeirra hjóna út af börnunum, en þó hefir hún neitað því, að hún hafi verið að hirta nokkurt þeirra, eins og ákærði hefir haldið fram.

Þá kveður konan ákærða oft hafa barið sig, þegar hann reiddist, og stundum rassskellt sig ýmist berstripaða eða utan yfir fötin. Kveður hún ákærða hafa gert það með berum lófa, án þess að nota vönd eða annað barefli. Þennan framburð konunnar hefir ákærði játað réttan, en eigi fengust af þeim nánari skýrslur um einstök atriði í þessum viðskiptum þeirra.

Er konan að kvöldi dags eða fyrri hluta nætur eitt sinn í maímánuði s. l. kom heim, skipaði ákærði henni burt af heimilinu og kvað þau verða að skilja. Er konan vék eigi strax út, lagði hann á hana hendur og ýtti henni út úr húsinu. Kveður konan ákærða þá hafa sparkað í sig. Er framburður konunnar um þetta atvik mjög óákveðinn. Í skýrslu sinni til lögreglunnar kveður hún sparkið hafa komið í bakið og haft þær afleiðingar, að hún gat ekki sofið um nóttina vegna þjáninga neðan til í bakinu. Fyrir réttinum dró konan mjög úr þessum framburði, kvað sparkið hafa komið í fætur sér en ekki bakið, og hafi hún af því enga áverka hlotið, en aðeins fundið til sem snöggvast. Ákærði hefir með öllu neitað

því, að hann hafi sparkað í konuna þetta skipti, og er frekara ekki upplýst um þetta atvik.

Ákærði og kona hans eru í framburðum sínum sammála um það, að aldrei hafi hlotizt áverkar af aðförum ákærða við hana, og liggja ekki aðrar upplýsingar fyrir um þetta atriði.

Ósamkomulagið milli hjónanna kveður ákærði hafa stafað af því, að konan hafi að hans áliti vanrækt heimilisstörf sín, en annars kveður hann ekki gott að gera grein fyrir því, hvað illindum hafi valdið hverju sinni. Konan kveðst hinsvegar hafa reynt að standa í stöðu sinni eftir föngum, þó að hún hafi ekki ávallt getað þóknazt manninum. Er augljóst, að aðstaða hennar hefir verið erfið í þessu efni, þegar þess er gætt, að hún ól barn svo að segja á hverju ári.

Með ofbeldisverkum þeim, sem ákærði samkvæmt framangreindu hefir játað að hafa beitt konu sína, meðan þau bjuggu samvistum, hefir ákærði brotið gegn 204. gr. 1. mgr. hinna alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50,00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar.

Á uppkvaðningu dóms þessa hefir orðið nokkur dráttur, sem grein er gerð fyrir undir rekstri málsins, sem að öðru lagi hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 30. apríl 1937.

Nr. 168/1936. **Sælgætis- og efnagerðin „Freyja“ h/f**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Vélsmiðjunni „Hamar“ h/f
(Garðar Þorsteinsson)

Skaðabótamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30 apríl 1936: Stefndur, vélsmiðjan „Hamar“ h/f., greiði stefnandanum, Sælgætis-

og efnagerðinni „Freyju" h/f., kr. 100.00 í málskostnað, en að öðru leyti á stefndur að vera sýkn af kröfum stefnanda.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags., 27. okt. f. á., og gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 3500.00 með 5% ársvöxtum frá 11. apríl 1935 til greiðsludags og ennfremur málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta er höfðað til skaðabóta vegna meiðsla og skaða, er varð við sprengingu á suðupotti í verksmiðju áfrýjanda þann 7. nóv. 1934. Aðdragandi málsins er sá, að þann 18. sept. 1934 tók stefndur að sér að útvega áfrýjanda nýjan eimketil og koma honum fyrir í verksmiðju hans, svo og framkvæma breytingar á þeim vélum, sem fyrir voru í verksmiðjuni, þannig að þær yrðu reknar með gufuafli, og leggja síðan allar nauðsynlegar leiðslur frá gufukatlinum til vélanna. Gufuþrýstingurinn í katlinum er ýmist talinn hafa verið 6 kg/cm^2 eða 100 pund á ferþumlung. Á ketilinn var settur öryggis- og útblástursloki, og virðist hann hafa verið stilltur þannig, að gufuþrýstingurinn í leiðslunum og vélunum var 30—40 pund á ferþumlung. Eitt af tækjum þeim, sem starfsmenn stefnda settu í samband við ketilinn að beiðni fyrirsvarsmanns áfrýjanda, var eirpottur

sá, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Ekki virðast aðiljar máls þessa þá hafa vitað með vissu, hversu mikinn gufuþrýsting pottur þessi þoldi. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda kveðst hafa skýrt umboðsmanni firma þess, sem hann fékk pottinn hjá, frá því, að nota ætti hann í sambandi við gufuketil, sem gerður væri fyrir 6 atmosfæra gufuþrýsting, og að hann vildi fá suðupott í samræmi við það, en þegar potturinn kom, hafi engin vottorð um styrkleika fylgt honum. Kveðst hann þessvegna hafa spurzt fyrir um styrkleikann hjá verksmiðju þeirri, þar sem potturinn var smíðaður, og fengið þær upplýsingar, að potturinn þyldi einungis 1 atmosfæra gufuþrýsting, eða sem svaraði ca. 15 pund á ferþumlung. Eftir að potturinn hafði verið settur í samband við gufuketilinn, var farið að sjóða í honum, án þess að fengið væri samþykki vélaeftirlitsmanns ríkisins til þess. Strax við aðra suðu lyftist innri botn pottsins upp og innihald hans slettist út um starfhýsið, en ekki varð í það sinn verulegt slys að þessu. Í tilefni af þessu sneri nú fyrirsvarsmaður áfrýjanda sér til fyrirsvarsmanns stefnda og fór þess á leit, að stefndur tæki pottinn til viðgerðar. Verður að ganga út frá því, að aðiljarnir hafi, þegar hér var komið, verið búnir að fá upplýsingar frá verksmiðjunni um styrkleik pottsins. Ræddust nú fyrirsvarsmennirnir við um, hvort tök væru á því að gera við pottinn. Fyrirsvarsmaður stefnda kveðst hafa haldið því fram, að potturinn væri of veikur og að hann vildi ekki tengja hann við ketilinn aftur, en segist þó að lokum hafa látið tilleiðast að framkvæma viðgerðina á ábyrgð áfrýjanda. Hafa vitni, sem áheyrsla urðu símtals forstjóranna, staðfest

greinda frásögn fyrirsvarsmanns stefnda, og verður þessvegna að telja hana sannaða þrátt fyrir mótmæli fyrirsvarsmanns áfrýjanda. Af hálfu stefnda var þvínæst tekið við pottinum til viðgerðar og hann sendur í Nýju Blikksmiðjuna. Var viðgerðin framkvæmd þar eftir fyrirsögn starfsmanna stefnda og var hún aðallega fólgin í því, að 7 spengur úr eir voru hnoðaðar á innri botninn þannig, að þær höfðu hvergi samband við háls pottsins né neðri botninn. Að viðgerðinni lokinni settu starfsmenn stefnda pottinn í samband við gufuketilinn í verksmiðju áfrýjanda. Var nú farið að sjóða í pottinum og gufu hleypt inn í hann, en í annari suðu rifnaði innri botn pottsins upp milli spanganna, kastaðist upp á við og snérist út yfir pottbarminn, en innihald pottsins þeyttist út um starfhýsið og brenndi tvo menn, sem þar voru við vinnu sína, allalvarlega.

Af hálfu áfrýjanda er nú talið, að mistök þau, sem orðið hafa í meðferð pottsins, sé starfsmönnum stefnda að kenna, og mælir áfrýjandi þessvegna alla fjárhagslega ábyrgð á slysinu á hendur stefnda.

Samkvæmt álitsgjörð Gísla Halldórssonar, vélaverkfræðings, sem lögð hefir verið fram í málinu og staðfest hefir verið fyrir rétti, hefir beyglunarþol pottsins að vísu aukizt við aðgerðina, en hinsvegar hefir slitþol hans rýrnað um 75% og, að dómi verkfræðingsins, „verður viðgerðin því að teljast algerlega misheppnuð". Forráðamaður verksmiðju þeirrar, sem pottinn smíðaði og fengið hafði hann eftir slysið til athugunar, telur einnig, að alger mistök hafi orðið á viðgerðinni. Þá hafa þeir M. E. Jessen, skólastjóri, og Ólafur T. Sveinsson, skipa skoðunarstjóri, í álitsgjörð um aðdraganda slyssins lýst yfir því, að það hafi orðið vegna of mikils eim-

þrýstings í suðupottinum. Telja þeir, að því aðeins hefði mátt nota pottinn, að settur hefði verið þrýstihemill með mæli á eimpípuna áður en gufan kom í pottinn eða gufan frá pottinum látin án tafar streyma til loftsins. Loks hefir vélaeftirlitsmaður ríkisins lýst yfir því, að orsök sprengingarinnar hafi greinilega verið sú, að settur hafi verið meiri þrýstingur á pottinn en honum var ætlað að vinna með. Aðiljar hafa deilt um það, hvað hafi valdið því, að þrýstihemill hafi ekki verið notaður. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda segir, að vélfræðingur sá, sem fyrir hönd stefnda annaðist tengingu pottsins við gufuketilinn, hafi ekki talið, að þörf væri fyrir þrýstihemil eftir viðgerðina. Hafi hann talið pottinn fulltryggan án þess. Nokkur vitni hafa ummæli í þessa átt eftir vélfræðingnum. Hann hefir mótmælt því að hafa látið þvílík orð falla, og eitt vitni hefir borið, að vélfræðingurinn hafi í viðtali við fyrirsvarsmann áfrýjanda fyrst í stað færzt undan að tengja pottinn við gufuketilinn, en látið þó tilleiðast. En hvernig sem þessu er farið, hefir þó fyrirsvarsmaður áfrýjanda gert sér fulla grein fyrir því, að styrkleika pottsins væri ekki treystandi. Hann segir sem sé við lögregluréttarrannsókn útaf slysinu, að hann hafi eftir viðgerðina fyrst soðið sjálfur í pottinum og gætt þá mikillar varkárni, en hafi annars ekki ætlazt til, að potturinn yrði notaður fyrr en öryggisloki yrði á hann settur.

Við athugun atvika málsins, þeirra sem að framan eru greind, verður að vísu að telja það allskostar óviðurkvæmilegt af hálfu stefnda að taka fyrst að sér viðgerð á áminnztum potti og tengja hann síðan við gufuketilinn, en skiljast þvínæst á svo ófull-

nægjandi hátt, sem lýst hefir verið, við verk þetta. Hinsvegar er á það að líta, að suðupotturinn var af hálfu áfrýjanda tekinn í notkun þrátt fyrir það, þótt vitað væri, að hann væri ekki ætlaður fyrir nærri svo sterkan gufustraum sem inn í hann var hleypt og að hann hafði áður reynzt of veikur fyrir strauminn, þrátt fyrir það, þótt ekki hefði verið settur á leiðsluna að honum þrýstihemill, sem fyrirsvarsmaður áfrýjanda þó taldi nauðsynlegan, og loks þrátt fyrir það, þótt ekki hefði verið aflað álits vélaeftirlitsmanns ríkisins um nothæfni pottsins. Með hliðsjón af atriðum þessum verður að telja, að sök fyrirsvarsmanns áfrýjanda á því, hvernig fór, sé svo veruleg, að ekki séu skilyrði fyrir hendi til að dæma stefnda til að greiða skaðabætur. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sælgætis- og efnagerðin „Freyja“ h/f, greiði stefnda, vélsmiðjunni „Hamar“ h/f, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. apríl 1935, af Sælgætis- og efnagerðinni „Freyju“ h/f, hér í bæ, gegn Vélsmiðjunni „Hamar“ h/f, hér í bænum, til greiðslu skaða-

bóta að upphæð kr. 3500.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 12. apríl 1935, til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Undir rekstri málsins hefir stefnandi til vara krafizt þess, að skaðabótaupphæðin verði látin fara eftir mati óvilhallra manna.

Stefndur, Vélsmiðjan „Hamar" h/f, krefst sýknu og málskostnaðar að upphæð kr. 312.00.

Málavextir eru þeir, að í október 1934 fékk stefnandi stefndan til að setja upp í verksmiðjuhúsi sínu á Lindargötu 4 suðupott, sem stefnandi hafði pantað frá Danmörku. Pottur þessi var ætlaður til að sjóða í honum karamellur og tók ca. 50 lítra. Var potturinn þannig gerður, að hann var með tveimur hálfkúlulöguðum botnum, sem hnoðaðir voru saman að ofan, sinn hvoru megin á sívalan háls, og var innri potturinn 1 mm. á þykkt. Hitun í pottinum fór þannig fram, að gufan var látin streyma inn í rúmið milli botnanna og gaf hún hita úr sér gegnum innri botninn í efni það, sem í pottinum var í það og það sinnið. Strax þegar potturinn var tekinn í notkun, sprakk hann, en þó ekki öðruvísi en svo, að innri botninn lyftist upp, án þess að rifna, og innihald pottsins slettist út um herbergið, en gerði engan teljandi skaða. Var nú gert við pottinn, að því er virðist, að tilhlutun stefnds, og hann settur í samband við gufuketil verksmiðjunnar (stefnanda) af starfsmönnum stefnds, en jafnskjótt sem potturinn var tekinn í notkun á ný, sprakk hann þannig, að innri botninn rifnaði og innihald pottsins þeyttist út um herbergið og slasaði tvo menn, er þar voru að vinnu, all alvarlega.

Stefnandi greiddi mönnum þessum kaup þann tíma, er þeir voru frá verki, svo og sjúkrakostnað þeirra, og er stefnukrafan sá kostnaður hans ásamt andvirði pottsins og tjóni vegna framleiðslustöðvunar.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að hann hafi, þegar potturinn sprakk í síðara skiptið, beinlínis spurt, hvort vélsmiðjan treysti sér til að gera við hann á þann hátt, að fullnægjandi væri, og hafi því verið svarað játandi. Stefndur neitar þessu þó eindregið og kveðst beinlínis hafa varað stefnanda við að taka pottinn í notkun, en fyrir þrábeiðni hans hafi þó farið fram á pottinum áðurgreind viðgerð og hafi svo stefndur annazt viðtenginguna á ný.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, verður ekki talið sannað, að stefndur hafi sérstaklega tekið á sig ábyrgð á styrkleika pottsins. Hinsvegar verður hann að teljast bera ábyrgð á því, hvernig sjálf uppsetningin var leyst af hendi, en þar eð ekkert hefir komið fram, er bendi til þess, að þeir gallar hafi verið á henni, er gætu hafa orsakað ofangreint slys, þá telur rétturinn stefndan ekki hafa bakað sér ábyrgð á slysinu með frágangi sínum á pottinum.

Það má telja upplýst í málinu, að forstjóri verksmiðjunnar (stefnandi) vissi, að potturinn hafði ekki verið þrýstireyndur af verksmiðjunni, þegar hún lauk uppsetningunni. Samt sem áður tók hann pottinn í notkun og það meira að segja án þess að láta hina lögboðnu skoðun fara fram áður.

Þetta verður að telja svo óvarkárt af hálfu forstjórans, sem gera verður ráð fyrir, að hafi vitað, hver hætta gat stafað af pottinum, að ásamt því, að ekki er sannað, að verksmiðjan hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á árangrinum af viðgerð pottsins og ekki þykir neitt benda til, að tenging pottsins við gufuketil verksmiðjunnar hafi orsakað slysið, þykir nægilegt til þess að taka beri sýknukröfu stefnds til greina.

Við sáttaumleitun í máli þessu mætti stjórn hins stefnda hlutafélags ekki sjálf, en sendi umboðsmann, án þess að hún hafi sannað nokkur forföll, en með því að stjórninni var þó að öllu leyti löglega stefnt, þykir eftir kröfu stefnanda verða að dæma stefndan til að greiða honum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

Sökum þess að aðiljar fengu lánuð skjöl málsins eftir dómtöku, hefir ekki verið kveðinn upp dómur í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn 30. apríl 1937.

Nr. 8/1937. **Gestur Hannesson**
gegn
Pétri Jakobssyni

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gestur Hannesson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, er mætt hefir í málinu, kr. 15.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1937.

Nr. 80/1936. **Bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda (Pétur Magnússon).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. maí 1936: Hin umbeðna lögtaksgjörð á ekki fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. júní 1936, hefir krafizt þess, *að* hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, *að* lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak, og *að* stefndi verði dæmdur til að

greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómins. Af hálfu stefnda hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda virðist hafa tekið til starfa í júlí 1932. Það eitt var hlutverk sambandsins að annast sölu á fiski þeirra, sem í það gengu, en ekki að afla sér tekna fram yfir nauðsynlegan reksturskostnað eða að safna fé. Og verður slík starfsemi út af fyrir sig ekki talin útsvarsskyld. Útsvar það, er í máli þessu greinir, virðist, samkvæmt flutningi málsins fyrir hæstarétti, hafa verið lagt á seint í maí 1935. Telur áfrýjandi útsvarið miðað við starfsemi sambandsins á rekstrartímabili þess frá 1. maí 1934 til 31. maí 1935, en stefndi telur það eiga að hafa verið miðað við starfstímabilið frá 1. maí 1933 til 1. maí 1934. Frá hvorugu þessu tímabili liggja fyrir reikningar sambandsins í máli þessu.

Þann 23. maí 1935 voru sambandinu settar nýjar samþykktir, og var svo mælt í 9. gr. þeirra, að ¼% af andvirði selds fisks skyldi lagður í varasjóð. Telur áfrýjandi, að þetta ákvæði komi til framkvæmda um tímabilið frá 1. maí 1934 til 31. maí 1935 að einhverju eða öllu leyti, að sambandið safni því eða hafi safnað eign á þessu tímabili og hafi því, hvernig sem annars sé á útsvarsskyldu þess litið, skapað sér slíka skyldu fyrir síðast nefnt tímabil. En gegn mótmælum stefnda hefir áfrýjandi ekki sannað, að framannefnt ákvæði 9. gr. samþykktanna hafi átt eða hafi verið eða verði látið verka til liðins tíma. Og verður því ekki talið, að sambandið hafi að þessu leyti farið á framannefndum tímabilum út fyrir þann verkahring, sem

því var í öndverðu markaður, er því ekki í þessu sambandi nauðsynlegt að rannsaka það, hvor hafi réttara fyrir sér um það, hvaða tímabil lagt hafi verið eða átt hefði að leggja til grundvallar fyrir útsvarsálagningu þeirri, sem hér skiptir máli.

Áfrýjandi telur sambandið ennfremur hafa orðið útsvarsskylt, enda þótt það væri það eigi annars, með því að það hafi einnig selt fisk fyrir utansambandsmenn, án þess þó að upplýst sé, hvenær sú sala hafi farið fram. Stefndi hefir viðurkennt, að sambandið hafi selt eitthvað af fiski fyrir 3—4 utansambandsmenn, en jafnframt hefir hann ómótmælt haldið því fram, að þessir fiskeigendur hafi að öllu leyti sætt sömu meðferð sem sambandsmenn sjálfir. Aðiljar eru sammála um það, að mestur eða öllu heldur langmestur hluti útsvarsins sé lagður á brúttósölu sambandsins á fiski sambandsmanna. Eins og áður segir, skapar sú sala ekki heimild til útsvarsálagningar á sambandið. Og með því að útsvarið er lagt ósundurliðað á tvo hugsaða útsvarsstofna, en á annan þeirra verður ekki lagt útsvar samkvæmt framansögðu, verður að synja um lögtak fyrir útsvarinu í heild sinni, eins og fógetinn hefir gert, án þess að rannsaka þurfi, hvort sala sambandsins á fiski utansambandsmanna hafi skapað því útsvarsskyldu. Verður samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður

Áfrýjandi, bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, 300 krónur málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Árið 1935 var Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur kr. 49500.00. Sölusambandið hefir færzt undan að greiða útsvar þetta, og hefir því bæjargjaldkerinn f. h. bæjarsjóðs krafizt lögtaks fyrir útsvarsupphæðinni auk dráttarvaxta og kostnaðar. Gerðarþoli hefir mótmælt því, að lögtakið nái fram að ganga með því að álagningin sé heimildarlaus, og hafa aðiljar lagt ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli heldur því fram, að Sölusambandið sé ekki félag eins og það hugtak sé skilið í lögum, en sé aðeins samtök meginþorra íslenzkra fiskframleiðenda um sölu afurðanna til þess að tryggja þeim sem hæst verð og öruggasta sölu og þar með bjarga við þessum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar á erfiðum og óeðlilegum tímum, enda geti Sölusambandið ekki samkvæmt eðli sínu og samþykktum grætt neitt né eignast neitt, þar sem það greiði hverjum þátttakanda fullt verð fyrir fisk þann, er það selji fyrir hann, að frádregnum kostnaði við söluna. Annist og Sölusambandið ekki sölu fyrir aðra en þátttakendur í sambandinu, eins og samþykktir félagsins mæli fyrir um.

Gerðarbeiðandi hefir mótmælt þessum rökfærslum gerðarþola. Heldur hann því fram, að Sölusambandið sé heildsölufyrirtæki, að vísu með nokkrum öðrum hætti en almennt gerist, en þó ekki þess eðlis, að það falli undir undantekningarákvæði útsvarslaganna um útsvarsskyldu,

enda sé félagsskapur sem þessi ekki positivt undanþeginn útsvarsskyldu. Þá hefir og gerðarbeiðandi haldið því fram, að Sölusambandið hafi á umræddum tíma annazt sölu fiskjar (sic) fyrir aðra en félagsmenn og að það með því hafi farið út fyrir takmörk sín og verði því fremur að álítast sem hvert annað atvinnufyrirtæki án nokkurrar sérstöðu um útsvarsskyldu.

Rétturinn lítur svo á, að enda þótt ekkert sé því til fyrirstöðu að kalla Sölusambandið félag í víðtækustu merkingu þess orðs, þá beri þó í þessu sambandi að líta á eðli þess og tilgang. Það er vitað, að Sambandið er stofnað fyrst og fremst sem varnarráðstöfun gegn þeim alvarlegu erfiðleikum, sem steðjað hafa að þjóðinni um sölu fiskafurðanna erlendis. Samkvæmt samþykktum og starfsreglum Sölusambandsins skilar það eigendum þess fisks, er það annast sölu á, öllu andvirði hans, að frádregnum sölukostnaði. Það verður því með rétti sagt, að félagsskapur þessi starfi til almenningsheilla, og það virðist ennfremur auðsætt, að hann getur hvorki grætt neitt né eignazt neitt, ef hann starfar í samræmi við samþykktir sínar og reglur. En það liggur ekkert fyrir í máli þessu, er bendi til þess, að Sölusambandið hafi að þessu leyti farið út fyrir takmörk sín. Gerðarbeiðandi hefir að vísu haldið því fram, að Sölusambandið hafi á umræddum tíma, þ. e. árið 1934, annazt sölu fisks fyrir menn utan sambandsins, en þar sem hann hefir ekki fært neinar sönnur á það, þá verður sú staðhæfing hans ekki tekin til greina gegn mótmælum gerðarþola.

Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda hafi ekki á umræddum tíma rekið neina þá atvinnu eða aflað þeirra tekna, er útsvar verði lagt á. Ber því að áliti réttarins að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Miðvikudaginn 5. maí 1937.

Nr. 15/1937. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Gunnari Ingimundarsyni
(Eggert Claessen).

Brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. des. 1936: Kærður, Gunnar Ingimundarson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með eigin játningu kærða og öðrum gögnum máls þessa er það sannað, að hann hefir hinn 13. des. f. á. ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Með þessum verknaði hefir hann gerzt sekur um brot á ákvæðum 3. mgr. 5. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931 og 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Með dómi þessa réttar, uppkveðnum 28. f. m., var kærði dæmdur í refsingu fyrir samskonar brot, og þá sviptur ökuskírteini í þrjá mánuði. Með tilliti til þessa ákveðst refsing kærða fyrir brot það, sem hann er sakaður um í máli þessu, samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna, 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 7 daga. Svo ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskírteinis æfilangt og um greiðslu málskostnaðar í héraði. Kærða ber að greiða allan á-

frýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að þrátt fyrir það, þótt lögreglan hlutaðist til um, að blóð væri tekið úr kærða til rannsóknar, hefir blóðrannsóknin ekki verið framkvæmd, og að maður sá, sem kærði tjáði, að hefði veitt sér áfengi, er kærði kom heim til hans í bifreið sinni, hefir ekki verið yfirheyrður um áfengisneyzlu kærða í þetta skipti, né rannsakað, svo séð verði, hvort maður þessi hefir ekki, með því að veita kærða áfengi, gerzt sekur um brot á 3. mgr. 21. gr. áfengislaganna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Ingimundarson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskírteinis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn

Gunnari Ingimundarsyni, bifreiðastjóra, til heimilis í Brautarholti á Stokkseyri í Árnessýslu, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 9. jan. 1935 og lögum nr. 70, 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Með játningu kærðs er það sannað, að hann í ölvunarástandi ók vörubifreið sinni, Á.R. 81, frá húsinu nr. 35 við Bárugötu hér í bænum að bifreiðastöðinni Bifröst að kvöldi sunnudagsins 13. þ. m., og ók hann bifreið sinni á aðra bifreið, er þar stóð kyrr.

Með þessu hefir kærður gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. grein áfengislaga nr. 33, 9. janúar 1935 og 5. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 70, 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærður var í lögreglurétti Árnessýslu þann 17. september síðastliðinn dæmdur í 200 króna sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í þrjá mánuði fyrir að aka bifreið ölvaður.

Með tilliti til þessa þykir refsing kærðs fyrir það brot, er hér liggur fyrir, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs,og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta hann æfilangt leyfi til að stýra bifreið. Hann ber að skylda til að greiða allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur máls þessa hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 5. maí 1937.

Nr. 117/1936. **Ólafur Jónsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co.**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ásu Magnúsdóttur f. h. Þórunnar E. Andrésdóttur (Garðar Þorsteinsson).

Telpu, er örkuml hlaut í bílslysi, dæmdar bætur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. júlí 1936: Stefndur, Ólafur Jónsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co., greiði stefnandanum, Ásu Magnúsdóttur f. h. Þór-

unnar Eggþóru Andrésdóttur, kr. 10.931,00 með 5% ársvöxtum frá 11. apríl 1936 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 24. ágúst f. á., og gert þær dómkröfur: *aðallega*, að skaðabætur þær, sem hann var í héraði dæmdur til að greiða til lúkningar kostnaði við gervifót stefndu, verði niður felldar, svo og að örorkubætur þær, sem henni hafa verið dæmdar, verði færðar niður, en *til vara*, að hvortveggi greindur liður dæmdra bóta verði niður færður. Loks krefst hann þess, að stefnda verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en málskostnaður í héraði verði látinn niður falla. Stefnda krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að henni verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja, að bifreiðarstjórinn Guðmundur Björgvin Jónsson hafi átt aðalsökina á bifreiðarslysi því, er varð þann 7. maí 1934 í Sandgerði og telpan Þórunn Eggþóra Andrésdóttir hlaut örkuml af. Bætur þær, er téð telpa á heimtingu á fyrir heilsuspjöll og þjáningu, þykja í heild hæfilega metnar kr. 10.000.00, og er við ákvörðun þeirrar fjárhæðar talinn með kostnaður við læknishjálp og sjúkrahúsvist, kr. 501.00, og tekið tillit til kostnaðar við öflun, endurnýjun og viðhald gervifótar. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu nefnda upphæð með 5% ársvöxtum frá 11. apríl 1936 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti og undirrétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ólafur Jónsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co., greiði stefndu, Ásu Magnúsdóttur f. h. Þórunnar Eggþóru Andrésdóttur, kr. 10.000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. apríl 1936 til greiðsludags. Svo greiði og áfrýjandi stefndu kr. 700.00 samtals í málskostnað fyrir hæstarétti og undirrétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkv. samkomulagi aðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 11. apríl 1936, af Ásu Magnúsdóttur í Sandgerði f. h. Þórunnar Eggþóru Andrésdóttur gegn Ólafi Jónssyni f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co. til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 12.931.00 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 11. apríl 1936, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Ennfremur hefir C. A. Broberg, framkvæmdarstjóra vátryggingarfélagsins Danske Lloyd, sem síðargreind bifreið var tryggð hjá, verið stefnt til að gæta réttar félagsins.

Stefndur, Ólafur Jónsson f. h. Haralds Böðvarssonar & Co., krefst *aðallega* sýknu, en *til vara* krefst hann þess, að hinar umkröfðu skaðabætur verði lækkaðar að miklum mun skv. mati réttarins og að tjóninu verði skipt, Málskostnaðar krefst stefndur, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að mánudaginn 7. maí 1934, kl. 3½ síðdegis, var bifreiðinni G.K. 65, eign firmans Haraldur Böðvarsson & Co., ekið frá Melabergi til Sand-

gerðis. Í bifreiðinni voru bifreiðarstjórinn, Guðmundur Björgvin Jónsson, og við hlið hans í ekilsætinu maður, að nafni Magnús Eyjólfsson, fósturfaðir hans. Þegar komið var inn í Sandgerði á móts við svokallað Sæból, sá bifreiðarstjórinn nokkur börn í boltaleik hægra megin við veginn. Kveðst bifreiðarstjórinn hafa ekið á vinstri vegbrún á 15—20 km. hraða, miðað við klukkustund. Þegar bifreiðin var komin á hlið við börnin, varð fyrir henni barnið Þórunn Eggþóra Andrésdóttir. Hlaut barnið mikinn áverka, er síðar leiddi til þess, að taka varð af henni hægri fótinn um mitt læri.

Stefnandi, Ása Magnúsdóttir f. h. Þórunnar Eggþóru Andrésdóttur, telur bifreiðarstjóra stefnds eiga alla sök á slysinu og hefir því höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Sökin. Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að bifreiðarstjóranum á bifreiðinni G.K. 65 verði ekki gefin nein sök á slysinu, heldur sé öll sökin hjá barninu, er fyrir því varð. Barnið hafi hlaupið svo snögglega fyrir bifreiðina, að ekki hafi verið unnt fyrir bifreiðarstjórann að forða slysi, og leiði það til þess, að sýkna beri sig í máli þessu.

Í lögregluréttarprófunum, sem fram fóru út af slysinu, játaði bifreiðarstjórinn, að hann hafi séð börnin í boltaleik rétt áður en slysið varð, og hafi hann séð, að öll börnin sáu til bifreiðarinnar nema stúlkan, sem fyrir slysinu varð. Hún hafi verið að grípa bolta, sem kastað hafi verið til hennar, en misst hann. Hafi boltinn skoppað rétt fyrir framan bifreiðina, en um leið hafi hann séð telpuna *„utan í framhjóli bifreiðarinnar"*.

Hafi þá hin börnin hrópað upp og hann samstundis stöðvað bifreiðina, sem stöðvazt hafi á lengd sinni, og þegar hann hafi komið út, hafi telpan legið aftan við afturhjól bifreiðarinnar og slysið verið skeð. Hver hraðinn á bifreiðinni var, er slysið varð, verður ekki séð með neinni vissu, en skv. skýrslu bifreiðarstjórans, er telur hann hafa verið 15—20 km. á klst., þykir ekki unnt að telja hann hafa verið minni en 20 km., með sérstöku tilliti til þess, að þegar bifreiðarstjórinn beitti hemlunum, stöðvaðist bifreiðin ekki fyrr en hún hafði runnið lengd

sina. Bifreiðarstjórinn sá, að telpan hafði ekki veitt bifreiðinni eftirtekt, en gaf þó ekki hljóðmerki.

Með tilliti til hraðans á bifreiðinni, sem var óhæfilega mikill eins og þarna stóð á, þess, að bifreiðarstjórinn sá börn í boltaleik fast við veginn og gat búizt við, að þau hlypu upp á hann, þegar minnst varði, þess, að hann vissi, að telpan hafði ekki orðið bifreiðarinnar vör, að hann gaf ekki hljóðmerki, og að hann virðist ekkert hafa gert til að stöðva bifreiðina fyrr en slysið var skeð, verður að telja, að bifreiðarstjórinn eigi sök á slysinu.

Upphæðin. Stefnandi sundurliðar skaðabótaupphæðina þannig: 1. spítalakostnaður kr. 341,00, 2. til læknis, sem stundaði telpuna, kr. 160,00, 3. gervifótur kr. 350,00, 4. lenging á gervifæti kr. 55,00, 5. kostnaður við gervifótinn til 18 ára aldurs kr. 2025,00 og 6. bætur fyrir missi líkamskrafta vegna lýta, þjáninga og sársauka og þess, að barnið hafi enn ekki náð fullkominni andlegri heilbrigði, kr. 10.000,00

1—4. Um upphæðir þessara liða er ekki deilt.

5. Þessum lið er mótmælt sem of háum, en þar eð lagt hefir verið fram vottorð frá þeim eina manni hér á landi, sem kunnugt er um að smíði gervifætur, um að árlegur kostnaður við fótinn til 18 ára aldurs verði um 225,00 kr., þykir verða að taka þessa upphæð til greina að fullu, og þykir ekki unnt að lækka hana, enda þótt um einhverja vöxtu verði að ræða af henni, þar eð hér verður um fyrirframgreiðslu að ræða og stefndur hefir sérstaklega krafizt lækkunar af þeim orsökum.

Stefndur hefir krafizt þess sérstaklega að verða aðeins dæmdur til að greiða hluta af upphæðunum undir 1—5, miðað við þá sök, sem komizt kynni að verða að raun um, að bifreiðarstjórinn ætti í slysinu. Þessa kröfu er þó ekki unnt að taka til greina, þegar af þeirri ástæðu, að ekki þykir nægilega upplýst um svo mikla og vítaverða óvarkárni hjá telpunni, að hægt sé að byggja á því skiptingu tjónsins eftir ákveðnum hlutföllum, og verður stefndur því dæmdur til að greiða upphæðirnar í liðnum 1—5 að fullu.

6. Eins og áður getur, leiddi slysið til þess, að taka varð hægri fót af telpunni um mitt læri, einnig skaddaðist hún í andliti og á handleggjum og brotnaði í henni tönn í

efri góm, auk þess hefir slysið haft töluverð áhrif til hins lakara á andlega heilsu barnsins. Rétturinn telur því, að þessum lið bótakröfunnar sé í sjálfu sér í hóf stillt. En með því að telpan, er var 8 ára, þegar slysið varð og verður að teljast hafa sýnt af sér allmikla óvarkárni með því að hlaupa upp á veginn án þess að athuga, hvort henni kynni að stafa hætta af umferð á honum og sennilega á eða fyrir bifreiðina, þykir verða að taka lækkunarkröfu stefnds til greina í sambandi við þennan lið og þykja bæturnar, er hér eru krafðar í einu lagi, hæfilega ákveðnar kr. 8000.00.

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10931.00 með vöxtum eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Föstudaginn 7. maí 1937.

Nr. 157/1936. **Guðmundur Björnsson**
(Eggert Claessen)
gegn
Eysteini Jónssyni, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ríkissjóður sýknaður af kröfu sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um skaðabætur vegna þess, að honum var sagt upp póstafgreiðslumannsstarfi, og sami sjóður ennfremur sýknaður af kröfu sýslumannsins um kaup á íbúðarhúsi hans í Borgarnesi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1936: Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Björnssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess:

1. *aðallega,* að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir missi póstafgreiðslustarfsins í Borgarnesi, kr. 5000 á ári, frá 1. júlí 1930 að telja, ásamt 5% ársvöxtum frá gjalddögum miðað við mánaðargreiðslu, eða *til vara* þá upphæð, sem dómkvaddir menn meta eða samkomulag getur orðið um.

2. *aðallega,* að kaupa af áfrýjanda íbúðarhús hans í Borgarnesi fyrir kostnaðarverð, kr. 104000.00, með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1930, eða *til vara,* að kaupa húsið fyrir matsverð samkvæmt mati því, að upphæð kr. 63200.00, er fram fór á húsinu 1. júní 1934, eða samkv. nýju mati, og verði 5% ársvextir greiddir af matsupphæðinni frá 1. júlí 1930.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrri aðal- og varakrafa áfrýjanda byggist á því, að óheimilt hafi verið að segja áfrýjanda upp póstafgreiðslumannsstarfinu í Borgarnesi, svo sem gert var á árinu 1930. Á þetta verður ekki fallizt, því að, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, verður hvorki lánveitingin 1921, ummæli þingmanna um hana né aðrar aðgerðir ríkisstjórnar og alþingis skildar á þann veg, að ríkið hafi orðið skuldbundið til að halda áfrýjanda lengur í þjónustu sinni sem póstafgreiðslumanni en lög stóðu til á hverjum tíma, og þar eð ráðherra hafði samkv. 7. gr. laga nr. 40/1929 um stjórn póstmála og símamála ótvírætt formlega heimild til að segja áfrýjanda upp

stöðunni, verður ekki talið, að áfrýjandi eigi kröfu til bóta fyrir uppsögnina.

Síðari aðal- og varakrafa er byggð á því, að með tilliti til þess, sem áður hafði gerzt í málinu, þ. e. lánveitingarinnar og uppsagnar póstafgreiðslustarfsins, hafi ríkisstjórnin, með leyfi sínu til áfrýjanda sumarið 1932 um að láta nokkurn hluta tekna sýslunnar standa eftir hjá honum og láta það óátalið, að hann árið 1932—1933 taldi þannig greiddar til sín 17 þús. krónur, sýnt, að hún annaðhvort taldi ríkinu þá þegar skylt að kaupa húseignina í Borgarnesi eða vildi skuldbinda ríkið til kaupanna. Alþingi 1933 hafi og fallizt á þessa afstöðu ríkisstjórnarinnar, þar sem það hafi veitt henni í I. tl. 22. gr. fjárlaga nr. 77/1933 heimild til að kaupa umrædda húseign við því verði, sem dómkvaddir menn kynnu að meta. Ríkisstjórnin hafi síðan sýnt, að hún vildi nota þessa heimild með því að láta meta eignina sumarið 1934, þó ekkert hafi orðið úr kaupunum að lokum. Þetta fær þó ekki staðizt. Það er þannig ljóst af bréfi Magnúsar Guðmundssonar, þáverandi dómsmálaráðherra, dagsettu 25. júlí 1932, til áfrýjanda, að stjórnin hvorki taldi ríkinu skylt að kaupa húseignina né vildi skuldbinda það til kaupanna. Stjórnin vildi einungis láta það óátalið, að áfrýjandi innborgaði ekki allar tekjur sýslunnar á tilsettum tíma og að eitthvað af þeim stæði inni hjá honum til næsta árs, þar til séð væri, hvað þingið vildi í þessu, þ. e. húskaupunum, gera. Í bréfinu segir ennfremur berum orðum, að áfrýjandi eigi á hættu að þurfa að greiða síðar þá upphæð, sem nú megi heimta fyrr, enda sé náttúrlega ómögulegt að segja, hvað næsta þing geri. Ekki verður heldur talið, að umgetið fjárlagaákvæði hafi

skyldað ríkisstjórnina til húskaupanna, því þar var einungis um að ræða heimild til stjórnarinnar, sem hún að athuguðu máli ákvað að nota ekki. Þar sem heldur ekki verður talið, að með uppsögn póstafgreiðslumannsstarfsins hafi skapazt nein skylda fyrir ríkið til að kaupa húseign áfrýjanda, verður samkvæmt framansögðu ekki orðið við kröfu áfrýjanda um að skylda ríkið til kaupanna.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með tilvísun til hins áfrýjaða dóms þykir verða að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 14. nóv. 1935, af Guðmundi Björnssyni, sýslumanni í Borgarfjarðarsýslu, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og gerir stefnandi þær kröfur, aðallega, að fjármálaráðherra verði f. h. ríkissjóðs dæmdur til að greiða sér í skaðabætur fyrir missi póstafgreiðslustarfa, sem hann hafði á hendi, 5000 kr. á ári frá 1. júlí 1930 að telja ásamt 5% ársvöxtum frá gjalddögum, miðað við mánaðargreiðslur, en *til vara* þá upphæð, sem dómkvaddir menn meta hæfilega. Einnig gerir stefnandi þá kröfu, *aðallega*, að stefndur verði f. h. ríkissjóðs dæmdur til að kaupa af stefnanda íbúðarhús hans fyrir kostnaðarverð kr. 104000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1930 eða *til vara* til að kaupa húsið fyrir matsverð skv. mati því, að upphæð kr. 63200.00, er fram fór á húsinu 1. júní 1934 eða skv. nýju mati, með 5% ársvöxtum af matsupphæðinni frá 1. júlí 1930.

Málskostnaðar krefst stefnandi, hvernig sem málið fer.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar. Ennfremur krefst hann þess, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Tildrög máls þessa eru þau, að hús stefnanda, Guðmundar Björnssonar, sýslumanns í Borgarnesi, brann árið 1920, og varð hann þá húsnæðislaus fyrir sjálfan sig, sýsluskrifstofuna og póstafgreiðsluna, er hann þá hafði á hendi jafnframt sýslumannsembættinu. Fjárhagur stefnanda virðist hafa verið fremur þröngur um þetta leyti, og leitaði hann því til ríkisstjórnarinnar um lán úr viðlagasjóði til að byggja sér íbúðarhús, er hann gæti einnig notað fyrir skrifstofur sýslumannsembættisins og póstafgreiðsluna. Ríkisstjórnin lagði málið fyrir alþingi 1921, er heimilaði henni að veita stefnanda umbeðið lán, að upphæð allt að kr. 60000.00, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tæki gilda. Lánið skyldi veitt til 40 ára og ávaxtast með 6% p. a., verða afborgunarlaust tvö fyrstu árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.

Stefnandi heldur því fram, að umrætt lán hafi verið veitt sér á þeim grundvelli, að hann héldi póstafgreiðslustarfinu, með því að það hafi skapað sér möguleika til að standa straum af láninu, er ríkisstjórn og alþingi hefði verið ljóst, að hann hefði ekki getað ella. Og með því að veita sér lánið hafi því bæði ríkisstjórn og alþingi raunverulega skuldbundið sig til að svipta hann ekki póstafgreiðslustarfinu, meðan hann væri sýslumaður í Borgarnesi og óskaði að halda starfinu.

Með símskeyti 29. marz 1930 var stefnanda sagt upp póstafgreiðslustarfinu frá 1. júlí 1930 að telja, eða með þriggja mánaða fyrirvara.

Útaf þessari uppsögn eru kröfur stefnanda í máli þessu sprottnar, og byggir hann þær eingöngu á því, að hann hafi haft bæði beint og óbeint loforð ríkisstjónar og alþingis um að fá að halda póstafgreiðslustarfinu áfram eins lengi og hann vildi.

Þessu hefir stefndur mótmælt og kveður hann þing og stjórn á þeim tíma, er lánið var veitt, á engan hátt hafa skuldbundið sig gagnvart stefnanda að þessu leyti.

Til stuðnings ofangreindri staðhæfingu sinni um skuldbindingu þings og stjórnar til að láta stefnanda halda póstafgreiðslustarfinu hefir stefnandi lagt fram vottorð nokk-

urra þingmanna, er setu áttu á þinginu 1921, er fjallaði um umrætt lán. Af vottorðum þessum verður þó alls ekki séð, að þingið eða stjórnin hafi á neinn hátt skuldbundið sig til þess beint eða óbeint að láta stefnanda halda póstafgreiðslunni á meðan hann vildi. Það eina, sem fram kemur af vottorðum þessum, er, að það virðist hafa haft einhver áhrif á lánsupphæðina, að stefnandi hafði póstafgreiðsluna á hendi, þannig að lánsupphæðin hefir orðið nokkru hærri fyrir það en ella hefði orðið

Hinsvegar verður, eins og áður segir, ekki séð, að þetta né neinar aðrar aðgerðir þings og stjórnar hafi á einn eða annan hátt skuldbundið þessa aðilja til að láta stefnanda halda póstafgreiðslunni lengur en þeim aðilja, er á hverjum tíma færi með stjórn póstmálanna, gott þætti, og þar eð rétturinn telur þann aðilja nú hafa sagt stefnanda löglega upp afgreiðslunni, þá verður ekki talið, að kröfur stefnanda séu nægilega rökstuddar með því, sem nú hefir verið greint.

Ennfremur styður stefnandi kröfur sínar við það, að ríkisstjórnin hafi raunverulega viðurkennt sér skylt að kaupa hús hans með því sumarið 1932 að heimila sér að halda eftir af innheimtum tekjum ríkissjóðs. Það kveðst stefnandi ekki hafa getað skilið á annan veg en þann, að það, sem hann skv. þessu leyfi héldi eftir, væri fyrirframgreiðsla upp í húsverðið. Af bréfum frá þeim ráðherra, sem stefnandi virðist aðallega hafa átt við um þessi mál sín, sem lögð hafa verið fram, verður alls ekki séð, að hér hafi verið um fyrirframgreiðslur vegna væntanlegra húsakaupa að ræða, heldur sést beinlínis á þeim, að alltaf hefir verið gengið út frá því, að stefnandi endurgreiddi þessar upphæðir á annan hátt en þann að láta húsið upp í þær.

Loks telur stefnandi, að alþingi 1934 með því að veita stjórninni fjárlagaheimild til að kaupa húsið hafi raunverulega viðurkennt skyldu ríkisins til þess. Gegn andmælum stefnds telur rétturinn þó ekki unnt að fallast á þennan skilning stefnanda. Skv. framansögðu telur rétturinn ekkert hafa komið fram í máli þessu, er bendi til þess, að það hafi verið óheimilt að segja stefnanda upp póstafgreiðslustarfinu, þegar það var gert, og að aldrei hafi annað komið til mála en að hann yrði skilyrðislaust að

borga umrætt lán, enda hafi það alltaf verið á áhættu stefnds sjálfs, hvort hann gat staðið straum af því eða ekki.

Sömuleiðis telur rétturinn, að stefnandi hafi alveg á eigin áhættu haft hús sitt það stórt, að hann gæti haft þar póstafgreiðslu, á meðan hann fengi að halda henni.

Það verður því ekki skv. framansögðu talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna nokkur þau afskipti þings eða stjórnar af umræddri lánveitingu eða póstafgreiðslustarfi, er geri það að verkum, að ríkissjóði hafi skapazt nokkur skaðabótaskylda eða skylda til að kaupa hús stefnanda við það, að honum var sagt upp póstafgreiðslustarfinu árið 1930.

Dómkröfur stefnanda verða því ekki taldar hafa við rök að styðjast, og er ekki eftir málavöxtum ástæða til að athuga þær nánar.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Mánudaginn 10. maí 1937.

Nr. 185/1936. **Margrete Kristoffersen**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Birni Sæmundssyni (Sjálfur).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. okt. 1936: Synji kærður, Björn Sæmundsson, fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda, Margrete Kristoffersen, á tímabilinu frá 5. nóvember 1935 til 25. janúar 1936, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann

teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 25. september þ. á., greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess *aðallega*, að stefndi verði dæmdur faðir að sveinbarni því, er hún ól þann 25. sept. f.á., og til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til hennar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði hennar. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver sem málsúrslit verði. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir framhaldsrannsókn í málinu farið fram í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 9. marz og 29. og 30. apríl þ. á., að tilhlutun málflutningsmanns áfrýjanda hér fyrir rétti. Ennfremur hefir, eftir að héraðsdómur var uppkveðinn, farið fram rannsókn á blóði aðilja og barns áfrýjanda, og með þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi reyndist vera af aðalflokki O og undirflokki MN, barn hennar af aðalflokki O og undirflokki N og stefndi af aðalflokki B og undirflokki MN. Blóðrannsókn þessi sannar þannig hvorki né afsannar, að stefndi sé faðir að barninu.

Áfrýjandi hefir í prófum málsins skýrt þannig frá kynnum sínum af stefnda. Fyrst kveðst hún hafa hitt hann á götum Reykjavíkur að kvöldi dags kringum 1. des. 1935. Hafi þá nafngreind dönsk

stúlka, sem nú sé ekki lengur hér á landi, verið í fylgd með áfrýjanda, en í fylgd með stefnda hafi verið tveir menn. Hafi þau fimm síðan fylgzt að upp að Landakotskirkju. Þar hafi stefndi skilið við þau, en hinir mennirnir tveir fylgt þeim áfrýjanda og kunningjakonu hennar niður á Öldugötu og skilið þar við þær, en áfrýjandi átti þá heima á Öldugötu 19. Nokkrum dögum síðar kveður áfrýjandi, að stefndi hafi hringt til hennar og spurt, hvort hún vildi hitta hann þá um kvöldið, en hún hafi svarað því, að það gæti hún ekki gert. Hinn 10. des. hafi stefndi hringt aftur og mælzt til þess, að áfrýjandi hitti hann þá um kvöldið, og kveðst hún þá hafa lofað því. Kveður hún stefnda síðan hafa sótt sig í bifreið um kvöldið, og hafi þau ekið heim til stefnds á Sellandsstíg 5. Hinn 12. s. m. hafi stefndur sótt hana aftur í bifreið, og hafi þau þá einnig farið heim til hans. Kveður hún bifreið þá, er þau óku þá í, hafa verið nr. 1043 frá Steindórs bifreiðastöð, en bifreiðarstjóri hafi verið Vilhjálmur Þórðarson, en með honum og í þessari sömu bifreið hafi hún ekið með húsbændum sínum í vikutíma sumarið áður. Kveðst áfrýjandi síðan hafa komið öðru hvoru heim til stefnda og í eitt skipti farið með honum í Gamla Bíó og á Hótel Ísland. Í fyrstu 5—6 skiptin, er þau voru saman, hafi þau ekki haft holdlegar samfarir, en nokkru fyrir jól 1935 hafi þau í fyrsta sinn haft slíkar samfarir heima hjá stefnda. Síðan kveðst áfrýjandi hafa átt samræði við stefnda nokkrum sinnum, og hafi hið síðasta átt sér stað fyrst í janúar 1936. Öll samræðin hafi farið fram á heimili stefnda á Sellandsstíg 5. Lýsti áfrýjandi því yfir í réttinum, að hún hefði aldrei haft holdlegar samfarir við annan karlmann en stefnda, og gæti

því ekki verið öðrum til að dreifa sem föður að barninu.

Stefndi hefir stöðugt neitað því, að hann hafi nokkru sinni haft holdlegar samfarir við áfrýjanda. Í þinghaldi 30. okt. f. á. skýrði hann svo frá, að hann hefði aðeins séð áfrýjanda í eitt skipti, þ. e. þegar hann, eins og áfrýjandi skýrði frá, hefði fylgzt með henni ásamt fleira fólki upp að Landakotskirkju í desember 1935. Í þinghaldi 29. apríl þ. á. lýsir hann því þó yfir, að eftir hann sá áfrýjanda fyrst, hafi hann oft séð hana bæði á kaffihúsum og á dansleikjum, en ekki hafi hann átt tal við hana, og aldrei hafi hún komið á heimili sitt.

Vilhjálmur Þórðarson, bifreiðarstjóri, sem fyrr er nefndur, hefir borið sem vitni í málinu og staðfest með eiði, að „haustið 1935", nánar kveðst hann ekki geta tilgreint tímann, hafi hann ekið stefnda frá Bifreiðastöð Steindórs vestur á Öldugötu 19 og tekið áfrýjanda þar í bifreiðina. Hafi hann síðan ekið þeim þaðan á Sellandsstíg 5, en þar hafi þau orðið eftir. Kveðst vitnið hafa þekkt áfrýjanda frá því, að hann hafi ekið húsbændum hennar og henni austur um sveitir sumarið 1935.

Þá hefir Sigurður Kristinsson, bifreiðarstjóri, borið sem vitni í málinu og staðfest með eiði, að hann hafi einhverntíma ekið áfrýjanda og stefndum saman í bifreið, að hann minnir að bíó eða kaffihúsi, en kveðst ekki geta greint nánar frá því.

Húsmóðir áfrýjanda, frú Eba Friðriksson, hefir ennfremur borið það sem vitni í málinu, að hún hafi séð þau áfrýjanda og stefnda saman á stefnumóti, er átt hafi sér stað við Öldugötu 19, og að hún áliti sig hafa talað við stefnda eitt sinn, er

spurt var eftir áfrýjanda í síma. Tók stefndi vitnisburð þennan gildan án eiðfestingar.

Þá má telja það upplýst í málinu, að áfrýjandi hafi um jólin 1935 keypt ermahnappa og látið grafa í þá upphafsstafina B. S. Kveðst hún hafa ætlað að gefa stefnda þá, en af því hafi ekki orðið vegna þess, að kunningsskap þeirra sleit þá eftir nýjárið. Keypti nafngreind kona síðan hnappa þessa af áfrýjanda.

Loks hefir áfrýjandi, í þinghaldi 29. apríl þ. á., lýst mjög nákvæmlega herbergi stefnda á Sellandsstíg 5, inngangi í það og húsgögnum í því. Hefir stefndi viðurkennt lýsinguna rétta að tveimur smávægilegum atriðum undanskildum. Hinsvegar heldur stefndi því fram í þessu réttarhaldi, að í þinghaldi 30. okt. f. á. hafi áfrýjandi átt að lýsa herberginu, en þá ekki getað það, nema að litlu leyti, og hafi hann orðið að leiðrétta hana. Í þinghaldinu 30. okt. er ekkert bókað um lýsingu áfrýjanda á herberginu, né hvort hún hafi verið um það spurð, en áfrýjandi kveðst hafa lýst herberginu þá á sama hátt og í þinghaldinu 29. apríl. Er ekki upplýst, hvað fram hafi farið í þinghaldinu 30. okt. viðvíkjandi þessu atriði.

Þegar athugað er allt það, sem að framan greinir, þá virðist áfrýjandi hafa flutt fram atriði, sem veita nægilega sterkar líkur til þess, að málsúrslit verði látin velta á eiði hennar, sbr. 15. gr. laga nr. 46/1921 og nú 213. gr. laga nr. 85/1936, þannig, að ef hún vinnur, eftir löglegan undirbúning, innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa, á varnarþingi samkv. 166. gr. laga nr. 85/1936, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við stefnda á tímabilinu frá 15. des. 1935 til 15. janúar 1936, þá skal

hann talinn faðir að sveinbarni því, er áfrýjandi ól hinn 25. september 1936, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og stefndi greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti samtals 200 krónur. Ef áfrýjanda verður hinsvegar eiðfall, þá á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Rannsókn máls þessa, áður en dómur gekk í héraði, var mjög ábótavant. Þrátt fyrir það, þótt stefndi neitaði að hafa séð áfrýjanda nema eitt skipti, verður ekki séð, að hún hafi áður en dómur gekk verið spurð um jafn sjálfsögð atriði og þau, hvenær, hvar og hve oft fundum þeirra hafi borið saman. Þá verður heldur ekki séð, að neitt hafi verið gert til að upplýsa, hvort nokkur hafi haft vitneskju um kynningu málsaðilja. Blóðrannsókn var ekki framkvæmd fyrr en eftir að dómur var genginn í héraði, og sést ekki, að aðiljar hafi verið spurðir um, hvort þeir óskuðu blóðrannsóknar.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Margrete Kristoffersen, vinnur innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, að hún hafi á tímabilinu frá 15. desember 1935 til 15. janúar 1936 haft holdlegar samfarir við stefnda, Björn Sæmundsson, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem áfrýjandi ól hinn

25. september 1936, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefndi henni samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í þessu máli, enda greiði hún honum þá 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Þann 25. september þ. á. ól ógift stúlka, að nafni Margrete Kristoffersen, til heimilis á Klapparstíg 17 hér í bænum, fullburða sveinbarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Björn Sæmundsson, til heimilis á Sellandsstíg 5 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta höfðað gegn honum eftir ósk barnsmóður, og hefir hún gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að kærður verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð samkv. úrskurði yfirvalds og málskostnað eftir mati réttarins.

Kærandi heldur því fram, að hún hafi kynnzt kærðum í desembermánuði fyrra ár, og hafi hún haft nokkrum sinnum holdlegar samfarir við hann um jólin síðastliðið ár og sé barn þetta ávöxtur af þeim samförum.

Kærður heldur því hinsvegar fram, að hann hafi aðeins einu sinni hitt kæranda úti á götu, en neitar því með öllu, að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana.

Úrslit þessa máls verða að vera komin undir eiði annarshvors aðilja, þar sem þeim ber svo mjög á milli um málavöxtu, og með því að ekki verður séð, að annað þeirra hafi líkurnar frekar með sér en hitt, þykir rétt að

dæma kærðum eiðinn, þannig að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu frá 5. nóvember 1935 til 25. janúar 1936, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 25. september þ. á., greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. maí 1937.

Nr. 119/1936. **Sigurður Berndsen**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs (Stefán Jóh. Stefánsson).

Héraðsdómur ómerktur ex officio í hæstarétti, með því að talið var, að héraðsdómari hefði átt að víkja úr dómarasæti ex officio.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1936: Stefndur, lögreglustjóri Gústav A. Jónasson f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfu stefnandans, Sigurðar Berndsen, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndum kr. 150.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Uppboð það, sem í hinum áfrýjaða dómi getur og fellt var úr gildi með dómi hæstaréttar 25. okt. 1935 fyrir þá sök, að það þótti ekki birt með

nægilegum fyrirvara, telur áfrýjandi hafa bakað sér tjón og heimtir hann bætur fyrir það tjón í máli þessu. Uppboðsbeiðandi, lögreglustjóri Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs, er að vísu aðeins krafinn bóta í máli þessu. Ef hann yrði sýknaður, þá kynni áfrýjandi að beina kröfu sinni á hendur uppboðsráðandanum, héraðsdómaranum í máli þessu. Og ef stefndi, uppboðsbeiðandinn, yrði dæmdur til þess að greiða bætur, kynni hann þá að geta beint endurgjaldskröfu á hendur sama dómara. Úrslit málsins gætu því, hvor sem niðurstaðan yrði, varðað héraðsdómarann svo verulega, að svo þykir verða að líta á sem hann hefði átt eftir dómtöku þess að víkja úr dómarasæti í því ex officio, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio.

Málsaðiljar hafa krafizt málskostnaðar hvor af öðrum fyrir hæstarétti, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. jan. s. l., af Sigurði Berndsen, kaupmanni, Grettisgötu 71 hér í bæ, gegn Gústavi A. Jónassyni, lögreglustjóra, hér í bænum, f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 3197.29, með 6% ársvöxtum frá 16. des. f. á. til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. —

Málavextir eru þeir, að með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 24. maí 1934, var Guðmundur Jónsson, Bragagötu 31, dæmdur í 1200 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot á áfengislöggjöfinni. Hinn 4. ágúst

1934 var fjárnám til tryggingar sektarkröfunni gjört hjá dómþola í dómskuld, sem hann átti á Guðmund Þorkelsson, kaupmann í Langholti, samkv. dómi uppkveðnum í gestaréttí Reykjavíkur 26. maí 1934, að upphæð kr. 3800.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1934 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað. Samkvæmt fjárnámi þessu var dómskuldin síðan seld á uppboði 15. ágúst 1934, og nam kaupverðið kr. 500.00. — Uppboðinu var áfrýjað og með dómi, uppkveðnum í hæstarétti 25. okt. f. á., var það úr gildi fellt og stefndur dæmdur til málskostnaðargreiðslu, en með bréfi, dagsettu 10. okt. 1934, hafði Guðmundur Jónsson framselt stefnanda allan rétt sinn samkvæmt fyrrnefndum gestaréttardómi á hendur Guðmundi Þorkelssyni svo og skaðabótarétt þann, er hann kynni að eiga gagnvart ríkissjóði vegna uppboðsins. Eftir kröfu stefnds var dómskuldin síðan seld aftur á uppboði, er fram fór 3. maí s. l. Nam söluverð hennar þá kr. 50,00, og stendur það uppboð óhaggað.

Dómkröfuna reisir stefnandi á því, að með fyrri upphæðinni (sic) hafi Guðmundur Jónsson og síðar hann sjálfur misst umráðaréttinn yfir dómskuldinni á áðurnefndan Guðmund Þorkelsson, meðal annars hafi þeir verið sviptir möguleikanum til þess að ganga að honum, en á þeim tíma hafi fjárhag hans verið svo farið, að skuldin hafi verið í nafnverði. Hinsvegar hafi fjárhag hans hrakað svo á tímabilinu frá því að uppboðið fór fram og þangað til það var úr gildi fellt, að krafan á hendur honum hafi á þeim tíma orðið einskisvirði. Telur stefnandi, að hið ólögmæta uppboð hafi því bakað sér tjón, sem stefndum sem uppboðsbeiðanda sé skylt að bæta. Gerir stefnandi eftirfarandi grein fyrir upphæð skaðabótanna.

1. Höfuðstóll dómskuldarinnar	kr.	3800.00
2. Vextir frá ⅓ 1934 til $^{16}/_{12}$ 1935	—	487.29
3. Málskostnaður	—	300.00
Samtals	kr.	4587.29

Frá þessu telur stefnandi eiga að dragast:

1 Sekt Guðmundar Jónssonar	kr.	1200.00
2. Málskostnaður í lögreglumálinu	—	20.00
3. Fjárnámskostnaður og innheimtul.	—	170.00
Alls	kr.	1390.00

Kemur þá mismunurinn kr. 3197.29 heim við hina umstefndu upphæð. —

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt algerðar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu.

Byggir stefndur mótmælakröfuna meðal annars á því, að dómþoli, Guðmundur Þorkelsson, hafi um langt skeið verið mjög illa staddur fjárhagslega. Telur hann fjárhag hans (G.Þ.) þegar hafa verið svo bágan, er fyrra uppboðið fór fram, að umrædd dómskuld á hendur honum hafi á þeim tíma alls ekki verið meira virði en í hana var boðið á uppboðinu. Verðmæti kröfunnar hafi því ekki verið nálægt því nægilegt til greiðslu sektarinnar að viðbættum áföllnum kostnaði, hvað þá, að eigandi hennar hafi getað vænzt þess, að nokkuð yrði afgangs honum til handa. Til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að fjárhagur nefnds G.Þ. hafi verið bágborinn, hefir stefndur bent á það, að árangurslaust lögtak hafi verið gert hjá honum fyrir opinberum gjöldum hinn 27. marz 1935.

Gegn mótmælum stefnds hefir stefnandi engar sönnur á það fært, að umrædd skuld hafi á uppboðsdegi þeim, er hér skiptir máli, verið meira virði en þá var í hana boðið. — Ekki hefir hann heldur bent á nein atvik, er bendi til þess eða geri það líklegt, að fjárhagur dómþola, G.Þ.,hafi versnað á tímabilinu frá því að uppboðið fór fram og þar til það var ómerkt. Verður því ekki séð, að skaðabótakrafa stefnanda hafi við rök að styðjast, og verða þá úrslit máls þessa þau, að stefndur verður sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Miðvikudaginn 12. maí 1937.

Nr. 171/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Lárusi Halldórssyni og Kristjönu Elísabetu Kristjánsdóttur
(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 5. sept. 1936:
Kærður, Lárus Halldórsson, greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs Íslands, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða, Kristjana Elísabet Kristjánsdóttir, greiði 200 króna sekt til menningarsjóðs Íslands, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hin kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Björns P. Kalman, hrm., 100 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdómsins hafa vitnin Gunnar Guðjónsson, Gunnlaugur Loftsson og Björn Guðmundur Snæbjörnsson eiðfest skýrslur sínar í máli þessu.

Samkvæmt gögnum þeim, er í héraðsdóminum getur, verður að telja það sannað, að hin kærðu hafi gerzt sek um þargreind brot á áfengislögum nr. 33/1935. Með hliðsjón af því, að kærði sat í gæzluvarðhaldi frá 8.—13. júní f. á., þykir, samkvæmt analogíu 59. gr. almennra hegningarlaga, refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi

í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing kærðu þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til menningarsjóðs, eins og í héraðsdóminum segir, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði einn varðhaldskostnað sinn, en að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar að vera óröskuð. Svo greiði hin kærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Það athugast, að vitnið Sveinn Guðmundsson hefir ekki verið látinn eiðfesta skýrslu sína í máli þessu um kaup kærða á áfengi í áfengisverzlun ríkisins í Vestmannaeyjum, enda þótt kærði vildi ekki kannast við, að skýrslan væri fyllilega rétt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Lárus Halldórsson, greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, en sæti ella 20 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða, Kristjana Elísabet Kristjánsdóttir, greiði 200 króna sekt til menningarsjóðs, en sæti ella 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði einn varðhaldskostnað sinn, en að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar að vera óröskuð. Hin

kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Eggerts Claessen, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Lárusi Halldórssyni, til heimilis Vestmannabraut 37 hér í bænum, og gegn Kristjönu Elísabetu Kristjánsdóttur, til heimilis sama stað, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 33, frá 9. janúar 1935.

Málavextir eru sem hér segir:

Í byrjun s. l. júnímánaðar var hafin réttarrannsókn út af grun um, að hin kærðu, sem búa saman ógift, seldu áfengi, einkum kærður.

Hin kærðu hafa bæði eindregið neitað að hafa selt áfengi, en viðvíkjandi sakarefninu er upplýst það, sem hér segir:

Björn Bergmundsson, sjómaður, hefir borið sem vitni í málinu, að hann hafi aðfaranótt mánudagsins 25. maí s. l. komið til kærðu með öðrum manni, Emil Marten Andersen, sjómanni, og að hún hafi selt þeim ½ líter af sterku áfengi, „Genever", sem vitnið áleit, að væri frá áfengisverzlun ríkisins, og að þeir hafi borgað henni 10 krónur fyrir áfengi þetta, 5 kr. hvor, og báðir verið viðstaddir, er kærða afhenti áfengi þetta, sem vitnið kveður hana hafa afhent þeim í íbúð sinni að Vestmannabraut 37 hér í bænum. Sama vitni hefir og borið, að hann hafi oft áður síðan s. l. haust, eða um 20 sinnum að minnsta kosti, keypt áfengi ýmist hjá kærðri eða kærðum, Lárusi Halldórssyni, en kveðst ekki muna nákvæmlega, hve oft það hafi verið. Hann kveður það venjulega hafa verið brennivín frá áfengisverzlun ríkisins, er hin kærðu hafa selt fyrir 10 kr.

hverja flösku. Hann kveðst ætíð hafa verið einsamall, er hann keypti áfengi af hinum kærðu, nema framangreint skipti, er hann keypti áfengi af kærðu ásamt með Emil Marten Andersen.

Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Emil Marten Andersen hefir borið, að hann hafi framangreinda nótt (aðfaranótt 25. maí s. l.) komið að Vestmannabraut 37 til kærðu með framangreindum Birni Bergmundssyni í þeim tilgangi að kaupa þar áfengi og að kærð hafi selt þeim ½ líter af „Genever" fyrir 10 krónur, og hafi þeir báðir verið viðstaddir, vitni þetta og Björn Bergmundsson, er kærð afhenti þeim áfengið, og hafi þeir greitt henni 10 krónur fyrir það (5 krónur hvor). Vitni þetta hefir og borið, að hann hafi 4—5 sinnum s. l. haust og fyrri hluta s. l. vetrar keypt áfengi af kærðum, Lárusi Halldórssyni, og hafi það jafnan verið brennivín frá áfengisverzlun ríkisins — ein flaska í einu — sem kærður hafi selt fyrir 10 krónur hverja flösku.

Vitni þetta hefir staðfest framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Gunnar Guðjónsson hefir borið, að hann hafi seint í s. l. aprílmánuði, en man ekki nánar hvenær, komið til kærðs, Lárusar Halldórssonar, og beðið kærðan um að selja sér áfengi, og hafi kærður þá selt vitninu eina flösku af brennivíni frá áfengisverzlun ríkisins fyrir 10 krónur. Hann kveðst hafa verið einsamall, er hann keypti áfengi þetta, og kveðst ekki hafa keypt áfengi af kærðum, nema þetta eina sinn. Vitni þetta var farið burt úr Vestmannaeyjum, er rannsókn málsins var lokið, og hefir því eigi verið látið eiðfesta framburð sinn.

Vitnið Ólafur Magnússon hefir borið, að hann hafi í s. l. aprílmánuði tvisvar keypt áfengi af kærðum (L. H.), eina flösku af brennivíni frá áfengisverzlun ríkisins í hvert sinn og kærður hafi selt áfengi þetta fyrir 10 krónur hverja flösku, sem kostar 7 krónur í áfengisverzlun ríkisins. Vitnið kveðst ekki muna nánar, hvenær þetta hafi verið, en það hafi verið um kvöld í bæði skiptin. Vitni þetta hefir staðfest framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Gunnlaugur Loftsson hefir borið, að hann hafi nokkuð oft s. l. vetur, eða 10—15 sinnum, keypt áfengi af kærðum og hafi það jafnan verið brennivín eða whisky

frá áfengisverzlun ríkisins, ein flaska í hvert sinn, og hafi kærður jafnan selt hverja brennivínsflösku fyrir 10 krónur og hverja hálfflösku af whisky einnig fyrir 10 krónur og hafi það jafnan verið á kvöldin eftir að áfengisverzlun ríkisins hafi verið lokað, að kærði seldi vitninu áfengi. En vitni þetta mundi ekki nánar en að framan greinir, hvenær og hve oft hann hafði keypt áfengi af kærðum. Vitni þetta hefir eigi verið eiðfest vegna fjarveru úr bænum, er rannsókn málsins var lokið.

Vitnið Eyjólfur Bjarni Ottesen hefir borið, að hann hafi s. l. haust og vetur oft keypt áfengi af kærðum, eða að minnsta kosti 10 sinnum, og hafi þá ætíð verið whisky í hálf-flöskum (pelum), sem kærður seldi vitninu og hafi kærður jafnan selt fyrir 10 krónur hverja hálfflösku, sem seld er fyrir 8 krónur í áfengisverzlun ríkisins. Vitnið kveður kaup þessi jafnan hafa farið fram á kvöldin, og kveðst vitnið jafnan hafa komið einn til kærðs, er vitnið keypti af honum áfengi. Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Björn Snæbjörnsson hefir borið, að hann hafi þrisvar sinnum, snemma á s. l. vetri, keypt áfengi af kærðum, en man ekki nánar, hvenær það var, og hafi það í öll skiptin verið brennivín frá áfengisverzlun ríkisins, ein flaska í hvert sinn, sem kærður hafi selt fyrir 10 krónur hverja flösku. Vitni þetta hefir eigi verið látið staðfesta framburð sinn með eiði vegna fjarveru, er rannsókn málsins lauk.

Vitnið Jón Þorleifsson hefir borið, að hann hafi nokkrum sinnum á s. l. vetri, eða að minnsta kosti 6—8 sinnum, keypt áfengi af kærðum, ætíð hálfa flösku í einu af brennivíni frá áfengisverzlun ríkisins, fyrir 5 krónur hverja hálfflösku, og kveður vitnið kaup þessi jafnan hafa farið fram á kvöldin, eftir að áfengisverzlun ríkisins hafi verið lokað, en nánar en að framan greinir kveðst vitni þetta ekki muna, hve oft eða hvenær kaup þessi áttu sér stað. Vitni þetta hefir staðfest framburð sinn með eiði sínum.

Útsölumaður áfengisverzlunar ríkisins hér í bænum, Sveinn Guðmundsson, hefir borið sem vitni í málinu, að hann hafi veitt því eftirtekt seint á s. l. ári, eða í októbermánuði f. á., að kærður hafi öðru hvoru keypt nokkuð mikið af áfengi hjá útsölu áfengisverzlunarinnar hér í

bænum og hefir svo verið þar til um s. l. sumarmál, en eftir það kveðst vitnið ekki hafa orðið vart við, að kærður keypti sjálfur áfengi svo neinu verulegu næmi, en kveðst hafa grun um, að aðrir hafi keypt áfengi fyrir hann eftir þann tíma. Vitnið kveður kærðan jafnan hafa keypt 7—15 og upp í 20 flöskur og jafnvel stundum þar yfir, tvisvar í viku, á framangreindum tíma (þ. e. frá því haustið 1935 til sumarmála þ. á.), en vitnið kveðst þó ekki fullyrða, að kærður hafi keypt svo mikið áfengi í hverri viku á umræddum tíma.

Bæði hin kærðu hafa eindregið neitað að hafa selt mönnum þeim áfengi, sem hafa borið að hafa keypt áfengi af þeim. Kærð hefir kannazt við, að Björn Bergmundsson hafi komið til hennar á þeim tíma, sem Björn hefir borið, að hún hafi selt honum áfengi, en heldur fram, að hann hafi verið einsamall og hefir eindregið neitað, að Emil Marten Andersen hafi komið nokkuð til hennar við það tækifæri. Hún hefir og kannazt við, að hafa þá látið B. B. í té hálfan líter af „Genever", en heldur fram, að það hafi verið án endurgjalds, og kveðst hafa gert það vegna þess, að Björn hafi hótað að brjóta upp húsið, ef hún léti hann ekki fá áfengi, er hann kom að húsinu umrætt sinn, en kærð kveðst þá hafa verið háttuð og kveðst hún hafa óttazt, að Björn mundi gera það (þ. e. brjóta upp húsið), ef kærð léti hann ekki fá áfengi, en áfengi þetta kveður hún kærðan, sem þá var fjarverandi, hafa keypt áður en hann fór úr bænum, skömmu áður.

Með framangreindum eiðfestum framburði vitnanna Björns Bergmundssonar og Emils Martens Andersen verður það að áliti réttarins að teljast sannað, að kærð hafi selt þeim áfengið.

Kærður hefir kannazt við, að hann hafi öðru hvoru keypt áfengi í áfengisverzlun ríkisins hér í bænum, en kveðst ekki muna, hve mikið hann hafi keypt, hve oft hann hafi keypt né hve mikið í einu. Hann kveðst hafa notað áfengi, sem hann keypti þannig, til drykkjar handa sjálfum sér og veitt öðrum af því með sér án endurgjalds, svo kveðst hann og stundum hafa keypt áfengi fyrir aðra, sem hafi afhent honum peninga til þess að kaupa áfengið fyrir, áður en hann keypti það, en hann hefir neitað að skýra frá því, fyrir hverja hann hafi þannig keypt áfengi.

En kærður hefir eindregið neitað, að hann hafi keypt eins mikið áfengi í áfengisverzlun ríkisins og vitnið Sveinn Guðmundsson hefir borið, og heldur fram, að hann hafi frekar sjaldan keypt áfengi.

Með framburði framangreindra vitna, sem hafa borið, að kærður hafi selt þeim áfengi og sem ekki er nein ástæða til að ætla, að beri slíkt ranglega, svo og með framburði vitnisins Sveins Guðmundssonar um áfengiskaup kærðs, verður að áliti réttarins að telja framkomnar nægar sannanir fyrir því, að kærður hafi selt áfengi.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, hefir kærður ekki stundað neina sérstaka atvinnu á þeim tíma, sem fram eru komnar í málinu upplýsingar um, að kærður hafi selt áfengi, og verður að telja miklar líkur framkomnar í málinu fyrir því, að kærður hafi s. l. vetur beinlínis gert sér sölu áfengis að atvinnu, en ekki verður það þó talið fullsannað.

Kærður, sem er fæddur þann 18. febrúar 1873, hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 15. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, eftir atvikum hæfilega ákveðin, samkv. 33. gr. sömu laga, 600 króna sekt til menningarsjóðs Íslands, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærð, sem er fædd þann 1. ágúst 1897, hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hún brotið gegn 15. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, og þykir refsing sú, er hún hefir til unnið, hæfilega ákveðin samkv. 33. gr. sömu laga, 200 króna sekt til ríkissjóðs (sic), og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hin kærðu greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað (in solidum) allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns þeirra í málinu, Björns P. Kalman, hrm., er þykja hæfilega ákveðin 100 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 12. maí 1937.

Nr. 6/1937. **Ingvar Guðmundsson** (sjálfur)
gegn
lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs (Stefán Jóh. Stefánsson).

Ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 ekki talin brjóta í bág við stjórnarskrána. Krafa mjólkurframleiðanda á hendur ríkissjóði vegna framkvæmda téðra bráðabirgðalaga ekki tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. júlí 1936: Stefndur, lögreglustjóri Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingvars Guðmundssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndum kr. 25.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 18. jan. þ. á., og gert þær dómkröfur, *að* í dómi þessum verði látið svo um mælt, að það sé brot á atvinnufrelsinu, að hann var sviptur markaði fyrir mjólk sína í Reykjavík á tímabilinu frá 29. október 1934 og til loka þess árs, *að* honum vegna markaðsskerðingar verði dæmdar kr. 96.00 í skaðabætur fyrir sölubannið um áminnzt tímabil, *að* honum verði dæmdar kr. 27.36, sem sé söluverð mjólkur þeirrar, er lögregla Reykjavíkur tók af honum dagana 29., 30. og 31. október 1934, og ennfremur *að* honum verði dæmdir 5% ársvextir af hvorritveggju greindri fjárhæð frá 19. marz 1936 og til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndur hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verið staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Svo sem ráða má af kröfugerð áfrýjanda, styður hann skaðabótakröfu sína í fyrsta lagi við það, að ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. verði ekki samþýdd 64. gr. stjórnarskrárinnar. Rök hans í þessu efni eru þau, að með greindu ákvæði bráðabirgðalaganna hafi söluheimild á mjólk verið einskorðuð við mjög takmörkuð svæði og atvinnufrelsi mjólkurframleiðenda þar með skert að miklu leyti. Nú verði samkvæmt 64. gr. stjórnarskrárinnar slíkar hömlur því aðeins lagðar á atvinnufrelsi manna, að almenningsheill krefji, en ekki komi til greina að telja, að skilyrði þessu hafi hér verið fullnægt. Á þessa röksemdafærslu áfrýjanda verður ekki fallizt. Almenni löggjafinn hefir metið ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, til almenningsheilla, og getur í máli þessu ekki orðið haggað við því mati. Þá verður heldur ekki talið, að áfrýjanda komi að haldi sú röksemd, að ákvæði bráðabirgðalaganna um stundarsakir brjóti í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Áfrýjandi hefir að öðrum þræði haldið því fram málstað sínum til framdráttar, að bráðabirgðalögin hafi ekki verið komin til framkvæmda á þeim tíma, sem hann miðar skaðabótakröfu sína við. Bendir hann á í því sambandi, að verðjöfnunarsvæði samkvæmt bráðabirgðalögunum hafi ekki verið ákveðin fyrr en þann 3. des. 1934 og að mjólkursamsala hafi ekki verið starfrækt fyrr en eftir áramót 1934—35. Gegn þessu er það upplýst, að ákvæðin

um stundarsakir í bráðabirgðalögunum voru framkvæmd þegar frá gildistöku laganna, enda engin heimild til þess að fresta framkvæmd áminnztra ákvæða, og það getur í þessu efni engu breytt, þótt einhverjum ákvæðum bráðabirgðalaganna kunni ekki að hafa verið beitt þegar frá öndverðu.

Með því að áfrýjanda var þannig samkvæmt ákvæðum um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 óheimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda í Reykjavík á þeim tíma, sem hér er um að tefla, þá leiðir af því, að lögreglunni var heimilt að stemma stigu fyrir mögulegum hans til þess á þann hátt, sem gert hefir verið, og með því ennfremur að telja verður ráðstöfun lögreglunnar á mjólkinni til Mjólkurfélags Reykjavíkur lögmæta og að rétt hafi verið að vísa áfrýjanda þangað um greiðslu andvirðis mjólkurinnar, þá þykir bera að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, svo sem gert hefir verið í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ingvars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er skv. samkomulagi aðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 19. marz 1936, af Ingvari Guðmundssyni, bónda í Arnarnesi, Garðahreppi, Gullbringu-

sýslu, gegn lögreglustjóra Reykjavíkur. Gerir stefnandi þær kröfur: 1) að það verði dæmt brot á atvinnufrelsinu, að hann var sviptur markaði fyrir mjólk sína í Reykjavík á tímabilinu frá 29. október 1934 til áramóta 1934 og 35, 2) að honum vegna markaðsskerðingarinnar verði dæmdar kr. 96.00 í skaðabætur fyrir sölubannið þennan tíma, 3) að sér verði tildæmt söluverð mjólkur, er lögregla Reykjavíkur tók af honum 29., 30. og 31. október 1934, að upphæð kr. 27.36, og loks 4) að sér verði tildæmdir 5% ársvextir af kr. 123.36 frá stefnudegi til greiðsludags.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að 29., 30. og 31. október 1934 var stefnanda meinað að fara með mjólk til viðskiptamanna sinna hér í bænum af lögreglu bæjarins, þar eð talið var, að honum væri það óheimilt skv. bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Þar eð stefnandi vildi ekki flytja mjólkina heim aftur, fól lögreglan Mjólkurfélagi Reykjavíkur hana til sölu og fengust fyrir hana nettó kr. 20.18, er enn stendur inni hjá Mjólkurfélaginu á nafni stefnanda.

Þessar aðgerðir lögreglunnar telur stefnandi hafa verið óheimilar og hefir hann því höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Í ákvæði um stundarsakir í áðurgreindum bráðabirgðalögum, er þegar gengu í gildi, er svo ákveðið, að til áramóta 1934 og 35 sé framleiðendum mjólkur heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda. Stefnandi var hinsvegar með mjólk sína ógerilsneydda og ætlaði að selja hana utan sveitarfélags síns, sem telja verður, að honum hafi verið óheimilt eftir gagnályktun frá ákvæði bráðabirgðalaganna um stundarsakir. Það verður því talið, að lögreglunni hafi verið heimilt að koma í veg fyrir mjólkursölu stefnanda, þar eð telja verður bráðabirgðalögin fullgild og að þau brjóti ekki í bág við stjórnarskrána. Ráðstöfunin á mjólkinni til Mjólkurfélagsins verður og að teljast hafa verið heimil, þar eð ekki verður séð, að lögreglan hafi eins og á stóð getað gert aðra heppilegri ráðstöfun á henni í þágu stefnanda. Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir með hliðsjón af framanskráðu.

1. Rétturinn telur þessari kröfu ranglega beint að stefnd-

um, og verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

2. Rétturinn telur enga athöfn lögreglunnar í sambandi við mjólkursölu stefnanda hafa verið þess eðlis, að stefnandi geti hafa öðlazt nokkra skaðabótakröfu á hendur stefndum út af sölubanninu og verður stefndur því sýknaður af þessum kröfulið.

3. og 4. Sýknukröfu sína af greiðslu andvirðis mjólkur þeirrar, er lögreglan tók af stefnanda, byggir stefndur á því, að stefnandi geti, hve nær sem er, tekið andvirði hennar hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, þar eð upplýst sé, að andvirðið standi þar inni á nafni stefnanda.

Eins og áður segir, telur rétturinn stefndan hafa gert það eina, sem eftir atvikum virðist hafa verið mögulegt að gera til að gera stefnanda mjólkina verðmæta, og verður ekki talið, að honum hafi borið skylda til að hefja andvirðið og afhenda stefndum það, heldur hafi hann eins og á stóð fullnægt skyldu sinni með því að selja mjólkina og veita stefnanda ráðstöfunarrétt yfir andvirði hennar. Þessi kröfuliður verður því heldur ekki tekinn til greina. Skv. þessu verður ekki um það að ræða, að stefndum verði tildæmdir neinir vextir.

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda og á stefnandi að greiða honum kr. 25.00 í málskostnað.

Föstudaginn 14. maí 1937.

Nr. 52/1936. **Réttvísin og valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)
gegn
Óskari Valdimar Eggertssyni, Sigurlaugu Sigurbjörnsdóttur, Guðrúnu Guðmundsdóttur og Sessilíusi Sæmundssyni (Jón Ásbjörnsson).

Fjórar manneskjur ákærðar fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 47 frá 1932.

Tvær þeirra sýknaðar af öllum kæruatriðunum; hinar tvær sýknaðar af ákæru fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna, en dæmdar fyrir brot gegn 15. gr. I. tl. og 16. gr. laga nr. 47/1932, að nokkru beinlínis og að nokkru analógiskt.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. marz 1936: Ákærði Óskar Valdimar Eggertsson og Sigurlaug Sigurbjörnsdóttir sæti hvort um sig eins mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa að telja, ef skilorð laga nr. 39 1907 eru haldin.

Ákærð Guðrún Guðmundsdóttir og Sessilíus Sæmundsson greiði hvort um sig 200 króna sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afpláni ella sektina með 12 daga einföldu fangelsi.

Ákærð Guðrún og Sessilíus greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar, hrm., kr. 75.00, en annar kostnaður sakarinnar greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Verknaður sá, sem hin ákærðu Sessilíus Sæmundsson og Guðrún Guðmundsdóttir eru sökuð um í þessu máli, er sama eðlis og fólgin í því, að þau hafa ýmist með fyrirbænum, meinlausum húsráðum eða með andlegum krafti, er þau nefna svo, gert tilraun til að ráða bót á meinum manna, sem leitað hafa til þeirra í því skyni. Halda þau því fram, að þessa andlega kraftar verði þeir, sem til þeirra leita, aðnjótandi fyrir milligöngu þeirra og atbeina framliðinna manna, sem þau komist í samband við. Hinsvegar er ekki upplýst, að þau hafi gert nokkuð, beint eða óbeint, til þess að aftra því eða afstýra, að þessir sömu menn leituðu sér lækn-

inga hjá læknum, og sjálf skýra þau svo frá, og styðst það við framburð vitna, sem leidd hafa verið í málinu, að þau hafi oft hvatt menn til að snúa sér til lækna með veikindi sín. Þessar athafnir þeirra eru ekki þannig lagaðar, að þær verði taldar til lækningastarfsemi í þeirri merkingu, sem ætla verður að leggja beri í hugtakið lækningar í lögum um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932. Hin ákærða Guðrún hefir stundum þegið smávegis þóknun fyrir nefndar aðgerðir sínar, en ekki er upplýst, að ákærður Sessilíus hafi sjálfur tekið við þóknun, en hann kveður börnum sínum stundum hafa verið vikið lítilræði af þeim, sem hans hafa leitað, og þar sem ekki er ástæða til annars en að ætla, að þau hafi sjálf álitið, að aðgerðir þeirra gætu orðið að liði, þá verður ekki talið, að þær hafi verið framkvæmdar í blekkingarskyni til þess að hafa af mönnum fé. Hafa þau því ekki heldur með þessum aðgerðum gerzt sek um brot á neinum ákvæðum 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Framangreindur verknaður þeirra varðar því ekki við lög, og ber þá að sýkna þau af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, hafa hin ákærðu Óskar Valdimar Eggertsson og Sigurlaug Sigurbjörnsdóttir talið sig standa í sambandi við framliðinn lækni, sem geti veitt mönnum andlega hjálp við sjúkdómum fyrir milligöngu þeirra, og svipar starfsemi þeirra að því leyti til athafna hinna ákærðu Sessilíusar og Guðrúnar, sem áður er lýst. En hin ákærðu Óskar og Sigurlaug hafa ávallt gert það að skilyrði fyrir aðstoð af sinni hálfu, að þeir, sem áttu að verða aðnjótandi þessa andlega

kraftar fyrir milligöngu þeirra, leituðu ekki lækna, meðan á því stæði. Þá eru þau og sönn að því, eins og nánar er lýst í héraðsdóminum, að hafa gert að skilyrði fyrir aðstoð við berklasjúklinginn Kristínu Elíasdóttur, að teknar yrðu gipsumbúðir lækna af fæti hennar og bindi sett í staðinn, og þannig beinlínis mælt fyrir um sérstaka lækningameðferð á þeim sjúklingi. Samkvæmt umsögn eins af yfirlæknum Landspítalans, sem lögð var fram í máli þessu í héraði, og tveimur vottorðum sama yfirlæknis, sem lögð hafa verið fram hér í réttinum, verður að ætla, að þessi afskipti hinna ákærðu af nefndum sjúklingi hafi seinkað bata hennar, en ekki getur talizt sannað, að hún hafi hlotið af þeim varanlegt heilsutjón.

Framangreind afskipti hinna ákærðu Óskars og Sigurlaugar af berklasjúklingnum Kristínu Elíasdóttur varða við 1. tölulið 15. gr. og 16. gr. ofannefndra laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932. Og sá verknaður þeirra, að heita sjúklingum, þar á meðal berklasjúklingum, aðstoð sinni á framangreindan hátt, með því skilyrði, að sjúklingurinn leitaði ekki læknis, meðan á því stæði, er ólögmætur samkvæmt analogiu nefndrar 15. gr. 1. töluliðs sömu laga, og að því er til berklasjúkinga tekur einnig samkvæmt analogiu 16. gr. sömu laga.

Hin ákærðu Óskar og Sigurlaug hafa kannazt við það, að hafa yfirleitt áskilið sér 10 króna þóknun af hverjum manni, sem til þeirra leitaði, og kveða hinn framliðna lækni, sem þau telja sig standa í sambandi við, hafa fyrirskipað þeim að taka ekki minna en 10 til 15 króna gjald af hverjum þeim, sem æskti aðstoðar þeirra. Þrátt fyrir þetta

þykir þó ekki alveg fullyrðandi, að þau hafi haft í frammi vísvitandi blekkingar í því skyni að hafa fé af mönnum. Ber því að sýkna þau af ákæru réttvísinnar fyrir brot á ákvæðum 26. kap. hinna almennu hegningarlaga eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Refsing hinna ákærðu Óskars og Sigurlaugar fyrir framangreind brot þeirra á ákvæðum laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 18. gr. laganna 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir hvort þeirra um sig, en þar sem hér er um fyrsta brot að ræða hjá þeim báðum, þykir mega ákveða, eins og gert er í héraðsdóminum, að refsing þeirra verði skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1907, sbr. lög nr. 57/1933.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hinna ákærðu Sessilíusar og Guðrúnar í héraði, Jóns Ásbjörnssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 250 kr. til hvors, greiði ákærðu Óskar og Sigurlaug in solidum að ⅔ hlutum, en að ⅓ hluta skal hann greiddur úr ríkissjóði.

Það athugast, að réttara hefði verið að höfða sér í lagi mál gegn hvoru þeirra Sessilíusi og Guðrúnu og þriðja málið gegn þeim hjónunum Óskari og Sigurlaugu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu Sessilíus Sæmundsson og Guðrún Guðmundsdóttir eiga að vera sýkn af ákæru

réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærðu Óskar Valdimar Eggertsson og Sigurlaug Sigurbjörnsdóttir sæti, hvort um sig, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga. En fresta skal fullnustu refsingar þeirra beggja, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns í héraði hinna ákærðu Sessilíusar og Guðrúnar, Jóns Ásbjörnssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00, greiðist úr ríkissjóði. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Jóns Ásbjörnssonar, 250 krónur til hvors, greiði ákærðu Óskar og Sigurlaug in solidum að ⅔ hlutum, en að ⅓ hluta skal hann greiddur úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Óskari Valdimar Eggertssyni, bifreiðarstjóra, Baugsveg 19 hér í bæ, konu hans Sigurlaugu Sigurbjörnsdóttur, Guðrúnu Guðmundsdóttur, húsfrú, Hringbraut 119, og Sessilíusi Sæmundssyni, verkamanni, til heimilis Óðinsgötu 4 hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kap.

hinna almennu hegningarlaga frá 1869 og lögum nr. 47, 23. júní 1932.

Ákærð eru öll komin yfir lögaldur sakamanna. Eru þau fædd eins og hér segir:

Óskar 26. júní 1908.

Sigurlaug 14. apríl 1908.

Guðrún 17. maí 1900.

Sessilíus 7. ágúst 1885.

Ekkert hinna ákærðu hefir fyrr sætt refsingu eða komizt undir ákæru.

Með bréfum, dagsettum 14. og 19. nóvember s. l., kærði landlæknir til lögreglunnar yfir óleyfilegri lækningastarfsemi, er framkvæmd hefði verið á smitandi berklasjúklingum og hin ákærðu Óskar og Sigurlaug reyndust vera völd að. Undir rannsókninni kom í ljós, að hin ákærðu Guðrún og Sessilíus einnig lögðu stund á einskonar lækningastarfsemi, en þó óháð þeim hjónum og hvort öðru. Verður hér á eftir lýst starfsemi hvers þeirra út af fyrir sig.

2.

Þau hjónin Óskar og Sigurlaug telja sig vera gædd sálrænum hæfileikum og stunduðu þannig nokkuð ósjálfráða skrift.

Í janúarmánuði 1934 telja þau sig hafa komizt í gegnum hana í samband við framliðinn lækni, sem þá læknaði þau sjálf af sjúkdómum, er þau gengu með.

Upp úr þessu fóru þau hjónin að leita til hins framliðna læknis með sjúkdóma annarra, fyrst venzlafólks síns og nákunningja síðan fleiri, eftir því sem fréttir af þessu starfi þeirra bárust út og fólk leitaði til þeirra. Kváðust þau ekkert hafa gjört til að auglýsa þessa starfsemi sína, en engum sjúklingum synjað um hjálp nema þeim, er gengu með kynsjúkdóma eða þau töldu að bæru dauðamein. Upp á síðkastið var aðsókn orðin töluverð og leið ekki svo dagur, að ekki leituðu til þeirra fleiri eða færri sjúklingar.

Í septembermánuði 1934 fóru þau hjón að taka gjald af sjúklingunum. Skýra þau svo frá, að hinn framliðni læknir hafi þá skipað sér að taka 10—15 krónur af hverjum sjúklingi, sem til þeirra leitaði, og kveðast þau hafa valið lægri upphæðina og mörgum gefið læknishjálpina eftir sem áður.

Starfseminni lýsa þau svo, að eftir að þau eru beðin fyrir sjúkling, leita þau sambands við hinn framliðna lækni, fyrst í stað gegnum ósjálfráða skrift, en síðan fannst þeim eins og læknirinn hvíslaði að þeim því, er hann þurfti að segja. Kveða þau, að hinn framliðni læknir hafi þannig lýst fyrir sér sjúkdóminum, lagt á ráð og lofað að gjöra það, sem hann gæti, til hjálpar. Segja þau síðan sjúklingnum frá þessu. Ráðleggingarnar varða einkum mataræði og klæðnað, en aðallækninguna telja þau vera guðskraft eða kraftaverk.

Ákærð hafa viðurkennt að hafa jafnan skýrt sjúklingum þeim, er leitað hafa til þeirra, svo frá, að ef þeir færu til annars læknis, gætu þau ekki hjálpað, þá hættu þeirra aðgerðir jafnskjótt. Telja þau, að hinn framliðni læknir hafi tjáð sér, að hann gæti ekkert við þá sjúklinga gjört, er jarðneskir læknar stunduðu.

Starfsemi þessa hafa þau hjónin stundað saman án sérstakra verkaskiptinga, þannig, að það þeirra, er var viðlátið í það og það skiptið, sinnti sjúklingunum eða náði sambandi við hinn framliðna lækni.

3.

Tvö þeirra lækningatilfella, er ákærð hafa fengizt við og upplýstst hafa í rannsókn málsins, eru þess eðlis, að þeirra verður að geta sérstaklega.

Sjúklingurinn Sólveig Gísladóttir leitaði til Sigurlaugar í septembermánuði s. l. Er hún smitandi berklasjúklingur og hafði af berklayfirlækninum verið skipað að fara á heilsuhæli. Kærð tjáði henni, að hún hefði beðið hinn framliðna lækni fyrir hana og hann lofaði að hjálpa, en tók jafnframt fram við hana, að hún mætti þá ekki leita annarar læknishjálpar.

Sjúklingurinn hefir verið leiddur sem vitni í málinu og hefir hann borið það, að ástæður sínar til þess að neita að fara að ráðum berklayfirlæknisins hafi verið tvær: Í fyrsta lagi hafi hún ekki viljað fara á heilsuhæli það, er henni var ætlaður staður á, og í öðru lagi hafi hún haft trú á lækningu hins framliðna læknis fyrir milligöngu Sigurlaugar og vildi ekki verða af þeirri lækningu með því að leita annarra lækna.

Í fyrravetur var leitað til þeirra hjóna vegna sjúklings-

ins Kristínar Elíasdóttur á Bala í Þykkvabæ. Var hún með berkla í hnélið, (hydrops tuberculosa), hafði verið í ljóslækningum og var í gipsumbúðum. Þau hjónin fluttu þegar þau skilaboð frá hinum framliðna lækni, að hann væri fús að hjálpa, ef gipsumbúðirnar væru teknar af, og var það þegar gjört að ráðum þeirra, því sjúklingurinn og fólk hans hafði trú á þessum lækningum. Jafnframt fyrirskipuðu hin ákærðu að vefja skyldi um hnéið hreinum bindum.

Nokkrum tíma eftir að umbúðirnar voru teknar af fætinum fór hnéð að bólgna og var því farið með sjúklinginn til Reykjavíkur og var tilætlunin að leita læknis. Fyrst var samt farið á fund þeirra hjóna, og höfðu þau þá eftir hinum framliðna lækni, að ástand hnésins væri eðlilegt og ætti að fara út úr því og væri það því á batavegi. Varð því ekkert úr, að sjúklingurinn leitaði læknis. Dvaldi hann í bænum fram á vorið og síðast á heimili þeirra hjóna og telur, að sér hafi verið mikið batnað, þegar hann fór þaðan.

Um sumarið fór sjúklingnum að versna aftur, og var þá enn leitað til þeirra hjóna, er töldu það stafa af því, að bindi þau, er sjúklingurinn notaði um hnéið, hefðu ekki verið hrein, en fullyrtu áfram, að hinn framliðni læknir myndi hjálpa, svo sem hann gæti. Var ekkert aðhafzt um meinið fyrr en í byrjun nóvembermán. s. l., að héraðslæknir kom á heimili sjúklingsins, án þess að hans væri vitjað, og sendi hann sjúklinginn þegar í stað í Landsspítalann.

Þegar sjúklingurinn kom í Landsspítalann, var ástand hnésins „mjög alvarlegt, 5 fistlar og kaldir abscessar kringum liðinn. Er í ráði að gera resectio genus, en undir hælinn lagt, hvort sú aðgerð muni duga úr þessu", — eins og segir í vottorði Guðmundar yfirlæknis Thoroddsen.

4.

Árið 1924 tók ákærð Guðrún Guðmundsdóttir að stunda „sálrænar lækningar", þá í Vestmannaeyjum, en flutti hingað til bæjarins árið 1929.

Þessari starfsemi sinni lýsir hún svo:

Hún kveðst hafa miðilsgáfu, og jafnan þegar sjúklingar leita hennar, leggur hún sjúkdóminn fyrir stjórnanda

sinn, sem hún upphaflega kallaði Friðrik, en seinna hætti að nefna ákveðnu nafni. Síðan skýrir hún sjúklingnum frá þessu og að stjórnandinn muni gera það, sem hann geti til hjálpar, og veitir jafnframt ráðleggingar svo sem um mataræði, böð, göngur og stöku sinnum meðöl.

Frekari afskipti hefir ákærð að jafnaði ekki af sjúklingum þeim, er til hennar leita. Stundum kveðst hún þó fara höndum um sjúklingana og telur hún það auka lækningakraftinn. Jafnframt kveðst hún þá eins og sjá í gegnum líkamann og þannig verða vör meinsemdanna. Þessa aðferð kveðst ákærð þó sjaldan viðhafa, því lækningin dragi mjög orku frá sér.

Strax eftir að ákærð hóf þessa starfsemi, varð mikil aðsókn að henni. Leitaði fólk bæði til hennar persónulega og eins með skilaboðum, bréfum og símskeytum. Var það víðsvegar af landinu og jafnvel úr öðrum löndum. Upp úr því að hún fluttist hingað til Reykjavíkur, fór að draga úr aðsókninni, að því er ákærð telur, bæði vegna flutningsins og eins vegna þess, að fleiri fóru þá að stunda slíkar lækningar og upp á síðkastið er mjög úr starfseminni dregið.

Ákærð hefir tekið við sjúklingum með allskonar sjúkdóma, kveðst þó ekki muna til þess að hafa tekið að sér sjúklinga með berkla eða aðra smitandi sjúkdóma utan sjúkrahúss. Hún heldur því fram, að oft hafi hún skipað sjúklingum sínum að leita til lækna og aldrei amazt við því, að læknar fjölluðu um þá jafnframt sér. Hinsvegar kveður hún, að í upphafi hafi fólk tekið þessa starfsemi sína mjög geyst og sumir þá hætt að vitja lækna, án þess að hún ætti þátt í því eða fengi við það ráðið.

Ákærð kveðst ekki hafa tekið fé fyrir þetta starf sitt fyrr en um haustið 1932, þá kveðst hún hafa tekið upp þann sið, að setja upp 2 krónur, þegar sjúklingarnir minntust á borgun, sumir borguðu henni þó ekkert, en aðrir gáfu henni meira.

5.

Ákærður Sessilíus Sæmundsson telur sig vera skyggnan og kveðst fyrir nálægt 4 árum síðan hafa komizt þannig í samband við framliðna frænku konu sinnar, er síðan hafi komið sér í samband við þrjá nafngreinda

framliðna lækna og þann fjórða, er kalli sig Friðrik. Upp frá því kveðst hann hafa reynt að hjálpa sjúklingum þeim, er leitað hafa til hans fyrir fulltingi þeirra.

Þessari starfsemi sinni hefir ákærður lýst þannig: Þegar sjúklingur kemur til hans eða einhver biður hann fyrir sjúkling, birtist honum einhver hinna framliðnu lækna. Streyma þá geislar út frá lækninum og á sjúklinginn, og jafnframt birtist ákærðum letur á brjósti læknisins, þar sem stendur: Við gefum þér straum í Jesú nafni. Stundum stendur þar einnig lýsing á sjúkdóminum og stöku sinnum ráðleggingar við honum. En aðallæknisaðgerðin er útgeislun hinna framliðnu lækna, að því er ákærður telur.

Ráðleggingar þær, er ákærður hefir gefið sjúklingnum, eru aðallega volg böð, amerískir plástrar og blóðhorn. Auk þess kveðst hann iðulega hafa ráðlagt mönnum að leita til lækna eða sjúkrahúsa. Hefir hann neitað því að hafa nokkru sinni ráðið sjúklingum frá að leita viðurkenndra læknisaðgerða, og kveður, að hinum framliðnu læknum riði á að njóta samvinnu við jarðneska lækna.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að ávallt hafi verið töluverð aðsókn að sér, og hafi menn leitað til sín jafnvel úr öðrum löndum. Kveðst hann hafa sinnt öllum, er til hans leituðu og hann komst yfir vegna vinnu sinnar, en hann er fastur starfsmaður við Reykjavíkurhöfn. Hafa jafnan sótt til hans frá 4 upp í 10 manns á dag með ýmiskonar sjúkdóma, þar á meðal berklasjúkdóma.

Ákærður hefir neitað því að hafa nokkru sinni sett upp gjald fyrir þetta, enda hafi hinir framliðnu læknar bannað sér það. Þó kveður hann, að sumir sjúklingar hafi gefið sér eða börnum sínum nokkrar krónur í tilefni af þessu, þetta frá 1 krónu og upp í 6 krónur, eða geri sér smágreiða fyrir. Þorri sjúklinganna gefi sér þó ekkert.

6.

Eftir því sem upplýstst hefir í rannsókn málsins, verður að gera ráð fyrir því, að öll hin ákærðu hafi framið þessa starfsemi í góðri trú á lækningakraft sinn eða stjórnenda sinna, en ekki í því skyni að blekkja fólk eða hafa af því fé. Þau hafa að vísu öll tekið við gjaldi

fyrir ómak sitt, en ekki, svo að séð verði, haft af starfseminni verulegar tekjur, þannig að svo verði álitið, að fjárhagsvonin hafi verið nokkurt höfuðatriði fyrir þeim. Af þessum ástæðum verður að sýkna öll hin ákærðu af ákærunni fyrir brot gegn 26. kap. hinna almennu hegningarlaga.

Hinsvegar fellur starfsemi þeirra allra að áliti réttarins undir 1. tölulið 15. gr. laga nr. 47 23. júní 1932 um lækningaleyfi o. fl. Starfsemi þeirra hefir verið mjög víðtæk, náð um land allt og jafnvel til útlanda, og þau hafa sinnt hverjum þeim, er til þeirra hafa leitað, ef þau hafa talið sig ráða við sjúkdóminn. Eins og starfsemi þeirra hvers fyrir sig er áður lýst, verður ekki hjá því komizt að heimfæra hana undir skottulækningar samkvæmt áðurnefndri lagagrein.

Þá hafa og hin ákærðu hjón, Óskar Valdimar og Sigurlaug, tekið til meðferðar smitandi berklasjúlinga svo að varðar við 16. gr. sömu laga.

Við ákvörðun refsingar hinna ákærðu Óskars Valdimars og Sigurlaugar verður jafnframt að taka tillit til þess, að þau hafa talið sjúklinga þá, er til þeirra hafa leitað, af því að fara til lækna og með því valdið sannanlegu tjóni, eins og áður er lýst. Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin, samkvæmt 18. gr. áðurgreindra laga eins mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en vegna ungs aldurs þeirra og undanfarandi hegðunar, þykir mega hafa hana skilorðsbundna, samkvæmt lögum nr. 39/1907.

Refsing hinna ákærðu Sessilíusar og Guðrúnar hvors um sig þykir, með tilliti til þess, að ekki er upplýst um neitt tjón, er af starfsemi þeirra hefir hlotizt, hæfilega ákveðin, samkvæmt 18. gr. laganna, 200 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan eins mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærð Guðrún og Sessilíus in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar, hrm., er ákveðast kr. 75.00. Annar kostnaður greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Miðvikudaginn 19. maí 1937.

Nr. 12/1937. **Hreppsnefnd Hvolhrepps**
(Pétur Magnússon)
gegn
Kaupfélagi Hallgeirseyjar
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Krafa hreppsnefndar um, að kaupfélag yrði skyldað til að greiða gjald samkvæmt 38. gr. 3. tl. laga nr. 36/1921 af íbúðarhúsi, er var eign kaupfélagsins og kaupfélagsstjóri bjó í, ekki tekin til greina.

Úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 12. nóv. 1936:
Hin umbeðna lögtaksgerð á ekki fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. febr. þ. á., hefir fengið gjafsókn í því og sér skipaðan talsmann, hefir þess verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo hefir áfrýjandi og krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda hefir verið krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á ástæður þær, er í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, þykir mega fallast, og ber því að staðfesta úrskurðinn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, og að málflutningslaun skip-

aðs talsmanns áfrýjanda, 75 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, 75 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hreppsnefnd Hvolhrepps hefir gert Kaupfélagi Hallgeirseyjar að greiða skatt til sveitarsjóðs Hvolhrepps fyrir árið 1936, upphæð kr. 344.00,samkvæmt lögum nr. 36 frá 1921 38. gr. 3. tl. Hefir hreppsnefndin ákveðið skattinn 2% af fasteignarmatsverði allra húseigna félagsins í Hvolhreppnum, en húseignir þessar eru:

1. Verzlunarhús, fasteignamat kr. 5600.00
2. Íbúðarhús, fasteignamat .. — 11600.00

Samtals kr. 17200.00

Gjörðarþoli, Ágúst Einarsson, kaupfélagsstjóri, f. h. Kaupfélags Hallgeirseyjar, hefir mótmælt skattálagningu þessari að því leyti, sem skatturinn er lagður á íbúðarhús félagsins, og svarar það til kr. 232.00 af hinum álagða skatti, en á þessari upphæð er óskað lögtaks með bréfi oddvitans, dags. 4. þm., réttarskjal nr. 1.

Starfræksla Kaupfélags Hallgeirseyjar er verzlunarrekstur. Ber því félaginu að greiða skatt, samkvæmt 38. gr. laga nr. 36 frá 1921, af öllum þeim húseignum, sem það notar við verzlunarrekstur sinn. Um notkun íbúðarhússins er það upplýst, að það er nær eingöngu notað til íbúðar fyrir kaupfélagsstjórann og fjölskyldu hans. Þó fer einnig fram í húsinu endurskoðun á reikningum félagsins svo og ýmis fundarhöld þess, sem hvorttveggja tekur aðeins litinn

hluta hússins og skamman tíma í hvert skipti. Um önnur bein afnot verzlunarinnar er ekki að ræða af téðu húsi.

Að því leyti, sem greint íbúðarhús er notað til íbúðar fyrir kaupfélagsstjórann og fjölskyldu hans, verður að líta svo á, að þau afnot séu óviðkomandi verzlunarrekstri félagsins sem slíkum og þar af leiðandi óviðkomandi starfrækslu félagsins. Þessvegna er hinn álagði skattur ranglega lagður á Kaupfélag Hallgeirseyjar, að því leyti, sem hann er miðaður við fasteignarmatsverð íbúðarhússins, eða þess hluta þess, sem kaupfélagsstjórinn hefir til íbúðar. Og þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um það, hve mikill hluti af húsinu er notaður af félaginu vegna endurskoðunar og ýmissa fundarhalda, sem vafalaust mun þó verða að telja alveg óverulegan hluta þess, ber að líta svo á, að öll hin umdeilda fjárhæð, kr. 232.00, sé ranglega lögð á félagið samkvæmt 38. gr. fyrrnefndra laga.

Fyrir því ber að synja um lögtak þetta.

Föstudaginn 21. maí 1937.

Nr. 140/1936. **Ragnhildur Wiese**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Sigurjóni Péturssyni f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss" og gagnsök
(Lárus Jóhannesson).

Bótakrafa A á hendur B fyrir rof á vinnusamningi ekki talin á rökum byggð.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 23. maí 1936: Stefndur, Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss", greiði stefnöndu, Ragnhildi Wiese, kr. 1454.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1935 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 17. sept. f. á. og gert þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni eftirtalda kröfuliði: 1) kr. 9250.00, en fjárhæð þessi svarar til 50 króna kaups á viku í 185 vikur, eða um tímabilið frá 29. desember 1934 til 1. ágúst 1938, og 2) hundraðsgjald af saumastofuvörum um sama tímabil eftir mati dómsins eða dómkvaddra manna, hvorutveggju fjárhæðina ásamt 6% vöxtum frá 4. marz 1935 til greiðsludags. Loks krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með hæstaréttarstefnu, dags. 29. sept. f. á., hefir hinsvegar krafizt þess *aðallega*, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 50.00 án vaxta, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Ennfremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna vanefnda, sem aðaláfrýjandi telur, að orðið hafi af hendi gagnáfrýjanda á vinnusamningi, sem aðiljar málsins gerðu þann 7. apríl 1934. Eru aðalatriði greinds samnings rakin í hinum áfrýjaða dómi svo og annar aðdragandi málsins. Ástæðurnar, sem aðaláfrýjandi færir fram til stuðnings kröfum sínum, eru þær: a) að henni hafi verið vikið úr þjónustu gagnáfrýjanda án saka og b) að gagnáfrýjandi hafi lagt niður hringsaumadeild þá, sem hún samkvæmt samningnum skyldi vinna við og veita forstöðu, og þar með kippt burt grundvellinum undan vinnusamningnum.

Um a). Svo sem í héraðsdóminum segir, hóf aðaláfrýjandi starfrækslu hringsaumadeildar hjá gagnáfrýjanda í ágúst 1934 í húsinu nr. 28 við Tryggvagötu hér í bæ. Er talið, að tala stúlkna þeirra, er við hringsauminn unnu undir stjórn aðaláfrýjanda, hafi komizt upp í 16, en þegar fram í desember s. á. kom, virðast einungis 3—4 stúlkur hafa starfað að saumavinnu þessari. Í áminnztum mánuði fór úr þjónustu gagnáfrýjanda sænskur klæðskeri, sem aðaláfrýjandi hafði ráðið til hringsaumadeildarinnar, og um sama leyti var aðaláfrýjandi ásamt stúlkum þeim, sem þá unnu hjá henni, flutt á hraðsaumastofu gagnáfrýjanda í húsinu nr. 2 við Þingholtsstræti. Þar vann aðaláfrýjandi þvínæst um hríð, en það er á huldu í málinu, hvort hringsaumur var starfræktur þar af henni. Aðaláfrýjandi telur nú, að norskur klæðskeri, að nafni Holger Borvik, sem hún kveður hafa stjórnað á hraðsaumastofunni, hafi vikið henni á brott úr þjónustu gagnáfrýjanda þann 5. janúar 1935 og að leiðréttingu á þeirri brottvikningu hafi hún ekki fengið hjá gagnáfrýjanda sjálfum. Af hálfu gagnáfrýjanda er því hinsvegar haldið fram, að aðaláfrýjandi hafi hætt að starfa hjá honum samkvæmt eigin ósk hennar. Það verður að vísu að teljast upplýst í málinu, að missætti hafi orðið á milli þeirra aðaláfrýjanda og Borvik, en á hinn bóginn brestur sönnun bæði fyrir því, að Borvik hafi vikið aðaláfrýjanda á brott og að hann hafi haft heimild til slíkrar ráðstöfunar frá húsbónda sínum. Hefir aðaláfrýjandi þannig gegn eindreginni neitun gagnáfrýjanda ekki tekizt að sanna brottreksturinn.

Um b). Þess er þegar getið, að hringsaumadeildin hafði ekki verið rekin lengi áður saumastúlkun-

um væri fækkað og starfrækslan þar færð saman. Ekki eru fram komnar sannanir fyrir því í málinu, að sá samdráttur hafi orðið af orsökum, er gagnáfrýjanda verði taldar til saka gagnvart aðaláfrýjanda, né að aðaláfrýjandi hafi borið fram athugasemdir við gagnáfrýjanda út af samdrættinum eða flutningnum yfir á hraðsaumastofuna. Þá er og á það atriði að líta, að aðaláfrýjandi fór úr þjónustu gagnáfrýjanda án þess að tjá honum í votta viðurvist eða á annan sannanlegan hátt, svo sem vænta hefði mátt af henni eins og á stóð, að hún væri þá til taks að halda áfram starfi sínu, því sem hún var ráðin til, og að hún myndi krefjast umsamins kaups eða bóta allt að einu, þótt gagnáfrýjandi kærði sig ekki um, að hún innti starfið af hendi. Til þessara aðgerða var aðaláfrýjanda því meiri ástæða, því hærri bóta sem hún vildi kalla til í hendur gagnáfrýjanda vegna brottfarar sinnar úr þjónustu hans.

Með tilvísun til atvika þeirra, sem rakin eru hér að framan, verður þannig ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi hætt að starfa hjá gagnáfrýjanda með þeim hætti, að hún geti krafið hann skaðabóta í tilefni af því. Ber þess vegna einungis að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þær 50 krónur, sem hann hefir viðurkennt af kröfu aðaláfrýjanda, en hér er um að ræða kaup fyrir síðustu vinnuviku hennar hjá gagnáfrýjanda. Vextir af fjárhæð þessari verða aðaláfrýjanda hinsvegar ekki dæmdir, með því að ganga verður út frá því eftir málfærslunni, að aðaláfrýjanda hafi staðið fé þetta til boða, þegar hún hætti að starfa hjá gagnáfrýjanda og síðar.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“, greiði aðaláfrýjanda, Ragnhildi Wiese, kr. 50.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkvæmt heimild í samningi höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 4. marz 1935, af Ragnhildi Wiese hér í bæ gegn Sigurjóni Péturssyni, forstjóra, f h. klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“ hér í bænum, til greiðslu á skaðabótum fyrir rof á ráðningarsamningi, að upphæð kr. 30000.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnukrafan sundurliðast þannig: 1) kaup fyrir 185 vikur kr. 9250.00 2) tjón vegna samningsrofa stefnds og áætlað hundraðsgjald af framleiðslu hringsaumastofu, ef allt hefði gengið eðlilega, kr. 20750.00.

Í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá *varakröfu*, að upphæðin undir 2 fari eftir mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar, en í rekstri málsins hefir hann þó gert þá varakröfu, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1404.00 vaxta- og málskostnaðarlaust, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að með samningi dagsettum 7. apríl 1934 réði stefnandi sig til stefnds *„sem vinnandi og stjórnandi við svonefnda deild hringsaumsvinnu á hraðsaumastofu Klv. Álafoss“*. Í samningnum lofaði stefnanda að vinna öll sín verk vel og samvizkusamlega, sjá um að kenna fólkinu vinnuna, sjá um alla reglu og samstarf þess fólks, sem henni yrði falin umsjón með á verkstæðinu, og gera allt, sem í hennar valdi stæði, til þess, að vinnan gengi á saumastofunni og að allt, sem afgreitt yrði, yrði fyrsta flokks vara að öllum frágangi, hvað saumaskap viðviki.

Í kaup átti stefnanda að fá 50 kr. á viku *„og auk þess*

½% af allri fullunnri og tilbúinni flík (sic), *er af verkstæði fer og þar er saumuð*".

Loks er svohljóðandi ákvæði í samningnum:

„*Samningur þessi gildir frá 1. ág. 1934 til jafnlengdar 1938 með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu*".

Stefndur leigði húsnæði handa hringsaumastofunni í Tryggvagötu 28 hér í bænum og tók hún til starfa um miðjan ágúst 1934. Réð stefnandi sjálfur flestar stúlkurnar, sem þar unnu undir umsjón hennar, og ennfremur réð hún þangað í umboði stefnds sænskan fagmann, Malmquist að nafni. Í des. 1934 reis deila milli stefnds og Malmquist, er lyktaði þannig, að Malmquist hætti að vinna á hringsaumastofunni og fór af landi burt. Litlu síðar var stefnanda látin flytja með stúlkur þær, er hjá henni unnu á hringsaumastofunni, upp í hraðsaumastofu stefnds í Þingholtsstræti 2, og má telja upplýst í málinu, að jafnframt hafi hringsaumastofan verið lögð niður og að eftir það hafi verið ætlunin, að stefnanda ynni undir stjórn klæðskerameistarans í hraðsaumastofunni.

Samkomulag var þó slæmt milli stefnöndu og klæðskerameistarans, og staðhæfir stefnanda, að hann hafi rekið sig burt 5. jan. 1935, og þar eð hún taldi sér vikið burt án saka og sömuleiðis, að stefndur hefði brotið á sér samninginn með því að leggja niður hringsaumastofuna, þá höfðaði hún mál þetta og gerði í því áðurgreindar kröfur, eftir að vonlaust var orðið um friðsamlega lausn málsins.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, í fyrsta lagi, að það sé með öllu rangt, að stefnanda hafi verið rekin, heldur hafi hún sjálf óskað að verða laus við samninginn og geti hún þegar af þeirri ástæðu ekki átt neinar kröfur á hendur sér. Gegn eindreginni neitun stefnöndu og staðhæfingu hennar um, að hún hafi verið rekin, hefir stefndur ekki sannað, að hún hafi sjálf óskað eftir að verða laus við samninginn, en eins og hér stendur á og með sérstöku tilliti til ráðningarsamningsins telur rétturinn, að sönnunarbyrðin um þetta atriði hvíli á stefndum. Sýknukrafa stefnds verður því ekki tekin til greina af þessari ástæðu.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfuna á því, að stefnanda hafi við samningsgerðina blekkt hann um kunnáttu sína. Hún hafði tjáð sér, að hún væri fulllærð saumakona á karlmannaföt og gæti á eigin spýtur saumað allt,

bæði jakka, vesti og buxur, enda hefði hún verið mörg ár á saumastofu erlendis. En kunnátta stefnöndu hafi þó reynzt mjög lítil, og hafi hún ekki getað saumað karlmannaföt á eigin spýtur og því síður kennt fólkinu það, enda þótt hún hefði skuldbundið sig til þess í samningnum. Fatnaður, sem gerður hefði verið undir stjórn stefnöndu, hefði að langmestu leyti verið stórgallaður og óseljanlegur sem fyrsta flokks vara. Þetta telur stefndur hafa heimilað sér að rifta samningnum fyrirvara- og bótalaust.

Verður nú athugað, hvort stefndum hefir tekizt að sanna, að gallar á framleiðslu hringsaumastofunnar, er stefnöndu verði gefin sök á, hafi verið svo verulegir, að honum hafi verið heimilt að víkja henni burt bótalaust.

Stefndur hefir leitt nokkur vitni í málinu. Tvö þeirra hafa borið, að stefndur hafi sýnt þeim í skrifstofu sinni nokkur sett af tilbúnum fötum, er hafi verið mjög gölluð. Eitt vitni hefir borið, að föt, er stefndur bauð því til kaups og kvað saumuð af R. Wiese (stefnöndu) 1934, hafi verið svo gölluð, að það hafi ekki séð sér fært að kaupa þau.

Stefnanda hefir mótmælt, að föt þau, er þessum vitnum hafi verið sýnd, hafi verið saumuð í hringsaumastofunni undir hennar stjórn, og er það ekki sannað gegn mótmælum hennar, að svo hafi verið. Þá hafa fjögur vitni, sem öll eru í þjónustu stefnds, borið, að miklir og margvíslegir gallar hafi verið á fötum, sem saumuð voru í hringsaumastofunni og á starfi stefnöndu. Framburði þessara vitna er mótmælt bæði sem röngum og vilhöllum, og þar eð vitnin eru, eins og áður segir, öll í þjónustu stefnds, verður framburður þeirra ekki tekinn til greina stefndum í hag.

Loks hafa tvö vitni gefið vottorð um, að miklir gallar hafi verið á fötum, er þau hafi fengið frá hringsaumastofunni. Í vitnaleiðslunni, þegar annað þessara vitna staðfesti vottorð sitt, kom þó í ljós, að það vissi ekki, hvort fötin voru saumuð í hringsaumastofunni eða hraðsaumastofu Klv. Álafoss. Hitt vitnið staðfesti framburð sinn um það, að fötin hefðu verið saumuð á hringsaumastofunni.

Það verður nú að vísu skv. framansögðu að telja allmiklar líkur komnar fram fyrir því, að ýmsir gallar hafi verið á starfi stefnöndu hjá stefndum og að eitthvað af fötum þeim, er afgreidd voru á hringsaumastofunni, hafi verið verulega gallað, en þó verður ekki talið, að stefnd-

um hafi tekizt að sanna, að gallarnir hafi verið svo tíðir eða miklir, að honum hafi verið heimilt að víkja stefnöndu úr starfi hennar fyrirvara- og bótalaust.

Hefir þessi niðurstaða og sérstaka stoð í því, að upplýst er, að fatnaðurinn, sem saumaður var á hringsaumastofunni, var að mestu eða öllu leyti sniðinn í hraðsaumastofunni, svo og því, að nokkrir klæðskerameistarar, þar af 2 dómkvaddir að beiðni stefnds, hafa borið fyrir rétti og staðfest þann framburð sinn, að nokkrir klæðnaðir, er þeir hafi skoðað og saumaðir hafa verið á hringsaumastofunni, hafi ekki verið ver gerðir en almennt gerizt um „tilbúinn fatnað" (Konfektion).

Af framangreindum ástæðum verður sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina.

Varakröfuna byggir stefndur á því, að skv. samningnum hafi hann, hvenær sem hann vildi, getað látið stefnöndu fara úr þjónustu sinni með 6 mánaða fyrirvara, og eigi því stefnanda í mesta lagi kaup fyrir 26 vikur hjá sér eða kr. 1300.00. Ágóðaþóknunin geti í hæsta lagi numið kr. 104.00 á þessu tímabili, og kemur þannig út varakrafa stefnds um, að hann verði aðeins dæmdur til að borga stefnöndu kr. 1404.00.

Stefnanda kveður stefndan alls ekki hafa getað sagt sér upp starfinu fyrr en 1. ágúst 1938 og eftir þann tíma aðeins með 6 mánaða uppsagnarfresti og byggir hún kröfuupphæðina á þessu.

Eins og áður getur, er ákvæðið um tímagildi samningsins svohljóðandi: *„Samningur þessi gildir frá 1. ág. 1934 til jafnlengdar 1938 með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu."*

Enda þótt orðalag samningsins um tímagildi hans sé í fyllsta máta ógreinilegt, þá verður rétturinn þó að telja, að þar sem svo er til orða tekið, að samningurinn gildi með 6 mánaða fyrirvara til 1. ág. 1938, þá beri að skilja það svo, að 1. ág. 1938 sé samningurinn úr gildi fallinn án uppsagnar og síðan nægði venjulegur uppsagnarfrestur, ef stefnanda ynni eftir þann tíma, en væri samningnum sagt upp á fjögra ára tímabilinu, þá ætti hvor aðilja rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti.

Rétturinn telur stefndan því hafa getað sagt stefnöndu upp með 6 mánaða (26 vikna) fyrirvara, og þar eð hún

hafði 50 kr. kaup á viku, á hún vegna uppsagnarinnar 1300 kr. kröfu á stefndan, auk 50 kr. fyrir eina vinnuviku, er hún hefir ekki fengið greidda, eða samtals kr. 1350.

Stefnanda hefir ekki sannað neitt sérstakt tjón vegna uppsagnarinnar og verður henni þá ekki, gegn andmælum stefnds, dæmdar neinar bætur þess vegna.

Um hundraðsgjald af framleiðslu hringsaumastofunnar athugast, að stefnanda hefir engar líkur fært fyrir því, að það hefði getað orðið meira en upphæð sú, sem stefndur áætlar, eða kr. 104.00, þann tíma, er stefnöndu er tildæmdur sem uppsagnarfrestur. Verður krafa hennar út af því þessvegna tekin til greina með þeirri upphæð (kr. 104.00).

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnöndu 1454 kr. með vöxtum eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 200 kr.

Mánudaginn 24. maí 1937.

Nr. 136/1936. **Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e/s „Pétursey“**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“
(Stefán Jóh. Stefánsson).
og
Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“ (Einar B. Guðmundsson).

Mál til innheimtu björgunarlauna.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 14. ágúst 1936: Stefndur, Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e. s. Pétursey G. K. 6, greiði stefnandanum, Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. útgerðar varðskipsins Þór, kr. 4200.00 ásamt 5% vöxtum frá 12. desember 1935 til greiðsludags og 300 kr. í málskostnað, og Jóni Guðmundssyni, eiganda e. s. Olav, kr. 800

með 5% vöxtum frá 25. jan. 1936 til greiðsludags og málskostnað með 100 kr. Þá viðurkennist og sjóveðréttur í e. s. Pétursey G. K. 6 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. sept. f. á., krefst þess *aðallega*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda Stefáni J. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór" hæfilega þóknun fyrir aðstoð til handa e/s „Pétursey", en að hann verði sýknaður af kröfu stefnda Jóns Guðmundssonar f. h. eigenda e/s „Olav", en *til vara*, að laun þau fyrir aðstoð eða björgun, sem hinum stefndu eru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, verði færð niður eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla, en að hinir stefndu verði dæmdir in solidum eða til vara með öðrum hætti til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Hinir stefndu, sem ekki hafa áfrýjað málinu, hafa krafizt staðfestingar á málinu hvor fyrir sitt leyti og málskostnaðar af áfrýjanda hvor sér til handa.

Telja verður, *að* e/s „Pétursey" hafi verið statt í neyð eftir strandið 3. júlí 1935, *að* varðskipið „Þór" hafi þá innt af hendi björgunarstarfsemi því til handa, *að* ósönnuð sé nokkur sú óvarkárni í því starfi eða óverklægni af hálfu skipverja varðskipsins, er bakað geti útgerð þess ábyrgð, og loks *að* útgerð e/s „Olav" eigi þóknun fyrir þátttöku sína í björgunarstarfinu. Og með því að fallast má á ákvörðun hins áfrýjaða dóms á upphæðum launanna til beggja hinna stefndu, ákvæði hans um

sjóveðrétt og greiðslu málskostnaðar í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Stefáni J. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“ 250 krónur og stefnda Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“ 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti og séu upphæðir þessar tryggðar með sjóveði í e/s Pétursey.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e/s „Pétursey“, greiði stefnda Stefáni J. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“ 250 kr. og stefnda Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“ 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, hvortveggja upphæðin með sjóveði í e/s „Pétursey“.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Miðvikudaginn 3. júlí 1935 strandaði í þoku línuveiðiskipið e.s. Pétursey frá Hafnarfirði kl. 1.05 e. h. milli Helganess og Straumness við utanverðan Skagafjörð. Kallaði skipið á hjálp og náði sambandi við e. s. Ólafur Bjarnason og e.s. Olav frá Akureyri. Kl. rúmlega 3 e. h. kom e.s. Olav á strandstaðinn og lánaði hann e.s. Pétursey akkeri með 4 liðum af keðju, 30 faðma af stálvír, 60 faðma af manillu og tóg. Voru akkerið, keðjurnar, vírinn og trossurnar sett sem varp aftur af Pétursey til þess að varna því, að hún færi lengra upp. Ennfremur lét Pétursey frá sér varpakkeri og 50 faðma af 5½” tógi. Reyndi

Pétursey síðan sjálf með því að toga í bæði akkerin að ná sér út, en útfall var og ekki tiltök að ná skipinu út með þessum útbúnaði, eftir því sem segir í dagbók skipsins. Þá tók e.s. Olav einnig snurpubáta Péturseyjar til vörzlu og nót hennar og allmargir skipverjanna fóru um borð í e.s. Olav með farangur sinn.

E.s. Ólafur Bjarnason fór ekki sjálfur til aðstoðar, en náði í e.s. Þór, er var staddur N.N.A. um 22 s.m. frá Skaga, er hann heyrði kallmerkið, og náði sambandi við e.s. Pétursey, er taldi stað þann, er hún var strönduð við Hrollaugshöfða. Síðan höfðu skipin stöðugt samband með talstöð og með flautum, er Þór nálgaðist, og sá hann Pétursey kl. 5.12 e. h. og kom á strandstaðinn samkv. dagb. Péturseyjar kl. 5.25 e. h. Vindur var A.N.A. 5 og stöðug þoka. Á skerinu, þar sem Pétursey stóð, braut öldurna og var þá notuð steinolía til þess að kyrra sjóinn. Skipstjórinn á Þór fór ásamt 6 hásetum kl. 5.40 um borð í Pétursey og baðst skipstjóri Péturseyjar þá þess, að Þór reyndi að ná skipinu út. Kl. 6 var farið með 400 faðma af 3ja tommu vír frá Þór til Péturseyjar og vírinn settur í gegnum keðjugötin að framan og var þegar gerð tilraun til að draga skipið út, en árangurslaust, en dráttartaugin var stöðugt höfð strengd og loks var togað í dráttarvírinn af fullum krafti með gufuvindunni og vélin sett á fulla ferð og náðist þá skipið út um kl. 9. Kl. 20,50 (sic) eftir dagbók Þórs, en kl. 9.3 eftir dagbók Péturseyjar. Var þá A.N.A. stinnings kaldi. Þegar Þór dró Pétursey af skerinu varð það óhapp, að hún missti bæði akkerin, sem út höfðu verið sett og keðjur, víra og tóg, er áður voru nefnd og e.s. Olav hafði lánað. Sömuleiðis hrökk þá í sundur stýrisstamminn á Pétursey, svo stýrið varð henni ónothæft og varð Þór þessvegna að draga hana til hafnar, en nær enginn leki hafði komizt að skipinu, varð aðeins vart í forlestinni, og ef til vill í vélarúminu, sem ekki er þó upplýst. Þór tók því næst Pétursey í eftirdrag til Akureyrar og lagðist þar að bryggju kl. 6 að morgni þess 4. júlí. Sama dag voru staðfestar fyrir sjóréttinum þar sjóferðaskýrslur skipanna samkv. dagbókum þeirra. En eftir að skipinu var náð út fór e.s. Olav sína leið, en útdráttur úr dagbók hans hefir verið lagður fram hér í réttinum með áritun skipstjóra Péturseyjar um, að það væri rétt skýrsla.

E. s. Pétursey, sem er stálskip, smíðað 1902, 91 tonn br., 44 tonn nt. með 110 ha. vél, var af yfirmatsmönnum í Reykjavík metin 32 þús. kr. virði áður en hún strandaði, en 18. þús. kr. virði á strandstaðnum í því ástandi, sem hún var, þegar henni var bjargað.

Aðalstefnandi þessa máls, hrm. Stefán Jóh. Stefánsson f. h. eigenda og útgerðar e.s. Þór, hafði með stefnu, dags. 12. des. 1935, krafizt þess, að stefndur, Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e.s. Péturseyjar G.K. 6, verði dæmdur til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 10.000.00, til vara eftir mati réttarins, með 6% ársvöxtum frá 3. júlí 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Svo krefst stefnandi þess, að honum verði tildæmdur sjóveðréttur í e.s. Pétursey fyrir hinum tildæmdu upphæðum. Þá hefir Jón Guðmundsson, eigandi e.s. Olav, gengið inn í þetta mál með stefnu, dags. 25. jan. 1936, og gert kröfu á hendur stefndum til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 3000.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, svo og viðurkenningar á sjóveðrétti í e.s. Pétursey fyrir þessum upphæðum. Gerir meðalstefnandi þá kröfu, að mál þessi bæði verði sameinuð og að dómur verði samtímis felldur í þeim báðum. Þess skal getið, að varnarþing e.s. Péturseyjar er ekki hér, en fyrirsvarsmenn hennar hafa samþykkt, að málin væru hér rekin.

Aðalstefnandi hefir mótmælt því, að e. s. Olav ætti nokkra kröfu til björgunarlauna, því að hann hafi ekkert að henni unnið, og eigi hann heldur engan rétt til þóknunar fyrir aðstoð, og krefst aðalstefnandi þess, að krafa meðalstefnandans verði engin áhrif látin hafa á kröfu sína, en til vara krefst hann, að krafa e.s. Olav verði færð niður til verulegra muna. Stefndur hefir ekkert haft að athuga við það, að eigandi e. s. Olav gekk inn í málið og að kröfur beggja stefnenda séu sameinaðar í eitt mál og dómur gangi um þær þannig, og krefst þess, að upphæðin verði ákveðin í einu lagi og rétturinn ákveði skiptingu þess, er tildæmt kann að verða milli stefnenda og farið verði með málskostnað á sömu lund. En annars er það aðalkrafa stefnds, að hann verði algerlega sýknaður gegn hæfilegri þóknun eftir mati réttarins fyrir dráttaraðstoð eða eftir atvikum björgun. Ennfremur mótmælir hann

því, að vextir af tildæmdri upphæð séu reiknaðir hærri en 5% og svo og málskostnaðarkröfum stefnanda sem allt of háum, hvernig sem málið fer.

Atvik og aðgerðir hafa verið raktar hér að framan samkv. staðfestum dagbókarskýrslum skipanna og virðist aðstaða e.s. Péturseyjar hafa verið slík, að þótt vindur væri hægur, virðist hafa verið nokkur alda og því rétt að hraða drætti af skerinu, svo sem unnt var, og skipið þá höggvið á skerinu og því hætta á, að gat kæmi á það. Litur rétturinn svo á, að skipið hafi verið statt í verulegri neyð og hér sé um björgun að ræða, enda þótt svo kynni að hafa getað orðið, að skipið hefði náð sér út á eigin ramleik með kveldflóðinu, sem var þenna dag, samkv. sjómannaalmanaki, um kl. 11 e. h. Staðhæfing aðalstefnanda, að kveldflóðið hafi verið kl. laust fyrir 9, er því ekki rétt.

Björgunarstarfsemi þessi hófst með notkun þeirra tækja, er e.s. Olav lánaði, og verður því ekki neitað, að tæki þessi hafi tryggt það, að skipið haggaðist sem minnst og varnað því, að því slægi þar flötu fyrir öldunni. Aðalþáttinn í björgunarstarfinu átti samt e.s. Þór.

Er meta skal björgunarlaunin, þykir fyrst verða að nefna það, að aðalhættan fyrir aðkomuskipin var fólgin í því, að þau urðu að fara í þoku upp að landinu, en veður var gott, þó væri álandsgola. Hætta björgunarmanna eða skips þeirra eftir að á staðinn var komið, virðist ekki teljandi og skipshöfn e.s. Péturseyjar virðist ekki hafa verið knúð til að yfirgefa skipið vegna hættunnar, en leitað um borð í e.s. Olav eftir að sjáanlegt var, að ekki varð neitt aðhafzt fyrr en e.s. Þór kom.

Það hefir að vísu ekki verið hnekkt skýrslu e.s. Péturseyjar um það, að stýrisstamminn hafi brotnað, þegar Þór dró skipið af grunni og að akkerin og önnur tæki,sem að framan voru nefnd, hafi þá einnig farið forgörðum, en hinsvegar er það ekki sannað, að e.s. Þór verði gefið að sök, að hann hafi borið sig hranalega og óhönduglega að við björgunina, enda áttu menn frá Pétursey, er voru þar um borð, að geta slakað á akkeristaugunum samtímis því, að skipið var dregið út. Og sérstaklega er það ósannað að stýristamminn hafi brotnað fyrir vangæzlu frá e.s. Þór.

Að athuguðum öllum atvikum þykja björgunarlaunin

hæfilega ákveðin samtals 5000 kr. en þar af hljóti e.s. Olav 800 kr. Vextir reiknast 5% frá stefnudögum hvors máls. Í málskostnað greiði stefndur 400 kr. þar af 100 kr. til umboðsmanns e.s. Olav. Þá viðurkennist og sjóveðréttur í e.s. Pétursey fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Miðvikudaginn 26. maí 1937.

Nr. 164/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Pétri Ólafssyni, Stefáni Ó. Stephensen og Ólafi Þórðarsyni
(Eggert Claessen).

Þrír menn dæmdir til refsingar samkvæmt 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði Stefán Ólafsson Stephensen greiði til landhelgisjóðs Íslands 8000.00 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Pétur Ólafsson greiði til landhelgisjóðs Íslands 8000.00 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Þórðarson greiði til landhelgisjóðs Íslands 2500 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði allir in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem prófum málsins og viðurkenningu hinna kærðu Péturs Ólafssonar og Stefáns Ó. Steph-

ensen er háttað, verður ekki talið upplýst, að þeir hafi verið búnir að stunda starfsemi þá, sem þeim er að sök gefin og lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms, lengur en um eins árs skeið, er rannsókn í málinu hófst í janúar 1936. Kærði Pétur var upphafsmaður að starfsemi þessari og hafði undir höndum dulmálslykil þann, sem notaður var, en telja verður, að kærðu hafi báðir staðið sem aðalmenn að sendingu skeytanna. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og núverandi gullgengis íslenzkrar krónu þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að sekt kærða Stefáns verði 5500 krónur og að kærðu afpláni sektir sínar sem hér segir, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, kærði Pétur með einföldu fangelsi í 5 mánuði, kærði Stefán með einföldu fangelsi í 100 daga og kærði Ólafur með einföldu fangelsi í 60 daga.

Kærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að í þinghaldi 16. apríl 1936 eru lögð fram hefti með dulskeytum frá árinu 1934, sem virðast varða mál þetta, en ekki verður séð af prófum málsins, að dulskeyti þessi hafi verið borin undir kærðu Pétur og Stefán né að gangskör hafi verið gerð að því að upplýsa, hvort ofangreind starfsemi þeirra hafi verið byrjuð á árinu 1934.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Pétur Ólafsson greiði 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 5 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Stefán Ó. Stephensen greiði 5500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 100 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Þórðarson greiði 2500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claessen, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Ólafssyni Stephensen, kaupmanni, Bjarkargötu 4, Pétri Ólafssyni, sjómanni, Hverfisgötu 65, og Ólafi Þórð-

arsyni, umboðssala, Öldugötu 27, öllum hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920.

Hinir kærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Hefir enginn þeirra fyrr sætt ákæru eða refsingu.

Með bréfi dags. 20. október s. l. fól dómsmálaráðuneytið tveim mönnum að rannsaka það, hvort togarar, sem stunda veiðar hér við land, mundu með skeytum úr landi verða látnir vita um hreyfingar varðskipanna. Athuganir þessara manna leiddu til þess, að þeir hinn 8. janúar s. l. gáfu skýrslu um þær til ráðuneytisins þess efnis, að þeir teldu nokkra menn vera grunsamlega um að hafa gefið togurum slíkar upplýsingar, sem að framan greinir, með loftskeytum, og færðu rök að þessu áliti sínu. Með bréfi dags. 9. janúar fyrirskipaði ráðuneytið síðan réttarrannsókn í máli þessu, sem hófst samdægurs og leiddi þá þegar til þess, að nokkrir menn játuðu, að hafa orðið sekir um fyrrgreint athæfi.

Kærði Pétur Ólafsson hefir játað að hafa fyrir beiðni ensks útgerðarmanns í útgerðarfélaginu Rinovia Steam Fishing Company, Grimsby, tekizt á hendur að gefa togurum félagsins: Blakkur, Fairway, Alsey og Drangey, er þeir væru að veiðum hér við land, með loftskeytum á dulmáli upplýsingar um hreyfingar og dvalarstaði varðskipanna íslenzku, svo að skipstjórarnir á þessum togurum gætu stundað landhelgiveiðar áhyggjulausir, er þeir vissu, að varðskipin væru ekki nærri. Fékk kærði síðan afhentan dulmálslykil til þess að semja skeytin eftir, og hóf hann síðan þessa upplýsingastarfsemi í júlímánuði árið 1934, að því er virðist. En með því að kærði hafði eigi nægjanlegt vald á enskri tungu til þess að rækja starf þetta, þá kveðst hann hafa fengið til liðs við sig meðkærða Stefán Ó. Stephensen. Unnu þeir síðan saman að þessu á þann hátt, að Pétur aflaði hinna nauðsynlegu upplýsinga um varðskipin, sem hann kveður þó ávallt hafa verið takmarkaðar við Reykjavík, en Stefán samdi eftir þeim dulmálsskeyti, sem síðan voru send togurunum. Þannig störfuðu hinir kærðu saman, þangað til um miðjan desembermánuð s. l., að kærði Stefán fékk kærða Ólaf Þórðarson til þess í sinn stað að annast um samning og sending skeytanna, sem hann tók að sér og annaðist síðan, þangað til mál þetta kom upp, og voru skeytin

eftir það skrifuð hjá símanúmeri hans, en höfðu jafnan áður verið skrifuð hjá símanúmeri Péturs. Kveðst Stefán hafa viljað losna við þetta starf vegna annríkis á þessum tíma, en Ólafur kveðst hafa tekið það að sér aðeins í greiðaskyni og með það fyrir augum, að það væri aðeins til bráðabirgða.

Er mál þetta kom upp, eyðilagði Ólafur Þórðarson dulsmálslykil þann, sem þá var í notkun, en dulsmálslykli, sem áður var notaður, kveðst kærði Pétur Ólafsson þá hafa verið búinn að skila útgerðarfélaginu. Það hefir því ekki tekizt að þýða eða ráða neitt af skeytum þeim, sem hér um ræðir. En hinir kærðu hafa játað, að yfirleitt öll skeytaskipti þeirra við fyrrgreind skip hafi með alveg sárfáum undantekningum fjallað um varðskipin. Úr skjalasafni Landssímans hafa verið tekin skeyti þau, sem farið hafa í milli kærðu og umræddra skipa frá því starfsemi þessi hófst, unz mál þetta kom upp, og hafa þau verið lögð fram í málinu. Er það mesti fjöldi skeyta, sem þannig liggur fyrir frá hinum kærðu til skipanna, og þykir af því, í sambandi við fyrrgreindar játningar hinna kærðu um efni skeytanna, mega ráða, að upplýsingastarfsemi þessi hafi verið mjög umfangsmikil.

Hinir kærðu hafa allir játað það, að þeim hafi verið það ljóst, að skipin fengu þessar upplýsingar um varðskipin með tilliti til landhelgiveiða. Hinsvegar hafa þeir neitað því, að þeir hafi haft vitneskju um það, hvort eða að hve miklu leyti umræddar upplýsingar þeirra voru hagnýttar af skipstjórum togaranna.

Það er talið, að íslenzkir menn hafi verið fiskiskipstjórar á öllum fyrrgreindum togurum og jafnvel að íslenzkur maður hafi verið skipstjóri á einum þeirra. Einn af þessum fiskiskipstjórum, sem verið hafði á togurunum Blakkur og Fairway, hefir verið yfirheyrður undir rannsókn málsins. Játaði hann, að nokkur brögð hefðu verið að því, að þessi skip veiddu í landhelgi, og tilgreindi sem dæmi þess, að togarinn Blakkur hefði fyrstu dagana í janúarmánuði s. l. veitt 1½—2 sólarhringa í landhelgi á Ísafjarðardjúpi.

Enginn hinna kærðu hefir kannazt við það, að hafa fengið nokkur laun fyrir þessi störf, en Pétur Ólafsson

kveður sér hafa verið heitið 200 króna þóknun á árí, sem hann þó aldrei hafi fengið. Kærði Stefán Stephensen hefir haldið því fram, að hann hafi unnið þetta starf aðeins af greiðasemi við Pétur, án þess að áskilja sér eða fá laun fyrir það, eða haft nokkurt samband við útgerð skipanna. Allur þessi framburður verður að teljast mjög tortryggilegur, og með tilliti til þess, að kærði Stefán vann að þessari upplýsingastarfsemi frá upphafi og tók sig fram um að útvega mann til að gegna henni vegna annríkis síns í sinn stað, án þess þó að hætta afskiptum af henni með öllu, þá þykir mega ganga út frá því, að hann hafi engu minni hlut átt að þessu starfi en Pétur Ólafsson.

Framangreind starfsemi hinna kærðu, sem er til þess fallin bæði að liðsinna togurum þeim, sem hennar nutu, við veiðar í landhelgi og gera þeim mögulegt að komast undan hegningu fyrir framin landhelgibrot, varðar við 4. gr. laga nr. 5, 1920.

Með tilliti til þess, hve upplýsingastarfsemi hinna kærðu Stefáns og Péturs er umfangsmikil og langvarandi og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar, þykir refsing hvors þeirra um sig hæfilega ákveðin 8000.00 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í sex mánuði í stað sektar hvors þeirra, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að kærði Ólafur Þórðarson hefir unnið að þessari upplýsingastarfsemi tiltölulega stuttan tíma, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 26. maí 1937.

Nr. 30/1937. **Pétur Magnússon f. h. T. Hofmann-Olsen** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Halldóri Guðmundssyni (Enginn).

Fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Áfrýjað er fjárnámi, framkvæmdu í fógetarétti Siglufjarðarkaupstaðar 11. marz 1937: Lýsti fógeti því yfir, að ofangreindar eignir[1]) væru teknar fjárnámi til tryggingar greiðslu fjárnámskrafna fjárnámsbeiðanda, kr. 159.909.71 með 6% vöxtum frá 15. ágúst 1935, auk fjárnámskostnaðar, og fyrirbauð fjárnámsþola að ráðstafa eignunum á þann hátt, að skert gæti rétt fjárnámshafa að viðlagðri lagarefsingu.

Dómur hæstaréttar.

Þann 29. júní 1929 gaf stefndi út til áfrýjanda skuldabréf að upphæð kr. 180.000.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi bréfsins, og skyldi skuldin greiðast í ákveðnum afborgunum ár hvert, enda skyldi henni, að því er virðist, vera lokið 15. des. 1936. Til tryggingar höfuðstól, vöxtum og kostnaði veðsetti stefndi skuldeiganda með fyrsta veðrétti stöð sína á Siglufirði með mannvirkjum, vélum og öðru tilheyrandi, og með öðrum veðrétti verzlunar- og íbúðarhús sitt þar. Fjárnám í veðinu mátti gera samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, ef því yrði að skipta. Stefndi stóð ekki í skilum samkvæmt skuldabréfinu, og eru eftirstöðvar skuldarinnar taldar þann 6. marz þ. á. nema kr.

---

1) Þ. e. Síldarstöð á Siglufirði með bryggjum, húsum og lóðarréttindum og vélum og húseigninni Vetrarbraut 7.

159.909.71 auk vaxta frá 15. ág. 1935, er áfrýjandi krafðist fjárnáms í veðunum. Ákvað fógeti, að fjárnám skyldi fara fram þann 11. marz þ. á., enda var ákvörðun hans þar um birt af stefnuvottum á heimili stefnda þann 6. s. m. Fjárnámið var síðan framkvæmt á tilsettum tíma og fjárnámi teknar hinar framangreindu, veðsettu eignir.

Fjárnámsgerð þessari hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 31. marz þ. á., og krafizt staðfestingar á henni og málskostnaðar af stefnda eftir mati dómsins. Stefndi sótti ekki þing, er málið skyldi flytja, og hefir það því verið flutt skriflega eftir 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna, og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Með því að engir þeir gallar eru á fjárnámsgerðinni, er ómerkingu hennar megi varða, þykir mega taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina.

Það sést ekki á skjölum málsins, að stefndi hafi veitt áfrýjanda sérstakt tilefni til áfrýjunar máls þessa, og þykir því rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Föstudaginn 28. maí 1937.

Nr. 138/1936. **Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f (Theódór B. Lindal).

Mál út af björgunarlaunum.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 12. júní 1936: Stefndur, Sjóvátryggingarfélag Íslands h. f., greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 15.000 ásamt 5% ársvöxtum frá 29. nóv. 1935 til greiðsludags og málskostnað með 900 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 17. sept. f. á. og gert þær dómkröfur, *að* honum verði dæmd laun fyrir björgun strandferðaskipsins „Súðin" þann 17. des. 1934 og að hæð björgunarlaunanna verði eftir mati dómsins færð upp að verulegum mun frá því sem gert hefir verið í hinum áfrýjaða dómi, *að* honum verði dæmdir 5% ársvextir af björgnarlaununum eins og þau verða ákveðin í hæstarétti frá útgáfudegi stefnu, 29. okt. 1935, og til greiðsludags og loks *að* ákvæði sjódómsins um málskostnað í héraði verði staðfest, en stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að telja, *að* strandferðaskipið „Súðin“ hafi verið statt í neyð á þeim tíma, er hér skiptir máli, og *að* björgunar- og varðskipið „Þór“ hafi innt af hendi fullkomið björgunarstarf áminnztu skipi til handa. Eftir öllum atvikum málsins þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 18000.00 ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir bera að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði áfrýjanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 18000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 29. okt. 1935 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað. Stefndi greiði áfrýjanda 400 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 16. desember 1934 kl. 5,55 f. m. létti strandferðaskipið Súðin akkerum og sigldi út úr Skagastrandarskipalegu, en 7 mínútum seinna, kl. 6,2, tók skipið niðri, rann upp á sker. Logn var, en skýjað. Tilraunir voru gerðar af hálfu skipverja til að ná skipinu út þá þegar, en þær reyndust árangurslausar. Var þá símað til útgerðarstjóra skipsins og beiðzt aðstoðar, og sendi hann varðskipið Þór, sem staddur var í Dýrafjarðarmynni til aðstoðar, og kom Þór á strandstaðinn sama dag kl. 7,45 e. h. Voru þá þegar gerðar tilraunir til að draga Súðina af skerinu um kvöldið,

en tókst ekki. kl. 5 að morgni þess 17. desember var gerð ný tilraun með þeim árangri, að innan 15 mínútna losnaði Súðin af skerinu og komst aðstoðarlaust inn á hafnarleguna á Skagaströnd og eftir að vörur á Húnaflóahafnir og póstur hafði verið tekið úr skipinu, lagði það á stað kl. 5,6 e. h. þann 17. desember og sigldi undir eftirliti Þórs til Ísafjarðar. Komu skipin þangað kl. 6,20 f. m. þann 18. Var Súðin skoðuð af kafara þar og talin fær að sigla til Reykjavíkur, og kom þangað um nón þ. 19.

Fyrir starf Þórs við þetta tækifæri hefir stefnandi, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, með stefnu dags. 29. okt. 1935 krafizt þess, að stefndur, Sjóvátryggingarfélag Íslands, sem vátryggjandi Súðarinnar og farms hennar, verði dæmdur til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 60000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 17. desember 1934 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara krefst stefnandi bóta og björgunarlauna eftir mati réttarins, ásamt vöxtum og málskostnaði.

Stefndur krefst algerðar sýknu gegn greiðslu hæfilegrar þóknunar fyrir aðstoð, til vara fyrir björgun, eftir mati réttarins. Mótmælir hann sérstaklega, að vextir verði reiknaðir hærri en 5% og ekki frá fyrri tíma en stefnudegi.

Um tilraunir Súðarinnar sjálfrar til að losa sig, ástand hennar, og hættu, er hún var stödd í, og aðgerðir Þórs skal þetta tekið fram: Súðin tók niðri um 60 mínútum eftir háflæði. Var nú dælt úr botnhylkjum til að létta skipið, vélin látin ganga með fullri ferð afturábak, varpakkeri sett aftur af skipinu með 100 faðma löngum vír og gert allt, sem mögulegt var til að losa það, en árangurslaust og var tilraununum hætt kl. 6,54. Fóru farþegar í land og síðan losuð úr skipinu 40 tonn af síldarmjöli, kl. 4,30 e. h. til kl. 6,30 voru gerðar tilraunir að nýju, en án árangurs. Er Þór kom, setti hann strax dráttarvír í Súðina, er settur var fastur þar í afturlúgukarm og vírinn síðan strengdur með vindunni og var þá fjarlægðin milli skipanna um 200 metrar. Síðan var vélin sett á fyllstu ferð og halað með „trollspilinu" í akkerisfestina með því afli, sem til var, en þetta reyndist árangurslaust, og var tilraununum hætt kl. 9,2 e. h. Þá var ástand Súðarinnar þannig, að hún hallaðist talsvert á stjb. hlið og afturenda, enda var dýpi samkv. sjóferðarskýrslunni við skipið þannig, að 5

metrar voru fyrir framan stefni, 1,5 til 2 metrar aftur með bógnum, 8 metrar miðskips og 15 metrar fyrir aftan skipið. Upp á skerið hafði skipið siglt með 9 mílna hraða. Um kvöldið var kominn sjór í skipið að framan, stafnhylki og 1. hylki full, og reyndist árangurslaust að dæla þaðan, en hinsvegar hafðist við að dæla úr 2. hylki. Vindur var A.V.A. gola, en alda óx eitthvað, og fór skipið að ókyrrast á skerinu. Var þá gerð tilraun af nýju undir miðnættið um að losa skipið, en tókst ekki, en dráttartaugin var höfð strengd milli skipanna til þess að koma í veg fyrir, að Súðin bærist hærra upp á skerið. Margir af skipshöfn Súðarinnar fluttu nú farangur sinn um borð í Þór. Vindátt og vindmagn um nóttina var A.V.A. 3 vindstig. Kl. 5 að morgni byrjaði Þór að toga í Súðina, en hún hjálpaði til með vél sinni og togaði í varpakkerið og bb.akkeri, sem sett hafði verið út daginn áður, og losnaði skipið eins og áður er sagt kl. 5,15.

Aðiljar hafa deilt um það, hvort Súðin mundi ekki hafa getað losað sig af eigin ramleik um morguninn þann 17. um háflæðið, þar sem það tókst svo léttilega að ná henni út um klukkustund fyrir þann tíma. Um þetta verður ekki sagt með neinni vissu, því að misheppnaðar tilraunir hennar sjálfrar á kvöldflóðinu þann 16. afsanna það ekki, því að skipið varð léttara síðar en það varð þá. Sameinaðar tilraunir skipanna um kvöldið sanna einnig lítið af eða á um þetta, því að farið var svo að lækka í sjó, er þær tilraunir voru gerðar. Hinsvegar er það ljóst, að skipið var statt í neyð, þar sem það hékk á skerinu og hinar miklu skemmdir, sem voru orðnar á skipinu, sbr. matsgjörðina síðar, sanna, að athafnamöguleikar þess voru orðnir mikið skertir. Sjórétturinn verður því að hallast að þeirri skoðun, að telja verði um björgun af hálfu Þórs að ræða.

Er meta skal laun þau, er Þór ber fyrir starf sitt, skal það strax sagt, að vegna góðviðris var hinu bjargandi skipi ekki stofnað í neina hættu né mönnum teflt í tvísýnu eða góssi. Þá aðstoðaði hið bjargaða skip verulega við björgunina með eigin vélaafli, tækjum og mönnum.

Verðmæti skips og farms er svo sem hér segir: Súðin er smíðuð 1891, 811 tonn br., en 469 tonn netto. Að mati virðingarmanna, er voru dómkvaddir í Reykjavík og fram-

kvæmdu vendilega skoðun á skipinu á dráttarbraut í Reykjavík 24. desember 1934, telja þeir skipið í því ásigkomulagi, sem það var eftir strandið með vélum, rá og reiða 82 þús. kr. virði, en kol, olíu, vistir og önnur föng skipinu tilheyrandi kr. 16300 eða samtals kr. 98300. En kostnað við endurbætur skemmdanna, er á því urðu við strandið á Skagaströnd, 68 þús. kr. og auk þess kostnað við aðgerð skemmda, sem það varð fyrir við grunnsteyting á Kópaskeri 29. nóv. 1934, kr. 11500.00. Stefnandi hefir talið verðmæti farmsins, er var í skipinu, er það var dregið á flot, um 50 þús. kr. En gegn mótmælum stefnds verður það ekki sannað, að vátryggt hafi verið hjá honum meira en um 19000 kr. verðmæti af vörum þessum og þykir því gagnvart stefndum hið bjargaða verðmæti ekki verða talið meira en röskar 117 þús. kr.

Samkv. því, sem nú hefir verið sagt, og með tilliti til þess, að það er ekki upplýst, að Þór sé útbúinn með nokkrum sérstökum tækjum til björgunar strönduðum skipum, sem og þess, að hann felldi ekki niður neitt arðberandi starf þann tíma, er hann tafðist vegna Súðarinnar, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin 15 þús. kr. auk 5% ársvaxta frá 29. nóv. 1935 til greiðsludags. Svo ber stefndum að greiða stefnanda málskostnað, þar með talinn kostnaður við áðurgreint mat, kr. 900.00.

Mánudaginn 31. maí 1937.

Nr. 115/1936. **Tómas Tómasson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
firmanu Helgi Magnússon & Co.
(Einar B. Guðmundsson).

A, er byggði hús samkvæmt verksamningi, talið vera skylt að greiða gólfdúka til hússins, er annar húseigenda hafði pantað hjá firma því, er A skipti við um efniskaup til hússins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1936: Stefndur, Tómas Tómasson, greiði stefnandanum, firmanu Helgi Magnússon & Co., kr. 1597.22 með 5% ársvöxtum frá 1. nóvember 1935 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. ágúst f. á., hefir krafizt sýknu af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi, sem ekki hefir áfrýjað málinu, hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er óvéfengt í málinu, að áfrýjandi tók út hjá stefnda með greiðslufresti vörur til hússins nr. 40 við Garðastræti fyrir að minnsta kosti nær 9000.00 kr., auk þess sem stefndi lét í té gólfdúka þá til sama húss, er í máli þessu greinir. Það verður því að gera ráð fyrir því, að stefndi hafi, þegar aðiljar sömdu um úttektina til hússins og greiðslufrestinn, haft vitneskju um aðalefni verksamnings áfrýjanda við eigendur hússins, og að stefndi hafi þá fengið nægа ástæðu til að treysta því, að áfrýjandi væri yfir höfuð ábyrgur um greiðslu allra þeirra vara, er hann tæki út hjá stefnda til húsgerðarinnar, nema beinn fyrirvari væri gerður um einstök vöruútilát. Slíkur fyrirvari verður ekki talinn felast þar í, að annar eigenda hússins fékk innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir dúkunum gefið út á sitt nafn, né í því, að sami maður fékk stefnda til að útvega dúkana, enda þurfti ekki annað eða meira að felast í þessu en verkaléttir eða greiði af hálfu húseigenda til handa á-

frýjanda. Ef áfrýjandi hefði viljað firra sig ábyrgð á greiðslu á andvirði dúkanna, þá hefði hann þurft að gera fyrirvara gagnvart stefnda þar um eigi síðar en við móttöku þeirra. Þetta gerði hann ekki, og er þó óvéfengt, að sjálfur hafi hann veitt dúkunum viðtöku, er stefndi skilaði þeim á byggingarstaðinn. Áfrýjandi hefir því ekki gert það, er gera þurfti til að raska því réttmæta trausti, er stefndi mátti hafa til greiðsluvilja hans og greiðsluskyldu á andvirði dúkanna sem andvirði annarra vara, er áfrýjandi fékk hjá stefnda til húsgerðarinnar.

Þann 18. jan. 1936 tók áfrýjandi við fullnaðargreiðslu fyrir efndir sínar á verksamningnum, að undanskildum síðar greiddum kr. 280.00 fyrir aukaverk, sem samningurinn tók ekki til, þar á meðal fyrir gólfdúkana. Og bendir þetta eindregið til þess, að þá hafi áfrýjandi einnig talið sig ábyrgan um greiðslu á andvirði þeirra, því að annars kostar hefði hann átt að benda verkkaupendunum, sem auðsjáanlega töldu sér greiðslu á dúkunum eins og öðru til hússins, er áfrýjandi átti að láta í té, óviðkomandi, á það, að hann teldi sér óskylt að greiða dúkana, svo að þeir mættu þá halda eftir upphæð, er dúkaverðinu samsvaraði.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja áfrýjanda skylt að greiða stefnda andvirði oftnefndra dúka, og ber því að staðfesta héraðsdóminn í máli þessu að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tómas Tómasson, greiði stefnda, firmanu Helgi Magnússon & Co., 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 13. febrúar 1936 af firmanu Helgi Magnússon & Co., hér í bæ, gegn Tómasi Tómassyni, trésmið, Garðastræti 8 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 1.928.97 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá varakröfu, að stefndur verði dæmdur til að greiða nokkurn hluta kröfunnar (kr. 331.75), nema hann synji fyrir það með eiði, að honum beri að greiða þann hluta hennar, sbr. gefnu ábyrgðarloforði (sic), og að hann hafi tekið þennan lið út hjá stefnanda eða leyft að taka hann út í reikning sinn.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Umkrafða skuld kveður stefnandi vera 1) fyrir úttektina á linoleumgólfdúk í húsið nr. 40 við Garðastræti kr. 1.597.22 og 2) úttekt vegna skemmda á miðstöðinni í húsinu nr. 118 við Hringbraut, kr. 331.75. Er málið þannig vaxið, að skuldaliðir þessir verða að athugast hvor í sínu lagi, og verður það nú gert.

1. Linoleumdúkur í húsið nr. 40 við Garðastræti.

Hvað þennan lið snertir, eru málavextir þeir, að stefndur hafði tekið að sér í ákvæðisvinnu að byggja húsið Garðastræti 40 fyrir þá Gústav Jónasson, lögreglustjóra, og Sigurjón Stefánsson, verzlunarmann. Átti stefndur að leggja allt efni til hússins fyrir eigin reikning, þar á meðal linoleum-gólfdúk. Stefndur skýrir svo frá, að hann hafi fengið dúkinn sendan frá stefnanda og tekið við

honum athugasemdalaust, þar eð hann hafi vitað, að sér bar að leggja hann á gólfin, en áður hafi Sigurjón Stefánsson verið búinn að fá samþykki sitt til að mega leggja dúkinn til sjálfur, og hafi hann því haldið, að stefnandi sendi dúkinn fyrir reikning Sigurjóns, enda kveðst stefndur aldrei hafa tekið út neina linoleum-dúka til nefnds húss hjá stefnanda og heldur ekki hafa leyft neinum að gera það fyrir sína hönd. Sér beri því alls ekki skylda til að greiða stefnanda umstefnda skuld fyrir dúkana, enda þótt þeir hafi farið í húsið, en hinsvegar telur hann Gústav og Sigurjón munu geta krafið sig um andvirði þeirra.

Kveðst stefndur hafa getað fengið samskonar dúka fyrir minna verð annarsstaðar á þeim tíma, er dúkarnir voru teknir hjá stefnanda, og þegar af þeirri ástæðu hafi sér aldrei komið til hugar að kaupa þá hjá honum. Þessari staðhæfingu stefnds er þó mótmælt, og er hún ekki sönnuð gegn þeim mótmælum. Sigurjón Stefánsson hefir verið leiddur sem vitni í máli þessu, og neitar hann því harðlega, að hann hafi farið fram á það við stefndan að fá að leggja dúkana til í húsið. Heldur stefnandi því fram, að húseigendurnir, Sigurjón og Gústav, hafi í samráði við stefndan beðið sig um að panta dúkana, og beri honum því tvímælalaust að borga sér þá beint.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndur átti að leggja til dúkana í húsið fyrir eigin reikning og sömuleiðis, að dúkarnir, sem lagðir voru í húsið, voru sömu gæða og þeir áttu að vera samkv. verksamningnum um húsbygginguna. Ennfremur er upplýst, að stefndur tók athugasemdalaust við dúkunum, er stefnandi sendi honum þá, og ber hér að minnast þess, að stefndur hefir ekki sannað í máli þessu, að Sigurjón hafi beðið um að mega leggja dúkana til, enda er því mótmælt af stefnanda. Loks er upplýst, að stefndur hefir fengið fulla greiðslu fyrir húsið og í henni var falin greiðsla fyrir dúkana.

Það má nú að vísu telja upplýst í málinu, að Gústav og Sigurjón hafi beðið stefnanda um dúkana í nafni stefnds án þess að hafa til þess a. m. k. ótvírætt samþykki hans og að stefndum bæri því ekki skylda til að greiða stefnanda dúkana beint, ef hann ekki síðar hefði samþykkt það, og verður nú athugað, hvort stefndur hafi síðar sam-

þykkt þessa ráðstöfun húseiganda (sic) og þannig skuldbundið sig til að greiða dúkana beint til stefnanda.

Í rekstri málsins verður stefndur talinn hafa játað, að hann hafi aldrei haft ástæðu til að ætla, að húseigendurnir vildu leggja dúkana til án endurgjalds eða án þess að andvirði þeirra væri dregið frá umsömdu húsverði. Einnig hefir stefndur viðurkennt að hafa tekið við allri hinni umsömdu greiðslu fyrir húsið, en í henni var fólgin greiðsla fyrir dúkana, og var stefndum það ljóst. Með því að taka fyrst athugasemdalaust við dúkunum sjálfum, án þess að hann hafi sannað, að Sigurjón hafi viljað leggja þá til, og síðan að taka athugasemdalaust við greiðslu fyrir þá frá húseigendunum, án þess að hafa nokkra ástæðu til að ætla, að þeir vildu gefa sér andvirði þeirra, þá telur rétturinn stefndan hafa samþykkt ráðstöfun húseiganda (sic) um útvegun dúkanna og jafnframt, þar eð hann vissi, hvaðan þeir voru, hafa tekið að sér að greiða stefnanda þá beint. Þessi kröfuliður stefnanda verður því tekinn til greina að fullu.

2. *Úttekt vegna skemmda á miðstöð hússins nr. 118 við Hringbraut.*

Þennan lið kröfu sinnar byggir stefndur (sic) á því, að stefndur hafi fengið sig til að hleypa vatni í miðstöð þessa, með þeim afleiðingum, að hún hafi skemmzt. Kveður hann stefndan hafa lofað að ábyrgjast tjón, er af því kynni að leiða, að vatni væri hleypt í miðstöðina, og hafi hann einnig leyft, að viðgerðin færi fram á hans kostnað, eftir að skemmdirnar urðu.

Stefndur neitar eindregið báðum þessum staðhæfingum stefnanda, og eru þær ekki sannaðar gegn neitun hans. Ekki þykja heldur svo miklar líkur að þeim leiddar, að unnt sé að taka varakröfu stefnanda til greina um, að stefndur verði dæmdur til að greiða þennan lið, nema hann synji fyrir það með eiði, að hann hafi tekizt á hendur umrædda ábyrgð eða leyft úttektina.

Stefndur verður því alveg sýknaður af þessum kröfulið.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður dæmdur til greiða stefnanda kr. 1597.22 með 5% ársvöxtum frá 1. nóvember 1935 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Mánudaginn 31. maí 1937.

Nr. 9/1937. **Ólafur Ólafsson, Sig. Steinþórsson, Kristmann Jóhannsson, Kristján Bjartmar og Guðmundur Jónsson**
gegn
firmanu H. Benediksson & Co.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ólafur Ólafsson, Sig. Steinþórsson, Kristmann Jóhannsson, Kristján Bjartmar og Guðmundur Jónsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 7. júní 1937.

Nr. 179/1936. **Ísafjarðarkaupstaður**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Elliheimilinu „Grund“
(Einar B. Guðmundsson)

Sveitarfélag ekki talið hafa á virkan hátt sagt upp ábyrgð sinni á dvalarkostnaði tveggja þurfalinga sinna á elliheimili nokkru.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 16. júlí 1936: Stefndur, Ísafjarðarkaupstaður, greiði stefnandanum, Elliheimilinu Grund, kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum af mánaðarvistgjöldunum frá því þau féllu í gjalddaga til greiðsludags og kr. 246.60 í málskostnað.

Stefndum ber að greiða stefnandanum vistgjald fyrir gamalmennin Jón Snorra Árnason og Sigríði Guðmunds-

dóttur, meðan þau dvelja hjá honum, þó ekki hærra en kr. 135,00 og kr. 105,00 um hvern mánuð.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sökum embættisanna hefir dregizt nokkuð að leggja dóm á mál þetta.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. nóv. f. á., hefir fengið gjafsókn í því með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18. s. m. og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti. Hefir áfrýjandi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum, þó með þeirri breytingu, að greiðsluskylda á vistargjöldum þurfalinganna, Sigríðar Guðmundsdóttur og Jóns Snorra Árnasonar, frá 1. okt. 1935 verði takmörkuð við 1. jan. 1936, er framfærslulög nr. 135/1935 gengu í gildi. Svo krefst stefndi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Um Sigríði Guðmundsdóttur, sem talin er fædd 6. marz 1864, er það óvéfengt, að fátækrastjórn Reykjavíkur hefir engan þátt átt í dvöl hennar hjá stefnda. Er hún komin á Elliheimilið „Grund" árið 1929, og hefir í fyrstu dvalizt þar án framlags frá áfrýjanda, en árin 1931—1934 incl. hefir hann greitt dvöl hennar þar að fullu.

Jón Snorri Árnason, sem talinn er fæddur 20. febr. 1871, kom sem sjúklingur til Reykjavíkur árið 1926, 1. júlí, að því er talið er, en ekki er upplýst, að hann hafi notið hér fátækrastyrks fyrr

en um áramótin 1929—1930, nema hvað viðurkenning áfrýjanda 27. ágúst 1927 á sveitfesti hans mætti benda í þá átt. Þann 21. jan. 1930 lýsir læknir hann óvinnufæran sakir taugasjúkdóms, og um þær mundir kom fátækrastjórn Reykjavíkur honum fyrir á mötuneyti þurfalinga bæjarins. Þann 28. jan. 1930 tilkynnti borgarstjórinn í Reykjavík áfrýjanda hagi Jóns og áskildi bænum rétt til endurheimtu á hendur áfrýjanda á veittum fátækrastyrk. Með bréfi 7. marz s. á. lofaði áfrýjandi að greiða fyrst um sinn meðlag lögum samkvæmt með Jóni, en óskar þess jafnframt, að honum verði komið fyrir á ódýrari hátt. Annars kostar kveður hann gerðar munu verða ráðstafanir til flutnings á honum til Ísafjarðar, þar sem framfærsla hans verði kostnaðarminni. Af flutningi varð þó ekki, en síðla árs 1930 er talið, að Jóni hafi verið komið fyrir hjá stefnda. Fátækrastjórn Reykjavíkur neitar því fastlega, að hún hafi vistað Jón þar, en áfrýjandi telur svo hafa verið, og liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar þar um. En hvernig sem því er varið, er hitt óvéfengt, að áfrýjandi lét Jón Snorra vera hjá stefnda og greiddi umyrðalaust fulla fúlgu fyrir hann, þar til hann sagði upp „ábyrgð“ sinni á dvalarkostnaði bæði Jóns og Sigríðar þann 22. nóv. 1934, en greiddi þó einnig með Jóni til loka þess árs.

Uppsögnin 22. nóv. 1934 er byggð á því, að eftirleiðis beri Reykjavíkurbæ sem dvalarsveit þurfalinganna að greiða ⅓ hluta fúlgunnar, þar sem ekki sé unnt að flytja þá fátækraflutningi vegna þess, að þeir séu komnir yfir sextugt, og skírskotar í því efni til bréfs atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 23. marz 1933 (Stjt. B. 1933, bls. 379).

Bæjarráð Reykjavíkur, er stefndi leitaði nú til, synjaði 30. nóv. 1934 um viðurkenningu á nokkurri skyldu á hendur Reykjavíkurbæ til framfærslu á téðum þurfalingum. Ályktun bæjarráðs tilkynnti stefndi áfrýjanda, en ekki verður séð, að nokkur ráðstöfun hafi verið gerð til þess að fá úrlausn réttra stjórnarvalda samkvæmt 65. gr. laga nr. 43/1927 um ágreining bæjarfélaganna tveggja um þetta efni.

Sýknukröfu sína byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að máli þessu sé ranglega að honum beint, með því að honum sé, samkvæmt framansögðu, óskylt að greiða, nema nokkurn hluta fúlgunnar, en framkvæmdarvaldið ákveði samkvæmt 65. gr. laga nr. 43/1927, hversu mikið hvort bæjarfélagið skuli greiða. Áfrýjandi hefði því átt að krefja dvalarsveitina, Reykjavíkurbæ, til bráðabirgða um alla fúlguna. Í skiptum aðilja, sem að framan er lýst, felst skuldbinding af hálfu áfrýjanda til að greiða stefnda fúlgu fyrir oftnefnda þurfalinga, og var stefnda, sem er einkastofnun, rétt að beina dómsmáli til úrlausnar um þá skyldu á hendur áfrýjanda, alveg án tillits til þess, hvort áfrýjandi kynni að eiga endurheimtu á hendur öðru hrepps- eða bæjarfélagi á einhverju eða öllu af því, er hann greiddi til stefnda. Um slíkar skyldur milli hrepps- eða bæjarfélaga úrskurðar framkvæmdarvaldið eftir 65. gr. laga nr. 43/1927, enda er dómur í þessu máli á engan hátt því til fyrirstöðu, að bæjarfélög þau, er nefnd hafa verið, leiti úrlausnar samkvæmt áðurnefndri lagagrein um sambandið sín á milli í hérgreindu efni, og að rétt stjórnarvald ákveði *það*, svo sem það telur lög standa til.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi sýknukröfu sína á

því, að hann hafi leyst sig gagnvart stefnda undan skyldu sinni til að greiða fúlguna frá 1. des. 1934 með uppsögn sinni 22. nóv. s. á. Eins og áður er vikið að, felst í skiptum aðilja skuldbinding á hendur áfrýjanda til að greiða stefnda fúlgu fyrir oft nefnda þurfalinga sína, þar til hann ráðstafaði þeim með öðrum hætti. Uppsögnin ein, ásamt tilvísun þurfalinganna til Reykjavíkurbæjar, sem eindregið mótmælti framfærsluskyldu sinni, verður ekki talin virk ráðstöfun í þessu efni, og því ekki næg til þess að leysa áfrýjanda undan nefndri skyldu. Enda virðist áfrýjandi sjálfur trauðla hafa talið uppsögn sína nægilega í þá átt, með því að hann greiddi þó meðlag beggja þurfalinganna fyrir allan næsta mánuð. Þetta bendir og líka til þess, að áfrýjandi hafi ekki ætlazt til þess, að stefndi flytti þurfalingana, annað blint gamalmenni og hinn sjúkan, rúmfastan aldraðan mann, með valdi, ef á hefði þurft að halda, á hendur fátækrastjórn Reykjavíkur, enda verður ekki talið, að stefndi firrti sig nokkrum rétti, þótt hann færi ekki þá leið.

Samkvæmt framansögðu verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda hina kröfðu fjárhæð fyrir tímabilið 1. jan. 1935 til 30. sept. s. á., kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum frá 7. sept. 1935 til greiðsludags.

Krafa stefnda um það, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða vistargjald fyrir hvern mánuð, er oftnefndir þurfalingar dveljist hjá honum eftir 30. sept. 1934 til 1. jan. 1936, virðist, eins og máli er farið, ekki vera nægilega ákveðin til þess, að dómur verði á hana lagður, og ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins þykir mega

staðfesta. Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ísafjarðarkaupstaður, greiði stefnda, Elliheimilinu „Grund", kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum frá 7. sept. 1935 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er skv. samkomulagi aðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 7. september 1935, af Elliheimilinu Grund hér í bænum gegn Ísafjarðarkaupstað til greiðslu skuldar, að upphæð 2170.19, sem er vistgjald og lyfjakostnaður tveggja þurfalinga stefnds fyrir tímabilið jan.—sept. (incl.) 1935 svo og til greiðslu sama vistgjalds, kr. 105.00 og kr. 135.00, mánaðarlega, meðan dvöl vistmanna hjá stefnanda helzt. Ennfremur krefst stefnandi 6% ársvaxta af upphæðunum, frá því að hver mánaðargreiðsla féll eða fellur í gjalddaga til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar, en til vara hefir hann sérstaklega mótmælt því, að hann verði dæmdur

til greiðslu ákveðins vistgjalds fyrir umrædda þurfalinga um óákveðinn tíma, á meðan dvöl þeirra hjá stefnanda helzt.

Málavextir eru þeir, að síðla árs 1930 var tveimur gamalmennum, Sigríði Guðmundsdóttur og Jóni Snorra Árnasyni, komið til vistar hjá stefnanda. Stefndur var framfærslusveit beggja þessara gamalmenna og hefir hann greitt vistgjald að fullu fyrir þau frá komudegi þeirra til stefnanda og til áramóta 1934 og 35. Með bréfi, dagsettu 22. nóv. 1934, tilkynnir bæjarstjóri stefnds stefnanda, að bæjarstjórn stefnds hafi *„ályktað að segja upp ábyrgð þeirri, sem bæjarsjóður hefir fram til þessa staðið í gagnvart yður fyrir dvöl þurfamannanna Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur og gildir uppsögnin á ábyrgðinni frá næstkomandi mánaðarmótum að telja"*. Eins og áður segir, greiddi þó stefndur vistgjaldið til áramóta 1934 og 35, en síðan hefir hann ekki greitt neitt, en þar eð gamalmennunum hefir ekki verið ráðstafað frá stefnanda, hefir hann höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að stefnanda beri að beina framangreindum kröfum sínum til Reykjavíkurborgar sem dvalarsveitar umræddra gamalmenna, sem síðar eigi aðgang að sér sem framfærslusveit um ⅔ hluta þeirrar upphæðar, er hún greiði vegna gamalmennanna. Ennfremur byggir hann sýknukröfuna á því, að umræddum gamalmennum hafi verið ráðstafað til stefnanda af Reykjavíkurborg sem dvalarsveit þeirra, er visttíminn hófst. Hann hafi aðeins tekið á sig venjulega ábyrgð á greiðslu vistgjaldsins og sé því uppsögn sín á ábyrgðinni fullgild og eigi að hafa þau áhrif, að hann losni við greiðsluskylduna gagnvart stefnanda.

Í 52. gr. fátækralaganna nr. 43 frá 1927 er svo ákveðið, að ef maður þarfnast sveitarstyrks, skuli hann veittur honum af dvalarsveit, er síðan eigi aðgang að framfærslusveit um endurgreiðslu hans eða hluta hans. Á þessu byggir stefndur það, að stefnandi eigi ekki aðgang að sér, heldur Reykjavíkurborg um umkrafða skuld, og því beri að sýkna sig af kröfum hans í þessu máli. Rétturinn telur þó, að þetta ákvæði sé sett eingöngu til hagræðis þurfamanni sjálfum og þeim, er hefir hann á framfæri sínu, og að þeir geti því krafið framfærslusveit þurfamanns beint a. m. k.

um ⅔ þess styrks, er þurfamaðurinn þarfnast, og alls, ef atvik liggja þannig, að dvalarsveit beri ekki að greiða neinn hluta styrksins. Málinu telst því réttilega beint gegn stefndum, og verður sýknukrafa hans því ekki tekin til greina sökum aðildarskorts.

Stefnandi hefir ákveðið neitað því, að Reykjavíkurborg hafi ráðstafað gamalmennunum til hans. Stefndur hafi sjálfur gert það og hafi stefndur greitt sér vistgjaldið skv. framfærslusamningi við sig, en ekki sem ábyrgðarskuldari skv. venjulegum ábyrgðarsamningi.

Stefnandi hefir lagt fram yfirlýsingu frá borgarstjóranum í Reykjavík, sem mótmælt hefir verið sem rangri, en ekki sem óstaðfestri, um að umræddum gamalmennum hafi ekki verið ráðstafað til stefnanda af Reykjavíkurborg og að Sigríður hafi aldrei fengið fátækrastyrk úr borgarsjóði hér.

Eins og á stendur hvílir því sönnunarbyrðin um það, að gamalmennunum hafi verið ráðstafað til stefnanda af Reykjavíkurborg á stefndum. Og hvað viðvíkur gamalmenninu Sigríði, þá hafa engar líkur verið að því leiddar, að fátækrastjórn Reykjavíkur hafi haft nokkur afskipti af henni eða að henni hafi verið komið til stefnanda af öðrum en stefndum sjálfum. En að því er snertir gamalmennið Jón Snorra, er það upplýst með bréfi borgarstjórans í Reykjavík til bæjarfógetans á Ísafirði, dags. 28. jan. 1930, að honum var ráðstafað af fátækrastjórn Reykjavíkur á mötuneyti þurfalinga hér í bænum. Tilkynnti borgarstjórinn bæjarfógeta, að meðlagið þangað yrði kr. 3.00 til 3.50 á dag. Þetta þótti stefndum of hátt og tilkynnti borgarstjóra með bréfi, dags. 7. marz 1930, að ef ekki takist mjög bráðlega að koma Jóni Snorra fyrir á ódýrari hátt, þá muni bæjarstjórn stefnds gera ráðstafanir til þess, að hann verði fluttur vestur á elliheimili stefnds.

Með hverjum atvikum eða fyrir hvers atbeina Jón Snorri flyzt úr mötuneyti þurfalinga til stefnanda, er ekki unnt að sjá af því, sem fyrir liggur í máli þessu, en með tilliti til bréfs þess frá stefndum, er nú var minnzt á, og yfirlýsingar borgarstjóra Reykjavíkur, er getið er hér að framan, svo og þess, að stefndur borgar um margra ára skeið eftir beztu getu og athugasemdalaust vistgjald Jóns Snorra að fullu og beint til stefnanda, þykir verða að telja með

sérstöku tilliti til þess, er áður segir um sönnunarbyrðina fyrir umræddu atriði, að stefndur hafi sjálfur ráðstafað Jóni Snorra til stefnanda og gengizt undir að greiða honum vistgjald með gamalmenninu að fullu. Gamalmenni þau, er mál þetta snýst um, sýnast hafa verið örvasa og ósjálfbjarga. Stefndur virðist því ekki, eins og á stóð, hafa getað losazt undan greiðsluskyldu sinni þeirra vegna gagnvart stefnanda með því einu, að tilkynna honum, að hann greiddi ekki lengur vistgjald þeirra. Til þess að losna við greiðsluskylduna hefði stefndur, að áliti réttarins, orðið að ráðstafa gamalmennunum frá stefnanda, en svo lengi, sem hann ekki gerir það, telur rétturinn hann greiðsluskyldan. Þarf nú aðeins að athuga, hvað umsögn (sic) stefnds á *„ábyrgðinni"* á vistgjaldi gamalmennanna gæti haft þau áhrif, að frá þeim tíma, er uppsögnin kom í gildi, sem raunverulega var um áramótin 1934 og 5, því að til þess tíma hafði stefndur sjálfur greitt vistgjaldið að fullu, gæti stefnandi aðeins krafið stefndan um ⅔ vistgjaldsins, sbr. 52. gr. fátækralaganna, en bæri að snúa sér til Reykjavíkurborgar um ⅓ þess. Rétturinn telur þó að skýra beri 52. gr. fátækralaganna þröngt, þannig að ekki geti komið til greina, að sú sveit, sem framfærslusveit sjálf hefir ráðstafað þurfalingum sínum í, verði skyld til að greiða ⅓ kostnaðar við framfærslu þurfalingsins þar. Umrædd uppsögn verður því ekki talin hafa áhrif í þá átt að meina stefnanda að krefja stefndan um allt vistgjald umræddra gamalmenna. Og þar eð upphæð gjaldsins og vaxtakröfunni hefir ekki verið sérstaklega mótmælt, verður krafa stefnanda, hvað þetta hvorttveggja snertir, tekin til greina.

Gegn mótmælum stefnds verður hann ekki dæmdur til greiðslu ákveðins vistgjalds fyrir þurfalingana um óákveðinn tíma, meðan dvöl þeirra hjá stefndum helzt. En hinsvegar verður að taka kröfu stefnanda um þetta atriði til greina á þann hátt, að ákveða, að stefndum beri að greiða stefnanda vistgjald með gamalmennunum, meðan þau dvelja hjá honum, þó ekki hærra en kr. 135.00 og kr. 105.00 um hvern mánuð.

Úrslit máls þessa verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum af mánaðarvistgjöldunum

frá því þau féllu í gjalddaga til greiðsludags og málskostnað, er skv. framlögðum reikningi, sem ekki hefir verið sérstaklega mótmælt, nemur kr. 246.60.

Ennfremur verður ákveðið, að stefndum beri að greiða stefnanda vistgjald fyrir umrædd gamalmenni þann tíma, sem þau dvelja hjá honum.

Miðvikudaginn 9. júní 1937.

Nr. 35/1937. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Friðþjófi Ó. Johnson
(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. desember 1936:

Kærði, Friðþjófur Ó. Johnson, greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal vera sýkn af skaðabótakröfu kæranda, Stefáns Árnasonar.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar, kr. 65.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Verknað kærða, þann sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, ber að heimfæra undir 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og ákveðst refsing sú, sem hann hefir unnið til, 100 króna sekt til ríkissjóðs, sem af-

plánist með 7 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hinsvegar þykir ekki rétt að dæma kærða til að birta leiðréttingu um þau atriði auglýsingarinnar, sem hann er sakfelldur fyrir, þegar af þeirri ástæðu, að ganga verður út frá því eftir atvikum málsins, að áhrifa áminnztrar auglýsingar geti a. m. k. ekki nú gætt.

Af hálfu kærandans, Stefáns Árnasonar, hefir verið krafizt skaðabóta á hendur kærða, allt að kr. 1000.00, en ekki þykir bera að taka kröfu þessa til greina, með því að ekkert hefir komið fram í málinu, sem veiti ástæðu til að ætla, að kærandinn, sem starfrækir kaffibrennslu á Akureyri, hafi beðið tjón af verknaði kærða.

Samkvæmt þessum sakarúrslitum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýaða dóms um sakarkostnað í héraði og dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Friðþjófur Ó. Johnson, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann á að vera sýkn af skaðabótakröfu kæranda, Stefáns Árnasonar, í málinu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Einars B. Guðmundssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðþjófi O. Johnson, forstjóra, til heimilis á Fjölnisveg 15 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 84 19. júní 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Hefir kærður áður, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum: 1) 1930, 1⅞ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. 2) 1932, ⅝ sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot. 3) 1932, ⅝ sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Kærði er einn af forstjórum verzlunarfyrirtækisins O. Johnson & Kaaber h/f hér í bæ. Fyrirtæki þetta hefir starfrækt kaffibrennslu hér um nokkurra ára skeið og hefir framleiðsla kaffibrennslunnar, brennt og malað kaffi, verið sett í verzlanir og verið kallað O. J. & Kaabers kaffi eða Ó. J. & K. kaffi.

Þann 3. september síðastliðinn birtist auglýsing frá fyrirtæki þessu um kaffiframleiðslu þess í dagblaðinu „Morgunblaðið" hér í bæ, og hefir kærði í máli þessu játað að hafa samið auglýsingu þessa og sett hana í blaðið.

Eigandi „Kaffibrennslu Akureyrar" á Akureyri, Stefán Árnason að nafni, hefir með bréfi, dags. 28. september s. l., kært yfir auglýsingu þessari sem stríðandi gegn ákvæðum laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og jafnframt krafizt þess, að firmað Ó. Johnson & Kaaber h/f verði dæmt til að greiða sér skaðabætur, að upphæð kr. 1000.00, eða allt að þeirri upphæð eftir mati réttarins. Það eru tvær setningar í auglýsingunni, sem kært er yfir, og eru þær setningar það eina í auglýsingu þessari, sem komið getur til athugunar sem brot gegn lögum um

varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Setningar þessar hljóða svo:

1. „Ó. J. & K-kaffi er framleitt úr dýrustu og beztu kaffibaunum“ og
2. „Það er gaumgæfilega hreinsað í vélum, sem skilja frá því öll óhreinindi, þannig að einungis kjarni kaffibaunanna verður eftir til þess að framleiða úr hina vinsælu vöru. Engin önnur kaffibrennsla hér á landi hefir slíkar vélar.“

Þau fyrirmæli nefndra laga, sem ætla mætti, að hinir tilvitnuðu hlutar auglýsingarinnar tækju til, eru í upphafi 1. greinar. Þar segir: „Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi auglýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum“.

Skal nú athugað, hvort hinir tilvitnuðu kaflar auglýsingarinnar brjóta í bág við lagafyrirmæli þessi.

Um fyrri kæruliðinn er það að segja, að kaffi það, sem auglýsingin fjallar um, er eftir því, sem næst verður komizt, framleitt að $^9/_{10}$ hlutum úr Rio-kaffi, en að $^1/_{10}$ hluta úr Mokka-kaffi. Um það, hvort slíkt kaffi geti talizt „framleitt úr dýrustu og beztu kaffibaunum“ hefir álits verið leitað hjá dr. Jóni E. Vestdal, er veitir matvælaeftirliti ríkisins forstöðu, og er álit hans um þetta atriði svohljóðandi: „Sumar tegundir af Rio-kaffi eru ódýrustu kaffitegundir, sem hægt er að fá, og yfirleitt er Rio-kaffi ekki talið til dýrustu og beztu kaffitegunda. Hinsvegar er Mokka-kaffi ein af dýrustu og beztu kaffitegundum, sem völ er á. Kaffiblanda, sem í eru 90% af Rio-kaffi og 10% af Mokka-kaffi, getur ekki talizt vera framleidd úr dýrustu og beztu kaffibaunum“.

Þar sem þessi niðurstaða er fengin, verður að álíta, að kærði hafi með nefndum kafla auglýsingarinnar brotið gegn 1. gr. nefndra laga, ef á að skilja kafla auglýsingarinnar alveg bókstaflega. Verjandi kærða hefir haldið því fram, að það sé orðin venja í auglýsingum að nota lýsingarorð í hástigi í sömu merkingu og frum-

stig væri og hafi því í raun og veru ekki annað falizt í þessum kafla auglýsingarinnar heldur en að Ó. J. & K.-kaffi sé unnið úr góðum kaffibaunum.

Að vísu mun það svo vera, að hástig lýsingarorða hafi nokkuð verið notuð á þennan hátt í auglýsingum hingað til, en það verður ekki fallizt á, að það sé orðin nein föst venja, sem skýlaus fyrirmæli nýrri laga verði að lúta. Lögin um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum ganga einmitt mjög langt í því að krefjast þess af auglýsendum, að þeir beri ekki meira lof á vöru sína en sé sannleikanum samkvæmt. Rétturinn getur því ekki annað séð en að kærði hafi verið (sic) með því að segja, að kaffið væri framleitt úr dýrustu og beztu kaffibaunum, ekki gætt þess svo sem nefnd lög krefjast að segja fyllilega satt til um gæði vörunnar og að hafa auglýsingar látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar. Verður því niðurstaðan um þennan lið auglýsingarinnar sú, að með honum hafi kærði gerzt brotlegur við 1. g. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, nr. 84, 19. júní 1933.

Um seinni kæruliðinn er það að segja, að álits matvælaeftirlits ríkisins hefir verið leitað um það, hvort vélar kaffibrennslunnar hreinsi öll óhreinindi úr kaffinu, svo að einungis kjarnar baunanna verði eftir. Hefir matvælaeftirlitið rannsakað þetta og komizt að þeirri niðurstöðu, að þó að vélar kaffibrennslunnar séu af fullkomnustu gerð, þá sé ekki hægt með þeim að hreinsa öll óhreinindi úr kaffinu. Að minnsta kosti verði alltaf eftir nokkur hluti silfurhúðar kaffibaunanna. Kaffi þetta sé alls ekki hreinna en ýmsar aðrar kaffitegundir, sem hér séu hafðar á boðstólum. Þrátt fyrir þetta telur matvælaeftirlitið, að kaffið geti verið gaumgæfilega hreinsað.

Kærði hefir lýst því yfir, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að þessi ummæli sín í auglýsingunni hefðu við reinar efnafræðilegar sannanir að styðjast, né heldur, að hinir erlendu seljendur kaffibrennsluvélanna hefðu gefið það upp, að vélarnar hreinsuðu öll óhreinindi úr kaffinu. Þó kveðst kærði hafa verið persónulega viss um, að hann segði ekki annað en sannleikann með þessum kafla auglýsingarinnar.

Þar sem kærði hafði enga fulla vissu fyrir því, að

þessi ummæli sín væru sönn, og síðar hefir sannazt, að þau eru ekki rétt, verður að telja, að hann hafi með þeim slegið fram hæpinni fullyrðingu og skrumi um vöru sína og í raun og veru gefið villandi upplýsingar um hana.

Þar sem kærði segir í auglýsingunni, að engin önnur kaffibrennsla á landinu hafi „slíkar vélar" sem kaffibrennsla Ó. Johnson & Kaaber, verður að ætla, að hann meini, að engin önnur kaffibrennsla í landinu hafi jafngóðar vélar. Þetta kveðst kærði hafa verið persónulega viss um, án þess þó að hafa fyllilega sannfært sig um það. Hann hafi skoðað vélar sumra kaffibrennslna hér í bænum og komizt að því, að þær hefðu ekki jafngóðar vélar og kaffibrennsla Ó. Johnson & Kaaber, en um aðrar kaffibrennslur hafi hann einungis haft sögusögn annarra. Rétturinn hefir ekki aflað sannana um, hvort þessi fullyrðing kærða í auglýsingunni er rétt, en þar sem kærði vissi ekki með fullum sanni, að hann væri að fara með rétt mál, þá hafði hann ekki leyfi til að slá þessari fullyrðingu fram í auglýsingunni. Fullyrðingin er hæpnari (sic) og skrumkennd, meðan kærði hefir ekki sannanir fyrir réttmæti hennar.

Samkvæmt framantöldu verður að telja, að kærði hafi með þeim köflum auglýsingarinnar, sem kært er útaf, brotið í bága við 1. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en þar sem það um langan aldur hefir tíðkazt, að auglýsendur gengju eins langt og unnt hefir verið í lofi um vörur sínar, og brot kærða verður að teljast smávægilegt samkvæmt áðurnefndum lögum og kærði hefir ekki áður sætt neinni refsingu, er ítrekunarverkun hafi á það brot, sem hér liggur fyrir, þykir mega ákveða refsingu hans lágmarkssekt, kr. 50.00, til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ennfremur ber að dæma kærða til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 65.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar.

Skaðabótakrafa kærandans, Stefáns Árnasonar, verður ekki tekin til greina, þar sem hann hefir engar líkur

fært fram fyrir því, að hann hafi beðið tjón af hinum saknæmu ummælum auglýsingarinnar.

Eftir öllum málsatvikum, þar á meðal hinum langa tíma, sem liðinn er frá birtingu hinna margnefndu ummæla, verður ekki talin ástæða til að skylda kærða til að leiðrétta þau atriði auglýsingarinnar, sem hann er nú sakfelldur fyrir.

Rekstur máls þessa hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 9. júní 1937.

Kærumálið

Nr. 2/1937. **Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðarárbúsins**

gegn

Mjólkursamlagi Kjalarnesþings

Endurupptaka máls fyrir héraðsdómi heimiluð.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1937: Stefndum í máli þessu, Mjólkursamlagi Kjalarnesþings, skal heimilt að endurupptaka það.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurði þeim, er í máli þessu greinir, uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 13. maí þ. á., hefir kærandi, Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðarárbúsins, skotið til hæstaréttar með kæru 14. s. m. samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, og má fallast á, að dómsathöfn sem þessi sæti kæru svo sem segir í nefndri grein. Kom kæran ásamt bréfi héraðsdómarans, dags. 24. s. m., og skjölum málsins til dómsins 25. s. m. Ennfremur hefir dóminum borizt sóknarskjal frá kæranda, dags. 26. s. m., og kom

það í hendur réttarins 31. s. m., Var málið því næst, að lögboðnum fresti liðnum og án frekari athugasemda frá héraðsdómaranum eða málsaðiljum, tekið til dóms 7. þ. m., og er því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Kærandi hefir krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að héraðsdómarinn verði skyldaður til að leggja dóm á málið, eins og það liggur nú fyrir. Svo krefst hann og, að varnaraðilji, Mjólkursamlag Kjalarnesþings, verði dæmdur til að greiða kostnað við málsskotið með kr. 62.25.

Í þinghaldi í máli þessu í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 29. apríl þ. á., þegar endurupptökustefnan féll í rétt, skýrði umboðsmaður varnaraðilja, Eggert Claessen, hæstaréttarmálflutningsmaður, svo frá og lét færa til bókar, að hinn 14. apríl þ. á., daginn áður en málið var tekið til dóms í héraði, hafi hann fengið til athugunar frá umboðsmanni sóknaraðilja sóknarframhald eða „bókun", sem leggja átti fram í málinu, er það félli í rétt daginn eftir. Hafi hann þá átt símtal við umboðsmann sóknaraðilja og skýrt honum frá því, að hann mundi þurfa að fá frest í málinu í réttarhaldinu daginn eftir. Þessari umsögn hefir ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu sóknaraðilja, og verður því að ætla, að símtal með slíku efni hafi átt sér stað milli umboðsmannanna umgetinn dag. Nú er það alkunnugt, að þegar svo stendur á í málflutningi, sem hæstaréttarmálflutningsmenn annast við réttina hér í Reykjavík, að fyrirfram er vitað, að ekki verður annað gert í tilteknu þinghaldi í málinu en að taka og veita frest í því, þá láta þeir oft og tíðum mæta fyrir sig í því þinghaldi umboðsmenn, sem eru ó-

kunnugir málinu, og þessvegna ekki við því búnir, að færa fram rökstuðning um einstök atriði, sem málið eða málflutninginn varðar. Og þar sem ætla verður, eins og fyrrgreindri staðhæfingu umboðsmanns varnaraðilja og málflutningnum í sambandi við hana er háttað, að hann hafi haft ástæðu til að gera ráð fyrir því, að í nefndu þinghaldi 15. apríl þ. á. yrði ekki þörf annarra aðgerða af hans hálfu en að biðja um og taka frest í málinu, þá þykir mega jafna þessari ástæðu fyrir fjarveru hans sjálfs úr þinghaldinu nefndan dag til lögmætra forfalla. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum úrslitum fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þegar mál þetta kom fyrir rétt 1. apríl s. l., fékk umboðsmaður stefnanda skjöl þess lánuð og frest í því til 15. sama mánaðar. Er það féll í rétt þann dag, skilaði umboðsmaður stefnanda skjölum málsins aftur, mótmælti síðustu vörn umboðsmanns stefnds, rjsk. 29, og lagði málið í dóm, án þess að leggja neitt nýtt fram. Í þessu réttarhaldi var ekki mætt í máli þessu af hálfu stefnds. Hinn 20. apríl var svo gefin út endurupptökustefna í málinu af hálfu stefnds, og skyldi málið skv. henni koma fyrir rétt 29. apríl. Í endurupptökustefnunni gerði umboðsmaður stefnda þær réttarkröfur, að málið yrði að nýju tekið upp til flutnings, að vitnaleiðsla yrði látin fram fara, sér yrðu léð skjölin og veittur frestur, ef hann teldi þess þörf, til upplýsingar málinu.

Þegar málið kom fyrir rétt eftir endurupptökustefn-

unni 29. apríl s. l., var mætt í því af hálfu beggja aðilja. Mótmælti umboðsm. stefnanda harðlega endurupptökunni, enda taldi hann hana með öllu óheimila af þeim rökum, sem nú greinir: Í 222. gr. l. nr. 85/1936 sé svo ákveðið, að um endurupptöku máls skuli gilda reglur l. nr. 85 frá 1936, enda þótt málið sé þingfest fyrir gildistöku þeirra, með þeirri undantekningu einni, að stefndur megi fá mál sitt endurupptekið einu sinni eftir gömlu reglunum, hafi hann eigi mætt í því áður en l. nr. 85 frá 1936 komu til framkvæmda. Í máli þessu hafi verið mætt fyrir gildistöku l. nr. 85/1936 og sé því ekki heimilt að endurupptaka það eftir gömlu reglunum og fari því endurupptaka þessi eftir reglum l. nr. 85/1936, en samkvæmt þeim sé endurupptaka því aðeins heimil, að stefndur hafi haft lögleg forföll eftir 9. gr. þeirra laga. Umboðsmaður stefnds hafi látið mæta af sinni hálfu í öllum málum, er hann hafi átt fyrir bæjarþinginu daginn, sem mál þetta var dómtekið, og hafi það aðeins verið að yfirlögðu ráði og í þeirri von að geta tafið málið með endurupptöku, að staðgengill umboðsmanns stefnda mætti ekki í því í þetta skipti. Og þar eð samkvæmt þessu hafi ekki verið um lögmæt forföll að ræða, þá sé endurupptaka málsins einnig óheimil skv. hinum nýju reglum laga nr. 85/1936 og beri því að neita um hana.

Rétturinn verður nú að fallast á það með umboðsm. stefnanda, að um endurupptöku máls þessa fari eftir reglum laga nr. 85/1936 skv. síðari hluta b-liðs 222. gr. þeirra laga. En samkv. þeim reglum er endurupptaka málsins aðeins heimil, ef stefndur, sem hvorki hefir mætt né látið mæta í máli, sannar forföll sín fyrir dómara.

Þegar mál þetta kom fyrir rétt eftir endurupptökustefnunni, skýrði umboðsmaður stefnds svo frá, að daginn áður en málið var dómtekið hafi umboðsmaður stefnanda sent sér framhaldssókn í því, sem hann hafi ætlað að leggja fram daginn, sem málið var dómtekið (15/4). Hafi þeir síðan átt símtal um málið, og hann þá tjáð umboðsm. stefnanda, að hann mundi biðja um frest í því.

Þegar málið hafi komið fyrir, hafi umboðsmaður stefnanda þó ekki lagt fram nefnda framhaldssókn, en lagt málið í dóm. Þessu hafi staðgengill sinn í réttin-

um þenna dag ekki átt von á, og þar eð hann hafi ekki þekkt neitt til málsins, hafi hann ekki getað gætt hagsmuna stefnds og því ekki mætt í því. Nú hafi staðið svo á fyrir sér, að hann hafi verið forfallaður á heimili sínu þenna dag, en hinsvegar hafi hann haft í höndum gögn til styrktar frestbeiðni til vitnaleiðslu, þar eð sér einmitt daginn áður hafi borizt vitneskja um, að hin umstefnda skuld væri greidd og að unnt væri að sanna það með því að leiða skrifstofustjóra Mjólkursamsölunnar sem vitni í máli þessu.

Þar sem umboðsmaður stefnds er hæstaréttarmálflutningsmaður, verður rétturinn að leggja trúnað á frásögn hans um það, að hann hafi sjálfur verið forfallaður frá að mæta í málinu nefndan dag. Fyrirskipanir þær, er hann gaf manni þeim, sem mætti fyrir hann í réttinum þenna dag, virðast, að því er mál þetta snertir, hafa verið miðaðar eingöngu við það, að umboðsmaður stefnanda leggði fram umrædda framhaldssókn, eins og hann hafði skýrt umboðsmanni stefnds frá, að hann myndi gera. Var því eðlilegt, að maður þessi gæti ekki mætt í málinu, þegar umboðsmaður stefnanda stóð ekki við það, að leggja fram framhaldssóknina, en lagði málið í dóm, enda vissi hann þá ekki, hvað umboðsm. stefnds vildi láta gera við málið.

Skv. framansögðu verður rétturinn að líta svo á, að með sérstöku tilliti til hegðunar umboðsmanns stefnanda, að lögleg forföll liggi til þess, að ekki var mætt af hálfu stefnds í máli þessu, er það var dómtekið 15. apríl s. l. Og með tilliti til þessa, sem og þess, hversu áríðandi það virðist vera fyrir úrslit málsins, að vitni það verði leitt, er umboðsmaður stefnds hyggst að leiða, þá þykir verða að leyfa endurupptöku þess, enda þótt umboðsm. stefnanda mótmæli því.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefir dregizt um eina viku, sökum þess að næsta réttardag, eftir að málið var tekið til úrskurðar, bar upp á uppstigningardag.

Miðvikudaginn 16. júní 1937.

Nr. 29/1937. **Fiskiræktarfélagið „Tilraun“**
(Eggert Claessen)
gegn
Fiskiræktar- og veiðifélagi Laxár í Borgarfjarðarsýslu og gagnsök.
(Lárus Jóhannesson)

Dómur undirréttarins ómerktur og málinu frávísað héraðsdómi vegna vantandi málsútlistunar.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. jan. 1937: Stefndur á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. marz þ. á., hefir krafizt þess, að með dómi verið ákveðið, að „Eiðisvatn og Urriðaá skuli ekki teljast tilheyra sama fiskihverfi sem Laxá í Leirársveit, heldur skoðast sem sérstakt, sjálfstætt fiskihverfi“. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæstaréttar með stefnu 15. apríl þ. á., hefir krafizt þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að ákvæði héraðsdómsins um sakarefnið verði staðfest. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir málflutningnum í héraði virðist ágreiningurinn hafa verið um það, hvort aðaláfrýjanda væri rétt að láta félagssvæði sitt ná yfir leirur þær, er Laxá og Urriðaá renna um í sjó út, og ós Urriða-

ár. En fyrir hæstarétti hefir aðaláfrýjandi skýrt svo framannefnda kröfu sína, að tilætlun sín sé og hafi verið í héraði sú ein að fá dómsviðurkenningu um það, að honum væri rétt að stofna félag með því markmiði, að stunda silungsveiði í Urriðaá, sem nú er ekki laxgeng, frá upptökum hennar og til svonefnds Króarvaðs, þar sem hann telur sjó efst ganga upp í hana í stórstraumsflóði, og í Eiðisvatni, að gera mannvirki, er gera kynnu á þessa laxgenga, koma á laxaklaki og stunda síðan laxveiði á þessu svæði. Kunnáttumenn þeir, er kvaddir voru til álita um ágreining aðilja í héraði, hafa ekki látið í té álit sitt um það, hvort stofnun slíks félagsskapar, sem nú var lýst, færi í bága við rétt gagnáfrýjanda. Með því að gagnáfrýjandi hefir mótmælt kröfu aðaláfrýjanda, þykir varhugavert að leggja dóm á hana, eins og málið horfir nú við, án þess að fyrir liggi álit kunnáttumanna, og þykir því ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útgefinni 12. sept. f. á., hefir stjórn fiskiræktarfélagsins „Tilraun“, þeir Guðmundur Björnsson, Litla-Lambhaga, Gísli Gíslason, Lambhaga og Jón Símonarson á Stóru-Fellsöxl höfðað mál þetta gegn Fiskiræktar- og veiðifélagi Laxár í Borgarfjarðarsýslu, en stjórn þess skipa Sigurður Sigurðsson í Stóra-Lambhaga, formaður, Árni Böðvarsson í Ási á Akranesi, Gísli Gíslason, Lamb-

haga, Arnfinnur Björnsson, Vestra-Miðfelli, og Árni Helgason í Tungu.

Tildrög máls þessa eru þessi: Hinn 12. marz 1934 var stofnað Fiskiræktar- og veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu, og var í samþykktum þess ákveðið, *að* heimili og varnarþing þess skuli vera í Stóra-Lambhaga í Skilmannahreppi, *að* félagið hafi umráð yfir öllum rétti til laxveiða í Laxá frá Eyrarfossi að ytri landamærum Arkarlækjar og Skipaness ásamt öllum leirum innan takmarka þeirra jarða, sem land eiga að Laxá á veiðisvæðinu, og *að* félagsmenn séu allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndu veiðivatni, eða þeir, er öðlast veiðirétt fyrir landi sérstakra jarða og félagsfundur samþykkir.

Eftir að félag þetta var stofnað, fór brátt að bera á óánægju hjá þeim jarðeigendum, er lönd eiga að Eiðisvatni og Urriðaá og aðliggjandi leirum, er töldu sig ekki skylda að hlíta ákvæðum þessara samþykkta, af því að þeir töldu, að fiskihverfi Laxár gæti ekki lögum samkvæmt náð yfir hið síðartalda svæði, og stofnuðu því 21. júlí 1935 fiskiræktarfélagið „Tilraun", og var í samþykktum þess félagssvæðið ákveðið þannig, að veiðisvæðið næði yfir allt Eiðisvatn og Urriðaá ásamt leirum þeim, er henni fylgja.

Leitaði félag þetta staðfestingar ráðuneytisins á samþykktum sínum, en ráðuneytið hefir, eftir að hafa fengið umsögn veiðimálanefndar um málið, tvívegis synjað um staðfestingu af þeirri ástæðu, að félagssvæði hins fyrirhugaða félags muni bæði landfræðilega og samkvæmt ákvæðum laxveiðilaganna tilheyra veiðisvæði Laxár í Leirársveit.

Þessum úrskurði ráðuneytisins hefir stefnandi þessa máls ekki viljað una og því leitað til dómstólanna til að fá endanlegan úrskurð um deiluatriði þetta, og er samkvæmt stefnunni varakrafa hans, sem nú er orðin aðalkrafa, að Eiðisvatn og Urriðaá skuli ekki teljast tilheyra sama fiskihverfi sem Laxá í Leirársveit, heldur skoðast sem sérstakt, sjálfstætt fiskihverfi. Svo krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndur hefir aftur á móti krafizt þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Til stuðnings kröfu sinni um, að Urriðaá verði ekki talin til sama fiskihverfis og Laxá, heldur stefnandi því fram, að Laxá verði ekki talin ná nær sjó en að stórstraumsflæðarmáli, því þaðan og niður að stórstraumsfjöruborði sé ós í sjó og þar sem í honum sé salt vatn, geti hann ekki talizt til árinnar, og renni því Urriðaá ekki í Laxá.

Við þetta er það að athuga, að þar sem straumár falla til sjávar, er á svæði því, sem laxveiðilögin kalla ós í sjó, ýmist ósalt vatn eða sævi blandið, og verður því ekki af þessu ráðið, hvort telja beri ósinn til árinnar eða ekki, en nefnd lög taka af allan vafa í þessu máli, því þar stendur, að ós í sjó sé „það svæði í á" o. s. frv. Laxá verður því að teljast ná jafnlangt niður til sjávar sem ós í sjó. Málsaðiljar hafa ekki komið sér saman um, hvar stórstraumsfjöruborðið sé, þar sem stefnandi telur það vera við Akkerisstein, en stefndur nokkru nær sjó, en þetta skiptir ekki máli hér, því Urriðaá kemur í Laxá fyrir ofan Akkerisstein og verður því að skoðast sem þverá hennar.

Skilyrði fyrir því, að um sama fiskihverfi sé að ræða, er það, að sami fiskstofn byggi svæðið og fari um það. Nú er það bert, að um hrygningarsvæði er alls ekki að ræða í Urriðaá, þar sem lax fer þar aðeins upp undir stórstraumsflæðarmál, og virðist því, að fiskur sá, er þar er á sveimi um hásjávað, hljóti að tilheyra göngufiski í Laxá.

Þá má og geta þess, að öll þau vötn, er koma saman í Leirárvogum, renna í einum ósi til sjávar milli Súlueyrar og Hvítaness, og þar um verður allur fiskur að fara, sem inn leitar.

Samkvæmt framansögðu verður að fallast á þá skoðun, að hér sé bæði landfræðilega séð og samkvæmt laxveiðilögunum aðeins um eitt fiskihverfi að ræða, fiskihverfi Laxár, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Þó virðist málskostnður eftir atvikum að mega falla niður.

Föstudaginn 18. júní 1937.

Nr. 177/1936. **Sigurjón Einarsson**
gegn
Hildi Pálsdóttur.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður á mál þetta lagður, þykir nauðsyn bera til, að fram fari í héraði ýtarlegri rannsókn en enn hefir átt sér stað um eftirgreind atriði:

1. Hvort aðiljar máls þessa, Sigurjón Einarsson og Hildur Pálsdóttir, hafi verið samtímis stödd í Reykjavík einhverntíma í aprílmánuði 1935, og sérstaklega, hvort það hafi átt sér stað um eða nokkru fyrir páskana það ár. Í því sambandi ber að taka skýrslu af aðiljum sjálfum, útgerðarmanni þeim, Guðmundi Jónssyni, sem áfrýjandi var ráðinn hjá í Sandgerði á þessum tíma, formanninum á vélbát þeim, sem áfrýjandi var háseti á, og öðrum, sem um það kynnu að vita, hvort hann hafi farið til Reykjavíkur á umræddu tímabili. Ennfremur ber að upplýsa, ef kostur er á, hvort áfrýjandi hafi verið á ferð í Reykjavík í maímánuði 1935, sérstaklega fyrri hluta þess mánaðar. Svo ber og að taka skýrslu af húsbændum stefndu í Sandgerði á þessum tíma um það, hvort hún hafi farið til Reykjavíkur í aprílmánuði 1935, og öðrum, sem um það kynnu að vita, þar á meðal fólki því í Reykjavík, sem hún kynni að hafa komið til í þeirri ferð.

2. Þá þarf að rannsaka nánar en gert hefir verið samband stefndu og þáverandi unnusta hennar, Sigurjóns Magnússonar, svo sem það, hvar hann hafi dvalizt veturinn og vorið 1935, hvort fundum

stefndu og hans hafi borið saman á þeim tíma og hvort samfarir hafi átt sér stað með þeim á því tímabili, sem hér getur skipt máli. Ber í þessu sambandi að taka skýrslu af stefndu og nefndum Sigurjóni Magnússyni.

3. Loks ber að spyrja stefndu ýtarlega um það, hvort hún hafi haft samfarir við aðra menn en áfrýjanda á þeim tíma vetrar eða vors árið 1935, sem hér kemur til greina, hvenær hún hafi síðast haft tíðir á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og hvernig hún hafi vitað, að áfrýjandi ætlaði ekki að gangast við faðerni að barni hennar, þótt hún hafi ekki átt tal um það við hann sjálfan, eftir því sem hún skýrir frá í upphafi rannsóknarinnar.

Ber héraðsdómaranum að afla þeirra upplýsinga, sem hér að framan í 1. til 3. tölulið greinir, svo fljótt sem verða má, svo og annarra upplýsinga, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að hlutast til um, að framhaldsrannsókn fari fram um framangreind atriði svo fljótt sem unnt verður og að útvegaðar verði aðrar þær upplýsingar, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til að aflað sé.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 51/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Thomas Wilfred Morgan
(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur til refsingar fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. apríl 1936: Kærði, Thomas Wilfred Morgan, greiði 4100 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 90 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin verði 75 daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa, og vararefsingin verði 75 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan greindra 4 vikna.

Kærði, Thomas Wilfred Morgan, greiði allan

áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Thomas Wilfred Morgan, skipstjóra á togaranum G. Y. Vambery, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 9. maí 1907. Hann hefir eigi áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Síðdegis hinn 4. þ. m. var varðskipið Ægir statt á landhelgisvæðinu undan Stafnesi. Meðal annarra skipa, sem varðskipið hélt auga með, var eitt skip, sem statt var utan landhelginnar norður af varðskipinu, og var alltaf öðru hvoru að snúast í hringi. Kl. 22,25 hélt varðskipið af stað og vék úr vegi fyrir skipi þessu, sem nú var komið á ferð og hafði stefnu beint á varðskipið. Eftir að varðskipið var komið úr siglingarleið skipsins, snéri það við og hélt á eftir því, enda kom þá í ljós, að þetta var togari, er síðan reyndist vera fyrrgreint skip með kærða sem skipstjóra.

Er varðskipið nálgaðist togarann, lýsti það á hann með ljóskastara, og sást þá greinilega, að hlerar stjórnborðsvörpu togarans héngu í gálgunum. Kl. 22,35 var togaranum gefið stöðvunarmerki og nam hann staðar kl. 22,37. Kl. 22,45 var af yfirmönnum varðskipsins gerð eftirfarandi staðarákvörðun hjá togaranum:

Garðskagaviti
> 23,00'
Stafnesviti
> 114,10'
Reykjanesaðalviti

Dýpi mælt 76 metrar, sem gefur stað varðskipsins 1,35 sjómílur innan landhelgilínunnar.

Bátur var þvínæst sendur frá varðskipinu um borð í togarann, og reyndist frágangur veiðarfæranna um borð í togaranum þá þannig: Hlerar stjórnborðsvörpu héngu í gálganum utan borðs og var dragstrengjum og öðrum tilheyrandi vírum lásað í þá. Varpan var laus á þilfarinu, nema framvængur hennar, sem hékk upp í reiða. Hnýtt var fyrir vörpupokann. Veiðarfærin mátti því láta í sjó án nokkurs sérstaks undirbúnings, en þar, sem skipið var statt, eru fiskimið, sem nú eru talin vera mjög eftirsótt.

Framangreind lýsing á sakarefninu er byggð á skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi og eiðfestum framburði 2. stýrimanns á varðskipinu, að því er fyrrgreindar mælingar snertir. Kærði hefir játað, að skýrsla skipherrans sé rétt að því er lýsingu á ásigkomulagi veiðarfæra hans um borð í skipinu snertir, en hann hefir hinsvegar staðfastlega neitað, að skip hans hafi verið í landhelgi, er varðskipið kom að honum. Það verður þó eigi talið, að kærða hafi tekizt að færa fram nein gögn, er hnekki fyrrgreindri niðurstöðu yfirmanna varðskipsins í þessu efni, og verður því að telja kærða sannan að sök um brot gegn 2. gr. laga nr. 5 frá 1920 og ber með hliðsjón af því, að skip kærða var statt á veiðisvæði og gat án nokkurs sérstaks undirbúnings hafið veiðar, eins og áður greinir, að tiltaka refsingu hans eftir 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 4100 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 90 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 145/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Frederick Arthur Meggitt
(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru um ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur lögreglurétttar Neskaupstaðar 20. júlí 1936: Kærður, Frederick Arthur Meggitt, greiði kr. 20100.00 sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum „Reboundo" G. Y. 1268 frá Grimsby séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu allan löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt úrskurði þeim, sem upp var kveðinn í máli þessu hér í réttinum hinn 7. apríl þ. á., dómkvaddi lögreglustjórinn í Reykjavík 3 menn til að segja álit sitt um atriði þau, sem um ræðir í úrskurðinum. Í skoðunargerð, dags. 3. maí þ. á., láta hinir dómkvöddu menn þá skoðun í ljósi, að annar endi vírspottans beri þess ótvíræð merki, að af honum hafi verið höggvið með meitli eða öðru höggverkfæri. Hinn endinn hafi á nokkrum þráðum merki, sem bent gætu til þess, að af þeim hafi verið höggvið, en mikill meiri hluti þráðanna hafi hreina brotfleti, sem bendi til þess, að vírinn hafi slitnað. Þá telja þeir útilokað, að vírinn hafi verið höggvinn sundur með öldustokkinn að undirlagi, með því að sérstakan útbúnað þyrfti til þess að ná vírnum

niður á öldustokkinn, þegar þungi vörpunnar liggi á honum, og óframkvæmanlegt, nema skipið sé að fullu stöðvað og nógur tími til að framkvæma verkið. Loks telja þeir, að fyrir geti komið undir sérstökum kringumstæðum, ef varpan festist í botni, að vírinn skerist í togblökkinni, og að hinir höggnu þræðir á vírnum gætu bent til þess, að svo hafi skeð hér.

Þrátt fyrir hinar mörgu og að sumu leyti sterku líkur, sem að sök kærða liggja og frá er greint í dómi undirréttarins, verður þó, þegar litið er til niðurstöðu framangreindrar skoðunargerðar, að telja varhugavert að álíta örugga sönnun komna fram fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber þá að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Frederick Arthur Meggitt, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans, „Reboundo“ G. Y. 1268, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Frederick Arthur Meggitt, skipstjóra á togaranum „Reboundo" G. Y. 1268 frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Málavextir eru þannig samkv. skýrslu skipstjórans á varðbátnum „Gautur" og samkv. framburði skipverja:

Miðvikudaginn 15. júlí var varðskipið „Gautur" við gæzlustörf undan Salthöfða, en þar voru nokkur dragnótaveiðiskip, sem varðskipið var að athuga. Kl. 6,46 sáust 2 togarar halda undir land inn fyrir Tvísker, en voru þá á svo mikilli ferð, að ólíklegt þótti, að um veiðar gæti verið að ræða. Þeir stoppuðu báðir nálægt landi og virtust liggja saman nokkurn tíma. Nokkru fyrir kl. 8 sást annar togarinn halda út frá landi með lítilli ferð ámóta og þegar togarar eru á veiðum. Togarinn var þá að bera í Skálafellshnútu, og var kl. 8 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti
> 67°
Hofsfjall
> 53°
Rákartindur

Kl. 8,10 heldur varðbáturinn af fullri ferð í áttina til togarans og kl. 8,26 er dregið upp stöðvunarmerki og samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti
> 60° 8'
Hofsfjall
> 58° 37'
Rákartindur
> 46° 28'
Togarinn

Kl. 8,43 sást, að togarinn var kominn á fulla ferð, og kl. 8,44 var skotið lausu skoti og síðar tveimur öðrum með stuttu millibili, og stöðvaðist þá togarinn. Varðskipið setti út bát og var farið í togarann og samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti
> 30°
Salthöfði
> 73° 50'
Rákartindur

Dýpi 94 m., og gefur það stað togarans 0,7 sjóm. utan landhelgi.

Við skoðun á togaranum kom í ljós, að báðir bakborðsdragstrengir voru höggnir sundur og bakborðsvörpu vantaði. Vírarnir á spilinu voru það votir, að úr þeim lak, og bakborðsmegin voru votar (sic) á þeim stöðum, er vírar liggja í þeim. Rúllur allar bakborðsmegin voru fægðar á þeim stöðum, er vírar liggja í þeim, og öldustokkur bakborðsmegin var gljáfægður undan vírum rétt fyrir framan togblökkina, þar sem dragstrengirnir liggja, þegar togað er. Þar sáust einnig í öldustokkinn nýleg för eins og væru þau eftir meitil.

Auk þessa hefir einn skipverja á varðskipinu og skipstjórinn báðir borið það, að þeir hefðu, þegar varðbáturinn átti stutt eftir að togaranum, séð gálgarúllu í framgálga vísa aftur og vír úr framgálga strengdan aftur með bakborðsmegin eins og venjulegan vörpustreng. Undir spiltrommunum og á þilfarinu, þar sem vírar leika yfir, þegar togað er, var bleyta.

Þetta og ýmsar fleiri athuganir bentu til þess, að togarinn hlaut (sic) að hafa verið að veiðum innan landhelgi, stuttu áður en varðbáturinn stöðvaði hann, en höggvið frá sér vörpuna, enda væri augsýnilegt á sárinu á vírunum, að þeir væru höggnir. Þennan framburð sinn hafa skipverjar á Gaut staðfest með eiði.

Kærður og sex af skipverjum hans, sem borið hafa vitni í málinu og staðfest hafa framburð sinn með eiði, hafa hinsvegar neitað því, að togarinn hafi verið að botnvörpuveiðum, þegar varðbáturinn kom að honum eða áður, meðan hann var á siglingu frá togaranum „Resmilo“ til varðskipsins.

Hafa þeir aðallega haldið því fram, að varpan hafi festst í botni, þegar togarinn var á veiðum við Hvalbak, og vírarnir slitnað. Framburður þessi verður að teljast í verulegum atriðum grunsamlegur. Samkv. uppgjöf skipstjóra og stýrimannsins um stefnu þá, er togarinn hafi siglt, er hann kom að landinu, hlaut hann að koma langt frá Hvalbak, mjög miklu vestar og einnig samkv. stefnu þeirri, er sömu menn hafa gefið upp, er siglt hafi verið vestur með landi og upp undir Ingólfshöfða, hlaut togarinn að hafa komið djúpt úr hafi. Eftir þessu og öðrum framkomnum skýrslum

sömu manna hefði togarinn þá átt að kasta á miklu meira dýpi en hugsanlegt er að hann geti togað á.

Aðrir en skipstjóri og fyrsti stýrimaður gátu engar upplýsingar gefið um stað þann, er varpan festist og vírarnir slitnuðu á.

Einnig virðist augljóst samkv. því, sem vélamenn á „Reboundo" hafa borið, að vélin hafi gengið með það miklum krafti, er hann hélt frá „Resmilo" út frá landinu, er varðskipið stoppaði hann, að hraði togarans hefði átt að vera mun meiri, ef ekki hefði verið varpa úti.

Auk þess er framburður skipverja af togaranum að ýmsu leyti ógreinilegur og ekki samhljóða. Samkv. þessari niðurstöðu verður að líta svo á, að neitun kærðs og framburður skipverja hans geti eigi talizt nægilega veigamikill til þess að hnekkja þeim sönnunargögnum, sem skipstjóri og skipverjar af Gaut hafa lagt fram í málinu og þeirra nákvæmu mælingum og athugunum í þá átt, að kærður hafi verið að ólöglegum fiskveiðum innan landhelgi með botnvörpu, áður en varðskipið tók hann.

Það verður því að teljast nægilega sannað, að kærður hafi þannig brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18 maí 1920.

Kærður, sem er 32 ára, hefir eigi áður sætt refsingu fyrir brot á fiskiveiðalöggjöfinni, og þykir hegning sú, er hann hefir til unnið fyrir brot sitt samkvæmt 3. gr. áðurnefndra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 4 1924, hæfilega ákveðin kr. 20100.00 sekt í landhelgisjóð Íslands með tilliti til gengis íslenzkrar krónu, sem í dag er jafngildi 49,78 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum „Reboundo" G. Y. 1268 frá Grimsby séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu allan leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 19/1937. **Ölver Karlsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Hallfríði Stefaníu Axelsdóttur
(Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 31. des. 1936: Vinni stúlkan, Hallfríður Stefanía Axelsdóttir, Stóragerði, Hörgárdal innan Eyjafjarðarsýslu, eið að því, á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning innan réttarins, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan, Ölve Karlsson, Myrkárdal, á tímabilinu frá 10. ág. 1933 til 20. okt. 1933, þá skal hann teljast faðir að sveinbarni því, sem hún ól 14. júní 1934, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur málskostnað allan, þar á meðal 20 kr. til talsmanns kærða, Björns Halldórssonar, lögfræðings.

Vinni hún hinsvegar ekki eiðinn, skal kærði vera sýkn af öllum kröfum hennar í þessu máli og málskostnaður greiðast af almannafé.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 4. marz þ. á., en stefnda hefir hvorki mætt né látið mæta, og er henni þó löglega stefnt. Málið hefir því verið flutt skriflega samkv. 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112/1935, og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Áfrýjandi hefir krafizt þess: *aðallega,* að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í málinu, en *til vara,* að honum verði dæmdur synjunareiður í því, og loks *til þrautavara,* að verði stefndu dæmdur

fyllingareiður, þá sé henni stílaður eiðstafur á þá leið, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda *einan manna* á hugsanlegum getnaðartíma barnsins.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega á það fallast, að úrslit þess séu undir því komin, hvort stefnda vinnur eið að því, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við áfrýjanda aðfaranótt hins 8. október 1933. En við þann tíma einan ber að miða, þar eð stefnda hefir ekki haldið því fram, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda á öðrum tíma, sem hér skiptir máli. Vinni hún eiðinn, þá skal áfrýjandi teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól hinn 14. júní 1934, og ber honum þá að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað, hvorttveggja eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur málskostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Björns Halldórssonar, málflutningsmanns, 50 krónur, en málskostnaður fyrir hæstarétti fellur þá niður.

Verði stefndu hinsvegar eiðfall, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar, og ber henni þá að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum með 200 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Hallfríður Stefanía Axelsdóttir, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, að hún hafi haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Ölve Karlsson, aðfaranótt hins 8. október 1933,

þá skal áfrýjandi teljast faðir sveinbarns þess, sem stefnda ól hinn 14. júní 1934, og vera skyldur til að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur allan kostnað málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans þar, Björns Halldórssonar, málflutningsmanns, 50 kr., en málskostnaður fyrir hæstarétti á þá að falla niður.

Verði stefndu aftur á móti eiðfall, skal áfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar, og skal hún þá greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum með 200 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærandi í þessu máli, Hallfríður Stefanía Axelsdóttir, Stóragerði í Hörgárdal, ól sveinbarn 14. júní 1934 og lýsti hún föður að barni þessu, Ölve Karlsson, Myrkárdal, Hörgárdal. Fullyrðir hún, að barn þetta hafi komið undir 8. október 1933 við samræði, er hún átti standandi upp við vegg við Ölve Karlsson í hesthúsinu í Myrkárdal.

Skýrir hún svo frá, að þau hafi orðið samferða af skemmtun, sem haldin var á Mýrká í Hörgárdal. Segir hún, að Anna systir hennar, 15 ára, og Ingvar bróðir hennar, 10 ára, hafi verið fyrst með þeim, en svo fóru þau á undan þeim. Er kærandi og kærður komu í laut í Kerlingarstekk, segir hún, að Ölver hafi tekið utan um sig og beðið um að mega hafa samræði við hana, en hún neitað því, enda var snjór á jörðu. Bauðst hann þá til að leggja frakka undir hana, en eigi að síður neitaði hún honum um samræðið. Segir hún svo, eins og áður er vikið að, að samræðið á milli þeirra hafi farið fram í hesthúsinu í Myrkár-

dal. 14 dögum á undan hafði hún tíðir, en hafði svo ekki tíðir, fyrr en eftir barneignina.

Hún segir, að enginn hafi haft samræði við sig annar en Ölver, sem geti verið faðir að barninu. Föðurbróðir Ölves, Hallgrímur Hallgrímsson frá Féeggsstöðum hafði tvisvar samræði við hana, en þá var meðgöngutíminn hálfnaður. Var þetta heima á Féeggsstöðum, er hún var hjá honum um 3ja vikna skeið. Kærandi hefir neitað, að hún hafi dvalið oftar hjá Hallgrími en greindan tíma, en þó hefir sannazt og hún játað, að hún hafi verið þar um 21. nóvember 1933 í kringum vikutíma. Að vísu er það nú fremur ólíklegt, að hún hafi verið búin að gleyma dvölinni 21 nóv., en þó er það ekki útilokað, en á hitt ber að líta, að þó hún hefði haft samræði við Hallgrím á þessum tíma, þá virðist barnið ekki geta verið komið undir þá. Þá er og viðurkennt, að Hallgrímur kom til stúlkunnar fyrir göngur 1933, er hún var á Akureyri, en göngurnar eru um miðjan september. Eins og kunnugt er, miðar sveitafólk fremur við atburði eins og göngur en við mánaðardaga. Neitar Hallgrímur að hafa haft samræði við stúlkuna þá, var barn inni hjá henni þann stutta tíma, sem hann var inni hjá henni.

Rannsókn hefir leitt í ljós, að stúlkan hefir fengið bezta vitnisburð hjá húsbændum sínum á Akureyri, og ekkert tortryggilegt komið fram um hana, er hún dvaldi þar.

Kærður hefir neitað, að börnin hafi verið á undan þeim, er heim var komið af skemmtuninni, en þvert á móti segir hann, að lengra hafi ekki verið á milli þeirra en þau hefðu mátt ræða saman. En börnin segja aftur, að þau hafi skilið við þau og verið komin heim nokkru á undan þeim. Kærður neitar því, að hann hafi tekið utan um kæranda í lautinni og enn að hann hafi farið inn í hesthúsið með henni. Og öllu neitar hann um samfarir. En við það kannast hann, að hún hafi, eftir að hún átti barnið, spurt sig um, hvort hann vildi kannast við að vera faðir að því. Blóðprufa hefir verið gerð á móður og barni og Ölve, en hún sýndi ekkert um faðernið.

Ágreiningur varð milli héraðslæknis á Akureyri og Jóns Geirssonar læknis hér, hvort barnið gæti verið komið undir 8. október. Neitar héraðslæknir, að svo geti verið, en álit Jóns Geirssonar fer í öfuga átt. Ágreiningurinn var lagður

undir landlækni, og er sú niðurstaða, sem hann kemst að, þessi:

„Samkvæmt þessu verður því ekki neitað, að barn það, er hér um ræðir og fæddist 14. júní 1934, getur verið komið undir við samfarir 8. október árið fyrir, og ekki síður fyrir það, að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum var barnið ekki tiltakanlega þungt og vantaði að minnsta kosti eitt og ekki lítilsvert einkenni fullburða þunga."

Vottorð læknis liggur og fyrir um það, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að barnið hafi getað komið undir, þó samræðið hafi átt sér stað standandi.

Í vitnisburði kærða og kæranda, hverjum út af fyrir sig, er þau skýra frá, hvað á milli þeirra hafi farið, er ekki ósamræmi. Engar sannanir eru heldur færðar fyrir því, að framburður kærða um það, að hann og kærandi og börnin hafi orðið samferða af dansleiknum, sé rangur, enda vitni þau, sem leidd hafa verið, svo skyld kæranda, að vitnisburðir þeirra hafa ekki löglegt sönnunargildi, en þrátt fyrir þetta, þó ekki sé um sönnun að ræða, eru þó nokkrar líkur fyrir, að kærandi segi rétt frá ferðalaginu, en auðvitað eru það aðeins líkur, og eins er viðurkenning fyrir því, að kærandi hafi spurt kærða, nokkru eftir barneignina, hvort hann viðurkenndi, að hann væri faðir að barninu, en mjög mikla frekju þarf til að koma með slíka spurningu, ef skýrsla kærða er rétt í alla staði. Þar sem hvergi kennir ósamræmis í framburði kæranda um samfarir kærða og hennar, en aðeins um dvölina hjá Hallgrími, sem vel getur stafað af misminni, og þar sem hinsvegar vitnisburðir húsbænda kærða á Akureyri um framferði hennar eru henni mjög í vil, eru nokkrar líkur fyrir því, að skýrsla hennar um ferðalagið frá dansleiknum geti verið rétt, en hinsvegar samkvæmt áliti landlæknis, sem stutt er af áliti erlendra fræðimanna, ekkert því til fyrirstöðu, að barnið hafi getað komið undir á þeim tíma, sem kærandi segir, að samfarir hafi átt sér stað, þá þykir að þessu athuguðu rétt að láta úrslit málsins vera komin undir eiði kæranda, þannig að ef Hallfríður Stefanía Axelsdóttir vinnur eið að því, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu þessa dóms, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærða, Ölve Karlsson, Myrkárdal, á tímabilinu frá 10. ágúst 1933 til 20. okt. 1933,

þá skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól 14. júní 1934, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði og ennfremur málskostnað allan, þar á meðal 20 krónur til talsmanns kærða, Björns Halldórssonar, lögfræðings. Vinni hún hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður, Ölver Karlsson, vera sýkn af öllum kröfum hennar í þessu máli, og málskostnaður greiðast af almannafé.

Á þessu máli hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 26/1937. **Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Sigfúsar Sveinssonar** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Veiðarfæraverzlunin „Verðandi" s/f og gagnsök (Eggert Claessen)
og
Veiðarfæraverzlunin „Verðandi" s/f
gegn
þeim Benedikt Jónssyni, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirssyni, Pétri Guðmundssyni, Jakob Vilhjálmssyni, Helga Einarssyni og Auðuni Hermannssyni (Enginn).

Spurning um, hvort verzlunarfyrirtæki, sem lagt hafði veiðarfæri og skipsnauðsynjar til fiskiskips, hefði sjóveðrétt í skipinu fyrir úttektinni eða kröfu á hendur útgerðarmönnum persónulega. Úrslit málsins látin velta á eiði fyrirsvarsmanns verzlunarfyrirtækisins.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 19. jan. 1937: Hinir stefndu meðlimir útgerðarinnar „Atli" eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum stefnanda, Veiðarfæraverzlunin „Verðandi".

Stefnandi hefir sjóveðrétt fyrir umstefndri upphæð, kr. 2795.93 ásamt 6% vöxtum frá 1. júní 1934 í skipinu „Atli" frá Norðfirði, eign dánarbús Sigfúsar Sveinssonar, og má hann gera fjárnám í skipinu og láta selja það á uppboði til lúkningar nefndri upphæð.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir stefndu Benedikt Jónsson, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirsson, Pétur Guðmundsson Jakob Vilhjálmsson, Helgi Einarsson og Auðunn Hermannsson hafa hvorki mætt né látið mæta í máli þessu fyrir hæstarétti. Stefndum Helga Einarssyni hefir ekki verið birt hæstaréttarstefnan og ber því að vísa málinu frá hæstarétti að því leyti sem kröfur eru gerðar á hendur honum. Öðrum stefndum hefir verið löglega stefnt. Hefir málið þessvegna verið flutt skriflega samkvæmt 2. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Aðaláfrýjandi, Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Sigfúsar Sveinssonar, hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 16. marz þ. á., og gert þær dómkröfur: *aðallega*, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að sjóveðréttur í e/s „Atli" frá Norðfirði fyrir fjárhæð þeirri, sem greinir í dóminum, verði ekki viðurkenndur, en *til vara*, að því aðeins verði sjóveðréttur í téðu skipi viðurkenndur, að fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda, Stefán Stephensen, synji fyrir það með eiði, að fram-

kvæmdastjóri samlagsútgerðarinnar „Atli“ hafi samið við hann um vöruúttekt þá, sem sjóveðréttar er krafizt fyrir. Svo krefst aðaláfrýjandi og, að gagnáfrýjandi, Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f, verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefir málinu verið skotið hingað til dómsins með stefnu, dags. 14. apríl þ. á., Hefir hann stefnt bæði aðaláfrýjanda og ofangreindum félögum samlagsútgerðarinnar „Atli“ og gert þær dómkröfur: *aðallega*, að téðir samlagsmenn verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 og til greiðsludags og jafnframt að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir hinum dæmdu fjárhæðum í skipinu „Atli“, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Loks krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi og hinir stefndu samlagsmenn verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með samningi, dags. 17. jan. 1934, tóku þáverandi skipverjar á e/s „Atli“ frá Norðfirði skip þetta á leigu um vetrarvertíðina 1934 hjá eiganda þess, Sigfúsi Sveinssyni, Neskaupstað. Í félagssamningi, sem skipverjar gerðu með sér sama dag, ákváðu þeir að gera nefnt skip „út til fiskveiða íhöndfarandi vertíð fyrir sameiginlegan reikning allra skipverja“ og skuldbundu sig til að hlíta þargreindum reglum um skiptingu arðs þess, er afgangs yrði kostnaði. Þá var og Björn Guðmundsson, Ljósvallagötu 14, Reykjavík, ráðinn til þess að vera framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar, og gáfu samlagsmenn honum fullt umboð til þess að fara með öll við-

skipti félagsins, þar með talið að annast öll vörukaup til útgerðarinnar, sölu á veiði skipsins, undirbúa rekstrarlán o. fl. Samlagsmenn virðast síðan hafa hafið útgerðarstarfsemina. Voru veiðarfæri og ýmsar nauðsynjar til útgerðarinnar teknar út hjá gagnáfrýjanda, og er svo að sjá sem skipstjóri og stýrimaður hafi aðallega veitt vörunum viðtöku. En auk þess tóku ýmsir skipverjar út í reikning félagsútgerðarinnar hjá gagnáfrýjanda persónulegar nauðsynjar, aðallega sjófatnað, og virðist, eftir því sem fyrir liggur í málinu, mega gera ráð fyrir, að úttektir skipverjanna skyldu taldar þeim til gjalda, er innbyrðis viðskipti samlagsmanna síðar yrðu útkljáð. Samkvæmt „útskrift úr höfuðbók útgerðarfélagsins „Atli"" og úttektarnótum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, hefur úttekt í reikning félagsútgerðarinnar hjá gagnáfrýjanda á téðri vertíð numið alls kr. 7030.55. Upp í þessi viðskipti var þá greitt af hálfu félagsútgerðarinnar kr. 4234.62. Hefir greiðsla þessi nægt til lúkningar þeirrar úttektar, sem rann beint til skipverja og stórum mun betur, og þar sem gagnáfrýjandi mátti að lögum nota innborganirnar til greiðslu síðastnefndrar úttektar fyrst, þá verður að telja, að skuld sú, kr. 2795,93, sem krafizt er greiðslu á í máli þessu, sé til orðin vegna veiðarfærakaupa til e/s „Atli" og skipsnauðsynja.

Auk þess að höfða mál gegn eiganda e/s „Atli". hefir gagnáfrýjandi beint málssókn sinni gegn 7 samlagsmönnum, en svo sem ýtarlega er vikið að í hinum áfrýjaða dómi, getur gagnáfrýjandi ekki átt sjóveð í oftnefndu skipi fyrir vöruúttektinni samhliða því, að hann eigi persónulega kröfu á hendur félögum samlagsútgerðarinnar. Samkvæmt þessu

kemur fyrst til álita, hvort umstefnd skuld sé tryggð með sjóveði í e/s „Atli“. Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að vöruúttektin til skipsins, sem statt var utan heimilis síns, hafi verið framkvæmd af skipstjóra þess eða stýrimanni í umboði skipstjóra. Hafi þessvegna stofnazt sjóveð fyrir andvirði varningsins í skipinu samkvæmt 236. gr. 4. tölulið sbr. 53. gr. siglingalaganna nr. 56 frá 1914. Fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda viðurkennir að vísu, að hann hafi, eftir að úttektirnar hófust, fengið vitneskju um, að Björn Guðmundsson hefði á hendi reikningshald fyrir útgerðina, en hann neitar því, að Björn hafi annazt úttektina, nema þá eitthvert lítilræði. Björn, sem leiddur hefir verið á ný sem vitni eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, kveður sig hafa þegar í öndverðu samið f. h. félagsútgerðarinnar við fyrirsvarsmann gagnáfrýjanda, Stefán Stephensen, um veiðarfæraúttektina, bæði um verð og að mestu leyti um magn hennar. Skipstjórinn eða skipverjar hafi annazt hinar einstöku úttektir, sem fram hafi farið eftir þörfum skipsins, en þegar teknar hafi verið út vörur hjá gagnáfrýjanda, sem vitnið hafði ekki pantað fyrir fram, þá hafi úttektirnar verið bornar undir vitnið til samþykkis. Af hálfu gagnáfrýjanda er bent á, að Björn sé bróðir frú Ólafar Guðmundsdóttur, aðaláfrýjanda máls þessa, og er vitnisburði hans mótmælt sem vilhöllum. Samkvæmt því, sem rakið hefir verið hér að framan, verður ekki gegn eindreginni neitun gagnáfrýjanda talin fram komin næg sönnun fyrir því, að téður framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar hafi samið við fyrirsvarsmann gagnáfrýjanda um vöruúttektirnar, en hinsvegar þykja atvik málsins veita svo

miklar líkur fyrir því, að slíkur samningur hafi gerður verið, að rétt þykir að láta úrslit málsins að þessu leyti velta á eiði Stefáns Stephensen, þannig að ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi eftir 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan mánaðar frá birtingu dóms þessa synjar fyrir það með eiði, að framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar „Atli" hafi samið við hann um vöruúttekt þá, er í dómi þessum greinir, þá skal gagnáfrýjandi hafa sjóveðrétt fyrir kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 í e/s „Atli" frá Norðfirði, og fellur þá málskostnaður í málinu niður, en vinni Stefán Stephensen ekki eiðinn, þá á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaður í því sambandi að falla niður.

Ef eiðurinn verður ekki unninn, þykir bera að ganga út frá því, að framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar hafi samið við Stefán Stephensen um vöruúttektina. Kemur þá til álita, hvort hinir stefndu samlagsmenn verði dæmdir til greiðslu hennar. Svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir, létu hinir stefndu í öndverðu mæta í málinu í héraði, og var lagt þar fram eitt varnarskjal af þeirra hálfu. Virðast þeir þá telja skuldina ranga, en bæði er, að mótmæli þeirra um þetta atriði eru ekki nægilega glögg, enda hafði framkvæmdastjóri þeirra samþykkt reikning yfir viðskiptin við gagnáfrýjanda og samlagsmenn ekki hreyft neinum andmælum gegn honum, svo að séð verði, fyrr en í varnarskjalinu. Þá telja hinir stefndu, að þó að skuldin væri rétt, þá beri þeir ekki solidariska ábyrgð á henni, heldur sé hér um pro rata ábyrgð að ræða samkvæmt þriðja kapítula siglingalaga nr. 56 frá 1914, en í máli þessu sé einungis 7 af 17 samlagsmönnum

stefnt. Á þetta verður ekki fallizt. Nefnd ákvæði siglingalaganna eiga hér ekki við, og verður niðurstaðan þessvegna sú, ef Stefáni Stephensen verður eiðfall, að hinir stefndu samlagsmenn, að fráskildum Helga Einarssyni, eiga in solidum að greiða gagnáfrýjanda kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Kröfum gagnáfrýjanda, Veiðarfæraverzlunin „Verðandi" s/f, á hendur stefndum Helga Einarssyni vísast frá hæstarétti.

Ef fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda, Stefán Stephensen, að undangengnum löglegum undirbúningi á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, synjar fyrir það með eiði, að framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar „Atli", Björn Guðmundsson, hafi samið við hann um vöruúttekt þá, sem gerð var í Veiðarfæraverzlunin „Verðandi" s/f til skipsins „Atli" á vetrarvertíðinni 1934, *þá* skal gagnáfrýjandi hafa sjóveðrétt fyrir kr. 2795,93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 og til greiðsludags í skipinu „Atli" frá Norðfirði, *þá* eiga hinir stefndu þeir Benedikt Jónsson, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirsson, Pétur Guðmundsson, Jakob Vilhjálmsson og Auðunn Hermannsson að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og *þá* fellur

málskostnaður niður bæði í héraði og hæstarétti.

Ef Stefán Stephensen vinnur ekki eiðinn, *þá* á aðaláfrýjandi, Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Sigfúsar Sveinssonar, að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaður í því sambandi að falla niður, en *þá* eiga hinir stefndu þeir Benedikt Jónsson, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirsson, Pétur Guðmundsson, Jakob Vilhjálmsson og Auðunn Hermannsson in solidum að greiða gagnáfrýjanda, Veiðarfæraverzlunin „Verðandi" s/f, kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 og til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti með kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað með stefnu, dags. 21. jan. 1935, Jón Þorvarðsson f. h. Veiðarfæraverzlunarinnar „Verðandi" hér í bæ gegn meðlimum sameignarútgerðarinnar „Atli" til greiðslu skuldar fyrir vöruúttekt, að upphæð kr. 2795.93, auk 6% vaxta frá 25. júlí 1934 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, er nemur samkv. framlögðum reikningi kr. 255.50. Hinir stefndu meðlimir sameignarútgerðarinnar eru þessir: Benedikt Jónsson, skipstjóri, Bókhlöðustíg 6 B, B. Schmidt, Ránargötu 10, Ásgeir Ásgeirsson, Skólavörðustíg 46, Pétur Guðmundsson, Fischersundi 2, Jakob Vilhjálmsson, Ljósvallagötu 16, Helgi Einarsson, Bílastöðin Hekla, og Auðunn Hermannsson, Skólavörðustíg 46, og krefst stefnandi þess, að hinir stefndu verði dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn til greiðslu ofangreindra upphæða.

Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í e/s „Atli“ frá Norðfirði fyrir hinum umkröfðu upphæðum og hefir því stefnt skiptaráðandanum á Norðfirði (Neskaupstað) f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar, sem er eigandi nefnds skips, til viðurkenningar á sjóveðréttinum.

Lýsir stefnandi tildrögum málsins þannig, að veturinn 1934 hafi skipshöfnin á e/s „Atla“ tekið skipið á leigu, og á þeim tíma hafi skipstjórinn tekið út kol & salt (sic) hjá stefnanda, og hafi úttektin eigi verið greidd að fullu og standi eftir hin umstefnda upphæð og þar sem skipstjórinn hafi tekið út vörurnar til framkvæmdar ferðar skipsins, sem var skrásett á Norðfirði, telur stefnandi, að hann eigi sjóveð í skipinu.

Í upphafi málsmeðferðarinnar hér fyrir réttinum 16. marz 1935 var mætt af hendi hinna stefndu meðlima útgerðarfélagsins og í varnarskjali, framlögðu 30. s. m. af þeirra hendi, hafa þeir það við málstilbúnaðinn að athuga, að þeir telja skuldina ranga og mótmæla solidariskri ábyrgð á henni, en telja, að skuldin, ef einhver sé, eigi að skiptast pro rata og að samútgerðarmennirnir hafi verið 17 að tölu og beri því hver félagi aðeins 1/17 hluta ábyrgðar, og loks er því haldið fram, að ef sjóveðréttur er viðurkenndur fyrir skuldinni, þá beri að sýkna útgerðarfélagana, og þess krafizt að lokum, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda, eða að kröfum hans að því er þá snertir verði vísað frá dómi.

Eftir þetta var að vísu mætt síðar af hálfu þessara stefndu, meðal annars við vitnaleiðslu í málinu, en eftir að stefnandi hafði lagt fram framhaldssóknarskjal í málinu, þar sem hann rökstyður nánara kröfur sínar og andmælir fyrrgreindum varnarástæðum, hefir eigi frekari vörnum verið haldið uppi af hálfu þessara stefndu.

Málflytjandi stefnanda færir í framhaldssókn sinni rök fyrir því, að kröfuupphæðin sé rétt, og til stuðnings kröfu sinni um solidariska ábyrgð stefndu, vitnar hann til samnings skipverja um, hvernig skipta eigi því, sem afgangs verði útgerðarkostnaði, og segir þar í upphafi, að þeir hafi tekið skipið á leigu yfir vetrarvertíðina og geri það út til fiskveiða „fyrir sameiginlegan reikning allra skipverja“. Segir umboðsmaður stefnanda, að sýknu-

krafa umboðsmanns stefndu sé röng, því að krafan á hendur þeim sé til, enda þótt sjóveðréttur fylgi henni, en eigi sé hægt að gera aðför hjá þeim, ef sjóveðrétturinn sé viðurkenndur.

Af hálfu hins stefnda dánarbús, eiganda skipsins, hefir því verið mótmælt, að sjóveðréttur í skipinu fylgi hinni umstefndu kröfu. Eru mótmælin studd við það, að vörurnar séu ekki teknar út af skipstjóra eða í umboði hans, og þótt svo kynni að vera, að skipstjóri hafi tekið út eitthvað, þá geti það ekki haft í för með sér sjóveðrétt í skipinu, af því að útgerðin hafi haft hér á staðnum umboðsmann. Þessu til sönnunar hefir verið lagt fram í málinu afrit af skjali, þar sem 14 skipverjar, þar á meðal skipstjórinn, ráða mann þenna meðal annars til þess að hafa á hendi vörukaup til útgerðarinnar, sem þeir kalla samvinnuútgerð, og fela honum öll störf, sem framkvæmdastjóri útgerðar fer venjulega með, enda er hann nefndur því nafni í skjalinu. Maður þessi hefir mætt sem vitni í málinu og borið það, að hann hafi annazt reikningshald útgerðarinnar þessa vertíð, og segir ennfremur, að það hafi ýmist verið skipstjóri, stýrimaður eða hann, sem tók út vörur til skipsins.

Það virðist svo sem þessi framkvæmdastjóri einn, auk skipshafnarinnar í heild, hafi haft heimild til með samningi að skuldbinda útgerðarfélagið. Er þessa getið hér í tilefni af málflutningnum af hálfu stefnanda hér fyrir réttinum. Þar er því haldið fram, að öll úttektin hafi verið gerð eftir beiðni skipstjórans eins eða skipverja í hans umboði og að fyrrnefndur umboðsmaður hafi ekki staðið fyrir henni, en aðeins haft reikningshald og útborganir og það hafi stefnandi vitað og því sé á sumar nóturnar fyrir úttektunum skrifað nafn hans.

Það verður nú ekki séð, að það geti farið saman, að skipstjórinn með samningum sínum við stefnanda hafi gagnvart honum bæði skuldbundið sjálfan sig og útgerðarfélagana persónulega og samkvæmt stöðuumboði sínu sem skipstjóri skuldbundið skip sitt með sjóveði fyrir úttektinni. Rétturinn getur því ekki fallizt á, að stefnandi hafi bæði sjóveðrétt í skipinu og persónulega ábyrgð útgerðarfélaganna fyrir úttektinni, enda þótt hún sé að vísu gerð í þarfir útgerðarfélagsins og skipseigandi kunni

að eiga bótakröfu á hendur útgerðarfélaginu, ef talið verður, að stefnandi eigi sjóveðrétt í skipinu fyrir hinni umstefndu skuld, en upphæð hennar þykir mega telja nægilega sannaða.

Er þá að athuga, hvort stefnandi á heldur persónulega kröfu á skipverja eða sjóveðrétt í skipinu fyrir upphæðinni. Úrlausnin virðist komin undir því, hvernig ætla má, eftir því, sem fyrir liggur í málinu, að viðhorfið hafi verið gagnvart stefnanda, er úttektin fór fram.

Það er ekki upplýst í málinu, hvort stefnandi hafi haft nokkra vitneskju um, hvernig útgerðinni var hagað eða honum skýrt frá ráðningu framkvæmdastjórans. Ef stefnandi hefði vitað um hana og látið úttektina í té með þeirri hugsun, að skipverjar væru sjálfir persónulega ábyrgir fyrir úttektinni, verður að ætla, að hann hefði samið við framkvæmdastjórann um úttektina. En nú hefir stefnandi harðlega neitað því að hafa samið við framkvæmdastjórann, og þeirri staðhæfingu, að það hafi verið skipstjórinn, sem samdi um úttektina, hefir ekki verið hnekkt. Allar úttektarnóturnar eru stílaðar á e/s „Atli", skipstjóri kvittar fyrir sumu af úttektinni, aðrir skipverjar fyrir öðru, og þótt nafn téðs umboðsmanns sé skrifað á sumar nóturnar, þykir það ekki gegn neitun stefnanda og öðru því, er fyrir liggur, nægilegt til að sanna, að hann hafi samið um kaupin fyrir hönd útgerðarfélagsins. Virðist það líklegra, eins og stefnandi heldur fram, að litið hafi verið á mann þenna af seljanda varanna sem starfsmann útgerðarinnar í landi og reikningshaldara skipsins.

Stefnandi vissi, að skipið var utanhéraðsskip, sem rak veiðiskap um tíma héðan og þurfti því slíkan mann. Útgerð þess var háttað að vitund stefnanda alveg á sama hátt og útgerð sunnlenzku skipanna, sem reka síldveiðar á sumrum fyrir Norðurlandi og fá úttekt hjá verzlunum þar til rekstrar útgerðinni með sjóveði í skipinu og það eigi talið hafa nein áhrif um stofnun sjóveðréttar fyrir úttekt skipstjórans, þótt einhver starfsmaður sé í landi og sjái um reikningshald.

Þessi úttekt skipstjórans hefir jafnan verið talin njóta sjóveðréttar, enda þótt hún sé ekki aðeins nauðsynjar vegna skipsins sjálfs, heldur vegna veiðiskaparins, þar á

meðal salt, ís og beita, sem allt verður að meta að jöfnu, og loks úttekt til persónulegra þarfa skipverjanna.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, verður ekki litið svo á, að skipstjórinn hafi sem útgerðarmaður samið um úttektina við stefnanda og að stefnandi hafi heldur ekki samið við hann fyrir hönd útgerðarfélagsins, heldur við hann sem skipstjóra og þar með öðlazt sjóveðrétt fyrir úttektinni.

Það skal tekið fram, að leigusamningur um skipið milli útgerðar og skipseiganda hefir ekki verið lagður fram, svo að sjóréttinum er alveg ókunnugt um réttarsambandið milli þeirra innbyrðis.

Verða því úrslit þessa máls þau hér fyrir réttinum, að sýkna beri hina stefndu meðlimi útgerðarinnar af kröfum stefnanda, en hann á aftur á móti sjóveðrétt í e/s „Atli" frá Norðfirði, eign hins stefnda dánarbús, fyrir hinni umkröfðu upphæð, kr. 2795,39 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 til greiðsludags, og heimilast stefnanda réttur til að gera fjárnám í skipinu og selja það á uppboði til lúkningar kröfunni.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 31/1937. **Carl Tulinius og Stefán Stefánsson f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey**

gegn

Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Carl Tulinius og Stefán Stefánsson f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 43/1937. **Sigurður Berndsen og Björn Gíslason**
gegn
Jóni Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sigurður Berndsen og Björn Gíslason, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 24. september 1937.

Nr. 153/1936. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Jóni Einarssyni, Árna Júlíusi Jónssyni, Páli Friðvin Jóhannssyni, Þórði Ingþórssyni, Þorsteini Jóhannessyni og Sölva Elíassyni
(Garðar Þorsteinsson).

Kæra fyrir brot á ákvæðum um bifreiðastæði.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. apríl 1936: Kærðir, Jón Einarsson, Árni Júlíus Jónsson, Páll Friðvin Jóhannsson, Þórður Ingþórsson, Þorsteinn Jóhannesson og Sölvi Elíasson, greiði hver um sig 25 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist sektin með 2 daga einföldu fangelsi.

Kærðir greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með framhaldsrannsókn, sem hafin var samkv. úrskurði hæstaréttar frá 10 febr. þ. á., hefir það orðið upplýst, að bifreiðastöðin Hekla, sem hefir starfhýsi sitt við Lækjargötu 4 hér í bæ, hefir síðan 1931 haft á leigu eitt óafmarkað bifreiðastæði á téðri götu fyrir framan starfhýsi sitt. Hver af bifreiðum þeim, er í máli þessu greinir, skyldi fara af stað, þegar röðin var að henni komin, og sú, er næstu ferð skyldi hverju sinni fara, átti samkvæmt skýrslu stöðvarstjórans að standa á leigða stæðinu. Lögreglumaður sá, er kærði bifreiðarstjórana, hina kærðu í máli þessu, hefir ekki verið að því spurður, hver bifreiðanna hafi staðið fremst í röðinni, og hefði þar með átt að standa á leigða stæðinu, og hefir þetta atriði ekki heldur orðið upplýst með skýrslu hinna kærðu eða skýrslu forstjóra bifreiðastöðvarinnar, sem ekki hefir verið kærður eða saksóttur í sambandi við kæru og saksókn á hendur hinum kærðu bifreiðastjórum. Samkvæmt framangreindu þykir mega gera ráð fyrir því, að ein áðurnefndra bifreiða hafi hverju sinni mátt standa á götunni milli ferða sinna, og ökumaður hennar hefir þá ekki brotið með vist hennar á götunni, er lögreglumaðurinn kom þar að, lögreglusamþykkt Reykjavíkur. En með því að ekki er upplýst, hver hinna sex kærðu er sýkn og hverir þeirra kunna að vera sekir, þykir verða að sýkna alla hina kærðu af broti því, er þeir voru taldir hafa framið þann 4. apríl 1936 í máli þessu.

Allir hinir kærðu, nema Árni Júlíus Jónsson, hafa í fyrri rannsókn málsins kannazt við, að þeir hafi stundum áður látið bifreiðar sínar standa á Lækjargötu, meðan þær hafi beðið eftir afgreiðslu,

en rannsóknardómarinn, sem virðist þá ekki hafa vitað eða athugað það, að bifreiðastöðin Hekla hafði þar bílstæði á leigu, hefir engra upplýsinga aflað um það, hvort hver einstök hinna nefndu bifreiða hafi hverju sinni verið á stæðinu eða utan þess. Vegna upplýsingaskorts verður því einnig að sýkna hina kærðu, sem hér eiga hlut að máli, af kæru í máli þessu fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur fyrir 4. apríl 1936.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakar þessarar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 80.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Jón Einarsson, Árni Júlíus Jónsson, Páll Friðvin Jóhannsson, Þórður Ingþórsson, Þorsteinn Jóhannesson og Sölvi Elíasson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Garðars Þorsteinssonar, kr. 80.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930 gegn bifreiðastjórunum Jóni Einarssyni, Brávallagötu 6, Árna

Júlíusi Jónssyni, Hafnarstræti 18, Páli Friðvin Jóhannssyni, Amtmannsstíg 6, Þórði Ingþórssyni, Laugaveg 78, Þorsteini Jóhannessyni, Laugaveg 33, og Sölva Eliassyni, Vesturgötu 51.

Hér í lögsagnarumdæminu hafa kærðir áður sætt eftirtöldum refsingum:

Jón Einarsson:

1930 $^{20}/_{5}$ sætt 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot,
1930 $^{19}/_{9}$ sætt 5 kr. sekt fyrir sama,
1932 $^{8}/_{9}$ áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

Árni Júlíus Jónsson:

1936 $^{23}/_{2}$ aðvörun fyrir brot gegn umferðareglunum.

Þórður Ingþórsson:

1930 $^{4}/_{6}$ sætt 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum,
1931 $^{13}/_{4}$ áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

Þorsteinn Jóhannesson:

1932 $^{15}/_{9}$ sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykktinni.
1933 $^{19}/_{5}$ sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðareglum.

Sölvi Elíasson:

1931 $^{9}/_{9}$ sætt 5 kr. sekt fyrir brot gegn samþ. um bifreiðastæði,
1932 $^{14}/_{7}$ sætt 100 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðakstur.

Hinn 4. þ. m. kl. 8.40 e. m. skrifaði Karl lögregluþjónn Guðmundsson upp 6 bifreiðar, er þá stóðu mannlausar á Lækjargötunni fyrir framan bifreiðastöðina Heklu. Kærðir eru bifreiðastjórar bifreiða þessara og hafa afgreiðslu á bifreiðastöðinni. Hefir lögreglan oft og iðulega aðvarað stöðvarstjórann við að láta bifreiðar standa þarna á götunni, án þess að skipazt hafi verið við, og hafa allir hinir kærðu bifreiðastjórar viðurkennt að hafa oftlega áður látið bifreiðar sínar standa á götunni á þessum slóðum.

Með framangreindu hafa kærðir gjörzt sekir við 15. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930. Þykir refsing þeirra hvers um sig hæfilega ákveðin 25 króna sekt til bæjarsjóðs, og greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga. Þá greiði kærðir og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Mánudaginn 27. september 1937.

Nr. 41/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Olaf Cecil Bowitz
(Lárus Jóhannesson).

Áfengis- og tolllagabrot.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 12. sept. 1936: Kærði, Olaf Cecil Bowitz, greiði 100 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan fjögra vikna frá birtingu dómsins. Ennfremur greiði hann 320 kr. aukagjald í ríkissjóð af hinu innflutta áfengi innan sama tíma.

Áfengið skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað af málinu, sem orðin er og verður.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfengi það, sem ólöglega hefir verið innflutt og um ræðir í máli þessu, fannst í vörzlum nafngreindrar þjónustustúlku á e/s „Nova", og viðurkenndi hún fyrir lögregluréttinum, að hún ætti áfengið og hefði haft í hyggju að selja það hér á landi. Hinsvegar hefir ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem gefi ástæðu til að ætla, að hinn kærði skipstjóri á e/s „Nova" sé samsekur stúlku þessari um innflutning áfengisins, né heldur, að hann hafi í þessu efni gerzt sekur um skort á eftirliti eða aðra vanrækslu.

Fyrirmælið í 6. mgr. 3. gr. áfengislaganna nr. 33 1935, um refsiábyrgð skipstjóra á brotum skipverja á ákvæðum greinarinnar, þykir ekki rétt að skýra rýmra en svo, að skipstjóri, sem hefir þá afstöðu til brotsins, er hér á sér stað og að framan

greinir, verði ekki dæmdur til refsingar, ef upp hefir komizt um mann þann, sem raunverulega er sekur um hinn ólöglega innflutning áfengisins. Á þennan veg hefir og framkvæmdin á þessu fyrirmæli jafnan verið frá því að það var sett inn í áfengislöggjöfina árið 1915. Ber því að sýkna hinn kærða skipstjóra af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Það athugast við dóm lögregluréttarins, að láðst hefir að ákveða vararefsingu fyrir þann hluta sektarinnar, kr. 320.00, sem miðaður er við 40 krónur á hvern lítra ólöglega innflutts áfengis.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Olaf Cecil Bowitz, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórninni gegn Olaf Cecil Bowitz, skipstjóra á e/s „Nova“ frá Bergen, fyrir brot á áfengis- og tolllögum.

Við komu e/s „Nova“ frá útlöndum til Fáskrúðsfjarð-

ar 2. þ. m. fundu tollgæzlumenn, eftir að kærði hafði gert grein fyrir farmi skips síns og undiritað fyrirskipuð vottorð í því skyni, í herbergi þjónustustúlkunnar á 2. farrými 10½ ¼ fl. af sterkum vínum og 1200 stk. af vindlingum, og í klæðaskáp skipsins, sem hún ein hafði lykil að, fundu þeir pakka með silfur- og gullplettmunum, um 4—5 kg. að þyngd. Hefir þjónustustúlkan játað fyrir lögregluréttinum, að hún væri eigandi vínanna og vindlinganna, en neitaði eindregið, að hún eigi pakkann, og kveðst ekki geta gefið aðara skýringu á því, hvernig hann sé kominn í skápinn, en þá, að einhver farþegi hafi skilið hann eftir, og hún svo tekið hann til geymslu, unz eftir honum yrði lýst, eins og venja sé í slíkum tilfellum. Brytinn á e/s „Nova" hefir og skýrt frá, að sér hafi verið ókunnugt um, að þjónustustúlkan hefði vörur þessar í vörzlum sínum. Ekki kveðst kærði heldur hafa vitað um það, er hann gerði tollgæzlunni grein fyrir farmi og skipsforða, að vörur þessar væru í skipinu.

Þessari staðhæfingu kærða hefir ekki verið hnekkt, og þar sem hann því verður ekki talinn hafa gefið ranga yfirlýsingu af ásettu ráði, er ekki næg heimild til að gera hann ábyrgan fyrir innflutningi vindlinganna og silfur- og gullplettmunanna, enda þótt fara verði með vörur þessar sem ólöglega innfluttar og tollsviknar. Hinsvegar verður hann, eftir ákvæðum áfengislaganna nr. 33/1935, um innflutning áfengis og innsiglun þess, að bera ábyrgð á innflutningi framangreindra vína, en þar sem álíta verður, að hann sé ekki að öðru leyti riðinn við innflutning þeirra og hann hefir ekki áður gerzt brotlegur gegn ákvæðum áfengislaganna um innflutning, ákveðst refsing hans eftir 2. tölulið 27. gr. þeirra 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi. Auk þess greiði hann, samkvæmt sama ákvæði, aukagjald í ríkissjóð, 40 kr. á hvern lítra hins innflutta áfengis, sem er 8 lítrar, eða samtals 320 kr., innan sama tíma, og verði áfengið eign ríkissjóðs. Loks verður hann að greiða allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 29. september 1937.

Nr. 47/1936. **Svanlaug og Hinrik Thorarensen**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsmál. Frávísun ex officio.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. okt. 1935: Hin umbeðna lögtaksgjörð á að ná fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu útgefinni þann 20. apríl 1936 hafa áfrýjendur skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum þann 21. okt. 1935 í fógetarétti Reykjavíkur, og gert þær dómkröfur, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að synjað verði um framgang lögtaksins. Ennfremur krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir hæstarétti að skaðlausu eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti.

Það verður að líta svo á, að um áfrýjun úrskurðar þess, er hér um ræðir, gildi ákvæði 11. gr. laga nr. 29 frá 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. síðustu málsgr. 3., 8. og 9. gr. sömu laga og 26. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 og nú 197. gr. laga nr. 85/1936. Með því nú að 8 vikna áfrýjunarfrestur sá, er nefnd 11. gr. l. nr. 29 frá 1885 mælir fyrir um, var liðinn, þegar áfrýjunarstefnan í máli þessu var tekin út, og með því ennfremur, að áfrýjendur höfðu fyrir úttekt stefnu þessarar ekki fengið upp-

reistarleyfi, þá verður ex officio að vísa málinu frá hæstarétti.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir bera að dæma áfrýjendur til þess in solidum að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjendur, Svanlaug og Hinrik Thorarensen, greiði in solidum stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Hinrik Thorarensen og frú, Laugaveg 34 A hér í bænum, var gert að greiða útsvar til Reykjavíkur árið 1933, kr. 2300.00, en þau hafa eigi fengizt til að greiða útsvarið, þá hefir bæjargjaldkerinn krafizt þess, að útsvarið yrði innheimt með lögtaki, en gjörðarþoli hefir mótmælt framgangi gjörðarinnar, og hafa aðiljar því komið sér saman um að leggja ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gjörðarþoli heldur því fram, að enda þótt hann hafi dvalið hér hluta nokkurra undanfarinna ára, þá hafi hann ávallt haldið lögheimili sínu á Siglufirði, en eigi flutt það hingað til Reykjavíkur, enda sé það eðlilegt, þar sem hann hafi allan atvinnurekstur sinn á Siglufirði og hafi þar mestra hagsmuna að gæta.

Þessu til stuðnings hefir gjörðarþoli lagt fram kvittaða útsvarsseðla frá Siglufjarðarkaupstað og vottorð sóknarprests um, að hann eigi þar lögheimili. Þá hefir gjörðarþoli lagt fram afrit af manntalsskýrslum í Reykjavík árin 1930—1933 incl., þar sem þess er getið í athugasemdadálki, að lögheimili gjörðarþola sé Siglufjörður, að und-

anskilinni skýrslunni fyrir árið 1932, þar sem engin athugasemd er um, að gjörðarþoli eigi löghemili á Siglufirði.

Gjörðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að gjörðarþoli eigi lögheimili hér í Reykjavík, þrátt fyrir athugasemdirnar á manntalsskýrslunum, enda sé augljóst, hvar lögheimili gjörðarþola sé árið 1932, því að þá sé engin athugasemd um, að gjörðarþoli eigi lögheimili á Siglufirði, en það er einmitt lögheimili gjörðarþola þetta ár, sem skiptir máli

Það sé því augljóst, að aðalheimili gjörðarþola sé í Reykjavík, þar sem hann dvelji mestan hluta ársins, en á Siglufirði dvelji hann að eins að sumarlagi.

Þá heldur gjörðarbeiðandi því fram, að börn gjörðarþola hafi gengið hér óátalið í skóla, og er því ekki mótmælt af gjörðarþola. Það sé ennfremur upplýst, að gjörðarþoli haldi hér „dúk og disk" meginhluta ársins og hafi hér ávallt standandi íbúð.

Gjörðarbeiðandi bendir á, að þá sé það einkennandi, að að eins gjörðarþoli Hinrik Thorarensen eigi lögheimili á Sigilufirði, en gjörðarþoli Svanlaug Thorarensen eigi þar ekki lögheimili, heldur eigi hún lögheimili í Reykjavík, en gjörðarþoli frú Svanlaug er eigandi húseignarinnar nr. 34 A við Laugaveg, og er hún séreign hennar.

Það er upplýst í máli þessu og játað af gjörðarþola, að þau hafi búið hér í bænum vetrarmánuðina 1930—1932 og fram á árið 1933 og haldið hér „dúk og disk".

Eftir þeim upplýsingum, sem að framan greinir, er það sannað, að gjörðarþoli Svanlaug Thorarensen á lögheimili hér í bænum og því útsvarsskyld samkv. 8. gr. útsvarslaganna frá 1926.

Það er ennfremur sannað, að gjörðarþoli hefir haldið hér „dúk og disk" og haft hér standandi íbúð með húsgögnum, tilbúna til innflutnings hve nær sem var.

Eftir þessu verður fógetarétturinn að líta svo á, að gjörðarþoli hafi átt hér lögheimili umrætt ár, og sé útsvarið því réttilega lagt á hann.

Miðvikudaginn 29. september 1937.

Nr. 24/1937. **Ólöf Guðmundsdóttir f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar**

gegn

H/f Kol & Salt, Benedikt Jónssyni, B. Schmidt, Á. Ásgeirssyni, Pétri Guðmundssyni, Jakobi Vilhjálmssyni, Helga Einarssyni og **A. Hermannssyni.**

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólöf Guðmundsdóttir f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1937.

Nr. 25/1937. **Ólöf Guðmundsdóttir f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar**

gegn

Ísbjörninn h/f, Benedikt Jónssyni, B. Schmidt, Á. Ásgeirssyni, Pétri Guðmundssyni, Jakobi Vilhjálmssyni, Helga Einarssyni og **A. Hermannssyni.**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólöf Guðmundsdóttir f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar, er eigi mætir í málinu, greiði

50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1937.

Nr. 39/1937. **Sigurður J. Fanndal**
gegn
Kaffiverksmiðju Gunnlaugs Stefánssonar.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður J. Fanndal, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1937.

Nr. 44/1937. **Hrefna Sigurgeirsdóttir**
gegn
Katrínu Fjeldsted.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hrefna Sigurgeirsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1937.

Nr. 51/1937. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Ólafi Jóhannessyni.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. október 1937.

Nr. 178/1936. **Sigurður J. S. Fanndal**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Snorra Friðleifssyni
(Pétur Magnússon).

Krafa um bætur fyrir slit á vinnusamningi.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 6 júlí 1936: Stefndur, Sigurður J. S. Fanndal, kaupmaður Siglufirði, greiði stefnandanum kr. 562,50 með 5% vöxtum frá 30. júlí 1935, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Málskostnaður falli niður.

Hið idæmda að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem áfrýjað hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 26. nóv. f. á., hefir krafizt

algerðrar sýknu af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, eftir mati dómsins. Stefndi, sem gagnáfrýjaði málinu og hér fyrir dómi hóf gagnsökina, hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt flutningi málsins fyrir hæstarétti má leggja það til grundvallar, að áfrýjandi hafi ráðið stefnda starfsmann sinn 3 mánuði sumarið 1935 með 250 króna kaupi á mánuði. Áfrýjanda verður ekki talið hafa verið heimilt að slíta ráðningarsamningnum einhliða, svo sem hann virðist hafa gert, viku eftir að stefndi veiktist, með því að áfrýjandi virðist ekki hafa haft ástæðu til að gera ráð fyrir því, að stefndi ætti svo lengi í sjúkdómi sínum, að hann mundi ekki innan skamms geta tekið aftur upp starf sitt hjá áfrýjanda.

Stefndi tók að vísu við kaupi fyrir þá daga, er hann hafði unnið hjá áfrýjanda, nokkru eftir að hann var kominn á fætur, en af ummælum aðilja í héraði um þau skipti verður það ekki ráðið, að áfrýjandi hafi, eins og á stóð, fengið ástæðu til að telja stefnda afsala sér með viðtöku kaupsins þeim rétti til bóta vegna samningsslitanna, er hann kynni að eiga á hendur áfrýjanda. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda bætur fyrir samningsslitin, en með tilliti til þess, að stefndi virðist munu hafa getað unnið sér nokkuð inn eftir að hann var heill orðinn og laus frá starfi sínu hjá áfrýjanda, þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 450.00, er áfrýjanda ber að greiða með 5% ársvöxtum frá 27. júlí 1935 til greiðsludags. Svo þykir og rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurður J. S. Fanndal, greiði stefnda, Snorra Friðleifssyni, 450 krónur með 5% ársvöxtum frá 27 júlí 1935 til greiðsludags. Svo greiði áfrýjandi stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Dómarinn getur þess, að hann hafi verið veikur og fráverandi í tvo mánuði.

Með stefnu, dags. 7. ágúst 1935, og að undangenginni sáttakæru, dags. 27. júlí s. á., en birtri 30. s. m., krefst stefnandinn, Snorri Friðleifsson verzlunarmaður, Siglufirði, að stefndur, Sigurður J. S. Fanndal Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér 900 kr. sem þriggja mánaða kaup við verzlun stefnds, er stefnandi telur stefndan hafa ráðið sig til, en brugðið ráðningunni og vikið sér úr atvinnunni. Ennfremur krefst stefnandi 5% vaxta af umstefndri upphæð frá 27. júlí 1935 og málskostnaðar að skaðlausu, er í útlistun málsins er krafizt með kr. 177.60 samkv. sundurliðuðum reikningi. Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn hjá stefndum við búðarstörf í 3 mánuði, aðallega vegna veiðarfæraverzlunar, er „faðir" stefnanda hafi útvegað stefndum umboðssöluvörur til frá nafngreindum kaupmanni. Fyrir utan nokkra vinnu við móttöku veiðarfæravaranna, er þær komu til stefnds, vinnu, er stefnandi hafi alls ekki reiknað stefndum, hafi stefnandi byrjað búðarvinnu hjá stefndum 29. júlí (svo) samkv. ráðningunni og næstu daga, en kom svo ekki 3. júlí eða dagana þar á eftir vegna þess, að þá var hann orðinn veikur af kighósta.

Hann kveðst svo hafa boðið stefndum annan verzlunarmann í sinn stað, meðan að hann væri veikur, bæði föður stefnanda, sem sé útgerðarmaður og alþekktur sæmdarmaður hér í bæ og sérlega fær um verzlun þessa, er stefnandi átti að gegna, og annan þaulvanan verzlunarmann, en

stefndi ekki viljað. Kveðst stefnandi hafa verið veikur í 12—14 daga, en stefndur þá ráðið annan mann í sinn stað til búðarstarfanna.

Stefndur hefir hinsvegar ekki kannazt við að hafa ráðið stefnanda í 3 mánuði með 300 kr. mánaðarkaupi, heldur með 250 kr. mánaðarkaupi, og heldur einnig fram, að það hafi eigi heldur verið föst ráðning. Hinn 7. júlí kveðst stefndur hafa hringt stefnanda upp og spurt um veikindi hans, en þá hafi stefnandi, er kvaðst vera veikur, haft við sig óviðurkvæmileg orð, er auk þess gátu eigi skilizt öðruvísi en sem uppsögn á starfinu. Þessu mótmælir stefnandi sem tilhæfulausu. Stefndur fékk svo vottorð læknis um, að læknirinn gerði ráð fyrir, að veikindi stefnanda mundu vara um 2—5 vikur. Þó stendur ekkert í því vottorði um, að læknirinn geri ráð fyrir, að stefnandi verði svo veikur, allar þessar tvær til fimm vikur, að hann þar fyrir þurfi að vera allan tímann frá verki. Stefndur réð þá annan fastan mann til búðarvinnu þeirrar, er stefnandi átti að inna af höndum fyrir stefndan, því að annatími var þá mikill í verzluninni, en stefndur vildi hinsvegar ekki taka menn þá, er stefnandi útvegaði honum og fyrr segir. Það verður nú að telja fullsannað í málinu, að stefndur hafi ráðið stefnanda til búðarstarfa í 3 mánuði, en gegn neitun stefnds verður að telja ósannað, að kaupið hafi átt að vera meira en 250 kr á mánuði.

Velta þá úrslit máls þessa á því, hvort telja beri stefndum heimilt að segja stefnanda upp atvinnunni fyrir veikindi hans, sem telja verður að hafa varað um hálfan mánuð. Þrátt fyrir vitnaleiðslur stefnanda, verður að telja alveg ósannað, að til sé almenn verzlunarvenja um þetta efni, og verður þá að koma mat réttarins á þeirri lausn, sem verður að telja eðlilegust og sjálfsögðust (svo), er tekið er tillit til allra ástæðna. Með tilliti til þessa og þess, að stefnandi hefir ómótmælt boðið þekktan mann fram til starfsins, meðan á veikindum stefnanda stæði, verður að telja stefndum óheimilt að víkja stefnanda frá starfinu, þótt veikur væri um hálfs mánaðar tíma. Að vísu líða um 24 dagar frá því, að stefnandi varð veikur og þar til að hann höfðaði mál þetta, en þar sem stefnandi hefir sannað, að hann var farinn að vinna að annari vinnu, og það úti, eftir 12—14 daga, og athugað er, að stefnandi segir upp betur launaðri, fastri

tveggja mánaða vinnu til þess að taka búðarvinnu hjá stefndum í þrjá mánuði, verður að telja óeðlilegt, að stefnandi hafi farið að vinna slíka lausavinnu, ef hann hefði átt enn völ á búðarvinnunni hjá stefndum, sem líka annað veifið hefir viðurkennt, að hann hafi ráðið annan fastan mann til starfans. Að vísu færir stefndur fram þá varnarástæðu, að stefnandi hafi sjálfur í símtali 7. júlí sagt upp vinnunni, en gegn eindregnum mótmælum stefnanda verður eigi hægt að telja slíkt sannað. Hinsvegar verður, eins og fyrr segir, að telja, að stefnandi hafi eigi fært sönnur á, að hann hafi átt að fá hærra kaup en 750 kr. í umrædda 3 mánuði, en frá þeirri upphæð átti stefnandi að draga 50 kr. í peningum og kr. 12,50 í vörum, er stefndur ómótmælt kveðst hafa látið stefnanda fá. Ennfremur á að koma til frádráttar hálfsmánaðar kaup stefnanda, kr. 125, er hann var frá verki vegna veikinda, því að þótt telja beri, að stefndur hafi ekki getað sagt stefnanda upp búðarstörfunum vegna hálfs mánaðar veikinda, liggur ekki í því, að stefndum hafi verið skylt að greiða stefnanda kaup þann tima, er hann gat ekki unnið verk sitt, enda stefnandi fært fram gögn í máli þessu fyrir því, að annar maðurinn, er hann ætlaði að setja í sinn stað í veikindum sínum, átti að taka kaup stefnanda á meðan sem sitt kaup. Stefndum ber því að greiða stefnanda kr. 562,50 og 5% vöxtu af þeirri fjárhæð frá 30. júlí 1935.

Málskostnaður falli niður, þar sem aðalkröfur stefnanda eru allmiklu hærri en telja verður rétt.

Miðvikudaginn 6. október 1937.

Nr. 83/1937. **Pálmi Loftsson f. h. skipaútgerðar ríkisins** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

H/f Trolle & Rothe f. h. vátryggjenda b/v „Wigmore“ og gagnsök (Theódór B. Lindal).

Upphæð bjarglauna.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. apríl 1937:

Stefndur, h/f Trolle & Rothe f. h. vátryggjanda Wigmore

G. Y. 469, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. skipaútgerðar ríkisins, kr. 40.000.00, ásamt 5% vöxtum frá 10. desember 1936 til greiðsludags, og kr. 1200,00 í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 16. ágúst þ. á., hefir gert þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum björgunarlaun, að fjárhæð kr. 72.000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 10. des. 1936 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti í aðalsök og gagnsök eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu dags. 24. ágúst þ. á., og krefst þess, að björgunarlaunin verði færð niður um a. m. k. kr. 20.000,00 frá því, sem ákveðið er í sjódóminum, *að* hann verði sýknaður af vaxtakröfunni og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti í gagnsök og aðalsök eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður.

Samkvæmt atvikum máls þessa, sem réttilega er lýst í hinum áfrýjaða sjódómi, þykja björgunarlaun þau, sem gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda, hæfilega ákveðin kr. 45.000,00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 2000,00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, H/f Trolle & Rothe f. h. vátryggjenda bv „Wigmore" G. Y. 469, greiði aðaláfrýjanda, Pálma Loftssyni f. h. skipaútgerðar ríkisins, kr. 45.000,00, ásamt 5% ársvöxtum frá 10. des. 1936 til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 2000,00, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo.

Sunnudaginn 28. júní f. á. kl. 9.45 e. h. strandaði b/v Wigmore G. Y. 469 á Skagarifi við Húnaflóa. Kl. 2 á mánudagsmorgun er togarinn Loch Leven kominn að Wigmore og hóf björgunartilraun kl. 7 sama morgun með því að reyna að toga Wigmore út, en árangurslaust. Varðskipið Ægir var á þessum tíma á leið frá Grímsey undir land og frétti kl. 9.55 sama morgun, að togari væri strandaður á Skagarifi, og hraðaði þá ferð sinni þangað. Kl. 13.50 sama dag varpaði Ægir akkeri á 15 metra dýpi og um 1½ sjómílu utan við strandstaðinn. Skipstjóranum á Wigmore er þegar boðin aðstoð varðskipsins, en hann hafnaði boðinu, með því að hann ætlaði að láta Loch Leven, sem hafði þá víra sína fasta í Wigmore, halda áfram fram yfir næsta flóð að reyna að ná skipinu út. Eftir flóðið kl. 17.20 fór skipherrann á Ægi aftur um borð í Wigmore og gaf kost á aðstoð Ægis, en skipstjórinn á Wigmore vildi enn reyna, hversu Loch Leven tækist. Kl. 20.15 voru 1. og 2. stýrimaður Ægis sendir um borð í Wigmore til þess að láta skipstjórann vita, að veðurspáin gerði ráð fyrir NA-lægri átt, og ef breyting yrði á veðrinu, mundi Ægir færa sig burt af grunninu, ef skipstjóri óskaði ekki sérstaklega eftir nærveru hans. Sagði þá skipstjóri, að tveir togarar væru á leiðinni til sín, og þar af leiðandi teldi hann sig ekki þarfnast hjálpar Ægis.

Á þriðjudagsnótt var svarta þoka, er hélzt fram á morgun. Kl. 8 þennan dag, 30. júní, sendi Wigmore til Ægis svo-

látandi skeyti: „Capt Ægir: Will you please come on board at once“, og kl. 8.50 annað skeyti, er hljóðaði svo: „Are you in the same position we want towing off. Trawler here can do no good for bad weather and one ship has left“. Við fyrirspurn frá Ægi svaraði skipstjórinn á Wigmore, að þeir héldu, að skipið væri farið lítilsháttar að leka í stb. kolarúmi. Kl. 9.26 varpaði Ægir akkeri á 15 metra dýpi góðan spöl utan við togarann. Var síðan farið frá Ægi með véldælu og annan útbúnað um borð í togarann og nokkra menn til að byrja þar vinnu. Loch Leven hafði þá enn fasta víra um borð í Wigmore og var að toga í hann. Eftir að yfirmenn skipanna höfðu ráðgazt innbyrðis um, hvernig framkvæmdum yrði hentast fyrir komið, varð það að ráði milli skipstjóranna á Wigmore og Loch Leven, að síðarnefnt skip hætti alveg tilraunum sínum, sem það og gerði, og voru þá vírar þess leystir úr Wigmore, og Loch Leven lagði frá.

Nú hóf Ægir sjálft björgunarstarfið. Véldælan var sett um borð í togarann, ásamt slöngum, og henni komið fyrir á þilfari hans. Varpakkeri, sem lá fram af togaranum, var nú tekið upp og lagt aftur af honum, ásamt 400 föðmum af vír. Sverum dráttarvír var síðan komið á milli skipanna, er Ægir hafði fært sig nær togaranum, og var nálægt 200 faðma frá honum. Þá voru færð til kol út bakborðshlið togarans yfir í stjórnborðshlið, en þetta bar þó ekki tilætlaðan árangur, því að togarinn lá með hliðina svo fast á grjótinu, að hann rétti sig ekkert með flóðinu og virtist standa fastast frá afturstafni og fram fyrir miðju. Rétt fyrir flóðið var öllum undirbúningi lokið og kl. 16.55 byrjað að taka í togarann, og var hann laus af grunni kl. 18.10. Kl. 19.40 var haldið af stað með togarann í eftirdragi, og var hann einnig látinn nota vél sína. Miðvikudaginn 1. júlí kl. 3.25 lögðust bæði skipin fyrir akkeri á Akureyrarpolli. Kl. 8.30 var byrjað að kafa við togarann, og kl. 12 var köfun lokið, og reyndist skipið mjög lítið skemmt. Fór síðan fram mat á togaranum með öllu tilheyrandi af tveim dómkvöddum mönnum. Möttu þeir skipið með öllu, sem í því var, á kr. 205.750,00. Þá fóru og fram á Akureyri 3. júlí sjópróf í málinu. Mál út af björgunarlaununum, sem ekki náðist samkomulag um, hafa aðiljar

komið sér saman um að reka hér fyrir þessum rétti, en stefndur í þessu máli, h/f Trolle & Rothe, ábyrgist vegna vátryggjenda b/v Wigmore fulla greiðslu á hverri þeirri upphæð, sem ákveðin verður með endanlegum dómi fyrir björgun togarans.

Hefir nú stefnandi, Pálmi Loftsson f. h. skipaútgerðar ríkisins, með stefnu dags. 10. desember f. á. krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða björgunarlaun, að upphæð kr. 72.000.00, með 6% ársvöxtum fram (sic) stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi, er nemur kr. 2349.10.

Stefndur hefir, með hliðsjón af því, að stefnanda hafa verið boðin til sátta £ 1400 í íslenskum krónum, krafizt sýknu gegn greiðslu hæfilegrar þóknunar eftir mati dómsins, þó ekki yfir 20 þús. kr., og mótmælt af sömu ástæðu málskostnaðarkröfu stefnanda, en krafizt sér tildæmdan málskostnað. Þá mótmælir stefndur vaxtakröfunni með öllu af fyrrgreindri ástæðu, og einnig mótmælir stefndur vaxtahæðinni 6%, í stað 5%. Þá skal þess getið, að stefndur hefir haldið því fram, að við ákvörðun björgunarlaunanna í þessu máli ætti að hafa hliðsjón af samningi, er skipaútgerð ríkisins hafi gert 1931 við enska togaraeigendur viðvíkjandi björgun. Með því að stefnandi hefir mótmælt þessu og haldið því fram, að þessi samningur tæki ekki til vátryggjenda b/v. Wigmore og samningurinn hefir ekki verið lagður fram, verður að ákveða björgunarlaunin í máli þessu án tillits til nefnds samnings.

Auk þess, sem áður er getið um stöðu og ástand b/v Wigmore og aðgerðir Ægis, skal þetta tekið fram: Skipið hafði strandað á mjög illum og hættulegum stað. Einungis vegna þess, hversu veður og sjór var kyrrt, var á það hættandi fyrir skipstjórann á Wigmore, að hafna aðstoð Ægis, þegar hún bauðst á mánudaginn. Sökum þess, að strandstaðurinn var á grjótrifi út af andnesi, hlaut hinn minnsti ókyrrleiki í sjó að valda stórskemmdum á skipinu. Þá verður ennfremur að telja það sannað, að Wigmore gat ekki af eiginn rammleik náð sér á flot, og stöðugar tilraunir Loch Leven reyndust árangurslausar, og að annar togari, sem skipstjóri getur um í skeyti til Ægis, hafi yfirgefið strandstaðinn. Wigmore varð því að eins náð út af aflmiklu skipi, útbúnu björgunartækjum, svo sem Ægir

er. Sjórétturinn telur því hér um tvímælalausa björgun skipsins Wigmore að ræða. Björgunarstarfsemi Ægis, er kemur til greina, er meta skal hæð björgunarlaunanna, hefst, er hann verður við beiðni skipstjórans á Wigmore á þriðjudagsmorguninn, og hún endar, er skipið var komið í tryggt lægi á Akureyrarhöfn og kafaraskoðun hafði farið fram, enda verður að telja það réttilega ráðstöfun, að fara með skipið til Akureyrar, þar sem kafaraskoðun var nauðsynleg, í stað Sauðárkráks eða Siglufjarðar, sem stefndur hefir talið, að verið hefði nægilegt. Fyrir Ægi var björgunin auðveld, þar sem veður var gott allan tímann. Samfara björguninni var engin veruleg hætta, hvorki fyrir Ægi eða menn hans, en hinsvegar varúð nnauðsynleg. Björgunin var framkvæmd með atorku og verkhyggni, er meðal annars lýsir sér í því, hversu það heppnaðist, að ná skipinu út, án þess að skemmdir yrðu á því við útdráttinn. Þá verður og að taka til greina við ákvörðun björgunarlaunanna töf Ægis, er varð vegna sjóprófanna, er fyrst fóru fram 3. júlí. Það hefir eigi verið véfengt, að verðmæti hins bjargaða væri eigi minna en hinir dómkvöddu menn hafa metið það, eða 205.750,00. Að öllu þessu athuguðu, telur sjórétturinn björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 40.000,00, er greiðist ásamt 5% ársvöxtum frá 10. desember f. á. til greiðsludags. Svo greiði stefndur stefnanda málskostnað með kr. 1200,00

Miðvikudaginn 6. október 1937.

Nr. 50/1937. **Hafliði Baldvinsson**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Guðmundi Kristjánssyni (Enginn).

Eiðsfrestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1937: Ef stefndur, Hafliði Baldvinsson, eftir löglegan undirbúning, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að hafa móttekið áður-

greind 784 kg. af ýsu 24. júlí 1935, á hann að vera sýkn að öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Kristjánssonar, í máli þessu.

Verði stefndum hinsvegar eiðfall, greiði hann stefnandanum kr. 117.60, með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu útgefinni 20. maí þ. á. Stefndur hefir hvorki mætt né látið mæta hér fyrir réttinum, og er honum þó löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112/1935, og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir dómi, að staðfestur verði dómur undirréttarins, þó með þeirri breytingu, að ákveðinn verði með dómi hæstaréttar nýr, hæfilegur eiðsfrestur. Svo krefst hann og, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi kveður eiðsfrest þann, þrjá sólarhringa, sem tiltekinn er í undirréttardóminum, hafa verið óhæfilega skamman, og hafi fresturinn verið liðinn áður en málflytjandi hans í héraði gat gert ráðstöfun til úttöku eiðsstefnu. Engu að síður hafi eiðsstefnan verði tekin út, en er eiðsmálið féll í rétt og eiðvinning skyldi fram fara, var mætt af hálfu stefnda og eiðvinningu mótmælt sökum þess, að eiðsfrestur hefði liðið ónotaður. Kveðst áfrýjandi þá hafa neyðzt til að áfrýja málinu í því skyni, að fá ákveðinn nýjan og hæfilegri eiðfrest.

Með því að ekkert liggur fyrir í málinu, sem hnekkt geti framangreindum kröfum áfrýjanda, ber að taka þær til greina, og ákveðst frestur til eiðvinningar, sbr. 165. gr. laga nr. 85/1936, 14 dagar frá birtingu dóms þessa. Sökum þess, að áfrýjandi hafði ástæðu til áfrýjunar þessarar, þykir verða að dæma stefnda til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti með 100 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist, þó þannig, að frestur til eiðvinningar ákveðst 14 dagar frá birtingu dóms þessa.

Stefndur, Guðmundur Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Hafliða Baldvinssyni, kr. 100 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 17. okt. s. l. af Guðmundi Kristjánssyni, kaupmanni Keflavík, gegn Hafliða Baldvinssyni, fiskkaupmanni hér í bæ, til greiðslu eftirstöðva af verzlunarskuld skv. reikningi, að upphæð kr. 237.00, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Síðar í rekstri málsins hefir stefnandi krafizt þess, að úrslit málsins verði að nokkru látin velta á eiði stefnds, þannig, að ef hann synjar fyrir það með eiði, að hafa veitt móttöku hinum umþrættu 1200 kg. af ýsu úr ishúsinu „Herðubreið", skuli hann vera sýkn af þeim hluta kröfu stefnanda (kr. 120.00), en að öðru leyti heldur stefnandi fast við gerðar réttarkröfur.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði greiddar kr. 70.50 í málskostnað.

Skuld þá, sem hér er stefnt til greiðslu á, segir stefnandi vera í tveim liðum:

1. 784 kg. af ýsu, send 24. júlí 1935 ..... kr. 117.60
2. 600 kg. af ýsu frá stefnanda, tekin af stefndum úr íshúsinu „Herðubreið“ ..... kr. 120.00

Um 1. Stefndur kveðst ekki hafa keypt þessa ýsu af stefnanda, heldur af Þorgeiri Pálssyni, sem lýsir því yfir í framlögðu vottorði, að hann hafi fært stefndum til skuldar 784 kg. af ýsu, innlagða til hans 31/3 1935, og hafi ýsan verið frá stefnanda, en hann hafi gefið Birni Ólafs í Mýrarhúsum reikning fyrir ýsuna, enda sýnir „nóta“ til Björns Ólafs, sem stefnandi hefir lagt fram, að þessi kg. fjöldi af ýsu hefir verið færður honum til skuldar 1. apríl 1935.

Stefndur heldur því þess vegna fram, að hann skuldi ekki stefnanda þessa upphæð og krefst sýknu af þessum lið kröfu hans.

Stefnandi viðurkennir að hafa sent þessa ýsu til stefnds og fært Birni Ólafs hana til skuldar, en hann segir, að það sé allt önnur ýsa en sú, sem hér er krafizt andvirðis fyrir. — Ýsan, sem Björn Ólafs hafi verið skuldaður fyrir, hafi verið send 31/3 1935, en ýsan, sem stefndur sé krafinn um greiðslu á, hafi verið send 24. júlí 1935, og hefir stefnandi lagt fram „nótu“ frá sér, dagsetta í júlí 1935, þar sem stefndum eru færð til skuldar 784 kg. af ýsu á kr. 117.60, og neðst á nótunni stendur „H. B.“, sem stefnandi hefir ómótmælt haldið fram, að væri skrifað af stefndum við móttöku ýsunnar, enda séu stafirnir fangamark hans.

Með tilliti til þessa, og þar sem ekki hefir fengizt á annan hátt sönnun fyrir umræddum kröfulið, þykir verða að láta úrslit málsins, hvað þetta snertir, velta á eiði stefnds, þannig, að ef hann eftir löglegan undirbúning synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að hafa móttekið umrædd 784 kg. af ýsu frá stefnanda 24. júlí 1935, skal hann vera sýkn af þessum kröfulið stefnanda. — Verði stefndum hinsvegar eiðfall, verður honum gert að greiða stefnanda þennan lið kröfu hans að fullu.

Um 2. Stefndur viðurkennir að hafa fengið 600 kg. af ýsu frá stefnanda úr íshúsinu „Herðubreið“ á þeim tíma,

sem hér um ræðir, en hinsvegar ekki 1200 kg., eins og stefnandi heldur fram. — Nú hefir stefndur greitt andvirði þeirra 600 kg., er hann telur sig hafa fengið, en neitar algerlega að greiða fyrir þau 600 kg., er á milli ber, eins og stefnandi krefst. — Hvor aðilja um sig hefir fært inn í verzlunarbækur sínar þann kg.-fjölda, sem þeir telja, að um hafi verið að ræða.

Til þess að reyna að sanna mál sitt frekar hefir stefnandi leitt sem vitni íshúsvörðinn í íshúsinu „Herðubreið", Stefán Sigurðsson. — Hefir hann borið það fyrir réttinum, að á árinu 1935 hafi stefnandi orðað það við sig, að taka til geymslu 1000—1200 kg. af ýsu, sem hann hafi lofað að gera fyrir 5 aura á kg. — Nokkru síðar hafi svo komið bíll frá stefnanda með ýsuna, og hafi þau boð fylgt með, að það væru 1200 kg. á bílnum, en ýsan hafi ekki verið vegin, er hún kom í íshúsið eða fór þaðan, og var því stefnandi krafinn um geymslukostnað skv. uppgjöf hans sjálfs. Vitnið kveðst hafa verið viðstatt, er bíllinn kom með ýsuna frá stefnanda, og sýnzt vera hátt á bílnum, og ætlar, að það hafi verið meira en 600 kg. Segir vitnið, að ýsan hafi síðar verið afhent stefndum í tveim slöttum.

Í lögum nr. 53 1911 pgr. 10, in fine, segir svo:

„Nú eru báðir málsaðiljar kaupmenn og stendur sín innfærslan um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi".

Með tilliti til þessa ákvæðis verður að líta svo á, að ekki sé unnt að láta úrlausn þessa atriðis, sem hér er deilt um, velta á eiði stefnds, eins og hann hefir gert að kröfu sinni í máli þessu. — Og þar sem vitnisburður Stefáns Sigurðssonar um kg.-fjölda ýsu þeirrar, sem um er að ræða, byggist á ágizkun hans og er heldur ekki í samræmi við fullyrðingar stefnanda í þessu efni, þá verður rétturinn að líta svo á, að stefnandi hafi ekki, gegn eindregnum mótmælum stefnds, sannað, að stefndur hafi fengið þau 600 kg. af ýsu, sem hann krefst nú andvirðis fyrir, og verður því að sýkna stefndan af þessum hluta stefnukröfunnar.

Skv. framansögðu verða því úrsli málsins þau, að ef stefndur vinnur eið, eins og áður segir, skal hann vera

sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. — Verði honum hinsvegar eiðfall, skal hann greiða stefnanda kr. 117.60, með vöxtum eins og krafizt hefir verið, enda hefir vaxtakröfunni ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, hvort sem stefndur vinnur áðurnefndan eið eða ekki.

Föstudaginn 8. október 1937.

Nr. 99/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Benjamin Howard Oswald Nicholson
(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. júlí 1937: Kærði, B. H. O. Nicholson, sæti 22000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7½ mánaðar einfalt fengelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen, sé upptækt, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Kærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að dómur í máli þessu var kveðinn upp í héraði, hafa bæði fyrrverandi forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík og núverandi forstöðumaður sama skóla, hvor í sínu lagi og hvor öðrum óháður, afmarkað á sjóuppdrætti stað varðskipsins kl. 07,43, 07,51, 07,58 og 08,07, samkvæmt hornmælingum þeim, sem gerðar voru þá á varð-

skipinu Ægi og greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, og miðunarlínur þaðan til skips kærða, b/v „Napier“ A. 244, og ennfremur stað þann, þar sem varðskipið kom að togaranum kl. 08,20 samkvæmt hornmælingum, gerðum þá samstundis á varðskipinu. Loks hafa kunnáttumenn þessir afmarkað á sjóuppdrættina stefnur og staði togarans eftir skýrslum kærða í málinu. Afmarkanir téðra kunnáttumanna á sjóuppdrættinum hafa reynzt vera í samræmi sín á milli, og þykir bera að leggja þær til grundvallar. Samkvæmt afmörkunum þessum er staður sá, sem togarinn var stöðvaður á kl. 08,20, 0,4 sm. utan landhelgislínunnar og þannig 0,3 sm. utar heldur en yfirmönnum varðskipsins hefir talizt til. Þess er þegar getið, að fyrsta staðarákvörðun varðskipsins var gerð kl. 07,43. Miðunarlína varðskipsins til togarans kl. 07,43 bendir nú að vísu til, að þá hafi togari kærða verið að veiðum í landhelgi, en hornmælingar varðskipsins við þessa staðarákvörðun verða ekki taldar öruggar til sönnunar, með því að þær hafa samkvæmt skýrslu yfirmanna varðskipsins verið framkvæmdar af 1. stýrimanni aleinum, enda var varðskipið þá á siglingu. Um aðrar staðarákvarðanir er þess að geta, að þær voru framkvæmdar af skipherra varðskipsins, ásamt tveimur stýrimönnum. Miðunarlína varðskipsins til togarans við staðarákvörðunina kl. 07,51, sem gerð var 8 mínútum eftir þá fyrstu, liggur að nokkru fyrir utan og að nokkru fyrir innan landhelgislínuna, en á því svæði, sem máli skiptir í þessu sambandi, má heita, að miðunarlína þessi liggi upp að landhelgislínunni og verður hún þess vegna ekki talin geta skorið úr í máli þessu. Við athugun miðunarlínu varðskipsins til

togarans kl. 07,58, sem liggur utan landhelgi, og við athugun miðunarlínunnar kl. 08,07, sem liggur utan landhelgi á því svæði, sem hér skiptir máli, kemur í ljós, að miðunarlínan kl. 08,07 liggur nær landi heldur en miðunarlínan kl. 07,58, nema í námunda við varðskipið, þar sem línur þessar skerast. Nú hefir skipherra varðskipsins borið það um stefnu togarans, að hann hafi í fyrstu, eftir að honum var veitt eftirtekt, stefnt, eftir því sem hægt var að sjá, beint út frá landi. Kl. 07,55 hafi hann snúið meir til bakborða, en kl. 08,04 til 08,07 hafi hann síðan snúið til stjórnborða, og eftir það hafi stefna hans verið vestlæg. Samkv. þessu hefði togarinn stöðugt átt að fjarlægjast landið. En með því að miðunarlínan kl. 07,43 verður ekki lögð til grundvallar, svo sem áður segir, og með því ennfremur, að hér að lútandi framburðir skipverja varðskipsins eru ekki nógu greinilegir til þess að á þeim verði byggt, þá verður ekkert fullyrt um stefnu togarans á tímabilinu frá kl 07,43 til kl. 07,51, en frá kl. 07,51 og til kl. 07,58 fjarlægðist togarinn samkvæmt miðunum varðskipsins landið. Hinsvegar benda miðunarlínurnar frá varðskipinu til togarans kl. 07,58 og kl. 08,07 til þess, að togarinn hafi, milli þess að nefndar hornmælingar og miðanir voru gerðar, aftur nálgast landið, en það virðist fara í bága við umgetna framburði skipverja varðskipsins.

Svo sem skýrt er frá í héraðsdóminum, var ósamræmi í skýrslu kærða til skipherrans á varðskipinu og skýrslum hans fyrir réttinum. En þótt framburður kærða hafi verið hvikull, hefir hann þó haldið því fram við rannsókn málsins og ekki vikið frá því, að hann hafi siglt í vestur í 30 mínútur áður en togarinn var stöðvaður. Ef þessi skýrsla

kærða væri rétt, þá hefði togarinn, samkvæmt útsetningu forstöðumanns stýrimannaskólans á sjóuppdrátt, átt að vera 30 mínútum áður en hann var stöðvaður 0,4 sm. inni á landhelgisvæðinu, ef gengið er út frá, að ferð hans hafi verið 3 sm. á klukkustund, en 0,3 sm., ef gengið er út frá 2½ sm. hraða. En við þessa skýrslu kærða er það að athuga, að hún er ósamrímanleg hornmælingum varðskipsins, eins og þær hafa verið afmarkaðar á sjóuppdrættina af hinum sérfróðu mönnum. Samkvæmt þessum hornmælingum á togarinn sem sé að hafa verið 29 mínútum áður en hann var stöðvaður, eða kl. 07,51, út við landhelgislínuna, eins og áður er frá skýrt. Verður þess vegna ekki svo öruggt sé, byggt á skýrslu kærða, sem stöðugt hefir annars neitað sekt sinni.

Samkvæmt því, sem rakið hefir verið hér að framan, eru í máli þessu framkomnar sterkar líkur fyrir sekt kærða, en með því að skip hans var stöðvað svo langt utan landhelgislínunnar sem áður greinir og með því að ekki liggja fyrir alveg óvéfengjanlegar hornmælingar af hálfu varðskipsins um vist þess á landhelgisvæðinu, þá þykir viðurhlutamikið að fullyrða, að ótvíræð sönnun sé fram komin fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber því að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Benjamin Howard Oswald Nicholson, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans „Napier“ A. 244 að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Benjamin Howard Oswald Nicholson, skipstjóra á togaranum „Napier“ A 244 frá Aberdeen, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir:

Snemma dags 11. þ. m. var varðskipið Ægir á leið frá Vestmannaeyjum til Dyrhólaeyjar, og sást þá togari fram undan, sem grunsamlegt þótti, að væri á veiðum á landhelgisvæðinu.

Var þá gerð þessi staðarákvörðun:

Pétursey
> 47° 37′
Portlandsviti
> 41° 20′
Hjörleifshöfði

Samtímis var hornið milli Hjörleifshöfða og togarans mælt, og reyndist 17° 15′. Eftir því sem unt var að sjá, stefndi togarinn þá beint út frá landi. Kl. 07,51 var svo enn gerð staðarákvörðun, og var hún þessi:

Pétursey
> 31° 11'
Portlandsviti
> 65° 23'
Hjörleifshöfði
> 22° 23'
Togarinn

og 3 mínútum síðar sett upp stöðvunarmerki, flögg, er merktu bókstafina O.N. Kl. 07.55 var skotið púðurskoti og aftur kl. 07.57, en kl. 07.58 gerð þessi staðarákvörðun:

Portlandsviti
> 41° 43'
Hatta
> 45° 47'
Hjörleifshöfði
> 28° 07'
Togarinn

Kl. 08,00 var skotið púðurskoti. Kl. 08,04 kúluskoti. Kl. 07,55 sneri togarinn skv. skýrslu skipherrans á Ægi meira til bakborða, en á tímabilinu frá 08,04—08,07 sneri hann til stjórnborða, og hafði vestlæga stefnu eftir það, þangað til varðskipið kom að honum. Kl. 08,07 var gerð þessi staðarákvörðun:

Portlandsviti
> 43° 25'
Hatta
> 58° 32'
Hjörleifshöfði
> 33° 04'
Togarinn

og um leið enn skotið kúlu fyrir framan togarann, og þá enn kl. 08,12. En þar eð sást, að togarinn var enn á ferð og að veiðum með stjórnborðsvörpu kl. 08,19, var þá aftur skotið kúlu rétt fyrir framan hann. Kl. 08,20 var gerð þessi staðarákvörðun um leið og varðskipið rann fram hjá togaranum í kjölvatninu fyrir aftan hann samkvæmt framburði skipverja varðskipsins:

Portlandsviti
> 34° 17'
Hatta
> 67° 14'
Hjörleifshöfði

og gaf það stað togarans 0,1 úr sjómílu fyrir utan landhelgislínuna.

Efir að komið var að togaranum, byrjaði hann að draga inn stjórnborðsvörpuna. Síðan var skipsjóri togarans sóttur um borð í varðskipið og tekin skýrsla af honum þar. Kvaðst hann þá hafa verið búinn að toga í tvær klukkustundir, og að varðskipið hefði komið að sér kl. 9 eftir enskum tíma. Fyrir réttinum leiðrétti kærður þetta, og kvað það hafa verið kl. 10. Samkvæmt skýrslu skipherrans sagðist kærði ekki hafa gert aðrar staðarákvarðanir, er hann lét út vörpuna, en að miða húsin í Vík í NNA eftir áttavita og mæla 65 faðma dýpi, og síðar bætt við, að hann hefði einnig miðað Portland í NtV og tekið miðun í kirkjuna í Vík. Um stefnur þær, sem kærði hefir stýrt, meðan hann var að toga, áður en hann var tekinn, skýrði kærði þannig frá um borð í Ægi: Fyrst SA 45 mínútur, síðan vestur í 30 mínútur, síðan SA í hérumbil 30 mínútur, en eftir það snúið til vesturs aftur haldið þeirri stefnu, þar til varðskipið kom að honum.

Fyrir réttinum hélt kærði fram, að þetta væri ekki rétt skýrt frá, heldur hafi hann fyrst stýrt í SA 45 mínútur, síðan snúið til vesturs, og hafi sá snúningur verið til stjórnborða, því hann hafi aldrei, meðan hann togaði umrætt sinn, snúið skipi sínu til bakborða, og tekið 20 mínútur. Eftir það hafi hann stýrt í vestur í 30 mínútur. Að því er kemur til hraða skipsins með vörpu í sjó, kveður kærði hann mjög mismunandi. Allt frá 1—7 sjómílur, eftir því, hvort straumur sé með eða móti, en skipið fari um 3 sjómílur, þegar það er að toga og sjór er kyrr og straumlaust. Hann kveður strauminn í þetta sinn hafa borið frá SSA til NNV, svo að hann hafi haft hann móti sér þessar 45 mínútur, sem hann stýrði í suðaustur, en með sér 30 mínúturnar, sem hann stýrði í vestur.

1. stýrimaður á Ægi, Magnús Björnsson, sem leiddur hefir verið sem vitni í málinu, kveður straum og vind (skv. skýrslu skipherrans var SA 2) hafa borið sem næst NV.

Kærði hefir eindregið mótmælt því, að hafa togað á landhelgisvæðinu. Hann mótmælir því, að staður sá, sem

skip hans var á kl. 08,20 samkvæmt skýrslu skipherrans á Ægi, sé rétt ákveðinn.

Kveður hann hitamóðu hafa verið í lofti, sem hafi gert að verkum, að sextantmælingar hafi orðið óábyggilegar, og auk þess óábyggilegar af því, að varðskipið var á fullri ferð, meðan þær voru teknar. Ennfremur mótmælir hann því, að þær geti verið réttar, vegna þess að ekkert 77 metra dýpi sé, þar sem skip hans var staðsett kl. 08,20. Fyrsti stýrimaður kærða hefir borið og unnið eið að því, að hitamóða hafi verið yfir landinu, en hinsvegar um leið borið, að hann hafi séð ýms landmerki, bæði húsin í Vík o. fl.

Skipherrann á Ægi og 1. og 3. stýrimaður varðskipsins hafa borið borið fyrir réttinum og staðfest það með eiði, að skyggni hafi verið mjög gott til landsins, og landmerki þau, sem miðað var við, sézt ágætlega. Hafa allir þeir þrír menn á varðskipinu, sem mælingarnar tóku, staðfest með eiði sínum, að þær væru réttar.

Mótmæli kærða gegn mælingum varðskipsins verða því ekki tekin til greina. Ekki verða þau mótmæli hans gegn mælingunum, sem byggjast á því, að varðskipið var þá á fullri ferð, tekin til greina, eins og upplýst er, að mælingum þessum var háttað.

Að því er kemur til mótmæla kærða, byggðum á því, að 77 metra dýpi hafi ekki samkv. uppdrætti varðskipsins verið á þeim stað, sem togarinn var staðsettur kl. 08,20, þá er um það að segja, að hvorki þetta dýpi né annað dýpi er sett á uppdráttinn nákvæmlega á þessum stað. En á næstu slóðum þar í kring eru ýmisleg dýpi á uppdrættinum, og er ekki í ósamræmi við þau, að þetta dýpi geti verið, þar sem togarinn var staðsettur kl. 08,20. Það verður eftir þessu að ganga út frá því sem réttu, að skip kærða hafi verið þar kl. 08,20, sem skipherra varðskipsins heldur fram og hefir staðsett það, 0,1 sjómílu fyrir utan landhelgislínuna. Heldur ekki þykir ástæða til að véfengja aðrar mælingar varðskipsins, sem staðfestar hafa verið í réttinum með eiði af þeim, er gerðu og sýndar eru á uppdrætti, lögðum fram í réttinum sem rskj. nr. 2.

Það kemur eftir þessu til álita, hvort skip kærða hafi áður en þessi staðarákvörðun var gerð verið á landhelgi-

sæðinu samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu. Skal þá strax tekið fram, að eftir því sem kærði og vitni af báðum skipunum hafa borið í réttinum, var straumur með skipi kærða, en ekki móti, síðast áður en staðarákvörðunin var gerð kl. 08,20. Verður því samkv. upplýsingum kærða um hraða skips hans, þegar það er að toga, ekki álitið of í lagt, þó hraði skips hans þennan síðasta tíma sé talinn 3 sjómílur á klukkustund, þar sem hann telur skip sitt fara venjulega þessa ferð í kyrrum, straumlausum sjó, þegar svo stendur á. Sé farið eftir skýrslu skipherrans á Ægi, hélt togari kærða vestlæga stefnu frá 08,07—08,20, eða í 13 mínútur, og samkv. eiðfestum framburði þriggja skipsmanna af varðskipinu voru þeir á togaranum ekki um kl. 08,20 farnir að slá úr blökkinni, vírar togarans strengdir, og hann því á ferð.

Sé aftur á móti farið eftir skýrslu kærða, var skip hans búið að toga í 30 mínútur í vestur og berast þá fyrir straumi í á að gizka 15 mínútur, þangað til hlerarnir voru komnir upp í gálgana. En vitni af skipi hans hafa borið, að liðið hafi um 10 mínútur frá því þeir byrjuðu að draga upp vörpuna (höfðu slegið úr blökk togarans) og þangað til hlerarnir voru komnir upp í gálgana.

Það verður að telja fyllilega sannað með hinum eiðfestu framburðum, að þeir á skipi kærða voru ekki byrjaðir að draga upp vörpuna, þegar að staðarákvörðun togarans var gerð kl 08,20, og hann því enn á ferð, enda þótt þessu sé mótmælt af kærða. En hvort sem skýrsla skipherrans á Ægi er lögð til grundvallar eftir þessu eða skýrslu kærða sjálfs, var skip hans fyrir innan landhelgislínuna 13 mínútum áður en staðarákvörðunin kl. 08,20 var tekin, að minnsta kosti 0,2 úr sjómílu eftir skýrslu skipherrans, en enn meira eftir skýrslu og framburði kærða sjálfs, miðað við 30 mínútna tog í vestur, og að skip hans hafi rekið í 5 mínútur af þeim tíma, samkvæmt framansögðu, að sannað er talið, að hann byrjaði ekki að draga upp vörpuna fyrr en eftir kl. 08,20, ísl. tíma.

Þegar kærði kom fyrst í réttinn, staðsetti hann skip sitt á þeim stað, sem skipherrann á Ægi hafði talið hann vera, og eftir sínum eigin miðunum, og reyndist staðurinn 0,3 úr sjómílu innan landhelgislínunnar. En þegar

kærða var bent á þetta, hélt hann fram, að þetta væri ekki rétt aðferð, að reikna landhelgina frá þessari línu milli Reynisfjalls og Kötlutanga, og var sú lína heldur ekki dreginn á uppdrætti þá, sem hann sýndi í réttinum, annan enskan, en hinn danskan. Hélt hann fram, að reikna bæri landhelgislínuna 3½ sjómílu frá sjálfri ströndinni. Þetta er vitanlega rangt, þar eð viðurkennt er og staðfest af stjórnarvöldunum, að reikna beri 3 sjómílur frá nefndri línu, og aldrei 3½ sjómílu frá strönd landsins. Virðist réttinum, að þessi staðhæfing kærða beri með sér, ef þetta hafi verið rétt álit hans, að honum hafi ekki verið ljóst, hve nær hann var utan eða innan við landhelgi, og veiki því mótmæli hans héraðlútandi.

Þá verður rétturinn einnig að telja það draga úr gildi mótmæla hans, er hann fyrst bendir á „Skate Rock" sem Lásadrang hjá Hjörleifshöfða, en síðar Arnardrang, sem er honum í vil. Loks skal tekið fram, að samkvæmt útreikningi skipherrans á Ægi í síðasta réttarhaldi taldi hann togara kærða kl. 07,43 eftir ísl. tíma, eða um kl. 09.35—09,42 eftir kl. togarans, vera frá tæplega 0,6 og að tæplega 1 sjómílu fyrir innan landhelgislínuna þá, eftir því, hvort miðað er við 2 eða 3 smjómílna hraða togarans á klukkustund.

En játað af kærða og sannað á annan hátt, að hann var að toga á þessum tíma.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á skipi sínu togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen og þannig gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 1920, skv. 3. gr. 1. mgr., og lögum nr. 4 1924.

Þá er einnnig upplýst, að hann hefir áður gerzt sekur um samskonar brot. En með því að atvik í málinu, svo sem að kærði dró ekki upp vörpuna, þegar að hann varð var við Ægi, bendir til þess, að ekki sé fullvíst, að honum væri ljóst, að hann væri að toga á landhelgisvæðinu, þykir mega losa hann undan fangelsisrefsingu þeirri, sem 5. gr. laga nr. 5 1920 ákveður.

Með tilliti til þessa þykir refsing hans, með tilliti til þess, að ísl. króna jafngildir í dag 49,60 gullaurum, hæfilega ákveðin 22000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í stað sektarinnar í 7½ mánuð,

sé hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen, upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 11. október 1937.

Nr. 14/1936. **Metusalem Jóhannsson**
(Eggert Claessen)
gegn
Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs og Garðari Þorsteinssyni.
(Garðar Þorsteinsson).

Áfrýjað er lögtaki, gjörðu í fógetarétti Reykjavíkur 28. okt. 1935, og uppboðsgjörð, er fram fór 3. desember 1935.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík vorið 1934 var áfrýjanda, Metúsalem Jóhannssyni, gert að greiða kr. 8800.00 til Reykjavíkurbæjar. Hver fimmtungur útsvarsins féll í gjalddaga 1. hvers mánaðanna júní til október 1934. Hinn 11. september sama ár gerði bæjargjaldkeri kröfu um, að ógreiddir 4/5 hlutar útsvars þess árs yrðu teknir lögtaki, og var útsvar áfrýjanda þar á meðal. Hinn 13. s. m. kvað fógeti síðan upp úrskurð skv. 3. gr. lögtakslaganna þess efnis, að lögtak skyldi fram fara fyrir þessum hluta útsvaranna. Er síðasti fimmtungur

útsvaranna var fallinn í gjalddaga, krafðist bæjargjaldkerinn þess þann 15. okt. 1934, að þessi hluti útsvaranna yrði einnig tekinn lögtaki, og var úrskurður fógetans um, að lögtak skyldi fara fram, upp kveðinn sama dag. Fyrst hinn 28. okt. 1935 var fógetaréttur settur til að gera lögtak fyrir útsvari áfrýjanda, og var lögtak gert í eignarhluta hans í firmanu O. V. Jóhannsson & Co. Hafði ríkisskattanefnd með úrskurði uppkveðnum 29. okt. 1934 lækkað útsvar áfrýjanda niður í kr. 7200,00. Hið lögtekna var síðan selt á opinberu uppboði, sem fram fór 3. des. 1935, og varð stefndur Garðar Þorsteinsson hæstaréttarmálflutningsmaður kaupandi.

Lögtaki þessu og eftirfarandi uppboði hefir áfrýjandi, að fengnu uppreistarleyfi 29. jan. 1936, skotið til hæstaréttar með stefnu dags. 11. febrúar s. á. Krefst áfrýjandi þess, að lögtakið og uppboðið verði fellt úr gildi og stefndir, bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs og uppboðskaupandi, Garðar Þorseinsson, verði in solidum dæmdir til þess að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Stefndir hafa hinsvegar krafizt þess, að lögtakið og uppboðið verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Rétturinn lítur svo á, að lögtaksrétturinn hafi verið fyrndur, er lögtakið fyrir útsvari áfrýjanda fór fram. Að vísu var, samkv. framansögðu, lögtaks beiðzt, áður en ársfrestur sá var liðinn, sem til er skilinn í 2. gr. lögtakslaganna, en hinu skilyrðinu, sem sett er í grein þessari, fyrir því, að lögtaksrétturinn haldist, að lögtaksbeiðninni sé fylgt fram með hæfilegum hraða af lögtaksbeiðanda, hefir ekki verið fullnægt. Ber því þegar af þessari

ástæðu að fella hinar áfrýjuðu réttargjörðir, lögtak og uppboð, úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndir in solidum greiði áfrýjanda kr. 200,00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð og eftirfarandi uppboð skulu úr gildi felld.

Stefndir, bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og Garðar Þorsteinsson hæstaréttarmálflutningsmaður, greiði in solidum áfrýjanda, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 200,00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. október 1937.

Nr. 141/1936. **Eyþór Hallsson og Sjávátryggingarfélag Íslands h/f** (Theódor B. Lindal;)
gegn
Hafnarnefnd Siglufjarðar f. h. hafnarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Bætur fyrir spjöll á bryggju.

Dómur sjódóms Siglufjarðarkaupstaðar 28. janúar 1936: Stefndur, skipstjóri Eyþór Hallson Siglufirði, eigandi e/s Bjarki SÍ 33 frá Siglufirði, og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f Reykjavík, greiði stefnanda, hafnarnefnd Siglufjarðar, kr. 3580,00 með 5% ársvöxtum frá 8/1 1935 til greiðsludags og mats- og málskostnað með kr. 515,75.

Hið ídæmda að greiða innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sept. f. á. hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. s. m., hafa krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hins vegar krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétt eftir mati dómsins.

Telja verður, að það hafi verið óvarlegt að leggja e/s Bjarka, þar sem honum var lagt, mannlausum, landfestalausum og án vélarnota, í norðanverðri því, er geisaði á Siglufirði frá 26.—27. okt. 1934, með því að mikil hætta hlaut að vera á því, að skipið ræki undan veðrinu á svonefnt „Anlegg", svo sem raun verð á, eins og frá því var gengið. Hinsvegar virðist mjög líklegt eða jafnvel víst, að tjóni hefði orðið afstýrt, ef nægilega tryggilega hefði verið frá skipinu gengið. Hafnarvörður kom að vísu á svonefnda Goosbryggju eftir að færslu skipsins þaðan og lagningu var lokið og fann ekki að. En þeirri staðhæfingu hans, að honum hafi ekki verið unnt, eins og komið og eins og ástatt var, að gera breytingar þar á, hefir ekki verið hnekkt. Getur afskiptarleysi hafnarvarðar því ekki útilokað eða dregið úr ábyrgð áfrýjanda á tjóni því, er skipið olli, og í máli þessu getur, eins og áfrýjendur hafa haldið fram í flutningi málsins fyrir hæstarétti. Samkvæmt framansögðu verður að fallast á niðurstöðu héraðsdómarans, og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með ofangreindum athugasemdum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjendur, Eyþór Hallson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f. greiði stefnda, hafnarnefnd Siglufjarðar f. h. hafnarsjóðs, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 19/12 1934 hefir hafnarnefnd Siglufjarðar stefnt Eyþór Hallsyni, skipstjóra og útgerðarmanni e/s Bjarki SI 33 Siglufirði, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f Reykjavík, sem vátryggjanda sama skips, til greiðslu á kr. 3580, með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 8/1 1935, vegna skemmda, er e/s Bjarki hafi valdið á bryggjum hafnarsjóðs Siglufjarðar, svokölluðu Anleggi 27/10 1934. Svo og hefir stefnandi krafizt greiðslu á matskostnaði á skemmdunum og málskostnaði að skaðlausu. Hefir sá kostnaður verið sundurliðaður í réttinum og krafizt greiddur með 515.75.

Málavexti tjáir stefnandi þá, að rétt fyrir hádegi 27/10 1934 hafi stefndur Eyþór Hallsson leyst skip sitt e/s Bjarki frá svokallaðri Goosbryggju sunnan Siglufjarðareyrar og lagt skipinu fyrir akkerum á innri höfninni, og hafi skipið rekið á bryggjur hafnarsjóðs, svokallað „Anlegg", og valdið á þeim skemmdum, er metnar hafa verið á kr. 3580,00. Telur stefnandi flutning skipsins frá bryggjunni í því norðanveðri, er á var, hafa verið óverjandi ráðstöfun, svo sem á stóð, þar sem skipið gat með viðeigandi útbúnaði legið óhult áfram við landfestar. Enda hafi veður verið slotandi, haldbotn í innri höfninni lélegur og flutningur skipsins og lögn þess fyrir akkeri þannig framkvæmd, að honum sem eiganda skipsins og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f sem vátryggjanda þess beri skylda til að bæta þann skaða, er varð af völdum e/s Bjarka á svokölluðu „Anleggi".

Stefndir hafa látið mæta í málinu, mótmælt kröfum

stefnanda í máli þessu og krafizt fullrar sýknu fyrir hönd beggja stefndu og málskostnaðar eftir mati réttarins. Telja þeir skipið hafa legið við Goosbryggjuna með vitund og vilja hafnarvarðar, og hafi skipið verið tekið frá bryggjunni og því lagt út á höfnina vegna þess, að umráðamaður bryggjunnar hafi krafizt þess af ótta við skemmdir á bryggjunni. Telja stefndir það hafa verið öllum óviðráðanlegt, að skipið rak á Anleggsbryggjuna í óveðri því, sem var þennan dag, því skipinu hafi verið tryggilega lagt.

Upplýst er í málflutningnum, að mikið óveður hafi verið aðfaranótt þess 27/10 1934, er hafi staðið hæst um miðnætti milli þess 26. og 27. október, en var slotandi, bæði hvað veðurhæð og sjógang snerti, um morgun þess 27. október. Hafði e/s Bjarki legið við bryggjuna, sem hafi lítið laskazt, á meðan veðrið var verst og fram undir kl. 11 fyrir hádegi 27. október, án þess að nokkuð væri að skipinu eða landfestum þess. Umráðamaður bryggjunnar hafði þó krafizt þess, að farið væri með skipið frá bryggjunni, af ótta við það, að það kynni að skemma bryggjuna. Stefndur Eyþór Hallson leitaði þá aðstoðar hjá skipstjóra vitaskipsins „Hermóður", er lá þar við bryggju nálægt, til þess að leggja e/s Bjarka út á höfnina, enda var vél e/s Bjarka eigi nothæf. Neitaði skipstjórinn á vitaskipinu því að aðstoða við að leggja e/s Bjarki, og taldi slíkt ógerning, og var þó vél vitabskipsins klár til notkunar.

Leysti þá stefndur Eyþór Hallsson e/s Bjarki úr öruggum festum við Goosbryggjuna og hugðist leggja því, svo öruggt væri, fram af bryggjunum á sunnanverðri eyrinni í vari fyrir veðri, en skipið fékk eigi nægilegt hald með akkerum sínum og dró þau svo, að það rak á svokallað „Anlegg" og olli þar ofangreindum skemmdum. Stefndur Eyþór Hallsson hefir játað það í réttinum, að honum hafi verið kunnugt um, að lélegur haldbotn var þar, sem hann lagði skipinu, og upplýst er, að að eins voru gefnir út 30 faðmar af keðju skipsins, og verður það að teljast of lítið, svo sem á stóð, því upplýst er, að menn fóru úr skipinu, er því hafði verið lagt, og var því enginn til þess að gefa frekar út á keðjum skipsins, ef þurfti.

Lítur rétturinn svo á, að bæði með og við flutning skipsins frá bryggjunni hafi stendur Eyþór Hallsson eigi gætt almennrar varúðar, er hverjum góðum manni sæmir, og að það hafi verið vítaverð ráðstöfun hjá honum sem skipstjóra, að leysa skipið úr öruggum festum við bryggjuna og leggja því fyrir stuttum festum á lélegan haldbotn, ónothæfa vél og mannlausu í ofviðri. Hafi hann með þessum ráðstöfunum orsakað það, að e/s Bjarki rak á bryggjur hafnarsjóðs Siglufjarðar, svokallað „Anlegg", og sé hann því og meðstefnt Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, sem hefir látið mæta í málinu sem formlegur aðili við hlið meðstefnds Eyþórs Hallssonar, ábyrgt fyrir framangreindum skaða á svokölluðum Anleggsbryggjum, og beri því að bæta hann með umstefndri upphæð, kr. 3580,00, er eigi hefir verið mótmælt, og auk þess greiða umstefnda vexti og matl.- (sic) og málskostnað.

Mánudaginn 18. október 1937.

Nr. 52/1937. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Ottó Hannessyni (Pétur Magnússon).

Bifreiða- og áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. febr. 1937: Kærður, Ottó Hannesson, greiði 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviftur leyfi til þess að stjórna bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó svo, að vara-

refsingin verði 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsingin verði 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði, Ottó Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Péturs Magnússonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Ottó Hannessyni, bifreiðastjóra, til heimilis Urðaveg 17 hér í bænum, fyrir brot gegn bifreiðalögunum nr. 70 frá 8. september 1931, áfengislögunum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 31. marz 1928.

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn þann 25. f. m. um kl. 8 e. h. ók kærður vöruflutningabifreið sinni VE. 80 austur Vestmannabraut, og rakst bifreiðin þar á steinsteyptan stólpa, sem er vestan við hlið á girðingu fyrir framan húsið Geirland, sem er norðan við Vestmannabrautina, og brotnaði ofan af stólpanum. Lögregluþjónn, sem kom þar að skömmu eftir að árekstur þessi varð, en er kærður hafði þá ekið burtu af

árekstrarstaðnum, náði því tali af kærðum, og var kærður þá samkvæmt framburði lögregluþjóns þessa bersýnilega undir áhrifum áfengis, þó ekki mikið drukkinn.

Vitnið Haraldur Ágúst Haraldsson, sem var í bifreiðinni með kærðum, er árekstur þessi varð, hefir borið, að hann hafi hitt kærðan í framangreindri bifreið á Vestmannabrautinni á móts við Vöruhús Vestmannaeyja, og hafi kærður boðið honum í bifreiðina til sín, og hafi vitnið þegið það og sezt inn í stýrishús bifreiðarinnar hjá kærðum, og hafi kærður því næst ekið bifreiðinni austur Vestmannabraut. Hann (vitnið) kveðst ekki hafa séð á hraðamæli bifreiðarinnar og kveðst ekki geta sagt um, með hve miklum hraða kærður hafi ekið, þar eð vitnið kveðst aldrei hafa ekið bifreið sjálfur, en hann kveður kærðan hafa ekið hraðar en bifreiðar séu vanar að aka hér innan bæjarins, að vitninu virtist. Vitni þetta hefir borið, að framangreindur árekstur hafi atvikazt þannig, að er bifreiðin var komin austur að stað þeim, sem árekstur inn varð á, hafi barn verið á miðjum veginum fram undan bifreiðinni, og hafi kærður því hemlað bifreiðina og stöðvað hana snögglega, og hafi bifreiðin, er hún stanzaði, verið 15—20 metra frá barninu, en við að stanza svo snögglega hafi bifreiðin snúizt eða runnið þannig til að aftan, að afturendi hennar hafi snúizt eða runnið norður eftir veginum, og bifreiðin því næst runnið norður af veginum og afturendi burðarborðsins rekizt á stólpann og brotið hann, en lítilsháttar halli er þar norðar af veginum, og vegurinn lítið eitt upphækkaður, og hefir vitni þetta borið, að bílnum hafi því næst verið ýtt upp á veginn.

Vitni þetta hefir borið, að hann hafi ekki tekið eftir, hvort kærður var undir áhrifum áfengis, á meðan vitnið var hjá honum inni í stýrishúsi bifreiðarinnar, en er kærður var kominn út úr bifreiðinni, kveðst vitnið hafa séð, að hann var undir áhrifum áfengis, en ekki hafi þó verið mikil brögð að því.

Kærður kveðst hafa ekið framangreindri bifreið sinni um bæinn um stund, áður en árekstur inn varð, og hefir hann kannazt við, að hafa verið lítilsháttar undir áhrifum áfengis við þann akstur, og kveðst hafa drukkið ca. ¼ hluta úr hálfflösku af brennivíni, áður en hann hóf aksturinn, en hefir eindregið neitað að hafa drukkið ann-

að eða meira áfengi, áður en hann hóf aksturinn eða við aksturinn, og vitnið Haraldur Á. Haraldsson hefir borið, að hann hafi ekki orðið þess var, að kærður hefði áfengi meðferðis eða neytti áfengis í bifreiðinni.

Kærður hélt fyrst fram, að árekstur inn hefði atvikazt þannig, að er hann kom á bifreiðinni austur undir húsið Geirland, hafi hann séð barn á götunni fram undan bifreiðinni og hafi hann því vikið til vinstri, og hafi bifreiðin þá farið út fyrir veginn og burðarborð hennar rekizt á umræddan stólpa, er hann var að beygja upp á veginn aftur. En eftir að vitnið Haraldur Ágúst Haraldsson hafði verið yfirheyrt í málinu, viðurkenndi kærður, að framburður vitnis þess um, hvernig árekstur inn atvikaðist, væri réttur.

Kærður heldur fram, að hann hafi ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar við umrætt tækifæri og að hann geti ekki sagt um, hve hratt hann hafi ekið. Hann kveðst, er hann varð barnsins var, hafa vikið til vinstri, en kveðst ekki hafa getað komizt fram hjá barninu þannig og því stöðvað bifreiðina þannig, að hann kveðst hafa hemlað hana með fóthemlinum og stöðvaðist vél bifreiðarinnar þá um leið. En við að vera stöðvuð þannig snögglega, hafi afturendi bifreiðarinnar snúizt norður á veginn og runnið út af veginum á framangreindan stólpa, og brotnað ofan af honum, og afturendi burðarborðs bifreiðarinnar lent ofan á steinsteyptan vegg vestur af stólpanum, og hafi bifreiðinni verið ýtt þaðan upp á veginn.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst um hraða þann, er kærður ók með, þykir verða að álíta, að hann hafi við umrætt tækifæri ekið hraðar heldur en leyfilegt er samkvæmt 6. gr. bifreiðalaganna og 49. gr. lögreglusamþykktarinnar, og hefir kærður brotið gegn þeim lagaákvæðum og gegn 1. mgr. 15. gr. bifreiðalaganna. Þá hefir kærður með því að aka undir áhrifum áfengis brotið gegn 3. mgr. 5. gr. nefndra laga og gegn 21. gr. áfengislaganna og gegn 48. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Kærður, sem er fæddur þann 5. ágúst 1914 í Vestmannaeyjum, var þann 24. desember 1932 sektaður um 50 kr. í lögreglurétti Vestmannaeyja fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Vestmannaeyja, og með dómi uppkveðnum í hæstarétti þann 18. marz 1936 var hann dæmdur í 50 króna

sekt fyrir brot gegn 6. gr. bifreiðalaganna og 49. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja (ógætilegan akstur), en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Refsing sú, er kærður hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá verður og að svipta kærðan leyfi til þess að stjórna bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma kærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 20. október 1937.

Nr. 23/1937. **H/f Trolle & Rothe f. h. vátryggingarfélagsins Baltica**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Andrési Magnússyni
(Theódór B. Líndal).

Bifreiðarbruni. Greiðsla vátryggingar.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 6. janúar 1937: Stefndur, h/f Trolle & Rothe vegna vátryggingarfélagsins „Baltica", greiði stefnandanum, Andrési Magnússyni, kr. 3209.14 með 5% ársvöxum frá 23. júní 1936 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 16. marz þ. á., hefir gert þessar dómkröfur: **aðallega**, að hann verði alger-

lega sýknaður af kröfum stefnda í málinu og stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til að greiða 75% af kr. 3000.00, eða kr. 2250.00, og að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti verði látinn falla niður. Stefndur hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að ekki þykir mega gera ráð fyrir því, að almenningur geri sér grein fyrir þeirri sérstöku eldfimihættu, sem hafði í för með sér bílbruna þann, sem lýst er í héraðsdóminum, og með því ennfremur, að ekki eru fram komnar sannanir fyrir því, að bifreiðastjórum sé veitt fræðsla um eldfimihættu þessa, né að stefndur hafi haft slíka þekkingu áður en slysið varð, þá verður hann ekki talinn hafa firrt sig rétti til vátryggingarfjár á hendur áfrýjanda. Með því loks, að fallast má á útreikning héraðsdómarans á fjárhæð bótanna, þá þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, H/f Trolle & Rothe f. h. vátryggingarfélagsins Baltica, greiði stefnda, Andrési Magnússyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 23. júní s. l. af Andrési Magnússyni bifreiðastjóra, Ásgarði í Dalasýslu, gegn h/f Trolle & Rothe hér í bæ, vegna vátryggingarfélagsins Baltica í Kaupmannahöfn, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 5000.00, með 5% ársvöxtum frá 27. okt. 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Síðar í rekstri málsins hefir stefnandi þó gert þá varakröfu, að honum verði tildæmdar kr. 4500.00 með hæfilegum frádrætti skv. mati réttarins, ef talið yrði, að um gáleysi hefði verið að ræða, þó aldrei meir en 25% af þeirri upphæð, þannig að lágmark hinnar tildæmdu upphæðar verði kr. 3375.00. Til frekari vara hefir hann krafizt kr. 3333.33, og til þrautavara þeirrar upphæðar með frádrætti skv. mati réttarins, þó ekki yfir 25%.

Stefndur krefst aðallega algerðar sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að sér verði tildæmdur málskostnaður skv. mati réttarins. Til vara krefst hann, að hann verði að eins dæmdur til að greiða kr. 2250.00 með vöxtum einungis frá stefnudegi, og málskostnaður verði látinn falla niður. Loks hefir hann til þrautavara krafizt þess, að hann verði að eins dæmdur til að greiða aðalkröfuna með 75% af kr. 3062.12, eða kr. 2296.59.

Málavextir eru þeir, að um kl. 12 að kveldi hins 26. okt. 1935 kom stefnandi á bifreið sinni D.S. 5 til Búðardals úr áætlunarferð frá Reykjavík, en engir farþegar voru með honum, er þangað kom. Fór hann þá að húsi manns þess, er afgreiddi benzin þar á staðnum, fékk hjá honum lykla að benzíntankinum og leyfi til að taka þar það benzín, er hann þyrfti með. Ók hann síðan að tankinum, ásamt Ebenezer nokkrum Guðmundssyni, er sat við hlið stefnanda og hélt á olíulukt, sem logaði á. Er þeir komu að tankinum, fóru þeir báðir út úr bifreiðinni, og hélt Ebenezer áfram á luktinni, meðan stefnandi opnaði tankinn og lét slönguna frá honum inn um glugga á bifreiðinni á móts við benzíngeymi hennar. Fór hann

síðan inn í bifreiðina, opnaði benzíngeyminn og lét slönguna í hann. Að því loknu fór hann aftur út úr bifreiðinni og dældi 20 lítrum af benzíni úr tankinum, en þá tók nefndur Ebenezer við að dæla, en stefnandi tók hinsvegar við olíuluktinni af Ebenezer og ætlaði að aðgæta á benzínmæli bifreiðarinnar, hve hátt væri komið á geyminum, en í sama mund og hann var kominn úr dyrunum á bifreiðinni, virtist stefndanda sem eldblossa legði upp úr benzíngeyminum, og í sama vetfangi varð bifreiðin alelda. Þaut stefnandi þá út úr bifreiðinni, sleit burtu slönguna úr benzíntankinum, fór svo aftur inn í bifreiðina og ók henni ca. 50 m. frá tankinum af ótta við enn meiri eldsvoða og til að reyna að slökkva eldinn í bifreiðinni með vatni úr læk, sem var þar hjá. En allar slökkvitilraunir urðu árangurslausar, og brann allt í bifreiðinni, sem brunnið gat.

Bifreið stefnanda var vátryggð hjá stefndum í máli þessu, m. a. gegn brunahættu, fyrir kr. 5000.0. Telur stefnandi því, að stefndum beri að greiða sér bætur fyrir tjón það, er hann varð fyrir við umrætt tækifæri, en þar sem stefndur hafi reynzt ófáanlegur til þess, hafi hann höfðað mál þetta til greiðslu þessara bóta.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að skv. 10. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða hjá vátryggingarfél. Baltica séu þær skemmdir undanþegnar ábyrgð félagsins, sem verði sakir stórkostlegrar óvarkárni. Telur stefndur, að stefnandi hafi einmitt sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fara með olíulukt inn í bifreið, þar sem benzíngeymirinn var opinn og benzíneimurinn streymdi því út, enda hafi þetta að sjálfsögðu orsakað bruna þann, sem um er að ræða. Heldur stefndur því fram, að stefnanda, sem alvönum bifreiðarstjóra, hljóti að hafa verið kunnugt um eiginleika benzínsins að þessu leyti, og sé af öllu þessu ljóst, að stefnandi eigi engar kröfur á sig skv. skýrum orðum vátryggingarskilmálanna.

Skv. því, sem fram kemur við réttarrannsókn út af bruna þessum, skv. staðfestri útskrift úr lögreglumálabók Dalasýslu, er lögð hefir verið fram í málinu, þykir réttinum ekki verða hjá því komizt, að líta svo á, að það hafi verið gáleysi hjá stefnanda, sem vönum bireiðarstjóra, að fara með olíuluktina inn í bifreiðina, eins og á stóð, en hinsvegar verði það gáleysi ekki talið stórkostlegt, þegar tekið er tillit

til þess, hve stutta stund benzíngeymirinn í bifreið stefnanda var opinn, og því litlar líkur fyrir því, að mikið benzínþrungið loft hefði safnazt fyrir í bifreiðinni, og ennfremur, að ekki er annað upplýst, en að olíulukt sú, sem um er að ræða, hafi verið í góðu lagi. Verður sýknukrafa stefnds því ekki tekin til greina, og koma þá næst til athögunar varakröfur aðilja í máli þessu.

Í 3. málsgr. 12. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða hjá vátryggingarfélaginu Baltica, sem málsaðiljar hafa viðurkennt sig bundna við, segir: „Hafi vátryggði valdið tjóninu af óvarkárni, sem þó ekki má telja stórkostlega (sbr. 10. gr. a), má félagið draga allt að 25% frá skaðabótunum". Verður rétturinn því að telja, sbr. það, sem áður segir um sök stefnanda við bruna bifreiðarinnar, að þessar 25% beri að draga frá skaðabótum þeim, er stefnum verður gert að greiða. Í 1. málsgrein 12. gr. áðurnefndra vátryggingarskilmála segir: „Sé vátryggingarupphæðin minni en sannvirði bifreiðarinnar rétt áður en tjónið varð, ber félagið að eins ábyrgð samkvæmt hlutfallinu milli vátryggingarupphæðarinnar og sannvirðis bifreiðarinnar". Í málinu hefir verið lagður fram útdráttur úr bréfi frá Trolle & Rothe til vátryggingarfélagsins Baltica út af máli þessu með áætlun um þá upphæð, er borga beri stefnanda, ef honum verði greitt á annað borð. Er þar áætlað hið upprunalega verð bifreiðarinnar á kr. 6500.00, og er það í samræmi við þá upphæð, sem stefnandi hefir við réttarrannsóknina talið, að bifreiðin hafi kostað sig. Hinsvegar kemur málsaðiljum ekki saman um það, hve mikils virði bifreiðin hafi verið rétt fyrir brunann. Í málinu er það upplýst, að bifreiðin var þá orðin 1½ árs gömul, og hafði henni verið ekið ca. 33 þús. km., og ennfremur, að hún var notuð til fólksflutninga á leiðinni Borgarnes-Hólmavík. Samkv. þessu og öðru, er fram kemur í málinu, þykir réttinum hæfilega ákveðin rýrnun á bifreiðinni 20%, eða kr. 1300.00. Verður því að telja bifreiðina hafa verið kr. 5200.00 virði, er brunann bar að höndum. Nú kemur aðiljum saman um, að leifar hinnar brunnu bifreiðar séu kr. 750.00 virði, og verður því að telja, að tjón stefnanda vegna brunans sé kr. 5200.00 ÷ kr. 750.00, eða kr. 4450.00. Hinsvegar var bifreiðin ekki vátryggð nema fyrir kr. 5000.00, og verður því hluti vá-

tryggingarfélagsins í tjóninu skv. 1. mgr. fyrnefndrar 12. greinar vátryggingarskilmála 50/52 af kr. 4450.00, eða kr. 4278.85, og verður stefndur dæmdur til að greiða 75% af þeirri upphæð, sbr. 3. mgr. 12. gr., eða kr. 3209.14, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 23. júní 1936, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Föstudaginn 22. október 1937.

Nr. 36/1937. **Réttvísin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ingibjörgu Jósepsdóttur, Leó Maronssyni og Sölva Valdimarssyni
(Theódór B. Lindal)

Húsbrenna. Samsekt.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 21. marz 1936: Kærðir, Leó Maronsson og Sölvi Valdimarsson, sæti hvor um sig betrunarhússvinnu í 1 ár, en Ingibjörg Jóepsdóttir betrunarhússvinnu í 14 mánuði.

Svo greiði hin kærðu eitt fyrir öll og öll fyrir eitt allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu er kveðinn upp í aukarétti Siglufjarðar 21. marz 1936. Er dómurinn birtur hinum ákærðu 6., 10. og 21. júní sama ár, og lýsa þau öll yfir því, að þau vilji una við dóminn. Dómsgerðir í málinu eru gefnar út af héraðsdómaranum 11. desember 1936, og munu þær hafa borizt dómsmálaráðuneytinu skömmu síðar. Ákvað ráðuneytið að áfrýja dóminum að því er öll hin ákærðu varðaði. Er áfrýjunarstefna út gefin af ráðuneytinu 9. febrúar þessa árs og birt hinum ákærðu þannig:

Leó þann 19. febr., Sölva 3. marz og Ingibjörgu 20. marz þ. á.

Nú hefir komið fram hér fyrir dómi, að sumarið 1936 hafði héraðsdómarinn í málinu, bæjarfógetinn í Siglufjarðarkaupstað, tekið þá ákvörðun á eindæmi sitt og án vitundar dómsmálaráðuneytisins, að fullnægt skyldi refsingu þeirri, sem ákærði Leó var dæmdur í með héraðsdóminum. Að tilhlutun bæjarfógetans var Leó fluttur í fangelsið á Litla-Hrauni þann 13. ágúst 1936, og dvaldist hann þar, samkvæmt vottorði fangavarðar, frá þeim degi og til 14. apríl 1937. Þó virðist hann ekki hafa verið að afplána refsinguna allan þann tíma, því upplýst er, að þegar dómsmálaráðuneytið komst að því um veturinn 1937, að því er ætla má í febrúarmánuði, að Leó væri í fangelsinu, fyrirskipaði það þegar, að hann skyldi leystur úr því, en ekki er upplýst hér fyrir réttinum, hvaða dag það hefir komið til framkvæmdar.

Þótt ákærði Leó hafi þannig setið um tíma í fangelsi til að afplána refsingu fyrir brot þau, sem hér skal dæmt um, þá þykir það ekki geta staðið því í vegi, að fullnaðardómur gangi nú í máli hans, þar sem ákvörðunin um fullnustu refsingar hans samkvæmt héraðsdóminum var tekin af manni, sem ekki var um það bær, sbr. 15. gr. tilsk. 24. jan. 1838. Hinsvegar ber að sjálfsögðu, þegar til þess kemur, að refsingu samkvæmt þessum dómi verður fullnægt, að taka fullt tillit til þeirrar refsingar, sem hann hefir nú þegar tekið út, þannig, að kostur hans verði hinn sami, sem hann hefði orðið, ef hann hefði tekið alla refsinguna út í einu lagi.

Um sakir hinna ákærðu í máli þessu er upplýst það, sem hér segir:

Haustið 1935 tók ákærða Ingibjörg á leigu veitingahúsið „Dettifoss“ á Siglufirði, eign Hinriks Thorarensen, frá 1. október þess árs og til 1. maí 1936. Hóf hún veitinga- eða matsölustarfsemi í húsinu, en virðist hafa verið hætt því og flutt úr húsinu seinni hluta nóvember s. á., og stóð húsið eftir það mannlaust. Ekki er upplýst í prófum málsins um stærð hússins né úr hvaða efni það hafi verið reist, og ekki annað um legu þess í kaupstaðnum en það, að fjarlægð þess frá öðrum húsum hafi verið 12 metrar. Hér fyrir rétti hefir verjandi hinna ákærðu hinsvegar skýrt svo frá, að húsið hafi verið einlyft timburhús. Um stærð næstu húsa, og hvort þau hafi verið timburhús eða steinhús, er ekkert upplýst. Húsið „Dettifoss“ var að fasteignamati 10000 króna virði, en brunabótamat þess var kr. 14500.

Ákærða Ingibjörg hafði vátryggt lausafé sitt í húsinu hjá vátryggingarfélaginu Danske Lloyd fyrir kr. 10000.00. Skömmu eftir að hún hóf veitingastarfsemi sína er vaknaður hjá henni sá ásetningur, að brenna húsið í því skyni að svíkja vátryggingarfélagið. Þegar í októbermánuði er hún farin að telja ákærða Leó á að kveikja í húsinu, og í nóvembermánuði kemur hún honum og ákærða Sölva með fortölum og loforðum um að láta þá hafa 1000 krónur samtals af vátryggingarfénu að launum til þess að fremja íkveikjuna 23. nóvember, sem lýst er í héraðsdóminum. Þá er það upplýst, að ákærða vann þá Leó og Sölva enn á ný til þess að lofa að kveikja í húsinu kringum 7. desember næst á eftir, en er til þess kom, að þeir skyldu framkvæma íkveikjuna, hættu þeir þó við hana sökum þess, hversu veður var þá vont, og að þeir voru þá báðir orðnir

ölvaðir, eftir því sem þeir skýra sjálfir frá. Næst kom ákærða þeim svo til þess að kveikja í húsinu aðfaranótt 15. desember, eins og nánar er lýst í héraðsdóminum.

Þegar næstu daga eftir brunann sendi ákærða Ingibjörg umboðsmanni félagsins Danske Lloyd á Siglufirði skrá yfir þá muni sína, sem hún taldi hafa brunnið, og greindi verð þeirra. Nam það samtals samkvæmt skránni kr. 10412.95. Við rannsókn málsins kom í ljós, að mjög var oftalið á skránni. Hafði ákærða komið miklu af munum undan og ýmist falið þá heima hjá sér eða komið þeim í geymslu hjá öðrum. Samkvæmt áætlun útnefndra manna hefir verðmæti þeirra muna ákærðu, sem eyðilögðust í brunanum, numið um 1800—1900 kr.

Þegar prófum málsins lauk, tilkynnti dómarinn ákærðu Ingibjörgu í rétti, að mál yrði höfðað gegn henni fyrir brot á ákvæðum 283. og 261. gr. hegningarlaganna frá 1869.

Í héraðsstefnunni er hinsvegar aðeins getið um, að mál gegn henni verði höfðað fyrir brot á ákvæðum 283. gr. hegningarlaganna. Hinum ákærðu Leó og Sölva hefir aðeins verið tilkynnt málshöfðun fyrir brot á ákvæðum 283. gr. hegningarlaganna, og þykir því ekki heimilt að dæma þeim í þessu máli refsingu fyrir þátttöku þeirra í vátryggingarsvikum.

Brot ákærðu Ingibjargar, að því er varðar íkveikjurnar 23. nóvember og aðfaranótt 15. desember, eiga undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 1. málslið 53. gr. hegningarlaganna frá 1869, og brot hennar, að því er varðar tilraun til íkveikju kringum 7. desember s. á., á undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 2. málslið 53. gr. og 47. gr. sömu laga. Þá hefir hún og, með því að gerast frumkvöðull að framangreind-

um íkveikjum og íkveikjutilraunum, og með því að gera kröfu til vátryggingarfjárins, eins og að framan er greint, gerzt sek um brot á ákvæðum 261. gr. sömu laga, að nokkru samanborið við 46. gr. þeirra. Þykir refsing hennar fyrir brot þessi, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 26 mánuði.

Brot hinna ákærðu Leós og Sölva, að því er varðar íkveikjurnar 23. nóvember og aðfaranótt 15. desember, eiga undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 1. málslið 48. gr. hegningarlaganna. Og brot þeirra, að því er tekur til loforðs þeirra um að fremja íkveikju kringum 7. desember, varðar við 1. mgr. 283. gr. sbr. 2. mgr. 54. gr. sömu laga. Þykir refsing þeirra hvors um sig, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 25 mánuði. Við fullnustu refsingar ákærða Leós ber svo, eins og fyrr segir, að taka fullt tillit til þeirrar refsingar, sem hann hefir þegar tekið út, þannig, að kostur hans verði hinn sami og hefði hann tekið út alla refsinguna í einu lagi.

Hinir ákærðu Leó og Sölvi, sem sátu í gæzluvarðhaldi, hinn fyrrnefndi frá 27. til 30. desember 1936, og hinn síðarnefndi frá 28. til 29. sama mánaðar, greiði hvor um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt. Allan annan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæsarétti, 120 krónur til hvors, greiði öll hin ákærðu in solidum.

Prófum máls þessa er að ýmsu leyti ábótavant. Eins og frá er skýrt hér að framan, vantar allar upplýsingar um stærð húss þess, sem brennt var, og hvort það var steinhús eða timburhús. Ennfremur eru upplýsingar um afstöðu þess til annara húsa

mjög ófullnægjandi. Þá hefði og þurft að upplýsa, hvernig efnahag hinna ákærðu, einkum Ingibjargar, var háttað, áður en húsið brann. Það verður og að átelja, að héraðsdómarinn hefir ákveðið refsingu hinna ákærðu langt undir lágmarki því, sem tiltekið er í hegningarákvæðum þeim, sem brot þeirra eru heimfærð undir. Allt of langur dráttur hefir orðið á birtingu héraðsdómsins fyrir hinum ákærðu og á afgreiðslu dómsgerða í málinu til dómsmálaráðuneytisins. Loks hafa þau stórfelldu glöp hent héraðsdómarann, að hann hlutast til um fullnustu refsidóms eins hinna ákærðu, algerlega á eindæmi sitt og löngu áður en hann afgreiðir dómsgerðirnar til dómsmálaráðuneytisins, og þvert ofan í skýrt bann þar að lútandi í 15. gr. tilsk. frá 24. jan. 1938. En þar sem hér er um þess háttar brot að ræða, í sambandi við meðferð umboðsvalds, sem 131. gr. hegningarlaganna fjallar um, þá þykir ekki rétt að dæma réttarfarssektir á hendur héraðsdómaranum fyrir þessi afbrigði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Ingibjörg Jósepsdóttir, sæti betrunarhúsvinnu í 26 mánuði.

Ákærðu, Leo Maronsson og Sölvi Valdimarsson, sæti hvor um sig betrunarhúsvinnu í 25 mánuði, en við fullnustu refsingar ákærða Leós skal taka fullt tillit til þeirrar refsingar, sem hann hefir þegar tekið út, þannig að kostur hans verði hinn sami sem hann hefði orðið, ef hann hefði tekið alla refsinguna út í einu lagi.

Ákærðu Leó og Sölvi greiði hvor um sig

varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Theodórs B. Lindal, 120 krónur til hvors, greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn Leó Maronssyni, Sölva Valdimarssyni og Ingibjörgu Jósepsdóttur fyrir brot á 283. gr. refsilaganna, sbr. 48. gr. að því er þá 2 fyrstnefndu greinir, og fyrir brot á 283. gr. sömu laga, sbr. 53. gr. að því er kærðu Ingibjörgu Jósepsdóttur snertir.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Leó Maronsson og Sölvi Valdimarsson hafa tvisvar kveikt í veitingahúsinu „Dettifoss", en kærð Ingibjörg Jósepsdóttir hefir fengið þá til þess, og hafa öll hin kærðu kannast við brot sitt eftir mikla vafninga og útúrdúra. Í fyrra skiptið var slökkt í húsinu og nær engar skemmdir urðu, en í síðara skiptið brann húsið.

Nánari atvik eru þessi:

Kærða, Ingibjörg Jósepsdóttir, fær Leó Maronsson og Sölva Valdimarsson til þess að kveikja í veitingahúsinu „Dettifoss", sem kærð hefir á leigu, og hafði innanstokksmuni þar vátryggða fyrir allt að 10000 kr.

23. nóv. s. l. fara kærðu Sölvi og Leó að fá sér olíu hjá kærðu eftir tillögum hennar og fara inn í húsið kl. rúmlega 5 um nóttina. Kveikja þeir þar á rafljósi og fara upp á háaloft í húsinu gegnum hleragat. Helti Sölvi steinolíu kringum rafljósainntak hússins, en Leó rétti honum pappír, er þeir kveiktu á og báru að, þar sem olían var látin við inntakið, og kviknaði þá í húsinu við inntakið. Fóru þeir þá í burtu og slökktu rafljósið. Kviknaði

þá í húsinu, en eldurinn varð fljótt slökktur af slökkviliði bæjarins áður en hann olli verulegum skemmdum. En þau komu sér saman um, að þau skuli kveikja í húsinu aftur, og fær Ingibjörg þá til þess. Ætlaði hún sér að græða á brunanum og fá hið vátryggða greitt eftir brunann samkv. vátryggingarupphæð, sem var meiri en sannvirði þess tryggða. Skyldi Leó fá um 1000 krónur fyrir að kveikja í, en af því stóð til, að hann greiddi Sölva eitthvað óákveðið. Komu þeir svo Sölvi og Leó til Ingibjargar um kl. 1 aðfaranótt 15. desember s. l., og vísaði hún þeim á olíbrúsa í miðstöðvarherbergi húss þess, er kærð bjó í. Tóku þeir þar olíu á 2 flöskur, og bar hvor þeirra sína flösku inn í veitingahúsið „Dettifoss". Fór Leó upp á loftið í húsinu um hleragatið, missti þar olíuflöskuna, er hann hélt á, svo að olían flóði um loftið. Leó losaði spýtu, sem stungið hafði verið á milli rörleiðslna, er lágu að rafmagnstöflu hússins, og Sölvi rétti honum sína olíuflösku, og Leó helti olíu í þar við töfluna, sem spýtan var tekin úr, og kveikti svo í. Sölvi fer svo út til að vera á verði um mannaferðir, en fer innan stundar til að hjálpa Leó niður af loftinu, og fara svo báðir í burtu.

Kærðu segjast báðir hafa verið undir áhrifum víns, en þó hafa haft fulla vitund um verknað sinn. Húsið var mannlaust og 12 metra frá öðru húsi.

Kærður Sölvi Valdimarsson hefir áður sætt 100 kr. sekt fyrir húsbrot og ölvun og 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir einfaldan þjófnað, en meðkærð Ingibjörg Jósepsdóttir hefir eigi áður sætt refsingu.

Afbrot kærðu Leós og Sölva ber að heimfæra undir 1. lið 283. gr. refsilaganna, sbr. 48. gr., og Ingibjargar undir 2. málsgr. 283., sbr. 53. gr. refsilaganna, og ákveðst refsing Sölva Valdimarssonar og Leós Maronssonar 1 árs betrunarhússvinna, en kærðrar Ingibjargar Jósepsdóttur betrunarhússvinna í 14 mánuði.

Svo greiði öll hin kærðu eitt fyrir öll og öll fyrir eitt allan kostnað sakarinnar.

Meðferð málsins í héraði hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 25. október 1937.

Nr. 135/1936. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Jóni Sigurjónssyni (Eggert Claessen).

Bótakrafa vegna breytinga á skipulagi kaupstaðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1936: Stefndur, bæjarsjóður Reykjavíkur, greiði stefnandanum, Jóni Sigurjónssyni, þá upphæð, sem tveir óvilhallir, dómkvaddir menn meta hæfilegar sem skaðabætur fyrir það, að ofangreind lóð hefir með skipulagsbreytingu verið gerð ónýt sem byggingarlóð, þó ekki yfir kr. 1017.90.

Matskostnað greiði stefndur.

Í vexti af matsupphæðinni greiði stefndur stefnandanum 5% p. a. frá 14. júní 1935 til greiðsludags og í málskostnað kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. sept. f. á., hefir krafizt sýknu í máli þessu af kröfum stefnda og málskotnaðar bæði í héraði og fyrir hætsarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og að vikið er í héraðsdóminum, hafði eigandi þess landsvæðis, þar sem Fossagata svonefnd er ákveðin, látið gera uppdrátt af því og ákveðið þar götur og byggingarlóðir við þær. Eftir að landsvæði þetta var sameinað Reykjavíkurkaupstað lét bæjarstjórnin gera skipulagsuppdrátt þess af nýju. Voru breytingar þær, sem ráðgerðar voru

frá fyrra uppdrættinum og hér skipta máli, í því fólgnar, að breikka skyldi Fossagötu úr 12½ metra í 20 metra, að stefna götunnar breyttist lítið eitt og að torg er ákveðið við norðurenda hennar. Skipulagsuppdráttur þessi hefir að vísu ekki hlotið staðfestingu ráðherra enn þá, en aðiljum kemur saman um það, að eftir honum sé og hafi verið farið um veitingu byggingarleyfa á svæði þessu, og að gera megi ráð fyrir því, að skipulagning sú, er hann hann hefir að geyma, verði úrslitaskipulagning. Skipulagsbreytingin eftir hinum nýja uppdrætti fyrirgirðir ekki húsabyggingar á óbyggðum lóðum við Fossagötu, nema einungis á lóðinni nr. 1, lóð stefnda í máli þessu. Er það ágreiningslaust í máli þessu, að skiplagsbreytingin geri lóð þessa eigandanum verðlausa, með því að eigi verði viðlit að reisa hús á henni eftir að tekinn hafi verið hluti af henni undir götu og fyrirhugað torg. Það er og ágreningslaust, að lóðareigandinn, sem nú er stefndi í máli þessu, eigi að fá bætur fyrir eignarskerðingu þessa. En áfrýjandi telur, með skírskotun til 28. gr., laga nr. 55/1921, að lóðareigandi eigi ekki heimtingu til greiðslu þeirra bóta fyrr en lóðin sé í verki og framkvæmd tekin undir götuna og torgið, en alls ekki, meðan hún liggi óhreyfð, eins og hún hafi verið áður en skipulagsbreytingin var ráðin. Það virðist einsætt, að lóðareigandi beri mjög skarðan hlut frá skiptum sínum við áfrýjanda, ef hann skyldi sitja með lóðina ónotaða og ónothæfa til þess, er ætlað var, greiða af henni skatta og gjöld og missa vaxta af fé því, er hann hefir fest í henni, alla þá stund, er áfrýjandi kynni að fresta fyrirhugaðri götulagningu og torggerð. Eins og hér stendur á, þykir verða að líta svo á,

að eignarnám á oftnefndri lóð sé raunverulega framkvæmt gagnvart stefnda um leið og honum er meinað að nota lóðina til þess að reisa hús á henni, með því að hún er þá orðin honum einskisvirði eða jafnvel til fjárhagslegrar byrði. Og leiðir þá af grundvallarreglu 62. gr. stjórnarskrárinnar, um endurgjald fyrir lögnumin verðmæti, og án tillits til þess, hvernig skilja beri 28. gr. laga nr. 55/1921, um skipulag kauptúna og svjávarþorpa, að stefndi á nú þegar heimtingu á fullum bótum fyrir eignarskerðinguna. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með framanskráðum athugasemdum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Jóni Sigurjónssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 20. júní 1935 af Jóni Sigurjónssyni, Reykjavíkurvegi 6 hér í bæ, gegn bæjarsjóði Reykjavíkur til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 1017.90, með 6% ársvöxtum frá 2. september 1933 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá varakröfu, að upphæðin verði látin fara eftir mati dómkvaddra manna á síðargreindri lóð sem byggingarlóð.

Stefndur krefst aðallega sýknu, en til vara hefir hann mótmælt upphæðinni sem of hárri og krafizt þess, að hún verði látin fara eftir mati dómkvaddra manna á síðargreindri lóð sem óbyggðu og óskipulögðu svæði, en ekki sem byggingarlóð.

Tildrög málsins eru þau, að 2. september 1933 keypti stefnandi lóðina nr. 1 við Fossagötu í Skildinganesi af h/f Títan, og var kaupverðið kr. 1017.90. Lóðin var seld sem byggingarlóð, og sótti stefnandi um leyfi til að byggja íbúðarhús á henni með bréfi dags. 1. okt. 1934, en beiðninni var synjað af byggingarnefnd og bæjarstjórn, og stefnanda tilkynnt synjunin með bréfi dags. 16. nóv. 1934. Ástæðan fyrir synjuninni var talin sú, að lóðin myndi að talsverðu leyti fara undir götu. Með þessari synjun telur stefnandi, að lóðin hafi verið gerð sér einskisvirði, og eftir árangurslausa tilraun til sætta á mál þetta höfðaði hann því mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur.

Með lögum nr. 69. frá 8. sept. 1931 var Skildinganes lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og gekk innlimunin í gildi 1. jan 1932. Þegar þessi innlimun fór fram, hafði Skildinganes verið skipulagt, og var ein gata þar kölluð Fossagata. Við þessa götu sem nr. 1 var lóð sú, sem stefnandi keypti 1933, og var þá engum vitanlegt, að gerð yrði nein breyting frá eldra skipulaginu á þann hátt, að ekki yrði leyft að byggja á lóðinni. Stefnandi keypti lóðina í fullu trausti til þágildandi skipulagsuppdráttar af Skildinganesi, enda hafði verið veitt leyfi til að byggja a. m. k. eitt hús við götuna á tímabilinu frá því, að innlimunin gekk í gildi og þangað til stefnandi keypti lóð sína. Einnig fékk stefnandi viðstöðulaust skilyrðislausa áritun lóðaskrárritarans á lóðarafsalið.

Með tilliti til þessa telur rétturinn, að með áðurgreindri synjun byggingarnefndar og bæjarstjórnar um leyfi til að byggja á lóðinni vegna skipulagsbreytingar hafi stefndum skapazt skylda til að bæta stefnanda það tjón, er hann hefir orðið fyrir, á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1921.

Stefndur heldur því fram, að enda þótt talið yrði, að stefndum bæri bætur fyrir lóðina, þá séu þær ekki orðnar gjaldkræfar. — Í 28. gr. l. nr. 55 frá 1921 segir svo: „Þó verður eigi krafizt, að skaðabætur séu greiddar fyrr en

sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir". Á þessu ákvæði byggir stefndur það, að bæturnar séu ekki orðnar gjaldkræfar, þar sem ekki sé búið að taka lóðina undir götu.

Stefnandi telur bæturnar hafa orðið gjaldkræfar um leið og honum var synjað um byggingarleyfið.

Enda þótt svo megi skilja orðalag nefndrar lagagreinar, að bæturnar séu ekki gjaldkræfar fyrr en gatan er lögð, þá verður rétturinn þó að telja þann skilning eðlilegri, að bæturnar til hvers einstaklings, sem verður fyrir tjóni af skipulagsbreytingu, séu gjaldkræfar jafnskjótt og breyting eða fyrirhuguð breyting kemur til framkvæmda gagnvert honum. Og þar eð telja verður, að sú fyrirhugaða breyting, er um ræðir í máli þessu, sé komin til framkvæmda gagnvert stefnanda, þar sem honum hefir verið synjað um leyfi til að nota lóðina skv. ákvörðun hennar (þ. e. sem byggingarlóð) vegna væntanlegrar skipulagsbreytingar, þá telur rétturinn bótakröfuna vera orðna gjaldkræfa.

Með hliðsjón af ákvörðun laga nr. 55 frá 1921 verður aðalkrafa stefnanda í máli þessu, gegn andmælum stefnds, ekki tekin til greina, en aftur á móti varakrafan, og verða úrslit málsins því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda sem skaðabætur fyrir ónýtingu á umræddri lóð sem byggingarlóð, vegna væntanlegrar skipulagsbreytingar, þá upphæð, er tveir óvilhallir, dómkvaddir menn meta hæfilega, þó ekki yfir kr. 1017.90.

Gegn mótmælum stefnds verða vextir af upphæðinni ekki tildæmdir hærri en 5% p. a. og aðeins frá sáttakærudegi, 14. júní 1935. Eftir þessum málalokum ber stefndum að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00. Þá ber stefndum og að greiða kostnað af ofangreindu væntanlegu máli.

Miðvikudaginn 27. október 1937.

Nr. 144/1936. **Réttvísin** (Pétur Magnússon)
gegn
Axel Peter Christian Herskind, Stefáni Thorarensen (Lárus Fjeldsted),
Ólafi Frímanni Sigurðssyni og Jóni Hallgrímssyni (Jón Ásbjörnsson).

Tilbúningur og sala hárvatns.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. ágúst 1936: Ákærðir, Axel Christian Herskind, Stefán Thorarensen, Ólafur Frímann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson, sæti hver um sig 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Refsing þeirra skal vera skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 1907 og falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef þargreind skilorð eru haldin.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærðir Axel Herskind og Stefán Thorarensen in solidum kr. 100.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Fjeldsted hrm. Ákærðir Ólafur Frímann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson greiði in solidum kr. 100.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrm. Annar kostnaður sakarinnar greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

I. Með krufningu á líki Skafta heitins Árnasonar, efnagreiningu efnarannsóknarstofu ríkisins á magainnihaldi hans, svo og skýrslu viðkomandi læknis um dauða hans, verður það að teljast sannað, að hann hafi látizt af áfengiseitrun. Um áfengisneyzlu hans rétt fyrir andlátið er þetta sannað: Kona sú, sem hann dvaldist hjá, þegar hann lézt, kveður hann hafa þrjá næstu dagana fyrir andlátið drukkið heima í íbúð hennar upp úr einu glasi af Col-

gates after shave og tveimur glösum af Eau de Cologne. Kemur þetta heim við glös þau, sem fundust í herbergi því, sem Skafti hafðist við í, þegar hann andaðist. Eitt vitni hefir þó eftir Skafta, að að hann hafi keypt tvö glös af Colgates after shave í verzluninni Frón mánudaginn þann 29. okt. 1934. Samkv. skýrslu ákærða Herskind hefir hárvatnið Eau de Cologne 87% innihald af methylalkóhóli og samkvæmt skýrslu efnarannsóknarstofu ríkisins gefur Colgates after shave nokkra svörun við prófun fyrir methylalkóhóli, en hinsvegar telur efnarannsóknastofan ekki til neins að reyna að ákveða magn þess í blönduninni. Um hárvatnið Colgates after shave er það upplýst, að það er tilbúið erlendis. Samkvæmt atvikum þeim, sem nú hafa rakin verið, þykir bera að líta svo á, að neyzla Skafta heitins af hárvötnunum Eau de Cologne og Colgates after shave hafi verið völd eða meðvöld áfengiseitrunar þeirrar, sem hann lézt af. Með skýrslu viðkomandi læknis, sem greind er í héraðsdóminum og öðrum atvikum málsins eru einnig fram komnar líkur fyrir því, að Jón heitinn Ásbjörnsson hafi látizt af áfengiseitrun. En héraðslæknirinn hefir ekki, eins og honum þó bar skylda til, framkvæmt krufningu á líki Jóns, né sent magainnihald hans til efnarannsóknarstofu ríkisins til efnagreiningar. Um áfengisneyzlu Jóns heitins rétt fyrir andlátið er það eitt vitað, að fjögur glös undan Eau de Cologne fundust í vistarveru hans, en um einungis eitt glas af síðastnefndu hárvatni er það sannað, að það var keypt næstu daga áður en hann lézt. Að athuguðum þessum atriðum getur ekki orðið lagt til grundvallar í málinu, að Jón heitinn hafi látizt af áfengiseitrun.

II. Ákærðir Axel Peter Christian Herskind og Stefán Thorarensen.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir, stóðu hinir ákærðu Herskind og Stefán fyrir því, að Efnagerð Reykjavíkur h/f tók að framleiða hárvötn og ilmvötn úr methylalkóhóli á árinu 1932. Ekki voru þá í lögum eða reglugerðum ákvæði, er bann legðu við því að nota methylalkóhól í hárvötn og ilmvötn, enda voru þá í umferð hér á landi erlend hárvötn, sem höfðu eitthvað af methylalkóhóli inni að halda, og samkvæmt yfirlýsingu Lyffræðingafélags Íslands var þá selt methylalkóhól í lyfjabúðum í handkaupum, án þess að á glösin væri sett önnur aðvörun en heitið methylalkóhól. Eftir að farið var að nota methylalkóhól í hárvötn og ilmvötn Efnagerðarinnar, létu hinir ákærðu Herskind og Stefán í varúðarskyni selja hárvötnin í svonefndum dropaglösum. Glösum þessum verður að hvolfa og þau verður að hrista til þess að ná úr þeim vökvanum. Blasir þá botn glasanna við, en á hann létu hinir ákærðu letra: „Lífshættulegt, ef drukkið er". Um aðrar aðvaranir af hálfu hinna ákærðu til kaupenda hárvatnanna er ekki sannað. Voru því næst hárvötn þessi og ilmvötn seld frá því á árinu 1932 og þangað til síðla í október 1934, án þess að mein hafi hlotizt, svo vitað sé, af notkun þeirra, fyrr en andlát þeirra Skafta og Jóns bar að höndum, enda var þá fyrst hreyft athugasemdum af hálfu stjórnvaldanna við sölu hárvatna og ilmvatna þessara. Samkv. þessu þykir ekki sannað í málinu, að notkun hárvatnanna og ilmvatnanna sé hættuleg, ef farið er með þau á tilætlaðan hátt, og verða hinir ákærðu Herskind og Stefán þessvegna ekki dæmdir fyrir brot gegn 292. gr. hegn-

ingarlaganna. Þá verður heldur ekki með tilvísun til framangreindra atriða talið, að hinir ákærðu Herskind og Stefán hafi vanrækt aðvörunarskyldu sína, þegar þeir hófu notkun methylalkóhóls við framleiðslu hárvatna og ilmvatna Efnagerðarinnar, og þykir þess vegna einnig bera að sýkna þá af ákæru fyrir brot gegn 200. gr. hegningarlaganna.

III. Ákærðir Ólafur Frímann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson.

Það er sannað, að ákærðir Ólafur Frímann og Jón Hallgrímsson hafa selt Skafta heitnum hvor sitt glasið af Eau de Éologne, án þess að upplýst sé, að þeir hafi vitað hvor um sölu hins til Skafta. Þá er og sannað, að ákærði Ólafur Frímann hefir selt Jóni heitnum Ásbjörnssyni eitt glas af Eau de Cologne. Þá eru, svo sem undir I. segir, nokkrar líkur fyrir því, að ákærði Ólafur Frímann hafi selt Skafta eitt til tvö glös af Colgates after shave, en ekkert er upplýst í málinu um það, að aðvörunarmiðar hafi verið á síðastnefndum glösum, né að ákærðum hafi verið kunnugt um, að Colgates after shave gæti verið hættulegt.

Af ástæðum þeim, er greinir undir II. um hina ákærðu Herskind og Stefán, þykir einnig bera að sýkna hina ókærðu Ólaf Frímann og Jón Hallgrímsson af ákæru fyrir brot gegn 292. gr. hegningarlaganna. Verður þá fyrir að athuga, hvort hinir ákærðu hafi brotið gegn 200. gr. hegningarlaganna með afhendingu hárvatns til Skafta heitins Árnasonar, en afhending hárvatns til Jóns heitins Ásbjörnssonar kemur í þessu sambandi ekki til álita, með því ekki verður gengið út frá, að dauði Jóns hafi orðið af völdum áfengiseitrunar. Með því að

ekki var af hálfu stjórnvaldanna lagt bann við sölu hárvatns þessa, þegar atvik málsins gerðust, með því ennfremur, að ekki er sannað, að Skafti heitinn hafi verið ölvaður, þegar hárvatnskaupin fóru fram, og með því loks, að Skafti hafði, að því er ætla verður, aðstöðu til að ganga úr skugga um, að hárvatnið Eau de Cologne væri óhæft til drykkjar, — en um mögulega hættu af Colgates after shave verður að telja, að þá hafi alveg verið óvíst —, þá þykir ekki fullyrðandi, að ákærðir Ólafur Frímann og Jón Hallgrímsson hafi framið í sambandi við afgreiðslu hárvatnanna slíka vanrækslu, að varða eigi þá refsingu eftir 200. gr. hegningarlaganna. Ber því að sýkna þá af ákæru réttvísinnar í málinu

Eftir þessum úrslitum verður að sýkna alla hina ákærðu af greiðslu sakarkostnaðar, og verður því að greiða hann úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun til talsmanns hinna ákærðu A. Herskind og Stefáns Thorarensen í héraði, sem ákveðast kr. 100.00, og málsvarnarlaun talsmanns í héraði hinna ákærðu Ólafs Frímanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar, sem ákveðast kr. 100.00, og ennfremur málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, kr. 200.00, og málflutningslaun annarsvegar verjanda ákærðu A. Herskind og Stefáns Thorarensen í hæstarétti, og hinsvegar verjanda Ólafs Frímanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar í hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Axel Peter Christian Herskind, Stefán Thorarensen, Ólafur Frímann

Sigurðsson og Jón Hallgrímsson, skulu vera sýknir af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði hinna ákærðu A. P. C. Herskind og Stefáns Thorarensen, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, kr. 100.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði hinna ákærðu Ólafs Frímanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 100.00, og ennfremur málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, kr. 200.00, og loks málflutningslaun annarsvegar skipaðs verjanda hinna ákærðu A. P. C. Herskind og Stefáns Thorarensen fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, og hinsvegar skipaðs verjanda ákærðu Ólafs Frímanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 150.00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

I.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn þeim Axel Peter Christian Herskind framkvæmdarstjóra, til heimilis á Laugavegi 16 hér í bæ, Stefáni lyfsala Thorarensen, til heimilis á Sóleyjargötu 11 hér í bæ, Ólafi Frímanni Sig-

urðssyni og Jóni Hallgrímssyni kaupmönnum, báðum til heimilis á Akranesi, fyrir brot á 17. og 29. kap. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Er aldur þeirra eins og hér segir:

Axel Peter Christian Herskind er fæddur 4. okt. 1896.
Stefán Thorarensen er fæddur 31. júlí 1891.
Ólafur Frímann Sigurðsson er fæddur 23. marz 1903.
Jón Hallgrímsson er fæddur 23. marz 1904.

Þeir Axel Herskind, Ólafur Frímann og Jón hafa ekki sætt refsingum fyrr, en Stefáni hefir verið refsað eins og hér er talið:

1923 $^{10}/_{1}$ Dómur hæstaréttar, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hinna almennu hegningarlaga.
1923 $^{24}/_{1}$ Dómur hæstaréttar, 100 króna sekt fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 88 1917, um notkun bifreiða.
1930 $^{7}/_{6}$ Réttarsætt, 5 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1930 $^{17}/_{11}$ Aðvörun fyrir brot gegn reglugerð um bifreiðastæði.
1930 $^{5}/_{12}$ Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.

II.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1934 andaðist Skafti Árnason frá Háuhjáleigu í Innri-Akranesshreppi að Reynivöllum á Akranesi kl. 8½ um morguninn. Hallgrímur Björnsson læknir, er sóttur var til hans, fékk þegar grun um, að áfengiseitrun væri banameinið, og tilkynnti því lögreglustjóra andlátið strax, er síðar gekkst fyrir því, að líkið væri krufið. Krufninguna framkvæmdi með Hallgrími Ólafur héraðslæknir, og segja þeir meðal annars svo í skýrslu sinni um hana:

Það, sem er mest áberandi pathólógiskt, er blóðfylling í kviðarholi og útþennsla hjartans, sem hvorutveggja bendir til, að um hjartalömun hafi verið að ræða. Hin mikla blóðfylling í þörmunum gæti bent til eitrunar gegn um meltingarfæri, og er þá líklegt, að rannsókn á magainnihaldi gæti leitt slíkt í ljós".

Magainnihaldið var síðan sent efnarannsóknarstofu ríkisins, er rannsakaði það og fann í því methylalkóhól.

„Var svörunin fyrir Methylalkóhóli mjög greinileg", seg-

ir forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar í vottorði um rannsóknina.

Um feril Skafta síðustu dagana áður en hann andaðist hefir Björg Gísladóttir, húsfreyja að Reynivöllum, borið þetta:

Skafti sál. var vanur að halda til hjá henni, þegar hann dvaldi á Akranesi. Mánudagskvöldið 29. okt. um kl. 6 kom hann heim til hennar og var þá nokkuð ölvaður, en þó ekki mikið. Var hann þá með hálftæmt glas af Colgates after shave og drakk upp úr því um kvöldið, en annað ekki. Á þriðjudagsmorgun vaknaði hann, eins og hann átti að sér, og virtist vera við fulla heilsu. Laust fyrir hádegi fór hann út og náði í glas af Eau de Cologne. Var hann að drekka úr glasinu út í kaffi þar heima fram til kl. 5 um daginn. Var hann þá búinn af glasinu, en sótti þá annað og hélt drykkjunni fram til um kl. 10, en fór þá að hátta. Átti hann þá eftir slatta á síðara glasinu. Á miðvikudagsmorguninn virtist hann enn ekki vera orðinn veikur og drakk nú það, sem eftir var af glasinu, til hádegis. Hafði hann þá ekki lyst á að borða, heldur lagði sig til svefns og svaf til kvölds. Vaknaði hann þá og var veikur. Um nóttina svaf hann lítið og hafði miklar þrautir síðari hluta nætur. Um morguninn var læknis vitjað, en hann fékk þá ekkert að gjört, og andaðist Skafti hálfri stundu eftir að læknirinn kom.

Eftir því, sem upplýst er, hefir Skafti heitinn verið kunnur drykkjumaður þar í þorpinu og að sögn vitnisins orðinn heilsubilaður vegna ofdrykkju.

Glösin voru síðar send lögreglustjóra, og reyndust Eau de Cologne glösin að vera frá h/f Efnagerð Reykjavíkur.

III.

Daginn eftir, föstudaginn 2. nóvember, kl. 2.10 fyrir hádegi, andaðist Jón Ásbjörnsson í Melshúsum á Akranesi.

Mánudaginn næstan áður hafði lögregluþjónninn á Akranesi, Axel Andrésson, mætt Jóni heitnum á götu í fylgd með Skafta, og voru þeir þá ódrukknir, að því er honum virtist. Daginn, sem Skafti lézt, frétti lögregluþjónninn, að Jón heitinn hefði verið ölvaður undanfarna daga, og fór því til bróður hans og bað hann að vitja Jóns, en hann bjó einn

í litlum kofa. Þegar bróðir Jóns kom til hans, var hann þegar orðinn veikur. Um kvöldið var Hallgrímur Björnsson læknir sóttur til hans og var yfir honum, þegar hann andaðist.

Í vottorði um dánarorsökina segir læknirinn m. a.:

„Þegar ég kom til Jóns, var hann orðinn mjög rænulítill, svaraði hann ekki, þótt á hann væri yrt, en tók sýnilega út miklar þrautir. Hann hljóðaði hástöfum og kastaði sér til og frá í rúminu og settist upp á milli. Hann var bláleitur í andliti og á höndum, kaldur og sveittur. Andardráttur erfiður. Púls var lítill, 86 slög á mínútu".

Ennfremur segir læknirinn:

„Því tel ég fullvíst, að hinn látni, Jón Ásbjörnsson, hafi dáið af eitrun, sem hann hafi fengið með því að drekka Eau de Cologne, bæði vegna hliðstæðs tilfellis daginn á undan og ótvíræðra eitrunareinkenna, sem ég sjálfur observeraði. Ég tel því ekki frekari rannsókn nauðsynlega í þessu tilfelli".

Krufning á líki Jóns heitins eða rannsókn á magainnihaldi hans hefir ekki verið látin fara fram.

Við rannsókn á íbúð Jóns heitins fundust 4 tóm glös undan Eau de Cologne frá Efnagerð Reykjavíkur, vandlega falin niður í kofforti, og ennfremur eitt tómt glas undan Icewater. Í herberginu fundust einnig nokkrar tómar flöskur undan Pilsner, ein tóm portvínsflaska og eitt glas, er brennsluspritt hafði verið á.

Eftir því, sem upplýst er um feril Jóns heitins dagana á undan, virðist hann hafa verið ölvaður í nokkra daga. Vitnið Þorgeir Jónsson hefir borið það og staðfest með eiði, að á mánudaginn hafi hann séð Skafta heitinn Árnason kaupa Colgates after shave í verzluninni Frón og drekka nokkuð af því. Um leið og vitnið skildi við Skafta, hitti hann Jón, og fóru þeir þá að talast við. Vitnið Gísli Eybert Edvaldsson rakari hefir borið, að sama dag hafi þeir báðir, ásamt þriðja manni, komið á rakarastofuna til sín og beðið hann að selja sér hárvatn. Voru þeir allir drukknir, og neitaði vitnið að selja þeim hárvatnið. Daginn eftir kom Jón einn til vitnisins og var þá einnig nokkuð ölvaður. Bað hann þá aftur um hárvatn, en vitnið neitaði því, sem fyrr. Á fimmtudaginn er upplýst, að Jón

heitinn var á fótum fram til hádegis og þá drukkinn. Lagðist hann þá til svefns og svaf til kl. 7 um kvöldið, en vaknaði þá og var orðinn fárveikur.

Jón heitinn var einrænn í háttum og kunnur í þorpinu fyrir drykkjuskap.

IV.

Ákærðir Ólafur Frímann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson reka í félagi verzlunina Frón á Akranesi og verzla m. a. með hreinlætisvörur, þ. á. m. hárvötn og ilmvötn, er þeir aðallega telja sig hafa fengið frá h/f Efnagerð Reykjavíkur og H. Ólafsson og Bernhöft, umboðsmönnum Colgatesvaranna.

Skömmu áður en umrædd mannslát urðu, var sölumaður Efnagerðarinnar, Jón Gíslason, á ferð á Akranesi, og pantaði þá ákærður Ólafur Frímann af honum nokkuð af ilm- og hársvatnsglösum, þar á meðal 6 stk. af Eau de Cologne.

Um sölu ákærða á Eau de Cologne til hinna látnu er þetta upplýst:

Ákærður Ólafur Frímann hefir viðurkennt að hafa á mánudag eða þriðjudag selt Skafta heitnum eitt glas af Eau de Cologne, og telur hann það vera síðasta glasið, sem eftir var. Kveðst ákærður ekki hafa getað greint það, að Skafti sál, hafi þá verið ölvaður eða öðru vísi en hann átti að sér að vera. Ákærður tók þó fram við Skafta, að innihaldið væri hættulegt til drykkjar, en það kveðst hann stundum hafa gjört við kaupendur í varúðarskyni.

Þá hafa vitnin Sigurður Bjarnason Sigurðsson og Sigurjón Guðjónsson borið það og staðfest með eiði, að þau hafi á þriðjudaginn séð ákærðan Ólaf selja Jóni Ásbjörnssyni annað glas af Eau de Cologne. Voru vitnin þá stödd í verzluninni og sáu, að Jón heitinn kom út úr skrifstofunni, ásamt ákærðum Ólafi, og drakk þá einn pilsner og fór síðan út. Var Jón heitinn að áliti vitnanna þá litið eitt ölvaður. Stundarkorni síðar kom Jón inn aftur og afhenti ákærður Ólafur Frímann honum þá ilmvatnsglasið. Atvik þetta hefir Ákærður Ólafur ekki talið sig muna um.

Ákærður Jón Hallgrímsson hefir viðurkennt að hafa selt Skafta heitnum annaðhvort á laugardag eða mánudag eitt glas af Eau de Cologne. Kveður hann, að sér hafi þá

virzt Skafti heitinn slæptur, svipað og eftir ölvun. Kveðst hann hafa spurt Skafta heitinn að því, hvort hann ætlaði að drekka þetta, en hann neitaði því, og lét ákærður það þá gott heita. En ákærður kveður það hafa verið vana sinn, þegar menn, er komið gat til mála, að drykkju ilmvötn, vildu kaupa þau, að spyrja um þetta.

Ákærðir hafa ekki getað gjört grein fyrir því, hverir hafi keypt hin glösin, en þau voru öll seld, er rannsókn málsins hófst. Heldur ekki hefir orðið upplýst, hvar þeir Jón heitinn og Skafti hafi keypt ilmvatnsglös þau, er hjá þeim fundust umfram það, er nú er rakið. En auk Eau de Cologne hafði verzlunin til sölu um þessar mundir bæði Colgates after shave og Icewater frá Efnagerðinni.

V.

Á miðju árið 1932 tók h/f Efnagerð Reykjavíkur að nota methylalkóhól í ilmvötn og hárvötn þau, er hún framleiddi, í stað ethylalkóhóls, er hún hafði áður notað. Var breytingin tekin upp í tilefni af því, að verksmiðjan var þá svift rétti til að nota ethylalkóhól í vörur sínar. Að þessari ráðstöfun stóðu ákærðir Stefán Thorarensen, sem formaður hlutafélagsins, og Axel Herskind, sem framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar, og tóku þeir ákvörðunina í sameiningu. Ekki var einkennum, umbúðum eða nöfnum varanna neitt breytt, þótt breytt væri til um efni, og viðskiftamönnum var ekki tilkynnt breytingin með bréfum. En á glösin var eftir þetta límdur miði, sem á stóðu orðin „Lífshættulegt, ef drukkið er".

Síðan tók Efnagerðin upp sérstaka tegund glasa, dropaglös. Var þá farið að líma aðvörunarmiðana á botn glasanna, og skýra ákærðu þá breytingu svo, að við það veki miðinn frekar eftirtekt, því til þess að ná úr glösunum þurfi að hrista þau, og snúi þá botninn upp.

Ákærður Stefán Thorarensen hefir haldið því fram, að þeir Herskind hafi boðið sölumanni félagsins, Jóni Gíslasyni, að skýra kaupendum frá því, að farið væri að nota methylalkóhól í vörurnar og benda þeim á aðvörunarmiðann. Hann hefir þó ekki getað munað, nær það samtal fór fram, hvort það var, þegar breytt var um efni eða þegar breytt var um glösin. Ákærður Axel Herskind hefir og ekki talið sig muna þetta. Jón Gíslason, sem leiddur

hefir verið sem vitni í málinu, hefir og ekki talið sig muna, hvort athygli sín hafi verið vakin á því, að skipt hafi verið um efni, en hefir aftur á móti borið það, að þegar dropaglösin voru tekin upp og farið var að líma miðana á botninn á glösunum, hafi Herskind falið sér að minna kaupendur á miðann, og það kveðst hann oft hafa gjört. Ákærður Ólafur Frímann, sem, eins og áður segir, keypti ilmvötnin af Jóni, hefir með öllu neitað því, að þetta hafi borizt í tal í það skiptið. Annar sölumaður félagsins, Þórólfur Ólafsson, er starfaði hjá því um tíma árið 1934, hefir aftur á móti borið það, að sér hafi ekki verið gjört kunnug efnasamsetning varanna eða verið falið að benda kaupendum á aðvörunarmiðann, enda kveðst hann ekki hafa gjört það.

Vörur þær, er tekið var að nota methylalkóhól í í stað ethylalkóhóls eru þessar; og er alkóhólmagnið tilgreint samkvæmt skýrslu ákærðs Axels Herskind:

Bayrum	62%
Eau de Cologne	87—
Eau de Quinin	71—
Ísvatn	38—
Hárelixír	74—

Vörurnar voru jafnan seldar á glösum 75—210 gr. að stærð, og voru Eau de Cologne glösin ca. 170—180 gr. Stöku sinnum voru þær þó seldar eftir máli til rakara, en jafnan var þó auðkenni á ílátinu og aðvörunarmiði.

Eftir að hætt var að nota ethylalkóhól, fór verksmiðjan að framleiða tvær nýjar tegundir, Egri með 90% methylalkóhól, selt á ca. 15—20 gr. glösum, og Orlana 90% methylalkóhól, selt á ca. 3 gr. glösum.

Jafnframt og mál þetta kom upp, fyrirskipaði ákærður Axel Herskind, að vörur þessar skyldu teknar úr umferð.

VI.

Með áðurgreindum vottorðum Hallgríms læknis Björnssonar, árangri krufningarinnar og rannsókn efnarannsóknarstofunnar verður að telja sannað, að þeir Skafti Árnason og Jón Ásbjörnsson hafi báðir andazt af áfengiseitrun. Samkvæmt álitsgjörð landlæknis, er liggur fyrir í rannsókn málsins, er methylalkóhól baneitrað, jafnvel í litlum skömmtum. Jafnframt er þess að gæta, að það „hrúgast upp

í líkömum manna, þannig að smáskammtar, sem hver út af fyrir sig nægja ekki til eitrunar-verkunar, geta við endurtekningu valdið hættulegum eitrunum". Verður þannig að telja, að Eau de Cologne það, sem sannað er, að þeir Skafti og Jón drukku og keypt var í verzlun ákærðu Jóns Hallgrímssonar og Ólafs Frímanns og framleitt af Efnagerð Reykjavíkur, hafi verið bein orsök til andláts þeirra.

Þótt Eau de Cologne og önnur ilmvötn séu ekki framleidd til drykkjar, þá er það notóriskt, að þeirra hefir verið þó nokkuð neytt af drykkjumönnum. Hefir það t. d. komið fram í dómum á undanförnum árum. Báðir ákærðir Jón Hallgrímsson og Ólafur Frímann hafa og borið, að þeim væri kunnugt um, að slíkt tíðkaðist á Akranesi, og ákærður Jón hefir sérstaklega skýrt frá því, að ilmvatnið Eau de Portugal væri þar drukkið af drykkjumönnum og kallað „galli".

Það verður að telja vítavert gáleysi hjá ákærðum Axel Herskind og Stefáni Thorarensen, að þeir skyldu breyta til um efnasamsetningu þessara vara frá venjulegum vínanda (ethylalkóhól) og yfir í methylalkóhól í jafnríku magni og upplýst er (87%), án þess að sjá fyrir því, að slík breyting væri auglýst almenningi á viðunandi hátt. Eftir sem áður láta þeir vörurnar ganga undir sömu nöfnum, breyta ekki umbúðum þeirra, skrifa ekki viðskiptamönnum sínum um breytinguna og auglýsa hana ekki í blöðum. Eina ráðstöfunin, sem þeir gjöra til þess að benda almenningi á hina auknu hættu við að neyta ilmvatnanna, er aðvörunarmiði sá, er áður er getið um, auk þess, sem sölumaður fyrirtækisins kann að hafa tjáð kaupendum þeim, er hann talaði við.

Hvorugur hinna ákærðu kaupmanna Ólafur Frímann eða Jón Hallgrímsson hefir talið sig hafa verið aðvaraðan um efnasamsetningu varanna eða eitrunaráhrif þau, er methylalkóhól hefir, og hafa heldur ekki kynnt sér það mál af sjálfsdáðun. Ákærður Ólafur hefir þó viðurkennt að hafa tekið eftir aðvörunarmiðunum á glösunum, en ákærður Jón hefir neitað að hafa veitt þeim eftirtekt eða hafa gjört sér grein fyrir, að ilmvötnin væru óhæf til drykkjar.

Báðir hinir látnu menn voru kunnir hinum ákærðu kaupmönnum að drykkjuskap, og lá auk þess orð á því, að þeir væru ekki vandir að drykkjarföngum. Það er og upp-

lýst, að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar þeir fengu glös þau, er sannað er, að þeir keyptu af ákærðum. Báðir voru þeir þannig í háttum, að kunnugir virðast hafa haft ástæðu til að efast um, að þeir mundu nota ilmvötn til snyrtingar sér. Verður því að telja það mjög gálauslega að farið af ákærðum að afgreiða ilmvatnið til þeirra undir þessum ástæðum, án þess að hafa kynnt sér drykkjarhæfi þess.

Samkvæmt framanröktu verður að áliti réttarins að telja ákærðu alla hafa gjörzt seka við 200. gr. almennra hegningarlaga með gálauslegum aðferðum við framleiðslu og afhendingu hinna eitruðu ilmvatna, svo mannsbanar hafa af hlotizt.

Jafnframt verður að telja þá ákærðu Axel Herskind og Stefán Thorarensen seka við 292. gr. almennra hegningarlaga 1. mgr. með því að nota hið hættulega methylalkóhól í ilmvötnin, er ætluð voru almenningi til sölu, þar sem vita mátti, að þau voru jafnframt eðlilegri notkun einnig notuð til drykkjar. Verður þá einnig að telja ákærðu Ólaf Frímann og Jón Hallgrímsson seka við 2. mgr. sömu gr. sbr. 3. mgr.

Refsing ákærðra hvers um sig þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

En með tilliti til málavaxta þykir mega ákveða refsingu þeirra skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærður Axel Herskind og Stefán Thorarensen in solidum 100 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Fjeldsted hrm.

Þeir Ólafur Frímann og Jón Hallgrímsson greiði in solidum kr. 100 í málsvarnarlaun til Jóns Ásbjörnssonar hrm., skipaðs talsmanns síns. Annar kostnaður málsins greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Á rannsókn málsins og dómsuppkvaðningu hefir orðið nokkur dráttur. Að því leyti, sem hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af önnum dómarans.

Föstudaginn 29. október 1937.

Nr. 17/1937. **Olgeir Vilhjálmsson f. h. Aðalstöðvarinnar** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Magnúsi Bjarnasyni
(Einar B. Guðmundsson).

Uppsagnarfrestur bílstöðvarafgreiðslumanns.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. febr. 1937: Stefndur, Olgeir Vilhjálmsson f. h. Aðalstöðvarinnar, greiði stefnandanum, Magnúsi Bjarnasyni, kr. 640,00 með 5% ársvöxtum frá 13. janúar 1937 til greiðsludags og kr. 120,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 1. marz þ. á., og gert þær dómkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, og að stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndur hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem getur í hinum áfrýjaða dómi, þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olgeir Vilhjálmsson f. h. Aðalstöðvarinnar, greiði stefnda, Magnúsi Bjarna-

syni, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 13. janúar 1937 af Magnúsi Bjarnasyni bifreiðaafgreiðslumanni, Bræðraborgarstíg 10 hér í bæ, gegn Olgeir Vilhjálmssyni, Barónstíg 43 hér í bænum, f. h. Aðalstöðvarinnar til greiðslu kr. 640,00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að sér verði tildæmdur málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að 28. apríl 1930 stofnaði stefnandi, ásamt öðrum manni hér í bænum, fólksflutningabifreiðastöð, er þeir nefndu Aðalstöðina. Sama ár seldi stefnandi nýstofnuðu hlutafélagi nafnið á stöðinni, og hélt það áfram rekstri hennar. Hlutafélag þetta var skrásett 31. desember 1930, og gerðist stefnandi þegar framkvæmdarstjóri þess og var það, unz félagið hætti rekstri sumarið 1933. Var félag þetta afskráð 31. desember 1933.

Áður en eiginleg félagsslit fóru fram, var annari bifreiðastöð falin afgreiðsla bifreiða þeirra, er á Aðalstöðinni höfðu verið, en margir bifreiðastjóranna voru óánægðir með þetta fyrirkomulag. Um áramótin 1933 og '34 tóku nokkrir bifreiðastjórar sig þessvegna saman og endurreistu stöðina og réðu stefnanda til sín sem framkvæmdastjóra 1. febrúar 1934 til óákveðins tíma.

Um áramótin 1934 og '35 tók stefndur í máli þessu við stöðinni og yfirfærðist því ráðningarsamningur stefnanda, sem þó starfaði áfram á stöðinni, á stefndan. Með bréfi dags. 28. nóv. 1936 sagði stefndur stefnanda upp starfi hans frá 1. jan. 1937 að telja. Í bréfi dags. 18. des. 1936 tjáði stefnandi stefndum, að hann myndi ekki sætta sig við svona stuttan uppsagnarfrest, þar eð hann teldi sig eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Skv. þessu bauðst stefnandi til að starfa í þjónustu stöðvarinnar til 1. marz 1937, enda væri stefnandi skyldur að greiða sér kaup til þess tíma, og myndi hann gera kaupkröfuna gildandi lögum samkvæmt, ef þessu tilboði hans yrði ekki tekið. Í bréfi

dags. 21. des. 1936 tjáði stefndur stefnanda, að hann héldi fast við fyrri uppsögn. Taldi hann eins mánaðar uppsagnarfrest nægilegan og hætti stefnandi því störfum hjá stefndum 1. jan. s. l.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að sér hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur, en hann hafi aðeins fengið greiðslu fyrir einn mánuð þess tíma. Ógreitt sé því fyrir tvo mánuði, eða samtals 640,00 kr., því að kaupið hafi verið kr. 250,00 á mánuði og auk þess hafi stefndandi sjálfur haft eina bifreið á stöðinni, en þau hlunindi eru aðiljar sammála um að telja 70.00 kr. virði á mánuði.

Stefndur byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að störf stefnanda hjá stefndum hafi ekki verið svo veigamikil, að hann hafi getað átt rétt á þriggja mánaðar uppsagnarfresti. Stefnandi hafi að eins verið aðstoðarmaður sinn á stöðinni, en hann hafi sjálfur verið sá eiginlegi afgreiðslumaður. Störf stefnanda hafi aðallega verið að skrifa reikninga upp úr kladda, sem haldinn hafi verið yfir bifreiðaferðir, sem ekki voru greiddar þegar í stað, og svo að innheimta þessa reikninga. Í þetta hafi fyrri helmingur hvers mánaðar gengið, en síðari hluta mánaðar hafi stefnandi verið sér til aðstoðar á stöðinni, og hafi þeir þá haft regluleg vaktaskipti. Þá telur stefndur stefnanda ekki hafa haft heimild til að taka aðrar ákvarðanir fyrir stöðina en þær, sem óhjákvæmilegt sé hverjum bifreiðaafgreiðslumanni. Enga óvenjuega hæfileika né menntun hafi þurft til þess að annast störf stefnanda, heldur að eins venjulega skriftarkunnáttu og heilbrigða skynsemi. — Af þessu telur stefndur leiða, að stefnandi hafi ekki átt rétt á meira en eins mánaðar uppsagnarfresti og vitnar því til stuðnings til hæstaréttardóms frá 3. nóv. 1933 í skyldu máli, og þar eð hann hafi fengið þann frest, eigi hann engar kröfum á hendur sér út af of skömmum uppsagnarfresti. —

Í málinu er upplýst, að stefnandi og stefndur unnu báðir við afgreiðslustörf á Aðalstöðinni, og virðast þeir hafa skipzt á um störfin á þann hátt, að annan daginn vann stefnandi frá kl. 7 f. h. til 12½ á hádegi og 7½ að kveldi til 1 á miðnætti, eða 11 tíma, en hinn daginn frá 12½ á hádegi til 7½ að kveldi, eða 7 tíma. Á varðtíma stefnanda var það í verkahring hans, að taka ákvarðanir um allar bifreiðaferðir,

semja um verð fyrir þær, skipta þeim á milli bifreiðastjóranna og hafa á hendi nauðsynlegt bókhald um ferðir þær, er farnar voru á þeim tíma, sem hann var við afgreiðslu, svo og um innieignir bifreiðastjóra hjá viðskiptamönnum. Innheimtu hefir stefnandi og haft á hendi fyrir stöðina, án þess að vel sé ljóst, hvernig því starfi hans hefir verið varið, en í flutningi málsins hefir umboðsmaður hans haldið því fram, án þess að því hafi verið hnekkt, að innheimtuna hafi stefnandi annast utan venjulegs vinnutíma. Þrátt fyrir nefndan hæstaréttardóm, sem laut að afgreiðslustarfi á vörubílastöð seint á árinu 1931, verður ekki talið, að nein venja sé til um lengd uppsagnarfrests í slíku vinnusambandi sem hér um ræðir. En þegar litið er á aðdraganda máls þessa og það, hversu störf stefnanda virðast hafa verið mikilvæg fyrir rekstur stöðvarinnar og jafnframt sjálfstæð, þótt stefndur væri að vísu yfirmaður hans, og þess, að föst venja verður að teljast hafa myndazt um það, að venjulegir verzlunar- og skrifstofumenn, sem að jafnaði ekki sinna ábyrgðarmeiri störfum en stefnandi gerði, eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, þá verður rétturinn að fallast á það með stefnanda, sem bauð fram vinnu sína, meðan fresturinn væri að líða, að hann eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, hafi hann ekki á neinn hátt fyrirgert honum, og verður það nú athugað.

Stefnandi verður að teljast hafa mótmælt uppsagnarfrestinum sem of stuttum á tilhlýðilegan hátt, sbr. áðurgreind bréf, enda er því ekki neitað af stefndum. Hinsvegar hefir stefndur til vara byggt sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi verið að undirbúa stofnun nýrrar bifreiðastöðvar, og hafi hann þannig óbeint unnið á móti stofnun þeirri, sem hann starfaði hjá. Þetta hafi heimilað sér að segja stefnanda upp fyrirvaralaust eða a. m. k. með minni fyrirvara en ella. — Stefnandi hefir játað, að hann hafi unnið að þessu, en telur það á engan hátt hafa valdið stefndum né atvinnu hans nokkru tjóni, og kveðst hann aldrei hafa leynt þessu fyrir stefndum. Þar sem stefndur hefir ekki sannað, að þessi ráðagerð stefnanda hafi á nokkurn hátt verið fyrirtæki því, sem hann vann hjá, til tjóns, og rétturinn verður að telja, að hér hafi að eins verið um eðlilega tilraun hjá stefnanda að ræða til að skapa sér betri lífsskilyrði, en alls ekki gert í þeim tilgangi, að

skaða fyrirtæki það, sem hann starfaði hjá, þá telur rétturinn hérgreinda ástæðu ekki geta haft þau áhrif, að heimilt hafi verið að segja stefnanda upp með minna en þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Skv. framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 120.

Föstudaginn 29. október 1937.

Nr. 60/1937. **Erlingur Þorkelsson f. h. eig. l/v. Eldborg** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Helga Pálssyni f. h. e/s Jarlinn (Sveinbjörn Jónsson).

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 3. maí 1937: Stefndur, Helgi Pálsson útgerðarmaður á Akureyri f. h. e/s Jarlinn, greiði stefnandanum, Birni Halldórssyni lögfræðing á Akureyri f. h. Erlings Þorkelssonar vegna eiganda Eldborgar, kr. 1000,00 plús kr. 40,00, eða kr. 1040,00, ásamt 5% af kr. 1000,00 frá 30. júní síðastl. til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 150,00.

Svo fær stefnandinn sjóveðrétt fyrir hinum tildæmdu kröfum í e/s Jarlinum.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. júní þ. á., hefir krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 5000,00 með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1936 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Loks hefir á-

frýjandi krafizt dómsviðurkenningar á sjóveðrétti í e/s Jarlinn E. A. 590 til tryggingar téðum dómkröfum sínum. Stefndur hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

E/s Jarlinn festi sig á grunni kl. 3.15 morguninn 30 júní 1936. Skömmu eftir kl. 18 sama dag bar l/v Eldborg að, og hafði Jarlinn þá staðið fastur á grunni fullar 15 klukkustundir, enda höfðu bæði tilraunir hans sjálfs og vélbátsins Huginn til að losa hann af grunni reynzt árangurslausar. Þótt ekki verði, eftir því sem fyrir liggur, talið óhugsandi, að Jarlinn hefði ef til vill getað losað sig af grunni á næsta morgunflóði, sem var kl. 7.20 næsta dag, þá gat allmikil hætta verið samfara stöðu hans á grunni svo lengi, ef vindur gengi til óhagstæðrar áttar. Var skipið því í nokkurri hættu statt, þótt ekki verði sagt, að hún hafi verið bráð eða alveg yfirvofandi, eftir því sem veðri var farið. Þykir því mega telja liðveizlu l/v Eldborg til handa e/s Jarlinn þá, er í máli þessu greinir, björgun, en af hálfu stefnda hefir kröfu áfrýjanda um hækkun á þóknun þeirri, sem dæmd var í héraði, verið mótmælt meðal annars með þeirri staðhæfingu, að l/v Eldborg hafi að eins veitt aðstoð sína til að losa Jarlinn af grunni, en ekki innt af hendi eiginlegt björgunarstarf.

E/s Jarlinn var virtur 27. febr. þ. á. á kr. 30000.00, og hefir ekki verið að þeirri virðingu fundið. En auk þess hafði skipið 12—15 smálestir af kolum, um 100 mál af síld, veiðarfæri og nótabáta innanborðs, er það festist á grunni. Eftir staðháttum og veðri verður þó ekki talið, að bátar eða veiðarfæri hafi verið í raunverulegri hættu, með því að vafalaust

má telja, að skipverjar hefðu auðveldlega bjargað þessum hlutum, ef á hefði þurft að halda. Þegar til greina eru tekin verðmæti þau, er til greina koma, er meta skal þóknun til handa l/v Eldborg, tíminn, sem björgunin tók, hversu lítil áhætta var henni samfara, og aðrar aðstæður, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 2000.00, er greiðist með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1936 til greiðsludags.

Eftir málavöxtum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda samtals 500 krónur í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Samkvæmt því, sem áður segir, og með skírskotun til 1. tölul. 236. gr. siglingalaganna, verður að dæma áfrýjanda sjóveðrétt í e/s Jarlinn E. A. 590 til tryggingar framangreindum kröfum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Pálsson f. h. e/s Jarlinn, greiði áfrýjanda, Erlingi Þorkelssyni f. h. eig. l/v Eldborg, 2000 krónur með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1936 til greiðsludags, og samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Svo skal áfrýjandi hafa sjóveðrétt í e/s Jarlinn E. A. 590 til tryggingar framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað Björn Halldórsson, lögfræðingur á Akureyri, f. h. Erlings Þorkelssonar f. h. eigenda Eldborgar m. b. 3, með stefnu dags. 10. febr. 1937 gegn Helga

Pálssyni, útgerðarmanni á Akureyri, f. h. e/s Jarlinn E. A. 590 til greiðslu á björgunarlaunum, að upphæð kr. 7000.00, ásamt 5% ársvöxtum af upphæðinni frá 30. júní síðastl. til greiðsludags, kostnaðar við löghaldsgerð kr. 82.50 og málskostnað, sem samkvæmt framlögðum reikningi er gerður kr. 437.00. Ennfremur krefst stefnandinn sjóveðréttar í Jarlinum E. A. 590 fyrir þessum kröfum.

Stefndur býðst til að greiða 500 kr., er hann hafi boðið, og enn mótmælir hann kröfunni að öðru leyti, einnig málskostnaðarkröfunni, og krefur hana færða niður til vara.

Atvik málsins eru þessi:

30. júní síðastl. kl. 3.15 f. h. strandaði Jarlinn um 300—400 metra fyrir utan Bakkabryggju á Siglufirði í svarta þoku. Veður var gott, er skipið strandaði, sléttur sjór og svo að segja logn. Skipinu tókst ekki sjálfu að losa sig af grunni. Sendi skipstjórinn bát til Siglufjarðar til þess að leita hjálpar.

Kom þá mótorbáturinn Huginn, en honum tókst eigi að ná skipinu af grunni, en hann lánaði Jarlinum vír þann, sem notaður var til að draga Jarlinn út með. Sent var skeyti til Ægis, en hann gat eigi komið. Þá var Geysir beðinn að koma til bjargar skipinu, og ætlaði hann að koma, þegar hann var búinn að landa á Siglufirði. Akkeri með 1 lið keðju og vír var lagt þvert út af framstafni skipsins, og rétt fyrir flóð var skipinu snúið þannig, að framstafninn vissi frá landi, og heldur skipstjórinn á Jarlinum því fram, að skipið hafi að eins staðið í hælinn. Þegar leið á daginn, líklega um 6 leytið, en það er ekki nefnt í prófunum, kemur Eldborg inn fjörðinn og ætlar að landa síld á Siglufirði. Jarlinn biður um aðstoð hennar. Virðist björgunin hafa farið fram á þá leið, að Eldborg tók vír frá Jarlinum og setti hann fastan um borð hjá sér og hífaði svo áfram á akkeriskeðju, sem hún hafði úti og tók áfram með vélinni. Jarlinn aðstoðaði á þann hátt, að hann hafði akkeri úti, sem hann hífaði áfram á, á sama tíma og Eldborg togaði. Þangað til Jarlinn var laus líða 3—5 mínútur. Töf Eldborgar var um ½ tíma að 3 kortér. Vottorð framlagt í réttinum sýnir, að Eldborg komst strax að á Siglufirði til að landa eftir að hún hafði dregið skipið út. Eldborg var í engri hættu vegna björgunarinnar. Skipstjórinn á Jarlinum segist hafa kallað til skipstjóra Eld-

borgar og spurt hann um, hvað mikið mundi verða tekið fyrir þetta, og svaraði hann þá: „Ætli það verði ekki lítið, komið þið yfir með virinn“. Sama segist Guðvarður Vilmundarson, stýrimaður á Jarlinum, hafa heyrt. En umboðsmaður stefnanda mótmælir þessum ummælum. Stefndur vekur og athygi á því til sönnunar því, að lítið hafi átt að taka fyrir björgunina, að sjóferðaskýrsla skipstjóra Eldborgar var tekin tæpum 3 mánuðum eftir að aðstoðin var veitt, og eiginleg krafa um greiðslu fyrir aðstoðina hafi fyrst komið rúmlega 6 mánuðum eftir að björgunin fór fram. Í munnlegu málfærslunni segir umboðsmaður stefnds, að Huginn hafi slitið vír þann, sem hann lánaði Jarlinum, en Jarlinn var síðar dreginn út með þeim vír, og dregur umboðsmaður stefnds þá ályktun af þessu, að Huginn hefði getað dregið Jarlinn út. Staðhæfing þessi kom fyrst fram eftir að umboðsmaður stefnandans hafði talað tvisvar, og hafði hann því ekki tækifæri til að mótmæla henni, og verður hún því ekki tekin til greina.

Umboðsmaður stefnds hefir í munnlegu málfærslunni gert svohljóðandi kröfur:

1. Björgunarlaun kr. 7000, eða til vara lægri upphæð.
2. 5% ársvexti af upphæðinni frá 30. júní 1936.
3. Kostnaður við löghald kr. 82.50 samkv. réttarskj. 4.
4. Málskostnaður samkv. reikningi kr. 437.00.
5. Matskostnaður kr. 40.00 skv. réttarskj. 11.
6. Sjóveðréttur í Jarlinum.

Stefndur eða umboðsmaður hans hefir mótmælt kröfunum að svo miklu leyti sem þær eru í ósamræmi við það, sem hann áður hefir haldið fram.

Rétturinn lítur svo á, að ummæli þau, sem vísað er í hér að framan: „Ætli það verði ekki lítið“ o. s. frv., séu ósönnuð. og því engir samningar fyrir hendi um björgunina. Hinsvegar lítur rétturinn svo á, að e/s Jarlinn hafi verið svo staddur, er Eldborg veitti aðstoð sína, að telja megi, að hér hafi verið um björgun að ræða, enda reyndi skipið að komast út af sjálfsdáðun, en það tókst eigi. Líkur eru að vísu færðar að því, að skipið hefði ef til vill getað komizt út af sjálfsdáðum, sbr. breytingar þær á stefnu skipsins, er gerðar voru af skipstjóra á því, en á þetta eru þó engar sannanir færðar. Þó verður ekki neitað, að veður hefði getað breytzt svo, að skipið hefði getað kom-

izt í nokkura hættu, en þá er á það að líta, að annað skip, Geysir, hafði gert tilboð um að koma til björgunar, ef Eldborg hefði eigi komið, og verður því ekki fallizt á það af réttinum, að Eldborg hafi bjargað skipinu frá nokkurri yfirvofandi hættu, enda veður gott og sumarblíða. Upplýst er, að Eldborg var ekki í neinni hættu vegna björgunarinnar og heldur ekki Jarlinn. Þá er og upplýst, að sjálf björgunin tók örfáar mínútur, og að töf Eldborgar var tæpur klukkutími. Þegar á allt þetta er litið, virðist björgunarkrafa sú, sem gerð var, of há, og þykir björgunin hæfilega metin á 1000 kr., og ber því að dæma stefnda til að greiða þá upphæð, ásamt 5% ársvöxtum frá 30. júní síðastl. til greiðsludags. Krafa um löghaldskostnað, kr. 82.50, verður ekki tekin til greina. Hinsvegar ber stefnda að bera kostnað á mati því, er framkvæmt var á skipi og farmi, kr. 40.00.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 150.00. Sjóveðrétt fær stefnandinn í Jarlinum fyrir hinum tildæmdu kröfum.

Föstudaginn 29. október 1937.

Nr. 72/1936. **Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjan Álafoss**

gegn

L. Fjeldsted f. h. C. F. Hagelin

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti í málinu og óskaði, að það yrði hafið. Stefndi, er var mættur og mætt hefir í málinu sex sinnum, samþykkti það og krafðizt ómaksbóta. Þessa kröfu ber að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjan Álafoss, greiði stefnda, L. Fjeld-

sted f. h. C. Hagelin, 60 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. október 1937.

Nr. 187/1936. **Pétur Sigurðsson f. h. Ágústs H. Péturssonar**

gegn

Soffíu Jónsdóttur

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Sigurðsson f. h. Ágústs H. Péturssonar, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 29. október 1937.

Nr. 74/1937. **Ásgeir Í. Ásgeirsson f. h. Ásgeirs M. Ásgeirssonar**

gegn

Sigurði Berndsen

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir Í. Ásgeirsson f. h. Ásgeirs M. Ásgeirssonar, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1937.

Nr. 104/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Karli Filippussyni
(Theódór B. Líndal).

Of hraður akstur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. júlí 1937: Kærði, Karl Filippusson, sæti 60 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Karl Filippusson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Theodórs B. Líndal, kr. 60.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Filippussyni, bifreiðarstjóra, til heimilis í Brautarholti, hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $^{19}/_{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{28}/_{3}$ Sætt 40 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1931 $^{18}/_{5}$ Sætt 30 kr. sekt fyrir brot gegn sömu lögum.
1931 $^{19}/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{16}/_{12}$ Dómur hæstaréttar 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928 og in solidum 25 kr. skaðabætur.
1932 $^{29}/_{11}$ Áminning fyrir ljósleysi á bifreið.
1934 $^{20}/_{9}$ Aðvörun fyrir lögreglubrot.
1935 $^{13}/_{9}$ Kærður af Guðmundi Daníelssyni fyrir að taka með valdi ökugjald af farþega. Látið eftir atvikum falla niður, með því að kærði tók ekki meira en honum bar fyrir akturinn og kærandinn féll frá öllum kröfum fyrir sitt leyti.

Klukkan 4 aðfaranótt hins 17. þ. m. kom Eggert Guðnason, þjónn á Hótel Borg, á lögreglustöðina og beiddist lögregluaðstoðar til að sækja Þóri Jónsson, þjón á e/s Brúarfossi, upp að Baldurshaga, en hann hafði verið skilinn þar eftir sökum ölvunar. Fór þá Jóhann Ólafsson lögregluþjónn með Eggert og öðrum manni í bifreiðinni R. 594, bifreiðarstjóri Einar Jónsson, áleiðis til að sækja Þóri. Inn við Elliðaár mættu þeir bifreiðinni R. 954, er kærði stýrði, og sýndist þeim Þórir vera í þeirri bifreið. Sneru þeir þá við og ætluðu að ná hinni bifreiðinni, en í því að þeir sneru við, jók hin bifreiðin ökuhraðann. Eltu þeir bifreiðina þar til þeir misstu sjónar af henni innst í bænum, en hittu hana síðar niðri í bæ, og var Þórir þá með henni.

Kærði hefir játað að hafa í umrætt skipti ekið á 50—55 km. hraða, miðað við klukkustund. Telur hann sig ekki hafa getað ekið hraðara vegna bilunar á bílnum, en hann hafði engan nothæfan hraðamæli í bílnum alla ferðina, og varð því að meta hraðann sjálfur, en eftir framburðum þeirra, er í bifreiðinni R. 594 voru, hefir hann ekið nokkru hraðara. Hafa þrjú vitni, sem í þeirri bifreið voru, borið, að þau hafi séð á hraðamæli þeirrar bifreiðar, sem samkvæmt vottorði bifreiðaeftirlits ríkisins verður að telja réttan, að hún ók á 60—65 og 70 km. hraða, miðað við klukkustund, og á þessari leið dró lítið eða ekkert saman með bifreiðunum. Þegar niður fyrir Tungu kom, og R. 594 þá enn var á sama hraða, misstu þeir, er í þeirri bifreið voru, sjónar af R. 954 efst á Laugaveginum, og má telja víst, að kærði hafi ekið yfir löglegan bæjarhraða eftir að inn í bæinn kom. Það verður ekki unnt að tiltaka nákvæmlega, hve hratt kærði ók í umrætt skipti, en telja verður sannað, að hann hafi ekið eitthvað hraðara en hann hefir játað.

Með hinum hraða akstri hefir kærði gerzt brotlegur við 6. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og með því að hafa ekki nothæfan hraðamæli í bifreiðinni hefir hann brotið 7. mgr. 6. gr. bifreiðalaganna, og þykir refsing hans, samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, hæfilega ákveðin 60 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1937.

Nr. 37/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
William Mogg (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur Lögregluréttar Reykjavíkur 28. febrúar 1936: Kærður, William Mogg, greiði 20400 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Leicester City G. Y. 106, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Skipherrann á varðskipinu Ægi skýrir svo frá í skýrslu sinni til héraðsdómarans, að varðskipið hafi verið statt út af Stafnesi á suðurleið og 0.6 sjómílur innan landhelgi kl. 12.08 þann 25. febrúar 1936. En miðað við, að skipið hafi þá verið þar, og stefnu þess frá þeim tíma og til kl. 12.36 sama dag, fyrst í r/v 185° til kl. 12.12 og síðan í r/v 175°, þá hljóti togari kærða, Leicester City, sem allan eða mestallan þann tíma hafi sézt framundan til bakborða frá varðskipinu, að hafa verið innan landhelgi. Stað varðskipsins kl. 12.08 kveður skipherrann vera ákveðinn með leiðarreikningi skipsins, en upplýst er, að staðarákvörðun var þá ekki unnt að gera með hornmælingum né áttavitamiðunum til lands, sökum dimmviðris. Útskrift af leiðarreikningnum hefir ekki verið lögð fram í málinu, en hann virðist á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafa verið miðaður við fjarlægðar-

athugun, sem 2. stýrimaður varðskipsins hafði gert með fjögurra strika miðun út af Garðskaga og síðan eftir siglingastefnunni, vegmæli og loks miðun til Stafnesvita kl. 12.08, sem einnig var gerð af 2. stýrimanni. Staðarákvörðun, gerð með framanskráðum hætti, getur ekki talizt það áreiðanleg, að unnt sé að ganga að því vísu, að varðskipið hafi verið statt innan landhelgi kl. 12.08 umræddan dag. En af því leiðir, að þótt togari kærða sæist eftir það frá varðskipinu framundan til bakborða, þá verður ekki dregin sú ályktun af því, að togarinn hafi hlotið að vera innan landhelgi á þeim tíma.

Varðskipið hafði stöðvað togarann til fulls kl. 12.46, og kl. 12.52 var dufl sett út rétt framan við hann á 108 metra dýpi. Kl. 13.03 sama dag og kl. 8.44 morguninn eftir voru gerðar staðarákvarðanir þær við duflið, sem nánar er greint frá í hinum áfrýjaða dómi. Hefir staður duflsins samkvæmt mælingum þessum verið markaður á kort af skólastjórum stýrimannaskólans í Reykjavík, fyrrverandi og núverandi, hvorum í sínu lagi, og staðfesta markanir þeirra þá niðurstöðu skipherrans á Ægi, að duflið hafi verið, samkvæmt mælingunni kl. 8.44, sem sökum mælingaraðferða og mælingarskilyrða verður að telja áreiðanlegri en fyrri mælinguna, 0.2 sjómílur utan landhelgi. En þar sem gera verður ráð fyrir því, að duflstrengurinn hafi verið hafður það langur á því dýpi, sem þarna var, að duflið hafi getað borizt undan vindi nálægt 0.1 sjóm. frá þeim stað, þar sem duflakkerið var látið falla, og þar sem upplýst er, að vestanátt var á, þá verður að telja stað þann, sem togarinn var stöðvaður á, hafa verið nokkru utar en stað duflsins samkvæmt nefndri mælingu, eða nálægt 0.3 sjóm. utan landhelgi. Hinsvegar verður ekki

gert ráð fyrir því, að togarinn hafi borizt í áttina til lands, svo nokkru nemi, þær sex mínútur, sem liðu frá því að hann var stöðvaður til fulls og þangað til duflið var sett út, því á þeim tíma hafði hann enn ekki dregið vörpuna úr botni.

Það er upplýst, að togarinn hafði siglt stefnu út frá landi í 10 mínútur, áður en hann var stöðvaður til fulls, eða frá kl. 12.36 til kl. 12.46. Um siglingahraða hans á þessum tíma er ekkert sannað í málinu. Þar sem svo stendur á, og með tilliti til þess, að togarinn hafði vörpu úti og átti að nokkru móti allhvössu veðri að sækja og í stórsjó, þá þykir óvarlegt að ætla honum meiri hraða en 2 sjóm. á klukkustund, eða 0.33 sjóm. á umræddum 10 mínútum. Eftir þessu ætti togarinn að vísu að hafa verið lítið eitt innan landhelgislínunnar, eða um 0.03 sjóm., kl. 12.36, er hann beygði út frá landi. En þar sem svo litlu munar, og ekki er fullvíst, að togarinn hafi fylgt beinustu línu út frá landi, þá þykir varhugavert að telja það fullsannað, að kærður hafi verið að veiðum innan landhelgi í umrætt skipti. Þykir því verða að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 150 krónur til hvors.

Mál þetta hefir verið alllengi í höndum verjanda, en telja má, að hann hafi réttlætt þann drátt nægilega.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, William Mogg, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og á upptekt

afla og veiðarfæra í skipi hans, Leicester City G. Y. 106, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn William Mogg, skipstjóra á togaranum Leicester City G. Y. 106, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, 39 ára að aldri. Hann hefir ekki, svo kunnugt sé, sætt áður ákæru eða refsingu.

Hinn 25. þ. m. var varðskipið Ægir á leið frá Garðskaga til Reykjaness. Kl. 12.08 miðaðist Stafnesviti í r/v 94°, vegmælir 97.1, og var varðskipið þá samkvæmt leiðarreikningi um 0.6 sjómílur innan landhelgislínunnar. Varðskipið stýrði þaðan r/v 185° þar til kl. 12.12 og hafði þá farið 0.7 sjómílur. Voru þá tveir togarar bakborðsmegin við stefnu skipsins, og var henni því breytt og stýrt r/v 175°, og var þá togari sá, er fjær var og síðar reyndist vera Leicester City G. Y. 106, enn þá bakborðsmegin við stefnu varðskipsins og stýrði beint á undan því. Kl. 12.36 var varðskipið komið það nærri togaranum, að það gaf honum stöðvunarmerki bæði með flautunni og eins með flöggum. Samtímis og stöðvunarmerkið var gefið sneri togarinn þvert frá landi.

Varðskipið skaut nú 6 skotum að togaranum, hinu síðasta kl. 12.46. Gaf þá togarinn merki með flautunni og byrjaði að draga inn stjórnborðsvörpuna. Kl. 12.43 var vegmælir varðskipsins dreginn inn og sýndi 103.3 sjómílur.

Kl. 12.52 lét varðskipið bauju út rétt fyrir framan togarann, og var samtímis mælt 108 faðma dýpi.

Kl. 13.03 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við

baujuna. Þúfan á Hafnarbergi miðaðist í r/v 75°. Hornið milli þúfunnar og Karls mældist 57°. Gefur það stað baujunnar 0.1—0.2 sjómílur utan landhelgislínunnar.

Þar sem önnur línan í staðarákvörðun þessari var, sakir dimmviðris, byggð á miðun eftir kompás, gerði skipherra morguninn eftir kr. 08.45 aðra staðarákvörðun við baujuna, þannig:

Þórðarfell
$> 45°57'$
Reykjanes (aðalviti)
$> 69°12'$
Eldey (útkantur)

Dýpi 105 metrar, og gefur það stað baujunnar 0.2 sjómílur utan landhelgislínu eða nokkru utar en áður.

Þegar varðskipið hafði stöðvað togarann, sendi það bát um borð í hann eftir skipstjóra, kærðum í þessu máli. Kærður neitaði þá að fara um borð í varðskipið, neitaði að afhenda pappíra skipsins og sagði rangt til um nafn sitt.

Kærður hefir fyrir réttinum eindregið neitað því að hafa verið að toga innan landhelgi í umrætt skipti. Hann kvaðst hafa verið kominn til landsins fyrir nálægt sólarhring síðan og hafa verið að fiska á þessum slóðum. Þegar hann kastaði vörpunni síðast nálægt 1½ klst. áður en varðskipið tók hann, kveðst hann hafa gert miðun, sem mörkuð hefir verið á sjókort það, er fram var lagt í réttinum, og hefir hann samkvæmt því verið í nálægt 1½ sjómílu fjarlægð frá landhelgislínunni. Kveðst hann síðan hafa stýrt í SV t S og gert aðra staðarákvörðun, þegar baujunni var kastað út, er einnig sýndi svipaða fjarlægð frá landhelgislínunni. Kærður hefir þó ekki vefengt miðun varðskipsins út af fyrir sig, en hefir ekki getað skýrt, hvernig á því standi, að miðununum beri ekki saman, með öðru en því, að baujuna kunni að hafa rekið nær landi, en vestanvindur var á og aðlandsstraumur, að því er hann telur.

Miðanir þær, er kærður hafði þannig tekið, hafði hann markað á sjókort sitt, er hann sýndi í réttinum, og voru þær samkvæmt því settar á sjókort réttarins. Jafnframt bar hann það í réttinum, að miðunin við baujuna hefði verið tekin við Karl í Reykjanes, en er sú miðun var færð

út í sjókortið, reyndist hún vara nálægt ½ sjómílu nær landi en staður sá, er kærður sjálfur hafði markað á kortið.

Þá véfengdi kærður uppdrátt skipherra af siglingaleið varðskipsins, og var því samkvæmt kröfu hans Páll Halldórsson, skólastjóri stýrimannaskólans, fenginn til að marka að nýju á sjókort siglingaleiðina og stað baujunnar, er kom heim við uppdrátt skipherra.

Skipverjar á varðskipinu, er leiddir hafa verið sem vitni í málinu, hafa allir staðfest framangreinda skýrslu skipherra, að því leyti er þeir hafa getað um málið borið, og hafa eiðfest framburð sinn. Magnús Björnsson 2. stýrimaður, er var á vakt um þetta leyti, telur sig þannig hafa orðið varan við togarann kl. 12.08, og hafi hann þá verið bakborðsmegin við varðskipið, og hafi það haldizt eftir að varðskipið breytti stefnu og allt þar til stöðvunarmerkið var gefið, en þá breytti togarinn stefnu og stefndi beint frá landi. Hið sama hefir Sveinbjörn Sighvatsson háseti, sem var við stýrið, borið. Guðmundur Guðjónsson 1. stýrimaður hefir borið, að þegar hann kom upp á brúna eftir að farið var að skjóta aðvörunarskotum að togaranum, hafi togarinn stefnt þvert frá landi. 3. stýrimaður varðskipsins, Haraldur Björnsson, er kom upp, þegar verið var að draga stöðvunarmerkið upp, ber það einnig, að togarinn hafi þá verið snúinn frá landi og haldið út.

Með vitnaframburði þessum verður að telja sannað, að togarinn hafi haldið sig innan við stefnu varðskipsins alt frá því, að honum var veitt eftirtekt og þar til hann breytir um stefnu, og heldur þvert frá landi í þann mund, að varðskipið gaf aðvörunarmerkin kl. 12.36. Og með því að ekkert hefir komið fram, er véfengt getur skýrslu skipherra um stað varðskipsins kl. 12.08 eða stefnu þess síðar, verður að telja sannað, þrátt fyrir neitun kærðs, að hann hafi svo lengi sem honum var veitt eftirtekt verið að toga innan landhelgi, þótt staður sá, er togarinn var stöðvaður á, hafi verið rétt utan landhelgislínunnar.

Brot kærðs varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Þykir refsing hans með tilliti til núverandi gullgengis krónunnar hæfilega ákveðin 20400 króna sekt til landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki

greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum, skal upptækt gert til sama sjóðs. Kærður greiði einnig allan kostnað málsins.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Mánudaginn 8. nóvember 1937.

Nr. 88/1937. **Réttvísin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Emanúel Inga Bjarna Sófusi Blomsterberg (Stefán Jóh. Stefánsson).

Árás á lögreglumenn.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. júní 1937: Ákærður, Emanúel Ingi Bjarni Sofus Blomsterberg, sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með þeirri athugasemd, að misferli ákærða varðar við 101. gr. sbr. að nokkru 53. gr., 102. gr. og 109. gr. 2. mgr. sbr. 46. gr. og 53. gr., hegningarlaganna, þykir mega fallast á forsendur hins áfrýjaða dóms, og ber því að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Ákærður, Emanúel Ingi Bjarni Sófus Blomst-

erberg, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 60.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Emanúel Inga Bjarna Sófusi Blomsterberg verkamanni, til heimilis á Leifsgötu 32 hér í bænum, fyrir brot gegn 12. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. febrúar 1917, og hefir ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardagskvöldið 22. þ. m. var haldin dansskemmtun í tjaldi á Álafossi, og voru þar tveir einkennisbúnir lögregluþjónar, þeir Pálmi Jónsson og Auðunn Sigurðsson, til að halda uppi reglu. Kl. rúmlega eitt eftir miðnætti gerðist einn samkomugestanna, Ólafur Þórðarson að nafni, mjög ölvaður inni í danstjaldinu, svo að lögregluþjónarnir urðu að skerast í leikinn og voru á góðum vegi með að fá hann með góðu til að fara út, þegar margir viðstaddir tóku að hvetja Ólaf til að verja sig, og ennfremur var lögreglan barin og reynt að varna henni að flytja Ólaf út. Hverir þetta gerðu, hafa lögregluþjónarnir ekki getað upplýst, og hefir það ekki orðið upplýst á annan hátt.

Eftir nokkrar stimpingar tókst öðrum lögregluþjóninum að ryðja braut til tjalddyranna, og bar hinn Ólaf í fanginu á eftir út. Meðan lögregluþjónninn var að ryðja braut til dyranna tók hann fyrst sérstaklega eftir ákærðum, þar sem hann gekk mjög nærri lögregluþjónunum og hrópaði til viðstaddra, sem næst þessi orð: „Takið hann af þeim. Berjað þið þá, bölvaða hundana," og margendurtók hann þessi orð og þvílík.

Eftir að út úr tjaldinu kom, elti þvagan þá að bifreið-

inni, sem þeir ætluðu að flytja Ólaf í til Reykjavíkur, og var ákærði þar næstur lögregluþjónunum og hrópaði samskonar eggjunarorð til viðstaddra og hann hafði gert inni í tjaldinu.

Þvagan þyrptist kringum bifreiðina, og var það ekki fyrr en bifreiðarstjórinn hafði sýnt, að hann væri ráðinn í að aka áfram, að hún vék til hliðar, svo að bifreiðin gat ekið leiðar sinnar. Þegar lögregluþjónarnir komu aftur frá Reykjavík að Álafossi, óð ákærður á móti þeim og spurði Pálma Jónsson, hvað það hefði átt að þýða að slá sig áðan, og mun kylfa Pálma hafa þá lent á honum. Eyddu lögregluþjónarnir þá engum orðum við ákærðan, heldur fluttu hann í varðhald til Reykjavíkur.

Ætlun lögregluþjónanna, þegar þeir komu aftur að Álafossi frá því að flytja Ólaf í varðhald, var að handtaka þá, er að þeim höfðu veizt, en þá voru þeir allir horfnir, nema ákærður, og hefir ekki orðið upplýst um, hverir að þeim veittust aðrir en ákærður. Af framburðum vitna er ekki annað upplýst um þátttöku ákærðs í aðsúg þessum að lögreglunni heldur en að framan er lýst.

Ákærður hefir hinsvegar játað, að hann hafi bæði eggjað menn til að losa Ólaf úr höndum lögreglunnar og sjálfur ráðizt á lögregluna, en hann hefir sagzt ekki geta útskýrt þetta brot sitt nánar, sökum þess, hve lítið hann muni frá atburðum þessum, þar sem hann hafi, þegar þeir gerðust, verið mjög ölvaður. Með atferli sínu, sem lýst hefir verið hér að framan, þykir ákærður hafa gerzt brotlegur gegn 101. sbr. sumpart 53. gr. og 102. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Hann ber og að dæma til að greiða allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað. Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 8. nóvember 1937.

Nr. 27/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Thomas William Norris
(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. marz 1937: Kærður, Thomas William Norris, greiði 20600.00 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afpláni kærður hana í 8 mánaða einföldu fangelsi.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Favorita G. Y. 1039 sé upptækt, og renni andvirðið til landhelgisjóðs Íslands.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns, Th. B. Líndals hrm., kr. 100.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, mældist staður dufls þess, er út var sett frá varðbátnum Gaut á tökustað togarans Favorita þann 4. marz þ. á., vera 0.7 sjóm. innan landhelgislínu. Aðstæður til miðana og mælinga voru góðar. Áttavitamiðanir kærða, er gáfu innbyrðis ósamrímanlegar niðurstöður, geta ekki hnekkt niðurstöðu varðbátsmannanna. Kærði kveðst hafa siglt frá tökustaðnum til lands, og hafi sú leið reynzt rétt yfir 3 sjóm. Engin gæzla var á aflestri leiðarmælis togarans af hálfu varðbátsins né heldur á því, hvort togarinn sigldi beina línu eða ekki. Þessi tilraun kærða til að afsanna niðurstöðu varðbátsmanna verður því ekki heldur talin skipta máli. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með

framangreindum athugasemdum, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 7 mánuðir.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150,00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 7 mánuðir.

Kærði, Thomas William Norris, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Thomas William Norris, skipstjóra á togaranum Favorita G. Y. 1039, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924.

Í fyrrakvöld kl. 23.44 kom varðskipið Gautur að togaranum Favorita, þar sem verið var að draga inn botnvörpuna, og var í henni lifandi fiskur. Setti varðskipið út ljósbauju við hlið togarans, og var gerð við hana eftirfarandi staðarákvörðun:

Garðskagaviti
> 35° 35′
Stafnessviti

Reykjanessviti
> 93° 22′

Í birtingu í gærmorgun kl. 7.20 var aftur gerð staðarákvörðun við baujuna:

Garðskagaviti
> 35° 30′
Stafnessviti
> 92° 50′
Reykjanessviti

Dýpi var 84 metrar.

Báðar þessar staðarákvarðanir gefa stað baujunnar 0.7 sjómílur innan landhelgislínu.

Ákærður hefir viðurkennt það að hafa verið að toga á þessum slóðum um daginn og draga inn vörpuna, þegar varðskipið kom að honum. Hann hefir og talið, að baujan, sem sett var út við hlið togarans, hafi ekki getað færzt úr stað svo neinu nemi, sem máli skipti, en staðarákvörðun, varðskipsherrans hefir hann eindregið mótmælt og talið baujuna hafa verið utan landhelgislínunnar.

Kærður kveðst sjálfur hafa mælt stað baujunnar með kompás og gert eftirfarandi staðarákvörðun:

Útskálar NA til A ½ A
Stafnes A ½ S
Karl Rock S ¼ V
Gaut Rock SV til S

og gefi hún stað baujunnar nálægt ⅕ úr mílu utan landhelgi.

Kærður var í réttinum látinn setja út á sjókort stað baujunnar samkvæmt þessum miðunum, og komu þá fram þrír mismunandi staðir, en allir þó utan landhelgislínunnar. Skýrði kærður það með því, að kompásinn hefði hreyfzt, meðan hann tók miðanirnar, sakir veltu skipsins.

Jafnframt því að taka þessar miðanir loggaði hann til lands, og reyndist fjarlægðin samkvæmt því rétt yfir 3 mílur.

Að áliti réttarins verður ekki talið, að kompásmiðanir kærðs, eins og þeim nú hefir verið lýst, geti í neinu orðið til véfengingar staðarákvörðun skipherra varðskipsins, og verður því að telja sannað, að togarinn hafi verið innan landhelgi, þegar varðskipið kom að honum, eins og áður er lýst.

Samkvæmt þessu hefir kærður gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Þykir refsing hans, sem ekki hefir,

svo kunnugt sé, fyrr orðið sekur við landhelgislöggjöfina, hæfilega ákveðin með tilliti til núverandi gullgildis krónunnar 20600.00 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 8 mánuði. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Favorita G. Y. 1039, skal upptækt gert til sama sjóðs. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns Th. B. Líndals hrm., er ákveðast kr. 100.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1937.

Nr. 105/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóni Gunnari Jónssyni og Jóni Guðlaugssyni (Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. júní 1937: Kærði Gunnar Jónsson sæti 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Hann greiði og 3500 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 90 daga.

Kærði Jón Guðlaugsson greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði Gunnar Jónsson málsvarnarlaun, kr. 35.00, til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar cand. jur.

Að öðru leyti ber hinum kærðu að greiða kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir kærðu í máli þessu hafa báðir gerzt sekir um verknað þann, er í lögum nr. 35 1935 15. gr. segir, eins og talið er í hinum áfrýjaða dómi. Þykir refsing kærða Jóns Gunnars Jónssonar hæfilega ákveðin samkvæmt 1. og 2. málsgr. 33. gr. sömu laga 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 70 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og refsing kærða Jóns Guðlaugssonar 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 18 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta.

Eftir þessum málalokum verður að dæma hina kærðu til þess að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Jón Gunnar Jónsson sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 70 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði Jón Guðlaugsson greiði 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 18 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Hinir kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Classen, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gunnari Jónssyni verkamanni, Hverfisgötu 76 B hér í bænum, og Jóni Guðlaugssyni fisksala, Bergstaðastræti 8 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935.

Kærði Gunnar Jónsson er fæddur 4. desember 1896 og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

1918 $^{1}/_{8}$ Sætt 300 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum.
1922 $^{2}/_{5}$ Sætt 150 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalöglögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1922 $^{2}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 króna sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1922 $^{7}/_{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.
1927 $^{2}/_{7}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{2}/_{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 króna sekt og sviftur leyfi til að stýra bifreið í 10 mánuði fyrir brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum.
1933 $^{2}/_{6}$ Sætt 10 króna sekt fyrir brot gegn umferðareglum.
1934 $^{2}/_{3}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 króna sekt og sviftur æfilangt leyfi til að stýra bifreið fyrir ölvun við bifreiðaakstur.
1935 $^{1}/_{7}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{1}/_{10}$ Kærður af Valdimar Jónssyni fyrir rúðubrot. Greiddar skaðabætur.
1936 $^{2}/_{5}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2000 króna

sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

Kærði Jón Guðlaugsson er fæddur 7. júní 1903 og hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu.

Með eigin játningu kærða Gunnars er það sannað, að frá því að hann kom af vinnuhælinu á Litla-Hrauni í Árnessýslu 22. október f. á. hefir hann fengizt við áfengissölu. Hann hefir selt áfengi mest um helgar og hefir álagningin verið 3 krónur á flöskuna. Mánaðartekjur hans af áfengissölu hafa verið í kringum 200 krónur, en alls hafa tekjur kærða verið frá 200—300 krónur á mánuði. Aðaltekjur hans hafa sem sagt verið af áfengissölu.

Þá er það sannað í máli þessu, að kærði Jón Guðlaugsson hefir frá því síðastliðið haust keypt í áfengisverzluninni fyrir sína peninga og látið af hendi við kærða Gunnar Jónsson að jafnaði 15 heilflöskur af áfengi á viku gegn 50 aura endurgjaldi fyrir hverja flösku. Kærði Jón hefir haldið því fram hér fyrir réttinum, að hann hafi byrjað á þessu fyrir tilmæli Gunnars, og getur það samrímzt því, sem á annan hátt er upplýst um það atriði.

Framangreint brot kærða Gunnars varðar við 15. sbr. 1. og 2. málsgr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33/1935, og þykir refsing hans, bæði með tilliti til ítrekunar brotsins og að kærði hefir haft aðaltekjur sínar af áfengissölu, hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og 3500 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 90 daga.

Ofangreint brot kærða Jóns Guðlaugssonar varðar við 15 sbr. 1. málsgr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33/1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í hennar stað einfalt fangelsi í 30 daga, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði Gunnar 35 króna málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Sigurðar Ólasonar.

Að öðru leyti ber að dæma hina kærðu til að greiða kostnað sakarinnar in solidum.

Dráttur sá, sem orðið hefir á máli þessu, stafar af annríki dómarans.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1937.

Nr. 183/1936. **Sparisjóður Svarfdæla**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hreppsnefnd Árskógshrepps f. h. hreppsins (Theodór B. Lindal).

Ábyrgð hreppsfélags á láni.

Dómur gestaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 26. sept. 1936: Stefnd hreppsnefnd Árskógshrepps á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Jóns Sveinssonar lögfræðings fyrir hönd Sparisjóðs Svarfdæla.
Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu útgefinni 27. nóvember f. á. og gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1392.80 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, auk 1% dráttarvaxta af sömu upphæð frá sama tíma eða til vara frá 30. nóv. 1935 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir af sinni hálfu gert þær réttarkröfur, aðallega: að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara: að hann verði sýknaður að svo stöddu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Árið 1919 tók Árskógshreppur hinn forni lán hjá áfrýjanda, að upphæð 5000 krónur, og gaf út fyrir því skuldabréf, dags. 31. des. sama ár. Í vexti af skuldinni átti hreppurinn að greiða 6%, og skyldu þeir lúkast fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert fyrir

almanaksár það, sem þá var að líða. Ef vanskil yrðu á vaxtagreiðslu, skyldi lántaki greiða dráttarvexti, ¼% af vaxtaupphæð þeirri, sem fallin er í gjalddaga, fyrir dag hvern, sem greiðsla dregst. Engin ákvæði eru í bréfinu um afborganir höfuðstólsins, en lánsala og lántaka er heimilt, hvorum um sig, að segja láninu upp með 4 mánaða fyrirvara.

Með bréfi atvinnumálaráðuneytisins, dags. 24. maí 1930, var hinum forna Árskógashreppi skipt í tvö sveitarfélög, Árskógshrepp og Hríseyjarhrepp. Er sú skipun gerð á í bréfinu, að öllum þeim skuldbindingum sveitarsjóðsins, sem ekki eru sett um sérstök fyrirmæli, skuli skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Hríseyjarhrepps komi ⅔ hlutar, en í hlut Árskógshrepps ⅓ hluti. Þegar skipti þessi voru gerð, námu eftirstöðvar ofangreindrar skuldar hins forna Árskógshrepps við áfrýjanda kr. 2150.00. Náði hin almenna regla ráðuneytisbréfsins, sem fyrr er nefnd, um skiptingu skuldbindinga milli nýju hreppanna, til þessarar skuldar. Bar þeim því, hvorum gagnvart öðrum, að greiða hana í ofangreindum hlutföllum.

Í árslok 1934 var oftnefnd skuld að eftirstöðvum kr. 1392.80. Síðan hefir ekkert verið greitt af henni og ekki verið gerð skil á vöxtum þeim, sem í gjalddaga féllu árið 1935 og síðar. Höfðaði áfrýjandi þá mál þetta í héraði gegn stefnda, og lauk því þar með sýknudómi þeim, sem nú hefir verið áfrýjað hingað til réttarins.

Stefndi hefir hér fyrir rétti, eins og í héraði, borið það fyrir sig og gert að aðalvarnarástæðu sinni, að við skiptingu hins forna Árskógshrepps og samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins hafi skuldin skipzt á hina nýju hreppa í fyrrnefndum

hlutföllum, og hafi núverandi Árskógshreppur þar með leyzt undan skyldu til þess að greiða meira en ⅓ hluta eftirstöðvanna, eins og þær voru 1930. Sá hluti sé nú þegar greiddur, og eigi áfrýjandi því ekki aðgang að stefnda um greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins, heldur Hríseyjarhreppi.

Ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins um skiptingu Árskógshrepps hins forna í tvö hreppsfélög og um fjárskipti og skulda með þeim er reist á 3. sbr. 4. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12/1927. Í lagaákvæðum þessum er aðeins átt við skiptingu eigna og skulda milli hinna nýju hreppa innbyrðis, en þau taka ekki til ábyrgðar hreppsfélaganna út á við, gagnvart lánardrottnum hins forna hreppsfélags. Og þar sem grundvallarreglur íslenzks réttar leiða til þess, að við skiptingu eins hreppsfélags í fleiri, eins og hér hefir átt sér stað, beri hin nýju hreppsfélög ábyrgð, hvort um sig, á skuldum hins forna hreppsfélags sem eigin skuldum, þá verður að líta svo á, að áfrýjanda hafi verið rétt að krefja stefnda um greiðslu eftirstöðva skuldarinnar, án tillits til þess, í hvors hlut kom að greiða skuldina við skiptingu hreppanna.

Ber þá að taka til athugunar aðrar varnarástæður stefnda, sem fram hafa verið bornar hér fyrir réttinum. Hann hefir haldið því fram, að eftirstöðvar lánsins hafi ekki verið gjaldkræfar, þegar málið var höfðað, þar eð engin ákvæði séu í skuldabréfinu um greiðslu afborgana og uppsögn hafi ekki farið fram. Þessi varnarástæða fær þó ekki staðizt, því hvorttveggja er, að veruleg vanskil voru orðin á vaxtagreiðslum, þegar málið var höfðað, og að í héraðsstefnunni er því lýst yfir, að láninu hafi verið sagt upp, og hefir því ekki verið andmælt í héraði, en of

seint er að gera það hér fyrir rétti gegn mótmælum áfrýjanda.

Þá hefir stefndur borið það fram sér til varnar, að áfrýjandi hafi í verki samþykkt fyrrnefnda skiptingu skuldarinnar milli hreppanna, en engar sönnur eru á það færðar gegn mótmælum áfrýjanda, og verður þessi ástæða því ekki tekin til greina.

Loks hefir stefndur upplýst það hér fyrir rétti, að Hríseyjarhreppur hafi fengið lán á árinu 1936 úr kreppulánasjóði bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 35/1936, en við þau skuldaskil hafi Hríseyjarhreppur talið fram skuld þá, sem hér er stefnt út af, sem sína skuld, en áfrýjandi hafi ekki, þrátt fyrir gefið tilefni, gert kröfu fyrir skuldinni í kreppulánasjóðinn, en ef hann hefði gert það, þá hefði hann fengið skuldina að fullu greidda með kreppulánasjóðsbréfum. Þetta getur þó ekki ráðið úrslitum í málinu, því þar sem áfrýjandi átti samkvæmt fyrrsögðu aðgang að stefnda sem samskuldara að eftirstöðvunum, þá gat hann neytt réttar síns gagnvart honum, þótt hann gengi ekki að Hríseyjarhreppi eða lýsti kröfu sinni í sambandi við skuldaskil hans.

Varakrafa stefnda um sýknun að svo stöddu er við það miðuð, að hann kunni að bera ábyrgð á skuldinni, ef svo reyndist, að Hríseyjarhreppur gæti ekki greitt hana. En þar sem telja verður, eins og fyrr segir, að hrepparnir hafi við skiptinguna borið ábyrgð á allri skuldinni sem sinni eigin skuld, þá verður varakrafan heldur ekki tekin til greina.

Stefndi hefir mótmælt því, að vextir verði dæmdir af skuldinni eftir 10. nóvember 1936, því þá hafi verið lokið skuldaskilum Hríseyjarhrepps, og hefði áfrýjandi fengið kröfu sína greidda þá, ef hann hefði lýst henni við skuldaskilin. En þar eð áfrýj-

andi hélt rétti sínum gagnvart stefnda, þótt hann lýsti ekki kröfunni við skuldaskilin, þá verður ekki fallizt á þessi mótmæli stefnda. Hinsvegar verða dráttarvextir ekki dæmdir hærri gegn mótmælum stefnda en ¼% p. a. af vöxtum þeim, sem dæmdir verða, þar eð hærri dráttarvexta er ekki krafizt í héraðsstefnu.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda eftirstöðvar skuldarinnar, kr. 1392.80, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags og auk þess dráttarvexti, ¼% p. a. af vöxtum þeim, sem dæmdir eru. Þá ber stefnda og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, og þykir hann hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hreppsnefnd Árskógshrepps f. h. hreppsins, greiði áfrýjanda, Sparisjóði Svarfdæla kr. 1392.80 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags og í dráttarvexti ¼% p. a. af vöxtum þeim, sem dæmdir eru. Svo greiði stefndi og áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum með kr. 400.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af Jóni Sveinssyni lögfræðing f. h. Sparisjóðs Svarfdæla Dalvík fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar með stefnu dags. 25. ágúst 1936 gegn hreppsnefnd Árskógshrepps til greiðslu eftirstöðvar af skuld samkv. skuldabréfi dags. 31. desember

1919, að upphæð kr. 1392.80 aurar, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, og ¼% í dráttarvexti af vaxtaupphæðinni frá sama tíma og sömuleiðis til greiðsludags.

Svo krefst stefnandi málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 236.30 aurar.

Stefndur hefir haldið fram, að hann teldi Hríseyjarhrepp hinn rétta aðila þessa máls, þar sem hann, þegar fjárskipti urðu milli hreppanna 1930, hafi tekið þessa umræddu skuld við Sparisjóð Svarfdæla að sér til fullnaðargreiðslu og eftir samkomulagi við sparisjóðinn, og krefst hann því sýknar (svo) í málinu.

Umboðsmaður stefnandans vísar í skuldabréfið og segir, að hreppsnefnd Árskógshrepps sé hinn eiginlegi skuldari, og að sparisjóðurinn hafi aldrei samþykkt, að hreppsnefnd Hríseyjarhrepps tæki skuldina að sér.

Stefndur skýrir enn frá, að lán þetta sé tekið af Árskógshreppi forna, og samkvæmt fjárskiptum milli Hríseyjarhrepps og núverandi Árskógshrepps beri Hríseyjarhreppi að svara til ⅔ hluta allra skulda forna hreppsins, en samkvæmt sérstökum áskilnaði hafi Hríseyjarhreppur átt að taka allt þetta lán að sér. Umboðsmaður stefnandans hefir haldið því fram, að það sé honum óviðkomandi, hvernig núverandi hreppar hafi skipt milli sín skuldum Árskógshrepps, en hann segir, að þar sem viðurkennt sé, að Árskógshreppur eigi að greiða ⅓ hluta skuldarinnar, þá hljóti hann einnig að vera solidariskur fyrir hinum hlutanum.

Það virðist viðurkennt í málinu, að forni Árskógshreppur hafi tekið lánið, eða með öðrum orðum, að núverandi Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur hafi verið einn hreppur, er lánið var tekið, en samkvæmt þessu virðist hafa átt að stefna báðum hreppunum eða Árskógshreppi hinum forna, og þar sem réttum aðila er eigi stefnt, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnandans.

Málskostnaður þykir rétt, að falli niður.

Föstudaginn 12. nóvember 1937.

Nr. 20/1937. **H. Benediktsson & Co**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ólafi Ólafssyni, Sigurði Steinsþórssyni, Kristm. Jóhannssyni, Kristjáni Bjartmarz og Guðmundi Jónssyni
(Enginn).

Staðfesting á dómi í víxilmáli.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. nóv. 1936: Stefndir, Ólafur Ólafsson, Sigurður Steinþórsson, Kristm. Jóhannsson, Kristján Bjartmarz og Guðmundur Jónsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Hallgrími Benediktssyni f. h. H. Benediktsson & Co., kr. 5000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febr. 1936 til greiðsludags, ½% upphæðarinnar í þóknun, kr. 15.10 í afsagnarkostnað og kr. 442.10 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinum áfrýjaða dómi höfðu stefndir skotið til hæstaréttar með stefnu útgefinni 25. janúar þ. á., til þingfestingar í maímánuði þ. á., og krafizt breytingar á dóminum. Áfrýjandi gagnáfrýjaði því næst dóminum með stefnu útgefinni 16. marz þ. á., einnig til þingfestingar í maímánuði. Þá er þingfesta skyldi málið, aðalsök og gagnsök, þann 31. maí s. l., var ekki mætt í því af hálfu hinna stefnu, og var þá þessvegna kveðinn upp útivistardómur um aðalsökina. Hinsvegar hélt áfrýjandi, sem stefnt hafði hinum stefndu á löglegan hátt, málinu áfram af sinni hendi, án þess að stefndir hafi síðan mætt. Hefir málið samkvæmt framansögðu verið sótt skriflega, svo sem fyrir er mælt í 1. lið 38. gr. hæstaréttar-

laga nr. 112 frá 1935, og er dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandi hefir gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að stefndir verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi eða meðferð málsins í héraði, er brjóti í bága við staðfestingarkröfu áfrýjanda, ber að taka hana til greina.

Stefndir hafa með framannefndri áfrýjun sinni veitt áfrýjanda tilefni til áfrýjunar sinnar, og þykir þess vegna rétt að dæma þá til þess in solidum að greiða áfrýjanda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist.

Stefndir, Ólafur Ólafsson, Sigurður Steinþórsson, Kristm. Jóhannsson, Kristján Bjartmarz og Guðmundur Jónsson, greiði in solidum áfrýjanda, H. Benediktsson & Co, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu birtri 17. okt. 1936 af Hallgrími Benediktssyni f. h. H. Benediktsson & Co hér í bæ gegn Ólafi Ólafssyni lækni, Sigurði Steinþórssyni kaupfélagsstjóra, Kristm. Jóhannssyni, Kristjáni Bjartmarz oddvita og Guðmundi Jónssyni framkvæmdarstjóra til greiðslu víxils, að upphæð kr. 5000.00, útgefins 2. des. 1935 af stefndum Ólafi og samþykkts af Samvinnuútgerðinni Stykkishólmi til greiðslu

í Útvegsbankanum hér í bæ 1. febr. 1936, en á víxli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 4. febr. 1936, eru stefndir allir ábekingar og auk þess umbjóðandi stefnanda.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndir verði in solidum dæmdir til að greiða sér upphæð víxilsins, kr. 5000.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, ½% upphæðarinnar í þóknun, kr. 15.10 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafélagsins, kr. 442.10.

Stefndir hafa látið mæta í málinu, en þar eð engum andmælum hefir verið hreyft gegn framangreindum kröfum stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 12. nóvember 1937.

Nr. 75/1937. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum** (Theodór B. Líndal)
gegn
skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Jóns Einarssonar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Endurskoðunarkostnaður samkv. 7. gr. l. 25/1929 eigi talinn til skiptakostnaðar.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 22. okt. 1936: Framangreindur endurskoðunarkostnaður, að upphæð kr. 1060.00,skal greiddur úr þrotabúi Jóns Einarssonar á sama hátt og skiptakostnaður, og skulu kr. 910.39 af framangreindum skiptakostnaði í búinu greiddir af andvirði veðsettra eigna þess.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júlí þ. á., skotið skiptaréttarúrskurði þeim, er í máli

þessu greinir, til hæstaréttar með stefnu 19. s. m., hefir krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, og að tölul. II. 16: „Endurskoðun ... kr. 1060.00“ í úthlutunargerð í þrotabúi Jóns kaupmanns Einarssonar á Gjábakka í Vestmannaeyjum verði niður felldur. Svo krefst áfrýjandi þess, að stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti. Af hálfu hinna stefndu hefir þess verið krafizt, að ofannefndur liður verði látinn standa kyrr í úthlutunargerðinni og að úrskurðurinn verði að því leyti staðfestur. Svo er þess ennfremur krafizt af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Endurskoðunarkostnaður samkv. 7. gr. laga nr. 25 1929 verður til með þeim hætti, að viðkomandi lögregluréttardómari, eða dómsmálaráðherra, sbr. 2. mgr. 8. gr. sömu laga, ákveður og lætur fram fara endurskoðun á bókhaldi þrotamanns vegna og í þarfir opinberrar rannsóknar á hendur honum, án þess að til atbeina lánardrottna eða fyrirsvarsmanna þrotabús komi og án þess að hagsmuni þess eða lánardrottna þess einstakra þurfi að hafa fyrir augum hverju sinni. Samkvæmt grundvallarreglum íslenzks réttar kostar ríkissjóður rannsókn opinberra mála, án þess að sá, er fyrir refsiverðu broti kann að hafa orðið, eða aðrir ósakfelldir einstaklingar, þurfi að kosta þar nokkru til. Ákvæðið í niðurlagi 1. málsgr. 7. gr. laga nr. 25 1929 um það, að endurskoðun samkvæmt nefndri lagagrein skuli fram fara „á kostnað búsins“, hefir að geyma algerða undantekningu frá téðum grundvallarreglum íslenzks réttar, og virðist því ástæða vera til þess að skýra það svo,

að það verði lánardrottnum þrotabúa svo ótilfinnanlegt sem unnt er. Í því segir ekki um það, hvar í skuldaröð kröfu um laun fyrir endurskoðun samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 1929 skuli skipa sæti, hvort hún skuli t. d. njóta forgangsréttar eftir b-lið 82. eða 83. gr. skiptalaganna eða vera almenn, forréttindalaus krafa eftir 85. gr. sömu laga. Því meiri forréttindi sem téðri kröfu eru veitt, því tilfinnanlegri yrði hún einatt öðrum lánardrottnum, þar á meðal forgangskröfuhöfum eftir 83. gr. skiptalaganna. Ef endurskoðunarkostnaður samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 1929 væri ekki forgangskrafa, þá mundi hann engu máli skipta forgangskröfuhafa eftir 83. gr. skiptalaganna, og almennir lánardrottnar yrðu þá einungis að hlíta því, að endurskoðunarlaun yrðu greidd af fé búsins eftir sömu reglum og í sömu hlutföllum sem þeirra kröfur. Með þeim hætti mundi ákvæðið í niðurlagi 1. málsgr. 7. gr. laga nr. 25 1929 skerða hag þeirra svo lítið sem framast væri unnt.

Með því að ekki er kveðið á um sæti kröfu samkvæmt niðurlagi 1. málsgr. 7. gr. laga nr. 25 1929 í skuldaröð, með því að niðurlagsákvæði sömu málsgreinar geymir algert undantekningarákvæði frá meginreglum íslenzks réttar um greiðslu kostnaðar af opinberri rannsókn, og loks með því að þess vegna er ástæða til að gera verkanir þess sem ótilfinnanlegastar að unnt er öðrum lánardrottnum þrotabúa, þá þykir verða að skýra nefnt ákvæði þannig, að kröfur samkvæmt því skuli skipa sæti í skuldaröð þrotabúa meðal almennra, forréttindalausra krafna samkvæmt 85. gr. skiptalaganna. Verður því að líta svo á, að skiptaráðanda hafi ekki verið rétt að telja kröfu þá um laun fyrir endurskoðun, sem í máli þessu greinir og ekki er í eðli sínu skiptakostnaður,

til slíks kostnaðar. Verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð úr gildi og skylda skiptaráðandann til þess að fella niður tölul. II. 16: „Endurskoðun ... kr. 1060.00“ af úthlutunargerð sinni í þrotabúi Jóns Einarssonar kaupmanns á Gjábakka í Vestmannaeyjum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður er úr gildi felldur, og ber skiptaráðandanum að fella tölulið II. 16: „Endurskoðun ... kr. 1060.00“ niður af úthlutunargerð sinni í ofangreindu þrotabúi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Á skiptafundi, sem haldinn var í þrotabúi Jóns Einarssonar, fyrrverandi kaupmanns, til heimilis Gjábakka hér í bænum, þann 30. janúar þ. á., var lagt fram frumvarp til úthlutunargerðar í búinu, eins og getið hafði verið um í auglýsingu um fundinn í Lögbirtingablaðinu.

Í frumvarpi þessu til úthlutunargerðar er kostnaður við endurskoðun á bókhaldi gjaldþrota, að upphæð kr. 1060.00, talinn meðal skiptakostnaðar, sem er, að þeirri upphæð meðtalinni, samtals kr. 3345.00, en andvirði óveðsettra eigna búsins, að upphæð kr. 2758.15, sem skyldi samkv. frumvarpinu úthlutast þannig, að kr. 323.54 gengju til tveggja separatista, en kr. 2434.61 skyldu ganga til greiðslu upp í framangreindan skiptakostnað, en það, sem ekki fengist greitt þannig af skiptakostnaðinum, eða kr. 910.39, skyldi greiðast af andvirði veðsettra eigna búsins, en fasteignir og skip búsins voru lagðar ófullnægðum veðhöfum út til eignar

fyrir samtals kr. 70550.00, en fjárnumið lausafé var selt til fullnustu fjárnámskröfu fyrir kr. 2968.10.

Umboðsmaður útibús Útvegsbanka Íslands h. f. hér í bænum, sem fengið hafði ýmsar af fasteignum gjaldþrota lagðar út til eignar sem ófullnægður veðhafi, hefir mótmælt því, að framangreindur endurskoðunarkostnaður verði greiddur af eignum búsins sem skiptakostnaður og hefir ennfremur mótmælt því sem almennur kröfuhafi í búið, að endurskoðunarkostnaður þessi sé greiddur úr búinu, og hefir mótmælt því, að nefndu bankaútibúi verði gert að greiða framangreindar kr. 910.39, eða nokkurn hluta þeirra, af andvirði veðsettra eigna búsins, sem bankinn hafði fengið lagðar út til eignar.

Dómsmálaráðuneytinu var gert aðvart um framangreind mótmæli Útvegsbankans, þar eð ágreiningur þessi snertir hagsmuni ríkissjóðs, og hefir ráðuneytið látið mæta í málinu til þess að gæta hagsmuna ríkissjóðs og krafizt þess, að umræddur endurskoðunarkostnaður verði greiddur úr búinu á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í framangreindu frumvarpi til úthlutunargerðar, en aðrir hlutaðeigendur hafa ekki látið mál þetta til sín taka og hafa ekki komið fram með önnur mótmæli né athugasemdir gegn umræddu frumvarpi til úthlutunargerðar.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 25 frá 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, skal dómari sá, sem framkvæmir rannsókn út af gjaldþroti, virðist honum vera ástæða til, láta sérfróða menn endurskoða bókhald, ásamt eigna- og skuldaframtali þrotamanns, á kostnað búsins.

Samkvæmt þessu ákvæði ber að greiða framangreindan endurskoðunarkostnað úr þrotabúinu, og er þá aðeins að athuga, hvort heimilt sé að greiða hann á sama hátt og skiptakostnað eða hvort hann skuli aðeins greiðast af eignum búsins sem almenn krafa eða sem forgangskrafa samkvæmt skiptalögunum, ef um eignir er að ræða til úthlutunar upp í slíkar kröfur.

Þar eð slíka endurskoðun, sem að framan greinir, skal samkv. framangreindu lagaákvæði fortakslaust framkvæma á kostnað búsins, án þess nokkurt ákvæði sé jafnframt sett um, að aðrar kröfur skuli ganga fyrir kostnaði þessum, þykir verða að skilja ákvæði þetta þannig, að slíkur kostnaður skuli greiddur af eignum búsins, óskiptum, á

sama hátt og skiptakostnaður. Og að því er framangreindan endurskoðunarkostnað í sambandi við umrætt gjaldþrot snertir, þá þykir bera að greiða hann af andvirði óveðsetts lausafjár búsins, þó af því leiði, að nokkur hluti skiptakostnaðar þess, er snertir veðsettar eignir búsins sérstaklega, verði að greiðast af andvirði þeirra, eins og gert hefir verið ráð fyrir í hinu framlagða frumvarpi til úthlutunargerðar, og ber því að greiða þann hluta skiptakostnaðar þessa, sem þannig fæst eigi greiddur af andvirði óveðsettra eigna búsins, kr. 910.39, af andverði veðsettra eigna þess.

Mánudaginn 15. nóvember 1937.

Nr. 155/1936. **Skiptaráðandinn í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Páls S. Scheving**
(Theodór B. Líndal)
gegn
Jóni G. Pálssyni og Jóhanni Guðjónssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Bjarglaun.

Dómur sjódóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. júní 1936: Stefndur, Páll S. Scheving, greiði stefnandanum, Magnúsi Jónssyni fyrir hönd Jóhanns Guðjónssonar og Jóns G. Pálssonar, kr. 5000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. maí 1936 til greiðsludags, og kr. 814.20 í málskostnað.

Sjóveðréttur í m/b Fylki V. E. 14 fyrir hinum ídæmdu upphæðum viðurkennist.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 29. september f. á. og gert þessar dómkröfur: *aðallega*, að hann verði einungis dæmd-

ur til að greiða stefndum kr. 300.00 án vaxta eða, þyki þessi fjárhæð of lág, aðra hæfilega fjárhæð eftir mati dómsins fyrir aðstoð veitta m/b Fylki V. E. 14, og að ákvæði sjódómsins um sjóveðrétt í m/b Fylki verði úr gildi fellt, en *til vara*, að björgunarlaunin verði færð niður eftir mati dómsins, ef hjálp m/b Franz til handa m/b Fylki yrði metin björgun. Áfrýjandi hefir og krafizt þess í hæstaréttarstefnunni, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti verði látinn niður falla. En í þessu sambandi þykir rétt að geta þess, að ekki verður lagður dómur á þær viðtækari málskostnaðarkröfur, sem áfrýjandi hefir gert við flutning málsins fyrir hæstarétti.

Stefndir hafa hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þann 15. október 1935 var m/b Fylkir V. E. 14, sem er að stærð 40 smálestir brúttó og 12 smálestir nettó, á siglingu frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Var bátur þessi fullfermdur af olíu, kolum, benzíni og timbri, auk nokkurs annars varnings, og voru á þilfarinu kolin, olían, benzínið og timbrið. Samkvæmt veðurfregnum þeim, sem útvarpað var að kveldi þess 15. október, var útlit fyrir austan storm. Það varð þessvegna ráð skipverjanna á m/b Fylki, að þeir sigldu til Keflavíkur í því skyni að bíða þar, unz veðrinu slotaði, og lögðu þeir bátnum innan til við nýja hafnargarðinn í Keflavík. Var garður þessi, sem hlaðinn var upp af grjóti, þá ekki fullbyggður, og gekk þá sjór yfir ýzta hluta hans, nema um fjöru. Daginn eftir, þann 16. október, var hvassviðri frá landi, að því er telja verður upplýst bæði með skýrslu formannsins á m/b Fylki og vitnaskýrslum. Um kl.

11 þann dag fékk formaður m/b Fylkis fyrirmæli um að fara frá hafnargarðinum til þess að rýma þar til fyrir pramma, sem notaður var við garðbygginguna. Til þess að fá m/b Fylki lausan frá hafnargarðinum var vél hans sett í gang og bátnum beitt gegn vindinum, en þá tókst svo illa til, að bátinn bar upp á yzta hluta hafnargarðsins, þannig að afturhluti bátsins, eða, að því er áætlað er, þriðji hluti hans, var utan garðsendans. Segir um þetta í skýrslu þeirri, er formaður m/b Fylkis hefir gefið um atburðinn: „þar eð vindur var hvass og stóð á bakborða, þá hafði vindurinn betur en vélin og dreif bátinn upp á áðurnefndan garðsenda, sem var á kafi í sjó, og setti bátinn alveg fastan.“ Í þessum svifum kom m/b Franz þarna að. Með því að m/b Fylkir var fullfermdur og ört útfall var, þá kveðst formaðurinn á m/b Fylki hafa talið, að bátnum væri hætt við spjöllum, þar sem hann var kominn, og beiddist hann þess vegna hjálpar m/b Franz. Hóf. m/b Franz síðan tilraunir til að draga m/b Fylki út af garðinum, og tókst það mjög bráðlega.

Áfrýjandi telur, að hjálp sú, sem m/b Franz veitti, geti ekki talizt björgun, heldur sé hér um smávegis aðstoð að ræða. M/b Fylkir hafi náðst út svo að segja við fyrsta átak, hægt hafi verið að kasta út búlka þeim, sem á þilfari m/b Fylkis var, svo og bíða næsta háflæðis þá um kvöldið, en þá hefði verið hægðarleikur fyrir m/b Fylki að losa sig af eigin ramleik, enda hafi hann 100 hestafla vél. Hinsvegar hafi m/b Franz ekki verið stofnað í neina hættu. Stefndir andæfa þessum rökum áfrýjanda. Benda þeir á, að m/b Fylkir hafi verið búinn að gera árangurslausar tilraunir til að losa sig af hafnargarðinum. Kveða þeir, að báturinn mundi hafa hallast meir og

meir eftir því sem sjórinn lækkaði og undan bátnum fjaraði, jafnframt myndi búlkinn á þilfari hans hafa byltzt til, báturinn laskazt á grjótgarðinum, og endirinn orðið sá, að báturinn hefði oltið útaf garðsendanum og sokkið, ef hjálpar m/b Franz hefði ekki við notið, en dýpi við garðsendann er af einu vitni talið ca. 7 metrar, en af öðru vitni 22 fet, hvorttveggja miðað við lágflæði. Auk þess telja stefndir, að m/b Franz hafi verið lagður í töluverða hættu, þar eð hann hefði líka getað lent uppi á garðinum, ef eitthvað hefði út af borið við björgunartilraunirnar. Tvö vitni, sem úr landi fylgdust með ástandi m/b Fylkis, lýsa áliti sínu á málsatvikum þannig, að heim kemur við staðhæfingar stefndu. Tveir hásetar af m/b Fylki hafa verið leiddir sem vitni í málinu. Telur annar þeirra, að m/b Fylki hafi verið mikil hætta búin, ef hann hefði ekki bráðlega orðið losaður af garðinum, en hinn hásetinn vill ekki gera sérlega mikið úr hættu þeirri, sem m/b Fylkir hafi verið staddur í.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í máli þessu, og þá einkum skýrslum formannsins á m/b Fylki og sjónarvotta þeirra, sem fylgdust með strandi m/b Fylkis og ástandi hans eftir strandið, þykir mega ganga að því vísu, að mikil hætta hefði vofað yfir bátnum og farmi hans, hefði hann orðið að hanga á grjótgarðinum nokkurn tíma og honum hefði ekki komið bráð hjálp. Verður þess vegna að telja, að m/b Fylkir hafi verið staddur í neyð, og að m/b Franz hafi innt af hendi björgunarstarfsemi honum til handa. Svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir, hefir m/b Fylkir verið metinn af dómkvöddum mönnum á kr. 36500.00, en farmur hans á kr. 6524.00. Með hliðsjón af þessu og að athuguðum öðrum þeim

atriðum, sem gæta skal við ákvörðun bjarglauna, þykir greiðsla sú, sem áfrýjanda ber að inna af hendi til stefndu, hæfilega ákveðin kr. 3200.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. maí 1936 til greiðsludags. Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu samtals kr. 700.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Loks ber stefndu sjóveðréttur í m/b Fylki V. E. 14 til tryggingar framangreindum kröfum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, skiptaráðandinn í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Páls S. Scheving, greiði stefndu, Jóni G. Pálssyni og Jóhanni Guðjónssyni, kr. 3200.00 með 5% ársvöxtum frá 1. maí 1936 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 700.00. Stefndu hafa sjóveðsrétt í m/b Fylki V. E. 14 til tryggingar framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu útgefinni þann 1. maí síðastliðinn höfðað hér fyrir sjóréttinum af Magnúsi Jónssyni, fyrrverandi bæjarfógeta í Hafnarfirði, fyrir hönd og í umboði Jóhanns Guðjónssonar, eiganda m/b Franz G. K. 138, og Jóns G. Pálssonar, formanns á sama bát, gegn Páli S. Scheving í Vestmannaeyjum, eiganda m/b Fylkir V. E. 14.

Heldur stefnandi því fram, að m/b Franz hafi bjargað m/b Fylki af hafnargarðinum í Keflavík þann 16. október 1935, og þar sem m/b Fylkir hafi af dómkvöddum mönnum verið metinn á kr. 36500.00 og farmur sá, er í honum var, þegar björgun fór fram, hafi af sömu dóm-

kvöddu mönnunum verið metinn á kr. 6524.00, hefir hann gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér f. h. nefndra Jóhanns Guðjónssonar og Jóns G. Pálssonar allt að kr. 5000.00 í þóknun ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins og loks, að þeim verði tildæmdur sjóveðréttur í m/b Fylki V. E. 14 til tryggingar nefndum kröfum.

Málskostnaður stefnanda nemur samkvæmt framlögðum reikningi, er kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, kr. 814.20.

Stefndur hefir hvorki mætt né látið mæta, og verður því samkvæmt N. L. 1—4—32, tilskipun 3. júní 1796 2. gr. og tilskipun 15. ágúst 1832 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau koma heim við kröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 19. nóvember 1937.

Nr. 117/1937. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Ásgrími Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937: Kærður, Ásgrímur Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Hann greiði 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það sannað með eigin játningu kærða, sem styðst við framburð vitnisins Ólafar Andrésdóttur, að hann hafi stundað ólöglega áfengis-

sölu í atvinnuskyni frá því í septembermánuði 1936 til jafnlengdar 1937. Með tilliti til þess, að kærði hefir þrisvar áður verið dæmdur fyrir ólöglega áfengissölu, auk annara áfengislagabrota, og að því athuguðu, að hegningarákvæði núgildandi áfengislaga eru að miklum mun vægari en samskonar ákvæði áfengislaga nr. 64/1930, sem kærði var síðast dæmdur eftir, þá þykir refsing hans fyrir framangreint brot hæfilega ákveðin, samkvæmt 33. gr. áfengislaganna nr. 33/1935, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgrímur Jónsson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 70 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgrími Jónssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hverfisgötu 32 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. júlí 1899, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1919 $^{1}/_{1}$ Sætt 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1919 $^{7}/_{2}$ Dæmdur í landsyfirrétti eftir 230. gr., 277. og 276. sbr. 272. gr. hinna alm. hegningarlaga frá $^{25}/_{5}$ 1869 í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið.

1921 $^{25}/_{6}$ Sætt kæru fyrir svik með tékkávísun. Málið sent til dómara.

1921 $^{15}/_{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1921 $^{6}/_{12}$ Sætt 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1922 $^{2}/_{4}$ Sætt 250 kr. sekt fyrir ölvun og fyrir að smygla áfengi í land úr erlendu skipi.

1922 $^{14}/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1923 $^{5}/_{6}$ Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur eftir 256. gr. sbr. 255. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869 í 8 mánaða betrunarhúsvinnu.

1923 $^{1}/_{7}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

1924 $^{1}/_{5}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1924 $^{31}/_{5}$ Sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 500 kr. fyrir ólöglega áfengissölu.

1924 $^{13}/_{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1924 $^{14}/_{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1925 $^{1}/_{4}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1925 $^{18}/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1925 $^{6}/_{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1926 $^{1}/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1926 $^{28}/_{4}$ Sætt 155 kr. skaðabótum fyrir spjöll á klæðnaði lögregluþjóns.

1926 $^{18}/_{12}$ (sic) Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1926 $^{23}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur. 1500 kr. sekt og 30 daga einfalt fangelsi fyrir ólöglega áfengissölu.

1927 $^{1}/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1927 $^{10}/_{18}$ (sic) Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1928 $^{2}/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1928 $^{18}/_{7}$ Sætt 75 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1928 $^{1}/_{9}$ Sætt 100 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1928 $^{11}/_{12}$ Kærður fyrir ölvun; málið sent til dómara.
1929 $^{2}/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 $^{2}/_{9}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{31}/_{7}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{2}/_{8}$ Sætt 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{2}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1932 $^{1}/_{9}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 $^{2}/_{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 $^{13}/_{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{2}/_{7}$ Sætt 800 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
1933 $^{18}/_{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{2}/_{12}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
1934 $^{2}/_{8}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1934 $^{31}/_{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{2}/_{2}$ Kærður fyrir ölvun; látið niður falla.
1935 $^{1}/_{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{5}/_{12}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{1}/_{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{2}/_{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með játningu kærðs er það sannað, að frá því í september 1936 hefir hann stundað ólöglega áfengissölu í atvinnuskyni. Kveðst hann hafa keypt í áfengisverzluninni oftast annan hvern dag 1—5 flöskur af brennivíni, er selt er á 7 og 8 krónur flaskan, og síðan selt þær aftur með 2 króna álagningu á flöskuna. Á umræddum tíma hefir kærður engar tekjur haft aðrar en þær, sem áfengissala þessi hefir gefið af sér, en þær hafa nægt til framfæris honum.

Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans, með tilliti til fyrri brota hans, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningar-

sjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 80 daga, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 19. nóvember 1937.

Nr. 118/1937. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Axel Ármanni Þorsteinssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögegluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937: Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þar sem ekki þykir ástæða til að efast um, eftir því sem fyrir liggur, að kærði hafi gerzt sekur um brot það, sem hann hefir játað á sig í máli þessu, þótt ekki sé upplýst um neinar einstakar sölur áfengis af hans hendi, og með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Rannsókn máls þessa er að því leyti ábótavant, að ekki er upplýst um tilefnið til þess, að rannsókn gegn kærða er hafin, né heldur er nokkur tilraun gerð til þess að upplýsa um einstakar, ólöglegar áfengissölur kærða.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Ármann Þorsteinssyni, atvinnulausum, til heimilis á Lindargötu 1 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. jan. 1902, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1924 $^{8}/_{12}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgr. til dómara.
1925 $^{6}/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{7}/_{7}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1933 $^{2}8/_{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
1935 $^{3}/_{6}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1935 $^{16}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 króna sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.
1935 $^{9}/_{12}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{3}/_{6}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða.
1936 $^{12}/_{10}$ Sætt 400 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1937 $^{2}/_{5}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og ryskingar.

Með játningu kærða er sannað, að hann hefir í atvinnuskyni stundað áfengissölu hér í bænum, aðallega á þessu sumri, en lítilsháttar s. l. vetur og vor. Hefir hann keypt áfengið í sölubúð áfengisverzlunarinnar og síðan selt það hinum og þessum hér við höfnina með tveggja króna álagningu á flöskuna. Kærði hefir fyrir konu og einu barni að sjá og hefir í sumar engar aðrar tekjur haft en af áfengissölu, en ekki hafa þær nægt til framfærslu heimilisins.

Með áfengissölu þessari hefir kærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. l. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1937.

Nr. 42/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Aðalbirni Péturssyni, Gunnari Jóhannssyni, Þóroddi Guðmundssyni, Þorsteini Loftssyni, Júlíusi Einarssyni, Gísla Sigurðssyni, Guðmundi Davíðssyni, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Einari Ferseth, Guðmundi Einarssyni, Óskari Berg, Einari Indriðasyni, Guðrúnu Sigurhjartdóttur, Jóhannesi Sigurðssyni, Gunnlaugi Einarssyni, Jóni Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Sigríði Sigurðardóttur, Guðmundi Fr. Guðmundssyni, Ástríði Jónsdóttur, Dagrúnu Bjarnadóttur, Kristmundi Einarssyni, Guðrúnu Sveinsdóttur, Stefáni Þorsteini Sigurjónssyni, Guðlaugi Sigurðssyni, Helgu Guðmundsdóttur, Haraldi Sölvasyni, Jóni Guðjónssyni, Indriða Guðjónssyni, Óla Ferseth, Óskari Garibaldasyni og Áka Jakobssyni
(Theodór B. Lindal).

Árás á lögreglulið.

Dómur aukaréttar Siglufjarðarkaupstaðar 21. marz 1936:
Kærðir Þorsteinn Loftsson og Einar Ferseth skulu hvor um sig sæta 4 mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Guðmundur Davíðsson, Anna Guðmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Gísli Sigurðsson, Harða Guðmundsdóttir, Gunnlaugur Einarsson, Steinþóra Einarsdóttir, Guðmundur Fr. Guðmundsson, Helga Guðmundsdóttir og Óskar Garibalda-

son sæti hvert um sig 3 mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Indriði Guðjónsson, Haraldur Sölvason, Stefán Þorsteinn Sigurjónsson, Guðrún Sveinsdóttir, Kristmundur Einarsson, Dagrún Sædal Bjarnadóttir, Ástríður Jónsdóttir, Jón B. Valfells, Jóhannes Sigurðsson, Júlíus Einarsson og Áki Jakobsson sæti hvert um sig 2 mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Guðmundur Einarsson, Óskar Berg, Einar Indriðason, Guðrún Sigurhjartardóttir, Guðlaugur Sigurðsson og Óli Ferseth sæti hvert um sig eins mánaðar einföldu fangelsi. Kærð Sigríður Sigurðardóttir sæti 100 króna sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar. Kærður Jón Guðjónsson sæti 200 kr. sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, en refsingu ofangreindra sökunauta skal fresta og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Þóroddur Guðmundsson sæti 5 mánaða einföldu fangelsi, Aðalbjörn Pétursson sæti 4 mánaða einföldu fangelsi, Gunnar Jóhannsson sæti 3 mánaða einföldu fangelsi.

Öll hin dæmdu greiði allan af málinu löglega leiðandi kostnað eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, þar á meðal 30 krónur til málsvarnarmanns síns, Ingólfs Jónssonar cand. jur.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

1. Ákærði Aðalbjörn Pétursson. Auk þess, sem í forsendum hins áfrýjaða dóms segir um brot þessa ákærða, þykir mega telja sannað, að hann hafi svift burt auglýsingaspjaldi því, er lögreglustjóri hafði látið setja upp við varnargirðinguna á bryggjunni. Verknaður ákærða varðar við 1. mgr. 99. og 106. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82 24. september 1929, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

2.—3. Verknaður hinna ákærðu Gunnars Jóhannssonar og Þórodds Guðmundssonar, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 1. mgr. 99. gr.

hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing þeirra hvors um sig með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

4. Ákærði Þorsteinn Loftsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. mgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

5.—6. Ákærðu Júlíus Einarsson og Gísli Sigurðsson hafa með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekir við 1. mgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing þeirra hvors um sig með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

7. Ákærði Guðmundur Davíðsson. Auk þess sem þessi ákæruði tók mjög virkan þátt í árásum á lögregluliðið almennt með því að vera mjög framarlega í hópi árásarmanna, með steinkasti að lögreglumönnum og með því að neyta járnrekins bareflis, veitti hann einum lögreglumannanna allmikinn áverka á höfði með barefli þessu. Hefir ákærði með verknaði sínum gerzt sekur við 1. mgr. 99. gr. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

8.—9. Hinar ákærðu Anna og María Guðmundsdætur hafa með verknaði sínum, sem rétt er lýst í

hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekar við 1. mgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing þeirra hvorrar um sig hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63 gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

10. Ákærða Harða Guðmundsdóttir hefir, auk þess, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, veitt manni úr lögregluliðinu áverka á höfuð með steinkasti. Varða brot hennar við 1. mgr. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

11. Ákærði Einar Ferseth. Auk þess, sem þessi ákærði tók almennt mjög virkan þátt í árásum á lögregluliðið, veitti hann tveimur mönnum áverka á höfði með steinkasti. Varða brot hans við 1. málsgr. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. oftnefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 135 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

12. Ákærði Guðmundur Einarsson. Eitt vitni hefir að vísu borið, að það hafi séð þenna ákærða í flokki árásarmanna og séð hann kasta grjóti að lögreglumönnunum, en engar aðrar upplýsingar hafa um þetta fengizt í málinu. Þykir því ekki vera fram komin full sönnun fyrir sekt hans við ákvæði hegningarlaganna. Það er ekki heldur upplýst um það, að hann hafi brotið bann lögreglustjóra við vist á bryggjunni utan varnarlínunnar, þótt hann kunni að hafa staðnæmzt þar, með því að ekkert liggur fyrir um það, hvort hann hafi heyrt það bann. Verður því að sýkna þenna ákærða af kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

13.—14. Óskar Berg og Einar Indriðason. Eitt vitni hefir borið, að það hafi séð hvorn þessara manna kasta kolum eða steini að lögregluliðinu, en báðir segjast þeir hafa komið á staðinn sem áhorfendur aðeins. Verður ekki gegn neitun þeirra talið sannað, að þeir hafi gerzt sekir við ákvæði hegningarlaganna. Og ekki verður heldur talið sannað, að þeir hafi brotið bann lögreglustjóra við vist manna á bryggjunni utan varnarlínu, þótt þeir hefðu verið þar eitthvað, með því að ekkert er upplýst um það, hvort þeir hafi heyrt það bann. Verður því að sýkna báða þessa ákærðu af kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

15. Ákærða Guðrún Sigurhjartardóttir hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

16. Ákærði Jóhannes Sigurðsson hefir einnig með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt brotlegur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

17. Ákærði Gunnlaugur Einarsson veitti einum lögregluliðsmanna höfuðhögg, er veruleg meiðsl hlutust af, auk annarar þátttöku sinnar í árás á lögregluliðið. Varða brot hans við 1. málgsgr. 99. gr. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin

með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

18. Ákærði Jón B. Valfells. Verknaður hans, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

19. Ákærða Steinþóra Einarsdóttir hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

20. Ákærða Sigríður Sigurðardóttir. Um hana er það eitt sannað, að hún stóð utanvert við varnarlínu lögregluliðsins, án þátttöku í árás á það. Það er ekkert um það upplýst, hvort hún hafi heyrt bann lögreglustjóra við vist manna þar, enda virðast allmargir hlutlausir áhorfendur hafa staðið þar, meðan á árásum á lögregluliðið stóð. Það verður því að sýkna ákærðu af öllum kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

21. Ákærði Guðmundur Fr. Guðmundsson. Auk þess, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, verður að telja það sannað, að ákærði hafi veitt manni úr lögregluliðinu verulegan áverka á höfði með steini eða kolamola. Hefir ákærði með verknaði sínum gerzt sekur við 1. málsgr. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63.

gr. hegningarlaganna 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

22. Ákærða Ástríður Jónsdóttir hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

23. Ákærða Dagrún Bjarnadóttir, sem talin er fædd 14. júní 1917, hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 38. og 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

24. Ákærði Kristmundur Einarsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

25. Ákærða Guðrún Sveinsdóttir. Með vitnaskýrslum er það sannað, að hún tók þátt í árás á lögregluliðið með því að kasta að því kolamolum. Varðar verknaður hennar við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

26. Ákærði Stefán Þorsteinn Sigurjónsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða

dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

27. Ákærði Guðlaugur Sigurðsson hefir með verknaði sínum, sem lýst er í hinum áfrýjandi dómi, gerzt brotlegur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

28. Ákærða Helga Guðmundsdóttir veitti einum lögregluþjónanna verulegan áverka á hendi með hamri, er hún neytti í árás sinni á lögregluliðið. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til lýsingar hins áfrýjaða dóms á verknaði hinnar ákærðu, verður að telja hana hafa gerzt seka við 1. málsgr. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. oftgreindrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 110 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

29.—31. Ákærðu Haraldur Sölvason og Jón og Indriði Guðjónssynir hafa með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekir við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing þeirra hvers um sig hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

32. Ákærði Óli Ferseth, sem ekki hafði náð 18 ára aldri þann 13. maí 1934, hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur

við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 38. og 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

33. Ákærði Óskar Garibaldason hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

34. Ákærði Áki Jakobsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. oftnefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Það þykir rétt að ákveða, að fresta skuli framkvæmd á refsingu hinna ákærðu Júlíusar Einarssonar, Gísla Sigurðssonar, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Guðrúnar Sigurhjartardóttur, Jóhannesar Sigurðssonar, Jóns B. Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Ástríðar Jónsdóttur, Dagrúnar Bjarnadóttur, Kristmundar Einarssonar, Guðrúnar Sveinsdóttur, Stefáns Þorsteins Sigurjónssonar, Guðlaugs Sigurðssonar, Helgu Guðmundsdóttur, Haralds Sölvasonar, Jóns Guðjónssonar, Indriða Guðjónssonar, Óla Ferseth og Áka Jakobssonar, og að niður skuli hún falla að 5 árum liðnum fyrir hvert einstakt þeirra, ef það heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Fella verður niður ákvæði héraðsdómsins um

málsvarnarlaun cand. jur. Ingólfs Jónssonar, með því að hann varði hin ákærðu ekki að tilhlutun dómarans, og verður kaup hans því ekki talið til sakarkostnaðar.

Eftir úrslitum þessa máls verður að dæma hin ákærðu Aðalbjörn Pétursson, Gunnar Jóhannsson, Þórodd Guðmundsson, Þorstein Loftsson, Júlíus Einarsson, Gísla Sigurðsson, Guðmund Davíðsson, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Einar Ferseth, Guðrúnu Sigurhjartardóttur, Jóhannes Sigurðsson, Gunnlaug Einarsson, Jón B. Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Guðmund Fr. Guðmundsson, Ástríði Jónsdóttur, Dagrúnu Bjarnadóttur, Kristmund Einarsson, Guðrúnu Sveinsdóttur, Stefán Þorstein Sigurjónsson, Guðlaug Sigurðsson, Helgu Guðmundsdóttur, Harald Sölvason, Jón Guðjónsson, Indriða Guðjónsson, Óla Ferseth, Óskar Garibaldason og Áka Jakobsson til að greiða in solidum allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn hefir dæmt 32 hinna ákærðu „sbr. 202. gr.“ hegningarlaganna. Um suma þeirra er ekkert upplýst um það, að þeir hafi komið fram við nokkurn einstakan mann ofbeldi, er 202. gr. hegningarlaganna taki til. Og í öðru lagi á ríkisvaldið ekki sókn á brotum, er 202. gr. tekur til. Einnig hefir héraðsdómarinn dæmt hina sömu 32 eftir 104. gr. hegningarlaganna, og þó ákveðið refsingu þeirra allmargra neðan við refsilágmark þeirrar greinar, án þess að sérstök heimild væri til þess. Tvö hinna ákærðu eru dæmd aðeins eftir 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, en skilorðsbundið, og er eigi

heimild til slíks, sjá lög nr. 57/1933. Hegningarvottorð allmargra vantar og engra fæðingarvottorða virðist héraðsdómarinn hafa aflað, og er þetta sérstaklega athugavert um ákærðu Dagrúnu Bjarnadóttur og Óla Ferseth.

Atburðir þeir, er mál þetta er af risið, gerðust 13. maí 1934. Rannsókn málsins lýkur 12. marz 1935, og stefna er útgefin 13. apríl s. á. Þingfest er málið 18. maí s. á., og veitir dómarinn hinum ákærðu þá frest til varnar til 14. des. 1935 og lánar þeim málsskjölin. Þá mætir einn hinna ákærðu, en hefir ekki skjölin, og er þá veittur frestur til 14. febrúar 1936. Þá er málið loks tekið til dóms. Dómur er kveðinn upp 21. marz s. á. og birtur á tímabilinu 12. maí til 21. júlí s. á. Þann 26. nóv. er gefin út áfrýjunarstefna eftir kröfu 31 hinna ákærðu og 17. febrúar þ. á. er málinu einnig stefnt til hæstaréttar um þá 3, er ekki virðast hafa óskað áfrýjunar. Virðist því nokkur aðfinnsluverður dráttur hafa orðið á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu Guðmundur Einarsson, Óskar Berg, Einar Indriðason og Sigríður Sigurðardóttir eiga að vera sýkn af kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Hinir ákærðu Aðalbjörn Pétursson, Gunnar Jóhannsson, Þóroddur Guðmundsson og Guðmundur Davíðsson sæti hver um sig 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Einar Ferseth sæti 135 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinir ákærðu Þorsteinn Loftsson, Gunnlaugur

Einarsson, Guðmundur Fr. Guðmundsson, og Óskar Garibaldason sæti hver um sig 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærða Helga Guðmundsdóttir sæti 110 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hin ákærðu Harða Guðmundsdóttir, Steinþóra Einarsdóttir og Stefán Þorsteinn Sigurjónsson sæti hvert um sig 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hin ákærðu Júlíus Einarsson, Gísli Sigurðsson, Anna Guðmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Guðrún Sigurhjartardóttir, Jóhannes Sigurðsson, Jón B. Valfells, Ástríður Jónsdóttir, Kristmundur Einarsson, Guðrún Sveinsdóttir, Guðlaugur Sigurðsson, Haraldur Sölvason, Jón Guðjónsson, Indriði Guðjónsson og Áki Jakobsson sæti hvert um sig 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hin ákærðu Dagrún Bjarnadóttir og Óli Ferseth sæti hvort um sig 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fresta skal framkvæmd refsingar hinna ákærðu Júlíusar Einarssonar, Gísla Sigurðssonar, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Guðrúnar Sigurhjartardóttur, Jóhannesar Sigurðssonar, Jóns B. Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Ástríðar Jónsdóttur, Dagrúnar Bjarnadóttur, Kristmundar Einarssonar, Guðrúnar Sveinsdóttur, Stefáns

Þorsteins Sigurjónssonar, Guðlaugs Sigurðssonar, Helgu Guðmundsdóttur, Haralds Sölvasonar, Jóns Guðjónssonar, Indriða Guðjónssonar, Óla Ferseth og Áka Jakobssonar, og niður skal hún falla fyrir hvert einstakt þeirra að 5 árum liðnum, ef það heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Hin ákærðu Aðalbjörn Pétursson, Gunnar Jóhannsson, Þóroddur Guðmundsson, Guðmundur Davíðsson, Einar Ferseth, Þorsteinn Loftsson, Gunnlaugur Einarsson, Guðmundur Fr. Guðmundsson, Óskar Garibaldason, Helga Guðmundsdóttir, Harða Guðmundsdóttir, Steinþóra Einarsdóttir, Stefán Þorsteinn Sigurjónsson, Júlíus Einarsson, Gísli Sigurðsson, Anna Guðmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Guðrún Sigurhjartardóttir, Jóhannes Sigurðsson, Jón B. Valfells, Ástríður Jónsdóttir, Kristmundur Einarsson, Guðrún Sveinsdóttir, Guðlaugur Sigurðsson, Haraldur Sölvason, Jón Guðjónsson, Indriði Guðjónsson, Áki Jakobsson, Dagrún Bjarnadóttir og Óli Ferseth greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Theódórs B. Líndal, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn fyrrgreindum kærðum fyrir brot á XII. og XVIII. kafla refsilaganna og lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

11. maí 1934 kom e/s Dettifoss til Siglufjarðar, og lýsti þá kærður Þóroddur Guðmundsson fyrir hönd Verkalýðssambands Norðurlands (V. S. N.) því yfir, að afgreiðslubann væri lagt á skipið og að uppskipun yrði hindruð með valdi, ef á þyrfti að halda. Fór skipið svo búið héðan, en kom hingað 13. s. m. Hafði afgreiðsla skipsins beðið um aðstoð lögreglunnar og þáverandi dómsmálaráðherra lagt fyrir lögreglustjórann á Siglufirði að beita valdi til þess að tryggja vinnufrið við skipið við upp- og útskipun. Kvaddi lögreglustjóri lögregluþjóna bæjarins og allmarga borgara bæjarins til varnar, og tóku þeir sér varnarstöðu á hafnarbryggjunni áður en skipið kom, hlóðu fyrirhleðslu á bryggjunni og festu upp auglýsingar um, að aðganga væri bönnuð. Þegar skipið var lagzt að bryggjunni, hélt Þóroddur Guðmundsson, ásamt fjölda manns, niður að hafnarbryggjunni, og staðnæmdust þeir við fyrirhleðsluna. Bar einkum á honum og meðkærðum Aðalbirni Péturssyni og Gunnari Jóhannssyni, og hvöttu þeir lið það, er þeim fylgdi, til þess að ráðast yfir fyrirhleðsluna, þar sem lögreglustjóri og varnarlið það, sem hann hafði kvatt til varnar, hafði tekið sér varnarstöðu við. Lýsti lögreglustjóri banni við að fara inn fyrir fyrirhleðsluna og skipaði fólkinu fyrir utan fyrirhleðsluna burtu, en það skeytti því engu, og gerðu ýmsir hinna kærðu tilraun til að komast yfir til þess að hindra upp- og útskipun, sem var byrjuð.

Hinir ákærðu krefjast sýknu, þar eð þeir hafi gert samning við afgreiðslumann Eimskipafélags Íslands á staðnum um, að „málshöfðanir og skaðabótakröfur falli niður af beggja hálfu í þessu máli".

Á þenna skilning verður ekki fallizt. Þar eð ákæruvaldið hefir fyrirskipað málshöfðun þessa, er auðsætt, að það vill ekki uppgjöf saka af hálfu þess opinbera, enda ber samningurinn það ekki með sér, að svo hafi verið gert, og ekkert framkomið, er bendi til þess. Samningurinn ræðir að eins um, að málshöfðanir og skaðabótakröfur

aðilja skuli falla niður, eða réttara sagt hugsanlegur réttur aðilja til málshöfðana og skaðabóta.

Dómarinn getur þess, að sakamál þetta hafi í fyrstu dregizt vegna þess, að dómarinn hafi verið þeirrar skoðunar, að yfirákæruvaldið ætlaði að skipa annan dómara til þess að fara með þetta mál, en er honum varð það augljóst, að svo var eigi, hafi málið enn dregizt vegna burtveru dómarans og sumra kærðu og vegna þess, hve sakborningar eru langt hver frá öðrum, en telja varð rétt að veita þeim langan frest þess vegna.

Að því er snertir sök hvers einstaks þeirra kærðu skal tekið fram:

Með vitnisburði fjölda eiðfastra vitna er það sannað, að Aðalbjörn Pétursson hvatti lið sitt til áhlaups á fyrirhleðsluna og að hann var með þeim fremstu í áhlaupinu og komst inn fyrir fyrirhleðsluna og skar á vatnsslöngur bæjarins, sem lögregluliðið notaði sér til varnar með því að beina vatninu úr slöngunum að árásarmönnunum. Var tekinn af honum hnífur, og steinar fundust í vasa hans. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum.

Fjöldi eiðfestra vitna heyrðu kærðan Gunnar Jóhannsson hvetja árásarliðið til áhlaups, og 2 eiðfest vitni hafa borið, að þau hafi heyrt hann hvetja árásarliðið til þess að kasta grjóti á varnarliðið, og fleiri eiðfest vitni sáu hann bera grjót niður til árásarliðsins, 2 vitni hafa séð hann kasta grjóti að varnarliðinu. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum.

Fjöldi eiðfestra vitna heyrðu kærðan Þórodd Guðmundsson hvetja lið sitt til áhlaups að varnarliðinu og sáu hann kasta grjóti og kolum að varnarliðinu, og sannað er, að hann réðist mót einum varnarliðsmanni og reyndi að berja hann. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum.

Þessir 3 sökunautar hafa með dómi hæstaréttar 22. febrúar 1935 verið dæmdir í einfalt fangelsi, Þóroddur Guðmundsson um 3 mánuði, hinir í 2 mánuði, og höfðu þeir sig mest í frammi, einkum Þóroddur.

Hafa þeir með atferli sínu gerzt brotlegir gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsing þeirra þannig, að Þóroddur Guðmundsson sæti 5 mánaða einföldu fangelsi, Aðalbjörn Pétursson sæti 4 mánaða ein-

földu fangelsi, en Gunnar Jóhannsson sæti 3 mánaða einföldu fangelsi.

En aðrir hinna kærðu hafa eigi sætt refsingu af hálfu þess opinbera.

Fjöldi eiðfestra vitna sáu Þorstein Loftsson með þeim fremstu í áhlaupinu á lögregluvarnarliðið. Fleiri vitni sáu hann reiða spýtu til höggs að varnarliðsmanni, og eitt vitni sá hann berja hann, kasta grjóti og spýtum að varnarliðinu. Sjálfur segist kærður hafa tekið þátt í árásinni, en engan barið fyrr en hann sjálfur hafi verið barinn og kveðst ekki muna til, að hann hafi kastað grjóti að varnarliðinu, hann komst og inn fyrir fyrirhleðsluna, en varð að hverfa frá.

Hefir kærður Þorsteinn Loftsson með þessu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 4 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún falla niður að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni hafa borið, að kærður Júlíus Einarsson hafi verið með þeim fremstu í árásinni, og eitt vitnið borið, að það hafi séð hann henda grjóti á lögregluvarnarliðið. Sjálfur viðurkennir hann að hafa verið með í árásinni, en neitar að hafa kastað grjóti. Á varnarliðinu kveðst kærður ekki hafa barið meir en það á sér.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni hafa borið, að kærður Gísli Sigurðsson hafi verið með þeim fremstu í árásinni. Eitt vitni ber, að það hafi séð hann kasta að varnarliðinu grjóti, annað vitni, að það hafi séð hann kasta grjóti eða kolum. Eitt vitni ber, að hann hafi barið sig með þaraþöngli í andlitið. Í réttinum hefir hann neitað að svara spurningum dómarans.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni hafa borið, að þau hafi séð kærðan Guð-

mund Davíðsson með þeim fremstu í árásinni, fleiri vitni sáu hann reyna að berja einn varnarliðsmanninn með spýtu með því að reiða spýtuna til höggs, og eitt vitni sá hann berja einn varnarliðsmann, svo að sár varð af. 2 vitni sáu hann kasta grjóti.

Sjálfur viðurkennir Guðmundur að hafa verið með í árásinni, en neitar að hafa barið nokkurn og neitar að svara frekari spurningum.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að þau hafi séð kærðu Önnu Guðmundsdóttur kasta kolum að lögregluvarnarliðinu, og Maríu Guðmundsdóttur kasta kolum að lögregluvarnarliðinu, og eitt vitni, að þær hafi kastað grjóti. Sjálfar hafa þær neitað að svara í réttinum spurningum dómarans.

Hafa kærðar því með atferli sínu gerzt brotlegar gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin hjá hvorri um sig 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að þau hafi séð Hörðu Guðmundsdóttur kasta grjóti og kolum að lögregluvarnarliðinu. Eitt vitni ber, að hún hafi tekið tilhlaup til þess að kasta steinum. Sjálf hefir hún í réttinum neitað að svara spurningum dómarans.

Hefir því kærð með þessu atferli sínu gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fjöldi eiðfestra vitna hafa borið, að þau hafi séð Einar Ferseth kasta grjóti „í ákafa og í sífellu“ að varnarliðinu. Hefir hann haft sig mjög í frammi í árásinni, og vitnisburður eins vitnis er um, að 2 menn hafi hlotið meiðsl af grjótkastinu. Sjálfur kannast hann við að hafa verið með í árásinni, en neitar í réttinum að svara spurningum dómarans.

Sakborningur hefir með þessu gerzt brotlegur gegn 99.

gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 4 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá Guðmund Einarsson kasta grjóti að varnarliðinu, og sannað er, að sakborningur var með í árásarliðinu, en sjálfur hefir hann neitað í rétti að svara spurningum dómarans.

Verður hann að teljast sannur að sök um þátttöku í árásinni, og álízt hann með því hafa gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni ber, að það hafi séð, að Óskar Berg hafi kastað einum steini að varnarliðinu, en hann kveðst að vísu hafa verið í hópi árásarliðsins, en komið aðeins til að horfa á, en engu kastað að varnarliðinu eða gert af sér. En með því að blanda sér í hóp árásarmanna hefir hann gerzt sekur um refsivert athæfi, eins og á stóð, og gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin eins mánaðar einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni ber, að það hafi séð Einar Indriðason kasta kolum að varnarliðinu. Sjálfur segist hann hafa verið framarla í árásarliðinu, en að eins verið sem áhorfandi. Hann hafi engu kastað að varnarliðinu.

Með fylgd sinni í árásarliðinu hefir hann gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsing hans 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni bera, að þau hafi séð Guðrúnu Sigurhjartardóttur kasta steinum að varnarliðinu. Sjálf kveðst hún engu hafa kastað og að eins hafa komið til þess að taka á móti systur sinni, er kom með Dettifossi að hafnarbryggjunni. Það verður að telja sannað, að hún sé sek um grjótkastið og hún með því hafi gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, en með tilliti til æsku hennar ákveðst refsingin 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal

refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að kærður Jóhannes Sigurðsson hafi verið með þeim fremstu í árásinni. Eitt vitni ber, að það hafi séð hann kasta grjóti að varnarliðinu. Einn varnarliðsmaður ber, að hann hafi ráðizt á sig og velt sér niður, þar sem hann stóð til varnar. Sjálfur neitar hann í réttinum að svara spurningum dómarans.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni bera, að þau hafi séð, að kærður Gunnlaugur Einarsson kastaði kolum að varnarliðinu. Eftir framburði 2 vitna réðist hann að einum lögregluvarnarliðsmanni og barði hann í höfuðið. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum spurningum dómarans.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal frestað og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni sáu kærðan Jón B. Valfells taka upp 2 steina og rétta drengjum, og var þessum báðum steinum beint að varnarliðinu. Eitt vitni ber, að það sæi hann með stein í hendi og heyrði hann segja, að rétt væri að kasta honum á varnarliðið, og mæltist til þess við vitnið, að það kastaði honum, og sagði á þá leið, að rétt væri að vera duglegur að kasta á varnarliðið. Annað vitni sá kærðan taka upp 2 steina, ganga með þá til fyrrnefnds vitnis, en heyrði ekki, hvað kærður sagði við það vitni. Hinsvegar heyrði vitni nr. 1 hitt vitnið segja, að kærður hefði mælzt til þess við sig (vitni nr. 1), að það kastaði steininum á lögregluvarnarliðið. Þriðja vitni ber, að það hafi séð kærðan rétta manni stein og heyrt kærðan segja við hann, að hann skyldi kasta steininum, en sá maður gefið kærðum í skyn, að ef hann kastaði steininum, myndi hann kasta honum í kærðan. Fjórða vitnið ber, að það hafi heyrt kærðan segja: „Nú skal varnarliðið fá vaskið með grjótkastið.“ Kærður neitar öllum þessum framburðum og telur þetta tilhæfulaust.

Það verður að telja sannað, að kærður hafi með þessu atferli sínu hjálpað til með grjótkastið á lögregluvarnarliðið og með því gerzt brotlegar gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá kærðu Steinþóru Einarsdóttur kasta fleiri steinum að varnarliðinu. 3—4 vitni hafa borið, að þau hafi séð hana berja 2 varnarliðsmenn með vatnsslöngubút. Eitt vitni ber, að það hafi séð hana taka einn stein og kasta að varnarliðinu. Eitt vitni ber, að hún hafi hvatt til grjótkastsins. Sjálf hefir kærð neitað í réttinum að svara spurningum dómarans.

Kærð hefir með atferli sínu gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Um kærðu Sigríði Sigurðardóttur hefir eigi sannazt annað en hún var í árásarliðinu, er því lenti saman við lögregluvarnarliðið, en nægileg gögn eru eigi fram komin, er hnekki framburði hennar um, að hún hafi ekki verið með í árásarliðinu, er það fór niður að hafnarbryggjunni, heldur komið þangað, er flokkarnir voru fyrir. Að vísu hefir eitt vitni borið, að hún hafi tekið upp stein, en gegn eindreginni neitun kærðrar verður slíkt ekki talið sannað. Hinsvegar átti kærðri að vera ljóst, að hún með veru sinni þarna braut á móti 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar frá 24. sept. 1929 sbr. 95. gr. lögreglusamþykktarinnar, enda hafði lögreglan fyrirskipað, að mannsöfnuðurinn skyldi tvístrast, en því eigi hlýtt.

Er kærð því brotleg gegn 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar sbr. 95 gr., og ákveðst refsingin 100 kr. sekt í bæjarsjóð, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni, sem stóð hjá, ber, að það hafi séð kærðan Guðmund Fr. Guðmundsson kasta 2 steinum á varnarliðið, annað vitni ber, að hann hafi hvatt til þess að rífa burtu fyrirhleðsluna og „storma“ varnarliðið. 2 vitni bera, að þau hafi séð hann kasta einum steini og annað vitnið, að annar þessara steina hafi komið á ákveðinn varnarliðsmann.

Sjálfur hefir sökunautur neitað að svara spurningum dómarans í réttinum.

Verður hann með þessu atferli sínu að teljast sannur að sök um þátttöku í árás á lögregluvarnarliðið og grjótkasti á það og með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni sáu kærðu Ástríði Jónsdóttur henda kolum að varnarliðinu, en sjálf hefir hún neitað að svara öllum spurningum í rannsókninni.

Fleiri vitni sáu kærðu Dagrúnu Bjarnadóttur Sædal kasta kolum að lögregluvarnarliðinu, en sjálf neitar hún að svara spurningum í rannsókninni.

Báðar hinar kærðu hafa með þessu gerzt brotlegar gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Einn lögregluliðsvarnarmaður ber, að kærður Kristmundur Einarsson hafi reynt, ásamt Einari Ferseth og Stefáni Þorsteini Sigurjónssyni, að ná sér yfir varnarlínuna og yfir í árásarliðið. Annað vitni ber, að kærður hafi steytt hamri við varnarlínuna. Sjálfur kannast kærður við að hafa verið með í árásinni og barið með hamri að fyrirhleðslunni, en neitar að hafa reynt að taka mann úr varnarliðinu eða gert nokkuð annað.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá kærðu Guðrúnu Sveinsdóttur í áhlaupsliðinu. Annað vitni sá hana kasta kolamola að varnarliðinu. Fjórða (svo) vitnið sá hana kasta kolum í sífellu að varnarliðinu. Sjálf segist hún að eins hafa verið með í fylkingu árásarliðsins, en ekkert gert af sér og engu kastað.

Með atferli sínu hefir hún gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún

niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá kærðan Jónas Ásgrímsson framarla í árásarliðinu. Sakborningur hefir eigi fundizt, er málshöfðun fór fram, og verður því að vísa málinu frá dómi, að því er hann snertir.

Fleiri vitni bera, að kærður Stefán Þorsteinn Sigurjónsson hafi verið framarla í árásarliðinu. Einn lögregluliðsvarnarmaður ber, að hann hafi tekið utan um vatnsslöngur bæjarins, er lögreglan notaði til varnar, og þannig hjálpað Aðalbirni Péturssyni til þess að skera á þær. Einn úr lögregluvarnarliðinu ber, að kærður hafi reynt að hafa sig yfir fyrirhleðsluna og yfir til árásarliðsins. Sjálfur kveðst mættur hafa hlaupið inn fyrir varnarlínuna, en ekki muna til, að hann hafi tekið utan um vatnsslöngurnar né reynt að toga varnarliðsmann út fyrir til árásarliðsins.

Með atferli sínu hefir hann gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá kærðan Guðlaug Sigurðsson kasta steinum á varnarliðið. Sjálfur kveðst kærður hafa verið með í árásarliðinu, en staðnæmzt við fyrirhleðsluna og ekkert gert til þess að komast yfir hana né hvatt nokkurn til þess, en fengið stein í fingurinn og við það orðið svo reiður, að hann fór að henda grjóti á lögregluvarnarliðið. Annars kveðst hann ekkert hafa ætlað að gera af sér.

Með atferli sínu hefir kærður brotið gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fjöldi vitna ber, að kærð Helga Guðmundsdóttir hafi kastað kolum og grjóti að varnarliðinu, og nokkur vitni, að hún hafi reynt að berja 2 varnarliðsmenn með hamri. Meiddist einn lögregluþjónn af þeim áverka.

Með verknaði sínum hefir hún gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Einn varnarliðsmaður ber, að kærður Haraldur Sölva-

son hafi reynt að taka sig yfir til árásarliðsins. Sjálfur segist kærður ekki hafa komið niður á hafnarbryggju í árásarskyni, en reiðst, er vatnsbuna kom á hann úr slöngum bæjarins, og togað þá í varnarliðsmanninn og reynt að toga hann yfir fyrirhleðsluna og út fyrir hana.

Verður að telja kærðan með þessu þátttakanda í árás á varnarliðið og brotlegan gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 lögregluþjónar bera, að kærður Jón Guðjónsson hafi verið með í árásarliðinu. Sjálfur viðurkennir kærður að hafa verið framarla í árásarliðinu, en hann hafi alls ekki komið í árásarskyni og engan þátt tekið í árásinni. Hann hafi eftir á vitað, að bannað var af lögreglunni að vera þar sem árásarliðið var, en hann mundi þó hafa verið þar sem hann var, þótt honum hefði verið kunnugt um bannið. Hann kveðst ekki hafa slegið til eða kastað til nokkurs manns.

Það verður nú eigi talið sannað, að kærður hafi gert neitt af sér annað en að vera með í árásarliðinu, en slíkt er refsivert, eins og á stóð, og brot gegn 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar 24. sept. 1929 sbr. 95. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og ákveðst refsingin 200 kr. sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, en refsingunni skal frestað og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 lögregluþjónar bera, að kærður Indriði Guðjónsson hafi verið með í árásarliðinu og hafi hann tekið utan um kylfu eins lögregluþjónsins. Kærður viðurkennir að hafa tekið utan um kylfu eins lögregluþjónsins til þess að hindra, að hann berði einn mann úr árásarliðinu, en hann hafi engan annan þátt átt í árásinni.

En þótt þátttaka kærðs væri ekki önnur en sú, er greind er, þá er hún refsiverð og er brot á 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

3 vitni bera, að kærður Óli Ferseth hafi kastað steinum að lögregluvarnarliðinu, og eitt vitnanna, að það hafi

tekið af honum stein. Sjálfur neitar kærður að svara öllum spurningum í rannsókninni.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin með sérstöku tilliti til æsku sökunauts 1 mánaðar einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fjöldi vitna sáu Óskar Garibaldason með þeim fremstu í áhlaupinu. 2 vitni sáu hann fara upp á kolaportið á bak við lögregluvarnarliðið og setja síðan 2 menn í sjóinn, þar sem stætt var. Einn lögregluþjónn ber, að hann hafi slegið sig stór högg á hendina með hnefanum. Sjálfur hefir sökunautur neitað að svara spurningum dómarans í réttinum.

Af þessari þátttöku kærðs er auðsætt, að hann hefir gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að kærður Áki Jakobsson hafi verið með í áhlaupinu. Eitt vitni ber, að hann hafi kastað grjóti að varnarliðinu. Sjálfur viðurkennir hann (kærður) að hafa verið með í áhlaupinu á lögregluvarnarliðið og eggjað árásarliðið til þess að gera árás á lögregluvarnarliðið, en neitar að hafa hent grjóti að varnarliðinu.

Verður að telja, að kærður hafi með þessu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Öll hin kærðu, nema Jónas Ásgrímsson, skulu greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, þar á meðal 30 kr. til málsvarnarmanns síns, Ingólfs Jónssonar.

Meðferð málsins í héraði hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 26. nóvember 1937.

Nr. 28/1937. **Bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs** (Pétur Magnússon)
gegn
Gísla Jónssyni og gagnsök
(Jón Ásbjörnsson).

Þóknun fyrir sölu á skipi.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 6. nóv. 1936: Stefndur, Steinn Steinsen bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, greiði stefnandanum, Gísla Jónssyni véla- og skipaumsjónarmanni í Reykjavík, kr. 500.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 28. febr. 1936 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 132.50.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinum áfrýjaða dómi hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu aðaláfrýjanda með stefnu dags. 18. marz þ. á., en af gagnáfrýjanda hálfu með stefnu dags. 18. maí þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 26. apríl þ. á.

Í aðalsök krefst aðaláfrýjandi þess *aðallega:* að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en *til vara:* að hin dæmda upphæð verði færð niður til mikilla muna. Verði aðalkrafan tekin til greina, krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum, en í sambandi við varakröfuna krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess *aðallega:* að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 1200.00 með 5% ársvöxtum frá 28. febr. 1936 til greiðsludags, en *til vara:* að dæmd upphæð verði hækkuð til muna eftir mati réttarins, og loks til *þrautavara:* að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann þess og, að málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verði staðfest, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir hæstarétti.

Málavextir eru þessir: Árið 1931 var stofnað á Akureyri „Samvinnufélag sjómanna". Keypti það m. a. og gerði út línuveiðarann „Þormóð", sem nú heitir „Geysir". Útgerð þessi bar sig ekki, og þann 15. nóv. 1932 var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Akureyrarbær hafði gengið í ábyrgð fyrir einhverju af skuldum félagsins, og nam ábyrgð hans vegna e/s „Þormóðs" sér í lagi, þegar gjaldþrotaskipti hófust, 68 þús. krónum. Með tilliti til verðmætis skipsins, og þar eð einnig hvíldu á því sjóveð, var auðsætt, að bærinn gat búizt við því, að þurfa að taka skipið til eignar og annast síðar sölu þess. Varð og sú raunin á, því að við nauðungaruppboð á skipinu þann 20. jan. 1933 varð bærinn hæstbjóðandi og hlaut skipið til eignar fyrir 41 þús. krónur.

Seint á árinu 1932, eftir að gjaldþrotaskipti hófust, fól bæjarstjóri Akureyrar skipstjóra e/s „Þormóðs" að fara þess á leit við gagnáfrýjanda, að hann útvegaði kaupanda að skipinu. Hóf gagnáfrýjandi þá tilraun til þess og auglýsti skipið til sölu í Morgunblaðinu. Ennfremur fóru fram þann 6. janúar 1933 skeytaskipti þau milli gagnáfrýjanda og Kristjáns skipstjóra Árnasonar á Bíldudal, sem tilfærð eru í héraðsdóminum, og, eins og þar greinir, tjáði Kristján

sig, ásamt fleirum, fúsan til að kaupa skipið, en þó fyrir mun lægra verð og með öðrum greiðsluskilmála en gagnáfrýjandi hafði tilgreint í skeyti sínu. Lengra virðist ekki hafa verið komið tilraunum gagnáfrýjanda um útvegun kaupanda að skipinu, þegar bæjarstjóri Akureyrar kom til Reykjavíkur síðar í janúarmánuði 1933. Hætti þá gagnáfrýjandi tilraunum sínum, en bæjarstjórinn tók sjálfur við. Fór svo, að félag manna á Bíldudal, sem Kristján Árnason var einn þátttakandinn í, samþykkti í skeyti til bæjarstjórans kaup á skipinu þann 10. febr. næst á eftir, en endanlegur kaupsamningur var gerður þann 16. nóv. 1933, og kaupverð ákveðið 60 þús. krónur.

Gagnáfrýjandi reisir aðalkröfu sína á því, að hann hafi komið sölunni á, og eigi því rétt til fullra sölulauna, sem hann reiknar 2% af söluverði skipsins. Varakröfu sína miðar hann við það, að honum verði dæmd þóknun fyrir útvegun kaupanda að skipinu. Aðaláfrýjandi rökstyður hinsvegar sýknukröfu sína með því, að bæjarstjóri Akureyrar hafi ekki skuldbundið bæinn, þegar hann fór þess á leit við gagnáfrýjanda, að hann útvegaði kaupanda að skipinu, því þá hafi það enn ekki verið orðin eign Akureyrarbæjar. Varakröfu sína miðar hann við það, að gagnáfrýjandi kunni að eiga rétt til smávægilegrar þóknunar fyrir starf sitt.

Á það má fallast, að bæjarstjórinn hafi verið að gæta hagsmuna bæjarins, þegar hann fól gagnáfrýjanda að útvega kauptilboð í skipið. Og þar sem bæjarstjórinn hefir ennfremur í bréfi til gagnáfrýjanda, dags. 11. des. 1933, viðurkennt, að hann ætti rétt til þóknunar fyrir starf sitt, þá verður sýknukrafa aðaláfrýjanda ekki tekin til greina. Hinsvegar verður

heldur ekki fallizt á aðalkröfu gagnáfrýjanda um, að honum verði ákveðin full sölulaun, þar eð sölusamningur komst ekki á fyrir milligöngu hans. En með tilliti til þess annarsvegar, að hann hafði komið á sambandi milli bæjarstjórans og manna þeirra, sem kaupendur gerðust að skipinu, og hinsvegar með hliðsjón af því, að ekki hafði enn náðst samkomulag um kaupverð skipsins né greiðsluskilmála, þegar gagnáfrýjandi hætti tilraunum sínum, þá þykir þóknun hans hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 500 krónur. Og með því að einnig má fallast á ákvæði hins áfrýjaða dóms um vexti og málskostnað, þá ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Gísla Jónssyni, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað Gísli Jónsson, véla og skipaumsjónarmaður í Reykjavík, eftir árangurslausa sáttatilraun, fyrir aukarétti Akureyrar með stefnu dags. 27. marz síðastl. gegn Steini Steinsen bæjarstjóra til þess að fá hann fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar dæmdan til greiðslu skuldar kr. 1427.40 aur., ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 28. febr. 1936 til greiðsludags og málskostnaðar

að skaðlausu, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 182.50 aurar. Af skuld þessari eru kr. 227.40 aur. innheimtulaun fyrir sjódómskröfu, en kr. 1200.00 aur. þóknun fyrir aðstoð við sölu á e/s Þormóði árið 1933. Undir rekstri málsins hefir umboðsmaður stefnandans gert 800 kr. sem varakröfu fyrir þóknun við söluna og þrautavarakröfu gerir hann þá, að þóknun fyrir söluna verði ákveðin af réttinum, og kröfuna um málskostnað færir hann til vara niður í samræmi við það, ef þóknunin fyrir söluna yrði færð niður.

Stefndur hefir viðurkennt innheimtulaunin fyrir sjódómskröfunni, kr. 227.40 aur. og boðið þær fram í réttinum og greitt þær.

Stefndur segir aftur, að óþarfi hafi verið að fara í mál út af innheimtulaununum, þar sem bærinn hafi verið reiðubúinn að greiða þau, en hinsvegar heldur stefnandinn því fram, að málsóknar hafi þurft til að fá þau greidd, enda drægi bærinn greiðslur. Þar sem svo langur dráttur er orðinn á greiðslunni, fellst rétturinn á, að ástæða hafi getað verið til að fara í mál.

Aðalágreiningurinn snýst um þóknun fyrir sölu á e/s Þormóði, og virðast málavextir þessir:

Akureyrarbær selur h/f Verðanda (svo) á Bíldudal, sem stofnað var 28. jan. 1933, skipið Þormóð. Bærinn keypti skipið, sem var eign „Samvinnufélags sjómanna", 20. jan. 1933. Var bærinn í ábyrgð við bankann fyrir samvinnufélagið, og voru kaupin gerð, að því er virðist, til þess að fá sem mest upp í tap bæjarins. Stefnandinn hefir haldið því fram, að hann hafi fengið skilaboð frá þáverandi bæjarstjóra, Jóni Sveinssyni, um að útvega sölutilboð í Þormóð, og segir svo, að þessi skilaboð hafi verið staðfest munnlega í viðtali við bæjarstjórann, svo og í símtali. Því til sönnunar, að stefnandinn hafi bent á seljanda að skipinu, segist hann 6. jan. 1933 hafa sent kaupanda svohljóðandi símskeyti: „Mynduð þér vilja sinna kaupum Þormóði 65000 kr. 20000 kr. staðgreiðsla, afborgun 150 skp. þessum vertíðar fiski 1000 síldarmál júlí, eftirstöðvar eftir samkomulagi."

Svohljóðandi svar segist hann hafa móttekið: „Viljum kaupa Þormóð eftir ríkisskoðun 50000 kr. staðgreiðsla

10000 kr. 10000 kr. 1. okt. næstk. eftirstöðvar eftir samkomulagi."

Stefnandi segir, að hann hafi eftir móttöku þessa svars gefið bæjarstjóra upp nafn kaupanda, og hafi því lokið svo, að kaupandi hafi keypt skipið.

Umboðsmaður stefnds hefir mótmælt því, að Kristján Árnason skipstjóri, sem skeytin voru send til, hafi komið fram fyrir „Verðanda", sem keypti skipið. Segir hann, að Kristján hafi verið að leita að skipi fyrir sjálfan sig. Vottorð liggur fyrir í málinu frá fyrrv. stjórn Verðanda um, að stefnandinn hafi boðið þeim skipið. Vottorðinu er mótmælt. Aðalyfirlýsingarnar um þetta atriði virðast vera í réttarskjali 5, bréfi þáverandi bæjarstjóra til stefnandans. Í þessu skjali sést það greinilega og er viðurkennt af þáverandi bæjarstjóra, Jóni Sveinssyni, að hann hafi sent skilaboð til stefnandans um að útvega kauptilboð í skipið, og réttarskjalið virðist einnig fela í sér viðurkenningu á því, að stefnandinn hafi bent á „Verðanda" sem kaupanda. Hinsvegar mótmælir Jón Sveinsson bæjarstjóri því ákveðið í bréfinu, að hann hafi gefið stefnanda umboð til að selja skipið, og hann mótmælir því einnig, að hann eigi að fá 1200 kr. í sölulaun, enda hafi hann, bæjarstjórinn, fengið lögfræðing til að koma sölunni í gegn.

Umboðsmaður stefnds hefir nú haldið því fram, að þegar Jón Sveinsson bæjarstjóri sendi skilaboðin til stefnandans, þá hafi bærinn ekki verið eigandi skipsins. Hann hafi því á því stigi ekki getað gefið stefnandanum umboð til að selja skipið. Enn segir hann, að Jón Sveinsson bæjarstjóri hafi verið eftirlitsmaður samvinnufélagsins og hafi því, að því er virðist, fyrir þeirra hönd óskað eftir, að vísað væri á kaupanda, en því er mótmælt, að Jón Sveinsson hafi verið í þeirri aðstöðu til samvinnufélagsins, að hann hafi getað borið þessa beiðni fram fyrir þeirra hönd. Enn tekur umboðsmaður stefnds það fram, að stefnandinn hafi eigi getað útvegað tilboð í skipið hjá „Verðanda", því á því tímabili, sem stefnandinn vann að því að útvega tilboð í skipið, var „Verðandi" ekki orðinn til, enda ekki stofnaður fyrr en 28. jan. 1933. Hinsvegar segir umboðsmaður stefnandans, að þó félagið hafi ekki verið „formelt" orðið til, þá hafi einmitt á greindu tímabili

verið að vinna að stofnun þess, einmitt með það fyrir augum að kaupa skipið.

Rétturinn lítur svo á, að vel megi vera, að bæjarstjóri Jón Sveinsson hafi aldrei ætlað að gefa stefnandanum umboð til að selja skipið Þormóð, en stefnandinn hafði rétt til að skilja skilaboðin, er hann fékk frá bæjarstjóranum á þann hátt, að ætlazt væri til þess, að hann inni að sölunni. Og af því, sem fram er komið í málinu, verður eigi annað séð, en að stefnandinn hafi vísað á kaupandann, sem staðreynd er, að keypti skipið. Það ber einnig að líta svo á, að stefnandinn hafi haft fulla ástæðu til að ályktа, að Jón Sveinsson hefði sem bæjarstjóri sent honum áðurgreind skilaboð, þegar annað eigi var tekið fram, enda verður það að skoðast hyggileg ráðstöfun hjá Jóni Sveinssyni bæjarstjóra, eftir því sem fyrir lá, að leitast fyrir um kaupanda að skipinu, þó það formlega væri ekki orðið eign bæjarins, þar sem hann eðlilega hefir séð fyrir, að að því mundi reka, að bærinn yrði að kaupa skipið. Umboðsmaður stefnds hefir aftur sýnt fram á, að það hafi verið miklum örðugleikum bundið og því samfara mikill kostnaður, að koma sölunni í gegn, enda þó bent væri á kaupandann, og þykir því með sérstöku tilliti til þess, að stefnandinn ekki er málafærslumaður, ekki ástæða til að binda sig við 2% af söluverðinu, en hinsvegar ber að taka þrautavarakröfu stefnandans til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 500.00 þóknun fyrir afskipti hans af sölunni, ásamt 5% frá 28. febr. 1936 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 132.50.

Föstudaginn 3. desember 1937.

Nr. 43/1936. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Páli Valdemar Guðmundssyni Kolka,
Kjartani Guðmundssyni
(Sveinbjörn Jónsson)
og
Kristjáni Egilssyni (Eggert Claessen).

Ívilnun lánardrottna þrotabús.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 23. okt. 1935: Ákærðir Páll Valdemar Guðmundsson Kolka og Kjartan Guðmundsson sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi hvor, og skulu þeir sviptir rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærður Kristján Egilsson sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingar hans skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærðir Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson greiði að hálfu hvor málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., 100 kr.

Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun talsmanns síns í málinu, Ástþórs Matthíassonar lögfræðings, 50 krónur.

Allan annan kostnað málsins greiði ákærðir allir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir verið haldin framhaldsréttarrannsókn í máli þessu, og hafa hinir ákærðu Páll Kolka og Kjartan Guðmundsson verið yfirheyrðir. Hefir ákærður Páll Kolka nú

viljað taka aftur játningu þá, er hann við hina upphaflegu réttarrannsókn gerði um það, að hann hefði þann 31. júlí 1931 talið h/f Frey insolvent og gjaldþrot félags þessa yfirvofandi. Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir einnig viljað taka aftur játningu sína um, að honum þann 31. júlí 1931 hafi verið það ljóst, að h/f Freyr væri þá insolvent. Kveða hinir ákærðu téðar játningar á misminni og misskilningi byggðar. Segja þeir nú, að þeir hafi fyrst eftir áramótin 1931—1932 verið farnir að álíta h/f Frey insolvent, og að gjaldþrot þess væri yfirvofandi, en augljóst hafi ástand hlutafélagsins verið orðið í marzmánuði 1932. Vísa hinir ákærðu til þess, að í júlí 1931 hafi menn ekki vitað um verðhrun það á fiski, sem síðar varð á árinu, enda hafi atvinnurekstur h/f Freys verið í fullum gangi í júlí 1931 og talinn ábatavænlegur. Veðsetningin á fiskþurrkunarhúsi h/f Freys til firmans Kjartans Guðmundssonar & Co þann 4. október 1931 gerðist fyrst þeirra athafna, sem ákærðu eru gefnar að sök í máli þessu. Liggur þannig fyrst fyrir til athugunar, hvernig hagur h/f Freys hafi verið í öndverðum október 1931 og hvernig afkoma og afkomumöguleikar hlutafélags þessa hafi þá komið hinum ákærðu stjórnarnefndarmönnum þess fyrir sjónir. Við rannsókn þessara atriða verða játningar hinna ákærðu um fjárhag hlutafélagsins 31. júlí 1931, eins og þeim er háttað, ekki þyngstar á metunum, heldur önnur þau sönnunargögn, sem fram hafa komið við rannsókn málsins.

Efnahagsreikningur h/f Freys pr. $^{31}/_{12}$ 1930 er dagsettur þann 16. nóvember 1931 og lagður fram á hluthafafundi þann 21. s. m. Þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins hefir borið það sem vitni í málinu, að efnahagsreikningur þessi hafi

verið gerður seint um sumarið 1931. Kemur þessi framburður heim við það, að á hluthafafundi þann 4. október 1931 er bókað í gerðabók hlutafélagsins, að fundurinn feli stjórn félagsins að ráða endurskoðendur til endurskoðunar á reikningum hlutafélagsins fyrir árið 1930. Samkvæmt þessu verður að ætla, að téður efnahagsreikningur hafi verið gerður fyrir 4. október 1931, og þrátt fyrir neitun hinna ákærðu verður að ganga út frá því sem vísu, að þeir hafi fylgzt svo vel með rekstri hlutafélagsins, að þeir í byrjun október hafi vitað um niðurstöðutölur efnahagsreiknings þessa. Með því að gengið er frá efnahagsreikningnum fyrir 1930 á þeim tíma, er meta mátti afkomu þess árs í ljósi síðari atburða fram til reikningsgerðarinnar, þá verður reikningurinn mikilvægt sönnunargagn í þessu sambandi. Samkvæmt efnahagsreikningnum eru eignir félagsins taldar kr. 222937,49, en skuldir að hlutafé meðtöldu kr. 337696.06, og eru skuldir þannig umfram eignir kr. 114758.57, eða kr. 50758.57, ef hlutafé er ekki talið meðal skulda. Eignamatið á reikningnum verður að telja nógu hátt. Að vísu verður að telja mat á þerrireit hlutafélagsins of lágt, en þar á móti kemur til jöfnunar, að útistandandi skuldir hlutafélagsins eru taldar með nafnverði. Fiskbirgðir félagsins eru taldar kr. 57812.03, og þykir mega gera ráð fyrir, að við færslu þessa hafi verið tekið tillit til raunverulegs söluverðs fisksins. Í ársbyrjun 1931 töldu menn yfirleitt góðar horfur um sölu fisks, enda var verðið sæmilegt fyrri hluta ársins, en þegar kom fram á seinni hluta ársins, tók fiskverðið að falla, og í september var almennt farið að láta fisk í umboðssölu til Spánar, og komst verðið þá niður í 55—60 krónur skippundið. Þann 20. september var Englandsbanki

undanþeginn skyldu til gullinnlausnar, og féll þá sterlingspundið um 20%. Þá var og síðast í september settur 15% verðtollur á innfluttan fisk í Ítalíu. Urðu þessir atburðir til þess að draga úr söluhorfum fisks. Fyrri hluta ársins 1931 hafði h/f Freyr keypt mikið af fiski. Meiri hlutinn af fiski þessum var óseldur þann 1. október 1931, og jafnvel þótt ágóði hafi orðið af rekstri þurrkhúss hlutafélagsins frá 1. janúar til 1. október 1931 og nokkurri sölu fisks upp úr salti fyrra hluta sama árs, eins og ákærðir halda fram, þá hefir tjón hlutafélagsins á þeim fiskbirgðum, sem það átti 1. október, orðið miklu meira, enda eru skuldir hlutafélagsins um fram eignir samkvæmt efnahagsreikningi pr. $^{31}/_{12}$ 1931, sem færður hefir verið í dagbók, taldar kr. 63106.98, auk hlutafjárins. Við þenna reikning er það þó að athuga, að á honum eru fiskbirgðir taldar kr. 77000.00, en þær seldust einungis á kr. 50938.87. Þetta tap hlutafélagsins á fiskbirgðum ársins 1931 kemur skýrt fram á efnahagsreikningum hlutafélagsins, sem gerðir eru 1932. Samkvæmt efnahagsreikningi, sem dagsettur er 20. marz s. á. og gerður var vegna tilrauna hlutafélagsins til að fá samninga við skuldheimtumenn sína um niðurfærslu skulda, eru skuldir um fram eignir taldar kr. 87966,49, auk hlutafjárins, og samkvæmt efnahagsreikningi, sem skiptaráðanda var sendur með beiðni hlutafélagsins um gjaldþrotaskipti, eru skuldir umfram eignir taldar kr. 96071.19, auk hlutafjárins. En í þessu sambandi ber að geta þess, að fiskverð var öllu hærra á árinu 1932 en síðari hluta ársins 1931, og að h/f Freyr keypti engan fisk á árinu 1932, og var þess vegna ekki um tap á slíkum fiskkaupum að tefla. Af framangreindum ástæðum verður að telja, að verðhrun það á fiski,

sem varð í september 1931, hafi eyðilagt fjárhagsafkomu h/f Freys, sem var mjög veik fyrir, og að ástand hlutafélagsins á árinu 1932 og gjaldþrot þess í janúar 1933 hafi verið afleiðing af téðu verðfalli og í órofnu sambandi við það.

Samkvæmt atriðum þeim, sem talin hafa verið, verður að telja, að hinir ákærðu hafi í byrjun októbermánaðar 1931 hlotið að sjá, að hagur h/f Freys og afkomumöguleikar voru orðnir svo slæmir, að ráðstöfunum vegna hlutafélags þessa yrði að haga með gjaldþrot þess fyrir augum. Koma þá til athugunar verknaðir þeir, sem hinum ákærðu eru að sök gefnir.

1. Svo sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, mæltist ákærður Kjartan Guðmundsson til þess á hluthafafundi þeim, sem haldinn var 4. október 1931, að fiskþurrkunarhús h/f Freys væri veðsett firmanu Kjartan Guðmundsson & Co með II. veðrétti, næst á eftir 15000 króna veðskuld við Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, til tryggingar lánum, að fjárhæð kr. 30000.00, sem téð firma hafði áður veitt hlutafélaginu. Var þetta samþykkt á hluthafafundinum með atkvæðum allra fundarmanna, nema Kristjáns Egilssonar og eins hluthafa til. Samdægurs gáfu ákærðu Páll Kolka og Kjartan Guðmundsson út veðskuldabréf samkvæmt fundarsamþykktinni, og varðar þessi verknaður þá refsingu, Kjartan Guðmundsson, sem er meðeigandi firmans Kjartan Guðmundsson & Co, samkvæmt analógíu 262. gr. hegningarlaganna, og ákærða Pál Kolka samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna.

2. Í forsendum hins áfrýjaða dóms er lýst afskiptum hinna ákærðu af víxli þeim, að fjárhæð kr. 1483,81, sem framkvæmdastjóri h/f Freys, Theódór

Jónsson, samþykkti f. h. hlutafélagsins fyrir innieign ákærða Páls Kolka hjá félaginu. Það verður ekki talið, að útgáfa og framlenging víxils þessa séu, eins og á stóð, refsiverðar athafnir, með því að hér er einungis um réttarfarshagræði að ræða til handa kröfuhafanum. Um greiðslu víxils þessa er það upplýst, að útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum fékk andvirði hans af fiskveðum, sem seld höfðu verið bankanum til tryggingar öðrum víxlum. Við greiðslu oftnefnds víxils varð bankinn þannig að sama skapi almennur kröfuhafi í bú hlutafélagsins fyrir öðrum víxilskuldum. Hefir þess vegna engum kröfuhafa verið ívilnað fram yfir annan í sambandi við víxilinn, og ber því að sýkna hina ákærðu af þessu kæruatriði.

3. Á hluthafafundi í h/f Frey þann 21. desember 1931 var ályktun gerð um eftirtöld málefni:

a) Fundarmenn guldu jákvæði sitt við því, að hinir ákærðu höfðu þann 5. s. m. veðsett útibúi Útvegsbankans í Vestmannaeyjum með III. veðrétti þurrkhús hlutafélagsins fyrir 29000 króna skuld, sem áður hafði verið stofnuð. Má fallast á athugasemdir héraðsdómarans um veðsetningu þessa, og þar með, að allir hinir ákærðu hafi með henni orðið brotlegir við 263. gr. hegningarlaganna.

b) Á sama hluthafafundi var samþykkt veðsetning á húseign hlutafélagsins Geirseyri til Olíuverzlun Íslands h/f með II. veðrétti fyrir 10000 króna skuld, en þann 10. febrúar 1931 höfðu allir hinir ákærðu framkvæmt veðsetningu þessa, en öfluðu ekki samkvæðis hluthafafundar til hennar fyrr en nú. Með því að hinir ákærðu stjórnarnefndarmenn voru ekki bærir til að veðsetja fasteignir hlutafélagsins, nema að fengnu leyfi hluthafafundar, þá verður að miða

upphafstíma téðrar veðsetningar við hluthafafundinn 21. desember, en eins og þá var komið högum hlutafélagsins, var það hinum ákærðu saknæmt að afla sér heimildar til veðsetningarinnar, og skiptir engu máli í því efni, þótt ákærðu hefðu áður gagnvart þriðja manni færzt í fang að koma veðsetningunni til leiðar. Hafa allir hinir ákærðu því gerzt brotlegir við 263. gr. hegningarlaganna með athöfn þessari.

c) Loks var á hluthafafundinum 21. desember formlega samþykktur 1. veðréttur í fiskþurrkunarhúsi hlutafélagsins til Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja fyrir 15000 króna skuld, en veðskuldabréf þessa efnis hafði verið gefið út 6. desember 1929. Er þess getið í gerðabók hlutafélagsins, að veðskuldabréf þetta hafi að vísu upphaflega verið gefið út með vitund og vilja hluthafanna, en að sá annmarki hafi orðið á útgáfu þess, að það hafi verið undirritað af framkvæmdarstjóra hlutafélagsins í stað þess, að samkvæmt samþykktum hlutafélagsins beri stjórn félagsins að undirrita slík skjöl að fengnu leyfi hluthafafundar. Rannsókn málsins hefir ekkert beinzt að þessari veðsetningu, og hafa hinir ákærðu ekkert verið um hana spurðir. Að svo vöxnu máli verða hinir ákærðu ekki dæmdir til refsingar fyrir hana í máli þessu.

4. Það er rakið í hinum áfrýjaða dómi, með hverjum hætti hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Páll Kolka þann 19. marz 1932 f. h. hlutafélagsins settu hæstaréttarmálflutningsmanni Garðari Þorsteinssyni að handveði til tryggingar vinnukröfu Ríkharðs Sigmundssonar á hendur hlutafélaginu veðskuldabréf, sem Friðfinnur Finnsson hafði gefið út til h/f Freys og tryggt var með II. veðrétti í húseign-

inni nr. 22 við Heimagötu í Vestmannaeyjum. Með því að vinnukrafa þessi var meira en eins árs gömul og þess vegna ekki lengur forgangskrafa samkvæmt 83. gr. skiptalaganna, þá kemur það ekki ákærðu að gagni, þótt bú hlutafélagsins hafi reynzt fært um að greiða fargangskröfur. Varðar þessi verknaður hina ákærðu Kjartan Guðmundsson og Pál Kolka þess vegna refsingu samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna. Og ekki skiptir máli um saknæmi þessa verknaðar eða annara athafna, sem ákærðir frömdu um þessar mundir, að samningsumleitanir voru þá á döfinni við kröfuhafa hlutafélagsins um niðurfærslu skulda þess. Ákærðum ber allt að einu að haga ráðstöfunum sínum vegna hlutafélagsins með gjaldþrot þess fyrir augum.

5. Með skírskotun til þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, ber að sýkna hina ákærðu vegna greiðslna frá h/f Frey til Hermanns Benediktssonar og manna þeirra, er hann hafði umboð fyrir, vegna greiðslna til Björns málfærslumanns Kalman, ennfremur vegna greiðslu þeirrar, sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins, Carl Rosenkjær, innti af hendi af fé hlutafélagsins til útibús Útvegsbankans í Vestmannaeyjum þann 8. júní 1932, svo og loks vegna greiðslna þeirra, sem inntar voru af hendi til Útvegsbankans $^{27}/_{6}$ 1932.

6. Í hinum áfrýjaða dómi er lýst ýtarlega viðskiptum h/f Freys og Guðmundar Björnssonar á Siglufirði, en þau viðskipti leiddu til þess, að útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum tók að sér ábyrgð á og greiddi síðar kr. 7800.00 af dómkröfu, að fjárhæð kr. 14600.00, með vöxtum og kostnaði, sem Guðmundur öðlaðist á hendur hlutafélaginu, gegn því að ákærður Kjartan Guðmundsson þann 20. marz

1932 seldi f. h. firmans Kjartan Guðmundsson & Co útibúi Útvegsbankans að handveði 30000 króna veðskuldabréf það, sem firma þetta hafði fengið í fiskþurrkunarhúsi h/f Freys þann 4. október 1931. Það verður ekki talið saknæmt — að fráskildu því, sem síðar segir um handveðsetningu veðskuldabréfsins — að afla téðrar ábyrgðar útibús Útvegsbankans, því að hagur hlutafélagsins versnaði ekkert við það, þótt útibú Útvegsbankans greiddi Guðmundi Björnssyni kröfu hans og öðlaðist síðan tilsvarandi kröfu á hendur hlutafélaginu. Öðru máli gegnir um handveðsetningu á oftnefndu veðskuldabréfi til útibús Útvegsbankans. Hér var um veðrétt að tefla, sem bú hlutafélagsins hafði möguleika til að heimta til sín aftur frá firmanu Kjartan Guðmundsson & Co, en möguleikum til riftunar á veðrétti þessum var stefnt í hættu með handveðsetningunni til bankans, sbr. 28. gr. laga nr. 25 frá 1929, um gjaldþrotaskipti. Ber þess vegna að refsa ákærða Kjartani Guðmundssyni fyrir verknað þenna eftir 263. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar er ekki sannað, að ákærðir Kristján Egilsson og Páll Kolka hafi átt þátt í því að koma handveðsetningu þessari til leiðar, og ber því að sýkna þá af þessu kæruatriði.

7. Á hluthafafundi, sem haldinn var í h/f Frey þann 16. september 1932, var mættur forstjóri útibús Útvegsbankans í Vestmannaeyjum. Kvaðst hann mundi leggja til við aðalbankastjórnina, að h/f Freyr fengi hjálp bankans til þess að ná samkomulagi við skuldheimtumenn sína, en hlutafélagið hafði farið fram á þetta í bréfi til bankans 30. apríl s. á., ef firmað Kjartan Guðmundsson & Co framseldi bankanum að öllu leyti 30000 króna veðrétt þann, sem téð firma hafði í fiskþurrkunarhúsi h/f Freys og bank-

inn hafði áður fengið að handveði. Varð firmað Kjartan Guðmundsson & Co við þessari kröfu útibússtjórans, og er framsalsáritun firmans á veðskuldabréfið dagsett þann 17. september 1932. Við rannsókn málsins hefir ákærður Kjartan stöðugt haldið því fram, að framsal veðsins til bankans hafi verið þeirri forsendu bundið, að bankinn hlutaðist til um, að h/f Freyr yrði rétt við og kæmist að samkomulagi við skuldheimtumenn sína, og veðið þannig lagt fram gegn því, að samningar tækjust. Hefir þessi framburður ákærða fulla stoð í atvikum málsins. Verður þess vegna ekki talið, að hinir ákærðu hafi gerzt brotlegir við lög í sambandi við þetta framsal veðréttarins.

8. Þá eru hinir ákærðu sakaðir um að hafa gerzt brotlegir við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 25 frá 1929, um gjaldþrotaskipti, með því að hafa dregið um of að framselja bú h/f Freys til gjaldþrotaskipta. En með því að upplýst er, að sá dráttur hafi stafað af því, að beðið var eftir svari Útvegsbanka Íslands við málaleitunum hlutafélagsins um fjárhagslega aðstoð, en neitun bankans um aðstoðina kom ekki fyrr en í nóvembermánuði 1932, og með því ennfremur, að bú h/f Freys var tekið til gjaldþrotaskipta 19. janúar 1933, eða tiltölulega stuttum tíma eftir að ákærðu sáu, að loku var skotið fyrir samningsmöguleika við skuldheimtumenn félagsins, þá þykir ekki vera, eins og á stóð, um refsiverðan drátt á því að framselja bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskipta að ræða. Ber því að sýkna hina ákærðu af kæru fyrir brot gegn 1. gr. 2. mgr. laga nr. 25 frá 1929.

9. Enn eru hinir ákærðu sóttir til refsingar fyrir að hafa ekki haldið lögmætan aðalfund árið 1932, eins og boðið er í 30. gr. laga nr. 77 frá 1921, um

hlutafélög. En eins og hag hlutafélagsins var þá komið og með því að beðið var eftir samningstilraunum um niðurfærslu skulda félagsins og reikningar um afkomu þess voru gerðir til afnota við samningatilraunirnar, þá verður framangreind vanræksla ekki talin svo veruleg, að varða eigi hina ákærðu refsingu eftir 57. gr. laganna.

10. Loks þykir samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, bera að sýkna ákærðu af kæru um að hafa gerzt brotlegur gegn 53. og 54. gr. laga nr. 77 frá 1921, um hlutafélög.

Með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna þykir refsing hinna ákærðu fyrir þau brot, er þeir hver um sig hafa framið, hæfilega ákveðin þannig, að þeir sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, Kjartan Guðmundsson í 3 mánuði, Páll Kolka í 2 mánuði og Kristján Egilsson í 1 mánuð, en fullnustu refsingar hinna ákærðu skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum, ef fullnægt verður skilyrðum laga nr. 39 frá 1907.

Svo ber og að dæma hina ákærðu samkvæmt 4. mgr. 8. gr. gjaldþrotaskiptalaganna til þess í 5 ár frá birtingu dóms þessa að hafa fyrirgert rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta, þó svo, að ákærðir Kjartan og Kolka greiði málsvarnarlaun talsmanns síns in solidum.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærðir Kjartan Guðmundsson og Páll Kolka greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 600 krónur. Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 400 krónur.

Annar kostnaður við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins, 700 krónur, greiðist að ⅕ in solidum af öllum hinum ákærðu, en að ⅘ in solidum af ákærðu Kjartani Guðmundssyni og Páli Kolka.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Páll Valdemar Guðmundsson Kolka, Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, Páll Kolka í 2 mánuði, Kjartan Guðmundsson í 3 mánuði og Kristján Egilsson í 1 mánuð.

Fullnustu refsingar allra hinna ákærðu skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilyrði laga nr. 39 frá 1907 verða haldin.

Allir hinir ákærðu skulu hafa fyrirgert rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð, þó svo, að ákærðir Kjartan Guðmundsson og Páll Kolka greiði málsvarnarlaun talsmanns síns in solidum.

Ákærðu Páll Kolka og Kjartan Guðmundsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjarnar Jónssonar, 600 krónur.

Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæsta-

réttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, 400 krónur.

Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Einars B. Guðmundssonar, 700 krónur, greiðist að ⅕ in solidum af ákærðu Páli Kolka, Kjartani Guðmundssyni og Kristjáni Egilssyni, en að ⅘ in solidum af ákærðu Páli Kolka og Kjartani Guðmundssyni.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn þeim Páli Valdemar Guðmundssyni Kolka héraðslækni, nú til heimilis að Bönduósi í Húnavatnssýslu, Kjartani Guðmundssyni ljósmyndara, til heimilis Skólaveg 10, og Kristjáni Egilssyni verkstjóra, til heimilis Helgafellsbraut 10, báðum hinum síðarnefndu hér í bænum, fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum um gjaldþrotaskipti frá 14. júní 1929 og lögum um hlutafélög nr. 77 frá 27. júní 1921.

Málavextir eru, eftir því sem upplýst er í málinu, sem hér segir:

Með úrskurði skiptaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum þann 19. janúar 1933, var bú hlutafélagsins „Freyr" hér í bænum tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Eftir að venjuleg rannsókn út af gjaldþroti þessu hafði farið fram, fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið framangreinda málshöfðun á hendur hinum ákærðu, sem allir voru í stjórn nefnds hlutafélags, er bú þess var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, og var mál þetta höfðað gegn hinum ákærðu eftir að nauðsynleg framhaldsrannsókn hafði farið fram.

Áður en athugað er sérstaklega, hverjar ráðstafanir

hinna ákærðu sem stjórnenda nefnds hlutafélags kunni að vera saknæmar, þykir verða að gera nokkra grein fyrir rekstri félagsins og efnahag á meðan það starfaði.

Umrætt hlutafélag var stofnað þann 12. júní 1929, og voru allir hinir ákærðu meðal stofnenda félagsins, og voru ákærðir Páll V. G. Kolka og Kristján Egilsson kosnir í stjórn félagsins þegar við stofnun þess, en ákærður Kjartan Guðmundsson var kosinn í stjórn félagsins á aðalfundi þess þann 13. júní 1930, og voru allir hinir ákærðu í stjórn félagsins allan tímann frá því þeir voru kosnir í stjórnina og þar til bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Samkvæmt samþykktum félagsins var tilgangur þess að reka fiskaðgerð og fiskþurrkun og annan iðnað í sambandi við fisk og fiskafurðir, og skyldi félagið kaupa í því skyni óverkaðan fisk og selja aftur verkaðan.

Hlutafé félagsins var við stofnun þess, samkvæmt samþykktum þess og stofnsamningi, kr. 42000.00, en var skömmu síðar hækkað upp í kr. 60000.00, og er talið með þeirri upphæð í tilkynningunni til hlutafélagaskráinnar, og skiptist í 30 hluti 2000 króna, en af hlutafénu var þá talið innborgað kr. 50000.00, og var hlutafjársöfnun þá talið lokið. En síðar á sama ári var hlutaféð aukið upp í kr. 62000.00 og er talið með þeirri upphæð á höfuðstólsreikningi í lok ársins, og á næsta ári (1930) var hlutaféð enn aukið um kr. 2000.00 upp í kr. 64000.00, en var ekki aukið meira eftir það.

Áður en hlutafélag þetta var stofnað, höfðu þeir ákærður Páll V. G. Kolka, Theódór Jónsson verzlunarmaður og Jón Sverrisson yfirfiskimatsmaður, sem allir voru meðal stofnenda hlutafélagsins, rekið fiskverzlun og fiskverkunarstarfsemi undir firmanafninu Theódór Jónsson & Kolka, og er hlutafélagið var stofnað, tók það við eignum og skuldum firma þessa, en eignir þær, er hlutafélagið yfirtók þannig, voru húseignin Geirseyri hér í bænum, eitthvað af fiskverkunaráhöldum og fiskur sá, er firmað hafði keypt á árinu og ekki selt, er hlutafélagið var stofnað.

Fiskbirgðir þessar keypti hlutafélagið við sama verði og nefnt firma hafði keypt þær fyrir, og þar eð firmað (að því er virðist) skuldaði allt andvirði fiskjarins, að undanteknum kr. 12000.00, sem eigendur firmans höfðu,

samkvæmt framburði ákærðs Páls V. G. Kolka, lagt fram til fiskkaupanna, tók hlutafélagið að sér greiðslu skulda þeirra, sem firmað skuldaði vegna fiskkaupanna, en eigendur firmans fengu greidda með hlutabréfum í hinu nýstofnaða hlutafélagi þær kr. 12000.00, sem þeir höfðu lagt fram til fiskkaupanna.

Húseignina Geirseyri (að því er virðist, ásamt með fiskverkunaráhöldum þeim, sem firmað átti) keypti hlutafélagið fyrir kr. 42000.00, en á húseign þessari hvíldu veðskuldir að upphæð samtals kr. 30000.00, sem hlutafélagið tók að sér að greiða, en afganginn, kr. 12000.00, greiddi hlutafélagið eigendum framangreinds firma með hlutabréfum í hinu nýstofnaða hlutafélagi, og fengu eigendur firmans þannig hlutabréf í hlutafélaginu að upphæð samtals (að nafnverði) kr. 24000.00, er skiptist þannig milli þeirra, að ákærður Páll V. G. Kolka fékk hlutabréf fyrir samtals kr. 12000.00, Jón Sverrisson fyrir kr. 6000.00 og Theódór Jónsson fyrir kr. 6000.00. Annað hlutafé virðist hafa verið greitt að mestu í peningum, og var allt hlutaféð talið greitt að fullu samkvæmt reikningum félagsins.

Á árinu 1929 lét hlutafélagið byggja fiskþurrkhús hér í Vestmannaeyjum og lét síðar gera þerrireit nálægt þurrkhúsinu, og rak félagið fiskþurrkunarstarfsemi bæði í þurrkhúsi og á þerrireitum allt þar til félagið framseldi bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar. Og fiskverzlun rak félagið öll árin, sem það starfaði, nema árið 1932.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 31. desember 1929 nema eignir þess kr. 223353.60, og skuldir (að hlutafé meðtöldu) nema nákvæmlega sömu upphæð, og er þannig talið, að hvorki hafi orðið hagnaður né tap á rekstri félagsins á árinu.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 31. desember 1930 eru eignir þess taldar kr. 222937.49, en skuldir (að hlutafé meðtöldu) kr. 337696.06, eða skuldir um fram eignir kr. 114758.57, eða kr. 50758.57, ef hlutaféð er ekki talið meðal skulda.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 31. desember 1931, sem færður er í dagbók og lagt hefir verið fram afrit af í málinu, hafa eignir félagsins numið samtals kr. 206034.21, en skuldir að meðtöldu hlutafé kr. 333141.19,

og skuldir um fram eignir kr. 127106.98, eða kr. 63106.98, ef hlutaféð er ekki talið meðal skulda.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins, sem félagsstjórnin (ákærðir) sendu skiptaráðanda, er gjaldþrotaskiptin á búi félagsins byrjuðu, og sem miðaður er við desembermánuð 1932 (en ekki tiltekið, hvenær í þeim mánuði), eru eignir félagsins taldar kr. 94990.37, og skuldir, án tillits til hlutafjárins, kr. 191061.53, eða skuldir um fram eignir kr. 96071.19, en eins og sést af reikningi þessum sjálfum, eru niðurstöðutölur hans, að því er snertir eignir og skuldir, rangar, þar eða veðskuldir, að upphæð kr. 49000.00, eru ekki taldar meðal skulda skuldamegin á reikningi þessum, en eru taldar til frádráttar fasteignum þeim, er þær hvíla á, eignamegin á reikningnum, og eru því eignir félagsins raunverulega samkvæmt reikningi þessum kr. 143990.34 og skuldir kr. 240061.53, en eigi breytir það niðurstöðu reikningsins að því er snertir mismun eigna og skulda félagsins.

Þessi síðastnefndur efnahagsreikningur er nokkuð öðruvísi en efnahagur félagsins hefir verið samkvæmt dagbók félagsins 31. des. 1932, samkvæmt útdrætti úr þeirri bók, sem lagður hefir verið fram í málinu, rskj. nr. 25, en samkvæmt þeim útdrætti eru eignir félagsins taldar kr. 126191.07 og skuldir (að hlutafé meðtöldu) kr. 272473.49, og skuldir um fram eignir kr. 146282.42, eða kr. 82282.42, ef hlutaféð er ekki talið meðal skulda, og stafar mismunur þessi af því, að skuldir félagsins eru taldar nokkru meiri á reikningi þeim, sem sendur er með gjaldþrotabeiðninni, en enginn sérstakur bókfærður efnahagsreikningur né rekstursreikningur fyrir félagið er til fyrir árið 1932.

Við byrjun gjaldþrotaskiptanna voru allar eignir félagsins virtar á samtals kr. 126103.27, þar á meðal útistandandi skuldir, að upphæð kr. 17148.27, sem skrifaðar voru upp með nafnverði (ekki virtar). Fasteignir félagsins — fiskþurrkhús, þerrireitur og húseignin Geirseyri — voru lagðar ófullnægðum veðhöfum út til eignar fyrir samtals kr. 65000.00, en lausafé félagsins, sem var óveðsett, var selt á uppboði fyrir samtals kr. 2794.00. En ekki er upplýst í málinu um, fyrir hve mikið útistandandi skuldir félagsins seldust, en þær voru taldar mjög lítils virði. Kröf-

um að upphæð samtals kr. 169729.72, auk vaxta og kostnaðar, var lýst í búið, þar í innifaldar veðkröfur útibús Útvegsbanka Íslands h/f hér í bænum. Þar af eru taldar forgangskröfur samkv. 83. gr. skiptalaganna, samtals kr. 4890.17.

Eins og sést af framanrituðu, hefir hlutafélagið samkvæmt framanrituðum efnahagsreikningum tapað allmiklu fé á rekstri öll árin, sem það starfaði, nema árið 1929, og hefir það tap, samkvæmt framangreindum efnahagsreikningi, sem ákærðir sendu skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskiptanna, numið samtals kr. 160071.19 yfir allan tímann, sem félagið starfaði. En við rannsókn málsins, þ. e. við endurskoðun þá, sem fram fór á bókhaldi hlutafélagsins í sambandi við rannsóknina, og sem Þórður Bjarnason endurskoðandi framkvæmdi, hefir komið í ljós, að tap félagsins hefir í raun og veru verið meira en framangreindir reikningar sýna. Þar á meðal hefir komið í ljós, að raunverulega hefir orðið tap á rekstri félagsins á árinu 1929, þó talið sé á efnahagsreikningi og rekstursreikningi félagsins fyrir það ár, að ekkert tap hafi orðið á rekstri félagsins fyrir það ár. Og sést af fundargerð aðalfundar hlutafélagsins fyrir árið 1929, sem að vísu hefir eigi verið lögð fram á málinu, en sem vitnað er til í endurskoðunargerð nefnds endurskoðanda, að á fundi þessum, sem haldinn var þann 13. júní 1930, að þá hefir verið talið komið í ljós ca. 17000 króna tap á rekstri félagsins á nefndu ári. En tap þetta virðist — að minnsta kosti ekki beinlínis — hafa verið komið í ljós, er reikningar félagsins fyrir árið 1929 voru samdir, en tapið er þannig komið, að fiskbirgðir félagsins, þ. e. óseldur fiskur frá árinu 1929, sem var á framangreindum efnahagsreikningi talinn kr. 93190.61, seldist fyrir aðeins kr. 64505,48, eða kr. 28685.18 minna en hann var talinn á framangreindum efnahagsreikningi, sem virðist því jafnvel verða tap félagsins á árinu, en frá því hefir, samkvæmt framburði þáverandi framkvæmdastjóra félagsins, þótt rétt að draga óbókfærðar eignir o. fl., að upphæð samtals kr. 13270.83, og ætti tap félagsins á árinu samkvæmt því að hafa verið kr. 15414.35. Ekki hefir verið unnt að sannreyna, hvort hinar óbókfærðu eignir hafi raunverulega verið fyrir hendi, en svo virðist, sem tap það, sem stjórnendur félagsins töldu þann-

ig raunverulega hafa orðið á rekstri félagsins árið 1929, og sem ekki kom fram á reikningum þess fyrir það ár, komi fram í reikningum félagsins fyrir árið 1930.

Á árinu 1930 telur framannefndur endurskoðandi tap á rekstri félagsins hafa numið kr. 10456.57 hærri upphæð en það er talið á reikningum félagsins fyrir það ár, og hafa ákærðir viðurkennt það rétt, og hefir tap félagsins og skuldir félagsins um fram eignir því samkvæmt því numið kr. 125415.14 í lok umrædds árs.

Það hefir og komið í ljós við umrædda endurskoðun, að rekstursháll félagsins á árinu 1931, sem talinn er samkvæmt bókum félagsins (reikningsyfirliti) kr. 12348.41, hefir í raun og veru verið kr. 5049.94 meiri, eða samtals kr. 17398.35. En auk þess seldust fiskbirgðir félagsins, sem eru taldar í árslok í bókum félagsins kr. 77000.00, fyrir aðeins kr. 50938.87, eða kr. 26061.13 minna en þær eru taldar í bókum félagsins — reikningsyfirliti og framangreindum efnahagsreikningi —, og verður raunverulegt tap félagsins á árinu 1931 þannig kr. 31111.07 meira en það er talið í bókum félagsins, eða samtals kr. 43459.48, en tap það, sem þannig varð vegna þess, að fiskbirgðir félagsins seldust ekki fyrir áætlað verð, kemur fram í bókfærslu félagsins á árinu 1932. Skuldir félagsins um fram eignir nema því þannig í lok ársins 1931 kr. 142613.49 um fram eignir (að meðtöldu hlutafé), ef fiskbirgðir félagsins eru taldar við því verði, sem félagið hefir gert, en að öðru leyti með tilliti til framangreindra athugasemda endurskoðenda, en kr. 168666.04, ef miðað er við hið raunverulega söluverð fiskjarins, en þó útistandandi skuldir félagsins, ca. kr. 20000.00, séu taldar með nafnverði, eins og jafnan hefir verið gert í reikningum félagsins. Og samkvæmt því, sem hefir komið í ljós við endurskoðunina, er allur rekstursháll félagsins og skuldir um fram eignir orðið samtals kr. 173788.93 í árslok 1932, þó ekki sé tekið tillit til fyrningar á eignum félagsins á árinu 1932 né ýmissa gjalda félagsins á því ári, sem endurskoðandi telur óbókfærð.

Á árinu 1932 keypti hlutafélagið engan fisk, eins og að framan er drepið á, og beið því ekkert tjón af slíku á því ári, að öðru en því, að tap varð á fiski þeim, er óseldur var í ársbyrjun og seldur var á árinu, kemur samkvæmt

bókum félagsins fram sem tap á því ári, en annað tap félagsins á því ári stafar af því, að vextir af skuldum félagsins námu meiru á árinu en hagnaður, sem varð af fiskverkunarstarfsemi þess, sem annars gaf góðan arð.

Reikningar félagsins fyrir árið 1930 voru ekki lagðir fram á félagsfundi fyrr en þann 21. nóvember 1931, og vottorð endurskoðenda um endurskoðun á reikningum þessum er dagsett þann 16. nóvember 1931, en ekki er nákvæmlega upplýst um í málinu, hvenær reikningar þessir voru gerðir. En þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins, sem annaðist bókhald þess og uppgjör reikninga — Elías Theódór Jónsson — hefir borið, að umræddir reikningar hafi verið gerðir seint um sumarið 1931, er allur fiskur félagsins frá árinu 1930 hafi verið seldur. En það virðist ekki hafa verið gert fyrr til þess að sæist af reikningum þessum, hve mikið tap hlutafélagsins af fiskkaupum á árinu 1930 yrði endanlega. En nánari upplýsingar hafa ekki komið fram í málinu um, hvenær reikningar þessir voru gerðir. En ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að hið síðasta af fiski félagsins hafi verið sent til útlanda í marzmánuði 1931, en sumt af honum hafi verið sent í umboðssölu, og hafi því andvirði þess fiskjar ekki verið greitt fyrr en síðar, og reikningar félagsins gerðir, er fiskurinn var allur seldur og andvirði hans allt greitt.

Það er því ekki upplýst fullkomlega, hvenær hin raunverulega rekstrarafkoma félagsins á árinu 1931 var fullkomlega komin í ljós.

Þann 31. júlí 1931 hélt stjórn félagsins (ákærðir) fund, og var samþykkt á þeim fundi að segja upp öllum föstum starfsmönnum félagsins með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá 1. ágúst 1931 að telja. Fundargerð fundar þessa hefir eigi verið lögð fram í málinu, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, þar á meðal með framangreindri endurskoðunargerð, er ráðstöfun þessi samkvæmt fundargerðinni talin vegna þess, að óráðið sé um tilhögun og starfsemi félagsins í framtíðinni.

Ákærður Páll V. G. Kolka hefir borið, að hann hafi álitið, að félagið væri insolvent, er umrædd stjórnarráðstöfun var gerð, og kveður ráðstöfun þessa hafa verið gerða vegna þess, að stjórn félagsins hafi viljað vera laus við

alla samninga við starfsmenn sína, ef félagið kynni að verða að hætta störfum vegna fjárhagsörðugleika, og kveðst hann hafa álitið, að félagið yrði að líkindum að framselja bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar, ef það fengi ekki samninga við skuldheimtumenn sína um skuldirnar, eða hluthafar tækju að sér greiðslu skulda, en frekar hafi þó verið gert ráð fyrir því, að hlutafélagið framseldi bú sitt til gjaldþrotaskipta, en að hluthafar tækju að sér greiðslu skulda. Hann hefir og borið, að fiskverð hafi þá verið lækkað, og búið að selja nokkuð mikið af fiski félagsins (þ. e. fiski keyptum 1931) við lágu verði.

Ákærður Kristján Egilsson hefir borið, að ákvörðun félagsstjórnarinnar um að segja starfsmönnum félagsins upp störfum þeirra hafi verið tekin vegna þess, að stjórn félagsins hafi viljað vera laus við samninga við starfsmennina, ef félagið yrði að hætta störfum vegna fjárhagsörðugleika, og að stjórnin (þ. e. ákærðir) hafi gert ráð fyrir því, að félagið yrði að hætta störfum vegna fjárhagsörðleika eða verða gjaldþrota, nema því aðeins, að ný fjárframlög fengjust frá hluthöfum eða öðrum, og hefir hann borið, að reynt hafi verið að fá ný hlutafjárframlög til félagsins á síðari hluta ársins 1931, en það hafi ekki tekizt.

Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að starfsmönnum félagsins hafi eigi verið sagt upp þann 31. júlí 1931 vegna þess, að gert væri ráð fyrir því, að félagið yrði að hætta starfsemi sinni vegna fjárhagsörðugleika, heldur af öðrum ástæðum, þ. e. vegna ósamkomulags milli starfsmanna félagsins innbyrðis, en hann kveður stjórn félagsins hafa verið ljóst, að félagið hafi verið insolvent, en kveðst hafa haft von um, að takast mundi að rétta hag félagsins við með rekstri þess framvegis.

Með framangreindum framburðum hinna ákærðu og með öðru því, sem upplýst er í málinu um efnahag félagsins og sem að framan greinir, verður að áliti réttarins að telja nægilega sannað, að gjaldþrot hafi vofað yfir félaginu, er framangreindur stjórnarfundur var haldinn þann 31. júlí 1931, og að stjórn félagsins, þ. e. ákærðir, hafi hlotið að sjá, að svo var, og ekkert hefir komið fram í málinu, er bendi til þess, að ákærðir hafi þá haft neina sérstaka ástæðu til að ætla, að ný hlutafjárframlög fengjust til félagsins, er nægðu til þess að afstýra gjaldþroti

þess, eða þeir fengju samninga um skuldir þess, og verður því að álíta, að hinum ákærðu hafi borið skylda til að haga ráðstöfunum sínum fyrir hönd félagsins með yfirvofandi gjaldþrot fyrir augum eftir umræddan tíma, þó þeir kunni að hafa haft einhverja von um, að unnt væri að afstýra gjaldþrotinu. En ekki verður talið nægilega upplýst í málinu, að ákærðir hafi séð eða hlotið að sjá, að gjaldþrot félagsins væri yfirvofandi fyrir framangreindan tíma, þó það hafi sýnilega verið orðið insolvent áður.

Af því, sem upplýst er í málinu, sést, að engin ný hlutafjárframlög hafa fengizt til félagsins, þó eitthvað virðist hafa verið reynt til þess að fá slík fjárframlög á síðari hluta ársins 1931.

Þann 13. marz 1932 var haldinn hluthafafundur í félaginu, og var á þeim fundi samþykkt að fela stjórn félagsins að leita nauðasamninga við lánardrottna þess. Í fundargerð fundar þessa, sem lögð hefir verið fram í málinu, eru ekki greindar ástæður fyrir þessari ákvörðun, en samkvæmt því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, er augljóst, að þá hefir verið talið útilokað að takast mætti að fá ný hlutafjárframlög til félagsins, og að stjórnendur félagsins (ákærðir) hafa þá talið samninga við skuldheimtumenn um niðurfærslu skuldanna eina möguleikann til að komast hjá gjaldþrotaskiptum á búi félagsins, enda hefir ákærður Kjartan Guðmundsson borið, að stjórn félagsins hafi verið það ljóst á umræddum tíma, að gjaldþrot félagsins væru óumflýjanleg, nema því aðeins, að slíkir samningar næðust.

Eftir að framangreindur fundur var haldinn og ákvörðun tekin um að reyna að ná samningum við skuldheimtumenn félagsins, var saminn efnahagsreikningur fyrir félagið pr. 20. marz 1932. Samkvæmt þeim reikningi voru skuldir félagsins taldar kr. 336621.67, en eignir kr. 184655.18, og skuldir umfram eignir því kr. 151966.49, að hlutafé meðtöldu, eða kr. 87966.49, ef hlutafé er ekki talið með, en mismunur eigna og skulda hefir þá í raun og veru verið talsvert meiri, eftir því sem upplýst er í málinu með framangreindri endurskoðunargerð í sambandi við aðra reikninga félagsins, eins og að framan er lýst.

Að lokinni samningu efnahagsreiknings þessa og öðrum nauðsynlegum undirbúningi rituðu ákærðir Útvegs-

bankanum bréf, sem lagt hefir verið fram í málinu afrit af (rskj. nr. 27), og fara hinir ákærðu í bréfi þessu þess á leit við stjórn bankans, að bankinn semji við hlutafélagið um niðurfærslu skulda félagsins. Á afriti því af bréfi þessu, sem lagt hefir verið fram í málinu, sést eigi dagsetning bréfsins, og báru hinir ákærðu upphaflega í málinu, að bréf þetta hafi verið ritað og sent bankanum í marzmánuði 1932, en vitnið Björn P. Kalman, sem aðstoðaði hina ákærðu við umræddar samningaumleitanir, hefir borið, að bréf þetta hafi verið ritað (dagsett) þann 30. apríl 1932.

Í bréfi þessu fara hinir ákærðu fram á það, að bankinn felli niður 33% af kröfum þeim, er bankinn átti þá á hendur félaginu, sem voru þá samtals kr. 115000.00, en sem talið var, að yrði samtals um kr. 95000.00, er greitt væri allt andvirði fiskjar félagsins, sem veðsettur hafi verið bankanum, og virðist hafa verið ætlazt til þess, að umrædd niðurfærsla á skuldum félagsins næði aðeins til umræddra kr. 95000.00, sbr. rskj. nr. 28, yfirlit yfir fyrirhugaða skuldaniðurfærslu félagsins, en í umræddu bréfi er gert ráð fyrir, að skuldaniðurfærslan nái til allra skulda hlutafélagsins við bankann. En fyrir kr. 29000.00 af þeirri upphæð hafði bankinn þá fengið þriðja veðrétt í fiskþurrkhúsi félagsins, eins og síðar verður greint nánar, en auk þess voru ákærðir og aðrir hluthafar í félaginu persónulega ábyrgir fyrir skuldum félagsins við bankann. Þá var og farið fram á, að bankinn veitti hlutafélaginu peningalán, að upphæð um kr. 16000.00, til greiðslu upp í það, sem ákærðir bjuggust við, að félagið þyrfti að greiða upp í aðrar skuldir félagsins, ef samningar tækjust. En gert var ráð fyrir að greiða að fullu vexti af fasteignaveðlánum, kr. 4456.25, ógreidd opinber gjöld, kr. 2085.03, og ógreidd verkalaun kr. 2571.10, en upp í almennar kröfur, þar á meðal skuld við firmað Kjartan Guðmundsson & Co, sem hafði fengið 2. veðrétt í fiskþurrkhúsi félagsins, en sem gert var ráð fyrir, að firma þetta framseldi bankanum, ef til samninga kæmi, var gert ráð fyrir að greiða 21%, eða kr. 13201.90 (af kr. 62.866.18), eða samtals kr. 22314.28, sem gert var ráð fyrir, að félagið greiddi öðrum kröfuhöfum en Útvegsbankanum, ef umræddir samningar tækj-

ust. En upp í það töldu ákærðir, að félagið sjálft hefði til umráða kr. 6100.00.

Umrætt bréf ákærðra var, eftir því sem upplýst er í málinu, sent útibúi Útvegsbankans hér í bænum, en því næst sent bankastjórn Útvegsbankans í Reykjavík af framkvæmdastjóra nefnds bankaútibús hér, Haraldi Viggó Björnssyni, sem mælti með því — með sérstökum skilyrðum —, að bankinn gerði við hlutafélagið þá samninga, sem farið var fram á. En bankastjórnin svaraði ekki þessari málaleitun ákærðra fyrr en í nóvembermánuði 1932, að bankastjórnin neitaði að gera hina umbeðnu samninga við hlutafélagið, og virðist hafa krafizt þess, að ákærðir framseldu bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Ekkert verulegt virðist hafa verið aðhafzt af hálfu hinna ákærðu til þess að ná samningum almennt við aðra skuldheimtumenn félagsins en Útvegsbankann. Vitnið Björn P. Kalman hefir borið, að talað hafi verið við nokkra skuldheimtumenn viðvíkjandi slíkum samningum, og að þeirri málaleitun hafi verið tekið vel, en ekki gat vitni þetta tilgreint við hverja skuldheimtumenn hafi verið talað viðvíkjandi þessu, að undanteknum einum manni, sem hann kveður þá hafa haft einhverjar kröfur til innheimtu á félagið, og er ekki annað upplýst um slíkar samningaumleitanir, nema um einstaka menn, er ákærðir sömdu við um kröfur þeirra, og sem samið hafði verið við áður en framangreint bréf ákærðra var sent Útvegsbankanum, og sem ekki virðast vera taldir með í framangreindu yfirliti yfir skuldir félagsins á rskj. nr. 28, sem ákærðir sendu Útvegsbankanum með framangreindu bréfi, en að því verður nánar vikið síðar.

Þann 4. október 1931 gáfu ákærðir Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson út veðskuldabréf, að upphæð kr. 30000.00, til firmans Kjartan Guðmundsson & Co hér í bænum, sem ákærður Kjartan Guðmundsson átti og rak með Sigurði Jónssyni verzlunarmanni hér í bænum, sem einnig var hluthafi í h/f „Freyr", og var nefndu firma samkvæmt veðskuldabréfi þessu veittur 2. veðréttur í fyrrgreindu fiskþurrkunarhúsi hlutafélagsins, með lóðarréttindum og tilheyrandi mannvirkjum, fyrir skuld hlutafélagsins við firmað, sem áður var óveðtryggð, næst á eftir

og með uppfærslurétti á eftir veðskuld við Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, að upphæð kr. 15000.00, samkv. veðskuldabréfi dags. 6. desember 1929. Skuld hlutafélagsins við nefnt firma var talin kr. 27203,51 í bókum hlutafélagsins á þeim tíma, er veðsetningin var gerð, samkv. skrá, er fyrrgreindur endurskoðandi gerði yfir skuldir þess á þeim tíma að tilhlutun dómarans, og sem lagður (sic) hefir verið fram í málinu, og sem ákærðir hafi viðurkennt réttan, en samkvæmt skrá, sem sami endurskoðandi gerði yfir skuldir félagsins við næstu áramót þar á eftir, var skuld hlutafélagsins við umrætt firma þá samkvæmt bókum hlutafélagsins kr. 33438.81. En fyrrnefndur Sigurður Jónsson, sem hafði á hendi bókhald og reikningahald firmans, hefir borið, að skuld hlutafélagsins við firmað hafi, er veðsetningin fór fram, verið lítið eitt hærri en veðskuldabréfið, eða um kr. 31000.00, og hefir hann borið, að hlutafélagið hafi ekki haft nein viðskipti við firmað eftir að umrædd veðsetning fór fram, og stafi hækkun skuldarinnar til næstu áramóta af vöxtum, sem bætt hafi verið við skuldina. Það verður því eigi talið sannað, að ákærðir hafi gefið umrætt veðskuldabréf út fyrir hærri upphæð en hlutafélagið skuldaði firmanu á umræddum tíma. En umrætt firma hefir með veðsetningu þessari fengið alla eða næstum alla innieign sína hjá hlutafélaginu veðtryggða með umræddri veðsetningu, en fasteignamat hinnar veðsettu fasteignar er, samkvæmt fasteignamatsvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, kr. 47300.00, og á efnahagsreikningi hlutafélagsins fyrir árið 1930 var eign þessi talin á kr. 74011.24, og virðist firmað því hafa fengið umrædda innieign sína fulltryggða með veðsetningu þessari, enda virðist svo hafa verið lítið á af hlutaðeigendum.

Skuld þessi var stofnuð að nokkru leyti á árinu 1930, eða um kr. 16000.00 af henni, samkvæmt því, sem upplýst er með framangreindri endurskoðunargerð, en að nokkru á árinu 1931 (framan af því ári) áður en veðsetningin fór fram, vegna vöruúttektar og annara fjárframlaga firmans til reksturs hlutafélagsins.

Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að hann hafi fengið munnlegt loforð fyrir veði þessu til handa firma sínu í maímánuði 1931 hjá ákærðum Páli V. G. Kolka og hjá framkvæmdastjóra hlutafélagsins, Theódór

Jónssyni, er sýnilegt hafi verið, að firmað fengi ekki greiðslu á skuldinni þá eða fiskveð fyrir henni, eins og upphaflega hafi verið talað um, og hafa þeir Páll V. G. Kolka og Theódór Jónsson borið, að þeir hafi munnlega lofað Kjartani veði þessu vorið 1931.

Veðsetning þessi var samþykkt á hluthafafundi í umræddu hlutafélagi þann 4. október 1931, þ. e. sama dag og veðskuldabréfið var gefið út, og var veðsetningin samþykkt á þeim fundi með atkvæðum allra mættra hluthafa, nema ákærðs Kristjáns Egilssonar og eins annars hluthafa, og átti ákærður Kristján Egilsson engan þátt í veðsetningu þessari.

Í framangreindu bréfi, er ákærðir skrifuðu Útvegsbankanum viðvíkjandi samningum um skuldir félagsins, er tekið fram, að fyrrnefndir eigendur firmans Kjartan Guðmundsson & Co hafi afsalað sér veðrétti þessum til bankans, og eftir því, sem upplýst er í málinu, neitaði fyrrnefndur bankaútibússtjóri með öllu að mæla með því, að hlutafélagið fengi hina umbeðnu samninga, nema því aðeins, að firmað Kjartan Guðmundsson & Co framseldi bankanum umræddan veðrétt, og hefir hann borið sem vitni í málinu, að hann hafi ætlað að láta taka bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar, svo unnt væri að rifta veðsetningu þessari, hefði bankinn eigi fengið veðið eftirgefið eða framselt, og samkvæmt áritun á veðskuldabréf þetta, dags. 17. sept. 1932, hafa framangreindir eigendur veðskuldabréfs þessa framselt margnefndu bankaútibúi bréfið „til fullrar eignar og umráða til tryggingar skuldum h/f Freys við bankann". En þann 16. s. m. hafði fyrrnefndur bankaútibússtjóri lýst því yfir á hluthafafundi í margnefndu félagi, að hann mundi leggja til, að félagið „fengi samninga" með því skilyrði, að umrætt firma „gæfi bankanum eftir" veð þetta, en veðbréf þetta hafði áður verið selt umræddu bankaútibúi að handveði vegna h/f Freys til tryggingar skuld, að upphæð kr. 7800.00, eins og nánar verður vikið að síðar.

Með framangreindri veðsetningu fiskþurrkhússins til firmans Kjartan Guðmundsson & Co, sem ákærður Kjartan Guðmundsson var annar eigandi að, hefir ákærður Kjartan Guðmundsson, með tilliti til þess, sem að framan er lýst um fjárhag hlutafélagsins, er veðsetningin fór fram, að

áliti réttarins, brotið gegn 262. gr. hinna almennu hegningarlaga. Og hefir ákærði Páll V. G. Kolka, með þátttöku sinni í þeim verknaði, brotið gegn sömu lagagrein sbr. 48. gr. sömu laga. Og verður að líta svo á, að hér sé um fullframið brot að ræða af hálfu hinna ákærðu, þó ákærður Kjartan Guðmundsson og meðeigandi hans framseldi síðan öðrum lánardrottni félagsins veðrétt þenna áður en ákærðir framseldu bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar. Hinsvegar verður ekki talið sérstakt afbrot, þó ákærður Kjartan Guðmundsson framseldi þannig öðrum lánardrottni hlutafélagsins veðrétt þenna síðar.

Þann 18. október 1931 samþykkti þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins, Theódór Jónsson, víxil, að upphæð kr. 1483.81 fyrir innieign ákærðs Páls V. G. Kolka hjá hlutafélaginu, og seldi ákærður (P. V. G. K.) útibúi Útvegsbankans hér í bænum víxil þenna. En eftir því, sem upplýst er í málinu, virðast hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson engan þátt hafa átt í ráðstöfun þessari. Ákærður Páll V. G. Kolka hefir að vísu borið (er hann var yfirheyrður í máli þessu í lögreglurétti Húnavatnssýslu við framhaldsrannsókn í málinu), að víxill þessi hafi verið gefinn út sér til handa af félagsstjórninni án nokkurs ágreinings, en það verður þó eigi talið sannað gegn neitun hinna annara ákærðu, að þeir hafi átt nokkurn þátt í ráðstöfun þessari, er hún upphaflega var gerð, enda sést af víxli þessum, sem lagður hefir verið fram í málinu (rskj. nr. 55), að fyrrnefndur Theódór Jónsson hefir einn samþykkt víxil þenna fyrir hönd hlutafélagsins, en víxill þessi var gefinn út af ákærðum Páli V. G. Kolka, án þess meðákærðir, Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson, hafi á nokkurn hátt ritað á hann. Gjalddagi á víxli þessum var þann 15. nóvember 1931, og var hann síðar fjórum sinnum framlengdur, síðast til 15. apríl 1932, en var þá afsagður sökum greiðslufalls og greiddur af hlutafélaginu þann 27. júní 1932. Og samþykktu hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson framlengingarvíxil eða víxla í sambandi við víxilskuld þessa eftir að hún var stofnuð.

Ákærður Páll V. G. Kolka hefir borið, að umrædd innieign hans hjá hlutafélaginu hafi verið þannig til orðin, að ýmsir viðskiptamenn hans hafi lagt fisk inn í reikning

hans hjá félaginu sem greiðslu fyrir læknishjálp, og virðist hlutafélagið í raun og veru, ef svo hefir verið, hafa keypt þann fisk af P. V. G. Kolka. Ennfremur hefir ákærður P. V. G. Kolka skýrt svo frá, að andvirði umræddsvíxils hafi gengið til þess að greiða veðdeildarlán, sem hvílt hafi á íbúðarhúsi hans, en lán þetta hafi verið fallið í gjalddaga, og hafi verið að því komið, að selja húsið á nauðungaruppboði til lúkningar þeirri skuld, og þar eð ákærður hafi verið í miklum ábyrgðum fyrir skuldum félagsins, hafi verið hagur að því fyrir lánardrottna félagsins, að ákærður gæti haldið umræddri húseign í stað þess, að eignir hans rýrðust við það, að húsið yrði selt á uppboði fyrir of lágt verð, og ennfremur kveður ákærður ráðstöfun þessa hafa verið gerða með samþykki framannefnds framkvæmdarstjóra útibús Útvegsbankans hér, og virðist svo hafa verið, þar eð bankabútibú þetta keypti víxilinn af ákærðum.

Það hefir eigi verið unnt að upplýsa, hvort greiðsla til ákærðs á umræddri innieign hans hjá hlutafélaginu hefir verið hið eina úrræði til þess að komast hjá, að framangreind húseign hans yrði seld á nauðungaruppboði, og hefir eigi verið upplýst í málinu á annan hátt en með framburði ákærðs (og hinna annara ákærðu í rskj. nr. 26), hvort nauðungaruppboð á eigninni hefir verið yfirvofandi. En eigi getur staðhæfing ákærðs um, að hann hafi eigi getað greitt umræddu upphæð á neinn annan hátt, talizt sérstaklega líkleg, og þó ákærður væri, eins og að framan greinir, í ábyrgðum fyrir ýmsum af skuldum hlutafélagsins, verður þó að áliti réttarins að telja, að ákærður hafi með umræddri ráðstöfun brotið gegn 262. gr. hinna almennu hegningarlaga. En eigi verður það að áliti réttarins talið saknæmt af hálfu ákærðra Kjartans Guðmundssonar og Kristjáns Egilssonar, þó þeir samþykktu f. h. hlutafélagsins víxil eða víxla til framlenginga r framengreindum víxli eftir að hann hafði verið seldur útibúi Útvegsbankans.

Þann 5. desember 1931 veðsettu hinir ákærðu útibúi Útvegsbankans hér í bænum framangreint fiskþurrkhús hlutafélagsins til tryggingar víxilskuld, að upphæð kr. 29000.00, með þriðja veðrétti næst á eftir og með uppfærslurétti á eftir framangreindum veðskuldum á 1. og 2. veðrétti, og

þerrireit hlutafélagsins nr. 159 með 1. veðrétti, en þerrireitur þessi er, samkvæmt fasteignamatsvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, kr. 12000.00 að fasteignamati, en í framangreindum efnahagsreikningi hlutafélagsins pr. 31. desember 1930 er hann talinn á kr. 1226.80, og virðist hann því ekki hafa kostað hlutafélagið meira en þá upphæð, og það ekki hafa talið hann meira virði, en hann er ekki talinn á efnahagsreikningnum pr. 31. desember 1929, og mun þá eigi hafa verið búið að gera þerrireit þenna.

Framangreind víxilskuld var stofnuð áður en umrædd veðsetning fór fram og var óveðtryggð áður, en var tryggð með persónulegum ábyrgðum allra hinna ákærðu.

Hinir ákærðu tóku allir þátt í þessari ráðstöfun og undirrituðu allir tryggingarbréf það til Útvegsbankans, sem veðréttur þessi byggist á. Og var veðsetning þessi samþykkt á hluthafafundi í félaginu þann 21. desember 1931 að því, er veðsetningu fiskþurrkhússins snertir, en veðsetning þerrireitsins var aldrei samþykkt af hluthöfum, en stjórn félagsins var, samkvæmt samþykktum þess, óheimilt að veðsetja eignir þess, nema með samþykki hluthafafundar. En hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þerrireitur þessi hafi verið skoðaður sem tilheyrandi fiskþurrkhúsinu og í sambandi við það. En hann var þó ekki veðsettur firmanu Kjartan Guðmundsson & Co með þurrkhúsinu, og virðist því þá hafa verið litið á hann sem sérstaka eign (en hann mun enn eigi hafa verið gerður, er fiskþurrkhúsið var veðsett Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja).

Framkvæmdastjóri umrædds bankaútibús hefir borið, að hann hafi krafizt þess sérstaklega af hinum ákærðu, að þeir veittu bankanum framangreint veð, og þykir því varhugavert að staðhæfa eða ganga út frá því, að ákærðir hafi veitt bankanum umræddan veðrétt vegna hinnar persónulegu ábyrgðar sinnar á framangreindri skuld. En hinir ákærðu hafa að áliti réttarins allir brotið gegn hinni 263. gr. hinna almennu hegningarlaga með þessari ráðstöfun.

Á framangreindum hluthafafundi þann 21. nóvember 1931 var samþykkt veðsetning á húseign félagsins Geirseyri til Olíuverzlunar Íslands með 2. veórétti fyrir kr. 10000.00,

en veðskuldabréf þetta var gefið út af hinum ákærðu (öllum) f. h. hlutafélagsins þann 10. febrúar 1931. En þó ákærðir hefðu enga heimild til veðsetningar þessarar frá hluthöfum fyrr en 21. nóvember 1931, voru þeir bundnir við veðsetningu þessa fyrir sitt leyti, er þeir höfðu gefið út veðskuldabréfið, og þar eð — eins og að framan greinir — ekki er sannað í málinu, að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma, er veðskuldabréf þetta var gefið út, verður ráðstöfun þessi ekki talin saknæm af hálfu hinna ákærðu.

Þann 19. marz 1932 framseldu hinir ákærðu Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson f. h. hlutafélagsins Garðari Þorsteinssyni hrm., í Reykjavík, að handveði veðskuldabréf, að upphæð upphaflega kr. 2300.00, útgefið af Friðfinni nokkrum Finnssyni, og var handveðsetning þessi gerð til tryggingar skuld hlutafélagsins við Rikhard nokkurn Sigmundsson, að upphæð kr. 1151.15, auk vaxta og kostnaðar. Veðskuldabréf þetta var tryggt með 2. veðrétti í húseigninni nr. 22 við Heimagötu hér í bænum, næst á eftir og með uppfærslurétti á eftir veðskuld til veðdeildar Landsbanka Íslands, og hefir nefndur Friðfinnur Finnsson borið sem vitni í málinu, að skuldin til veðdeildarinnar á 1. veðrétti hafi, er handveðsetning þessi fór fram, verið um kr. 2600.00, eða jafnvel lægri, en vitni þetta telur eftirstöðvar hins handveðsetta veðskuldabréfs þá hafa verið um kr. 2000.00, en samkvæmt bókum hlutafélagsins virðast eftirstöðvar þess þá hafa verið kr. 2149.07, en fasteignamatsverð húseignar þessarar var þá, samkvæmt framburði sama vitnis, kr. 7600.00. Veðskuldabréf þetta virðist því hafa verið fulltryggt, enda virðast ákærðir, eftir því sem upplýst er í málinu, hafa talið það fulltryggt. Veðskuldabréf þetta var því næst selt á opinberu uppboði þann 30. marz 1932, og keypti fyrrnefndur Garðar Þorsteinsson það þá með því skilyrði, að hlutafélaginu væri heimilt til 1. maí 1932 að innleysa það með 1500 kr., auk uppboðskostnaðar, en hlutafélagið innleysti þó eigi veðbréfið, og samkvæmt framburði fyrrnefnds Friðfinns Finnssonar var það síðar selt af Garðari Þorsteinssyni fyrir kr. 1900.00, og virðist hlutafélagið því hafa tapað talsverðu fé á þessari ráðstöfun hinna ákærðu (auk þess sem skuldin var greidd).

Umrædd skuld hlutafélagsins við Rikhard Sigmundsson við hlutafélagið (sic) var vinnulaun, sem hann átti hjá félaginu fyrir vinnu á árinu 1930, og að nokkru á árinu 1931, og hafa Rikhard verið færð til tekna í bókum félagsins vinnulaun að upphæð samtals kr. 455.12 á árinu 1931, og voru honum síðast færð vinnulaun til tekna þann 4. marz 1931, samkvæmt reikningi hans í bókum félagsins, sem lögð hefir verið fram staðfest útskrift af í málinu (rskj. nr. 45).

Krafa þessi virðist því ekki hafa verið forgangskrafa samkvæmt b-lið 5. tölulið 83. gr. skiptalaganna frá 12. apríl 1878. En báðir hinir ákærðu Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson hafa haldið fram við rannsókn málsins, að þeir hafi litið svo á, að hér væri um forgangskröfu að ræða, þar eð hún var vinnulaun, og að þeir hafi álitið, að hlutafélagið ætti eignir fyrir forgangskröfum, er umrædd ráðstöfun var gerð. Og þar eð krafa þessi var upphaflega forgangskrafa, þykir að áliti réttarins ekki næg ástæða til þess að telja, að ákærðu hafi verið ljóst eða hlotið að vera ljóst, að hér væri um almenna kröfu að ræða. Og þykir því verða að leggja til grundvallar staðhæfingu hinna ákærðu um, að þeir hafi litið svo á, að um forgangskröfu væri að ræða, og þykir því verða að dæma um þessa ráðstöfun hinna ákærðu eins og um forgangskröfu hefði verið að ræða, og þykir þá rétt að athuga um leið aðra ráðstöfun, sem hinir ákærðu gerðu viðvíkjandi forgangskröfum litlu síðar. En sú ráðstöfun var í því fólgin, að þann 1. apríl 1932 gerðu allir hinir ákærðu f. h. h/f „Freyr" samning við Hermann nokkurn Benediktsson um greiðslu á vinnulaunum, sem hlutafélagið skuldaði honum o. fl., sem höfðu fengið honum (H. B.) kröfur sínar til innheimtu, að upphæð samtals kr. 8444.74, og virðast kröfur þessar allar hafa verið forgangskröfur samkvæmt b-lið 5. tölulið skiptalaganna. Og útvegaði hlutafélagið ábyrgð útibús Útvegsbanka Íslands hér fyrir greiðslu krafna þessara. En áður en umræddur samningur var gerður hafði þann 12. marz 1932 verið lagt löghald á eignir hlutafélagsins til tryggingar kröfum þessum og höfðað mál á hendur félaginu til greiðslu þeirra. Kröfur þessar voru því næst greiddar að fullu á tímabilinu frá 15. apríl til 1. júlí 1932.

Eins og að framan er drepið á, hafa hinir ákærðu borið.

að þeir hafi talið, að hlutafélagið ætti eignir fyrir forgangskröfum á umræddum tíma, og vitnið Björn P. Kalman, sem var lögfræðilegur ráðunautur hlutafélagsins um tíma um þetta leyti, hefir borið, að hann hafi talið vafalaust, að hlutafélagið ætti eignir fyrir forgangskröfum á umræddum tíma.

Samkvæmt fyrrgreindum efnahagsreikningi pr. 20. marz 1932 eru ógreidd opinber gjöld og vinnulaun, sem félagið skuldaði, kr. 11690.69, auk óborgaðs kaups til fastra starfsmanna félagsins, sem virðist í raun og veru muni hafa verið forgangskröfur, en sem allir hinir ákærðu hafa borið (rskj. nr. 26), að hafi verið eingöngu skuld við hluthafana, ákærðan Kristján Egilsson og Theódór Jónsson, og sem ekki hafi verið litið á sem forgangskröfur, heldur sem almennar kröfur. Aðrar forgangskröfur virðist félagið þá ekki hafa skuldað samkv. nefndum efnahagsreikningi. En á sama tíma voru eignir félagsins samkvæmt sama efnahagsreikningi, sem virðast hafa verið óveðsettar: Vörubirgðir kr. 1180.00, áhöld kr. 6803.41, bifreið kr. 2500.00, óinnheimt verkunarlaun (fyrir fisk) kr. 9620.99, í sjóði kr. 1890.36 og inneign hjá Útvegsbanka Íslands h/f kr. 33.20, eða samtals kr. 22107.96, auk útistandandi skulda, að upphæð kr. 20444.63, sem munu hafa verið lítils virði. En auk þess átti hlutafélagið þá fiskbirgðir, sem eru á nefndum efnahagsreikningi áætlaðar kr. 25294.93, sem virðast að vísu hafa verið veðsettar Útvegsbankanum að öllu leyti, en sá veðréttur hefði orðið að víkja fyrir slíkum forgangskröfum sem að framan greinir (vinnulaunum og opinberum gjöldum), ef bú félagsins hefði þá verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Þó sumar framangreindar eignir séu líklega taldar við of háu verði í framangreindum efnahagsreikningi og útistandandi skuldir líklega mjög lítils virði, verður rétturinn þó að líta svo á, að hinir ákærðu hafi ekki haft ástæðu til að ætla annað, en að hlutafélagið ætti óveðsettar eignir fyrir forgangskröfum samkv. 83. gr. skiptalaganna, er framangreindar ráðstafanir voru gerðar, og verður framangreind handveðsetning til Garðars Þorsteinssonar og framangreindar greiðslur hinna ákærðu f. h. hlutafélagsins til Hermanns Benediktssonar o. fl. því þegar af þeirri ástæðu eigi taldar saknæmar.

Í marzmánuði 1932 kom Jón nokkur Jóhannsson frá Siglufirði hingað til Vestmannaeyja og krafði hlutafélagið um skuld samkvæmt 2 víxlum, að upphæð samtals kr. 14000.00, auk vaxta og kostnaðar, eign Guðmundar Björnssonar á Siglufirði. H/f Freyr var útgefandi að víxlum þessum, sem samþykktir voru af Kristni Jónssyni, útgerðarmanni hér í bænum, en ábekingar á víxlum þessum, og því ábyrgir fyrir greiðslu þeirra, voru ákærðir Páll V. G. Kolka og Kristján Egilsson o. fl. En víxlar þessir voru eftirstöðvar kaupverðs vélbáts (v/b Nonni), sem nefndur Kristinn Jónsson hafði keypt af fyrrnefndum Guðmundi Björnssyni í febrúarmánuði 1930 fyrir 24000 krónur, og sem h/f Freyr hafði ábyrgzt greiðslu á á framangreindan hátt, og hafði hlutafélagið fengið veðrétt í vélbát þessum til tryggingar vegna ábyrgðar þessarar, en vélbátur þessi fórst skömmu eftir að Kristinn Jónsson keypti hann, og fékk hlutafélagið þá útborgað vátryggingarfé skipsins, kr. 22000.00, án þess að framangreindar eftirstöðvar kaupverðsins væru greiddar, og var hlutafélagið því í raun og veru orðið aðalskuldari á víxlum þessum.

Nefndur Jón Jóhannsson höfðaði mál gegn hlutafélaginu og hinum öðrum, sem skuldbundnir voru samkvæmt víxlum þessum, til greiðslu víxlanna, eftir umrædda komu sína hingað, í marzmánuði 1932, og fékk dóm fyrir kröfum sínum, og hafa hinir ákærðu Kjartan Guðmundsson og Kristján Egilsson borið, að Jón Jóhannsson hafi hótað að láta taka bú hlutafélagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar, ef hann fengi ekki greiðslu á umræddri skuld, en hinir ákærðu sömdu þá við Jón um, að hann fengi bankatryggingu fyrir greiðslu á kr. 7800.00 af umræddum skuldum, gegn því að fá greiðslufrest (óákveðinn, að því er virðist) á eftirstöðvum skuldarinnar, sem þá var, samkvæmt framburði ákærðs Kjartans Guðmundssonar, talin alls kr. 14600.00 með vöxtum og kostnaði, og hefir ákærður Kjartan Guðmundsson og borið, að ákærðir hafi fengið loforð Jóns Jóhannssonar um, að hann skyldi mæla með því við fyrrnefndan eiganda víxlanna, að eftirstöðvar skuldarinnar yrðu gefnar eftir. Útibú Útvegsbankans hér í bænum ábyrgðist gagnvart Jóni Jóhannssyni greiðslu framangreindrar upphæðar fyrir hlutafélagið, en

ákærður Kjartan Guðmundsson seldi f. h. firmans Kjartan Guðmundsson & Co bankanum að handveði framangreint 30000 króna veðskuldabréf sitt með 2. veðrétti í fiskþurrkhúsi h/f Freys og gaf út eigin víxil fyrir upphæðinni, og hefir héraðlútandi handveðsetningarskjal verið lagt fram í málinu, rskj. nr. 56, og er það dags. 20. marz 1932, og virðist því þá hafa verið endanlega gengið frá þessari ráðstöfun. En ábyrgðarskjal bankans til Jóns Jóhannssonar hefir eigi verið lagt fram í málinu, þar eð ekki hefir tekizt að fá það né afrit af því, hvorki hjá bankanum né hjá fyrrnefndum Jóni Jóhannssyni, sem eigi hafa talið það finnast í sínum vörzlum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, og er því ekki upplýst nákvæmlega um efni þess.

Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir borið, að hann hafi fengið yfirlýsingu hinna ákærðu Páls V. G. Kolka og Kristjáns Egilssonar vegna framangreindra skuldbindinga sinna gagnvart Útvegsbankanum viðvíkjandi kröfu Jóns Jóhannssonar um, að þeir stæðu í ábyrgð fyrir umræddri skuld, jafnt eftir að umræddir samningar voru gerðir sem áður. Ákærður Kjartan Guðmundsson hefir og borið, að hann hafi samið við bankann um framangreinda bankaábyrgð til Jóns Jóhannssonar, ásamt hinum ákærðu Páli V. G. Kolka og Kristjáni Egilssyni, en ákærður Kristján Egilsson hefir borið, að hann hafi ekki átt neinn þátt í því að semja við Jón Jóhannsson um kröfu þessa né við bankann um umrædda tryggingu fyrir henni, en hann kveðst ekki hafa haft neitt við það að athuga, að Jón Jóhannsson fengi umrædda tryggingu fyrir kröfu sinni, og kveðst heldur hafa viljað reyna að ná samningum fyrir hönd hlutafélagsins við skuldheimtumenn þess — þar á meðal, að því er virðist, framangreindum samningum við Jón Jóhannsson —, en að hlutafélagið framseldi bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar, en hann (K. E.) hefir borið, að fyrrnefndur Björn P. Kalman hrm., sem ákærðir hafi leitað ráða hjá í sambandi við umrædda kröfu Jóns Jóhannssonar, hafi ráðlagt hinum ákærðu að framselja þá bú félagsins til gjaldþrotaskipta. Ákærður Páll V. G. Kolka hefir borið, að mjög nærri hafi legið, að ákærðir framseldu bú félagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar vegna framangreindrar kröfu Jóns Jóhannssonar, en þá hafi náðst samkomulag við Útvegsbankann um framangreinda ábyrgð, og þó hann

hafi ekki borið nánar um þetta við rannsókn málsins (þ. e. framhaldsrannsókn í Húnavatnssýslu), verður að telja nægilega upplýst, að umrædd ráðstöfun hafi verið gerð með vilja og að tilhlutun hans (P. V. G. K.) og allra hinna ákærðu, og beri þeir því allir ábyrgð á henni, en félagsstjórnarfundarsamþykkt liggur engin fyrir um hana.

Útibú Útvegsbankans hér í bænum greiddi svo Jóni Jóhannssyni (eða Guðmundi Björnssyni) framangreinda fjárhæð vegna hlutafélagsins haustið 1932, samkvæmt framburði fyrrnefnds H. V. Björnssonar, en ekki er upplýst nánar, hve nær það var. Og eftir því, sem upplýst er í málinu, virðist hlutafélagið ekki hafa greitt bankanum umrædda fjárhæð, hvorki áður en greiðslan til Jóns Jóhannssonar fór fram né eftir það. En þó firmað Kjartan Guðmundsson & Co virðist eitt hafa skuldbundið sig beinlínis gagnvart bankanum í sambandi við framangreinda ábyrgð og greiðslu bankans til Jóns Jóhannssonar vegna hlutafélagsins, verður að líta svo á, sem hlutafélagið hafi í raun og veru tekið lán eða útvegað fé hjá bankanum til umræddrar greiðslu, og verður því að áliti réttarins að dæma um þessa ráðstöfun, eins og ákærðir hefðu fyrir hönd hlutafélagsins greitt Jóni Jóhannssyni framangreinda upphæð.

Ákærðir halda eindregið fram, að þeir hafi á umræddum tíma verið búnir að fá loforð fyrrnefnds bankaútibússtjóra um að mæla með því, að bankinn gerði samninga við félagið á framangreindan hátt, og að þeir hafi því álitið, að slíkir samningar mundu nást við bankann og aðra skuldheimtumenn félagsins, og hafi allar ráðstafanir, sem stjórn félagsins gerði f. h. félagsins á árinu 1932, verið miðaðar við það og gerðar í þeirri trú, að slíkir samningar fengjust við alla skuldheimtumenn félagsins.

Eins og að framan greinir, er upplýst í málinu, að fyrrnefndur bankaútibússtjóri mælti með því eftir að hann fékk bréfið á rskj. nr. 27, að hlutafélagið fengi umræddu samninga við bankann um skuldir sínar, og eitthvað virðast ákærðir hafa farið fram á slíkt við bankastjórann áður, eða snemma á árinu 1932, og því hafa verið vel tekið af honum, en ekki hafa fengizt nákvæmar upplýsingar um, hve nær fyrst hafi verið rætt um slíkt milli hinna ákærðu

og bankastjórans, en samkvæmt framburði vitnanna Björns P. Kalmans og H. V. Björnssonar virðist ekkert ákveðið hafa verið samið um þetta við bankastjórann (þ. e., að hann mælti með samningum við hlutafélagið) fyrr en eftir að umrædd ráðstöfun og samningurinn við Hermann Benediktsson var gert, og vitnið Björn P. Kalman hefir borið, að hann hafi eigi talið hafa þýðingu að byrja á samningatilraunum við almenna kröfuhafa fyrr en gengið hefði verið frá samningum við Hermann Benediktsson um framangreindar forgangskröfur. En þar eð útibú Útvegsbankans veitti hlutafélaginu framangreinda aðstoð við að semja við Jón Jóhannsson um kröfu hans, þó gegn fullri tryggingu væri, verður að álíta, að ákærðir hafi þá þegar haft ástæðu til að ætla, að útibússtjórinn vildi eigi ganga að hlutafélaginu eða láta taka bú þess til gjaldþrotaskiptameðferðar, en það virðist jafnframt hafa verið öllum aðiljum ljóst, að aðalstjórn nefnds banka í Reykjavík mundi taka hina endanlegu ákvörðun í þessu efni, og allt virðist hafa verið í óvissu um, hvaða afstöðu aðalbankastjórnin mundi taka til þessa, þar til hið neitandi svar hennar við samningaumleitunum hinna ákærðu barst ákærðu í nóvembermánuði 1932. Og auk þess var, að því er virðist og eins og að framan er drepið á, ekkert verulega farið að reyna að semja við aðra skuldheimtumenn félagsins en bankann á umræddum tíma, og virðist því allt hafa verið í óvissu um, hvort samningar fengjust við þá, en samkvæmt framangreindum efnahagsreikningi pr. 20. marz 1932 skuldaði hlutafélagið öðrum skuldheimtumönnum en bankanum óveðtryggðar almennar kröfur að upphæð samtals kr. 52484.53, auk framangreindrar skuldar við fasta starfsmenn félagsins, sem ákærðir hafa, eins og að framan greinir, haldið fram, að taldar hafi verið almennar kröfur. Og eigi getur hinum ákærðu hafa þótt það auka líkurnar fyrir því, að þeir fengju samninga þá, sem þeir óskuðu eftir við skuldheimtumenn sína, að hlutafélagið varð að greiða Jóni Jóhannssyni helminginn af framangreindri kröfu til þess að fá hjá honum gjaldfrest á eftirstöðvum skuldarinnar, án þess að fá nokkurt loforð um eftirgjöf á eftirstöðvunum, heldur hlaut það að veikja trú þeirra á, að samningar tækjust á framangreindum grundvelli, og gera aðstöðuna til þess að ná slíkum samn-

ingum erfiðari. Þá gat það og eigi aukið möguleikana fyrir því, að hlutafélagið næði slíkum samningum við skuldheimtumenn sína almennt, að ákærður Kjartan Guðmundsson framseldi einstökum kröfuhafa (Útvegsbankanum) framangreindan veðrétt firma síns, sem hlýtur að hafa haft mjög mikla þýðingu fyrir allan hag og afkomumöguleika hlutafélagsins, í stað þess að gefa hlutafélaginu sjálfu veðréttinn eftir og láta aflýsa honum, án þess neinn annar kröfuhafi fengi veðrétt þenna eða samskonar veðrétt, eins og eðlilegast hefði verið og líklegast til árangurs sem undirbúningur undir samninga við skuldheimtumenn félagsins.

Þá virðast og framangreindar veðsetningar hlutafélagsins, sem gerðar voru skömmu áður en umræddar samningaumleitanir byrjuðu, hafa hlotið að torvelda mjög og draga úr möguleikum fyrir samningum um skuldir félagsins, en að þeim veðsetningum loknum voru allar fasteignir félagsins bersýnlega veðsettar fyrir eins háum eða hærri skuldum en sannvirði þeirra nam, og átti félagið þá ekki aðrar eignir óveðsettar en framangreint lausafé og útistandandi skuldir. Þá hefir og ákærður Kjartan Guðmundsson borið, að framangreint samkomulag við Útvegsbankann um ábyrgð bankans fyrir skuldinni til Jóns Jóhannsonar hafi verið því skilyrði bundin af hálfu bankans, að bú hlutafélagsins yrði ekki tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar innan ákveðins tíma frá því samið var um þá ábyrgð, og bendir sá framburður ákærðs Kjartans til þess, að gjaldþrot félagsins hafi þá verið talin yfirvofandi.

Rétturinn verður því að líta svo á, að gjaldþrot hafi vofað yfir hlutafélaginu á umræddum tíma og eftir það, þrátt fyrir framangreind meðmæli H. V. Björnssonar bankaútibússtjóra um, að bankinn semdi við hlutafélagið um skuldir þess, og að hinir ákærðu hafi séð eða hlotið að sjá, að svo var, og hafi borið skylda til, þrátt fyrir umræddar samningaumleitanir og engu síður vegna þeirra, að haga ráðstöfunum sínum f. h. félagsins með yfirvofandi gjaldþrot þess fyrir augum. Rétturinn verður því að líta svo á, að allir hinir ákærðu hafi brotið gegn ákvæði 263. gr. hinna almennu hegningarlaga með framangreindri ráðstöfun viðvíkjandi kröfu Jóns Jóhannssonar.

Þann 2. apríl 1932 greiddi hlutafélagið Birni P. Kalman hrm. kr. 500.00 fyrir lögfræðistörf í þágu félagsins, að því er virðist, með samþykki allra hinna ákærðu, og hafa allir hinir ákærðu borið, að sú greiðsla hafi verið fyrir aðstoð Björns P. Kalmans viðvíkjandi framangreindum samningaumleitunum hlutafélagsins, en Björn P. Kalman hefir borið sem vitni í málinu, að greiðsla þessi hafi verið fyrir aðra lögfræðilega aðstoð, sem hann hafi látið félaginu í té áður en byrjað var á (þ. e. hann byrjaði á) framangreindum samningaumleitunum við bankann. En samkvæmt framburði hans vann hann engin slík störf í þágu félagsins fyrr en um miðjan marzmánuð 1932, og þar sem svo virðist, sem hér hafi verið um nauðsynleg lögfræðisstörf í þágu félagsins að ræða, sem greidd voru samtímis eða að heita má samtímis, þó framburður B. P. K. um þetta sé lagður til grundvallar, og á meðan lögfræðingur þessi enn starfaði í þágu hlutafélagsins, verður ráðstöfun þessi að áliti réttarins eigi talin saknæm.

Þann 8. júní 1932 greiddi þáverandi framkvæmdastjóri hlutafélagsins, Carl Rosenkjær, útibúi Útvegsbankans hér í bænum kr. 461.53 af fé, sem ekki var á nokkurn hátt veðbundið bankanum, upp í vexti af skuldum hlutafélagsins við bankann, auk þess sem hann greiddi þá bankanum andvirði fiskjar, sem var veðsettur bankanum. En nefndur Carl Rosenkjær hefir borið, að hann hafi innt greiðslu þessa af hendi f. h. hlutafélagsins án þess að bera það undir hina ákærðu, og eigi er sannað í málinu, að greiðsla þessi hafi farið fram fyrir tilstilli hinna ákærðu, og verða þeir því eigi dæmdir til refsingar fyrir hana.

Þann 27. júní 1932 voru nefndu bankaútibúi greiddar af hlutafélaginu upp í víxilskuldir kr. 10755.15 samkv. fundarsamþykkt félagsstjórnarinnar sama dag, og voru allir hinir ákærðu á þeim fundi og samþykkir þessari ráðstöfun samkvæmt útskrift úr fundagerðabók félagsins, sem lögð hefir verið fram í málinu. Fjárhæð þessi virðist, eftir því sem upplýst er í málinu, hafa verið veðbundin bankanum, þ. e. andvirði fiskjar, sem veðsettur var bankanum, nema kr. 3600.00, sem upplýst er í málinu og ákærðir hafa játað, að hafi verið með öllu óveðbundin bankanum. En fyrrnefndur Carl Rosenkjær, sem greiddi bankanum fé þetta, hefir borið, að hann hafi sett það skilyrði fyrir greiðsl-

unni, að hlutafélagið fengi fjárhæð þessa endurgreidda, er samningar fengjust um skuldir félagsins, til greiðslu upp í skuldirnar, samkvæmt slíkum samningum, og hefir fyrrnefndur bankaútibússtjóri viðurkennt við rannsókn málsins, að hann hafi tekið við þessari greiðslu fyrir hönd bankans með nefndu skilyrði, og hefir bankinn talið sig skyldan til að endurgreiða þrotabúi hlutafélagsins upphæð þessa vegna skilyrðis þessa, og verður því að áliti réttarins að líta svo á, að þannig hafi verið gengið frá samningum um greiðslu þessa af þeirra hálfu, að hún geti ekki talizt saknæm, þar á meðal þykir ekki næg ástæða til að líta á ráðstöfun þessa sem tilraun til ívilnunar, sem sé refsiverð samkvæmt 263. gr. sbr. 46. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Viðskipti hlutafélagsins í sambandi við daglegan rekstur á fiskverkunarstöð (þar á meðal fiskþurrkhúsi) félagsins eftir að gjaldþrot félagsins verða að teljast hafa verið ið yfirvofandi geta að áliti réttarins eigi talizt saknæm, og eigi verður talið upplýst um aðrar ráðstafanir en að framan greinir, sem geti talizt saknæmar samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Enginn hinna ákærðu vann neitt að bókhaldi hlutafélagsins, eftir því sem upplýst er í málinu, að öðru en því, að Theódór Jónsson hefir borið, að ákærður Páll V. G. Kolka hafi unnið eitthvað að bókfærslunni fyrstu mánuðina, sem félagið starfaði, og ekki er upplýst um neitt, sem ástæða þykir til að sakfella hina ákærðu í sambandi við bókhald félagsins. Og þar eð mál þetta hefir eigi verið höfðað gegn þeim mönnum, sem önnuðust bókfærslu og reikningshald félagsins aðallega, kemur eigi til athugunar hér, hvort þeir hafi gerzt brotlegir við lög í því starfi sínu eður eigi. Og undanskot fjármuna virðist ekki hafa átt sér stað.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, meðal annars með framangreindri endurskoðun, hafa ákærðir hætt að framlengja víxla hlutafélagsins og yfirleitt stöðvað greiðslur þess með þeim undantekningum, sem að framan er minnst á — þó eigi að því, er snertir rekstur fiskverkunarstöðvarinnar — eftir 13. marz 1932, að samþykkt var á hluthafafundi að fela stjórn félagsins að leita nauðasamninga við skuldheimtumenn þess, en félagið var áður hætt að geta staðið í skilum með greiðslur skulda sinna yfir-

leitt, að því er virðist, eftir því sem upplýst er í málinu, þó ef til vill verði ekki talið um beina greiðslustöðvun að ræða fyrr en þann 13. marz 1932, er framangreind ákvörðun var tekin. En þá var hinum ákærðu orðið ljóst, að hlutafélagið gæti ekki greitt skuldir sínar að fullu, og þá var komið í ljós, að fjárhagur hlutafélagsins hafði versnað síðasta reikningsár, þ. e. árið 1931. Ákærðir voru því þá skyldir til þess, samkv. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 25 frá 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, að framselja bú félagsins til gjaldþrotaskiptameðferðar. Og þó eðlilegt geti talizt og heimilt, að ákærðir verði einhverjum tíma, eftir að þannig var komið, til þess að reyna að ná samningum um skuldir félagsins við skuldheimtumenn þess, þá verður alls eigi talið, að þeim hafi verið heimilt af þeirri ástæðu að draga að framselja búið til gjaldþrotaskipta svo lengi sem þeir gerðu, enda framseldu þeir ekki búið fyrr en nokkru eftir að bankinn hafði neitað þeim um samninga um skuldir félagsins, en þá virðist hafa verið orðið með öllu vonlaust um, að slíkir samningar næðust um skuldirnar (þ. e. er bankinn hafði neitað um samninga). Og hinir ákærðu virðast aldrei hafa gert neitt beinlínis til þess að ná opinberum nauðasamningum um skuldir félagsins samkvæmt lögum um slíka samninga.

Ákærðu hafa því að áliti réttarins brotið gegn framannefndu ákvæði gjaldþrotalaganna.

Árið 1932 var enginn hluthafafundur haldinn í hlutafélaginu, nema framangreindir fundir, sem voru haldnir þann 13. marz og 16. sept. það ár, en engir ársreikningar fyrir félagið voru lagðir fram á þeim fundum, enda voru engir reikningar gerðir fyrir árið 1931, nema framangreint reikningsyfirlit og efnahagsreikningur pr. 31. desember 1931, svo og efnahagsreikningurinn pr. 20. marz 1932, sem má í raun og veru líta á sem efnahagsreikning fyrir árið 1931, en reikningar þessir voru aldrei endurskoðaðir. Hinir ákærðu hafa því að áliti réttarins brotið gegn 30. gr. laga um hlutafélög nr. 77 frá 27. júní 1921.

Að framan er lýst því, sem upplýst er í málinu viðvíkjandi tapi á fiski þeim, sem h/f Freyr keypti eða yfirtók af firmanu Theódór Jónsson & Kolka, er hlutafélagið var stofnað, og sem eigendur nefnds firma, þar á meðal ákærður Páll V. G. Kolka, greiddu með hlutafé sitt í fé-

laginu að nokkru leyti, eða samtals kr. 12000.00 af hlutafénu. En þó ýmsar upplýsingar, sem fram eru komnar í málinu, bendi til þess, að verðfall eða tap á fiski þessum hafi verið fyrirsjáanlegt, er hlutafélagið var stofnað, þykir — þar eð ganga þykir verða út frá því, eftir því sem upplýst er í málinu, að eigendur firmans hafi lagt nefnda fjárhæð fram til fiskkaupanna og aðeins lítið af fiskbirgðum þeim, sem firmað upphaflega hafði keypt, hafi verið selt, er hlutafélagið var stofnað, og því ekki þá nein vissa fyrir því, hvað fengist fyrir fiskbirgðir þessar — að áliti réttarins ekki næg ástæða til að telja, að ákærðir Páll V. G. Kolka og Kristján Egilsson hafi með því að telja framangreinda upphæð meðal innborgaðs hlutafjár í tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar um umrætt hlutafélag brotið gegn 53. gr. eða 54. gr. hlutafélagalaganna, og verður því eigi talið upplýst, að ákærðu hafi brotið gegn öðrum ákvæðum hlutafélagalaganna en að framan greinir.

Ákærður Páll V. G. Kolka er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. janúar 1895. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir, með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þá ber og samkvæmt 8. gr. 4. mgr. laga nr. 25 frá 14. júní 1929 að svipta hann rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár eftir uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærður Kjartan Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 31. maí 1885. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir, með hliðsjórn af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þá ber og, samkv. framangreindu ákvæði gjaldþrotaskiptalaganna (8. gr. 4. mgr.) að svipta hann rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærður Kristján Egilsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 27. október 1884. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til fyrir framangreint brot, þykir,

með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin. Og þar eð hann hefir eigi brotið gegn öðrum ákvæðum hegningarlaganna en 263. gr. þeirra, þykir eigi bera að svipta hann rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki samkv. 8. gr. 4. málsgr. gjaldþrotaskiptalaganna.

Hinir ákærðu Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson greiði að hálfu hvor málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., sem þykja hæfilega ákveðin 100 kr. Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun hins skipaða talsmann síns í málinu, Ástþórs Matthíassonar lögfræðings, sem þykja hæfilega ákveðin 50 kr.

Allan annan kostnað málsins þykir eftir atvikum rétt, að hinir ákærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum).

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en fyrir drætti þeim, sem varð á að lúka rannsókn málsins, er gerð grein í prófunum, og dómur í málinu hefir eigi verið kveðinn upp fyrr en nú vegna anna dómarans.

Mánudaginn 6. desember 1937.

Nr. 86/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Ingimundi Jónssyni, Guðvarði Þorkelssyni og **Gunnlaugi Sigurbjörnssyni** (Einar B. Guðmundsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Ólafsfjarðarhrepps 29. apríl 1937:

Kærðu Ingimundur Jónsson og Gunnlaugur Sigurbjörnsson sæti hvor um sig 500 króna sekt til menningar-

sjóðs, og afpláni hvor þeirra sekt sína með 25 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðvarður Þorkelsson greiði 60 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 6 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt gert.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því er varðar sök kærðu Guðvarðs Þorkelssonar og Gunnlaugs Sigurbjörnssonar, þá þykir mega, með skírskotun til forsendna héraðsdómsins, staðfesta ákvæði hans um refsingu þeim til handa, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að því er þá varðar að staðfesta málskostnaðar- og upptökuákvæði hins áfrýjaða dóms.

Kærði Ingimundur Jónsson hefir kannazt við að eiga áfengi það, sem við húsleitina fannst, að undanteknum bruggleginum í kútnum, en hann hefir ekki viðurkennt, að þar sé um ólöglegt áfengi að ræða. Sýnishorn af áfengi þessu, sem var slatti á einni flösku og tveimur pelum, hefir verið sent efnarannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar og umsagnar, og segir hún, að það *geti verið* heimabruggað áfengi, en geti einnig verið bruggað hvar sem vera skal. Sker umsögn þessi því ekki úr um það, hvort áfengið sé ólöglegt eða ekki. Héraðsdómarinn kveðst hafa leitað álits ýmissa manna um áfengi þetta, og hafi þeir talið það vera heimabrugg, óblandað á einu ílátinu, en á hinum tveimur blandað bitterbrennivíni. Umsagnir þessara manna eru allar óstaðfestar, enda er enginn þeirra nafngreindur í prófum máls-

ins og enginn þeirra hefir verið kvaddur fyrir rétt. Skortir því mjög á það, að hér sé um slíka skoðun að ræða sem refsiniðurstaða verði byggð á. Og þar sem ekki er upplýst á annan hátt, að áfengi þetta sé ólöglegt, þá verður ekki talin sönnuð sök á hendur kærða Ingimundi í máli þessu, og ber því að sýkna hann af kærum valdstjórnarinnar í því.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærðu Guðvarði og Gunnlaugi að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Ingimundur Jónsson á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Gunnlaugur Sigurbjörnsson sæti 500 króna sekt í menningarsjóð, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðvarður Þorkelsson sæti 60 króna sekt í menningarsjóð, og komi 6 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku ólöglegs áfengis staðfestist að því er snertir áfengislöginn í kútnum, sem um ræðir í málinu.

Hinir dómfelldu, Gunnlaugur Sigurbjörnsson og Guðvarður Þorkelsson, greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,

hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingimundi Jónssyni, Guðvarði Þorkelssyni og Gunnlaugi Sigurbjörnssyni, öllum til heimilis hér í kauptúninu, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Hinn 22. nóvember f. á., kl. 8 að kvöldi, gerði lögreglustjóri að undangengnum dómsúrskurði, ásamt áfengisvarnarnefnd Ólafsfjarðar og fleiri mönnum, húsleit hjá kærðum Ingimundi og Guðvarði, báðum til heimilis í Háagerði, eftir ólöglegu áfengi og bruggunartækjum.

Í kolastíu undir stiga í húsinu fannst kútur rúmlega hálfur af matbaunum, er voru blautar, og lagði af þeim gerjunarþef. Ennfremur fannst við húsleitina, í kommóðuskúffu á neðri hæð hússins, peli nær fullur af vínanda, og á efri hæð hússins fannst flaska og peli með slatta af áfengi í, hvorttveggja í læstu kofforti. Ennfremur uppi á lofti, undir rúmi, hálfflaska með örlítilli lögg í. Engin bruggunartæki fundust.

Sýnihorn voru send efnarannsóknarstofu ríkisins, og reyndist alkóhólstyrkleiki eftir rúmmáli í pelanum úr kommóðuskúffunni 31%, pelanum úr kofforti 46%, flöskunni úr koffortinu 36% og baunakútnum 6,9%. Innihaldið úr hálfflöskunni var svo lítið, að styrkleiki varð ekki mældur.

Kærður Ingimundur hefir kannazt við að eiga áfengi það, sem fannst í kommóðuskúffunni og koffortinu. Hann neitaði því strax eindregið, að hann ætti baunakútinn eða vita, hver ætti hann. Vildi fyrst enginn kannast við að eiga kútinn, en við eftirgrennslan komst dómarinn að því, að Albert Guðmundsson, sjómaður hér í kauptúninu, mundi eiga hann, en Albert kvaðst hafa lánað kærðum Gunnlaugi hann til sýrugeymslu.

Kærður Gunnlaugur hefir viðurkennt, að Albert hafi lánað sér kútinn ca. 3 vikum fyrir húsleitina. Hafi hann skömmu síðar sett í kútinn ca. 1½ kg. af matbaunum, ca. 1½ kg. af strausykri og síðan fyllt kútinn með vatni, en kúturinn taki alls um 4½ líter. Kærði kveðst hafa geymt kútinn niðri í kistu heima hjá sér um vikutíma, en síðan hafi hann farið með hann út í sjóhús Einars Jónssonar, og þar hafi hann, ásamt Jakobi Einarssyni, sjómanni hér í kauptúninu, drukkið rúmlega líter úr kútnum, en segir, að þeir hafi ekkert fundið á sér af drykk þessum. Meðan þeir voru þarna í sjóhúsinu bar þar að kærðan Guðvarð, og varð það að samkomulagi með þeim, að Guðvarður tæki kútinn til geymslu, og hafi kærður Gunnlaugur og Jakob farið með kútinn heim til Guðvarðar þá um kvöldið, og veitti hann kútnum móttöku. Segir Guðvarður, að kúturinn hafi legið í skúr við húsið þangað til daginn, sem húsleitin var gerð. Þá hafi hann flutt kútinn inn í kolastiuna. Kærði Gunnlaugur hefir viðurkennt, að það hafi verið ætlun sín að gera áfengi úr innihaldi kútsins, og kærði Guðvarður hefir viðurkennt að hafa vitað, að svo var. Gunnlaugur kvaðst ekki hafa áður fengizt við tilbúning áfengis. Jakob Einarsson hefir neitað að hafa nokkuð verið við mál þetta riðinn.

Kærði Ingimundur hefir viðurkennt að eiga áfengi það, sem fannist í kommóðuskúffunni og koffortinu uppi á lofti. Hann segist um s. l. veturnætur hafa fengið bitterbrennivínsflösku þá, sem var í koffortinu, og hafa hellt nokkru af innihaldi hennar í pelann. Séu þetta leifar af því áfengi. Kærði segist lengi hafa átt pelann, sem fannst í kommóðuskúfunni, en ekki muna, hvar hann hafi fengið hann, en neitar að hafa bruggað áfengi það, sem í honum var.

Dómarinn hefir leitað umsagnar ýmsra manna um áfengi það, sem fannst við húsleitina. Eru menn sammála um, að í pelanum úr kommóðuskúffunni sé óblandað heimabruggað áfengi, en áfengið, sem fannst í koffortinu, sé heimabrugg, blandað bitterbrennivíni. Verður rétturinn því að telja, að hér sé um ólöglegt áfengi að ræða. Og þar sem kærði hefir enga sennilega grein gert fyrir því, hvernig áfengi þetta er komið í vörzlu hans, verður rétturinn að telja hann brotlegan gegn 14. grein áfengislaga nr. 33

9. jan. 1935, og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt lagabrot, samkvæmt 30. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt vottorði efnarannsóknarstofu ríkisins var áfengisstyrkleiki innihalds baunakútsins 6.9% eftir rúmmáli, og getur í höndum kunnáttumanns náð allt að 100% styrkleika. Verður rétturinn því að telja kærðan Gunnlaug hafa brotið gegn 6. gr. áðurnefndra áfengislaga, og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður verið dæmdur til refsingar fyrir nokkurt lagabrot, samkv. 30. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðvarður hefir viðurkennt, að það hafi verið með sinni vitund og vilja, að baunakúturinn kom í Háagerði, og að hann hafi vitað, að áfengi átti að gera úr innihaldinu. Hann hefir því að réttarins áliti gerzt brotlegur gegn 16. gr. áðurnefndra áfengislaga, og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt lagabrot, samkvæmt 36. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 60 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 6 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt gert.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dráttur hefir orðið á afgreiðslu þessa máls, og er gerð grein fyrir honum í prófum málsins.

Mánudaginn 6. desember 1937.

Nr. 69/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Erlendi Sigurðssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Togaranjósnir.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. marz 1937: Kærði, Erlendur Sigurðsson, greiði 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 5 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það upplýst, að kærði hefir á tímabilinu 5. júlí 1935 til 4. des. s. á. sent brezkum togurum, er þá voru að veiðum hér við land, 8 loftskeyti á dulmáli með upplýsingar um vistarstaði landhelgisgæzluskipa hér við land á þeim tíma, er skeytin voru send. Af skeytum þessum voru 3 send togaranum „Drangey", 2 togaranum „Vinur", og sitt skeytið til hvers af togurunum „Alsey", „Blakkur" og „Fairway". Ennfremur hefir kærði kannazt við það, að hann hafi látið íslenzka togaranum „Belgaum" samskonar upplýsingar í té. Þessar athafnir kærða varða við 4. gr. laga nr. 5/1920, og þykir refsing hans fyrir þær hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma kærða til að greiða sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-

laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Erlendur Sigurðsson, greiði 5000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Erlendi Sigurðssyni skipstjóra, Ránargötu 21 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 1. júlí 1894. Hann var hinn 14. febrúar 1929 sektaður um 20 krónur fyrir að neita að staðfesta vitnaframburð, en hefir ekki oftar sætt refsingu, svo kunnugt sé.

Er rannsókn hófst í máli þessu, hafði kærði undanfarin 3 ár verið skipstjóri á togaranum Venus frá Hafnarfirði. Hefir kærði játað að hafa á þessu tímabili sent nokkrum togurum frá skipi sínu með loftskeytum á dulmáli upplýsingar um varðskipin. Hann hefir játað að hafa sent slíkar upplýsingar til brezku togaranna Alsey, Blakkur, Fairway og Vinur og íslenzka togarans Belgaum. En eigi man kærði, nema fleiri skip fengju slíkar upplýsingar frá honum. Eigi hefir kærði getað tilgreint nánar,

hve mikið hafi að öðru leyti kveðið að þessari upplýsingastarfsemi hans. Þau skeyti, sem farið hafa um landstöðvar milli skips kærðs og annara skipa og fyrirliggjandi voru í skjalasafni landsímans, hafa verið athuguð undir rannsókn málsins, og með dulmálslyklum, sem teknir voru úr brezka togaranum Vinur, hefir tekizt að þýða allmörg skeyti, sem farið hafa í milli kærða og annara skipa, og sem hafa reynzt innihalda upplýsingar um varðskipin.

Kærði kveðst hafa sent þessar upplýsingar til annara skipa samkvæmt beiðni skipstjóranna á þeim, án þess þó að um nokkurt fast samkomulag um slíka upplýsingastarfsemi væri að ræða. Eigi hefir kærði fengizt til að upplýsa, með hverjum hætti hann aflaði upplýsinga þeirra, sem hér um ræðir, en af skeytum þeim, sem fyrir liggja og þýdd hafa verið, sést, að um gagnkvæmar upplýsingar hefir verið að ræða milli skips kærðs og annara skipa, en í þessum skeytum felast upplýsingar um dvöl og hreyfingar varðskipanna á hinum ýmsu stöðum hringinn í kring um landið.

Sjálfur kveðst kærði hafa aflað sér upplýsinga um varðskipin til þess að útiloka það, að varðskip kæmu að honum undir kringumstæðum, sem telja mætti grunsamlegar, en hann hefir neitað því að hafa gert þetta í þeim tilgangi að geta í skjóli upplýsinganna veitt óhultur í landhelgi. Tilefni til þessa hefir kærði talið það, að hann hafi einu sinni sætt kæru af hálfu varðskips fyrir landhelgisbrot, sem hann hefir verið sýknaður af fyrir dómi. Í sama skyni og að framan greinir kveðst kærði hafa látið öðrum skipum í té upplýsingar um varðskipin. Þessi framburður kærða um tilgang upplýsingastarfseminnar verður ekki tekinn trúanlegur, og þykir mega ganga út frá því, að tilgangurinn hafi verið sá, að skipin gætu, ef svo bæri undir, stundað landhelgisveiðar óhultur fyrir varðskipunum.

Þessi upplýsingastarfsemi kærða varðar við 4. gr. laga nr. 5 1920, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 5 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 8. desember 1937.

Nr. 124/1937. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Einari Pálma Einarssyni
(Einar B. Guðmundsson)
og
Valdstjórnin (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Þórarni Helga Jónssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Brot samkvæmt 10. gr. laga nr. 51/1928 og áfengislagabrot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. sept. 1937: Ákærður, Einar Pálmi Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga.

Hann greiði og 300 króna sekt til menningarsjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 25 daga.

Kærður, Þórarinn Helgi Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga.

Hann greiði og 1000 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 55 daga.

Kærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Baldvins Guðmundssonar, kr. 60.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðir skulu in solidum greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómfelldu, Einar Pálmi Einarsson og Þórarinn Helgi Jónsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

I.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Einari Pálma Einarssyni verkamanni, sem nú er heimilislaus hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 51 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og áfengislögum nr. 33 1935, og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Þórarni Helga Jónssyni verkamanni, til heimilis Bakkastíg 14 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935.

Ákærður, Einar Pálmi Einarson, er fæddur 3. apríl 1898 að Kirkjubrú í Bessastaðahreppi. Hann hefir sætt þeim kærum og refsingum, sem hér segir:

1929 15/9 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 30/3 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 14/7 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 15/8 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 14/5 Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $^{3}/_{8}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.
1932 $^{2}1/_{3}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{1}4/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{1}9/_{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{9}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir þjófnað.
1934 $^{1}9/_{6}$ Sætt 500 kr. sekt fyrir áfengissölu.
1934 $^{2}1/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1934 $^{2}0/_{8}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1934 $^{2}8/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1934 $^{3}0/_{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{1}/_{4}$ Dómur hæstaréttar, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928.
1935 $^{3}/_{9}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{2}8/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, staðfest í hæstarétti $^{2}6/_{2}$ 1936.
1935 $^{1}8/_{11}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{2}9/_{1}$ Dómur hæstaréttar, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 18. sbr. 38. gr. laga nr. 33 1935 og 7. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1936 $^{2}2/_{5}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{3}0/_{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{1}4/_{4}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{2}1/_{4}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{2}7/_{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kærður, Þórarinn Helgi Jónsson, er fæddur 8. janúar 1913 á Ytri-Rauðamel í Eyjahreppi. Hann hefir áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1925 $^{2}9/_{3}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.
1925 $^{3}1/_{3}$ Kærður fyrir grjótkast og rúðubrot. Málið afgreitt til dómara.
1925 $^{2}0/_{4}$ Sætti áminningu lögreglunnar fyrir óknytti.
1932 $^{9}/_{1}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1932 $^{1}9/_{3}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1933 $^{1}1/_{6}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
1934 $^{1}8/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fang-

elsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir gripdeild.

1935 $11/3$ Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað. Staðfest í hæstarétti $11/10$ 1935.

II.

Föstudaginn 3. þ. m. handtók Lárus Salomonsson lögregluþjónn ákærðan, Einar Pálma, þar sem hann var mjög ölvaður í Hafnarstræti. Fylgdi lögregluþjónninn honum í Lækjargötu 8, en þar taldi hann sig eiga heima. Lögregluþjónninn veitti þar athygli miklum birgðum af brennivíni, og taldi ákærður sig eiganda þess. Síðar um kvöldið var í tilefni af þessu gerð húsrannsókn í herberginu, og fundust þar þá 23 heilflöskur og 8 pelar af brennivíni.

Við yfirheyrslu eftir að rann af ákærðum upplýsti hann, að herbergi það, er hann var fluttur í í Lækjargötu 8, væri leigt af kærðum, Þórarni Helga, og hann hefði aðeins lofað ákærðum að sofa þar við og við. Hann neitaði og að vera eigandi áfengis þess, er í herberginu fannst. Ennfremur neitaði hann eindregið að hafa fengizt við sölu áfengis.

Með tilliti til fortíðar sinnar var ákærður látinn gera grein fyrir högum sínum og af hverju hann hefði framfærslu. Hann skýrði svo frá, að undanfarin 2 ár hefði hann unnið við skósmíði hjá Kjartani Árnasyni skósmið, og síðar, er Kjartan seldi vinnustofu sína, hjá eftirmanni hans. Jens Sveinssyni. Þar kveðst hann hafa fengið greitt kaup eftir afköstum og eftir því, hvað mikið var að gera, 8—10 krónur á dag fyrir fullan vinnutíma.

Kjartan Árnason dvelur nú á heilsuhæli, og hefir því ekki orðið leiddur sem vitni í málinu. Jens Sveinsson hefir aftur á móti fyrir rétti staðfest þessa frásögn ákærðs. Vitnið keypti skóverkstæðið af Kjartani og tók við því síðustu dagana í marz s. l. Vann þá ákærður á verkstæðinu og hélt því áfram í rúman mánuð. Hefir vitnið fullyrt, að hann hafi verið hættur að vinna hjá sér fyrir 14. maí. Ákærður fór þaðan með þeim hætti, að hann lét sig vanta í 4—5 daga, þegar vitnið þurfti á honum að halda,

og varð það því að fá sér nýjan mann. Vitnið greiddi honum jafnan að kvöldi vinnulaun dagsins, og var það mest 7—8 krónur á dag. Hefir vitnið talið, að kaup hans hafi ekki farið fram úr 150 krónum þennan tíma, sem hann vann hjá sér.

Fyrir framfærslu sinni, eftir að hann fór af skóverkstæðinu, hefir ákærður gert þá grein, að hann hafi lifað á peningum, sem hann hafi sparað saman, og námu um 600 krónum. Fyrir þessum peningum hefir hann þó enga sennilega grein getað gert, heldur svarað vífilengjum einum.

Er frásögn hans um þetta efni bókuð svo í réttarbókinni:

„Mættur er þá spurður, á hverju hann hafi lifað síðan hann fór af skóverkstæðinu í vor, og svarar hann því svo, að hann hafi lifað af peningum, sem hann þá hafi lagt upp og námu 600 krónum. Hann er spurður að því, hve mikið hann eigi eftir af þeim peningum nú, og kveðst hann ekki muna það. Hann er spurður að því, hvar þeir peningar, sem hann eigi eftir, séu geymdir, og kveðst hann ekki muna það. Hann er spurður að því, hvar þeir peningar, sem hann eigi eftir, séu geymdir, og kveðst hann ekki gefa það upp. Hann er spurður, hvar hann hafi geymt þessar 600 krónur og hvort hann hafi lagt þær á sparisjóð. Hann segist ekki hafa átt peningana í sparisjóði, heldur geymt þá í vösum sínum. Mættum er þá bent á, að þegar hann var handtekinn, hafi hann aðeins haft 2 krónur í vösum sínum, og hann spurður að því, hve nær hann hafi hætt að geyma peningana í vösunum. Hann svarar því svo, að hann gangi með peningana á sér annað slagið."

Aftur á móti hefir ákærður viðurkennt að hafa ekki unnið síðan hann fór af skóverkstæðinu, eða haft tekjur.

Samkvæmt þessum svörum ákærðs verður ekki talið, að honum hafi tekizt að gera grein fyrir framfærslu sinni og færa rök að. Ber því að dæma hann eftir 10. gr. laga nr. 51 1928, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga. Ennfremur ber að dæma hann eftir 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 1935 fyrir ölvun á almannafæri, og þykir refsing hans fyrir það hæfilega ákveðin 300 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 25 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

III.

Kærður, Þórarinn Helgi Jónsson, viðurkenndi að vera eigandi að áðurtöldu áfengi, sem fannst í herberginu Lækjargötu 8. Hann hefir játað að hafa fengizt við áfengissölu síðan á síðastliðnu hausti. Hefir hann þennan tíma verið atvinnulaus. Áfengið hefir hann selt hinum og þessum, og aðalsalan verið um helgar. Áfengið hefir hann keypt í Áfengisverzlun ríkisins og lagt 2 krónur á brennivínsflöskuna.

Með þessu þykir kærður hafa gerzt sekur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 55 daga.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00, greiði kærðir in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Miðvikudaginn 8. desember 1937.

Nr. 35/1936. **Halldór Guðmundsson**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóni Jóhannssyni
(Garðar Þorsteinsson)

Ómerking málsmeðferðar og dóms í héraði og fjárnáms samkvæmt honum.

Dómur sjóréttar Siglufjarðar 5. okt. 1935: Stefndur, Halldór Guðmundsson, útgerðarmaður Siglufirði, greiði stefnandanum, Jóni Jóhannssyni, útgerðarmanni Siglufirði, 1000 kr. og 100 kr. í málskostnað, og hafi stefnandi sjóveðrétt í v/b Elínu fyrir upphæðum þessum.

Hið ídæmda að greiða innan 3 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess *aðallega*, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá undirrétti, en *til vara*, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða stefnda 140 krónur án vaxta. Svo krefst hann þess og, að fellt verði úr gildi fjárnám, er fram fór samkvæmt hinum áfrýjaða dómi í skipi hans, „Elínu", S. I. 13, þann 19. nóvember 1935. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði látin standa óhögguð, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Svo sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, hafa aðiljar báðir tryggt báta sína, sem um ræðir í málinu, í „Vélbátasamtryggingu Eyjafjarðar", sem er gagnkvæmt vátryggingarfélag, og eru þeir því báðir háðir lögum þess og samþykktum. Í 29. gr. félagslaganna, sem eru frá 1931, er mælt svo fyrir, að skyldir skuli félagsmenn að hjálpa hver öðrum, ef slys ber að höndum, og megi félagsstjórnin greiða sanngjarna þóknun fyrir slíka aðstoð. Úrskurði stjórnarinnar um þóknun má svo samkvæmt 40. gr. laganna skjóta til gerðardóms, sem fullnaðarúrskurð leggur á málefnið. Í 4. gr. reglugerðar félagsins, sem samþykkt var á aðalfundi þess 1933, er viðbótarákvæði við nefnda 29. gr. laganna, á þá leið, að þegar félagsstjórnin ákveður laun fyrir björgun eða aðstoð, þá megi þau ekki fara yfir 20 krónur fyrir hverja klukkustund, en þar eð rík ástæða er til þess að skýra þetta viðbótar- og undantekningarákvæði þröngt, þá verður að álíta, að í því felist aðeins takmörkun á heimild félagsstjórnarinnar til að ákveða

þóknun, en að gerðardómur samkvæmt 40. gr. laganna sé ekki við það bundinn. Loks er í 40. gr. laganna tekið fram, að ekkert þrætumál, sem fyrir kemur í félaginu, megi bera undir opinbera dómstóla.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um frávísun málsins frá undirrétti á framangreindum ákvæðum félagslaganna. Stefndi hefir mótmælt því, að krafan verði tekin til greina sökum þess, að hún hafi ekki verið borin fram í héraði. Að vísu hefir áfrýjandi ekki krafizt þar frávísunar berum orðum, en með því að leggja þar fram lög félagsins, bera fyrir sig, að stefndi væri við þau bundinn, og krefjast þess, að dómsniðurstaðan færi eftir því, þá hefir hann hagað kröfugerð sinni þannig í héraði, að frávísunarkrafan getur komið hér til álita, ef hún á stoð í lögum félagsins, sbr. einnig 113. gr. laga nr. 85/1936.

Þar eð stefndi er bundinn við félagslögin, en hefir ekki farið þá leið, sem þau ákveða, að láta félagsstjórnina fyrst úrskurða um þóknun fyrir hjálp þá, er hann veitti bát áfrýjanda, og skjóta þeim úrskurði síðan til gerðardóms, ef honum þætti ástæða til, þá brestur dómstólana að svo vöxnu máli heimild til þess að leggja dóm á kröfu hans. Ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja málsmeðferð og dóm og vísa málinu frá undirréttinum. Samkvæmt þessu verður einnig að ómerkja hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttin-

um. Svo skal og hin áfrýjaða fjárnámsgerð vera ómerk.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 4. sept. 1934 krefst stefnandinn, Jón Jóhannsson Siglufirði, skipstjóri og eigandi v/b Snorra, að stefndur, Halldór Guðmundsson, útgerðarmaður Siglufirði og eigandi v/b Elín, verði dæmdur til þess að greiða sér 2000 kr. fyrir að draga v/b Elínu, sem var við Drangey með bilaða vél, til Siglufjarðar, að sér verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins og sjóveðréttur í v/b Elínu fyrir dómkröfum sínum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

25. júlí 1934 er v/b Elín stödd við Drangey með bilaða vél. Eftir merki skipstjórans á v/b Elínu heldur stefnandinn, skipstjórinn á v/b Snorra, að skipinu Elínu og biður skipstjórinn á Elínu stefnanda að draga skip sitt til Siglufjarðar, og það gerði stefnandi, og tók það 7—8 klt.

Stefndur telur, að aðiljar hafi báðir þessi skip sín vátryggð í Vélbátasamtrygging Eyjafjarðar og að samkv. 29. gr. laga þeirrar tryggingar eigi stefnandi að annast slíka aðstoð sem þessa ókeypis, en beri þó a. m. k. ekki meira en 20 kr. á klt. fyrir aðstoðina, samkv. 4. gr. reglugerðar þessar vélbátasamtryggingar, eða kr. 140.00, og það vill hann borga stefnanda. Stefnandi telur sig hins vegar við aðstoðina hafa orðið fyrir aflatjóni, því að mörg skip hafi veitt síld þenna dag, er síld hafi verið mikil á Skagafirði og veður hagstætt. Þessu neitar stefndur.

Það verður nú að telja, að 29. gr. laga Vélbátasamtryggingar Eyjafjarðar aðeins skuldbindi félagana innan tryggingarinnar að hjálpa og aðstoða, er skip vátryggð innan tryggingarinnar þurfa, en ekki, að slík hjálp sé látin í té ókeypis, enda þótt að slíkt ákvæði gangi ekki lengra en lög almennt mæla fyrir og sé því óþarft, nema ef vera skyldi til þess að hvetja félagana til hjálpar. Þá verður líka að telja, að ákvæði 4. gr. Vélbátasamtryggingarinnar setji aðeins hámark fyrir, hvað stjórn tryggingarinnar án dóms

eða aðalfundarheimildar megi borga skipum á klt. fyrir aðstoð, en skyldi ekki eigendur skipa, er þar eru vátryggð, til þess að framkvæma björgun eða aðstoð fyrir 20 kr. á klt. Slíkt ákvæði, ef sett hefði verið, mundi líka slæva viljann til björgunar og aðstoðar sjómönnum, eigendum skipa og vátryggingarfélaginu til hins mesta háska.

Með tilliti til verðmætis v/b Elínar annars vegar, en hins vegar með tilliti til þess, að stefnandi hefir tafizt frá veiðum, verður að telja hæfilegt, að stefndur greiði stefnanda 1000 kr. fyrir aðstoðina og kr. 100.00 í málskostnað, og hafi stefnandi sjóveðrétt í v/b Elínu fyrir þessum fjárhæðum.

Föstudaginn 10. desember 1937.

Nr. 85/1937. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Gunnlaugi Jónssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Víxilfölsun.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 12. febr. 1937: Ákærði, Gunnlaugur Jónsson frá Skeggjastöðum í Ólafsfirði, sæti 6 mánaða fengelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns, fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum málsins er það sannað, að hann hefir falsað víxil þann, sem getur í héraðsdóminum, og ennfremur sendibréf, stílað til Einars Gunnarssonar kaupmanns, og undirritað með nafni föður ákærða, en í bréfi þessu

er nefndur Einar beðinn að selja víxilinn í Landsbankanum, og það tekið fram, að ekki mundi verða farið fram á framlengingu á víxlinum.

Um hin fölsuðu skjöl er það bersýnilegt, að þau eru rituð með sömu hendi.

Með víxilfölsuninni hefir ákærður gerzt brotlegur við 271. gr. hegningarlaganna og með fölsun sendibréfsins hefir hann brotið gegn 272. gr. sömu laga, og þykir refsing ákærða með hliðsjón af 63. gr. og 273. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en ákveða þykir mega samkvæmt 1. gr. laga nr. 39 frá 1907, að refsingunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef fullnægt verður skilyrðum téðra laga.

Samkvæmt þessum málalokum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Það er athugavert við rannsókn málsins, að vanrækt hefir verið að afla skýrslna um hagi ákærða.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gunnlaugur Jónsson, sæti 7 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkveðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað.

Ákærður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 60.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar með stefnu dags. 7. jan. 1937 gegn Gunnlaugi Jónssyni frá Ólafsfirði fyrir brot á 27. kapítula almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til hegningar og greiðslu alls kostnaðar, er af máli þessu og rannsókn hefir leitt og kann að leiða.

Stefna var útgefin í málinu 8. desember 1936, rskj. 6, og send til birtingar út í Ólafsfjörð, og átti málið að koma fyrir 22. desember síðastl., en stefnan kom of seint, og varð því að stefna af nýju.

Í byrjun októbermánaðar síðastl. kom Einar Gunnarsson kaupmaður niður í útibú Landsbankans á Akureyri með víxil, að upphæð kr. 500, útgefinn í Ólafsfirði 1. október síðastl., með gjalddaga 1. jan. 1937. Hann hafði með sér bréf frá samþykkjanda víxilsins, þar sem hann óskaði, að víxillinn yrði keyptur. Á víxlinum voru nöfn eftirfylgjandi manna: Jón Gunnlaugsson, faðir ákærða, var samþykkjandi víxilsins. Útgefandi var Steinn Jónasson, en ábekingar Kristján Rögnvaldsson, Kvíabekk Ólafsfirði, og Jón Júl. Þorsteinsson kennari Ólafsfirði.

Bankastjóra útibús Landsbankans þótti víxillinn grunsamlegur. Hringdi hann upp Jón Júlíus Þorsteinsson og sagði hann honum, að hann hefði ekki ritað nafn sitt á víxilinn, eða samþykkt, að það væri ritað. Síðar um daginn fékk hann og vitneskju um, að fleiri nöfn voru fölsuð á víxlinum. Víxillinn var því ekki keyptur.

Ákærði hefir játað, að hann hafi skrifað öll nöfnin á víxilinn, og eins kannast hann við að hafa skrifað bréfið

rskj. 2, en hann heldur fram, að Einar Gunnarsson kaupmaður hafi dikterað bréfið. Einar Gunnarsson átti að fá skuld greidda af víxilupphæðinni. Próf hafa farið fram um tilorðningu bréfsins. Er það að vísu upplýst í málinu, að ákærði hefir verið á skrifstofu Einars Gunnarssonar í byrjun október, og þeir verið þar, að því er virðist, ölvaðir, en Einar Gunnarsson hefir neitað því harðlega, að hann hafi átt nokkurn þátt í samningu bréfsins, enda engar sannanir framkomnar um, að svo hafi verið. Hann neitar því, að hann hafi átt uppástunguna að því, að bréfið var skrifað.

Allir þeir, sem á víxlinum voru, hafa verið yfirheyrðir og neita þeir allir að hafa ritað nöfn sín á víxilinn, enda aldrei komið til orða, að þeir væru á víxlinum. Jón Gunnlaugsson hefir og neitað því, að hann hafi undirritað rskj. 2, enda aldrei komið til mála, að hann hafi beðið Einar Gunnarsson að selja víxilinn.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, telur sig vera fæddan 27. ág. 1897, og þótti því ekki sérstök ástæða til þess að útvega skírnarvottorð, þar sem hann var svo langt yfir lögaldur sakamanna, sbr. rskj. 9. Ákærði hefir aldrei sætt hegningu. Brot ákærða ber að færa undir 271. gr. almennra hegningarlaga. Með tilliti til þess, að ákærði hefir kannazt hreinskilnislega við brot sitt, og með tilliti til þess, að skjal það, sem falsað var, var þannig úr garði gert, að auðsætt var, að öll nöfnin voru rituð með sömu hönd, enda segist ákærði upphaflega hafa verið að búa til fyrirmynd af víxli með árituðum nöfnum til þess að senda til Ólafsfjarðar til að sýna, hvar nöfnin og hvernig þau ættu að standa á víxli, sem hann ætlaði að fá þar, þá þykir mega ákveða hegninguna með tilvísun til 273. gr. almennra hegningarlaga sbr. 33. gr. sömu laga 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns, fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar. Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 10. desember 1937.

Kærumálið nr. 3/1937. **Chr. Fr. Nielsen**
gegn
Hallgrími Benediktssyni.

Krafa um framlagningu og afhendingu skjala í dómsmáli.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóv. 1937: Framangreind krafa stefnanda verður ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi til lögmannsins í Reykjavík, dags. 17. f. m., óskaði kærandi úrskurði, uppkveðnum 11. f. m., skotið til hæstaréttar samkvæmt XV. kafla laga nr. 85/1936. Komu skjöl málsins til hæstaréttar 27. f. m., og var málið, að fengnum frekari upplýsingum frá héraðsdómaranum, tekið til dóms 8. þ. m.

Með samningi 2. nóv. 1911 gerðu aðiljar félag með sér um verzlunarrekstur undir nafninu „Hallgrímur Benediktsson". Ágreiningur reis milli þeirra út af félagsskapnum, og var nefndur gerðardómur samkvæmt 9. og 10. gr. samningsins til þess að skera úr þeim ágreiningi. Kvað meiri hluti gerðardómsins upp úrskurð sinn 24. júlí 1913 á þá leið, að stefndi, Hallgrímur Benediktsson, var úrskurðaður einn eigandi firmans, en greiða skyldi hann kæranda tiltekið kaup fyrir vinnu í þarfir firmans og hluta af sölulaunum af vörum frá tilteknum firmum. Með stefnu 25. júní þ. á. höfðaði kærandi mál á hendur stefnda og krafðist þess aðallega, að stefndi yrði dæmdur til þess, ásamt kæranda, að tillnefna menn í gerðardóm samkvæmt áðurnefndum félagssamningi, en til vara, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kaupkröfu

og ýmsar skaðabótakröfur, er kærandi taldi sig eiga á hendur stefnda og kærandi taldi af félagssamningnum risnar.

Í flutningi máls þessa í héraði varð ágreiningur milli málsaðilja um skyldu stefnda til að afhenda kæranda og leggja fram í málinu ýms skjöl, er vörðuðu áðurnefndan félagsskap. Í því sambandi urðu það lokakröfur kæranda í sókn dags. 3. nóv. þ. á., að stefndi yrði dæmdur til:

1. Að afhenda kæranda skjöl þau öll, sem tilheyra áðurnefndum gerðardómi, ásamt gerðardómsbókinni, og

2. Að leggja fram allt það af bréfaskiptum áðurnefnds firma frá tímabilinu 2. nóv. 1911 til ársloka 1913, er við kæmi máli þessu, svo sem pantanaafrit, verzlunarbækur og annað, er máli getur skipt. Af hálfu stefnds var kröfum þessum mótmælt. Voru þær síðan teknar til úrskurðar 4. nóv. síðastl. og hrundið með hinum kærða úrskurði, svo sem þar greinir.

Kærandi hefir ekki sagt það berum orðum í kærubeiðni sinni eða annarstaðar, hvaða kröfur hann gerði fyrir hæstarétti. En með því að úrskurðurinn gekk kæranda á móti og hann hefir kært hann samkvæmt XV. kafla laga nr. 85/1936, þykir ekki geta orkað tvímælis, að hann óski þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, og að framangreindar kröfur hans verði teknar til greina. Þykir því, þrátt fyrir þessa galla á málflutningi kæranda, hægt með tilvísun til 113. gr. nefndra laga að leggja dóm á sakarefnið að því leyti sem það verður samkvæmt eðli sínu dæmt í þessu máli. Og verður þá fyrir að athuga framannefndar kröfur kæranda.

Um 1. Þessi krafa er byggð á því, að kærandi sé eigandi eða sameigandi með stefnda að þar greindum skjölum, og því sé stefnda skylt að afhenda kæranda þau. Þetta atriði, sem ekki varðar sönnunaratriði í áðurnefndu dómsmáli milli aðilja né önnur réttarfarsatriði þess máls, verður eigi dæmt í kærumáli þessu.

Um 2. Þessi krafa beinist að því, hvort stefnda beri að leggja fram í oftnefndu dómsmáli aðilja ýms skjöl, er stefndi hefir í vörzlum sínum og kunna að vera sönnunargagn um einhverjar staðreyndir þess. Skjöl þessi virðast vera mörg og margvísleg, og ef til vill ýmislegt í þeim, sem engu máli skiptir í þessu sambandi. Og er því ekki ólíklegt, að algerlega kunni að vera óþarft að leggja þau fram í heild sinni í oftnefndu dómsmáli. Kærandi hefir enga grein gert fyrir því, hvaða staðreyndir hann hyggist að upplýsa með þeim, enda þótt honum hefði átt að vera það hægt, og hefir að því leyti ekki fullnægt ákvæðum 147. gr. laga nr. 85/1936. Auk þess er allt óvíst um það, hvort stefnda væri skylt að leggja skjöl þessi í heild eða einhver þeirra fram með þeim hætti, sem kærandi virðist ætlast til, vegna ákvæða 149. gr. téðra laga. Loks hefir stefndi í þinghaldi 30. sept. þ. á. lýst sig fúsan „til að láta stefnanda í té afrit af öllum þeim skjölum, sem mál þetta varða og hann óskar eftir til framlagningar í máli þessu“ gegn hæfilegri þóknun fyrir afritin. En þessu boði tjáir kærandi sig ekki vilja taka. Enda þótt skylda megi aðilja einkamáls til þess að leggja fram skjal samkvæmt 2. málsgr. 145. gr. laga nr. 85/1936, sbr. við 149. og 151 gr. sömu laga, þá þykir ekki fært að skylda stefnda í þessu máli til framlagningar þeirra skjala, er kær-

andi krefur hann til að leggja fram, af ástæðum þeim, sem að framan greinir. Þykir því verða að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Málskostnaðar fyrir hæstarétti hefir ekki verið krafizt, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera órasakaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu, sem stefnandi hefir höfðað gegn stefndum til þess *aðallega*, að stefndur verði dæmdur til að tilnefna ásamt stefnanda menn í gerðardóm skv. samningi frá 1911, og *til vara*, til að greiða sér vangoldin laun, svo og skaðabætur fyrir samningsrof, hefir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði úrskurðaður til þess að afhenda sér bækur og skjöl tilheyrandi firma því, er stefnandi telur, að hann og stefndur hafi átt saman og þeir hafi starfað saman við til ársins 1913. Ennfremur krefst hann þess, að stefndur verði úrskurðaður til að afhenda sér gerðabók og önnur skjöl tilheyrandi gerðardómsmáli frá 1913 milli aðilja þessa máls. Telur stefnandi, að framangreind skjöl og skilríki hafi að innihalda ýmsar mikilsvarðandi upplýsingar í máli því, sem hér liggur fyrir, og sé sér því nauðsyn á að fá skjöl þessi afhent, enda eigi hann fullan rétt til þeirra.

Stefndur mótmælir því eindregið, að hann verði skyldaður til að afhenda stefnanda framangreind skjöl og bækur, enda eigi stefnandi engan rétt til þeirra, því að hvernig sem annars verði litið á skipti aðilja þessa máls, þá sé það upplýst, að hann (stefndur) hafi haft framangreind skjöl í sínum vörzlum í að minnsta kosti 24 ár, og séu þau því þar með orðin sín eign. Hinsvegar kveður stefndur stefnanda vera það frjálst að fá þau afrit af framangreindum skjölum,er hann telji hafa þýðingu fyrir sig, gegn venjulegu gjaldi, en stefndur hefir ekki viljað taka því boði.

Því er ómótmælt, að stefndur hefir haft framangreind skjöl í sínum vörzlum þann tíma, er hann hefir haldið fram, og verður því að telja, að hann hafi öðlazt eignarrétt yfir þeim fyrir hefð, þar sem ekki verður annað séð, en að fullnægt hafi verið ákvæðum laga um hefðarhald og hefðartíma. Verður því framangreind krafa stefnds ekki tekin til greina á þeim grundvelli, að hann eigi eignarétt yfir áðurnefndum skjölum. — Og ekki verður heldur talið, að stefnandi eigi á annan hátt rétt til þess, að stefndur leggi fram umrædd skjöl, eða innihald þeirra sé slíkt, að honum beri skylda til þess skv. 145. gr. laga nr. 85/1936, auk þess sem stefnandi hefir ekkert látið upp um það, hvaða málsatvik eigi að upplýsa með skjölunum, eins og honum ber að gera skv. 147. gr. sömu laga, enda er í téðum lögum aðeins heimild til að úrskurða þriðja mann til að leggja fram skjöl í einkamáli, en ef aðili gerir slíkt ekki, þótt honum samkv. lögunum beri skylda til þess, hefir það skv. 2. mgr. 145. gr. laganna aðeins þær afleiðingar, að dómari getur skýrt það svo, að hann samþykki skýrslu áskoranda um efni skjalanna. Að öllu þessu athuguðu þykir framangreind krafa stefnanda ekki hafa við rök að styðjast, og verður hún því ekki tekin til greina.

Mánudaginn 13. desember 1937.

Nr. 103/1937. **Marteinn Einarsson f. h. Gunnars Marteinssonar** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson)

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 5. apríl 1937: Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 16. ágúst þ. á., hefir áfrýjandi með stefnu, dags. 2. sept. þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Marteinn Einarsson f. h. Gunnars Marteinssonar, greiði stefnda, bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Gunnari Marteinssyni c/o Marteinn Einarsson, Laugaveg 31 hér í bæ, sem var ósjálfráða piltur, fæddur 1. marz 1921, og talinn til heimilis hjá föður sínum og skipuðum fjárhaldsmanni, Marteini kaupmanni Einarssyni, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1936 kr. 4050,00. Þar sem fjárhaldsmaðurinn hefir eigi greitt útsvar þetta, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak yrði gert í eignum piltsins til tryggingar ofangreindu útsvari, ásamt dráttarvöxt-

um og kostnaði. Fjárhaldsmaðurinn hefir hinsvegar mótmælt því, að gerðin nái fram að ganga, þar sem hann telur piltinn eigi hafa verið útsvarsskyldan í Reykjavík á þeim tíma, sem um er að ræða. Hefir málið því verið lagt undir úrskurð fógetaréttarins.

Fjárhaldsmaðurinn hefir haldið því fram, að útsvar það, sem hér um ræðir, sé ranglega á piltinn lagt, þar sem hann hafi eigi átt lögheimili í Reykjavík, er útsvarið var hér á hann lagt. Kveður hann piltinn hafa átt lögheimili í Ölfushreppi síðan 1935, enda hafi hann dvalið þar löngum frá því hann var barn og síðan, nema þegar hann er við nám. Hafi og flutningur hans þangað verið tilkynntur lögreglustjóranum í Reykjavík á löglegan hátt, og ekki verið talið fyrir hann fram til skatts hér. Hefir fjárhaldsmaðurinn lagt fram í réttinum: *1.* Vottorð hreppstjóra Ölfushrepps, dags. 28. nóv. 1936, um að pilturinn hafi átt lögheimili þar árið 1935 og síðan, rskj. 9, og *2.* kvittun oddvita Ölfushrepps um, að greitt hafi verið þar útsvar hans fyrir árið 1936, kr. 1200.00, rskj. 12.

Gerðarbeiðandi hefir hinsvegar haldið því fram, að pilturinn hafi, þrátt fyrir athugasemd á manntali hér og yfirlýsingu hreppstjóra Ölfushrepps um lögheimili piltsins þar, raunverulega átt heima hjá föður sínum og fjárhaldsmanni hér í Reykjavík umrætt tímabil, og sé hann því útsvarsskyldur hér, enda sé allt samband piltsins við föður hans á þessum tíma þess eðlis, að það hafi í engu verulegu breytzt á árinu 1935 frá því, sem var fyrir þann tíma.

Fyrir árið 1935 var pilturinn Gunnar Marteinsson, sem var ósjálfráða þá og var það enn, er umrætt útsvar var lagt á hann hér, til heimilis hjá föður sínum, Marteini kaupmanni Einarssyni, Laugaveg 31 hér í bæ, og voru þá útsvör hans greidd hér. Var faðir hans skipaður fjárhaldsmaður hans undir yfirfjárráðum lögmannsins í Reykjavík. Pilturinn dvaldi á þessum tíma löngum að Grímslæk í Ölfusi hjá föðurfrændum sínum, eftir því sem fjárhaldsmaður hans hefir upplýst. Nú virðist fjárhaldsmaðurinn hafa ákveðið að breyta lögheimili hans árið 1935 og flytja það að Grímslæk í Ölfushreppi og lætur, að því er virðist, skrifa hann til heimilis þar á manntali það ár og geta þess á manntalsskýrslu Reykjavíkur þá um haustið, auk þess

sem hann telur sig hafa tilkynnt lögreglustjóranum í Reykjavík lögformlega flutning þennan. Hinsvegar virðist fjárhaldsmaðurinn engar aðrar ráðstafanir hafa gert í sambandi við þessa breytingu á lögheimili piltsins. Þannig hefir hann eigi tilkynnt það yfirfjárráðanda hans, lögmanninum í Reykjavík, sem vitað er, að hafði og hefir enn allar eignir piltsins í vörzlum sínum og heldur því áfram að vera yfirrfjárráðandi hans, þrátt fyrir þessa flutningsráðstöfun fjárhaldsmannsins. En til þess að ganga löglega frá þessari breytingu á lögheimili hins ósjálfráða pilts hefði fjárhaldsmaðurinn þurft að tilkynna yfirfjárráðanda hans flutninginn, svo að hann gæti lagt það undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort telja skyldi til nýjan fjárhaldsmann og annað, sem þar greinir, sbr. tilsk. um fjárforráð ómyndugra 18. febrúar 1847, 16. gr. i. f. Þá virðist það og ljóst, að samband piltsins við föður hans og heimili hans hér í bænum virðist ekki hafa breytzt neitt við þessa flutningsráðstöfun fjárhaldsmannsins, þar sem pilturinn er eftir sem áður jafnan hjá föður sínum á vetrum, en austur í Ölfusi á sumrum, en svo hafði það verið frá bernsku hans. Verður rétturinn að líta svo á, að það eitt, að fjárhaldsmaðurinn ákveður, að hinn ósjálfráða piltur skuli eiga lögheimili annarstaðar en í Reykjavík, þar sem hann jafnan hefir átt lögheimili, að óbreyttum öllum öðrum högum piltsins, sem að ofan getur, sé eigi nægilegt til þess að breyta raunverulegu heimilisfangi hans. Verður því að líta svo á, að þrátt fyrir ráðstafanir fjárhaldsmannsins, sem áður greinir, hafi pilturinn átt lögheimili í Reykjavík umrætt tímabil, og því verið hér útsvarsskyldur þá. Ber því að áliti réttarins að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Miðvikudaginn 15. desember 1937.

Nr. 152/1936. **Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Karli Pétri Símonarsyni
(Jón Ásbjörnsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 28. marz 1936: Stefndur, Karl Pétur Símonarson, greiði stefnandanum, Sigurði Jónssyni, kr. 3890.00, með 5% ársvöxtum frá 16. september 1935 til greiðsludags, og kr. 350.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stefnandi í héraði, Sigurður Jónsson, skaut máli þessu hingað til réttarins með stefnu dags. 28. sept. 1936. Þann 24. október s. á., áður en málið væri þingfest, lézt Sigurður, en ekkja hans, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, hefir haldið málinu áfram. Situr hún í óskiptu búi eftir Sigurð, ásamt tveimur börnum þeirra, eftir því sem umboðsmaður hennar hér fyrir rétti hefir skýrt frá.

Áfrýjandi hefir krafizt þess hér fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 15518.00 eða aðra lægri upphæð eftir mati dómsins með 5% ársvöxtum frá 16. sept. 1935 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Vátryggingarfélaginu Danske Lloyd hefir einnig verið stefnt fyrir hæstarétt til þess að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur hafa verið gerðar á

hendur því, og ekki hefir það borið fram kröfur af sinni hálfu, en hinsvegar lýst yfir því, að það telji sér ekki skylt að greiða vátryggingarbætur út af slysi því, sem um ræðir í málinu.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram hafa komið fyrir hæstarétti, má telja það víst, að meiðsli Sigurðar, er hann hlaut við bílslysið, hafi valdið því, að hann hafi verið frá vinnu ekki skemur en sem svarar einu ári. Tekjur hans, áður en slysið bar að höndum, virðast hafa numið sem næst 400 krónum um mánuðinn, og nemur því tjón það, sem af þessu stafar, 4800 krónum. Þá er því ekki mótmælt, að beinn kostnaður, er Sigurður varð að inna af hendi vegna meiðslanna, hafi numið 518 krónum. Þegar svo, auk þessara tveggja fjárhæða, er tekið tillit til þjáninga og óþæginda, sem meiðslunum voru samfara, má líta svo á, að heildarbætur vegna meiðslanna væru hæfilega ákveðnar 6000 krónur. En þar sem fallast má á röksemdir héraðsdómarans fyrir því, að bæturnar beri að lækka að nokkru vegna þess, að Sigurður hafi gert stefnda að einhverju leyti óhægt um stjórn bifreiðarinnar, þá þykja bætur þær, sem dæma ber áfrýjanda, hæfilega ákveðnar 4800 krónur með vöxtum eins og krafizt er. Svo ber og stefnda samkvæmt þessari niðurstöðu að greiða áfrýjanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500 krónur fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Karl Pétur Símonarson, greiði áfrýjanda, Sigurbjörgu Jóhannsdóttur, 4800 krónur með 5% ársvöxtum frá 16. september 1935 til greiðsludags og 500 krónur í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkv. samkomulagi höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útg. 16. sept. 1935 af Sigurði Jónssyni bifreiðarstjóra, Ásvallagötu 31 hér í bæ, gegn Karli Pétri Simonarsyni, Vatnskoti í Þingvallasveit, til greiðslu á skaðabótum og læknishjálp, samtals að upphæð kr. 20518.00, með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 16. sept. 1935 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Vátryggingarfélaginu Danske Lloyd hefir og verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* hefir hann mótmælt upphæðinni sem allt of hárri.

Tildrög málsins eru þau, að 13. maí 1935 var stefnandi staddur austur í Hveragerði með vörubifreiðina R. E. 395, er hann ók. Í Hveragerði neytti stefnandi áfengis og fór þess því á leit við stefndan, sem með honum var eystra og hafði réttindi til að stýra bifreið, að hann æki bifreiðinni hingað til bæjarins. Tókst stefndur þetta á hendur, en stefnandi settist við hlið hans í ökumannssætið í stýrishúsi bifreiðarinnar. Gekk nú allt slysalaust þangað til komið var vestur undir Árbæ, en þar vildi það slys til, að bifreiðin ók út af veginum, og slasaðist stefnandi mikið við það, en stefndur hlaut engin teljandi meiðsl.

Það er upplýst, að stefnandi var í bifreiðinni án þess að hann borgaði fargjald. Af því leiðir, að sönnunarbyrðin í máli þessu hvílir á stefnanda, þannig að vilji hann fá kröfur sínar teknar til greina, verður hann að sanna, að stefndum verði gefin sök á slysinu, og hann sé því skaðabótaskyldur eftir almennum reglum, og verður nú athugað, hvernig stefnanda hefir tekizt það.

Lögregluþjónar, sem fóru á slysstaðinn skömmu eftir, að slysið hafði viljað til, hafa skýrt svo frá í skýrslu til lögreglustjóra, að þar sem bifreiðin hafi farið út af veginum, sé hann beinn, hallalítill, tiltölulega sléttur og 5 metra breiður. Vegbrún hægra megin eða þeim megin, sem bifreiðin fór út af, sé 80 cm. há, en hækki dálítið, er vestar komi, og að allur vegkanturinn sé með nokkrum

fláa. 24.80 m. séu frá þeim stað á hægri vegbrúninni, sem vinstri hjól bifreiðarinnar runnu út af og að þeim stað, sem bifreiðin hafi stoppað á að slysinu skeðu. Lögregluþjónarnir telja, að bifreiðinni hafi verið ekið mjög hratt, og að henni hafi fyrst *„verið ekið á miklum hraða utan í vegbrúninni, fláanum, og nokkurn spotta hefir hún runnið alveg utan vegarins og það yfir stórgrýti, en svo að lokum oltið á hægri hliðina, og þá brotið af sér yfirbygginguna, snúizt við í veltunni og að lokum staðnæmzt þvers við veginn á réttum hjólum, og sneri þá framendi að veginum ... Á leið bifreiðarinnar utan vegarins hafði orðið fyrir henni jarðfastur steinn, ca. 200 kg. að þyngd. Við það, að bifreiðin rakst á stein þenna, hrökk hann upp úr legi sínu og 6 metra beint áfram, og sýnir það ljóslega, að þá hefir verið kraftur nokkur á bifreiðinni.“*

Bifreiðarstjóri sá, sem tók stefnanda á slysstaðnum og flutti hann á Landsspítalann, var staddur á Geithálsi, þegar R. E. 395 ók þar fram hjá. Kveður hann R. E. 395 hafa farið mjög hart, og það svo hart, að hann kveðst hafa verið hræddur um, að hún myndi lenda út af *„á litlu beyjunni, sem er Reykjavíkurmegin við Geithálsi.“* Í beygjunni telur hann hraðann hafa verið 50—60 km. á klst., en þegar aftur kom á beina veginn, hafi hraðinn verið aukinn.

Stefndur skýrir sjálfur svo frá, að hann hafi ekið á 45—50 km. hraða á klst. Skammt fyrir austan Árbæ hafi bifreiðin runnið upp úr hjólförunum hjá sér og út í lausa möl, og hafi hún oltið, þegar hann var að rétta hana við aftur.

Í skýrslu sinni til lögreglunnar telur stefndur stefnanda hafa legið þungt á handlegg sér, þegar slysið varð, og telur hann þá, að það hafi verið orsök þess, hvernig fór. Í lögregluréttinum kveður stefndur, að stefnandi hafi hallazt upp að sér, *„en þó ekki gert sér að ráði óhægt fyrir um stjórnina.“*

Skýrslu stefnds um þetta síðargreinda atriði hefir ekki verið hnekkt, enda er hún í alla staði trúleg, þar eð stefnandi kveðst ekkert hafa af sér vitað frá því austur við Reykjaréttir og þangað til hann vaknaði á Landsspítalanum.

Skv. framangreindri skýrslu lögregluþjónanna, sem rannsökuðu slysstaðinn, bifreiðarstjórans á bifreiðinni,

sem ók stefnanda á Landsspítalann, og loks játningu stefnds sjálfs, telur rétturinn, að sannað sé, að bifreiðinni R. E. 395 hafi ekki verið ekið á minni hraða en 50 km. á klst. Og þar sem sá hraði er ólöglegur og auk þess með öllu óafsakanlega mikill, þegar tekið er tillit til aðstöðu stefnds til að stýra bifreiðinni vegna ástands stefnanda, þá telur rétturinn, að stefndur sé ábyrgur fyrir tjóni því, er umrætt slys olli stefnanda, en með tilliti til þess, að skýrsla stefnds um, að stefnandi hafi gert honum að einhverju leyti óhægt fyrir um stjórn bifreiðarinnar, hefir ekki verið hnekkt og hún er í alla staði sennileg, þá verður að telja, að stefnandi eigi einnig sjálfur nokkra sök á slysinu, og verður tekið tillit til þess, þegar upphæð bótanna verður ákveðin, og kemur hún nú næst til athugunar.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1) kr. 518.00 fyrir skemmdir á fötum og sjúkrakostnað og

2) kr. 20000.00 í bætur fyrir missi líkamkrafta, vinnutap, þjáningar og sársauka.

1) Þessum lið hefir ekki verið mótmælt sem röngum, en hinsvegar tekur lækkunarkrafa stefnds einnig til hans, og verða stefnanda því, með tilliti til þess, sem áður er sagt um þátt hans í slysinu, aðeins tildæmdar kr. 390.00 undir þessum lið.

2) Guðmundur Thoroddsen prófessor lýsir stefnanda þannig eftir bílslysið, að hann hafi verið með mörg smásár hægra megin á andliti og á höfði og m. a. með klofið eyra. Sár þessi segir hann, að hafi verið saumuð saman. Neðri kjálki hægra megin var brotinn, þar að auki hafi verið áverkar á hægri öxl og baki, og við röntgenskoðun hafi komið í ljós, að einn hryggjarliður hafi verið brotinn. Bréf það, er prófessorinn lýsir áverkanum í, er skrifað 26. júní 1935, rúmum mánuði eftir að slysið varð, og segir ennfremur í því, að sárin séu gróin, en stefnandi hafi enn þá (26. júní) verki og óþægindi frá hryggjarliðsbrotinu, og að sennilegt sé, að það muni taka langan tíma þangað til hann verði jafngóður eftir það brot.

24. okt. 1935 gefur G. Karl Pétursson læknir vottorð um, að stefnandi hafi til þess tíma verið algerlega óvinnufær vegna slyssins og að hann megi *„ekkert reyna á sig fyrst um sinn minnsta kosti 3—5 mánuði“*. Ekki kveður

hann þó mögulegt að segja um, hvort stefnandi verði þá orðinn vinnufær, og heldur ekki sé hægt að segja enn þá (24. okt.), hvort hann verði nokkurn tíma jafngóður af meiðslum þessum.

Stefnandi var bifreiðarstjóri, og má telja, að tekjur hans skv. þeim gögnum, sem fyrir liggja, muni hafa numið a. m. k. kr. 350.00 á mánuði.

Skv. læknisvottorðunum verður ekki talið, að um varanlega örorku sé að ræða hjá stefnanda vegna slyssins.

En hinsvegar má skv. þeim telja upplýst, að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna slyssins ca. 10 mánuði. Þykir því verða að dæma stefndan til að greiða stefnanda í einu lagi kr. 3500 af upphæð þeirri, er hann krefst undir þessum lið, og þá tekið tillit til þess þáttar, sem stefnandi sjálfur skv. framansögðu verður að teljast eiga í slysinu.

Undir rekstri málsins hafa málflutningsmenn aðilja rætt nokkuð um skyldu vátryggingarfélagsins Danske Lloyd til að greiða bætur vegna slyssins, og hefir málflutningsmaður stefnds krafizt þess, að vátryggingarfélaginu verði dæmt óskylt að greiða bætur, jafnvel þótt stefndur yrði dæmdur til þess.

En þar eð engar kröfur hafa verið gerðar á hendur tryggingarfélaginu í máli þessu, verður ekki lagður dómur á greiðsluskyldu þess í því, enda felst ekki í 17. gr. bifreiðalaganna nein heimild til handa vátryggingarfélaginu til að fá lagðan dóm á greiðsluskyldu sína í skaðabótamálinu á hendur bifreiðarstjóranum, er valdur var að slysinu.

Úrslit málsins verða því samkv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3890.00, með vöxtum eins og krafist er, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Föstudaginn 17. desember 1937.

Nr. 68/1937. **Ólafur Ólafsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Þ. Gíslasyni
(Garðar Þorsteinsson).

Ómerking málsmeðferðar og dóms í héraði. Fasteignamál.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. maí 1937: Stefndum, Ólafi Ólafssyni, skal vera óheimil veiði fyrir vestan línu, sem dregin er eftir merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmannsleigna og suður í fjörð. Svo greiði hann og stefnanda 100 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 29. júní þ. á., og gert þessar dómkröfur: aðallega, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá undirréttinum, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að kröfur áfrýjanda verði ekki teknar til greina, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ofangreindar kröfur sínar byggir áfrýjandi á því, að héraðsdómarinn hafi vanrækt að fara með mál þetta samkvæmt ákvæðum laga nr. 41 frá 1919, um landamerki.

Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir jörðina Lækjarkot í Borgarhreppi í Mýrasýslu, dags. 7. des. 1883, þinglesinni 23. maí 1884, fylgir jörð þessari „afstungið engjastykki", „svonefndar Amtmannsleigur", við Borgarfjörð fyrir vestan Beigaldahring. Eftir því, sem upplýst er í máli þessu, liggur engjaspilda þessi á 310 metra löngu svæði meðfram firðinum, og er hún umgirt torfgarði á þrjá vegu. Næst fyrir vestan téða engjaspildu, einnig með fram Borgarfirði, er land jarðarinnar Bóndhóls í Borgarhreppi, og eru landamerki Bóndhóls ákveðin í landamerkjaskrá, gerðri í febrúar 1884 og þinglesinni 23. maí s. á. Þann 5. júní 1935 báru aðiljar máls þessa undir úrlausn landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ágreining, sem risið hafði um skilning á þeim ákvæðum landamerkaskrár Bóndhóls, er varða merkin milli Bóndhóls og landspildunnar Amtmannsleigna, en í greindri landamerkjaskrá segir, að merkin á þessu svæði séu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð". Lauk því máli með dómi landamerkjadómsins, uppkveðnum þann 20. júní 1935, og var niðurstaða dómsins sú, að merkin milli Bóndhóls og „Lækjarkotsleigna", þ. e. Amtmannsleigna, skuli vera lína, dregin úr skurðarkjaftinum við fjörðinn í stefnu á norðvesturenda garðlagsins við tjarnir, þangað til hún skerst af línu, er hugsast dregin eftir skurðinum að norðanverðu við Lækjarkotsleigur, er ræður merkjum milli Einarsness og Lækjarkotsleigna. Þessum landamerkjadómi hefir ekki verið áfrýjað.

Enda þótt þannig væri fengin óvéfengd dómsúrlausn um merkin milli Bóndhóls og Amtmannsleigna, þá hafa aðiljar máls þessa ekki getað orðið ásáttir um réttindin til veiðiskapar í sjó í netlögum fram undan

lendunni Amtmannsleigum. Leiddi þessi ágreiningur til þess, að stefndi, að undanfarinni árangurslausri sáttatilraun, höfðaði mál þetta gegn áfrýjanda fyrir aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með stefnu útgefinni 24. nóv. f. á., og gerði þær dómkröfur, aðallega að áfrýjanda væri með dómi bönnuð veiði í „Hvítá“ og leirunum framundan svonefndum Amtmannsleigum og fyrir landi Bóndhóls, en til vara, að áfrýjanda væri óheimiluð veiði fyrir vestan merkjalínu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð“. Fyrsta þing í máli þessu var háð þann 14. desember f. á. Lagði stefndi þá fram sóknarskjal af sinni hálfu. Í sóknarskjali þessu hélt hann því fram aðalkröfu sinni til stuðnings, að landspildunni Amtmannsleigum fylgdu engin veiðiréttindi. Hér væri einungis um engjaítak að ræða. Ef veiðiréttur fylgdi, þá væri ítakið einnig veiðiítak, en fyrir því væri engin sönnun fram komin. Varakröfu sína, sem héraðsdómarinn hefir tekið til greina, byggði stefndi hinsvegar á ofannefndu ákvæði landamerkjaskrár Bóndhóls, að landamerkjalínan liggi „eftir garðlagi suður í fjörð“. Telur hann, að í þessu orðalagi felist heimild til að láta framlenging merkjalínunnar á landi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna ráða merkjum milli þeirra svæða innan netlaga, er aðiljum beri einkaréttur til veiði.

Eins og málssókn þessari var háttað og að framan er talið, verður að líta svo á, að mál þetta hafi átt sem vettvangsmál að sæta meðferð eftir III. kafla laga nr. 41 frá 1919, um landamerki, og að héraðsdómaranum hafi borið þegar í þinghaldinu 14. des. f. á. að nefna meðdómsmenn og gera ráðstafanir til, að þrætusvæðið yrði skoðað og uppdráttur gerður af því, áður en sókn og vörn málsins væri lengra hald-

ið, en þessar framkvæmdir lét dómarinn undir höfuð leggjast, enda lagði hann dóm á málið án tilkvaðningar meðdómsmanna. Verður af þessum ástæðum að taka kröfur áfrýjanda til greina á þann hátt, að rétt þykir að ómerkja hinn áfrýjaða dóm, svo og málsmeðferðina frá 14. des. f. á. Ber þess vegna að vísa málinu heim í hérað til endurupptöku frá 14. desember f. á. og löglegrar meðferðar og dómsálagningar samkvæmt III. kafla laga nr. 41 frá 1919, sbr. nú einnig 221. gr. laga nr. 85 frá 1936, enda ber héraðsdómaranum að nefna meðdómendur og hlutast til um skoðunargerð á þrætusvæðinu og gerð uppdráttar af því samkvæmt 16. og 17. gr. laga nr. 41 frá 1919.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá 14. desember f. á. eiga að vera ómerk. Vísast málinu heim í hérað til endurupptöku frá 14. desember f. á. til löglegrar meðferðar og dómsálagningar, og ber héraðsdómaranum að nefna meðdómendur og hlutast til um skoðunargerð á þrætusvæðinu og uppdráttargerð af því samkvæmt 16. og 17. gr. laga nr. 41 frá 1919, um landamerki.

Stefndi, Guðmundur Þ. Gíslason, greiði áfrýjanda, Ólafi Ólafssyni, kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað með stefnu útgefinni 24. nóv. 1936, og hefir stefnandi gert þær réttarkröfur, að stefndum verði með dómi bönnuð veiði í Hvítá og leirunum fram af svonefndum Amtmannsleigum og fyrir landi Bóndhóls, en til vara, að honum verði óheimiluð veiði fyrir vestan landamerkjalínu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð". Auk þess krefst stefnandi, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Stefndur hefir mótmælt kröfum þessum og krafizt, að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Aðalkröfu stefnanda hefir stefndur mótmælt vegna þess, að stefnandi sé þar ekki réttur aðili, nema að hann geti sannað, að hann eigi veiðirétt fyrir Amtmannsleigum, og verður að telja mótmæli þessi á rökum byggð, og þar sem stefnandi hefir engar sannanir fært á þennan rétt sinn, verður aðalkrafa hans ekki tekin til greina.

Hvað viðvíkur varakröfunni, þá virðist það auðsætt af sókn og vörn málsins, að með henni er átt við, hvort bein framlenging af merkjalínunni á landi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna skuli ráða merkjum milli veiðiréttindanna á leirunum eða ekki, enda er það það, sem deilt er um.

Stefndur hefir haldið því fram, að lína þessi eigi að brotna við sjóinn og taka úr flæðarmáli stefnu á Skessuhorn, og koma þannig þvert á straumlínu Hvítár, og byggir þetta á því, að árið 1935 voru 3 menn útnefndir eftir beiðni Árna Helgasonar til að ákveða, hvar og hvernig skuli draga merkilínur milli veiðiréttinda nokkurra jarða, og þar á meðal þessara, en stefndur hefir enga sönnun fært á, að hér hafi verið um gerðardóm að ræða, sem gæti kveðið upp úrskurð, sem væri bindandi fyrir alla jarðaeigendur, og verður því ekki tekið tillit til mótmælanna á þessum grundvelli gegn mótmælum stefnanda. Þá heldur stefndur því fram, að það sé hefðbundin venja, að takmörkun veiðiréttinda í straumvatni miðist við línu, sem dregin er hornrétt á straumlínu árinnar, en á þetta verður ekki fallizt, því í Borgarfirði getur straumlína í álunum breytzt, ef vatnavextir eða sjórót koma, svo að slík ákvörðun yrði hér gagnslaus til að finna föst merki milli veiðiréttinda manna. Það virðist eðlilegast og mun vera

venja, að framlenging merkjalínunnar á landi sé látin ráða merkjum milli veiðiréttinda á leirum, og getur tæplega öðruvísi verið, því ef það væri leyft, að annar aðili gæti, jafnvel gegn mótmælum hins, látið landamerkjalínuna brotna í flæðarmálinu eftir vild, væri honum með því gefið tækifæri til að hrifsa til sín veiðiréttindi annara manna, þar sem þá væru engin takmörk fyrir því, hvað línan mætti brotna mikið.

Verður því, samkvæmt framanskráðu, að taka varakröfu stefnanda til greina og óheimila stefndum að veiða fyrir vestan línu, sem dregin er eftir merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmansleigna og suður í fjörð. Svo greiði stefndur stefnanda 100 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 20. desember 1937.

Nr. 75/1936. **Sigurjón Eiríksson** og **Jón Pétursson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Árna Oddssyni og **Guðjóni Sigurðssyni** (Gunnar Þorsteinsson).

Umferðarkvöð á lóð.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 12. maí 1936: Eigendum Eiríksgötu nr. 9 í Reykjavík ber að taka burtu bílskúr þann, er þeir hafa byggt innst og vestast á leigulóð sinni að því leyti, sem hann er byggður á 3 metra gangstignum, og ganga svo frá girðingu og hliði eigenda Barónsstígs nr. 63, er raskazt hefir við byggingu bílskúrsins, að það verði allt eins og það var áður en bílskúrinn var byggður. Skal á verki þessu byrjað 14 dögum eftir lögbirtingu dóms þessa, að viðlögðum 15 kr. dagsektum, og verkinu því næst lokið með hæfilegum hraða.

Eigendur Eiríksgötu 9 greiði eigendum Barónsstígs 63 kr. 100.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dómsins.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, Sigurjón Eiríksson og Jón Pétursson, eigendur húseignarinnar nr. 9 við Eiríksgötu, hafa krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir algerlega sýknaðir af kröfum þeim, sem stefndu, Árni Oddsson og Guðjón Sigurðsson, eigendur húseignarinnar nr. 63 við Barónsstíg, hafa gert á hendur þeim í máli þessu. Svo krefjast þeir þess og, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess af sinni hálfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til þess að greiða þeim málskostnað in solidum fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðilja hefir hér fyrir dómi, eins og í héraði, greint á um það, hvort umferðarréttur stefndu yfir 3 metra breiða ræmu vestast á lóð áfrýjanda nái alla leið inn í botn þeirrar lóðar, þ. e. alla þá leið, sem umræddar lóðir liggja samhliða, eða aðeins það langt inn á lóðina, að stefndu fái að vísu greiðan aðgang að sinni lóð, en inngönguhliðið verði sett eins nálægt suðurtakmörkum lóðar þeirra og unnt sé.

Stefndu hafa talið það leiða af ákvæðum lóðarleigusamninganna og einnig sjást af viðfestum afstöðuuppdráttum þeirra, að þeir hafi umferðarrétt um lóð áfrýjanda með fram sinni lóð alla þá leið, sem lóðirnar liggja samhliða. Í lóðarsamningi stefndu er svo að orði kveðið, „að umferðarréttur að baklóðinni“ sé „yfir vestur hluta lóðarinnar nr. 9 við Eiríksgötu eftir 3 metra breiðri ræmu“. Af orðalagi þessu verður ekki ráðið, að umferðarrétturinn nái inn á botn lóðar þessarar, því að eðlilegast er að skilja ákvæðið þannig, að stefndu sé tryggður greiður að-

gangur að lóð sinni, en þó á þann hátt, að áfrýjendum verði sem minnstur bagi að. En nú er jafnframt ákveðið í lóðarleigusamningi þessum, að stefndu séu skyldir að girða lóð sína, og samþykki byggingarnefnd gerð hennar. Með þessu ákvæði er byggingarnefnd áskilið vald til þess að segja fyrir um, hvar inngönguhlið skuli vera á girðingu þeirri, sem sett sé á mörkum umræddra lóða, og þá jafnframt vald til þess að ákveða, hversu langt inn á lóð áfrýjenda umferðarrrétturinn skuli ná, því fráleitt er, að hann nái lengra en inngönguhliðið segir til um. Ekki er upplýst, að stefndu hafi leitað samþykkis byggingarnefndar um girðingu þá, sem þeir hafa sett á milli lóðanna, því samkvæmt skýrslu lóðaskrárritara, sem ekki hefir verið hnekkt, var leyfi það, sem byggingarnefnd veitti þann 14. júní 1934, bundið við geymsluskúrinn einan — og var það í samræmi við umsókn stefndu, dags. 12. s. m. — en ekki girðinguna jafnfram, eins og það er í hinum áfrýjaða dómi. En þó að byggingarnefnd hafi enn ekki sagt fyrir um, hvar umrætt hlið skuli vera, þá hefir hún þó óbeinlínis ákveðið, með því að veita leyfi til byggingar bílskúrsins, að hliðið verði ekki á þeim kafla lóðarinnar sem skúrinn nær til. Verður ekki séð, að þessi ákvörðun nefndarinnar fari í bága við rétt stefndu samkvæmt lóðarleigusamningi þeirra, eftir því sem ákvæði hans viðvíkjandi umferðarréttinum eru orðuð, og fyrr er frá greint. Og að því er varðar afstöðuuppdrættina, sem festir eru við lóðarsamningana, þá verður það ekki talin sönnun fyrir því, að umferðarrétturinn eigi að ná lóð áfrýjanda á enda, þótt markað sé með strikum fyrir stefnu og breidd gangstígs alla þá leið, því þannig sýnist hafa verið nauðsynlegt að marka, meðan byggingarnefnd hafði enn eigi ákveðið, hvar

inngönguhliðið skyldi verða. Þá verður ekki heldur talið, að áfrýjendur hafi fyrirgert rétti sínum til þess að fá hliðið sett sunnar á lóðamörkunum, þótt þeir mótmæltu ekki þegar í stað, að stefndu settu það á þeim stað, sem gert var. Hinsvegar má vera, að þeir hafi með því bakað sér skyldu til að greiða kostnað þann, sem af því kann að leiða, að hliðið var ekki upphaflega sett á réttan stað, en um það verður ekki dæmt í þessu máli.

Samkvæmt því, er að framan segir, þykja stefndu ekki eiga rétt til að fá umræddan bílskúr fluttan burtu af þeim stað, sem hann hefir verið byggður á, og ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum þeirra í málinu. Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Sigurjón Eiríksson og Jón Pétursson, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Árna Oddssonar og Guðjóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað skv. merkadómsstefnu dags. 10. marz 1936, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Með lóðarleigusamningi dags. 5. apríl 1932 milli bæjarstjórnar Reykjavíkur sem leigusala og Árna Oddssonar og Guðjóns Sigurðssonar sem leigutaka leigði bæjarstjórnin þeim Árna og Guðjóni lóðina Barónsstíg nr. 63, sem í samningnum er ákveðin 267,0 fermetrar að stærð. Í 1. gr. nefnds samnings er þetta tekið fram um umferðarétt á baklóðinni:

„Umferðaréttur að baklóðinni er yfir vesturhluta lóðarinnar nr. 9 við Eiríksgötu eftir 3 metra breiðri ræmu."

Ennfremur segir svo:

„Leigutaki er skyldur að girða lóð sina opinni girðingu, og samþykkir byggingarnefnd gerð hennar."

Í nefndum samningi (rskj. nr. 5) er viðfest afstöðuteikning, sem telja verður hluta af samningnum til skýringar. Er þar sýndur gangstígur (ræma) sá, er leigjendur hafa umferðaréttt yfir. Samkvæmt uppdrættinum er umferðastígnum lokað með markalínu Eiríksgötu 9 að aftan, en lóðin Barónsstíg 63 nær ca 2½ m. lengra inn.

Þ. 12. júní 1934 sóttu lóðarleigjendur um leyfi byggingarnefndar til að reisa geymsluskúr á baklóð sinni, og jafnframt var á meðfylgjandi uppdrætti sýnd girðing sú, er þeir fyrirhuguðu að byggja um leið út að gangstéttinni. Virðist hvorttveggja hafa verið samþykkt af byggingarnefnd þ. 14. júní 1934 skv. áritun borgarstjóra á rskj. nr. 15, og var síðan byggt og girt í samræmi við teikninguna. Þ. 9. ágúst leigði bæjarstjórn Reykjavíkur Sigurjóni Eirikssyni leigulóðina Eiríksgötu 9, sem er að flatarmáli 405.0 fermetrar (rskj. nr. 8).

Í 1. gr. samningsins segir svo:

„Um 3 m. breiður gangstígur (sic) vestast á lóðinni er umferðarréttur fyrir húseignina Barónsstíg 65 og 63."

Samningi þessum fylgir einnig afstöðuuppdráttur, er sýnir gangstíginn, sem er 3 m. breið ræma vestast af lóðinni til botns.

Í marzmánuði 1935 sóttu eigendur Eiríksgötu 9 um leyfi til að byggja bílskúr aftast á lóð sinni að vestan, þannig að skúr þessi lokaði endanum á nefndum gangstíg milli eignanna á 6,5 metra löngu svæði (sbr. rskj. nr. 9). Byggingarnefndin veitti samþykki sitt til þessarar byggingar. Bygging þessi lokaði fyrir hlið það, sem eigendur Barónsstígs 63 höfðu gert á lóð sinni út að gangstignum. Þetta vildu eigendur Barónsstígs 63 ekki þola og kröfðust þess, að lögbann yrði lagt á byggingu bílskúrsins, og með úrskurði fógeta 22. júlí 1935 var framgangur lögbannsins heimilaður gegn 4000 kr. tryggingu. Trygging þessi var þó ekki sett, og var því byggingu skúrsins haldið áfram og henni lokið síðastliðið haust.

Með því að eigendur Barónsstígs nr. 63 vildu ekki við

þetta una, hafa þeir skotið máli sínu til merkjadóms Reykjavíkur og krafizt þess, að eigendur Eiríksgötu 9 verði með dómi merkjadómsins, að viðlögðum 50 kr. dagsektum, skyldaðir til þess að flytja bílskúrinn burtu af þeim stað, sem hann nú er á, og að þeir verði skyldaðir til að ganga frá hliði og girðingu þeirra eins og það var áður en byrjað var á byggingu bílskúrsins. Loks krefjast þeir málskostnaðar eftir mati réttarins. Eigendur Eiríksgötu 9 hafa hinsvegar mótmælt öllum kröfum eigenda Barónsstígs 63, og halda því fram, að eigendur Barónsstígs 63 hafi enn nægilegt rúm til umferðar yfir ræmuna á því svæði, sem óbyggt sé fyrir framan skúrinn, og að þeir þurfi ekki annað en að setja þar hlið á girðingu sína í stað þess, er áður hafi verið, og að eigendur Eiríksgötu 9 hafi með því að skilja eftir þá ræmu fullnægt umferðakvöð sinni. Sé þetta í samræmi við álit bæjarverkfræðings, og að samþykki byggingarnefndar til að byggja bílskúrinn sýni, að nefndin hefir sama skilning á þessu.

Á þetta verður þó ekki fallizt.

Réttur eigenda leigulóðarinnar Barónsstíg 63 byggist á réttarskjali nr. 5, og er enginn efi á, að þar er umferðarrétturinn ákveðinn eftir 3 metra breiðri ræmu vestast á lóðinni Eiríksgötu 9 og nær frá Eiríksgötu og í botn lóðarinnar Eiríksgötu 9, enda styðst þetta ótvírætt við afstöðuteikningu þá, er fest er við skjalið og verður að teljast hluti af því, en á teikningunni er ræman sýnd og afmörkuð í botn lóðarinnar. Að þetta sé svo, sést einnig ótvírætt af leigusamningi um Eiríksgötu 9 (rskj. nr. 8); þar er þessarar kvaðar getið, og punktalínan, er sýnd er, afmarkar gangstígsræmuna. Eigendur Eiríksgötu 9 áttu því að vita, að bygging bílskúrsins fór í bága við gangstígskvöðina, og þeir geta ekki byggt neinn rétt gagnvart eigendum Barónsstígs 63 á því, þótt byggingarnefndin samþykkti uppdrátt-inn, ef bygging skúrsins fer í bága við réttindi þeirra skv. áður gerðum samningi. Eigendum Eiríksgötu 9 var kunnugt um, þegar þeir sendu beiðni sína (rskj. nr. 9) um að byggja bílskúrinn, að eigendur Barónsstígs 63 höfðu gert steinsteyptan garð milli lóðanna út að umferðastígnum með hliði á, er lokaðist við byggingu bílskúrsins, en þrátt fyrir það er ekki sýnt á rskj. nr. 9, að slík girðing sé þar gerð.

Eigendur Barónsstígs 63 reyndu með fógetagerð að banna byggingu bílskúrsins, er hlaut að færa eigendum Eiríksgötu 9 heim sanninn um það, hver ábyrgð gæti fylgt því verki, ef því væri fram haldið.

Merkjadómurinn lítur því þannig á, að eigendum Eiríksgötu 9 hafi verið óheimilt að byggja bílskúr þann, er þeir reistu aftast á gangstígsræmunni vestast á leigulóð þeirra, með því að bygging hans fer í bága við gangstígsréttindi eigenda Barónsstígs 63 og samhljóða gangstígskvöð á Eríksgötu 9, samkvæmt lóðarleigusamningnum um Barónsstíg 63 og Eiríksgötu 9 (rskj. nr. 5 og 8). Ber því eigendum Eiríksgötu 9 að taka burtu nefndan bílskúr að því leyti, sem hann stendur á 3 metra ræmunni, og ganga svo frá girðingu og hliði eigenda Barónsstígs 63 eins og það allt var áður en bílskúrinn var reistur, og skal á verki þessu byrjað 14 dögum eftir lögbirtingu dómsins, að viðlögðum 15 kr. dagsektum, og því lokið með hæfilegum hraða. Eftir málavöxtum þykir rétt, að eigendur Eiríksgötu 9 greiði eigendum Barónsstígs nr. 63 100 kr. í málskostnað. Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af veikindaforföllum formanns merkjadómsins.

Mánudaginn 20. desember 1937.

Nr. 82/1937. **Ásgeir I. Ásgeirsson**
gegn
Sigurði Berndsen

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir I. Ásgeirsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Sturla Jónsson gegn Hrefnu Sigurgeirsdóttur. Fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar	11/1	1
2.	Valdstjórnin gegn Inga H. Þorvaldssyni Kroyer. Ölvun við bifreiðarakstur	11/1	3
3.	Réttvísin gegn Óla Ólasyni Kærnested. Manndráp af gáleysi	13/1	6
4.	Valdstjórnin gegn Jóhannesi Guðmundi Guðmundssyni, Markúsi Sigurjónssyni og Vigfúsi Reykdal Sigurjónssyni. Áfengisbruggun	15/1	11
5.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Randver Péturssyni. Íkveikja af gáleysi	15/1	17
6.	Valdstjórnin gegn Geir H. Zoëga og Stefáni Má Benediktssyni. Togaranjósnir	18/1	25
7.	Valdstjórnin gegn Óskari Gunnari Jóhannssyni. Togaranjósnir	20/1	30
8.	Réttvísin gegn Ásgeiri Guðmundi Guðbjartssyni. Holdleg mök við 9 ára telpu	25/1	33
9.	Skúli K. Skúlason gegn Kristjönu J. Kristjánsdóttur. Barnsfaðernismál. Úrskurður	25/1	37
10.	Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. kaupstaðarins gegn Bjarna Bjarnasyni. Bætur fyrir lögnumda lóð	27/1	39
11.	Jón Bjarnason gegn Verzlunin Hjálmar Konráðsson og útibúi Landsbanka Íslands Eskifirði. Veð í húsi. Eignarréttur	29/1	44
12.	Zóphónías Baldvinsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Kaupeftirstöðvar bifreiðaeftirlitsmanns	3/2	51
13.	Eggert Kristjánsson & Co gegn Kaupfélagi alþýðu í Vestmannaeyjum. Dómi í víxilmáli og fjárnámi áfrýjað til staðfestingar	5/2	69

		Dómur	Bls.
14.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Guðlaugu Pálsdóttur. Greiðsla fúlgu með stjúpbarni	5/2	72
15.	Eggert Claessen f. h. h/f Titan gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Um útsvarsskyldu hlutafélags	8/2	78
16.a	Valdstjórnin gegn Hallgrími Guðmundssyni. Áfengislagabrot	8/2	82
16.b	Valdstjórnin gegn Jóni Einarssyni, Árna Júlíusi Jónssyni, Páli Friðvin Jóhannssyni, Þórði Ingþórssyni, Þorsteini Jóhannessyni og Sölva Elíassyni. Brot á fyrirmælum um bifreiðastæði. Úrskurður	10/2	85
17.	Hreppsnefnd Kaldrananesshrepps f. h. hreppsins gegn Guðjóni Jónssyni. Útsvarsmál	10/2	86
18.	Sturla Jónsson gegn Hrefnu Sigurgeirsdóttur. Endurheimta oftekinna vaxta. Sératkvæði	12/2	91
19.	Aðalbjörn Pétursson gegn Guðmundi Hannessyni. Meiðyrðamál	15/2	100
20.	Valdstjórnin gegn Georg Lárusi Gíslasyni. Togaranjósnir	17/2	106
21.	Helgi Pálsson f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey gegn skilanefnd Síldareinkasölu Íslands. Greiðsla verkunarlauna síldar o. fl.	19/2	117
22.	Valdstjórnin gegn Karli Guðmundssyni og Guðmundi Skúla Björnssyni. Áfengissala	22/2	132
23.	Magnús Th. S. Blöndahl gegn Arinbirni Steindórssyni. Innheimtulaun	24/2	140
24.	Réttvísin gegn Ingibergi Þorkelssyni. Sýknað af kæru fyrir manndráp af gáleysi	24/2	144
25.	N. V. André Hertzberger gegn Jóni E. Waage f. h. Verzlunin Waage. Útivistardómur	26/2	148
26.	Árni Þorsteinsson gegn Garðari Þorsteinssyni f. h. Þorleifs Kristóferssonar. Útivistardómur	26/2	149
27.	Kristján Vigfússon gegn tollstjóranum í Reykjavík. Útivistardómur	26/2	149

		Dómur	Bls.
28.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Aage R. Schiöth. Kæra fyrir brot á 13. kap. almennra hegningarlaga, áfengislöggjöf og lyfsöluskrá	1/3	150
29.	Eggert Claessen f. h. Poul Salomonsen gegn Gísla Vilhjálmssyni. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun	3/3	158
30.	Magnús Guðmundsson gegn Jónasi Magnússyni f. h. Raftækjaverzlunar Siglufjarðar. Greiðsla fyrir endurbætur á ljóstækjum mótorbáts	5/3	162
31.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Kristni H. Kristjánssyni og Sigurði B. Sigurðssyni og Haraldi Á. Sigurðssyni f. h. dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar. Ómerking fjárnáms í bifreið	1 2/3	169
32.	Kristján Bergsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Vatnsskattur	1 2/3	171
33.	H/f Alliance gegn h/f Hæng og gagnsök. Bjarglaun	1 2/3	178
34.	Guðmundur Hannesson gegn S/f Félagsprentsmiðjan. Ómerking og frávísun frá undirrétti vegna óákveðinna dómkrafna og ónógrar málsútlistunar	1 3/3	183
35.	Ólafur Halldórsson gegn Guðrúnu Ásdísi Skúladóttur Norðdahl. Barnsfaðernismál	1 3/3	193
36.	Magnús Jochumsson f. h. Nordisk Brandforsikring A/S gegn Stefáni Thórarensen og gagnsök og Kristján Siggeirsson gegn Magnúsi Jochumssyni f. h. Nordisk Brandforsikring og Stefáni Thórarensen. Greiðsla brunatryggingar	1 3/3	200
37.	Helgi Benónýsson gegn Þorsteini Víglundarsyni. Útivistardómur	1 3/3	211
38.	Páll Þorbjarnarson f. h. Kaupfélags alþýðu í Vestmannaeyjum gegn Vinnufatagerð Íslands. Útivistardómur	1 3/3	211
39.	Erlingur Jónsson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur	1 3/3	212

		Dómur	Bls.
40.	Björn Gíslason gegn Metúsalem Stefánssyni. Útivistardómur	1⅔	212
41.	Valdstjórnin gegn Frederick Arthur Meggit. Botnvörpuveiðabrot. Úrskurður	¾	213
42.	Réttvísin gegn Ólafi Magnúsi Einarssyni og Gunnari Viggó Jóelssyni. Þjófnaður og þjófshylming	¾	214
43.	Skúli K. Skúlason gegn Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur og gagnsök. Barnsfaðernismál	¾	221
44.	Sverrir Ragnars gegn Karli Magnússyni. Ómerking héraðsdóms og heimvísun. Kærumál	1¾	227
45.	Réttvísin gegn Þorsteini Jóhannessyni og Gunnlaugi Oddsen Vilhjámi Eyjólfssyni. Stuldur	1¾	229
46.	Réttvísin gegn Haraldi Axel Jóhannessyni. Saurlíf meðferð á telpum	1¾	233
47.	Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson gegn Helga Guðmundssyni. Birting athugasemdar í dagblaði	1¼	237
48.	Magnús V. Jóhannesson gegn Magnúsi Thorlacius. Lögmæti nauðungaruppboðs	1¼	243
49.	Guðrún Arnalds gegn Vigfúsi Þ. Jónssyni. Ómerking fógetaúrskurðar um fjárnám	1¼	247
50.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Hannessyni. Fóstureyðing. Skottulækningar	1¾	252
51.	Réttvísin gegn Ara Guðmundssyni. Árás á framfærslufulltrúa	2¼	261
52.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Jóhannessyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	2¾	264
53.	Valdstjórnin gegn stjórn Kaupfélags Þingeyinga. Ómerking málsmeðferðar og dóms	2¾	267
54.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ingimar Bjarnasyni, Einari Steindórssyni, Kristjáni Jónssyni, Sigurjóni Jónssyni, Guðmundi Einari Einarssyni, Hannesi Kjartanssyni og Sigurði Benjamínssyni. Kæra fyrir misferli um samningu kjörskrár	2¾	273

		Dómur	Bls.
55.	Valdstjórnin gegn Gunnari Ingimundarsyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	2⅘	282
56.	Réttvísin gegn Sigurjóni Jónssyni. Misþyrming manns á konu sinni	2⅘	285
57.	Sælgætis- og efnagerðin Freyja h/f gegn Vélsmiðjunni Hamar h/f. Skaðabótamál	3¼	288
58.	Gestur Hannesson gegn Pétri Jakobssyni. Útivistardómur	3¼	296
59.	Bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda. Útsvarsmál	⅗	296
60.	Valdstjórnin gegn Gunnari Ingimundarsyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot	⅗	301
61.	Ólafur Jónsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co gegn Ásu Magnúsdóttur f. h. Þórunnar Andrésdóttur. Örkumlabætur eftir bílslys	⅗	303
62.	Guðmundur Björnsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skaðabótamál	⅗	308
63.	Margrete Kristoffersen gegn Birni Sæmundssyni. Barnsfaðernismál	1⅗	314
64.	Sigurður Berndsen gegn lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Ómerking héraðsdóms	1⅗	321
65.	Valdstjórnin gegn Lárusi Halldórssyni og Kristjönu Elisabetu Kristjánsdóttur. Ólögleg áfengissala	1⅗	325
66.	Ingvar Guðmundsson gegn lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Skaðabótamál	1⅗	332
67.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Óskari Valdimar Eggertssyni, Sigurlaugu Sigurbjörnsdóttur, Guðrúnu Guðmundsdóttur og Sesseliusi Sæmundssyni. Kæra fyrir svik og skottulækningar	1⅘	336
68.	Hreppsnefnd Hvolhrepps gegn Kaupfélagi Hallgeirseyjar. Útsvarsmál	1⅘	348
69.	Ragnhildur Wiese gegn Sigurjóni Péturssyni f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“		

		Dómur	Bls.
	og gagnsök. Bótakrafa fyrir rof á vinnusamningi	21/5	350
70.	Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e/s „Pétursey“ gegn Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“ og Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“. Bjarglaun	24/5	358
71.	Valdstjórnin gegn Pétri Ólafssyni, Stefáni Ó. Stephensen og Ólafi Þórðarsyni. Togaranjósnir	25/5	364
72.	Pétur Magnússon f. h. T. Hoffmann-Olsen gegn Halldóri Guðmundssyni. Fjárnámgerð áfrýjað til staðfestingar	26/5	370
73.	Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Bjarglaun	28/5	372
74.	Tómas Tómasson gegn Helgi Magnússon & Co. Verzlunarskuld	31/5	376
75.	Ólafur Ólafsson, Sigurður Steinþórsson, Kristmann Jóhannsson, Kristján Bjartmarz og Guðmundur Jónsson gegn firmanu H. Benediktsson & Co. Útivistardómur	31/5	382
76.	Ísafjarðarkaupstaður gegn Elliheimilinu „Grund“. Skylda bæjarfélagsins til að greiða fúlgu með þurfamanni sínum	7/6	382
77.	Valdstjórnin gegn Friðþjófi Ó. Johnson. Brot gegn lögum nr. 84/1933	9/6	391
78.	Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðarárbúsins gegn Mjólkursamlagi Kjalarnessþings. Endurupptaka máls fyrir héraðsdómi. Kærumál	9/6	397
79.	Fiskiræktarfélagið „Tilraun“ gegn Fiskiræktar- og veiðifélagi Laxár í Borgarfjarðarsýslu og gagnsök. Ómerking málsmeðferðar og dóms vegna gallaðrar málsútlistunar	16/6	402
80.	Sigurjón Einarsson gegn Hildi Pálsdóttur. Barnsfaðernismál. Úrskurður	18/6	406
81.	Valdstjórnin gegn Thomas Wilfred Morgan. Botnvörpuveiðabrot	21/6	408

		Dómur	Bls.
82.	Valdstjórnin gegn Frederick Arthur Meggit. Botnvörpuveiðabrot	2⅙	411
83.	Ölver Karlsson gegn Hallfríði Stefaníu Axelsdóttur. Barnsfaðernismál	2⅙	416
84.	Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Sigfúsar Sveinssonar gegn Veiðarfæraverzlunin „Verðandi" s/f og gagnsök og Veiðarfæraverzlunin „Verðandi" gegn þeim Benedikt Jónssyni, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirssyni, Pétri Guðmundssyni, Jakob Vilhjálmssyni, Helga Einarssyni og Auðuni Hermannssyni. Verzlunarskuld. Sjóveðréttur	2⅙	421
85.	Carl Tulinius og Stefán Stefánsson fyrir hönd Síldarstöðvarinnar í Hrísey gegn skilanefnd Síldareinkasölu Íslands. Útivistardómur	2⅙	432
86.	Sigurður Berndsen og Björn Gíslason gegn Jóni Guðmundssyni. Útivistardómur	2⅙	433
87.	Valdstjórnin gegn Jóni Einarssyni, Árna Júlíusi Jónssyni, Páli Friðvin Jóhannssyni, Þórði Ingþórssyni, Þorsteini Jóhannessyni og Sölva Elíassyni. Brot á ákvæðum um bifreiðastæði	2⅘	433
88.	Valdstjórnin gegn Olaf Cecil Bowitz. Áfengis- og tolllagabrot	2⅞	437
89.	Svanlaug og Henrik Thorarensen gegn Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	2⅘	440
90.	Ólöf Guðmundsdóttir f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar gegn h/f Kol & Salt, Benedikt Jónssyni, B. Schmidt, Á. Ásgeirssyni, Pétri Guðmundssyni, Jakobi Vilhjálmssyni, Helga Einarssyni og A. Hermannssyni. Útivistardómur	2⅘	443
91.	Ólöf Guðmundsdóttir f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar gegn Ísbjörninn h/f, Benedikt Jónssyni, B. Schmidt, Á. Ásgeirssyni, Pétri Guðmundssyni, Jakobi Vilhjálms-		

		Dómur	Bls.
	syni, Helga Einarssyni og A. Hermannssyni. Útivistardómur	2%	443
92.	Sigurður J. Fanndal gegn Kaffiverksmiðju Gunnlaugs Stefánssonar. Útivistardómur	2%	444
93.	Hrefna Sigurgeirsdóttir gegn Katrínu Fjeldsted. Útivistardómur	2%	444
94.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Ólafi Jóhannessyni. Útivistardómur	2%	445
95.	Sigurður J. Fanndal gegn Snorra Friðleifssyni. Bætur fyrir slit á vinnusamningi	4/10	445
96.	Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins gegn H/f Trolle & Rothe f. h. vátryggjenda b/v „Wigmore“ og gagnsök. Upphæð bjarglauna	6/10	449
97.	Hafliði Baldvinsson gegn Guðmundi Kristjánssyni. Eiðsfrestur	6/10	454
98.	Valdstjórnin gegn Benjamin Howard Oswald Nicholson. Botnvörpuveiðabrot	8/10	459
99.	Metúsalem Jóhannsson gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál. Fyrning lögtaksréttar	11/10	469
100.	Eyþór Hallsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f gegn hafnarnefnd Siglufjarðar f. h. hafnarsjóðs. Bætur fyrir spjöll á bryggju	15/10	471
101.	Valdstjórnin gegn Ottó Hannessyni. Bifreiða- og áfengislagabrot	18/10	475
102.	H/f Trolle & Rothe f. h. vátryggingarfélagsins Baltica gegn Andrési Magnússyni. Greiðsla brunatryggingar bifreiðar	20/10	479
103.	Réttvísin gegn Ingibjörgu Jósepsdóttur, Leó Maronssyni og Sölva Valdemarssyni. Brenna og vátryggingarsvik	22/10	484
104.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Jóni Sigurjónssyni. Bótakrafa vegna skipulagsbreytingar kaupstaðar	25/10	492
105.	Réttvísin gegn Axel Peter Christian Her-		

		Dómur	Bls.
	skind, Stefáni Thórarensen, Ólafi Frímanni Sigurðssyni og Jóni Hallgrímssyni. Tilbúningur og sala hárvatns ..	27/10	497
106.	Olgeir Vilhjálmsson f. h. Aðalstöðvarinnar gegn Magnúsi Bjarnasyni. Uppsagnarfrestur bílstöðvarafgreiðslumanns	29/10	511
107.	Erlingur Þorkelsson f. h. eig. l/v Eldborg gegn Helga Pálssyni f. h. e/s Jarlinn. Bjarglaun	29/10	515
108.	Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjunnar Álafoss gegn L. Fjaldsted f. h. C. F. Hagelin. Útivist. Ómaksbætur ..	29/10	520
109.	Pétur Sigurðsson f. h. Ágústs H. Péturssonar gegn Soffíu Jónsdóttur. Útivistardómur	29/10	521
110.	Ásgeir I. Ásgeirsson f. h. Ásgeirs M. Ásgeirssonar gegn Sigurði Berndsen. Útivistardómur	29/10	521
111.	Valdstjórnin gegn Karli Filippussyni. Bifreiðalagabrot	3/11	522
112.	Valdstjórnin gegn William Mogg. Botnvörpuveiðabrot	3/11	525
113.	Réttvísin gegn Emanuel Inga Bjarna Sófusi Blomsterberg. Árás á lögreglumenn	8/11	531
114.	Valdstjórnin gegn Thomas William Morris. Botnvörpuveiðabrot	8/11	534
115.	Valdstjórnin gegn Jóni Gunnari Jónssyni og Jóni Guðlaugssyni. Áfengislagabrot	10/11	537
116.	Sparisjóður Svarfdæla gegn hreppsnefnd Árskógshrepps f. h. hreppsins. Ábyrgð hrepps á láni	10/11	541
117.	H. Benediktsson & Co gegn Ólafi Ólafssyni, Sigurði Steinþórssyni, Kristm. Jóhannssyni, Kristjáni Bjartmarz og Guðmundi Jónssyni. Víxilmál.	12/11	547
118.	Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum gegn skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Jóns Ein-		

		Dómur	Bls.
	arssonar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Endurskoðunarkostnaður samkv. 7. gr. l. 25/1929	1²⁄₁₁	549
119.	Skiptaráðandinn í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Páls S. Scheving gegn Jóni G. Pálssyni og Jóhanni Guðjónssyni. Bjarglaun	1⁵⁄₁₁	554
120.	Valdstjórnin gegn Ásgrími Jónssyni. Áfengissala	1⁹⁄₁₁	559
121.	Valdstjórnin gegn Axel Ármann Þorsteinssyni. Áfengissala	1⁹⁄₁₁	563
122.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Aðalbirni Péturssyni, Gunnari Jóhannssyni, Þóroddi Guðmundssyni, Þorsteini Loftssyni, Júlíusi Einarssyni, Gísla Sigurðssyni, Guðmundi Davíðssyni, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Einari Ferseth, Guðmundi Einarssyni, Óskari Berg, Einari Indriðasyni, Guðrúnu Sigurhjartardóttur, Jóhannesi Sigurðssyni, Gunnlaugi Einarssyni, Jóni Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Sigríði Sigurðardóttur, Guðmundi Fr. Guðmundssyni, Ástríði Jónsdóttur, Dagrúnu Bjarnadóttur, Kristmundi Einarssyni, Guðrúnu Sveinsdóttur, Stefáni Þorsteini Sigurjónssyni, Guðlaugi Sigurðssyni, Helgu Guðmundsdóttur, Haraldi Sölvasyni, Jóni Guðjónssyni, Indriða Guðjónssyni, Óla Ferseth, Óskari Garibaldasyni og Áka Jakobssyni. Árás á lögreglulið	2⁴⁄₁₁	566
123.	Bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs gegn Gísla Jónssyni og gagnsök. Söllaun	2⁶⁄₁₁	590
124.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Páli Valdimar Guðmundssyni Kolka, Kjartani Guðmundssyni og Kristjáni Egilssyni. Ívilnun lánardrottna þrotabús	³⁄₁₂	597
125.	Valdstjórnin gegn Ingimundi Jónssyni,		

		Dómur	Bls.
	Guðvarði Þorkelssyni og Gunnlaugi Sigurbjörnssyni. Áfengislagabrot	9/12	637
126.	Valdstjórnin gegn Erlendi Sigurðssyni. Togaranjósnir	9/12	643
127.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Einari Pálma Einarssyni og valdstjórnin gegn Þórarni Helga Jónssyni. Brot samkvæmt 10. gr. laga nr. 51/1928 og áfengislagabrot	8/12	646
128.	Halldór Guðmundsson gegn Jóni Jóhannssyni. Málsmeðferð í héraði og dómur og fjárnám samkvæmt honum ómerkt	8/12	651
129.	Réttvísin gegn Gunnlaugi Jónssyni. Víxilfölsun	10/12	655
130.	Chr. Fr. Nielsen gegn Hallgrími Benediktssyni. Krafa um framlagning og afhendingu skjala í dómsmáli. Kærumál ..	10/12	659
131.	Marteinn Einarsson f. h. Gunnars Marteinssonar gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	13/12	663
132.	Sigurbjörg Jóhannsdóttir gegn Karli Pétri Símonarsyni. Bætur vegna bifreiðarslyss	15/12	667
133.	Ólafur Ólafsson gegn Guðmundi Þ. Gíslasyni. Ómerking dóms og málsmeðferðar í héraði. Fasteignamál	17/12	673
134.	Sigurjón Eiríksson og Jón Pétursson gegn Árna Oddssyni og Guðjóni Sigurðssyni. Umferðarkvöð á lóð	20/12	678
135.	Ásgeir Í. Ásgeirsson gegn Sigurði Berndsen. Útivistardómur	20/12	684

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1937:

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. jan. 1937 til 31. ágúst s. á.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. sept. 1937 til 31. des. s. á.

Einar Arnórsson.

Setudómarar 1937.

1. 19. febr. Mál nr. 2/1934: Helgi Pálsson f. h. Síldarstöðvarinnar í Hrísey gegn skilanefnd Síldareinkasölu Íslands. Setudómari (í stað Þórðar Eyjólfssonar hrd.): Bjarni Benediktsson prófessor.
2. 1. marz. Mál nr. 44/1936: Réttvísin og valdstjórnin gegn Aage R. Schiöth. Allir reglulegu dómararnir viku sæti. Setudómarar: Pétur Magnússon hæstaréttmálflutningsmaður og prófessorarnir Bjarni Benediktsson og Ísleifur Árnason.
3. 12. marz. Mál nr. 79/1936: H/f Alliance gegn h/f Hængur og gagnsök. Setudómari: Ísleifur Árnason prófessor (í stað Þórðar Eyjólfssonar hrd.).
4. 19. marz. Mál nr. 113/1936: Nordisk Brandforsikring gegn Stefáni Thórarensen og gagnsök og Kristján Siggeirsson gegn aðiljum aðalsakar. Varadómarar: Bjarni Benediktsson prófessor (í veikindaforföllum Gizurar Bergsteinssonar hrd.) og Ísleifur Árnason prófessor (í veikindaforföllum Þórðar Eyjólfssonar hrd.).
5. 3. maí. Mál nr. 80/1936: Bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Setudómarar: Jón Ásbjörnsson hæstaréttarmálflutningsmaður og Ísleifur Árnason prófessor (í stað Gizurar Bergsteinssonar og Þórðar Eyjólfssonar hrd.).

6. 7. maí. Mál. nr. 157/1936: Guðmundur Björnsson gegn Eysteini Jónssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Setudómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í stað Þórðar Eyjólfssonar hrd.).
7. 19. maí. Mál. nr. 12/1937: Hreppsnefnd Hvolhrepps gegn Kaupfélagi Hallgeirseyjar. Setudómari: Ísleifur Árnason prófessor (í stað Gizurar Bergsteinssonar hrd.).
8. 9. júní. Mál. nr. 35/1937: Valdstjórnin gegn Friðþjófi Ó. Johnson. Varadómari: Bjarni Benediktsson prófessor (í stað Einar Arnórssonar hrd.).
9. 29. sept. Mál nr. 47/1936: Svanlaug og Hinrik Thórarensen gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Setudómari: Ísleifur Árnason (í stað Þórðar Eyjólfssonar hrd.).
10. 11. okt. Mál. nr. 14/1936: Metúsalem Jóhannsson gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs og Garðari Þorsteinssyni. Setudómarar Ísleifur Árnason prófessor (í stað Þórðar Eyjólfssonar hrd.) og Jón Ásbjörnsson hæstaréttarmálflutningsmaður (í stað Gizurar Bergsteinssonar hrd.).